3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Frá gildandi fjárlögum fækkar tollgæzlumönnum, sem einnig eru lögreglumenn, um 5. Annar kostnaður er áætlaður 491 þús. kr.

II. *Skattar.*

a. *Ríkisskattanefnd.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður lækkar um 3 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Föstu starfsliði fjölgar um 2 bókara, sem áður störfuðu sem lausamenn á skattstofunni. Tíma- og lausavinna hækkar um 300 þús. kr. með hliðsjón af reynslu. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Kostnaður við skattstofur utan Reykjavíkur er áætlaður 100 þús. kr. hærri en í ár.

d. *Undirskattanefndir.* Kostnaður þeirra hækkar um 50 þús. kr frá gildandi fjárlögum.

e. *Yfirskattanefndir.* Kostnaður við yfirskattanefndir hækkar um 25 þús. kr.

Um 11. gr. C.

Áætlað er, að sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækki um 215 þús. kr. vegna hækkunar á pappír og prentun.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Gert er ráð fyrir hálfum launum til fulltrúa landlæknis, sem er nýtt, og hækka laun af þeim sökum um 42 655 kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir sömu tölu héraðslækna eins og í ár, þ. e. 63, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli, sem er óbreytt.

Símakostnaður og burðargjöld hækka um 10 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 2 947 þús. kr.

A. *Landsspítali.* Bætt er við nokkru starfsliði. Gert er ráð fyrir hálfum launum til yfirlæknis á rannsóknarstofu. Þá er gert ráð fyrir nýjum aðstoðarlækni við röntgendeild, sérfræðingi í taugalækningum og aðstoðarhjúkrunarkonu á barnadeild. Af þessum sökum hækka launagreiðslur um 226 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 48 þús. kr. vegna hinna nýju lækna svo og vegna vanáætlunar í ár.

Matvörur hækka um 1 300 þús. kr., en hér er þó aðeins um breytingu á uppsetningu að ræða, þar eð selt fæði er nú uppfært sem tekjur og nemur kr. 1 350 þús., en var áður dregið frá kostnaði við matvörur. Kostnaður við Ljósmæðraskólann hækkar um 10 955 kr. og annar kostnaður hækkar um 461 þús. kr. vegna áhaldakaupa í nýja spítalann. Niður fellur til áhaldakaupa í röntgendeild 63 þús. kr.

Tekjur hækka um 820 þús. kr., vegna þess að selt fæði er nú talið með tekjum. Hins vegar lækka tekjur af daggjöldum um 580 þús. kr., þar eð nú er reiknað með 120 kr. daggjaldi í stað 130 kr. í gildandi fjárlögum.

Rekstrarhalli hækkar um 1 666 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við einum námskandídat, og hækka laun sem því svarar. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. vegna vanáætlunar. Fæðiskostnaður lækkar um 24 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 259 þús. kr., en iðgjöld til lífeyrissjóðs, 110 þús. kr., falla niður og eru talin með öðrum kostnaði.

Tekjuáætlun lækkar um 380 þús. kr. vegna lækkunar daggjalda.

Rekstrarhalli hækkar um 228 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Gert er ráð fyrir launum til tveggja nýrra kennara og einnar starfsstúlku. Laun hækka af þessum sökum um 178 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 30 750 kr.

Tekjuáætlun hækkar um 40 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 215 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Gert er ráð fyrir, að bætt verði við umsjónarmanni, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 53 750 kr. Tekjur lækka um 170 þús. kr. Gert er ráð fyrir 85 kr. daggjaldi í stað 90 kr. í gildandi fjárlögum.

Rekstrarhalli hækkar um 254 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Kostnaður við matvörur lækkar um 64 þús. kr.

Tekjur lækka um 433 þús. kr. vegna lægra daggjalds og færri sjúklinga.

Rekstrarhalli hækkar um 356 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Gert er ráð fyrir launum til nýs umsjónarmanns, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Matvörur lækka um 118 þús. kr. og annar kostnaður um 79 500 kr.

Tekjuáætlun lækkar um 430 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 438 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 4 500 kr. Tekjur lækka um 1 750 kr. Rekstrarhalli hækkar um 2 400 kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Starfsliði fjölgar um 5 starfsstúlkur vegna fjölgunar sjúklinga. Af þeim sökum hækka laun um 184 þús. kr. Matvörur hækka um 46 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr. Tekjur hækka um 519 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 211 þús. kr.

I. *Blóðbankinn.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 4 500 kr. Tekjur hækka um 18 250 kr. Rekstrarhalli lækkar um 3 474 kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 85 þús. kr. Tekjur hækka um 25 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 48 600 kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum* hækkar um 100 þús. kr. vegna áætlaðrar fjölgunar legudaga.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum.* Styrkur til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík hækkar um 350 þús. kr. vegna aukins kostnaðar heilsuverndarstöðvarinnar og þess, að áætlað er, að heilsuverndarstöðin taki nú við vörnum gegn kynsjúkdómum, og fellur þá niður sérstök fjárveiting, sem undanfarið hefur verið veitt í fjárlögum í því skyni. Styrkur til annarra heilsuverndarstöðva hækkar um 25 þús. kr.

XI. *Til héraðshjúkrunarkvenna* hækkar um 10 þús. kr.

XX. *Kostnaður vegna laga nr. 27 1945 um eyðingu á rottum* hækkar um 60 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

XXIV. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 38 þús. kr.

XXV. *Matvælaeftirlitið.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 250 þús. kr., en til frádráttar kemur sama upphæð, sem er færð á ýmis verk. Skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr.

II. *Þjóðvegir.* Til nýrra akvega og til endurbyggingar þjóðvega er áætlað óbreytt, en viðhald hækkar um 2 200 þús. kr.

III. *Brúargerðir.* Til brúargerða er áætlað óbreytt frá gildandi fjárlögum.

VII. *Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933* lækkar um 1 300 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 15 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1943 um orlof verkamanna* lækka um 100 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingagjöld* lækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Áætlað er, að rekstrarhalli skipaútgerðarinnar hækki um 3 millj. kr. frá fjárlögum. Flokkunarviðgerðir þurfa að fara fram á 4 skipum á næsta ári, 12 ára flokkun á Heklu, 20 ára flokkun á Esju, 16 ára flokkun á Þyrli og 12 ára flokkun á Skjaldbreið. Gert er ráð fyrir nokkrum halla á hinu nýja Vestmannaeyjaskipi. Nokkrir aðrir rekstrarliðir skipanna hækka einnig. Þá eru tekjur áætlaðar nokkru lægri vegna þess hversu skipin verða mikið frá vegna flokkunarviðgerðanna.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 6 þús. kr. og ferðakostnaður og fæðispeningar um 10 þús. kr.

III. *Laun vitavarða.* Föst laun lækka um 36 þús. kr., en aukagæzla og aðstoð hækkar um 15 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Kostnaður við vitaskip er áætlaður 50 þús. kr. lægri en í fjárlögum nú.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er áætlað óbreytt frá fjárlögum 1959.

IX. *Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum* er áætlað 2 millj. kr. og hækkar um 100 þús. kr.

X. *Til dýpkunarskipsins Grettis.* Til kaupa á skóflubelti 570 þús. kr. í fjárlögum 1959 fellur nú niður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. Slökkviliðsdeild. Aukavinna hækkar um 15 þús. kr. og álag á næturvinnu um 10 þús. kr.

3. Vélaverkstæði. Áætlunin hækkar lítillega, en tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá og áður.

4. Trésmíðaverkstæði. Tekjur áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. Viðhald og varðveizla mannvirkja. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og laun verkamanna um 60 þús. kr. Efni, aðkeypt vinna og viðgerðir lækkar um 80 þús. kr.

6. Rafmagnsdeild. Hér kemur inn nýr liður, laun rafvirkja, 66 567 kr., en vegna mjög aukinna starfa hefur reynzt óhjákvæmilegt að lausráða rafvirkja til aðstoðar. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr., en til frádráttar koma 75 þús. kr. tekjur, og er það nýtt.

7. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. Skrifstofukostnaður. Annar kostnaður lækkar um 15 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 26 þús. kr. og annar kostnaður um 142 600, eingöngu vegna rekstrar blindlendingartækja.

3. Flugumsjón. Álag á næturvinnu og aukavinnu hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Vegna mistaka hafa fallið niður í þessa árs fjárlögum laun til einnar afgreiðslustúlku, og er það leiðrétt nú. Afgreiðslustúlkur hafa verið 5 á undanförnum árum, og er eins nú, en aðeins er ráð gert fyrir 4 í þessa árs fjárlögum. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 207 þús. kr. vegna stytts vinnutíma úr 42 stundum á viku í 39 stundir, á sama hátt og tíðkast í öðrum deildum flugvallarins. Laun afgreiðslumanna hækka um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

5. Flugvirkjadeild. Efni og annar kostnaður hækkar um 36 500 kr.

6. Tryggingargjöld hækka um 27 þús. kr. vegna hækkunar á flugvallatryggingu.

8. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir:*

Snjómokstur er áætlaður 150 þús. kr., eða 75 þús. kr. lægri en í ár. Annar kostnaður hækkar um 201 þús. kr. vegna fjölgunar flugvalla.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

B. Flugumferðarstjórn.

1. Upplýsingaþjónustan. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Reykjavík. Gert er ráð fyrir óbreyttu föstu starfsliði, en óhjákvæmilegt er talið að bæta við þremur nýjum flugumferðarstjórum vegna fjölgandi flugferða á eftirlitssvæðinu, og er gert ráð fyrir launum þeirra í liðnum „álag á næturvinnu og aukavinna“, sem hækkar um 202 þús. kr.

3. Flugumferðarstjórn, Akureyri. Aukavinna hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

5. Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar:*

1. Viðhald stöðvanna.

A. Radioverkstæði í Reykjavík. Gert er ráð fyrir launum til 3 nýrra radioviðgerðarmanna, en vegna stóraukningar á flugfjarskiptakerfinu er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þessari fjölgun á þessu ári, og má búast við, að radioviðgerðarmönnum verði enn að fjölga um 4 á næsta ári. Efni og varahlutir hækka

um 150 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 25 þús. kr. Til frádráttar kemur seld vinna og efni 505 þús. kr., sem hækkar um 248 857 kr.

B. Radioverkstæðið, Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 10 þús. kr.

2. Rekstur stöðvanna hækkar um 360 þús. kr. með hliðsjón af reikningi 1958 og í samræmi við aukningu kerfisins.

VII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

1. Framlag til ICAO hækkar um 27 þús. kr. samkvæmt samningi.

X. *Loftferðaeftirlit:*

Til flugskráningar hækkar um 75 þús. kr. vegna nýrra samninga við Air Registration Board um störf brezks flugvélaeftirlitsmanns.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 150 þús. kr.

2. Fjarskiptiþjónustan hækkar um 600 þús. kr., samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem send hefur verið ICAO og tekin óbreytt upp í frv.

3. Veðurþjónustan hækkar um 428 þús. kr. skv. áætlun veðurstofustjóra, sem tekin hefur verið óbreytt í frv. Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, sem hækkar um 1 090 þús. kr. Hlutur Íslands af kostnaðinum hækkar um 88 þús. kr. frá fjárlögum nú.

XIII. *Veðurþjónusta á Grænlandi:*

Framlag til veðurþjónustu á Grænlandi hækkar um 68 700 kr., sem er samningsbundið.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar óbreyttar.

Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta:*

A. Yfirstjórn og skrifstofa. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 9 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr.

B. Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli. Aukavinna og næturálag lækkar um 7 500 kr. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 19 þús. kr. og annar kostnaður um 84 þús. kr., og er það einkum hækkun á veðurskeytasendingum og kostnaður vegna væntanlegs flutnings í nýtt húsnæði.

C. Loftskeytadeild. Starfsmannahald er óbreytt, enn sem komið er, en búizt er við, að loftskeytamönnum fækki úr 11 niður í 5 með tilkomu hinna nýju tækja til vélrænnar móttöku veðurskeyta. Aukavinna lækkar um 23 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr. Þá fellur niður 450 þús. kr. fjárveiting á fjárlögum 1959, sem var lán til ICAO til kaupa á nýjum tækjum.

D. Veðurfarsdeild. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 13 700 kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

E. Áhaldadeild. Starfsliði fjölgar um einn áhaldasmið, og hækka laun sem því svarar. Aukavinna hækkar um 4 þús. kr., en til kaupa á veðurathugunaráhöldum lækkar um 33 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 47 þús. kr.

F. Jarðeðlisfræðideild. Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 7 þús. kr. Til kaupa á klukku vegna jarðskjálftamælinga, 18 þús. kr., er nýtt.

G. Bóka- og skjalasafn. Annar kostnaður hækkar um 17 800 kr.

H. Jarðeðlisfræðiárið. Kostnaður lækkar um 12 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 41 600 kr.

2. *Tillag til alþjóðaveðurrannsóknastofnunarinnar* hækkar um 8 340 kr.

3. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 24 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Tekjur hækka um 325 þús. kr. Hallinn lækkar um 270 þús. kr. og er eins og áður greiddur úr sérleyfissjóði.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Starfsliði fjölgar um skrifstofustjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78 300 kr.

Ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar óbreytt.

III. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla og prófkostnaður lækkar um 6500 kr., en húsaleiga hækkar um 7 600 kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 5 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 65 þús. kr. vegna kaupa á gyrokompás, sem áætlað er að kosti 130 þús. kr. Er hálft kaupverðið tekið í frv. og hinn helmingurinn væntanlega á næsta ári. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 60 þús. kr., vegna aukins nemendafjölda á námskeiðum þessum.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá og áður.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskólans* hækkar um 105 þús. kr. Hagnaður af mötuneyti, sem á s. l. ári var áætlaður 50 þús. kr., hverfur nú, þar eð skólinn mun ekki starfrækja mötuneyti á næsta ári. Stundakennsla hækkar um 26 600 kr. og ýmis annar kostnaður um 26 þús. kr.

VI. *Til landmælinga.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga.* Starfsmannahald er óbreytt. Til kaupa á vélum í sjómælingabát lækkar um 135 þús. kr., og er þetta lokagreiðsla.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Starfsmannahald breytist nokkuð, þar eð skipaðir hafa verið 8 dósentar í læknisfræði, 2 í laga- og viðskiptadeild og 5 lektorar í læknadeild, og nema launagreiðslur til þeirra 440 þús. kr. Í þess stað fellur niður fjárveiting til aukakennslu í læknisfræði, 70 þús. kr., í gildandi fjárlögum, til verklegrar kennslu í meina- og sýklafræði, 17 þús. kr., og laun 5 aukakennara, sem nú verða dósentar, alls 58 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr., en til tannlæknisstofu lækkar um 95 þús. kr. í samræmi við tillögur menntamálaráðuneytisins. Kennsla í lyfjafræði lyfsala 109 þús. kr. er nýtt, en kennslugrein þessi er ný í háskólanum. Verkleg kennsla í lyfjagerð er einnig nýr liður, 25 þús. kr. Stundakennsla og landmælingar hækka um 15 þús. kr. Til eðlisfræðirannsókna hækkar um 38 þús. kr. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 3 þús. kr. og prófkostnaður um 25 þús. kr. vegna fjölgunar prófa með auknum stúdentafjölda. Loks lækka ýmis gjöld um 180 þús. kr. í samræmi við tillögu menntamálaráðuneytisins. Til áhaldakaupa læknadeildar, í fjárlögum nú 30 þús. kr., fellur niður.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 54 þús. kr. Tekjur hækka um 40 þús. kr.

II. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum.* Styrkupphæðin hækkar um 40 þús. kr. frá gildandi fjárlögum, og er þar miðað við, að 5 ára styrkjunum fjölgi úr fimm í sjö. Þá er sú breyting gerð, að framvegis er heimilt að veita fimm ára styrki hvort heldur til náms við Háskóla Íslands eða erlendis, en þeir eru nú einungis veittir stúdentum, sem nám stunda erlendis.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Starfslið er óbreytt og annar kostnaður einnig.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Kennurum fjölgar um 4 frá fjárlögum nú, en einn þessara kennara hefur þó tekið við starfi á árinu 1958. Af þessum sökum hækka laun um 267 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 84 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjadeilda. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Kennurum fjölgar um 2 vegna nýrra bekkjadeilda, en stundakennsla lækkar um 34 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Kennarafjöldi er óbreyttur. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 13 þús. kr., prófkostnaður um 4 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr., m. a. vegna viðhaldskostnaðar húsa. Til húsgagnakaupa vegna mötuneytis er nýr liður, 100 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Tala fastra kennara er óbreytt, nema hvað kennari, sem tók hálf laun, lætur nú af kennslu, og lækka laun af þeim sökum um 36 812 kr. Stundakennsla hækkar um 95 600 kr., þar eð einn hinna föstu kennara hefur fengið árs orlof með óskertum launum, en starfi hans gegna stundakennarar. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 1 þús. kr. og húsnæði utan skólans um 10 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

Í handíðadeild hækkar stundakennsla um 13 þús. kr. og húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 15 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn.* Starfslið er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 16 642 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til bókasafns er nýr liður 3 þús. kr. Prófkostnaður, 45 þús. kr., er nú áætlaður sérstaklega, en var áður í öðrum kostnaði, sem lækkar um 40 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla.* Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka framlög til iðnfræðslu um 540 þús. kr. Stafar þessi hækkun af áætlaðri kennarafjölgun um 3⅓, sem gerir 199 þús. kr. hækkun, og annar kostnaður hækkar um 341 þús. kr. Bætt er við iðnskóladeild við miðskólann á Dalvík, og iðnskólinn í Reykjavík hefur tekið í notkun aukið húsnæði og bætt við kennslugreinum og námskeiðum.

X. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslunnar allrar hækka um 8 136 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

Tala kennara eykst nokkuð. Í fjárlögum þessa árs var ráðgert, að 25 nýir kennarar tækju til starfa á þessu hausti (1959). Koma því einungis september—desemberlaun þeirra til greiðslu samkvæmt fjárlögum 1959, en að sjálfsögðu heils árs laun þeirra árið 1960. Á haustinu 1960 er gert ráð fyrir 22 nýjum kennurum, sem taka laun aðeins í september—desember. Laun kennara hækka um 1 239 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Laun ráðskvenna hækka um 81 þús. kr., þar eð tveir nýir heimavistarskólar taka til starfa. Stundakennsla og þóknun til skólastjóra í tví- og þrískiptum skólum hækkar um 387 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 1 762 þús. kr., sem stafar einkum af auknum viðhaldskostnaði vegna síaukins skólahúsnæðis og leigugreiðslum vegna skólahúsnæðis í Reykjavík.

Til framkvæmda sundskyldu í skólum hækkar um 8 þús. kr.

Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 4 659 þús. kr. Samkvæmt lögum frá 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Til þess að ljúka þeim skólabyggingum, sem fé er byrjað að veita til, á tilskildum tíma, verður að áætla framlag þetta eins og hér er gert.

XI. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunarinnar hækka alls um 6 585 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

Kennurum fjölgar nokkuð. Ráðgert er, að 29 nýir gagnfræðaskólakennarar taki til starfa haustið 1959 og 27 nýir haustið 1960, sem þá taka laun aðeins mánuðina september—desember. Kennaraaukning þessi veldur hækkun á launum um 1 701 þús. kr. Þá hækkar launaliðurinn vegna aldursuppbóta o. fl. um 337 þús. kr. eða samtals um 2 038 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón, tví- og þrískipan í skólum hækkar um 409 þús. kr., nær eingöngu vegna nemendafjölgunar í Reykjavík.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 060 þús. kr., aðallega vegna aukins viðhaldskostnaðar skólahúsnæðis og leigu eftir skólahúsnæði í Reykjavík.

Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 2 079 þús. kr. af sömu ástæðum og áður segir um barnaskólana.

Til handíða- og myndlistarskóla, í gildandi fjárlögum 65 þús. kr., fellur nú niður.

XIII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskóli.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 16 þús. kr. Til kennsluáhalda, 10 þús. kr., er nýtt.

2.—6. *Almenn húsmæðrafræðsla.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr. vegna aukins viðhaldskostnaðar. Til byggingar skóla er áætlað óbreytt.

XIV. *Til íþróttamála.*

1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 5 þús. kr. Til íþróttatækja og bókasafns hækkar um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Viðhald á íþróttahúsinu, 50 þús. kr., er nýr liður.

2. *Til íþróttasjóðs* er áætlað 1 600 þús. kr. eða 80 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

10. *Til Olympíunefndar Íslands* vegna undirbúnings Olympíuleikanna 1960 er nú áætlað 200 þús. kr. í stað 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum, og er þetta síðari greiðsla.

Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna menntaskólans þar, 50 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur nú niður.

XV. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.*

Starfsliði fækkar um einn kennara.

Kaup starfsstúlkna hækkar um 22 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 45 þús. kr.

XVII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 10 þús. kr.

XXXIV. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.* Annar kostnaður námsstjóranna hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður fræðslufulltrúans í Reykjavík um 10 þús. kr.

XXXV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr.

XXXVI. *Til ríkisútgáfu námsbóka.* Áætlað er, að kostnaður við ríkisútgáfu námsbóka hækki um 325 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að lög nr 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, komi að fullu til framkvæmda, en svo hefur ekki verið til þessa.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Einn bókavörður hefur fengið ársorlof með óskertum launum, og hækka laun af þeim sökum um 62 þús. kr. vegna staðgengils. Til þess að semja og prenta skrá um handrit hækkar um 10 þús. kr. og ýmis gjöld um 10 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til spjaldskrár yfir manntöl, 25 þús. kr., fellur nú niður.

III. *Þjóðminjasafnið.* Starfslið er óbreytt. Til rekstrar hússins hækkar um 20 þús. kr., vegna hækkunar á fasteignagjöldum. Til verndunar fornleifanna að Stöng, 30 þús. kr., fellur niður, en inn kemur sama upphæð, til viðgerðar á Hóladómkirkju, en nauðsynlegt er talið, að fram fari rækileg viðgerð á kirkjunni fyrir árið 1963, en þá á kirkjan 200 ára afmæli.

IV. *Listasafn ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr., einkum vegna aðkallandi viðgerða á málverkum, sem nauðsynlegt er talið að haldi áfram á næstu árum.

V. *Náttúrugripasafnið.* Starfsliði fjölgar um einn taxidermist, og hækka laun

af þeim sökum um 73 600 kr. Er þessi ráðstöfun talin óhjákvæmileg nú, þegar safnið flytur í ný húsakynni, en margir hinna eldri safnmuna eru svo úr sér gengnir, að óumflýjanlegt er að stoppa þá upp að nýju, bæði fugla og spendýr, áður en þau verða flutt í nýjan sýningarsal. Til kaupa á náttúrugripum, bókum o. fl. lækkar um 5 þús. kr., en hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 10 þús. kr. Til flutnings safnsins og til kaupa á húsgögnum, 100 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Inn kemur nýr liður, 70 þús. kr., vegna heimsóknar landfræðinga og jarðfræðinga í sambandi við alþjóðaþing þeirra, sem haldin verða á næsta ári í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi.

IX. *Safnahúsið.* Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 10 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.

X. *Framlög til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955.* Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 40 þús. kr. miðað við reynslu undanfarin ár. Til bókasafna, skóla og annarra opinberra stofnana hækkar um 10 þús. kr. Til byggingar bókasafna og lesstofa hækkar um 8 750 kr.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Undir þessum lið falla niður fjórir liðir í gildandi fjárlögum, alls að upphæð 160 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir, en inn kemur nýr liður, til útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar forseta, og er þetta fyrsta greiðsla af þremur. Er fjárveiting þessi veitt í samræmi við ályktun Alþingis 13. maí 1959.

XXXIV. *Til Friðriks Bjarnasonar,* tónskálds, 8 þús. kr., er nýr liður.

XL. *Til Tónlistarskólans í Reykjavík,* laun skólastjóra í kennaradeild, er nýr liður, 85 þús. kr.

XLII. *Til Guðmundu Eliasdóttur,* söngkonu, 8 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár til Leifs Þórarinssonar, til tónlistarnáms.

XLIX. *Til Þuríðar Pálsdóttur,* söngkonu, er nýr liður, 8 þús. kr.

LXXII. *Til umbóta á Þingvöllum* hækkar um 10 þús. kr.

LXXIX. *Til Matthíasarfélagsins á Akureyri* hækkar um 15 þús. kr.

LXXX. *Til að reisa höggmynd af Ingólfi Arnarsyni í Rivedal í Noregi.* Á fjárlögum 1959 eru veittar 100 þús. kr. til þess verks. Áætlað er, að verkið kosti 300 þús. kr., og með því að styttan mun væntanlega verða reist á árinu 1960, er þessi kostnaðarliður áætlaður 200 þús. kr. nú.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembætti.* Gert er ráð fyrir, að laun ritara hækki úr XIII. launaflokki í XI. Húsaleiga biskups, 30 þús. kr., fellur niður.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Gert er ráð fyrir launum 119 presta, svo sem er í gildandi fjárlögum. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta, hækkar um 30 þús. kr.

X. *Kostnaður við kirkjuþing.* Kirkjuþing er haldið annað hvert ár, og er því fjárveiting til þess einungis í fjárlögm annað hvert ár, að þessu sinni 120 þús. kr.

XI. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til alþjóðakirkjusambanda* hækka um 5 þús. kr.

XIII. *Til framkvæmda í Skálholti* hækkar um 500 þús. kr.

XV. *Til eftirlits með kirkjugörðum* hækkar um 7 800 kr.

XVI. *Til greiðslu vaxta vegna kaupa á biskupsbústað,* 25 þús. kr., er nýtt.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Framlag til félagsins hækkar um 71 300 kr.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* hækkar um 66 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðastliðins árs.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum.* Jarðræktarframlög eru áætluð 650 þús. kr. hærri en í ár og til framræslu hækkar um 600 þús. kr. Til kaupa á nýjum skurðgröfum, 332 500 kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

9. *Til búfjárræktar.*

a. *Nautgriparækt.* Almennur styrkur til nautgriparæktarfélaga hækkar um 10 þús. kr., en til verðlauna lækkar um 45 þús. kr. vegna færri nautgripa á sýningarsvæðinu næsta ár.

b. *Sauðfjárrækt.* Styrkur til sauðfjárkynbótabúa lækkar um 5 þús. kr., en styrkur til sauðfjárræktarfélaga hækkar um 20 þús. kr., vegna fjölgunar félaga.

c. *Hrossarækt.* Til hrossaræktarsambanda lækkar um 5 þús. kr., en verðlaunafé á landssýningu hækkar um 2 þús. kr. Til kynbótabúsins á Hólum, 12 þús. kr., er í fjárlögum annað hvert ár.

e. *Til sæðingarstöðva.* Rekstrarstyrkir hækka um 39 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðvanna hækkar um 50 þús. kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

Til að koma upp sýningarreitum í jarðrækt í gildandi fjárlögum, 500 þús. kr., fellur nú niður.

14. *Framlag samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum* er óbreytt, enda lögákveðið.

19. *Til fyrirhleðslu í Miðskálaá og Írá* lækkar um 31 500 kr.

20. *Til fyrirhleðslu í Hólmsá á Mýrum, A.-Skaftafellssýslu* lækkar um 275 þús. kr.

23. *Til sjóvarnargarða* er nú áætlað 1 292 þús. kr., og er það sama tala og í fjárlögum nú, en upphæðinni er ekki skipt til einstakra varnargarða.

Eftirtaldir liðir falla niður: Til fyrirhleðslu í Skálm í Álftaveri, til landþurrkunar á Stokkseyri, til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum og til landþurrkunar í Austur-Landeyjum, alls kr. 124 þús.

24. *Til sandgræðslu.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr., og ýmis gjöld um 5 þús. kr. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum nú.

27. *Til skógræktar.* Starfsfólki fjölgar um tilraunastjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78 300 kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 9 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 29 þús. kr. Til gróðurrannsókna, 15 þús. kr., er nýr liður. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum.

30. *Veiðimálaskrifstofan.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr. vegna óhjákvæmilegrar aukaaðstoðar, og er þá gert ráð fyrir stúlku í hálfu starfi.

33. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir einum nýjum dýralækni, og hækka laun af þeim sökum um 50 þús. kr. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis hækkar um 15 þús. kr., en af þessum lið er einnig greiddur símakostnaður héraðsdýralækna.

Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna er nýr liður, 30 þús. kr. Óhjákvæmilegt er talið að gera ráð fyrir þessum kostnaðarlið, þar eð héraðsdýralæknar ferðast alltaf nokkuð árlega í þágu embættisins.

36. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* er áætlað 20 þús. kr. og lækkar um 16 þús. kr. Er áætlað, að hægt sé að ljúka þeim prófunum, sem ráð er fyrir gert, fyrir þessa upphæð.

37. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. kr. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 820 þús. kr. vegna niðurskurðar fjár í Reykhólahreppi í Barðastr.sýslu, en þar hefur orðið vart mæðiveiki. Kostnaður við vörzlu hækkar um 50 þús. kr., til rannsókna lækkar um 5 þús. kr. og til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarlánum um 35 þús. kr.

Til Baldvins Jónssonar vegna dúnhreinsunartækja, 80 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur niður.

44. *Búnaðarkennsla.*

a. Bændaskólinn á Hólum. Starfslið er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

b. Bændaskólinn á Hvanneyri. Stundakennsla hækkar um 950 kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

c. Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Starfslið er óbreytt. Til viðhalds hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

45. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða.* Fjárveiting til húsmæðrafræðslu utan kaupstaða hækkar um 223 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Starfsmannahald er óbreytt, en nokkrar launahækkanir verða vegna aldurhækkana. Að öðru leyti stafar hækkunin af nokkurri hækkun á stundakennslu og auknum viðhaldskostnaði.

48. *Til kvenfélagasambands Íslands,* til greiðslu launa heimilisráðunautar, er nýr liður, 73 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 154 500 kr., sem stafar af hækkuðum skrifstofukostnaði og launum um 79 500 kr., auknum prentkostnaði Ægis um 55 þús. kr., og nýjar aflaskýrslur um 20 þús. kr.

2. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* hækkar um 1 500 kr.

14. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum.*

a. *Fiskmat.* Starfslið er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 53 þús. kr., m. a. vegna hækkunar húsaleigu. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna hækkar um 10 þús. kr. og ferðakostnaður um 5 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, breyting á skrifstofuhúsnæði, 41 800 kr., en breyting þessi hefur þegar verið framkvæmd.

b. *Síldarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 4 700 kr. og annar kostnaður um 4 þús. kr.

d. Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 50 þús. kr. samkvæmt reynslu undanfarið.

Um 16. gr. C.

4. *Til iðnlánasjóðs* hækkar um 22 500 kr.

5. *Til iðnfræðsluráðs* hækkar um 25 þús. kr., sem er kostnaður af húsaleigu.

8. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði* lækkar um 25 þús. kr.

11. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Starfslið er óbreytt. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun, hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 500 kr., vegna kostnaðar við norræna eftirlitsráðstefnu, sem haldin verður hér á landi á næsta ári. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

Um 16. gr. D.

Á aðalskrifstofu raforkumálanna kemur inn nýr skjalavörður, sem áður var teiknari hjá rafmagnsveitum, og er því ekki um fjölgun að ræða, heldur tilfærslu í starfi. Flokkshækkanir verða hjá sex starfsmönnum aðalskrifstofu. Laun starfsfólks á aðalskrifstofu skiptast á einstakar deildir eftir ákveðnum hlutföllum.

I. *Stjórn raforkumála.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir.* Starfsmannahald er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 6 þús. kr. Tekjur og gjöld þessarar deildar standast á.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Föstu starfsliði fækkar um einn teiknara, sem flyzt á aðalskrifstofu. Skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. og annar kostnaður um 4 millj. kr. Rekstrarkostnaður og raforkukaup veitna hækkar um 22 millj. kr. Rekstrartekjur veitna hækka um 30 millj. kr. Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla veitna er nú áætlað 7 millj. kr., og er það 8 millj. kr. lægra en í gildandi fjárlögum.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Starfsliði fjölgar um 2 rafmagnseftirlitsmenn. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

IX. *Raforkusjóður.* Framlag til raforkusjóðs hækkar um 750 þús. kr. og er nú áætlað 15 millj. kr.

X. *Jarðhitadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 6 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild háskólans:*

1. Iðnaðardeild. Starfsmannahald er óbreytt, en einn starfsmaður flyzt úr X. launaflokki í VIII. Aðrir kostnaðarliðir eru óbreyttir, en tekjur hækka um 40 þús. kr.

2. Fiskideild. Gert er ráð fyrir nýjum aðstoðarmanni í X. launaflokki, en launagreiðslur til sérfræðings, sem unnið hefur hálft starf, falla niður. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr., vegna aukinnar starfsemi og miðað við reynslu undanfarið.

3. Landbúnaðardeild. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. miðað við reynslu undanfarið. Til gróðurrannsókna, 15 þús. kr., er nýr liður.

Laun fjárræktarbúsins á Hesti hækkar um 131 þús. kr. vegna tilfærslu frá öðrum kostnaði, en sá liður lækkar um 115 þús. kr. Tekjur búsins á Hesti hækka um 10 þús. kr. Laun á tilraunabúinu á Varmá hækka um 10 þús. kr. og tekjur hækka um 7 þús. kr.

4. Sameiginlegur kostnaður. Starfslið er óbreytt. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr., vegna aukins húsnæðis fiskideildar. Viðhald hækkar um 45 þús. kr. vegna endurbóta á loftræstingarkerfi. Endurgreiðsla á láni lækkar um 115 þús. kr. Tekjur frá Happdrætti Háskóla Íslands hækka um 50 þús. kr.

II. *Til rannsóknaráðs:*

Starfsmannahald er óbreytt. Til athugunar á vinnslu biksteins í Loðmundarfirði, 50 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár, til rannsókna á kísilleir við Mývatn og víðar.

III. *Löggildingarstofan.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 68 þús. kr., en tekjur hækka um 30 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Skipulag bæja og kauptúna.* Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 6 þús. kr. og mælingakostnaður um 3 500. Kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta hækkar um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum og hækka um 160 þús. kr.

2. *Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga* hækkar um 250 þús. kr.

5. *Til vegagerðar og lagningar skólpveitu í Egilsstaðakauptúni,* samkvæmt lögum nr. 58 1947, er nýr liður, 168 695 kr. Ríkissjóður á samkv. lögum að sjá um framkvæmdir þessar, og hefur nokkru fé verið varið til þeirra á undanförnum árum, og þykir því rétt að gera ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.* Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði er áætlað 4 millj. kr. og hækkar um 200 þús. kr. frá fjárlögum. Kostnaður við skyldusparnað hækkar um 1 150 þús. kr., og er það talið óhjákvæmilegt með hliðsjón af reynslu árið 1958, en þá nam kostnaður póststjórnarinnar og skattstofunnar í Reykjavík 1914 þús. kr. Eftirlit samkvæmt lögum nr. 10 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lækkar um 35 þús. kr.

2. *Framlag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna* hækkar um 200 þús. kr.

3. *Kostnaður við húsaleigueftirlit* lækkar um 48 þús. kr.

4. *Til teikninga á verkamannabústöðum* er nýr liður, 100 þús. kr., en samkvæmt lögum nr. 36 1952 ber ríkissjóði að láta gera uppdrætti að verkamannabústöðum. Árið 1958 voru greiddar 88 þús. kr. í þessu skyni.

III. *Vinnumál:*

7. *Til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna* hækkar um 25 þús. kr.

8. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 475 þús. kr. Þessi kostnaður reyndist árið 1958 625 þús. kr., og er það sama upphæð og hér er gert ráð fyrir.

9. *Framlag til I. L. O.* hækkar um 16 þús. kr.

IV. *Almannatryggingar:*

Framlag til almannatrygginga hækkar um 11 854 þús. kr., og eru breytingar á einstökum liðum þessar:

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 9 554 þús. kr. Að óbreyttum lögum hefði framlag til lífeyristrygginga átt að lækka um 1 600 þús. kr. vegna betri afkomu árin 1958 og 1959 en áætlað var. Fyrir Alþingi 1959 var lagt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar. Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á þinginu, en telja má líklegt, að það verði samþykkt á næsta þingi. Frumvarp þetta fjallar um hækkun bóta, og er kostnaður af þeim ástæðum áætlaður 33.8 millj. kr. á ári. Samkv. 24. gr. laga nr. 24 1956 koma 33% af þessum kostnaðarauka í hlut ríkissjóðs, eða samtals 11 154 þús. kr.

2. *Framlag til sjúkratrygginga* hækkar um 300 þús. kr.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 2 millj. kr. Stafar sú hækkun af hækkun verkamannakaups á s. l. ári, en iðgjöld til atvinnuleysistrygginga fara eftir kaupi Dagsbrúnarverkamanna árið á undan og fjölda tryggðra.

V. *Önnur félagsmál:*

1. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla* lækkar um 2 831 þús. kr.

a. Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 757 þús. kr. Vistdagar berklasjúklinga eru nú áætlaðir 71 500 í stað 77 þús. í áætlun yfirstandandi árs.

f. Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga lækkar um 2 074 þús. kr., aðallega vegna:

1) Fækkunar vistdaga á Kleppsspítala um 3 þús., sem er í samræmi við reynslu ársins 1958. 2) Vistdagar áfengissjúklinga fækka um 4 500. 3) Lækkunar á kostnaði vegna ellikramarsjúklinga um 767 þús. kr. Vistdagar eru áætlaðir færri um 4 855, og daggjöld hafa lækkað úr 87 kr. í 82 kr. Þá er þess að gæta, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir hærri ellilífeyri nú en áætlað var í áætlun yfirstandandi árs, sem veldur því, að ríkisframfærslan greiðir nú ekkert með mörgum sjúklingum vistuðum á sjúkradeild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en gert var ráð fyrir, að ríkisframfærslan þyrfti að greiða með flestum sjúklingum, sem vistaðir eru þar.

2. *Önnur ríkisframfærsla.*

d. Greiðsla með börnum erlendra manna hækkar um 200 þús. kr.

9. *Til Kvenfélagsins Hlíf á Akureyri,* byggingarstyrkur, 25 þús. kr., er nýr liður.

11. *Til Verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði,* byggingarstyrkur, 50 þús. kr., er nýr liður.

Um 18. gr.

Greinin í heild hækkar um 1 745 þús. kr. Eftirlaun og styrktarfé lækkar um 57 þús. kr. Framlag samkvæmt lögum nr. 64 1955 og 66 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og barnakennara, hækkar um 1 200 þús. kr., og framlag til grunnlauna og vísitöluuppbóta á lífeyri hækkar um 600 þús. kr.

Um 19. gr.

Greinin í heild lækkar um 111 millj. kr. Framlagið til útflutningssjóðs, 152 millj. kr. í gildandi fjárlögum, er nú lækkað niður í 50 millj. kr., þar eð gert er ráð fyrir, að Alþingi verði að fjalla um efnahagsmálin í heild og hvaða leiðir verði í þeim farnar, sbr. það, sem segir í almennum athugasemdum við frv.

Um 20. gr.

Inn: *Fyrningar,* að upphæð 1 850 þús. kr., falla nú niður, þar eð fyrningar hafa verið felldar niður úr gjaldahlið frv.

Út:

I. *Afborganir af lánum ríkissjóðs* hækka um 1 337 þús. kr., og eru taldar nema 12 783 þús. kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 86—88. Afborganir af lánum landssímans lækka um 200 þús. kr.

III. *Til eignaaukningar landssímans* hækkar um 1 020 þús. kr., og er nú áætlað 9 350 þús. kr.

IV. *Til bygginga á jörðum ríkisins* er nú áætlað 2 millj. kr., sem er 200 þús. kr. hækkun frá fjárlögum.

V. *Til ræktunar á jörðum ríkisins* er áætlað 10 þús. kr. hærra en í fjárl. nú.

VII. *Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna og til byggingar fávitahælis* er nú áætlað 5 190 þús. kr., og hækkar um 259 þús. kr., þar eð 5% skerðingin kemur ekki á þennan lið nú.

X. *Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstofu á Keldum* hækkar um 35 þús. frá fjárlögum í ár, og er áætlað 700 þús. kr.

XI. *Til sjúkraflugvalla* er áætlað 500 þús. kr. og hækkar um 8 þús. kr. frá fjárlögum í ár.

XII. *Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri* er nú áætlað 500 þús. kr., og er þar um að ræða hækkun um 400 þús. kr.

Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni hækkar um 22 500 kr. og til *byggingar kennaraskóla Íslands* hækkar um 50 þús. kr. Til framkvæmda á Hvanneyri, 600 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur nú niður.

XIII. *Til byggingar á prestssetrum* hækkar um 85 þús. kr. og er nú áætlað 1 700 þús. kr.

XV. *Til útihúsa á prestssetrum* hækkar um 36 þús. kr.

XVI. *Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara* hækkar um 27 þús. kr.

XVII. *Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík* hækkar um 40 þús. kr. og er áætlað 800 þús. kr.

XVIII. *Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli* lækkar um 60 þús. kr.

XX. *Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 18 þús. kr.

XXI. *Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá* hækkar um 5 þús. kr.

XXIII. *Til byggingarsjóðs Listasafns Íslands* eru veittar 500 þús. kr. Á þessa árs fjárlögum voru veittar 500 þús. kr. til byggingar Kjarvalshúss, en samkvæmt ósk Jóhannesar Sv. Kjarvals hefur nú verið hætt byggingu íbúðar og sýningarsalar fyrir hann, en stofnaður með lögum nr. 41/1959 byggingarsjóður Listasafns Íslands af fé því, sem fyrir hendi var til byggingar Kjarvalshúss.

XXIV. *Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna* hækkar um 18 þús. kr.

XXV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* hækkar nú um 1 800 þús. kr.

XXVI. *Til kaupa á biskupsbústað* er nýr liður, 300 þús. kr., en ríkissjóður hefur fest kaup á embættisbústað fyrir biskup.

Tveir liðir í gildandi fjárlögum, að upphæð 135 þús. kr., falla niður, en aðrir, sem ekki er sérstaklega getið, eru óbreyttir.

Um 22. gr.

XI. Hér er aflað heimilda til að lána eða ábyrgjast lán, að upphæð 1.2 millj. kr. til útsölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Rekstur þessi er nú orðinn það umfangsmikill, að nauðsyn á auknu rekstrarfé er orðin brýn.

XII. Aflað er heimildar til að ábyrgjast allt að 7.5 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til aukningar á geymslurými fyrir bræðslusíld hjá verksmiðjunni á Raufarhöfn og til byggingar löndunarbryggju þar á staðnum og til uppsetn-

ingar nýrra löndunartækja. Eru framkvæmdir þessar taldar mjög aðkallandi með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

XIII. Hér er aflað heimildar fyrir ríkissjóð að ábyrgjast allt að 1.4 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp viðbótartækjum við soðvinnslustöð verksmiðjanna á Siglufirði. Er áætlað að auka afköst soðvinnslustöðvarinnar um 6000 mál með hinum nýju tækjum, en núverandi vinnslustöð vinnur úr soði frá ca. 8000 málum síldar á sólarhring.

XX. Á síðastliðnu hausti hóf Mjólkursamsalan í Reykjavík sölu neyzlumjólkur í pappaumbúðum. Pappír sá, sem notaður er í umbúðir þessar, fellur undir nr. 15 í 44. kafla tollskrár með 14.4% verðtolli. Á hinn bóginn bera innfluttar mjólkurflöskur nú 3.6% verðtoll og 3.6 aura af kg í vörumagnstoll. Hér er því aflað heimildar til að endurgreiða aðflutningsgjöldin að því leyti, sem þau yrðu hærri en af mjólkurflöskum.

XXX. Heimild þessi er hér tekin upp í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar um uppgjöf þurrafúalána, er samningar stóðu yfir um síðustu áramót um starfsgrundvöll bátaútvegsins.

XXXIII. Hér er aflað heimildar fyrir ríkissjóð að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst. Andvirðinu verður varið til kaupa á biskupsbústað.

XXXV. Hér er aflað heimildar til að taka erlent lán, að upphæð allt að 1.2 millj. dollara, til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

XXXVI. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 1.8 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði til að stækka athafnasvæði stöðvarinnar og bæta aðstöðuna til skipaviðgerða.

XXXVII. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 3 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík. Hér er raunverulega um endurveitingu að ræða, þar eð í fjárlögum 1954 var heimild til að ábyrgjast 6 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f, sem ekki var þá notað nema að hálfu.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1960.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póstmálaskrifstofan:**			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun)	1	II.	kr. 51 198
	Skrifstofustjóri	1	V.	— 85 310
	Póstmálafulltrúi	1	VII.	— 73 624
	Aðalbókari	1	VII.	— 73 624
	Fulltrúar	7	VIII.—IX.	— 473 302
	Bókarar	4	X.	— 229 939
	Ritarar	3	XIII.	— 135 925
		18		kr. 1 122 922
	Póststofan í Reykjavík:			
	Póstmeistari	1	VI.	kr 78 300
	Deildarstjórar	3	VII.	— 220 875
	Aðalféhirðir	1	VII.	— 73 625
	Varðstjórar	4	VIII.	— 275 800
	Póstfulltrúar og póstafgreiðslumenn ...	68	IX.—X.	— 4 210 564
	Bréfberar og póstaðstoðarmenn	42	XII.	— 2 172 196
	Húsvörður	1	XII.	— 52 275
		120		kr. 7 083 635
	Póststofan á Akureyri:			
	Póstmeistari	1	VII.	kr. 73 624
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 197 502
	Póstafgreiðslumenn	3	X.	— 177 928
	Bréfberar	2	XII.	— 104 548
	Póstsendlar	2	U.	— 50 000
		11		kr. 603 602
	Póstafgreiðslan á Ísafirði:			
	Póstafgreiðslumaður (⅓ launa)		VII.	kr. 24 541
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 120 372
	Bréfberi	1	XII.	— 52 274
		4		kr. 266 137
	Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:			
	Póstafgreiðslumaður (⅓ launa)		VII.	kr. 24 541
	Póstafgreiðslumaður	1	X.	— 60 186
	Bréfberi	1	U.	— 22 056
	Aukaaðstoð		U.	— 26 000
		2		kr. 132 783

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póstafgreiðslan á Siglufirði:**			
	Póstafgreiðslumaður (⅓ launa)		VII.	kr. 24 541
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 110 730
	Bréfberi	1	XII.	— 52 274
		4		kr. 256 495
	Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:			
	Póstafgreiðslumaður (⅓ launa)		VII.	kr. 24 541
	Póstfulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Afgreiðslumenn	2	X.	— 106 348
	Bréfberar	2	XII.	— 100 943
		5		kr. 300 782
	Landssíminn:			
	Aðalskrifstofan:			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun)		II.	kr. 51 198
	Skrifstofustjóri	1	V.	— 85 311
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 73 625
	Aðalbókari	1	VII.	— 73 625
	Yfirverkfræðingar	2½	IV.—V.	— 177 636
	Verkfræðingar	5	U.	— 378 179
	Yfirteiknari	1	IX.	— 64 276
	Teiknari	1	X.	— 60 185
	Fulltrúar	18	VIII.—IX.	— 1 213 056
	Bókarar	9	X.—XI.	— 512 453
		38		kr. 2 689 544
	Ritsímastöðin í Reykjavík:			
	Ritsímastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Yfirvarðstjórar	4	VIII.—X.	— 258 270
	Varðstjórar	5	VIII.—XI.	— 317 872
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	— 133 226
	Símritarar	11	IX.—X.	— 691 843
	Bókarar	7	XI.	— 388 577
	Aðstoðarmaður	1	X.	— 60 185
	Skeytaskrásetjarar	2	XI.	— 111 022
	Talsímakonur	73	XII.—XIII.	— 3 412 668
	Sendimenn	10	XI.—XII.	— 518 567
	Eftirlitsstúlkur	2	XI.	— 111 022
	Næturvörður	1	XI.	— 55 511
		119		kr. 6 137 063

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Bæjarsími Rvíkur og Hafnarfjarðar:**			
	Bæjarsímstjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Innheimtugjaldkeri	1	VIII.	— 68 950
	Umsjónarmaður	1	VII.	— 73 625
	Símafræðingur	1	VII.	— 73 625
	Símstjóri í Hafnarfirði	1	VIII.	— 68 950
	Fulltrúar	9	VIII.—IX.	— 606 528
	Verkstjórar	6	VIII.—IX.	— 409 026
	Símvirkjar	14	IX.—X.	— 858 954
	Bókarar	11	X.—XI.	— 629 317
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 120 370
	Næturvörður	1	XI.	— 55 511
	Aðstoðarmenn	2	X.—XI.	— 115 696
	Teiknarar	2	X.	— 120 370
	Línuverkstjórar	3	X.	— 166 576
	Línumenn	27	XI.	— 1 485 040
	Ritarar	2	XIII.	— 95 028
	Talsímakonur	9	XII.—XIII.	— 404 919
	Símvirkjar	7	X.	— 372 218
	Aðstoðarféhirðar	2	X.	— 120 370
		102		kr. 5 923 373
	Loftskeytastöðin í Reykjavík:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Símritarar	3	IX.	— 192 828
	Talsímakonur	2	XII.—XIII.	— 99 789
	Loftskeytamaður	1	X.	— 60 185
		7		kr. 421 752
	Stuttbylgjustöðin:			
	Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 36 812
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Varðstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Símvirkjar	2+1	IX.—X.	— 158 645
	Loftskeytamenn	2	X.	— 120 370
	Símritarar	2	IX.—X.	— 124 461
	Bókari	1	XI.	— 55 511
	Fjarritari	1	XIII.	— 47 514
		12		kr. 681 213
	Radíóverkstæðið:			
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 73 625
	Verkstjórar	2	VIII.—IX.	— 133 226
	Símvirkjar	16	IX.—X.	— 963 553
	Iðnaðarmenn	4	X.—XII.	— 232 830
	Fulltrúar	2	IX.	— 128 552
	Bókari	1	X.	— 60 185
		26		kr. 1 591 971

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Radíóeftirlit Landssímans:**			
	Eftirlitsmaður	1	VIII.	kr. 68 950
	Fulltrúi	1	IX.	— 64 276
		2		kr. 133 226
	Birgðahúsið:			
	Birgðastjóri	1	VII.	kr. 73 625
	Fulltrúi	1	VIII.	— 50 252
	Efnisverðir	2	IX.—X.	— 124 461
	Bókari 1. stigs	1	X.	— 60 185
	Bókari 2. stigs	1	XI.	— 55 511
	Verkstjóri	1	X.	— 60 185
	Bílstjóri	1	XI.	— 55 511
	Línumaður	1	XI.	— 55 511
		9		kr. 535 241
	Viðhald símanna:			
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 73 625
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	— 133 226
	Línuverkstjórar	9	X.	— 541 665
	Línumenn	11	XI.	— 610 621
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 55 511
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 60 185
	Símritari	1	IX.	— 64 276
	Símvirkjaverkstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Umsjónarmaður	1	X.	— 60 185
		28		kr. 1 668 244
	Viðbót og viðhald stöðva:			
	Símvirkjaverkstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Símvirki	1	X.	— 60 185
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 60 185
		3		kr. 189 320
	Radíóflugþjónustan:			
	Deildarstjóri (½ laun)		VII.	kr. 36 812
	Varðstjórar	5	VIII.	— 344 750
Skýrslur liggja ekki fyrir um það, hvar á hinum íslenzku miðum veiðar þessar hafa farið fram, en ætla má, að veiðisvæðin liggi öll innan hinnar nýju 12 mílna fiskveiðilandhelgi og ekki verði lengur um að ræða neina teljandi flatfiskveiði af hálfu útlendinga á okkar miðum.

Þetta leggur Íslendingum á herðar þá siðferðisskyldu að framkvæma nú sjálfir þær veiðar, sem eðlilegar eru á þessu sviði, því að enginn mun hafa ætlazt til þess, að flatfisksstofnarnir, sem gefa af sér verðmætasta fiskmetið, er á miðum okkar fæst, eigi eftir stækkun landhelginnar engum matvælum að skila á heimsmarkaðinn eða að fiskur þessi eigi ósnertur að bíða ellidauða ónytjaður.

Til þess að gera landsmönnum kleift að veiða flatfiskinn verður að leyfa notkun þess veiðarfæris, sem tiltækilegast er, en það er dragnótin. Án hennar verður ekki um neinar verulegar flatfiskveiðar að ræða, eins og nú standa sakir, þar eð veiðitækni, sem að gagni getur hér talizt, er engin önnur þekkt heldur en dragnót eða botnvarpa.

Dragnótaveiðar yfir sumarmánuðina samrýmast líka mjög vel eðlilegri notkun hinna smærri fiskibáta, þar eð þá skortir einmitt verkefni við hæfi á þeim tíma. Slíkar veiðar mundu einnig bæta mjög atvinnuhætti í mörgum útgerðarstöðvum víðs vegar á landinu, auka á atvinnuöryggi verkafólks og leggja frystihúsunum til arðbær verkefni einmitt á þeim árstíma, sem mörg þeirra skortir hráefni.

Þá er ekki minnst um það vert, að með skynsamlegri nýtingu flatfisksins og annars þess afla, er í dragnót fæst, mundi hagur íslenzka þjóðarbúsins stórbatna, og er hæfilega takmarkað leyfi til dragnótaveiða ekki síður tiltækileg efnahagsráðstöfun en margt af því, sem fyrir Alþingi hefur verið lagt og talið nauðsynlegt til að leysa fjárhagslegan vanda.

Á árunum eftir 1930 og allt fram til 1952 voru hér stundaðar dragnótaveiðar, sum árin í allstórum stíl. Þegar veiðar þessar urðu hvað mestar upp úr hinni síðari heimsstyrjöld og jafnhliða veiðum Íslendinga var mikill ágangur erlendra tog- og dragnótaskipa við þessar veiðar alveg upp að gömlu þriggja mílna landhelginni (og raunar einnig innan við hana), varð greinilega vart ofveiði bæði á flatfiski og ýsu. Af þessum sökum settist að í hugum margra manna andúð á dragnótinni sem veiðarfæri, og munu þeir enn vera nokkrir, sem telja veiðarfæri þetta til einskis gagns, en aðeins til óþurftar. En þegar tekið er fullt tillit til þess, að hinir eitt sinn ofveiddu fiskistofnar hafa nú rétt við og þola aukna veiði, og þess að auki, að nú má ætla, að ofveiðihættan af völdum útlendinga sé úr sögunni, verður nú að telja hina algeru fordæmingu á dragnótinni ranga og óeðlilega.

Allrar aðgæzlu er þó þörf um framkvæmd veiðanna, og með tilliti til reynslu liðinna ára verður að teljast rétt, að opinbert og vísindalegt eftirlit sé með þeim haft. Fiskideild atvinnudeildar háskólans er ætlað það hlutverk samkvæmt frumvarpi þessu. En telja má, að fullsannað sé á síðustu árum, að óviturlegt sé að viðhalda algeru banni gegn veiðum þessum. Fiskistofnar þeir, sem dragnótaveiðarnar taka til, þola sannanlega miklu meiri veiði en við Íslendingar höfum framkvæmt síðustu árin, og að áliti fjölmargra fiskimanna og einnig allra þeirra fiskifræðinga, er álit hafa látið í ljós um mál þetta, hníga rök að því, að leyfa beri takmarkaðar dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Haustið 1958 leitaði sjávarútvegsmálaráðuneytið álits Árna Friðrikssonar fiskifræðings og fiskideildar atvinnudeildar háskólans um það, hvort leyfa beri einhverjar dragnótaveiðar í landhelginni.

Í áliti Árna Friðrikssonar segir:

„... Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið."

Í áliti fiskideildarinnar segir:

„... Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna."

Báðir þessir aðilar benda þó á nauðsyn þess að takmarka leyfi til veiðanna við eðlilega nýtingu fiskistofnanna og að hamlað sé gegn því, að til ofveiði geti komið, og skal efni álitsgerðanna ekki rakið hér frekar, enda eru þær í heild prentaðar með greinargerð þessari sem fylgiskjöl.

Um dragnótaveiðar í landhelgi giltu lög nr. 45 frá 1937 allt fram til þess, er þau voru gerð óvirk með reglugerð ráðuneytisins nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland (reglugerðinni um 4 mílna fiskveiðitakmörkin), og síðar með reglugerðinni nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, er kom í hennar stað.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum sniðið eftir lögum nr. 45 frá 1937. Þó eru hér reistar nokkru meiri skorður við, að til hóflausra veiða geti komið.

Fylgiskjal I.

Umsögn um dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Varðandi bréf hins háa ráðuneytis, dags. 27. september 1958, þar sem óskað er álits míns á dragnótaveiðum í landhelgi Íslands, skal þetta tekið fram:

Þegar Faxaflóanefndin starfaði fyrir 20 árum, var safnað skýrslum um þann afla, er barst hraðfrystihúsunum frá dragnótabátaflotanum. Rétt fyrir styrjöldina, þegar dragnótaveiðar stóðu með sem mestum blóma (1938), bárust hraðfrystihúsunum nærri 4000 sml. af fiski á einu ári, og af því nam skarkoli yfir 40%, en næst kom þykkvalúra með rúmlega 15% af veiðinni. Þetta ár var samsetning dragnóta-

aflans eftir tegundum og landshlutum eins og sýnt er í 1. töflu, og sést þar, á hvaða tegundum veiðin byggðist við ýmsa hluta landsins.

Þegar enskir togarar hófu sókn á Íslandsmið 1892, hafa verið hér óhemju uppgrip af skarkola. Þessar nýju veiðar byggðust því nær einvörðungu á skarkola, nær því öllum öðrum fiski var hent í sjóinn aftur fyrst í stað. Því miður eru ekki til heimildir um veiðimagnið frá fyrstu árum togveiðanna, en í 2. töflu er sýnd heildarveiði af skarkola á Íslandsmiðum síðan 1906. Taflan gefur í skyn, að skarkolastofninn hefur ekki farið að láta undan fyrir alvöru fyrr en eftir 1907, þegar sótt hafði verið í hann hlífðarlaust í 15 ár, lengi framan af alveg upp í landsteina. Taflan sýnir einnig, svo að ekki verður um villzt, að þrátt fyrir það, að skarkolastofninn hefur verið ofveiddur hvað eftir annað, hefur hann einatt rétt sig upp að nýju, þegar lát hefur orðið á sókninni. Þessi staðreynd hefur sýnt sig ljóslega síðastliðin 50 ár í þrjú skipti: 1) eftir heimsstyrjöldina fyrri, 2) eftir síðari heimsstyrjöldina og 3) eftir að skarkolinn friðaðist við útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1952,

Árið 1957 veiddust 9603 smálestir af skarkola við Ísland (2. tafla). Þetta er meiri heildarveiði en nokkurt annað ár síðan 1906, að undanteknum þremur árum (1906, 1920 og 1949), þrátt fyrir það að **öll beztu kolamiðin voru ónytjuð 1957.**

Síðan fiskveiðamörkin voru færð út 1952, hefur skarkolastofninn aukizt stórlega, eins og sjá má af þessu. Aðrir fiskistofnar, sem dragnótaveiðar byggjast mjög á, hafa einnig aukizt mjög, eins og sýnt er í 3. töflu, þar sem gerður er samanburður á árunum eftir 1952 og árinu 1938. Það sýnir sig t. d., að 1957 veiddist meira en þrefalt af ýsu samanborið við 1938.

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, verður að mæla eindregið með því, að Íslendingum verði heimilað að beita dragnót í landhelgi. Eftir að fiskveiðalínan við Ísland hefur verið færð stórlega út á ný, er þess enginn kostur að ná til sumra verðmætustu fisktegundanna hér við land, svo að neinu nemi, nema með því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi. Eina markmiðið með fiskifriðun er að sjálfsögðu það að ná af fiskistofnunum sem mestum arði, en ekki hitt, að láta þá verða ellidauða. Þegar veiðast nær því 10000 smálestir af skarkola á ári, eins og nú er, — en það er meira en tvöfalt á við það, sem öllum hraðfrystihúsum á Íslandi barst af öllum fiski árið 1938, — þrátt fyrir það að öll beztu skarkolamiðin eru lokuð, hljóta nú að vera uppgrip af þessum fiski við strendur landsins. Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið.

Um notkun og skilgreiningu dragnótar vísast til reglugerðar, sem atvinnumálaráðuneytið gaf út 14. maí 1937. Vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur síðan um þol þeirra tegunda, sem dragnótaveiðar byggjast á, væri ráðlegt að stilla veiðunum í hóf og hafa samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélag Íslands um ýmis ákvæði. Ég tel þó, að möskvastærðin megi vera 120 mm, eins og hún er skilgreind í reglugerðinni, og lágmarksstærðir á fiski svipaðar og þar greinir. Veiðitími ætti að miðast við friðun skarkolans um hrygningartímann og verðgildi hans fyrir markaðinn á ýmsum tímum árs, en í samræmi við það mætti leyfa veiði frá 1. júní við S-, SV- og NV-landið, en frá 15. júní eða 1. júlí við N- og A-land. Lokamörkin mættu vera 30. nóvember.

Til þess að tryggja yngsta fiskinum friðland mætti banna veiðar í fjörðum, t. d. fyrir innan línu, þar sem fjörður eða vík er minna en 10 sjómílur á breidd.

Þar sem dragnótaveiðar eðli sínu samkvæmt eiga að vera lyftistöng smábátaútgerðar og iðjuvera víðs vegar í kauptúnum landsins, þyrfti þegar frá upphafi að stemma stigu við ofsókn og ofurkappi, er mættu verða til skemmdar. Við slíku mætti sporna með því að miða veiðarnar við leyfi, er væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát, og takmarka um leið stærð bátanna. Að því er staðbind-

inguna varðar gætu ýmsar markalínur komið til greina, til dæmis mætti skipta miðunum þannig:

1) Eystra-Horn—Reykjanes, 2) Reykjanes—Öndverðanes, 3) Öndverðanes—Bjargtangar, 4) Bjargtangar—Straumnes, 5) Straumnes—Langanes og 6) Langanes—Eystra-Horn. Hafa mætti smærri svæði, ef henta þætti, en aðalatriðið væri að miða staðbindinguna við það, að aðalmiðin hagnýttust sem bezt frá næstu iðjuverum í landi.

Það er eindregið álit mitt, að notkun dragnóta við Ísland miði til mikilla heilla fyrir land og lýð. Búast mætti þó við andstöðu úr ýmsum áttum eins og ávallt, þegar um stórmál er að ræða. Til þess að lægja mótbárur mætti ef til vill beita rökum þeim, sem færð eru fram í bæklingnum: Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin, Rvk. 1932.

Með sérstakri virðingu,

Árni Friðriksson.

Hellerup, 22. október 1958.

Til atvinnu- og sjávarútvegsmálaráðuneytisins,
Reykjavík.

1. tafla. Dragnótaafli Íslendinga til hraðfrystihúsa 1938, talinn í smálestum.

Eftir skýrslu Faxaflóa-nefndar.

Tegund	Suðvesturland	Faxafl.	Breiðafj.	Vestfirðir	Norðurland	Austfirðir	Samtals
Skarkoli	146.5	551.5	158.8	326.3	290.5	166.0	1639.6
Sandkoli	—	3.2	—	0.6	—	—	3.8
Þykkvalúra	435.4	201.4	4.1	2.2	9.5	1.1	653.7
Langlúra	102.0	36.2	—	2.8	1.4	—	142.4
Stórkjafta	20.6	14.7	—	0.1	2.3	0.1	37.8
Flyðra	24.1	59.0	8.2	15.7	24.7	3.6	135.3
Þorskur	16.6	662.1	88.5	34.1	64.1	—	865.4
Ýsa	29.9	234.3	4.8	27.6	19.5	—	316.1
Steinbítur	2.9	93.5	10.8	—	23.3	—	130.5
Skata og lóskata	2.4	48.9	1.4	3.1	2.3	—	58.1
Samtals	780.4	1904.8	276.6	412.5	437.6	170.8	3982.7

2. tafla. Heildar-ársveiði af skarkola við Ísland árin 1906—1957.

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1906	9836	1919	6803
1907	9075	1920	10368
1908	6747	1921	6014
1909	5522	1922	5872
1910	4934	1923	6266
1911	5552	1924	5697
1912	6733	1925	6301
1913	5565	1926	6526
1914	4205	1927	7881
1915	2506	1928	6455
1916	303	1929	6563
1917	41	1930	8278
1918	202	1931	8497

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1932	6398	1945	3290
1933	4642	1946	4366
1934	4670	1947	7237
1935	5337	1948	9310
1936	5149	1949	10572
1937	5567	1950	9172
1938	4150	1951	8439
1939	1998	1952	5578
1940	3647	1953	4693
1941	2799	1954	5663
1942	6023	1955	7733
1943	3458	1956	7888
1944	3227	1957	9603

Meðal-ársveiði 5 ára tímabila og áranna 1956—1957.

1906—10	7223	1936—40	4102
1911—15	4912	1941—45	3759
1916—20	3903	1946—50	8131
1921—25	6030	1951—55	6421
1926—30	7137	1956—57	8745
1931—35	5909		

3. *tafla. Heildarveiði við Ísland af kolategundunum, ýsu og steinbít árin 1938 og 1953—57, talin í smálestum.*

Eftir Bull. Stat.

Tegundir	1938	1953	1954	1955	1956	1957
Skarkoli	4150	4693	5663	7733	7888	9603
Sandkoli	626	498	497	469	469	536
Þykkvalúra	2257	1628	1605	1329	1484	2578
Langlúra	1166	594	778	775	782	1092
Stórkjafta	415	673	698	597	559	710
Ýsa	24948	53295	62056	64341	61898	76413
Steinbítur	10795	24041	15922	14681	17928	22337
Samtals	44357	85422	87219	89925	91008	113269

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 5. nóvember 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Umsögn fiskideildar um dragnótaveiðar í íslenzkri landhelgi.

Fiskideildinni hefur borizt bréf sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 27. sept. s. l., varðandi dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útfærsla landhelginnar 1952 hefur haft veruleg áhrif á fiskistofnana á grunnmiðum. Hefur fiskideildin haldið uppi kerfisbundnum athugunum á þessu atriði síðan 1952 og borið árangurinn af þeim athugunum saman við rannsóknir fyrri ára.

Í bréfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 16. nóv. 1956, gerði ég nokkra grein fyrir ástandinu fram að þeim tíma og sendi með bréfi því sem fylgiskjöl greinar um málið eftir Aðalstein Sigurðsson og undirritaðan.

Skal nú fyrst gerð nokkur grein fyrir ástandi þeirra tveggja tegunda, sem mesta þýðingu munu hafa í væntanlegri dragnótaveiði, en það eru ýsa og skarkoli.

Ýsa. Ýsan er sú tegund íslenzkra nytjafiska, er sýnt hefur einna greinilegust merki ofveiði. Einkenni ofveiði eru með ýmsu móti. Almennt er talið, að síminnkandi meðallengd tegundarinnar sé nokkuð öruggt merki, og sé samfara þessu minnkandi aflamagn miðað við sömu fyrirhöfn, t. d. 100 togtíma, þarf ekki frekar vitnanna við. Því miður eru fiskiskýrslur okkar ekki enn þá það fullkomnar, að við getum reiknað út aflamagn á 100 togtíma; verður því að notast við aflaskýrslur Breta um þetta atriði í því, sem á eftir fer.

Segja má, að ýsustofninn íslenzki hafi verið orðinn ofveiddur þegar fyrir fyrri heimsstyjöldina, og kemur það m. a. fram í því, að dagveiði Breta féll úr 12 vættum árið 1911 niður í 5 vættir árið 1914. Vegna friðunar fyrri heimsstyrjaldarinnar náði stofninn sér þó upp aftur, og var dagveiðin komin upp í 21.4 vætt árið 1919. Eftir það fór aftur að síga á ógæfuhliðina, og minnkaði aflinn ár frá ári og var 1937 kominn niður í 5 vættir á dag. Sé notazt við aflamagn á 100 togtíma, en það er sá mælikvarði, sem nú tíðkast, var veiði Breta 243 vættir árið 1922, en árið 1937 var hún komin niður í 71 vætt.

Síðari heimsstyrjöldin hafði sömu áhrif á stofninn og sú fyrri, og kom það fram í stóraukinni veiði Breta að stríðinu loknu. Árið 1946 var afl þeirra 358 vættir á 100 togtíma, en árið 1952 var hann kominn niður í 169 vættir. Þess má einnig geta, að samhliða þessari minnkun á aflamagni jókst mjög veiðihæfni brezku togaranna eins og þeirra íslenzku. Er því ekki fjarri lagi að ætla, að stofninn hafi verið kominn á sama stig 1952 og árið 1937.

Samkvæmt brezku fiskiskýrslunum fer aflamagnið á 100 klst. vaxandi eftir 1952, en þó hægt. Hin ólíkeillavænlega þróun veiðanna eftir stríð virðist þó greinilega vera stöðvuð, og eldri hluti stofnsins er smátt og smátt að rétta við.

Rannsóknir okkar á yngri hluta stofnsins, á uppeldisstöðvunum, hafa hins vegar leitt í ljós, að viðbragð hans var mjög svo líkt því, sem til var ætlazt.

Eftirfarandi tafla frá rannsóknunum í Faxaflóa sýnir greinilega áhrif friðunarinnar á ýsustofninn:

Ár	Meðallengd cm	Meðalþyngd kg	Fjöldi á togtíma	Kg á togtíma
1924—1948	31.4	0.33	257	85
1953	41.5	0.85	949	807
1954	51.3	1.62	644	1043
1955	49.4	1.44	417	601
1956	50.5	1.55	347	538
1957	40.4	0.77	1010	778

Áhrif friðunarinnar koma skýrt fram í aukningu meðallengdarinnar. Hver einstaklingur er orðinn stærri og verðmætari fiskur, þegar hann veiðist. Árið 1955 er meðalþyngd ýsunnar t. d. tæplega sjö sinnum meiri en meðalþyngdin á árunum 1924—1948. Samtímis þessu hefur fjöldinn á togtíma aukizt mjög, og var hann að meðaltali um níu sinnum meiri á árunum 1953—1957 en á tímabilinu 1924—1948.

Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna, að stofninn hefur rétt verulega við.

Í næstu töflu er sýnd þróun ýsuveiðanna á Íslandsmiðum eftir síðari heimsstyrjöldina.

Ár	Ísland	Heildarýsuveiði	Hlutur Íslands (%)
1937	4053	24680	16.4
1945	12104	–	–
1946	14120	–	–
1947	18601	32984	56.4
1948	24862	51905	47.9
1949	29264	66537	44.0
1950	27099	60373	44.9
1951	22173	54351	40.8
1952	15166	44952	33.7
1953	14954	53295	28.1
1954	21324	62056	34.4
1955	21703	64341	33.7
1956	22054	61898	35.6
1957	–	76413	–

Taflan sýnir í fyrsta lagi, hve mikla þýðingu friðun stríðsáranna hafði fyrir ýsustofninn, en hún sýnir einnig, að heildarveiðin og veiði Íslendinga dróst mjög saman eftir 1949. Eftir lokunina 1952 má segja, að stofninn hafi rétt mjög við, og árið 1957 náði heildaraflinn algeru hámarki, en þá voru árgangar þeir, sem notið hafa friðunarinnar, að koma í gagnið fyrir alvöru.

Árið 1937 var ýsuveiðin á Íslandsmiðum 10.5% af heildarýsuveiði Evrópu, en árið 1956 nam afli sá af ýsu, er fékkst við Ísland, 18.7% af heildarveiðinni. Sé sóknin á Íslandsmið mæld með samanlögðum ferðafjölda enskra og þýzkra togara, kemur í ljós, að 1937 var hann 4367 ferðir, en ekki nema 2432 árið 1956, eða um 56% af ferðunum 1937. Aukning heildaraflans er því ekki árangurinn af meiri heildarsókn, heldur er hér um að ræða stórlega aukningu sjálfs ýsustofnsins, þótt tekið sé tillit til aukinnar veiðihæfni togaranna og aukningar íslenzka fiskveiðiflotans.

Það, sem hér hefur verið sagt, er miðað við ástandið eins og það var með 4 mílna fiskveiðilandhelgi. Með fjarveru útlendinga frá svæðinu innan 12 mílna er mikið létt sókninni í þennan stofn, og má því segja, að hann sé ekki fullnytjaður eins og nú er.

Skarkoli. Skarkolastofninn við Ísland hefur löngum verið talinn eitt hinna sígildu dæma um ofveidda fiskistofna. Á árunum 1922 til 1937 féll veiði Breta úr 56 vættum í 18 vættir á 100 togtímum. Síðari heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á þennan fiskistofn, og má nefna, að árið 1947 var veiði Breta 83.6 vættir á 100 togtímum. En sagan endurtók sig fljótlega, og var svo komið árið 1953, að stofninn gaf einungis af sér 25.9 vættir á 100 togtímum. Áhrif friðunaraðgerðanna 1952 á stofn þennan eru stórkostleg. Árið 1954 jókst aflinn í 34 vættir á 100 togtíma, árið 1955 var hann kominn upp í 56 vættir, og 1956 var hann orðinn 61 vætt.

Áhrif friðunarinnar á stofninn í Faxaflóa koma skýrt fram í eftirfarandi töflu:

	1924—1948	1954—1957
Meðalfjöldi á togtíma	73.4	299.0
Lágmarksfjöldi á togtíma	19.8	197.0
Hámarksfjöldi á togtíma	155.6	395.1
Lágmarks-meðalstærð	25.0	36.1
Hámarks-meðalstærð	33.6	39.1
Meðal-meðalstærð	29.3	37.8
Meðalafli (kg) á togtíma	22.0	185.4

Tafla þessi talar sínu máli og þarf ekki mikilla skýringa við. Meðalaflinn á togtíma hefur aukizt 8.4 sinnum, og liggja aðallega til þess tvær orsakir. Fjöldinn hefur aukizt meira en þrefalt, en auk þess er meðalstærð fisksins orðin 8.5 cm hærri.

Meðalþyngd einstaklinganna í veiðinni var 300 grömm á fyrra tímabilinu, en var orðin 620 grömm á seinna tímabilinu.

Merkingar í Faxaflóa hafa greinilega sýnt, að skarkolinn leitar út úr flóanum, þegar hann hefur náð ákveðnum þroska, og er mjög náið samband á milli aukningarinnar í veiði Breta og magnsins af fiski í Faxaflóa.

Næsta tafla sýnir þróun skarkolaveiðanna við Ísland eftir styrjöldina.

Það er greinilegt, að friðun stríðsáranna hefur haft mikil áhrif á heildarveiðina eftir stríð. Á stríðsárunum sóttu Íslendingar svo til einir í þennan stofn. Á árunum 1941—45 var árleg meðalveiði 3759 tonn, og þá veiði virðist stofninn vel hafa þolað. Árleg meðalveiði á árunum 1930—1937 var hins vegar 6067 tonn, en þá veiði þoldi stofninn ekki.

Ár	Ísland	Heildarveiði	Hlutur Íslands (%)
1937	1565	5567	28.1
1945	3193	3290	97.1
1946	2638	4366	60.4
1947	3363	7237	46.5
1948	4730	9310	50.8
1949	5334	10572	50.0
1950	3834	9172	41.8
1951	4183	8439	49.6
1952	1457	5578	26.1
1953	350	4653	7.5
1954	289	5663	5.1
1955	259	7733	3.3
1956	515	7888	6.5
1957	–	9603	–

Árleg meðalveiði á tímabilinu 1947—1952 var 8385 tonn, og það álag þoldi stofninn greinilega ekki. Þó ber að geta þess, að á þessu tímabili fór veiðin að verulega leyti fram á grunnmiðum og voru aðaluppeldisstöðvar skarkolans ákaft nýttar.

Á tímabilinu 1953—1957 var árleg meðalveiði 7116 tonn, og virðist stofninn hafa þolað það, því að veiðin jókst allt tímabilið. En nú beindist sóknin að eldri hluta stofnsins, sem heldur sig utan 4 mílna markanna, en uppeldisstöðvarnar voru ekkert snertar. Mestur hluti heildarveiðinnar fellur á Breta, t. d. 86% árið 1956, en hlutur Íslendinga er hins vegar mjög naumur, eins og taflan að framan ber með sér. Fram að 1952 tóku Íslendingar um helming heildaraflans, en eftir það hefur hlutur okkar verið frá 3.3% í 7.5% heildaraflans.

Fjarvera útlendra veiðiskipa á öllu svæðinu innan 12 mílna léttir mjög sóknina á skarkolastofninum, því að mestur hluti veiðinnar hefur farið fram á þessu svæði.

Af því, sem að framan er sagt, verður að mæla eindregið með því, að ýsu- og skarkolastofnarnir verði betur nýttir af Íslendinga hálfu en gert hefur verið undanfarin ár. Stofnarnir hafa rétt svo við, að skynsamleg nýting þeirra er orðin aðkallandi. Hófleg veiði gerir meira gagn en engin eða of lítil veiði. Markmið friðunaraðgerða okkar er vitaskuld, að stofnarnir gefi af sér hámarksarð.

Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna. En það er rétt að fara að öllu með gát, og skal því hér á eftir minnzt á það helzta, sem máli skiptir um framkvæmd veiðanna.

Möskvastærð. Af rannsóknum undanfarinna ára er vitað, að dragnót hlífir heldur betur ungviðinu en botnvarpan, að öllu öðru jöfnu. Þess vegna er gert ráð fyrir 100 mm möskvastærð í dragnót í samningunum frá 1946 um möskvastærð við Ísland, en 110 mm í botnvörpu.

Mér virðist þó 100 mm möskvi of smár fyrir dragnót; 120 mm er nær sanni. Auking möskvastærðarinnar er ákaflega þýðingarmikil til friðunar ungviðisins, en hæfni hinna einstöku fisktegunda til þess að smjúga möskvann er mjög mismunandi. Skarkolinn er t. d. miklu breiðari en ýsan, og á hann því tiltölulega erfiðara að smjúga möskvann en hún.

Kjörlengd er nefnd sú lengd fisksins, þar sem 50% sleppur út um möskvann og 50% verður eftir í pokanum, og sé þessi lengd þekkt fyrir ákveðna möskvastærð, er hægt að reikna hana út fyrir hvaða aðra möskvastærð sem vera skal. Skal hér sýnd kjörlengd ýsu og skarkola með þeim möskvastærðum, sem til greina koma.

Möskvastærð	Kjörlengd í cm Ýsa	Kjörlengd í cm Skarkoli
100	39.0	22.0
110	42.9	24.2
120	46.8	26.4
130	50.7	28.6
140	54.6	30.8

Með 120 mm möskvastærð mundi allmikið af 5 ára ýsu og allt yngra sleppa. Má það teljast allgott frá fiskifræðilegu sjónarmiði.

Skarkolinn hefur ekki sama gagn af möskvastærðinni og ýsan, eins og taflan sýnir ljóslega. Með 120 mm möskva sleppur meginhluti þriggja ára fisks, en ekkert af honum er orðið kynþroska.

Til þess að draga úr sókninni í smákolann þykir rétt að leggja til, að **lágmarksstærð** hans verði aukin úr 25 cm í 30 cm og verði gengið ríkt eftir, að því ákvæði verði hlýtt. Þyrfti reyndar að taka ákvæðin um lágmarksstærð annarra tegunda til athugunar líka.

Með hliðsjón af reynslu okkar um skarkolaveiðina verður að teljast mjög æskilegt, að **heildarveiðinni** verði haldið undir ákveðnu marki. Það er að vísu erfitt að segja nákvæmlega fyrir um, hver heildarveiðin megi vera, en betra er að setja hana of lágt en of hátt. Eins og að framan getur, þoldi stofninn ekki, að tekið væri úr honum að meðaltali rúm 8 þúsund tonn árlega eftir síðustu heimsstyrjöld. Hinar væntanlegu dragnótaveiðar munu aðallega verða stundaðar á grunnmiðum, fjörðum og flóum og munu því án efa taka meira af ungfiskinum en nú er gert. Við verðum því að miða takmarkanir okkar við ástandið fyrir 1952. Mætti setja heildarmagnið 5 þús. tonn, og er þá miðað við, að taka muni fyrir skarkolaveiði útlendinga að mestu. Yrði að breyta þessari tölu, ef reynsla næstu ára gefur tilefni til.

Ekki er ástæða til að takmarka heildarveiði annarra tegunda að svo stöddu, því að eins og að framan greinir munu bolfiskar, svo sem ýsa og þorskur, njóta betur aukinnar möskvastærðar.

Nákvæmar tölur um skiptingu aflans eftir veiðisvæðum eru ekki til, en samkvæmt tölum úr „Ægi“ um aðkeypt magn til hraðfrystihúsanna á árunum 1948—50 skiptist skarkolamagnið þannig á landsfjórðunga: Sunnlendingafjórðungur 46%, Vestfirðingafjórðungur 29.2%, Norðlendingafjórðungur 10.5% og Austfirðingafjórðungur 14.3%. Mætti notast við tölur þessar um skiptingu aflamagnsins eftir svæðum, ef skömmtun slík yrði talin nauðsynleg.

Veiðitímann ætti að miða við það, sem vitað er um göngur og hrygningu skarkolans. Þegar líður á sumarið, fer stærsti kolinn, sá sem orðinn er kynþroska, að leita út að hrygningarstöðvunum, sem hér við land eru aðallega á 75—100 metra dýpi. Yngri og óþroska fiskur leitar líka að haustinu út á við frá ströndinni, en þó ekki eins djúpt og fullorðni fiskurinn. Vegna þessara hreyfinga fisksins verður álagið á unga fiskinn á grunnmiðunum því meira sem líður á haustið og veturinn. Göngur þessar munu byrja í september, og benda merkingartilraunir við Vestfirði til þess, að mikið af skarkola í fjörðunum þar sé komið á djúpmið í október. Að

vorinu gengur kolinn til baka, og samkvæmt athugunum í Faxaflóa munu þær göngur að mestu um garð gengnar í lok maí. Miðað við þetta væri æskilegt að banna dragnótaveiðar frá 1. október til 1. júní næsta ár á eftir. Hér er ef til vill tekið fullmikið tillit til skarkolans, og væri hugsanlegt að framlengja veiðitímabilið til 1. nóvember, svo að tekið væri tillit til annarra tegunda, sem bera uppi veiðina.

Hinar fyrirhuguðu dragnótaveiðar eiga fyrst og fremst að vera lyftistöng fyrir smábátaútgerð og fiskiðjuver í dreifbýlinu, og þarf því að tryggja sem réttlátasta skiptingu aflans. Þetta er hægt að gera með því að miða veiðarnar við leyfi, sem bæði væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát. Þyrfti samráð um slíkt við Fiskifélag Íslands.

Hægt væri að miða veiðileyfi við ákveðna stærð skipa, t. d. undir 35 tonn.

Leggja skal blátt bann við, að dragnót verði notuð sem botnvarpa, þ. e. dregin eftir skipinu á ferð, og tryggja verður, að ákvæðin um möskvastærð verði haldin.

Það kemur einnig til greina að friða algerlega ákveðin svæði til verndar yngsta fiskinum.

Okkur Íslendingum ber að sjá sóma okkar í því að ofnýta ekki þessa fiskistofna, og verður ekki fylgzt að gagni með stofnunum, nema veiðileyfi verði bundin við ýtarlegar aflaskýrslur, sem semja skal í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideildina.

Með sérstakri virðingu,

Jón Jónsson, deildarstjóri.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um kaup á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hentugt skip til síldarrannsókna og síldarleitar. Verði skipið útbúið nauðsynlegum leitartækjum, rannsóknartækjum og útbúnaði til síldveiðitilrauna og afhent fiskideild atvinnudeildar háskólans til eignar og starfrækslu.

Unnið verði að því, að skipið verði tilbúið fyrir næstu sumarvertíð.

Greinargerð.

Það er samdóma álit sjómanna og útgerðarmanna, að síldarleitin hafi fært þjóðarbúinu og sjómannastéttinni sérstaklega stórhagnað á undanförnum árum. Þó hefur aðbúnaður þeirra, sem að síldarleit á sjó starfa, verið mjög ófullkominn, og ræður þar mestu um, að fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem fer með stjórn þessarar starfsemi, hefur aldrei haft eigið rannsóknarskip til umráða, heldur orðið að leigja skip frá ári til árs til þessa.

Þetta var þó viðunandi fyrirkomulag, meðan varðskipið Ægir fékkst leigt til síldarleitar eingöngu, en eftir að fiskveiðilandhelgi Íslands var færð út í 12 sjómílur 1. sept. 1958, jukust annir landhelgisgæzlunnar stórlega, og svo fór s. l. sumar, að Ægir fékkst ekki leigður til síldarleitar sérstaklega, heldur varð hann að sinna gæzlustörfum og hjálparstörfum jafnframt. Leiddi það til mikilla erfiðleika fyrir starfsfólk síldarleitarinnar, sem á s. l. sumri varð þrisvar að hrekjast af Ægi yfir á Albert, þar sem engin skilyrði eru til rannsókna og leitartæki mjög ófullnægjandi.

Síld og síldarafurðir eru einn stærsti liðurinn í útflutningi landsmanna. Síldveiðar eru þó ekki stundaðar almennt nema nokkra mánuði úr ári hverju, en stefna verður hiklaust að því að veiða síld allt árið.

Ný tækni og nýjar veiðiaðferðir gera það mögulegt að stunda síldveiðar fjær landi en nú er gert og við verri veðurskilyrði, og vitað er, að síldin heldur sig í hafinu umhverfis landið allt árið. Því er nauðsynlegt að finna verustaði hennar og þekkja betur göngu hennar. Síldarleit utan aðalannatímabilsins frá apríl—september er því óhjákvæmileg.

Síldveiðar við Suður- og Vesturland, þar sem veðurskilyrði eru oft ákaflega erfið, hafa aukizt mjög síðasta áratuginn og munu eiga mikla framtíð fyrir sér. Reynsla s. l. sumars bendir og til þess, að síldveiðisvæðið út af Austfjörðum geti orðið mjög þýðingarmikið. Við erfið veðurskilyrði er rétt staðsetning flotans mjög mikilvæg, en skipuleg síldarleit er eina ráðið til, að svo megi verða.

Á undanförnum árum hafa bátar verið leigðir til þess að annast leit utan sumarvertíðar, en erfiðlega hefur gengið að samræma það heildaráætlun um síldarleit, þar eð bátar þessir hafa oft verið vanbúnir tækjum og mannaskipti tíð á þeim.

Þrátt fyrir þessa annmarka hefur mikið gagn orðið að leit þessari fyrir síldarflotann, og allt bendir til þess, að hún fái stóraukna þýðingu í framtíðinni af eftirgreindum ástæðum:

1. Nýjar veiðiaðferðir skapa brýna þörf fyrir skipulagða síldarleit á sjó, því að þær gera mögulegt að ná síldinni, þótt hún komi ekki upp á yfirborð sjávarins (vaði ekki).
2. Aðkallandi er að lengja veiðitímann stórlega, svo að hin dýru skip og tæki nýtist sem bezt og framleiðslan aukist. Þetta er óframkvæmanlegt að dómi fróðra manna, nema sérstakt síldarrannsóknarskip verði til taks.
3. Samhliða síldarleit á slíku skipi mætti gera veiðitilraunir, tilraunir með ný leitartæki og margvíslegar rannsóknir og afla veiðiflotanum þannig ómetanlegra upplýsinga um skilyrði og aðferðir til veiða, auk þess sem upplýsinga yrði aflað um verustaði síldarinnar.

Það er ekkert efamál, að þeim fjármunum, sem hið opinbera kann að verja í þessu skyni, er skynsamlega varið. Þá er það heldur ekki vansalaust fyrir Íslendinga, sem jafnmikið eiga undir sjávarafla komið og raun ber vitni um, að búa illa að rannsóknarstarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Í því felst mikil skammsýni.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1960 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 70/1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1960 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda

eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Á árinu 1960 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1960 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1960.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A.- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	27	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1960 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu ákvæða, sem eru í lögum nr. 66/1958.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1960 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1959, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1960, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1960, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1960 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu ákvæða um sama efni, sem nú eru í lögum nr. 65/1958.

Sþ. 11. Fyrirspurnir. [11. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántöku í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hvað hefur verið tekið mikið af fyrirhuguðu sex milljón dollara láni í Bandaríkjunum?
2. Hvernig hefur því lánsfé verið varið, sem búið er að taka á móti?

II. Til ríkisstjórnarinnar um vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikil vörukaupalán (P. L. 480) hafa nú verið tekin samtals í Bandaríkjunum?
2. Til hvaða framkvæmda hefur sá hluti lánsfjárins runnið, sem gengur til útlána hér innanlands?
3. Hvað er áætlað, að þessi vörukaupalán muni nema miklu til ársloka og á næsta ári?

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um fjáröflun til byggingarsjóða.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Garðar Halldórsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega nú þegar Byggingarsjóði ríkisins það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum, og komi a. m. k. helmingur þeirrar upphæðar til úthlutunar fyrir næstu áramót; enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé til þess, að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Byggingarsjóður ríkisins og byggingarsjóður Búnaðarbankans búa nú við hinn mesta fjárskort, og veldur það fjölmörgum húsbyggjendum hinum verstu erfiðleikum. Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er stefnt að því, að strax verði leyst úr hinum brýnustu þörfum í þessum efnum.

Í tillögunni er ekki bent á ákveðnar leiðir til fjáröflunar, en þar getur verið um ýmsar leiðir að velja, eins og framsóknarmenn hafa áður bent á í tillögum sínum. Rétt þykir að þessu sinni að láta ríkisstjórninni það eftir að velja hér þær leiðir, sem hún telur heppilegastar og framkvæmanlegastar, enda á hún að hafa hina beztu aðstöðu til að meta það.

Jafnhliða því, sem fjármagns er aflað fyrir áðurnefnda byggingarsjóði til að bæta úr brýnustu þörfum, þarf að tryggja þeim aukna fjáröflun til frambúðar, og verða síðar fluttar tillögur um það.

Nánar í framsögu.

Nd. **13. Frumvarp til laga** [13. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, er þingflokkarnir tilnefni hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að

nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun.

Á næstu árum eftir samþykkt frv. í þessari mynd gerðust svo þau tíðindi, að tveir forustumenn Framsóknarflokksins, þeir Hermann Jónasson, er þá var um nokkurt skeið landbúnaðarráðherra, og Eysteinn Jónsson, er löngum var fjármálaráðherra, tóku að lýsa yfir því úr ráðherrastóli á Alþingi, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum stæði í lögunum, að hún væri sjálfseignarstofnun. Var þessum yfirlýsingum strax harðlega mótmælt og átalið, að ráðherrar væru að reyna að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi, er bakað gætu ríkinu stórtjón.

Áburðarverksmiðjan mun hafa kostað um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutaféð 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga ⅖ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Ef hlutafélagið á nú að fá eignarrétt verksmiðjunnar samkvæmt yfirlýsingum ráðherranna, í stað þess að fylgt verði ákvæðum 3. gr. laganna um, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, þá þýðir það, að þeir hluthafar, sem eiga 4 millj. kr. hlutafé á móti ríkinu, eiga að þessum 20 árum liðnum ⅖ hluta fyrirtækisins, þegar skuldir eru greiddar, og mundu þá þessir ⅖ hlutar nema að verðgildi 52 millj. kr., miðað við sama peningagildi og var, er verksmiðjan var fullbyggð. Það þýðir að eignast 2.4 millj. kr. verðgildi á ári í fyrirtækinu, auk þess sem lögin heimila þeim að taka 6% í arð af hlutafé sínu.

Þá má enn fremur minna á þá yfirlýsingu, sem núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í Áburðarverksmiðjunni síðar meir. Verði horfið að því ráði, verður verksmiðjan öll afhent einkaaðilum á sama hátt.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætlað var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Ég hef áður flutt frv. um þetta mál og flyt það nú í nokkuð nýrri mynd, og skulu ástæður til þess skýrðar nánar í framsögu.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Af láni því, sem ríkisstjórninni er heimilt að taka samkv. LVIII. tölul. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959, og tilheyrandi yfirfærslubótum skal endurlána 22 milljónir króna til hafnarframkvæmda auk þeirra 28 millj. króna, sem þegar hefur verið skipt milli einstakra hafna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán erlendis að upphæð allt að tveim milljónum dollara eða jafngildi þeirra í annarri erlendri mynt.

3. gr.

Fé það, er tekið verður að láni samkv. 2. gr., skal, að viðbættum yfirfærslubótum, endurlána til hafnarframkvæmda.

4. gr.

Fjórir menn, einn tilnefndur af hverjum þingflokki, skipta, að fengnum tillögum vitamálastjóra, fé því, er endurlánað verður samkv. 2. og 3. gr., milli einstakra hafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með ákvæði í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstjórninni heimilað að taka erlent lán, sem næmi, að viðbættum yfirfærslubótum, um 150 millj. ísl. króna. Fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd lögðu til, að 50 millj. af þessu fé yrðu endurlánaðar til hafnarframkvæmda. Sú tillaga náði ekki fram að ganga á Alþingi, en samþykkt var að endurlána til hafnarframkvæmda 28 millj. króna. Þessari upphæð var í júlímánuði s. l. skipt milli 19 hafna, að frádregnum 500 þús. kr., sem vitamálaskrifstofunni voru ætlaðar til áhaldakaupa. Ekki mun enn vera búið að ganga til fulls frá hinni heimiluðu lántöku, en sumar hafnir munu þó hafa fengið það, sem þeim var lofað, og hinar fá það væntanlega á árinu 1960.

Á sumarþinginu var af hálfu Framsóknarflokksins flutt sérstakt frumvarp þess efnis, að hluti hafnanna af fjárlagaláninu yrði 50 milljónir í stað 28 millj. Frumvarpið varð ekki útrætt, en efni þess er tekið upp í 1. gr. þess frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Þar að auki er í þessu frumvarpi lagt til, að veitt verði heimild til að taka viðbótarlán erlendis, sem að viðbættum yfirfærslubótum mundi nema um 50 millj. kr., og að sú upphæð verði einnig endurlánuð til hafnarframkvæmda. Ekki er ætlazt til, að lán það, sem nú mun vera í ráði að taka vegna Þorlákshafnar, sé innifalið í þessari upphæð, enda mun fyrir þeirri lántöku séð á annan hátt.

Samkvæmt fjárlagaheimildinni og þessu frumvarpi, ef að lögum verður, yrði þá hægt að endurlána hafnarsjóðum samtals um 100 millj. kr. af erlendu lánsfé, þegar yfirfærslubætur eru meðreiknaðar, sem sjálfsagt er. Ef gert er ráð fyrir, að þetta lánsfé yrði notað á 2—3 árum og að framlög ríkissjóðs til hafnargerða yrðu svipuð eða hærri en á s. l. ári, næmu þau á þessum tíma a. m. k. 30—45 millj. kr. Að viðbættu því fé, sem ætla má að hafnarsjóðir gætu lagt fram með lántökum

innanlands eða á annan hátt, og að viðbættu Þorlákshafnarláninu yrði þá væntanlega hægt að gera nokkurt átak í hafnarframkvæmdum á þessum tíma.

Þörfin fyrir hafnarbætur er nú víða í sjávarplássum landsins mjög brýn. Framtíð margra þessara staða er að verulegu leyti og sums staðar fyrst og fremst undir því komin, að ekki dragist lengi úr þessu að skapa þar þau hafnarskilyrði, sem til þess þarf, að fiskibátar og fiskiskip, sem bezt henta á hverjum stað, geti athafnað sig þar eftir þörfum og notið þar öryggis og að hægt sé að afgreiða þar á viðunandi hátt vöruflutningaskip, sem eðlilegt er að hafi þar viðkomu. Sums staðar getur verið hætta á, að mannvirki liggi undir skemmdum, ef ekki er hægt að halda verki áfram. Þá er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að hafnarmannvirki, sem vegna fjárskorts verður að vinna að í litlum áföngum, verða af þeim sökum oft mun dýrari en vera þyrfti, ef hægt væri að vinna meira í hvert sinn. Þetta verður augljóst, þegar flytja þarf dýr tæki milli staða með ærnum kostnaði. Skiptir miklu, að slík tæki geti verið sem lengst í einu á hverjum stað til þess að gera flutningskostnaðinn sem minnstan hlutfallslega. Fjárskortur hefur það líka stundum í för með sér, að vinna verður verkið með úreltum aðferðum eða lélegum tækjum.

Árlega eru nú í fjárlögum veitt fjárframlög til nálega 60 hafna víðs vegar um land. Í flestum þessara hafna — og raunar fleiri — er áætluðum framkvæmdum ólokið, og sums staðar eru þær á byrjunarstigi. Gefur þetta út af fyrir sig nokkra hugmynd um þau verkefni, sem fram undan eru. Atvinnutækjanefnd gerði fyrir nokkru áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir á 46 stöðum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, en þær framkvæmdir, sem þar var fjallað um, hefðu, miðað við verðlag 1956—57, lauslega áætlað, kostað um 113 millj. kr. Framkvæmdakostnaður hefur hækkað til muna síðan. Og á Suðurlandi eru mörg hinna kostnaðarsömustu verkefna, sem krefjast úrlausnar á næstu árum.

Hið innlenda fjármagn er takmarkað, og þess er vissulega þörf á mörgum sviðum. Hafnarframkvæmdum verður naumast sinnt, svo að viðunandi sé, fyrst um sinn, nema erlent fjármagn komi til í stærri stíl en verið hefur til þessa. Og þar sem þessar framkvæmdir eru eitt af höfuðskilyrðum þess, að aukin verði framleiðsla og gjaldeyrisöflun í byggðum landsins, virðist fyllilega réttlætanlegt að taka nokkurt fé að láni erlendis til þeirra. Þar eins og annars staðar verður að sjálfsögðu að gæta hófs, og verður að telja, að það sé gert, þó að frumvarp það verði að lögum, sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt fyrirmælum Alþingis er nú unnið að gerð 10 ára áætlunar um hafnargerðir hér á landi. Munu þá enn skýrast þau viðfangsefni, sem við þarf að fást á þessu sviði á komandi tímum.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal árlega fé úr ríkissjóði til endurnýjunar á þeim ræktunarvélum og tækjum, er notið hafa framlags skv. lögum þessum, sbr. þó 8. gr.

Framlag til endurnýjunar hverrar vélar eða tækis skal nema helmingi kostnaðarverðs hinnar nýju vélar eða tækis, að frádregnu því framlagi, er veitt var til hinnar fyrndu vélar eða tækis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 26 8. maí 1955.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, var lögð undirstaða að því að byggja upp véla- og verkfærakost landbúnaðarins til nýræktar með framlögum til kaupa á jarðvinnsluvélum og tækjum. Námu framlög þessi hálfu kostnaðarverði véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað. Til þess að standa undir kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd laganna var þegar í upphafi ákveðið að verja kr. 3 000 000.00 úr framkvæmdasjóði ríkisins (l. nr. 55 4. júlí 1942), en í árslok 1949 var þessi upphæð nær til þurrðar gengin, og hefur síðan verið tekin inn á fjárlög fjárveiting, svo sem hér greinir:

Árið	1950	1 000 000.00 kr.
—	1951	500 000.00 —
—	1952	500 000.00 —
—	1953	500 000.00 —
—	1954	600 000.00 —
—	1955	600 000.00 —
—	1956	2 000 000.00 —
—	1957	2 000 000.00 —
—	1958	2 000 000.00 —

Árin 1950—1958 samtals 9 700 000.00 kr. á fjárlögum.

Alls hefur því ríkissjóður tryggt fjármagn að upphæð 12.7 millj. kr. til framlags til véla- og verkfærakaupa ræktunarsambanda og félaga skv. lögunum um jarðræktarsamþykktir í sveitum.

Framlagi ríkissjóðs hefur verið varið til kaupa á eftirtöldum vélum, sem skiptist þannig eftir árum:

	Beltavélar			Aðrar		
	30 he.	40 he.	60 he.	beltavélar	Traktorar	Skurðgröfur
1945 1949	28	26	7	15	25	5
1950	2	13	5		2	4
1951	2	1	1		1	
1952	1	2			5	
1953		1				
1954		3	5			
1955		8	7			
1956		5	10			
1957		3	3			
1958		1				
1959	1	1	2			
1945—1959	34	64	40	15	33	9

Yfirlit þetta sýnir líka, hvaða þróun hefur átt sér stað í vélakaupum á því tímabili, sem lögin hafa verið í gildi. Á fyrstu 5 árunum er um 47% keypt af beltavélum af minnstu gerð (30 he.), en 53% af stærri gerðunum.

Ef tilsvarandi samanburður er gerður á síðasta 5 ára tímabili, kemur í ljós, að rúmlega 2% er keypt af minnstu gerð beltavélanna, en tæp 98% af þeim stærri, og enn fremur, að meiri eftirspurn og kaup eru þá á beltavélum 60—80 hestafla en 40—50 he. Þegar um endurnýjun vélakostsins verður að ræða, mun þetta koma greinilegar í ljós, en stefnan í þessum málum er ótvíræð.

Á yfirlitsskýrslunni er liðurinn „aðrar beltavélar". Er þar um að ræða jarðýtur af gerðinni Cletrac, sem reyndust það illa til jarðvinnslu, að við endurskoðun áætlunar um véla- og verkfærakost ræktunarsambanda og félaga á árinu 1954 var þeim félögum, sem enn voru að baslast með þessar vélar, veitt heimild til kaupa á nýjum vélum í þeirra stað með fullu framlagi úr ríkissjóði.

Af yfirlitsskýrslunni má enn fremur sjá, að eftir árið 1952 hefur ekki verið veitt framlag til kaupa á hjóladráttarvélum og framlög til skurðgröfukaupa eru niður felld á árinu 1950.

Allt útlit er fyrir, að um næstu áramót verði lokið þeim kaupum á vélum og verkfærum, sem styrkja ber skv. lögum um jarðræktarsamþykktir, og er því ekki úr vegi að athuga, hvað áunnizt hefur og hverjar muni vera framtíðarhorfur í þessum málum.

Ef litið er á nýræktina, sést, að hún hefur vaxið jafnt og þétt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Ár	Nýrækt ha.
1945	1162
1949	1296
1954	2545
1958	3855

Samfara aukningunni í ræktun hefur verið lögð áherzla á betri ræktun, sem ætti að tryggja meiri endingu hins ræktaða lands, en þetta hefur aðeins verið framkvæmanlegt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti.

Með lögunum um jarðræktarsamþykktir var lagður grundvöllur að véla- og verkfærakosti, sem með hæfilegri fyrningu átti að geta endurnýjað sig sjálfur, svo sem líka hefði verið, ef hið sírýrða verðgildi íslenzkra peninga hefði ekki átt sér stað. Dæmið er hvað ljósast, ef athugaðar eru þær breytingar á verðlagi, sem átt hafa sér stað á tímabilinu og eiga við beltavél af miðlungsstærð:

Ár	Kostnaðarverð kr.	Hlutföll
1945	43 500.00	100
1947	46 000.00	106
1949	65 000.00	150
1950	136 000.00	313
1951	183 000.00	421
1955	184 000.00	423
1956	226 000.00	520
1957	282 000.00	648
1959	385 000.00	885

Af yfirliti þessu um verðbreytinguna er ljóst, að fyrningarsjóðir ræktunarsambanda og félaga hrökkva skammt, þegar til endurnýjunar kemur, hvað þá heldur þegar við bætist, að sá vélakostur, sem upphaflega var valinn, voru vélar af minnstu gerð, en við endurnýjun er óskað eftir stærri gerðum.

Með núverandi verðlagi kostar beltavél af stærstu gerð með ýtu um 600 þús. kr., og tilheyrandi jarðvinnsluverkfæri ásamt flutningavagni kosta um 80—90 þús. kr.

Ef viðhalda á þeirri þróun, sem verið hefur í ræktun jarðar á síðari árum, er nauðsynlegt að styrkja ræktunarsambönd og félög áfram til þess að endurnýja véla- og verkfærakost sinn, því að af eigin rammleik geta þau það ekki.

Sú leið, sem valin er með breytingu á 9. gr. l. nr. 7 12. jan. 1945, þykir réttmæt og eðlileg.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Til febrúarloka 1960 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga 1959 öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Augljóst er að eigi verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1960 fyrir næstu áramót, er því nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem felst í frv. þessu.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður. Lögin hafa verið framlengd árlega að undanförnu, en með þessu frv. er farið fram á ótímabundna heimild.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um flugsamgöngur við Siglufjörð.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Þorsteinsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.

Greinargerð.

Um 15 ára skeið hefur verið haldið uppi flugsamgöngum við Siglufjörð með sjóflugvélum, enda er enginn flugvöllur þar. Ærið hafa þó flugferðir til kaupstaðarins verið stopular og lítt á þeim byggjandi, einkum yfir vetrarmánuðina, vegna óhagstæðs veðurs og þó oftar vegna sjávargangs og ísreks á firðinum, þótt veður sé annars stillt og bjart. Nú um allmörg ár hefur Flugfélag Íslands annazt flugferðir milli Siglufjarðar og Reykjavíkur með svonefndum Catalina-flugbátum, sem eru allstórar flugvélar og hafa gefizt vel hér á landi. Hins vegar er nú svo komið, að sú eina sjóflugvél, sem Flugfélag Íslands á eftir af þessari gerð, er að verða ónothæf, og eru því horfur á, að flugsamgöngur við Siglufjörð og aðra þá staði á landinu, sem sjóflugvélar hafa annazt flug til, leggist með öllu niður nú næstu mánuðina, ef ekkert verður að gert. Væri slíkt flugsamgönguleysi við Siglufjörð í meira lagi bagalegt og raunar hættulegt yfir sumarmánuðina, en segja má, að þá sé líftaug þjóðarinnar að miklu leyti bundin við síldveiðarnar og þá fyrst og fremst Siglufjörð. Ekki treysta flutningsmenn þessarar tillögu sér til að leiða getur að því, með hvaða hætti flugsamgöngur við Siglufjörð verði helzt tryggðar, en telja þó að lauslega athuguðu máli, að það verði tæplega gert nema með því að gera þar flugvöll, sem nothæfur væri fyrir meðalstórar landflugvélar eða fyrir smærri flugvélar, sem önnuðust selflutninga milli Siglufjarðar og þeirra nágrannastaða, þar sem fyrir eru stórir flugvellir, þ. e. Akureyrar og Sauðárkróks. Aðalatriðið er í augum flutningsmanna, að komið verði í veg fyrir, að flugsamgöngur við Siglufjörð leggist með öllu niður til óbætanlegs tjóns fyrir íbúa kaupstaðarins og þjóðina í heild, en ekki hitt, með hvaða hætti þessari hættu verði afstýrt.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist áætlunarráð ríkisins.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir um eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðarþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlununum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

Áætlunarráðinu ber hins vegar ætíð að hafa heildarhagsmuni þjóðfélagsins fyrir augum og gæta þess, að í öllum áætlunum þess sé fullt samræmi, svo sem bezt fullnægir þeim tilgangi, er því ber að vinna að. Er ráðið því alls ekki bundið við tillögur hvers ráðuneytis í áætlunum sínum.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtingu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Þegar ríkisstjórnin hefur staðfest slíkar áætlanir, er það síðan verkefni hennar, hinna einstöku ráðuneyta, seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar, að sjá um framkvæmdina á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðað.

8. gr.

Áætlunarráði er heimilt að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða — og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Þá skal og fela áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur um áætlanir í fjárfestingarmálum, ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum o. s. frv.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þess ástands, sem þau nú eru í, einkum því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins, — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálunum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust. Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting“ gjaldeyrisins hefur staðið síðan. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni“ hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hags-

muni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta“ gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun“ hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu **eftir nákvæmri áætlun**, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni visindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, **hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn**, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.“

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka“, ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin“ á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki“ útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun“ atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði

aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif amerískrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd hefur þó enginn árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug hefur verið búið við það millibilsástand, að ríkið tekur að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyðist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hefur lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn býður. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins", ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni."

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvort tveggja var svikið. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil."

Vorið 1957 lagði ég til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það höfuðáherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

Nú stendur þjóð vor enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hefur tekizt, fyrir verk Alþýðubandalagsins í vinstristjórnarsamvinnunni, að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir standa nú. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þarf að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Af 4900 millj. kr. framleiðslutekjum þjóðarinnar er á árinu 1957 varið 1600 millj. kr. til fjárfestingar, og 700 millj. kr. fara til rekstrar ríkis og bæja. Aðeins 2600 millj. kr. voru eftir til neyzlu landsmanna. Það er lægra hlutfall en víðast hvar annars staðar. Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla í hlutfalli við þjóðarframl. (einstaklinga og stjórnarvalda)	79.3	80.6	86.0	81.7	77.4	74.0	71.6	72.9	70.4
Myndun fastra fjármuna í hlutfalli við þjóðarframl.	24.3	23.9	22.6	22.9	25.8	26.9	29.1	32.0	34.3

Og hið hörmulega er, að þessi fjárfesting er tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest, með því að auka hagnýta framleiðslu hennar, og vinnur því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur hverrar fjárfestingar: að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.

Hér fer á eftir skýrsla um ráðstöfun á þjóðarframleiðslu Íslendinga í krónum á hvern íbúa landsins á verðlagi 1957:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla einstakl.	16640	14030	14470	13350	14730	15300	16100	16780	15590
— stjórnarvalda	3490	3770	3380	3160	3390	3510	3660	4030	4290
Fjármunamyndun	6160	5290	4700	4720	6150	6780	8860	8770	9360

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn. Slíkt er ekki aðeins nauðsynlegt vegna sjávarútvegsins, sem öll afkoma þjóðarinnar byggist á, heldur og vegna þeirra stórframkvæmda, sem þjóðarinnar bíða á næstunni: stóriðju í krafti mikilla virkjana á fossum og jarðhita. Þjóðin hefur þegar beðið stórtjón af því, að lagt hefur verið í stórframkvæmdir án þess að hugsa og skipuleggja þær fyrir fram: sementsverksmiðja byggð án þess að tryggja henni rafmagn, áburðarverksmiðja sniðin of lítil, af því að ekki var hugsað um framtíðarrafmagn handa henni um leið.

Þjóðin er orðin óþolinmóð yfir þeim glundroða, sem ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar skapa. Það er um það að ræða að stiga annaðhvort sporið áfram í átt til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum í þágu þjóðarinnar allrar — eða hvert sporið af öðru aftur á bak til þess stjórnleysisástands í efnahagslífinu, atvinnuleysis og fátæktar, sem var hlutskipti Íslendinga á kreppuárunum eftir 1930.

Það er ótvírætt, að stjórn eða stjórnleysi á fjárfestingu landsmanna hefur úrslitaáhrif á jafnt launakjör allra launþega sem á verðbólguna í landinu.

Skýrslur um launakjör verkamanna sýna, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns er nú minni en hann var á árunum 1944 eða 1947 (sbr. fylgiskjal). Það þýðir, að þrátt fyrir alla baráttu verkalýðsins frá 1948 til þessa dags hefur verkamaðurinn ekki megnað nema rétt að verjast áföllum að miklu leyti, en ekki getað bætt kaupmátt tímakaups síns. Það er þrennt, sem amar að honum: Í fyrsta lagi lætur auðvaldið aldrei neitt af sínum gróða, hvernig sem barizt er, — það bara veltir af sér afleiðingum kauphækkana yfir á þjóðfélagið með því að hækka verð framleiðslunnar og auka þannig verðbólgu. Í öðru lagi þjarmar of mikil og oft röng og óhagsýn fjárfesting að lífskjörum launþega. Tafla sú, sem hér er birt að framan, sýnir hvernig fjárfestingin hefur vaxið á kostnað neyzlu allra landsmanna. Í þriðja lagi hefur svo frá 1948 til 1956 verið vanrækt að kaupa stórvirk framleiðslutæki til sjávarútvegsins, og er enn ekki búið að bæta þjóðinni upp afleiðingar þeirrar vanrækslu, þrátt fyrir viðleitni síðustu ára og starf Alþýðubandalagsins á því sviði.

Jafnt ráðstafanir atvinnurekenda til þess að velta af sér kauphækkunum yfir á almenning í hækkuðu vöruverði sem og ráðstafanir ríkisvalds og bæjarfélaga

undanfarinn áratug til að auka í sífellu álögur á almenning, bæði til aukinnar eyðslu og fjárfestingar (taflan hér að framan sýnir, hvernig álögur ríkis og bæja vaxa á kostnað neyzlunnar) — eru höfuðundirrót verðbólgunnar á Íslandi.

Til þess að kjör alþýðu fari raunverulega að batna og verðbólgan sé stöðvuð þarf samfara baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum að fara skynsamleg heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst að því er varðar fjárfestingarstefnuna, þannig að af framsýni sé ákveðið, hvaða atvinnugreinar skuli efla, í hvaða hlutfalli og hvernig.

Það er tilgangur þessa frv. að stuðla að því, að svo verði gert.

Frumvörp, sem farið hafa í sömu átt og þetta, hafa áður verið flutt á Alþingi og sum orðið að lögum, svo sem frv. um nýbyggingarráð 1944.

Um skipun áætlunarráðs er eðlilegt að hafa þann hátt, að ríkisstjórn skipi það að nýju að loknum hverjum kosningum, en geri það í samráði við þingflokkana eða a. m. k. þannig, að þeir eigi þar allir fulltrúa. Má og hafa það svo, að þeir séu tilnefndir, en nauðsynlegt er að tryggja hvort tveggja í senn: samhengi og samræmi í stjórn og aðgerðum áætlunarráðs annars vegar og eðlilega samstarfshætti þess við ríkisstjórn, hver sem hún er, á hverjum tíma.

Nánar um einstök atriði í framsögu.

Fylgiskjal.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt tímakaups 1945—1959, miðað við kaupmáttinn 1945. [Þess skal getið út af kaupgjaldi 1944, að í rannsókn þeirra hagfræðinganna Jónasar Haralz og Ólafs Björnssonar prófessors 1948 er kaupmáttur tímakaups (miðað við okt. 1938 = 100) 156 í des. 1947 og 155 í des. 1944]:

Kaupmáttur tímakaupsins.

Ár	Meðal-tímakaup Dagvinna kr.	Vísitala neyzluvöru (1945 =100)	Vísitala tímakaups (1945 = 100)	Kaupmáttur tímakaups (1945 = 100)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	122.8	126.1	102.7
1948	8.74	125.9	124.1	98.6
1949	9.17	129.0	130.3	101.0
1950	10.39	159.8	147.6	92.4
1951	12.59	211.1	178.8	84.7
1952	14.30	239.1	203.1	84.9
1953	15.26	236.8	216.8	91.6
1954	15.34	239.7	217.9	90.9
1955	17.19	250.9	244.2	97.3
1956	19.11	279.3	271.4	97.2
1957	19.67	291.6	279.4	95.8
1958	21.30	312.5	302.5	96.8
1959	22.19	315.8	315.2	99.8

Meðaltímakaup: Miðað er við Dagsbrúnartaxta. Reiknað er meðaltal af tímakaupi, sem gilti hvern mánuð viðkomandi ár. Mánuðir lagðir að jöfnu. Sjúkrapeningar og orlofsfé innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað er við gömlu vísitöluna til marz 1959, eftir þann tíma við hina nýju. Húsnæðisliður vísitalnanna er ekki tekinn með.

Kaupmáttur tímakaupsins: Þegar miðað er við ársmeðaltal, verður árið 1947 hæst með vísitöluna 102.7. Á árinu urðu töluverðar breytingar, bæði á kaupi og verðlagi. Kaupmáttur var hæstur í júlí 1947, og vísitala kaupmáttar var þá 107.1 eða um 4.3% hærri en ársmeðaltalið.

Enn fremur birtist hér tafla um mánaðarlega breytingu kaupmáttar tímakaups á árunum 1947, 1955, 1958 og 1959:

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups árin 1947, 1955, 1958 og 1959.
(Kaupmáttur árið 1945 = 100).

Mánuður	1947	1955	1958	1959	
Janúar	100	90	97	109	
Febrúar	99	90	97	97	
Marz	103	91	96	99	
Apríl	101	102	96	100	
Maí	101	102	96	100	
Júní	101	101	100	100	
Júlí	107	100	97	99	
Ágúst	106	100	95	99	
September	107	102	95	99	
Október	103	97	97	99	
Nóvember	105	96	96	99	
Desember	104	100	104	(99)	áætlað

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson, hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa.

Flm.: Jónas Pétursson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra fram fara rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort skilyrði til hafnargerðar séu þar fyrir hendi.

Greinargerð.

Inn af Héraðsflóa liggur eitt af stærstu samfelldu byggðarlögum landsins. Það mun almennt talið eitt hið nauðsynlegasta fyrir byggðarlögin að eiga greiðan aðgang að höfn. En nú er svo háttað, að við Héraðsflóa er engin höfn, og hefur þetta víðlenda hérað því orðið að hafa öll aðalviðskipti yfir fjallvegi. Hér verður enginn dómur á það lagður, hvort fært reynist að leysa hafnarmál Fljótsdalshéraðs við Héraðsflóann, en öll rök virðast hníga að því, að réttmætt sé og nauðsynlegt að rannsaka það mál til hlítar. Má benda t. d. á stað einn yzt í Jökulsárhlíð, sem nefndur er Múlahöfn. Aðstaða mun þar að vísu mjög erfið á landi. Einhverjar athuganir munu hafa farið fram á nefndu svæði, sem hafa ekki virzt gefa jákvæða niðurstöðu. En við teljum hér um svo mikilvægt mál að ræða, að eðlilegt og nauðsynlegt sé, að fullkomin rannsókn fari fram.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, ýtarlegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum á Reykjanesi með það fyrir augum m. a., að þær orkulindir verði hagnýttar til hitaveitna fyrir nálægar byggðir.

Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Hafnarfjarðarkaupstað verði hið bráðasta veitt afnot af jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar til framhaldsrannsókna í Krýsuvík.

Greinargerð

Sú reynsla, sem þegar hefur fengizt af hinum stórvirka jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar, hefur mjög glætt vonir þess fólks, sem býr í næsta nágrenni við jarðhitasvæðin í Krýsuvík og á Reykjanesi, um virkjun jarðhitans til upphitunar híbýla.

Í álitsgerðum þeim, sem verkfræðingar jarðborunardeildar ríkisins hafa látið frá sér fara um nýtingu varmans úr iðrum jarðar, hafa hitaveitur verið taldar mjög vel fjárhagslega tryggð fyrirtæki.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði þarf ekki að fjölyrða um gildi hitaveitna, en eins og nú er komið, munu hitaveitur þær, sem stofnað hefur verið til, spara þjóðinni árlega um 28 millj. króna í erlendum gjaldeyri, en innflutt eldsneyti til upphitunar híbýla mun vera um 85 millj. króna.

Af þessu má sjá, að gjaldeyrishlið þessa máls er mjög íhugunarverð, og augljóst, að áframhaldandi virkjanir til híbýlahitunar eru beinn hagnaður fyrir þjóðina alla.

Þau byggðarlög, sem liggja að ofangreindum svæðum, hafa þegar hafið undirbúning að þessum málum. M. a. hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar látið framkvæma boranir í Krýsuvík með mjög góðum árangri og bíður nú eftir því að fá hinn stórvirka jarðbor til framhaldsrannsókna.

Bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og fleiri byggðarlög þar syðra hafa haft þessi mál til athugunar undanfarin ár og munu innan tíðar væntanlega bindast samtökum um framkvæmd þeirra.

Að jarðborunum á Reykjanesi hefur hins vegar verið unnið að mjög litlu leyti, en nauðsynlegt er að hefja sem fyrst undirbúning að borunum þar.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 30. nóvember 1959 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 28. janúar 1960.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við skipafélögin fram fara nákvæma athugun á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans í millilanda- og strandferðasiglingum með það fyrir augum, að komizt verði hjá, svo sem frekast er unnt, að leigja erlend skip til vöruflutninga og að lestarrúm hinna íslenzku skipa sé notað á sem beztan hátt.

Leiði rannsókn þessi í ljós, að bæta megi til muna hagnýtingu íslenzka farskipaflotans, þá skorar Alþingi enn fremur á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að komið verði á fastri skipan þeirra mála, enda beri skipafélögin kostnað af slíkri starfsemi.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á Alþingi s. l. vetur, en náði þá ekki fram að ganga. Tillögunni fylgdi þá svofelld greinargerð:

„Íslenzka skipastólnum hafa á undanförnum árum bætzt mörg og glæsileg skip. Sérstaklega hefur þó borið á hinni stórfelldu aukningu íslenzka farskipaflotans. Almenningi kemur því einkennilega fyrir sjónir, að eyða þurfi árlega stórum fjárhæðum í erlendum gjaldeyri vegna leigutöku erlendra flutningaskipa með vörur að og frá landinu. Á s. l. ári voru t. d. yfirfærðar af bönkum rúmar 28 millj. íslenzkra króna í frjálsum gjaldeyri vegna slíkra leiguskipa. Þar með er þó ekki talin leiga rússnesks olíuskips, sem á árinu var einnig í förum.

Þessi gjaldeyrisyfirfærsla verður þó enn meiri ráðgáta, þegar jafnframt er vitað um, að íslenzku skipin sigla oft að og frá landinu lítið lestuð og hálflestuð eða stundum einungis með grjót og mold í kjölfestu, eða þau þurfa á undraverðan fjölda hafna til þess að fá fullfermi, þegar svo vel blæs. Þetta gerist, þótt vitað sé, að stórum meiri birgðir liggi fyrir á hverjum stað en teknar eru.

Hvað strandferðasiglingum við kemur, þá mun þar sömu söguna að segja, þótt erlendra leiguskipa gæti þar tiltölulega lítið. Þess munu dæmi, að tvö eða jafnvel þrjú farskip hafi á sama sólarhring viðkomu á sömu höfn til þess að ferma eða afferma allt niður í nokkur hundruð kíló varnings. Slíkt fyrirkomulag verður vægast sagt ekki talið „góð nýting“ hins glæsilega flota, og virðist full ástæða til þess, að fram fari ýtarleg endurskoðun þessara mála, ef verða mætti til betra skipulags og aukinnar hagnýtingar, án þess að dregið væri úr sem fullkomnastri þjónustu.

Íslenzka ríkið og þar með þjóðin sem heild hefur of mikið á sig lagt til endurnýjunar hins glæsilega skipastóls, til þess að algert hirðuleysi megi ríkja um nýtingu hans.“

Nd. 24. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „skal“ komi: árið 1960.
2. Við fyrirsögn bætist: árið 1960.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Birgir Kjaran, form. Davíð Ólafsson, frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Einar Olgeirsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 25. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1960 með viðauka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með frv. óbreyttu, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, óskuðu eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og töldu sig ekki geta tekið afstöðu með því að svo komnu.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 26. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með frv. óbreyttu, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, óskuðu eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og töldu sig ekki geta tekið afstöðu með því að svo komnu.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 27. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með frv. óbreyttu, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, óskuðu eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og töldu sig ekki geta tekið afstöðu með því að svo komnu.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 28. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nefndarmenn með frv. óbreyttu, en tveir nefndarmanna, þeir BjörnJ og KK, óskuðu eftir, að afgreiðslu málsins væri frestað, og töldu sig ekki geta tekið afstöðu með því að svo stöddu.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 29. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Mæla undirritaðir nefndarmenn með frumvarpinu óbreyttu, en tveir nefndarmanna (BjörnJ og KK) óskuðu eftir, að afgreiðslu málsins væri frestað, og töldu sig ekki geta tekið afstöðu með því að svo komnu.

Alþingi, 27. nóv. 1959.

Ólafur Björnsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Einar Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera á grundvelli laga nr. 47 7. maí 1946 og laga nr. 60 24. maí 1947 kostnaðaráætlun um byggingu og rekstur verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu og niðurlagningar á síld og öðrum fiskafurðum. Áætluninni skal lokið fyrir 1. október 1960.

Greinargerð.

Á Alþingi 1946 flutti sjávarútvegsnefnd Nd. samkvæmt ósk þáverandi atvinnumálaráðherra, Áka Jakobssonar, frumvarp til laga um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og varð það að lögum. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, segir:

„Flestir munu vera sammála um, að eitt höfuðverkefni þjóðarinnar í sjávarútvegsmálum sé að koma upp niðursuðuverksmiðjum fyrir fiskafurðir landsmanna. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að ríkið reisi og reki síldarverksmiðju, þ. e. verksmiðju til niðursuðu á nýrri síld og til niðurlagningar í dósir á kryddaðri og saltaðri síld. Íslenzka norðurlandssíldin er vafalaust einhver bezta

fæða, sem framleidd er á Íslandi, og því illt til þess að vita, að við skulum selja megnið af þessari veiði í bræðslu.

Nú munu margir segja, að ekki sé ástæða til þess, að ríkið fari að reka verksmiðju eins og þá, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur sé það verk einstaklinga. Því er til að svara, að það er reynsla á Íslandi, að einstaklingar hafa verið mjög tregir að ráðast í útgjaldasöm fyrirtæki, ef ekki liggur fyrir fullkomin reynsla á afkomumöguleikum þeirra. Hins vegar er hér um mál að ræða, sem þolir ekki neina bið, og virðist það því eðlilegasta leiðin, að ríkið ríði á vaðið með slíkan verksmiðjurekstur, og mundi það þá verða til þess að örva einstaklinga eða bæjarfélög til að leggja út á sömu braut á eftir.

Verksmiðjumál það, sem frv. fjallar um, hefur mikið verið athugað af dr. Jakob Sigurðssyni, sem mælir eindregið með því, að lagt verði út í slíkan verksmiðjurekstur, og vísast að því leyti til greinargerðar hans, sem birt er hér sem fylgiskjal.

Á síðastliðnu sumri (1945) framkvæmdu þeir dr. Jakob Sigurðsson og Ingimundur Steinsson tilraunir með niðursuðu á síld á Siglufirði á vegum síldarverksmiðja ríkisins og fiskimálanefndar. Árangur þeirra tilrauna var sá, að sýnt þótti, að niðursoðin norðurlandssíld væri góð vara, sem hægt væri að vænta mikils markaðs fyrir.

Margvísleg rök liggja til þess, að komið verði upp niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju fyrir síld. Er þar fyrst til að taka, að niðursoðin síld og síld lögð í dósir söltuð eða krydduð er miklu verðmætari heldur en nokkrar þær síldarafurðir, sem við flytjum út nú, og mundi því verða að þessu mikill gjaldeyrisávinningur fyrir þjóðina. Í öðru lagi mundi niðurlagning saltsíldar eða kryddsíldar í dósir skapa mikla atvinnu í þeim bæjum og þorpum norðanlands, sem byggja afkomu sína því nær eingöngu á síldveiðum og eiga því við stöðugt vetraratvinnuleysi að stríða. Loks mundi niðursoðin síld og síld lögð í dósir vera auðveld til flutnings á fjarlægari markaði heldur en þjóðin hefur flutt framleiðsluvörur sínar á fram að þessu.“

Flest það, sem hér er sagt, er enn í fullu gildi, og því þótti rétt að birta greinargerðina í heild. Fylgiskjal með frumvarpinu 1946 var álitsgerð um málið frá dr. Jakob Sigurðssyni. Þar er gert ráð fyrir niðursuðu og niðurlagningu síldar og birt áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Vegna breytingar á öllu verðlagi er áætlunin um stofnkostnað og rekstrarkostnað að nokkru leyti úrelt og því nauðsynlegt, að gerðar verði nýjar áætlanir, eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Dr. Jakob Sigurðsson heldur því ákveðið fram í álitsgerðinni, að sölumöguleikar fyrir niðursoðna og niðurlagða síld séu miklir, og færir fram margvísleg rök máli sínu til stuðnings. Til viðbótar því, sem dr. Jakob bendir á um sölu á niðursoðinni síld, má benda á, að margt bendir til þess, að mikill og öruggur markaður sé fyrir hendi fyrir slíkar vörur í Austur-Evrópu, ef unnið væri að því á skipulagðan hátt að selja slíka framleiðslu.

Í lögunum frá 1946 var ákveðið, að ráðherra skipaði þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna. En á þinginu 1947 var þessu ákvæði breytt og stjórn síldarverksmiðja ríkisins faldar allar framkvæmdir.

Í þau 12 ár, sem síðan eru liðin, hefur, að því sem bezt verður vitað, lítið sem ekkert verið gert í málinu.

Á þinginu 1958 flutti 1. flm. þessarar till. eftir beiðni verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði frv. til laga um stofnun og rekstur verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði. Frumvarp þetta var í aðalatriðum byggt á lögunum frá 1946, en nokkru fyllra, og í því voru nokkur ákvæði, sem voru ekki í lögunum frá 1946—47. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Á sama þingi var flutt af Karli Kristjánssyni o. fl. tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu síldaraflans. Þingsályktunartillaga þessi bendir til þess, að mönnum sé ljóst, að hér sé um stórmál að ræða, sem geti haft mikla þýðingu fyrir

þjóðarbúið. Í greinargerð, sem fylgdi þingsályktunartillögunni, er bent á, að síldaraflinn sé miklu minni nú en áður hafi verið og hafi augu manna opnazt fyrir því, að miklu skipti, að hægt sé að gera hið tiltölulega litla síldarmagn, sem veiðist, að sem verðmætastri útflutningsvöru.

Að lokum er rétt að benda á, að um vetrarmánuðina er um verulegt atvinnuleysi að ræða á Siglufirði, m. a. vegna vöntunar á iðnaðarfyrirtækjum og hentugum fiskibátum og óhagstæðs veðurfars, sem torveldar sjósókn yfir veturinn og alla útivinnu. Af þessu leiðir, að mikill fjöldi verkafólks er tilneyddur að leita eftir atvinnu til fjarlægari staða um vetrarmánuðina.

Það er því hin mesta nauðsyn, að hafizt verði handa um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum, svo sem niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju. Slíkur verksmiðjurekstur mundi draga úr flótta fólksins suður á land, draga úr atvinnuleysinu heima fyrir og auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Ed. 31. Frumvarp til laga [25. mál]

um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á árunum 1960—1964, að báðum árum meðtöldum, skal verja árlega 6 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka innlent lán til vegagerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Vegafé samkvæmt 1. gr. skal varið til þeirra byggðarlaga á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra.

4. gr.

Alþingi skiptir fjárframlögum samkvæmt 1. gr. milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Viðunandi vegakerfi í byggðum landsins er eitt meginskilyrði fyrir því, að atvinnulíf geti þrifizt og byggð haldizt.

Athugun leiðir því miður í ljós, að ýmis byggðarlög hafa dregizt svo mjög aftur úr í þessu efni, að ekki verður við unað lengur. Þetta stafar af því, að í sumum héruðum, sem eru mjög vel byggileg, er kostnaður við að koma þeim í vegasamband og leggja þar vegi um byggðirnar og milli þeirra tiltölulega meiri en á öðrum svæðum landsins, sem þéttbýlli eru.

Fjárveitingar til vegagerðar og brúa hafa a. m. k. oftast í aðalatriðum verið við það miðaðar, að skipting þess fjár yrði sem jöfnust milli hinna gömlu héraðakjördæma. Þetta hefur af ástæðum, sem áður eru nefndar, leitt til þess, að þar sem strjálbýlið er mest og jafnframt kostnaðarsamast að koma á vegasambandi, er nú vegasambandslaust á stórum svæðum. Afleiðingin er yfirvofandi brott-

flutningur þess fólks, sem býr á þessum landssvæðum, því að það sér fram á, að ef ekki er gert sérstakt heildarátak í þessum efnum, en aðeins unnið að vegagerðinni með svipuðum hraða og verið hefur, þ. e. eftir þeirri meginreglu, að fjárveiting sé svipuð til þessara kjördæma og annarra kjördæma, þar sem vegir eru komnir á flesta bæi, þá líður langur tími þangað til vegasamband er komið á. En vegleysið þýðir það, að skref er að sumu leyti stigið aftur á bak. Hestarnir voru áður algengasta farartækið. Nú er meir og meir horfið frá að nota þá. Þetta þýðir, að í veglausum byggðarlögum, sem eru ekki heldur tengd við aðalvegakerfi landsins, eru mjög takmarkaðir möguleikar til ferðalaga á landi og til nauðsynlegra viðskipta. Í þau byggðarlög er ekki hægt að koma stórvirkum vélum til ræktunar- og framleiðslustarfa. Þeir, sem hafa ekki vegasamband, hafa því allt aðra aðstöðu en aðrir þegnar þessa þjóðfélags. Í því er ekkert réttlæti. Við það unir fólk ekki heldur til lengdar að láta setja sig skör neðar en aðra. Það flytur burt af þessum svæðum. Þegar þetta hefur gerzt, er ekki auðvelt að koma landinu í byggð aftur.

Frumvarp þetta er borið fram í því skyni að reyna að byrgja brunninn í tíma, enda verður ekki séð, með hvaða hætti öðrum hægt er að hrinda þessu réttlætismáli fram svo fljótt, að viðunandi geti talizt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verja 30 millj. króna á næstu fimm árum til að rétta nokkuð hlut Vestfjarða og Austurlands í samgöngumálum. Er þó fjarri því, að þessi fjárhæð dugi til að skapa jafnvægi milli héraða í þessum málum, en til mikilla bóta ætti hún að geta orðið.

Lagt er til, að þessi fjárhæð skiptist milli þjóðvega í þeim byggðarlögum landsins, sem verst eru sett í vegamálum, samkv. skýrslum vegamálastjóra, er hann lagði fyrir samvinnunefnd samgöngumála á Alþingi síðastliðinn vetur. Frekari dreifing fjárins yrði til þess að draga úr því jafnvægi milli byggðarlaga, sem frumvarp þetta stefnir að.

Þá er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka innlent lán til þessara vegaframkvæmda. Er það gert til þess, að lagning nýrra vega samkv. þessu frumvarpi dragi á engan hátt úr fjárveitingum til vegamála á fjárlögum.

Ed. 32. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Ólafi Jóhannessyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að greiða þá 3.18% verðhækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar.

Nd. 33. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist skv. því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með síldarafurðir utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.
b. Orðin „síldarkaup, síldarsala, síldarverkun“ í c-lið 1. tölul. 9. gr. falli niður.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi útsvarslögum, að sveitarfélögum skuli heimilt að leggja útsvar á síldarsöltun og síldarverzlun, þar sem hún er rekin, án tillits til þess, hvort sá, sem það gerir, er heimilisfastur þar eða atvinnureksturinn skráður þar eða ekki.

Er það hið mesta áhugamál forráðamanna margra bæja og kaupstaða á Norður- og Norðausturlandi, þar sem síldarsöltun er rekin í stórum stíl og víða að miklu leyti af mönnum þar ekki búsettum, að fá útsvarslögunum breytt í það horf, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, enda er það svo, að síldarverkun og síldarvinnsla er aðalatvinnuvegur margra staða á þessu svæði. Er því augljóst, að mjög er bagalegt fyrir viðkomandi staði að geta ekki nema að nokkru leyti lagt útsvör á þá, sem þennan atvinnurekstur stunda.

Í gildandi útsvarslögum felst að vísu heimild til þess að skipta útsvörum, ef sérstaklega stendur á, og láta hluta af útsvörum gjaldenda ganga til annars eða annarra sveitarfélaga en þess, þar sem gjaldandi á lögheimili og útsvar er á hann lagt. Slík heimild getur þó aldrei komið að sama haldi og rétturinn til að leggja útsvör á beint, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess, m. a. vegna þess, að hin ýmsu sveitarfélög leggja útsvör á gjaldendur eftir allólíkum reglum en af því leiðir, að staðir, þar sem slíkur atvinnurekstur er stundaður, sem hér ræðir um, geta fengið hluta af útsvörum lögðum á eftir allt öðrum útsvarsstiga en þeim, sem notaður er þar, sem atvinnureksturinn er stundaður. Er það því í alla staði eðlilegt, að þar sem svo stendur á sem hér er gert ráð fyrir, séu útsvör lögð á gjaldendur þar, sem þeir stunda atvinnurekstur sinn, sem þeir e. t. v. hafa aðaltekjur sínar af.

Frumvörp nærri samhljóða frumvarpi þessu voru flutt á þingunum 1949, 1950 og 1954, en urðu aldrei útrædd. Frumvörpunum um þetta efni fylgdu og greinargerðir, sem að mestu leyti eru samhljóða þeirri greinargerð, sem hér fer á undan.

Ed. 34. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „skulu gilda til 31. des. 1960“ komi: skulu gilda til febrúarloka 1960.

Ed. 35. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afstöðu til afgreiðslu þessa máls.

Meiri hlutinn, þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (MJ, ÓB, JÞ), vildi hraða afgreiðslu málsins sem allra mest og mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins strax.

Minni hlutinn, þ. e. undirritaðir, telur hins vegar ástæðulaust að hraða málinu, af því að ekki er ætlazt til, að lögin taki gildi fyrr en um næstu áramót, enda óviðkunnanlegt skv. eðli málsins og óvenjulegt að setja slík lög fyrr en sem næst lokum árs eða þegar fullsýnt er, að nauðsyn krefur.

Tveir fundir voru haldnir um málið í nefndinni, og milli fundanna kom í ljós, að ástæðan fyrir því, að ríkisstjórnin leggur þetta frv. svona snemma fram og stuðningsmenn hennar vilja knýja það í gegnum Alþingi með flughraða, er sú, að ríkisstjórnin hugsar sér að stofna nú þegar til nálega tveggja mánaða þingfrestunar — senda þingmenn heim, meðan hún ákveði efnahagsmálaaðgerðir stjórnarflokkanna fyrir næsta ár.

Þótt þessi ástæða. sem var ekki nefnd í framsögu málsins, hafi í ljós komið, er síður en svo, að hún breyti afstöðu okkar. Við erum andvígir því, að hinu nýkjörna og nýsetta Alþingi sé frestað strax og svo langan tíma sem nú er fyrirhugað, — teljum slíka frestun, sem gerð væri án alls samráðs og samkomulags við stjórnarandstöðuna, gjörræði og lítilsvirðingu við löggjafarsamkomuna — og geta orðið þingræðinu hættulega. Tilgangurinn gæti verið sá af hálfu ríkisstjórnar að fá tækifæri til þess að stjórna án íhlutunar Alþingis með setningu bráðabirgðalaga.

Þegar á það er litið, að þeir flokkar, sem nú fara með ríkisstjórn, hafa haft samstarf um stjórn ríkisins allt þetta ár, er ámælisvert, að þeir skuli ekki hafa undirbúið betur verkefni Alþingis en svo, að þeir sjálfir telji það ekki hafa viðfangsefni, er það loks kemur til funda 20. nóvember. Má af tómlæti eða afkastaleysi stjórnarflokkanna við undirbúninginn ráða, að ríkisstjórninni muni eigi af því veita að hafa þingið sér til fulltingis og aðhalds, eins og komið er.

Þingmenn hafa nú þegar á þeim fáu dögum, sem þingið hefur setið, borið fram allmörg mál og sum þeirra mjög þýðingarmikil, svo sem hafnamál, vegamál og húsbyggingarmál. Vitað er um önnur, sem eru í undirbúningi og væntanlega koma fram næstu daga, ef þingið fær að starfa. Fjárlagafrumvarpinu hefur enn ekki verið vísað til nefndar o. s. frv.

Það er þess vegna algerlega ótímabært að fresta þinginu strax. Sá frestur væri skerðing á aðstöðu þingmanna til að flytja mál, sem brýn eru og rækilegrar athugunar þarfnast í þinginu. Og hann bryti einnig í bág við þá þjóðarnauðsyn líðandi stundar, að þingmenn allra flokka hafi, svo sem unnt er, samráð um framvindu höfuðmála.

Af framangreindum ástæðum lögðum við til í nefndinni, að hún frestaði afgreiðslu þessa máls, þar til nær drægi hæfilegum þinghléstíma og áramótum. Á það féllst meiri hlutinn ekki.

Af sömu ástæðum teljum við, að þingdeildin eigi að fresta málinu um sinn. Að öðrum kosti munum við greiða atkvæði gegn þessu frv. nú.

Alþingi, 28. nóv. 1959.

Karl Kristjánsson, frsm. Björn Jónsson.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega Fiskveiðasjóði sem fyrst það lánsfé, sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt til þess að bæta úr brýnustu þörfum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, stendur nú yfir mikil fjárfesting í sjávarútveginum, bæði hvað varðar bátainnflutning og byggingu fiskvinnslustöðva í landi. Væri mjög æskilegt, að fiskveiðasjóður gæti sinnt þessum verkefnum í ríkara mæli en verið hefur. Til þess að svo geti orðið, skortir hann tilfinnanlega aukið fjármagn.

Rétt þykir, að ríkisstjórnin ákveði sjálf, hvaða leiðir hún vill fara til þess að afla fjárins, og er því hér ekki bent á ákveðnar fjáröflunarleiðir.

Nánar í framsögu.

Nd. 37. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Gunnar Gíslason, Einar Ingimundarson, Björn Pálsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir C. 2 komi nýr liður:
   Heggstaðavegur vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Tannsstaða að Bálkastöðum.
2. C. 4 orðist svo:
   Heggstaðavegur eystri: Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Heggstöðum, með hliðarálmu að Bessastöðum.
3. C. 8 orðist svo:
   Þorgrímsstaðavegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Þorgrímsstöðum, með álmu að Egilsstöðum.
4. Á eftir C. 9 komi nýr liður:
   Bjargavegur: Af Vesturhópsvegi sunnan Vesturhópsvatns um Bjarghús, yfir Björg á Borgarveg hjá Síðu.
5. Aftan við C. 14 bætist: með álmu að Finnmörk.
6. Aftan við C. 15 bætist: og þaðan á Norðurlandsveg hjá Lækjamóti.
7. Á eftir C. 16 komi nýr liður:
   Hagavegur: Af Húnvetningabraut hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.
8. C. 21 orðist svo:
   Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar að Bollastöðum.
9. Aftan við C. 22 bætist: með hliðarálmu að Rútsstöðum.
10. Fyrir orðin „að Stafnsrétt“ í C. 23 komi: að Fossum.
11. Á eftir C. 23 komi nýr liður:
    Svartárdalsvegur vestan ár: Frá Skeggsstöðum að Hóli, með hliðarálmu um væntanlega brú á Svartá og á Svartárdalsveg austan ár.

12. Fyrir orðin „að Skrapatungu“ í C. 25 komi: að Núpi.
13. C. 30 orðist svo:
Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
14. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flatatungu.
15. C. 34 orðist svo:
Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkigili.
16. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:
a. *Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
b. *Norðurárdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.
17. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
Hegranesvegur vestri: Af Hofsósvegi hjá Hellulandi að Keldudal.
18. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
19. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.
20. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
21. Á eftir C. 40 komi nýr liður:
Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nokkrir vegir á Norðurlandi verði teknir í þjóðvegatölu. Þó að framfarir hafi orðið miklar í samgöngumálum, svo sem á öðrum sviðum, í þessum héruðum, skortir þó enn talsvert á, að öll býli þar og sveitir búi við viðunandi vegasamband, og veldur það að sjálfsögðu fólkinu, sem þarna býr, miklum erfiðleikum. Góðar samgöngur eru undirstaðan undir blómlegu og traustu atvinnulífi og stuðla öðru fremur að því, að einstök býli og sveitir haldist í byggð.

Tillögur þær, sem í þessu frumvarpi varða Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, voru fluttar á síðasta aðalþingi af þáverandi þingmönnum þessara héraða, en náðu þá ekki fram að ganga.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við háttv. 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, Ólaf Jóhannesson, en hann á sæti í efri deild.

Nd. **38. Breytingartillögur** [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Guðlaugi Gíslasyni, Ágúst Þorvaldssyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. A. 21 orðast svo:
   Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
2. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:
   a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
   b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skáldabúðum, að Laxárdal.
3. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
4. Á eftir A. 41 koma fjórir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
   b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
   c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
   d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Hrólfsstaðahelli að Húsgarði.
5. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
6. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
   Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
7. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
   Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
8. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
   a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
   b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
9. A. 53 orðast svo:
   Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
10. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
    a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
    b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
11. Á eftir A. 59 kemur nýr liður:
    Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
12. Á eftir A. 65 kemur nýr liður:
    Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.

13. A. 66 orðast svo:
Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftártdal að Búlandi í Skaftártungu.
14. Á eftir A. 73 kemur nýr liður:
Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Kirkjutorgi til flugvallar.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fjárþörf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og undirbúa tillögur um, hvernig tryggja megi veðdeildinni starfsgrundvöll með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu fyrir landbúnaðinn á viðhlítandi hátt.

Greinargerð.

Í gildandi reglugerð fyrir 3. lánaflokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands er stjórn hennar heimilað að lána allt að 60% af landverði jarðar, miðað við gangverð samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og allt að 30% af húsaverði og annarra varanlegra mannvirkja á jörðinni, miðað við sama mat.

Vegna fjárskorts hefur stjórn deildarinnar ekki séð sér annað fært en takmarka lánsfjárhæðina til hverrar jarðar við 35 þús. kr. Ef um jarðakaup er að ræða og bússtofnun, er þessi upphæð algerlega ófullnægjandi. Væri hins vegar unnt að lána samkvæmt því, sem reglugerð deildarinnar heimilar, mundu fleiri geta keypt jarðir og stofnað bú. Vel starfrækt veðdeild við Búnaðarbankann leysir í velflestum tilfellum lánsfjárþörf bænda umfram það, sem þeir geta fengið úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði til nýrra framkvæmda.

Hið eina, sem veðdeild Búnaðarbankans hefur nú von um að fá, er hluti stóreignaskatts og sá hluti skyldusparnaðar, sem kemur úr sveitum, en skyldusparnaðurinn er, eins og kunnugt er, vísitölutryggður og því áhættusamt fyrir veðdeildina að ávaxta hann, þar sem lán úr henni eru ekki vísitölutryggð. Víst er, að þessar upphæðir, sem veðdeildin á von á að fá, nægja hvergi til þess að fullnægja lánsfjárþörfinni.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka fjárþörf veðdeildarinnar og geri síðar tillögur um það, hvernig tryggja megi henni fjármagn, svo að hún geti starfað með eðlilegum hætti.

Ed. 40. Frumvarp til laga [30. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.

b. með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum, nr. 40/1954.
c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.
e. Með 200% álagi skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1960 innheimta þannig:

a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laganna skal innheimta 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
b. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1959, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1960, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1960, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
c. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, framlengist þannig:

a. Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og í 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1960 með þeim breytingum, sem greinir í b- og c-lið hér á eftir.
b. Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi:
Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.
c. 22. gr. laganna orðist þannig:
Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:
1. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

2. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

5. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1960:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1960.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	27	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.

b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.

c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlenging fyrir árið 1960 á ákvæðum þeim, sem nú er að finna í eftirtöldum lögum: nr. 70 1958, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka, nr. 71 1958, um breyt. á l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim, nr. 65 1958, um bráðabirgðabreyting á l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., nr. 67 1958, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka 1959, og nr. 66 1958, um bráðabirgðabreyting á l. nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

Sþ. 41. Fyrirspurnir. [31. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántöku vegna togarakaupa.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hver lán hafa verið tekin erlendis til togarakaupa samkvæmt lögunum um togarakaup ríkisins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um afkomu útflutningssjóðs.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hvað áætlar ríkisstjórnin tekjur útflutningssjóðs á þessu ári?
2. Hvað áætlar ríkisstjórnin útgjöld útflutningssjóðs á þessu ári:
   a. Til þess að greiða niður vöruverð innanlands?
   b. Til þess að greiða útflutningsuppbætur og aðrar uppbætur?
3. Hverjar voru birgðir útflutningsvara í ársbyrjun, og hve miklar eru þær áætlaðar nú í árslok?
4. Hvað áætlar ríkisstjórnin tekjur og útgjöld útflutningssjóðs á næsta ári, miðað við uppbótargreiðslur og niðurgreiðslur, eins og þær eru nú samkvæmt lögum og ákvörðunum stjórnarvalda?

III. Til ríkisstjórnarinnar um stofnun efnahagsmálaráðuneytis og iðnaðarmálaráðuneytis.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Samkvæmt hvaða heimild hefur verið sett á stofn sérstakt efnahagsmálaráðuneyti og þar skipaður ráðuneytisstjóri?
2. Hefur verið sett á stofn sérstakt iðnaðarmálaráðuneyti, og ef svo er, eftir hvaða heimild?

Ed. 42. Frumvarp til laga [32. mál]

um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður. Sjóðurinn sé eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að framleiðslu- og atvinnuaukningu og jafnvægi í byggð landsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. 15 millj. kr. framlag úr ríkissjóði 1960.
2. Fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 20. og 22. gr. fjárlaga, enda hafi lánin ekki verið gefin eftir fyrir gildistöku laga þessara.
3. Inneign ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum fyrir gildistöku þessara laga.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána samkv. 2. tölul. og greiðslu vanskilaskulda samkv. 3. tölul. þessarar greinar skal afhenda Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna harðinda- og óþurrkalána voru afhent bjargráðasjóði, sbr. 22. gr. XL. fjárlaga fyrir árið 1957.

Nú ákveður sjóðsstjórnin innheimtu á skuld, sem fallin er í gjalddaga fyrir gildistöku þessara laga, og getur skuldunautur þá leitað úrskurðar ríkisstjórnarinnar um innheimtuna.

3. gr.

Tekjur Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag ríkissjóðs á árunum 1961—70, 15 millj. kr. á ári.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast samkv. 3. tölul. 2. gr. eftir gildistöku þessara laga. Skulu um þennan lið gilda sömu ákvæði og um 3. lið 2. gr. um stofnfé.

4. gr.

Lán úr sjóðnum má veita gegn tryggingu í atvinnutækjum til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem til þess er fallin að efla atvinnulífið í landinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Um tryggingu fyrir láni fer að öðru leyti eftir ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni og samkvæmt því, sem tíðkazt hefur um lán þau, sem tilgreind eru í 2. tölul. 2. gr.

Lánin má veita sveitarfélögum, samvinnu- og hlutafélögum og einstaklingum og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem verst eru á vegi staddir í atvinnumálum. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, áður en lán er veitt félagi eða einstaklingi.

Lánstími skal vera 10—20 ár, og ákveður stjórnin hann hverju sinni.

Vextir skulu vera 4—6%, einnig samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Ef atvinnutæki, sem sett hefur verið að veði fyrir láni úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði, flyzt burt úr sveitarfélagi, sem það var í, þegar lánið var tekið, er lánið allt fallið í gjalddaga, nema stjórn sjóðsins samþykki flutninginn.

Ef sérstaklega stendur á, er stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs heimilt að veita sveitarfélagi vaxtalaust lán eða óafturkræft framlag til þess

að bæta úr atvinnuörðugleikum, ef ⅘ sjóðsstjórnar eru því samþykkir. Einnig má breyta láni eða vanskilaskuld samkv. 3. tölul. 2. gr. í óafturkræft framlag, ef ⅘ sjóðsstjórnar samþykkja og telja, að endurgreiðslur séu lántakanda um megn.

5. gr.

Stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Fjórir skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Þó skal stjórnin kosin í fyrsta sinn á þingi því, er samþykkir lög þessi.

Fimmta stjórnarnefndarmanninn, ásamt varamanni hans, kýs stjórn Framkvæmdabanka Íslands til fjögurra ára í senn.

Stjórnin velur sér formann.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar, gegn þóknun, er ráðherra ákveður. Einnig veitir bankinn sjóðsstjórninni aðstoð við þau störf, er henni kunna að verða falin samkv. 6. gr., gegn þóknun, sem ákveðin er á sama hátt.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu laun og annar kostnaður greidd úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði.

Stjórnin birtir, eigi síðar en 31. marz ár hvert, skýrslu um ráðstöfun fjár úr sjóðnum næsta ár á undan og með hvaða kjörum og til hvers fénu hefur verið ráðstafað, svo og reglur, er hún setur sér um störf sín.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs störf þau, er atvinnutækjanefnd hefur nú með höndum, þar á meðal að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til, og tillögur og áætlanir um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Lán úr sjóðnum skulu veitt með hliðsjón af slíkum tillögum og áætlunum, séu þær fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að koma föstu skipulagi á tiltekinn þátt þeirrar starfsemi, sem að því miðar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og tryggja, svo sem unnt er, að ráðstafanir, sem hér er um að ræða, verði ekki felldar niður.

Um mörg undanfarin ár hefur verið veitt í fjárlögum eða heimilað að greiða úr ríkissjóði svonefnt atvinnuaukningarfé, sem varið hefur verið til eflingar atvinnulífi, þar sem þess var talin mest þörf, aðallega við sjávarsíðuna. Hefur því einkum verið úthlutað sem lánum út á síðari veðrétt í skipum, fiskiðjuverum og öðrum atvinnutækjum, sem nauðsyn hefur þótt til bera að koma upp í hlutaðeigandi byggðarlögum eða endurbæta. Í fjárlögum voru á árunum 1953—56 ætlaðar í þessu skyni 5 millj. kr. á ári, en varð í reyndinni nokkru meira. Síðar var sú upphæð hækkuð, og er að því vikið annars staðar í greinargerðinni.

Þá er og þess að geta, að ríkið hefur oft, bæði fyrr og síðar, gengið í ábyrgð fyrir lánum, samkvæmt lagaheimildum frá Alþingi. Mörg þessara ríkisábyrgðarlána hafa verið tekin og ábyrgð veitt, í svipuðum tilgangi og atvinnuaukningarlánin (lán til kaupa á togurum og fiskibátum, hafnarbótalán o. s. frv.), en mikið af ríkisábyrgðum er þó til orðið af öðrum ástæðum, sem ekki verða raktar hér. Allmikið er um það, að ríkið hafi orðið að greiða afborganir og vexti af lánum, sem það er í ábyrgð fyrir, a. m. k. öðru hverju, einkum þeim, sem tekin hafa verið til atvinnuuppbyggingar, beint eða óbeint. Hafa þannig safnazt óumsamdar skuldir við ríkis-

sjóð. Í seinni tíð hafa í fjárlögum verið áætlaðar vaxandi upphæðir til greiðslu afborgana og vaxta af ríkisábyrgðarlánum í vanskilum. Þessu valda að verulegu leyti hinir stöðugu erfiðleikar atvinnuveganna vegna verðbólgunnar innanlands. En hér kemur það jafnframt til greina, að uppbyggingarþörf atvinnulífsins í einstökum landshlutum hefur verið miklu meiri en getan til að standa straum af framkvæmdunum, a. m. k. fyrst um sinn, á meðan árangur þeirra var ekki að fullu kominn í ljós, enda stundum fremur um óbeinan en beinan árangur að ræða frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Á öndverðu ári 1956 var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en frv. þetta var samið af alþingismönnunum Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni, sem skipaðir höfðu verið samkv. ályktun Alþingis til þess að gera áætlanir og tillögur um slíkar ráðstafanir. Frv. varð ekki útrætt. Hins vegar skipaði ríkisstjórnin haustið 1956 sérstaka nefnd (atvinnutækjanefnd) til þess að gera tillögur um útvegun nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Skyldi sú nefnd einkum gera tillögur um uppbyggingu atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem verst voru á vegi staddir í atvinnulegum efnum þá. Nefnd þessi hefur m. a. gert skýrslur þær um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í bæjum og þorpum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, sem alþingismenn fengu í hendur haustið 1958, en auk þess ýmsar tillögur og áætlanir, sem hafa verið afhentar ríkisstjórninni. Um sama leyti og nefndin var skipuð, var atvinnuaukningarfé í fjárlögum fyrir árið 1957 hækkað úr 5 millj. kr. upp í 15 millj. kr., en í fjárlögum fyrir 1958 var það 13½ millj. kr., og var sú upphæð haustið 1958 tekin upp í frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, en var á Alþingi lækkuð niður í 10 millj. kr. — Úthlutun þessa fjár hefur þó ekki verið í höndum atvinnutækjanefndar, heldur hefur því verið úthlutað á sama hátt og áður, sem síðar verður að vikið.

Í frv. því, sem fyrr var nefnt og flutt var á Alþingi 1956, var lagt til, að stofnaður yrði sérstakur lánasjóður til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Gert var ráð fyrir ríkisframlagi til sjóðsins og að honum yrðu afhentar skuldir, sem þá voru eign ríkissjóðs eða yrðu eftirleiðis vegna atvinnuaukningarlána og ríkisábyrgða. Gert var ráð fyrir, að yfir sjóðinn yrði sett sérstök stjórn. Skyldi hún jafnframt safna skýrslum og gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir, eftir því sem nánar var fyrir mælt í frv. En til þess var ætlazt, að Framkvæmdabanki Íslands annaðist daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Frv. þetta er að nokkru leyti byggt á frumvarpinu frá 1956. En gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti falið sjóðsstjórninni þau störf, sem atvinnutækjanefnd hefur haft á hendi undanfarið, og væri hennar þá ekki lengur þörf. Þá er og lagt til, að framlag ríkissjóðs verði 15 millj. kr. árið 1959 og síðan 15 millj. kr. ár hvert í 10 ár. Er þar miðað við þá upphæð, sem hæst hefur verið veitt í fjárlögum síðustu árin fyrir eitt ár í senn. Ef frv. nær samþykki, verður þetta framlag fastákveðið með lögum og skylt að taka það í fjárlög hverju sinni. Er að því mikið öryggi og trygging fyrir því, að áfram verði unnið að jafnvægi í byggð landsins. Til þessa hefur ríkisstjórnin úthlutað atvinnuaukningarlánum, en ekki getur það fyrirkomulag talizt eðlilegt til frambúðar, þar sem um allmikla lánastarfsemi er að ræða.

Innheimta þeirra atvinnuaukningarlána, sem veitt hafa verið til þessa, mun hafa verið nokkuð á reiki. Við eru fyrir lánum þessum, en ekki hefur verið til þess ætlazt, að hart væri að lántakendum gengið, heldur færi það nokkuð eftir ástæðum, enda lánin yfirleitt veitt af félagslegri nauðsyn í almannaþágu, en ekki til að skapa einstökum atvinnurekendum gróðamöguleika. Svipað er að segja um mikið af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur innt af hendi, þegar lántakendur gátu ekki staðið í skilum með vexti og afborganir af ríkisábyrgðarlánum. Aðstaða lántakenda að þessu leyti breytist ekki, þó að Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður verði eigandi skuldanna í stað ríkissjóðs. En eðlilegt má telja, að þeim skuldum, sem ekki er talið rétt að innheimta á einhvern hátt, verði hreinlega breytt í óafturkræft framlag, þegar það þykir tímabært, og að sjóðsstjórnin hafi heimild

til þess. Er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir, að skuldirnar verði afhentar Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna harðinda og óþurrka voru afhent bjargráðasjóði, sbr. 22. gr. XL fjárlaga fyrir árið 1957. En skilyrði þessi voru þau, „að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar“ (sbr. bréf fjármálaráðuneytisins til bjargráðasjóðs, dags. 26. apríl 1957).

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lánstími sé 10—20 ár og vextir 4—6%. Að öðru leyti þykir rétt að ætla sjóðsstjórninni að ákveða lánskjörin eftir starfsreglum, sem hún setur sér sjálf, og ástæðum hverju sinni. Gert er ráð fyrir í 5. gr., að stjórnin sé skipuð 5 mönnum, 4 kjörnum af Alþingi og einum tilnefndum af stjórn Framkvæmdabanka Íslands, enda hafi hann með höndum daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Samkv. 6. gr. er ríkisstjórninni heimilað að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs störf þau, er atvinnutækjanefnd, sem er stjórnskipuð, hefur haft með höndum. Er þá svo til ætlazt, að sjóðsstjórnin haldi áfram athugunum þeim og skýrslugerð, sem atvinnutækjanefnd hefur unnið að, og geri framkvæmdaáætlanir, sem hafðar verði til hliðsjónar við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, en verði jafnframt til afnota fyrir Alþingi, ríkisstjórn og aðra þá, er standa fyrir framkvæmdum í þágu atvinnuuppbyggingarinnar í landinu.

Ed. 43. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en tveir nm., þeir KK og BjörnJ, óskuðu bókað, að þeir teldu ástæðulaust að afgreiða frv. strax og flutning þess óþarfan, þar eð málið lægi fyrir í öðrum frv.

Alþingi, 1. des. 1959.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 44. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta kom skyndilega til sögunnar. Það er samsteypa fimm tekjuöflunarfrumvarpa, sem ríkisstjórnin hafði lagt fyrir Alþingi og hugsað sér að láta sigla hraðbyri gegnum þingið til þess að geta strax frestað þinghaldi þar til síðustu daga n. k. janúarmánaðar.

Vegna andstöðu þeirra þingmanna, sem ekki styðja ríkisstjórnina og telja þingfrestunina ótímabæra, gáfust stjórnarstuðningsmenn upp við að reyna að koma þessum fimm frumvörpum áleiðis nægilega hratt til að geta frestað Alþingi á fyrstu dögum þess, hlupu frá frumvörpunum, en gerðu innihald þeirra — þótt sundurleitt sé — að einu frumvarpi í „bandormsstil“.

Stjórnarstuðningsmennirnir í fjárhagsnefnd (MJ, ÓB, JÞ) samþykktu á fundi nefndarinnar í dag að mæla með samþykkt frumvarpsins, eins og þeir höfðu mælt með hinum áðurnefndu, yfirgefnu frumvörpum.

Við, sem skipum minni hlutann í nefndinni, mælum ekki með samþykkt frumvarpsins.

Efni hinna fimm frumvarpa á ekki eðlilega suðu saman í einu frumvarpi. Formið er einnig mjög óviðkunnanlegt klambur.

Samsteypan er augljóslega gerð til þess eins að takmarka málfrelsi þingmanna, og er það stórlega vítavert.

Við erum ekki á móti framlengingu tekjuöflunar þeirrar, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Að vísu flytjum við á sérstöku þingskjali brtt. við 4. gr. frv. um gildistíma framlengingar söluskatts, þar sem við teljum eðlilegt, að hann sé hinn sami og gildistími heimildar um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1960. Breytingartillaga sú er miðuð við það fyrst og fremst, að sveitarfélögunum væri mikil nauðsyn að fá hlutdeild í skattinum og réttmætt að veita þeim þá hlutdeild, ef fjárlög leyfa, þegar þar að kemur.

En þó að við séum ekki á móti framlengingunum efnislega, styðjum við ekki framgang þeirra um sinn, — og leggjum ekki til, að aðrir geri það, — af því að þær eru grundvöllur þess, að ríkisstjórnin geti látið þingið hætta störfum nú þegar í nálega tvo mánuði, en það teljum við óhæfu á meðan t. d.:

1. Fyrsta umræða fjárlaga hefur ekki farið fram og frumvarpi til fjárlaga 1960 ekki verið vísað til nefndar.
2. Bráðabirgðalög um verðlag landbúnaðarvara, sem sett voru á s. l. sumri, hafa ekki verið lögð fyrir Alþingi og hlotið afgreiðslu.
3. Fjölmörg mikilvæg mál, sem nú þegar hafa verið lögð fyrir þetta þing, hafa ekki fengizt tekin á dagskrá til fyrstu meðferðar, — né þingmönnum gefizt eðlilegt tóm til þess að undirbúa og ganga frá málum til flutnings.

Alþingi, 1. des. 1959.

Karl Kristjánsson, frsm. Björn Jónsson.

Ed. 45. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna „skulu gilda til 31. des. 1960“ í a-lið komi: skulu gilda til febrúarloka 1960.

Nd. 46. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Garðari Halldórssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að greiða þá 3.18% verðhækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar.

Ed. **47. Frumvarp til laga** [33. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson.

2. gr. laganna breytist svo:

1. C. 51 orðist svo:
   Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
3. Á eftir C. 53 komi nýr liður:
   Ósvegur: Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar, um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
4. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni, um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
5. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
   Efribyggðavegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
6. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
   Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
7. C. 67 orðist svo:
   Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, yfir brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg eystri, með álmu vestan Skjálfandafljóts að brú á Halldórsstaðaá.
8. Á eftir C. 69 komi þrír nýir liðir:
   a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi við Laxárvirkjun, um Hvamma að Haga.
   b. *Sandsvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan Knútsstaða, um Hraunkot að Sandi.
   c. *Uppsveitarvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi, um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
9. Á eftir C. 70 komi nýr liður:
   Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi austan við Arnarvatn, um Litlu-Strönd að Baldursheimi.
10. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
    Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú, um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að teknir verði í tölu þjóðvega, eru flestir eða allir sýsluvegir. Engum mun dyljast hversu brýn nauðsyn það er nú á tímum hverju byggðu bóli, að þangað liggi sæmilegur akvegur. Hins vegar eru fjárráð sýsluvegagerðanna mjög takmörkuð, svo að þær geta með engu móti gert upp alla sína vegi nema á allt of löngum tíma. Er því óhjákvæmilegt að létta eitthvað á þeim með því móti að bæta einhverju af sýsluvegum inn á ríkisvegakerfið.

Vegir þeir, sem hér um ræðir, eru í ýmiss konar ástandi. Stuttir kaflar sumra þeirra eru þegar fullgerðir, aðrir undirbyggðir að öllu eða einhverju leyti, sums staðar alllangir kaflar. En þó er mjög mikið enn aðeins ófullkomnir ruðningar.

Þó að vegir þessir verði allir teknir inn í þjóðvegakerfið, er samt mjög mikið eftir af sýsluvegum í viðkomandi byggðarlögum. Auk þess þarf þar við að bæta mörgum nýjum sýsluvegum.

Ed. 48. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Alfreð Gíslasyni, lækni.

Aftan við 4. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Á eftir 22. gr. laganna komi 4 nýjar greinar, þannig:

1. (23. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
2. (24. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.
3. (25. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.
4. (26. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Nd. 49. Frumvarp til laga [34. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Björn Fr. Björnsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði að þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfinga við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

II. KAFLI

Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.
2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að

ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo fullgróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af viðkomandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan, að framförnu mati, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram skv. 13. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnot af landinu.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður tilkynna það eigendum fjárins.

Komist sömu skepnurnar þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

III. KAFLI

Um græðslu lands til beitar.

16. gr.

Auk fjár þess, sem veitt er til sandgræðslu samkv. II. kafla laga þessara, skal á árunum 1959—1960 veita fé úr ríkissjóði, eigi minna en 3 millj. kr. á ári, til þess að efla gróður í afréttum og úthögum á samfelldum landsvæðum. Skulu þau landsvæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

17. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknadeild búnaðardeildar háskólans gera fyrir árslok 1959 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkv. 16. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili árangri. Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skulu tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

18. gr.

Um öflun umráðaréttar á landi til græðslu skv. 17. gr. gilda hin sömu ákvæði og um það land, sem tekið er til græðslu skv. II. kafla laga þessara, um heftingu sandfoks, 6. grein.

19. gr.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkv. 17. gr. og öðrum ákvæðum laga þessara, hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., en heimilt er sandgræðslustjóra að taka land til græðslu með sáningu og áburði eða með áburði einum svo og með áveitu án þess að girða landið, ef athuganir leiða í ljós, að slíkt er vænlegt til árangurs.

20. gr.

Bændur, félög einstakra bænda eða hreppsfélög geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Um kostnað við sandgræðslu og afhendingu lands að aflokinni græðslu, sem framkvæmd er á þennan hátt, gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 11.—13. grein.

IV. KAFLI

Um athugun og eftirlit á afréttum.

21. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautar skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol landsins.

Héraðsráðunautum er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

22. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 21. gr., leiðir í ljós, að ofsett er í afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir aðilar tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

23. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það skv. ákvæðum laga nr. 39 23. maí 1959, um ítölu.

24. gr.

Sandgræðslustjóri skal ásamt hreppstjórum hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd þau, sem hann hefur umráð yfir skv. lögum þessum, sé framfylgt.

V. KAFLI
Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

25. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

26. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VI. KAFLI
Um öflun fjár til sandgræðslu.

27. gr.

Af hverri sauðkind, hverjum nautgrip og hverju hrossi, sem sett er á vetur og talið fram um áramót, skal greiða gjald, er nemi kr. 0.50 á kind og kr. 5.00 á nautgrip og hross. Gjald þetta skulu lögreglustjórar innheimta með öðrum opinberum gjöldum.

28. gr.

Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 1½% gjald á útsöluverð vörunnar. Gjald þetta rennur til Sandgræðslu Íslands, og skal Tóbakseinkasalan standa skil á því til Sandgræðslunnar.

29. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 27. og 28. gr. laga þessara, skal auk framlags ríkisins samkv. 16. gr. varið til framkvæmda við að græða land samkvæmt III. kafla laganna.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal farið með að hætti opinberra mála.

31. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Frv., samhljóða þessu að mestu, flutti Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, er hann átti síðast sæti á Alþingi, þ. e. á aðalþinginu 1958—59. Flutti hann það óbreytt eins og frá því var gengið af hálfu sandgræðslunefndar, sem skipuð var af landbúnaðarráðherra 24. júlí 1957 og skilaði áliti í marzmánuði 1958. Ráðherra sendi frv. nefndarinnar búnaðarþingi til umsagnar, en það lagði til, að á því yrðu gerðar breytingar. Lýsti flm. frv. á Alþingi yfir, að hann væri samþykkur mörgum tillögum búnaðarþings, þótt hann teldi eðlilegt, að Alþingi fengi frv. sandgræðslunefndar óbreytt í hendur. Frv. varð ekki útrætt á þinginu, en í þinglokin flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar annað frv. um „heftingu sandfoks, græðslu lands og varnir gegn gróðureyðingu". Varð það ekki heldur útrætt.

Flm. þessa frv. telja — eins og Steingrímur Steinþórsson — rétt, að Alþingi fái tillögur sandgræðslunefndar til meðferðar lítt eða ekki breyttar í meginatriðum, ásamt tillögum búnaðarþings, sem prentaðar eru sem fylgiskjal. Þó hefur verið felld niður ein grein, sem nú má heita úrelt vegna nýlegrar lagasetningar á öðru sviði, og þrem öðrum greinum breytt nokkuð, þó ekki svo, að verulega skipti máli. Rétt þykir að leggja frv. fram þegar í þingbyrjun, til þess að nægur tími sé til athugunar, og þá líklegra, að málið hljóti afgreiðslu. Segja má að vísu, að störf sandgræðslunefndar hafi þegar borið nokkurn árangur. Fjárveiting til sandgræðslu hefur verið hækkuð síðan tillögur nefndarinnar urðu kunnar og byrjað að dreifa áburði úr flugvélum yfir beitilönd og innan sandgræðslugirðinga. Eigi að síður ber nauðsyn til að taka málið í heild til gaumgæfilegrar athugunar og afgreiðslu á Alþingi og setja nýja löggjöf.

Að tilhlutan sandgræðslunefndar var á öndverðu ári 1958 gefið út allstórt og mjög fróðlegt minningarrit um sandgræðslustarfsemi hér á landi, í tilefni af 50 ára afmæli hennar. Samkvæmt upplýsingum í riti þessu hefur sandgræðslan á þessum 50 árum girt rúmlega 1000 ferkílómetra lands og unnið þar að landgræðslu meira og minna. Þar hefur verið unnið mikið starf og merkilegt. En samkvæmt lauslegu mati, sem gert var á vegum nefndarinnar eftir mælingum á herforingjaráðskorti, eru í landinu, utan sandgræðslugirðinganna, nálega 3800 ferkílómetrar sanda og mela lægri en 400 metrar yfir sjávarmáli, „auðveldir til græðslu", þannig að þeir geti a. m. k. komið að gagni sem beitilönd og að einhverju leyti til ræktunar, þar sem staðhættir leyfa og þess kynni að vera þörf. Hér er raunar ekki um að ræða nema lítinn hluta af auðnum Íslands, og einnig á öðrum svæðum kunna að vera nokkrir möguleikar til að koma upp gróðri eða auka að dómi nefndarmanna. Þetta eru athyglisverðar tölur með tilliti til fenginnar reynslu. Til skamms tíma var sandgræðslan einkum við það miðuð að verja gróðurlönd fyrir eyðingu af völdum sandfoks. Nú er jafnframt um það að ræða að snúa vörn í sókn, að efla og stækka gróðurríki landsins. Þá sókn þarf að skipuleggja með nýrri löggjöf og nýjum átökum, hvort sem sú löggjöf verður nákvæmlega eins og frv. sandgræðslunefndar eða að einhverju leyti á annan veg.

Fylgiskjal I.

Greinargerð milliþinganefndar um frumvarpið.

Með bréfi, dags 24. júlí 1957, skipaði landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, 5 manna nefnd „til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga möguleika á að auka þá starfsemi".

Í nefndina voru skipaðir:

Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, formaður.
Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.
Arnór Sigurjónsson fulltrúi.
Páll Sveinsson sandgræðslustjóri.
Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn þ. 16. ágúst. Var þá kosinn ritari Arnór Sigurjónsson.

Á þessum fundi var ákveðið að skoða sem flest uppblásturssvæði landsins og sjá með eigin augum þær framkvæmdir, sem gerðar hefðu verið til að stöðva landspjöllin og græða foksvæðin að nýju.

Fyrsta ferðin í þessu skyni var farin 16. ágúst. Ekið um Rangársanda og skoðuð öll helztu fok- og uppgræðslusvæði.

Önnur ferð til Norðurlands dagana 21.—24. ágúst. Skoðuð sandgræðslusvæði í Kelduhverfi, Hólssandi, Hólsfjöllum, Austurfjöllum, Hólasandi og Sellöndum í Mývatnssveit, brunasvæði á Hvammsheiði og Þingeyra- og Sigríðarstaðasandar í Húnaþingi.

Þriðja ferð þ. 11. sept. til Haukadals í Biskupstungum. Skoðuð uppblásturssvæði á Haukadalsheiði.

Fjórða ferð í Vestur-Skaftafellssýslu 16. og 17. sept. Ekið um Holta- og Landsveit í Rangárþingi, Fjallabaksleið, Skaftártungu að Kirkjubæjarklaustri. Skoðaður Stjórnarsandur og í heimleið sandgræðslusvæði í Meðallandi, Vík, Sólheimasandi og Skógasandi.

Í þessum ferðum bar margt fyrir augu, og mun sumt af því verða harla minnisstætt þeim, sem ekki höfðu séð það áður.

Á sumum stöðum gat að líta kolsvarta sanda, þar sem áður voru fegurstu gróðurlendur. Annars staðar hafði sandgræðslunni hins vegar tekizt að stöðva algerlega uppblásturinn og hjálpa náttúrunni til að klæða stór svæði þroskamiklum nytjagróðri, þar sem fyrir nokkrum árum var örfoka land.

Víða vofir yfir mikil eyðingarhætta af völdum uppblástursins, og verður því að heyja stöðugt varnarstríð gegn þeim voða. Sem betur fer, er nú fengin örugg vissa, byggð á reynslu, fyrir því, að hægt er að stöðva eyðinguna, ef ekki skortir fé og árvekni. Með friðun, sáningu og áburði er hægt að snúa vörn í sókn og breyta örfoka landi í vel gróið nytjaland. Margir fróðir menn telja nú þegar ofsetin afréttarlönd sumra héraða og megi að minnsta kosti ekki að ósekju fjölga þar sauðfé frá því, sem nú er. Þetta er m. a. álit J. B. Campbells, sem fenginn var til þess, árin 1954 og 1956, að athuga beitarþol haga okkar. Þar sem svo er ástatt, verða bændur að skilja það, að vaxandi nýrækt og töðufengur má ekki leiða til fjölgunar sauðfjárins, nema sumarhagarnir séu jafnframt auknir.

Á fundi nefndarinnar þ. 14. okt. kom til tals, að á þessu ári, 1957, væru liðin 50 ár síðan sett var fyrsta löggjöfin um sandgræðslu á vegum ríkisins og að viðeigandi væri, að þessa merka afmælis væri minnzt með útgáfu minningarrits, þar sem skráð væri saga sandgræðslustarfsins. Þessari hugmynd var vel tekið, og á öðrum fundi, þ. 6. nóv., var samþykkt, að nefndin hefði forgöngu um útgáfu ritsins, en áður hafði fengizt loforð frá stjórn Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslustjóra um, að þessir tveir aðilar tækju að sér útgáfuna. Enn fremur hafði landbúnaðarráðherra gefið ádrátt um fjárstyrk til hennar úr ríkissjóði. Samið var við Arnór

Sigurjónsson um, að hann tæki að sér ritstjórn bókarinnar, og er það að þakka góðri samvinnu við starfsmenn prentsmiðjunnar Eddu, að tekizt hefur á óvenjulega skömmum tíma að koma út ritinu. Ætlast nefndin til, að rit þetta, Sandgræðslan, geti talizt aðalgreinargerð með þessu frumvarpi, og er greinargerð sú, er frumvarpinu fylgir, því styttri en ella.

Þegar fyrir síðustu aldamót voru í gildi lög (nr. 6 15. febr. 1895), þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um „hindrun sandfoks og sandgræðslu". En árið 1907 hófst skipuleg sandgræðslustarfsemi á vegum ríkisins með setningu laga nr. 54 22. nóv. þ. á., er gengu í gildi 1. jan. 1908. Samkvæmt þeim sömu lögum var skógræktarstjóra (en embætti hans var stofnað með þeim lögum) ætlað að „hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til að varna sandfoki".

Árið 1914 voru svo sett sérstök lög um sandgræðslu, nr. 20 2. nóv. þ. á., og Búnaðarfélagi Íslands þá falin „forstjórn" sandgræðslustarfseminnar, og féllu þá niður afskipti skógræktarstjóra af henni. Í þessum lögum voru um það nokkuð ýtarleg ákvæði, hvernig að sandgræðslunni skyldi unnið, og um framlög til sandgræðslugirðinga úr ríkissjóði og sýslusjóðum. Næst voru sett lög um sandgræðslu árið 1923 (nr. 45 20. júní þ. á.). Er þar meðal annars svo fyrir mælt, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa í þjónustu sinni „sandgræðslumann skipaðan af landstjórninni með sérþekkingu á sandgræðslu". Nú eru í gildi lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks, nr. 18 28. maí 1941. Þess má geta, að fyrrnefnd lög frá 1895 eru enn í gildi og sömuleiðis lög nr. 11 13. apríl 1894, þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um friðun á mel. Enn fremur eru í gildi sérstök lög frá 1928 varðandi sandgræðslu í Strandarlandi.

Um leið og lögin frá 1907 voru sett, var tekið að veita fé úr ríkissjóði til sandgræðslustarfseminnar. En fjárveitingar þessar hafa verið sem hér segir á árunum 1907—1957:

Árið 1907	2000 kr.	Árið 1933	30000 kr.
— 1908	4000 —	— 1934	30000 —
— 1909	4000 —	— 1935	40000 —
— 1910	4000 —	— 1936	27000 —
— 1911	4000 —	— 1937	27000 —
— 1912	4000 —	— 1938	30000 —
— 1913	4000 —	— 1939	31000 —
— 1914	5000 —	— 1940	31000 —
— 1915	5000 —	— 1941	37000 —
— 1916	4000 —	— 1942	55000 —
— 1917	4000 —	— 1943	100000 —
— 1918	6000 —	— 1944	210000 —
— 1919	6000 —	— 1945	310000 —
— 1920	10000 —	— 1946	370000 —
— 1921	10000 —	— 1947	418000 —
— 1922	15000 —	— 1948	432000 —
— 1923	15000 —	— 1949	483000 —
— 1924	15000 —	— 1950	483000 —
— 1925	15000 —	— 1951	601075 —
— 1926	23000 —	— 1952	866127 —
— 1927	45000 —	— 1953	873036 —
— 1928	40000 —	— 1954	1002272 —
— 1929	40000 —	— 1955	1226808 —
— 1930	50000 —	— 1956	1552184 —
— 1931	40000 —	— 1957	1789290 —
— 1932	40000 —		

Þess má geta, að fjárveitingarnar eru hin fyrri ár tilgreindar samkvæmt fjárlögum, en hin síðari ár samkvæmt ríkisreikningi, eins og upphæðirnar bera með sér.

Nú eru í eign sandgræðslunnar 50 girt sandgræðslusvæði víðs vegar á landinu, hið fyrsta girt 1908 og hið síðasta 1956, samtals rúmlega 100 þús. hektarar eða ca. 1000 km² að flatarmáli. Auk þess eru sandgræðslulönd, sem einstaklingar ráða yfir, nokkuð á fimmta þúsund ha.

Í ritinu „Sandgræðslan“, sem fyrr var nefnt, er m. a. gerð tilraun til að áætla stærð þess lands utan girðinga í byggðum og óbyggðum, sem til greina komi að breyta úr auðn í gróðurlendi á vegum sandgræðslunnar. Samkv. þessari áætlun eru „sandar og melar auðveldir til græðslu“ samtals 3788 km² og „aðrar auðnir lægri en 400 m yfir sjávarmál“ samtals 3554 km². Á þessar tölur ber að vísu að líta með fullri varúð, en þó gefa þær nokkra hugmynd um hið gífurlega mikla verkefni, sem þarna er fyrir hendi, og þann árangur, sem af því mætti verða, ef einhvern tíma tækist að leysa það af hendi. Til samanburðar er athugandi, að öll tún á landinu eru nú samtals um 60 þús. ha. (600 km²) að flatarmáli.

Varðandi sandgræðslustarfsemina hér á landi undanfarna hálfa öld og þau verkefni, sem fram undan eru, skal hér sérstaklega bent á greinar þær, er nefndar verða hér á eftir í ritinu „Sandgræðslan“:

Gunnlaugur Kristmundsson: Upphaf skipulagsbundinnar sandgræðslu, bls. 187 o. áfr.

Runólfur Sveinsson og J. B. Campbell: Athugun á uppblæstri og högum, bls. 250 o. áfr.

Páll Sveinsson: Sandgræðslumálin á líðandi stund, bls. 291. Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, bls. 312.

Arnór Sigurjónsson: Það sem koma verður, bls. 325.

Björn Pálsson flugmaður: Flugvélin og sandgræðslan, bls. 340.

Nefndin hefur, eins og fyrir hana var lagt, endurskoðað gildandi lög um sandgræðslu og athugað möguleika á að auka sandgræðslustarfsemina. Hefur hún, meðan á endurskoðun stóð, m. a. rætt við stjórn Búnaðarfélags Íslands og við fjárveitinganefnd Alþingis, en eins og fyrr var sagt, áttu búnaðarmálastjóri og sandgræðslustjóri sæti í nefndinni. Hefur nefndin samið frumvarp til nýrra laga, er nefnist frumvarp til laga um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, sem hún ætlast til að komi í stað gildandi laga um „sandgræðslu og heftingu sandfoks“, nr. 18 1941.

Frumvarp nefndarinnar skiptist í sjö kafla. Er fyrsti kafli um „markmið og stjórn sandgræðslu Íslands“, annar kafli um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, þriðji kafli um „græðslu lands til beitar“, fjórði kafli um „athugun og eftirlit á afréttum“, fimmti kafli um „tilraunastarfsemi og rannsóknir“, sjötti kafli um „öflun fjár til sandgræðslu“, sjöundi kafli um „ýmis ákvæði“.

Um nýmæli er einkum að ræða III., IV., V. og VI. kafla, og bera heiti kaflanna með sér, hvers eðlis þau nýmæli eru.

Að öðru leyti vísast til skýringa við sérstakar greinar frumvarpsins.

Árni G. Eylands starfaði í nefndinni frá öndverðu og til loka janúarmánaðar, en þá fór hann af landi burt til lengri dvalar og gat því ekki tekið þátt í þeim nefndarstörfum, sem þá voru óunnin, og að sjálfsögðu ekki undirritað nefndarálit.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein eru þau, að hér er gert ráð fyrir að græða upp sanda, mela og aura í heimahögum og afréttum í þeim tilgangi að auka beitiland búfjárins, sem nú er í örri fjölgun, og um leið létta á því haglendi, sem fyrir er, sbr. III. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrstu og allt til ársins 1914 var sandgræðslan tengd skógræktinni, en það samband þótti ekki gefast vel, og var því sandgræðslan með lögum nr. 20 2. nóv. 1914 falin Búnaðarfélagi Íslands. Með endurskoðun laganna 1941 er ákveðið, að landbúnaðarráðherra skipi sérstakan sandgræðslustjóra, en forstjórn sandgræðslumálanna er áfram falin Búnaðarfélagi Íslands. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir mjög auknu starfssviði sandgræðslunnar, svo að segja má, að vettvangur hennar nái yfir verulegan hluta af afréttar- og heimabeitilöndum landsmanna. Með ákvæðum laganna grípur sandgræðslan svo mjög inn á afkomumöguleika landbúnaðarins, að nú er enn brýnni þörf en áður á, að sandgræðslan ekki einungis njóti stuðnings og samstarfs Búnaðarfélags Íslands, heldur hafi það og íhlutun um yfirstjórn þessara mála.

Því aðeins er hægt að búast við fyllsta árangri, að sem flest þau öfl, sem vinna að uppbyggingu landbúnaðarins, séu samhæfð í fullkomnu samstarfi að framgangi þessara mála, ella mætti gera ráð fyrir, að undir ýmsum kringumstæðum gætu orðið árekstrar um framkvæmdir. Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum fjölda sandgræðsluvarða, heldur verði tala þeirra að miðast við þörfina á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Með sameinuðu átaki Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra var byggð reist í Gunnarsholti, og hafði sandgræðslustjóri þar aðsetur fyrir sumarstarfsemi sína.

Eftirmenn hans í starfi hafa haft þar fast aðsetur, og þykir því rétt að ákveða nú, að lögheimili sandgræðslunnar sé Gunnarsholt.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þar sem sandgræðslustjóri er settur við hlið búnaðarmálastjóra, sbr. 2. gr., þykir sjálfsagt, að hann hafi sömu laun (V. flokkur launalaga).

Rétt þykir, að skipaðir verði sandgræðsluverðir með meiri þekkingu og verkkunnáttu en verið hefur, og þykir ekki líklegt, að slíkir menn verði fáanlegir fyrir lægri laun en svarar til IX. fl. launalaga.

Um II. kafla.

Í 6.—15. gr. eru svo litlar breytingar frá gildandi lögum, að ekki þykir mikil ástæða til að geta nema fárra sérstaklega.

Þó má geta þess, að enn meiri áherzla er lögð á, að sandgræðslan geti afhent þau landsvæði, sem hafa verið að fullu uppgrædd, sbr. 10. og 11. gr.

Í þessu sambandi gildir einu, hvort landið hefur upphaflega verið í ábúð einstakra bænda eða sveitarfélaga.

Ef landið er eign ríkisins, skal það afhent hlutaðeigandi ábúendum þeirra jarða, sem það hefur áður tilheyrt, svo og notendum landsins í kauptúnum og þorpum, enda er, sbr. 11. gr., sveitarfélögum gert skylt að taka við þeim landsvæðum, ef sandgræðslustjóri æskir þess. Þegar lönd eru afhent, er ekki ætlazt til, að sá, er við tekur, greiði græðslu þeirra eða girðingar, þótt slíkt væri réttmætt. Aðalatriðið er, að girðingum og öðrum mannvirkjum sé haldið við, svo að uppblástur endurtaki sig ekki.

Um III. kafla.

Með þessum kafla er sandgræðslunni falið nýtt og stórmerkilegt verkefni, enda er endurskoðun laganna sérstaklega gerð með tilliti til þess. Aðalverkefnið er að græða upp og auka gróður á víðlendum beitilöndum með nýjum aðferðum.

Um 16. gr.

Þar sem sjáanlegt er, að bændur stefna að mikilli fjölgun búfjár, er sýnilega mundi ofbjóða beitarþoli landsins, þá er knýjandi þörf á að auka stærð og gæði þess svo sem mest má verða, en til þess er nauðsynlegt að hafa ráð á miklu fjármagni.

Í þessu sambandi má benda á, að fyrirhugað er að nota flugvél til dreifingar fræi og áburði að reynslu erlendra þjóða.

Um 17. gr.

Þar sem hér er um geysiviðfeðmt verkefni að ræða, verður ekki hjá því komizt að gera rækilega skipulags- og framkvæmdaáætlun, er nái yfir nokkurt árabil.

Hér er gert ráð fyrir 10 ára áætlun, þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að fullnægjandi reynsla fáist á skemmri tíma.

Um 18. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru þau nýmæli, að gert er ráð fyrir græðslu lands með áburði einum og án friðunar. Þessi aðferð er í notkun erlendis og hefur lítils háttar verið reynd hér með árangri.

Um 20. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um IV. kafla.

Aðalinnihald þessa kafla er um verndun landgæða, og nær það bæði til þess lands, sem sandgræðslan hefur þegar tekið til græðslu á einn eða annan hátt, og þess beitilands, sem ástæða er til að ætla að geti verið í hættu vegna ofbeitar eða af öðrum ástæðum.

Þykir sjálfsagt, að sandgræðslan hafi mjög ákveðið og sterkt íhlutunarvald yfir þeim löndum, sem eru undir hennar umsjá hverju sinni, svo að sú landgræðsla, sem verið er að vinna að á hverjum stað, beri sem fyllstan árangur.

Um 21.—22. gr.

Í þessum greinum er það nýmæli, að héraðsráðunautum er ætlað að fylgjast með fjölda búfjár á afréttarlöndum svo og vænleika þess og afurðum. Þetta er nauðsynlegt, því að sýni það sig skyndilega, að vænleiki og afurðir búpenings á afréttarlöndum fari rýrnandi, án þess að hægt sé að sjá, að gróðri hnigni, ætti það að gefa vísbendingu um þörf fyrir athugun og aðgerðir í málinu.

Um 23.—24. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Nauðsynlegt er að gefa sandgræðslustjóra mjög sterkt íhlutunarvald um ítölu í löndum þeim, sem sandgræðslan er með framkvæmdir á, skv. III. kafla laga þessara, og þyrftu lögin um ítölu að endurskoðast í því tilliti.

Um V. kafla.

Kafli þessi er nýmæli og fjallar um athuganir og tilraunir í þágu sandgræðslunnar.

Um 25. gr.

Rétt þykir að samræma allar tilraunir og athuganir í jarðrækt, og því heyrir þessi tilraunastarfsemi undir tilraunaráð jarðræktar.

Rétt þykir að ákveða með lögum þessum, að sandgræðslustjóri eigi sæti í tilraunaráði jarðræktar og að ákvæði um það verði fellt inn í tilraunalögin, sem nú eru í endurskoðun.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 27. gr.

Þó að græðsla landsins sé mál allrar þjóðarinnar, nýtur bændastéttin af henni sérstakra hagsmuna. Því þykir rétt, að bændastéttin hafi einnig sérstakt framlag að bjóða, og fer vel á, að það sé í sem réttustu hlutfalli við not hvers bónda af lögunum. Við það er miðuð tillaga greinar þessarar um 1 kr. gjald af hverri fóðraðri sauðkind og 10 kr. gjald af hverjum stórgrip. Eftir síðustu talningu búfjár (áramót 1956—57) nemur þetta gjald.

706.3 þús. kr. af sauðfé
475.1 — — — nautgripum
og 339.3 — — — hrossum
1520.7 þús. kr. (Í frv. er gjald þetta lækkað.)

Um 28. gr.

Undanfarin ár hefur verið lagt sérstakt gjald á sumar tegundir vindlinga og því varið til skógræktar (landgræðslusjóðs). Þetta gjald hefur þótt fyrirhafnarsamt um innheimtu, en síðustu ár hefur skógræktin haft af því um 1200 þús. kr. tekjur á ári. Hér er lagt til, að lagt sé fast hundraðsgjald á útsöluverð allrar tóbaksvöru og skiptist gjaldið síðan að jöfnu milli sandgræðslunnar og skógræktarinnar. Gjald þetta *mundi* nema að óbreyttum aðstæðum um 3 millj. kr. á ári, og kæmi um 1.5 millj. kr. í hlut sandgræðslunnar og jafnmikið, eða 1.5 millj. kr., í hlut skógræktarinnar. (Í frv. er ekki kveðið á um hluta skógræktarinnar, þar sem það þykir fremur eiga heima í öðrum lögum.)

Um 29. gr.

Undanfarin ár hefur allt innflutt kjarnfóður verið undanþegið bæði verðtolli, sem samkvæmt tollskrá er 8% af cif-verði, og yfirfærslugjaldi, sem er 16%. Árið 1956 námu þessar ívilnanir alls rúmlega 7.8 millj. kr., og var þar af eftirgjöf á verðtolli 2.6 millj. kr., en á yfirfærslugjaldi 5.2 millj. kr. Á þetta var litið sem fríðindi fyrir landbúnaðinn, og hefur svo verið fram að þessu fyrir hvern einstakan bónda. Þessi fríðindi hafa leitt til mjög aukinnar kjarnfóðurnotkunar, en aukin kjarnfóðurnotkun aðallega til aukinnar mjólkurframleiðslu. Nú er svo komið, að mjólkurframleiðslan er meiri orðin en þjóðin þarfnast til eigin neyzlu, en verð það, er fæst fyrir útfluttar mjólkurafurðir, mjög lágt, svo lágt, að ekki fæst nema 30—50 aurar fyrir hvern lítra af mjólk, sem varið er til framleiðslu á útfluttum mjólkurafurðum, og hlýtur því þessi mikla kjarnfóðurnotkun að leiða til annars tveggja, geysimikilla verðuppbóta úr útflutningssjóði á útfluttar mjólkurafurðir eða mikillar verðlækkunar á mjólk til framleiðenda. Hins vegar er hér um að ræða fríðindi, sem landbúnaðinum hafa þegar verið veitt, og sýnist ekki rétt að taka þau af honum, nema honum sé veitt annað í staðinn, en það mætti þá ekki vera með þeim hætti, að það leiddi framleiðsluna afvega og hefði í för með sér bein útgjöld fyrir hið opinbera auk tekjumissisins vegna fríðindanna. Með því að innheimta tollinn og útflutningsgjaldið og verja síðan til hagsbóta og verðuppbóta á þær útflutningsvörur landbúnaðarins, sem hagstæðast yrði að flytja út, yrði, svo sem kostur er, sneitt hjá þessu hvoru tveggja. Unnt yrði vegna rýmri haga að auka þá útflutningsframleiðsluna, sem hagstæðust er til útflutnings, og tryggja það jafnframt, að hún yrði sem arðgæfust bæði með rýmindum í högum og tryggingu verðs hennar. (Í frv. er gjald þetta fellt niður, enda hefur nú verið lögleitt yfirfærslugjald á kjarnfóðri eins og öðrum innfluttum vörum.)

Hér er lagt til, að aðeins hálfu yfirfærslugjaldinu sé varið til hagabóta (þ. e.

sandgræðslu til beitarafnota), en ætlazt er til, að hálfu yfirfærslugjaldinu og verðtollinum sé varið til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur.

Um 30.—33. gr.

Þurfa ekki skýringa.

B. Kristjánsson. Páll Sveinsson.
Steingr. Steinþórsson, Arnór Sigurjónsson,
með fyrirvara um 29. gr. frv. með fyrirvara um 2. gr. frv.

Fylgiskjal II.

Greinargerð og tillögur búnaðarþings um frumvarpið.

Frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Lagt fyrir af landbúnaðarráðherra.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 19 shlj. atkv.:

Búnaðarþing ályktar að mæla með frumvarpi til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, er samið var af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði að tilhlutan Alþingis. Eftirfarandi breytingar vill búnaðarþing þó gera á frumvarpinu:

Við 9. gr.:

Aftan við fyrstu málsgrein bætist: „... að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú er skóglendi eða skjólbelti innan sandgræðslugirðingar, og skal þá girðing fullnægja ákvæðum 16. gr. laga um skógrækt.“

15. gr. orðist svo:

„Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem er girt fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður taka fénaðinn í gæzlu og tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eigi fénaðinn. Hreppstjóri skal tilkynna eigendum eða umráðamönnum fénaðarins, að þeir verði að hirða hann innan ákveðins tíma. Sé fénaðurinn ekki hirtur, skal hreppstjóri ákveða, hvar skepnunum skuli sleppt, en umráðendur þeirra skulu borga hreppstjóra áfallinn kostnað. Komist sömu skepnur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, skal sandgræðsluvörður afhenda hreppstjóra fénaðinn, en hreppstjóri sér til þess, að umráðamaður fénaðarins taki skepnurnar í örugga gæzlu í girðingu, er hreppstjóri tekur gilda. Sleppi fénaðurinn úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, svo sem unnt er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan það, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati úttektarmanna.“

Við 16. gr.:

Upphaf greinarinnar orðist svo: „Auk fjár þess, sem veitt er árlega á fjárlögum ...“ o. s. frv.

20. gr. orðist svo:

„Bændur, félög bænda, hreppsfélög eða sýslufélög geta efnt til landgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum, og skal landið vera í umsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Sandgræðslustjóri og landeigendur eða umráðendur lands skulu gera með sér samning, þar sem greint er um afnot landsins og um hversu kostnaður við landgræðsluna skiptist. Aldrei skal þó landeigandi greiða minna en einn þriðja hluta kostnaðar og eigi meira en tvo þriðju hluta.

Heimilt er hreppsfélagi eða sýslufélagi að innheimta gjald af eigendum búpenings í hreppnum eða sýslunni eftir fénaðareign þeirra og eftir þeim regl-

um, er þau setja og ráðherra staðfestir. Skal gjaldi þessu varið til að greiða, að meira eða minna leyti, þann hluta kostnaðar, er hrepps- eða sýslufélagi ber að greiða."

27. gr. falli niður. (Greininni breytt í frv. með hliðsjón af þessari brtt.)

28. gr. verði 27. gr. og orðist svo:
„Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 1½% gjald af útsöluverði vörunnar, er renni til Sandgræðslu Íslands. Skal Tóbakseinkasalan standa skil á þessu gjaldi."

29. gr. falli niður. (Greinin felld niður í frv.)

30. gr. verði 28. gr., og í stað orðanna:
„... ákvæðum 27., 28. og 29. gr." komi: ... 27. grein.

32. gr. verði 30. gr., og upphaf greinarinnar orðist þannig: Landbúnaðarráðuneytið skal með reglugerð setja ... o. s. frv.

Greinargerð:

Í frumvarpi þessu, sem hér fer á eftir, er gert ráð fyrir stórauknum verkefnum sandgræðslunnar við græðslu lands til beitar í viðbót við fyrri starfsemi hennar til varnar eyðingu lands og uppgræðslu foksvæða. Til að valda hinu aukna starfi eru einnig ráðgerð mjög aukin fjárráð sandgræðslunnar, bæði úr ríkissjóði og eftir öðrum leiðum. Mun láta nærri, að starfsfé yrði, að frumvarpinu óbreyttu, um 10.5 millj. kr. á ári, þar af frá bændastéttinni sér í lagi fullar 4 millj. kr. sem gjöld af búfé og af innfluttu fóðri.

Nefndin getur ekki fallizt á, að réttmætt sé að ætla bændastéttinni í heild að bera sandgræðsluna uppi að svo stórum hluta, þar sem ætla má, að gagnið af starfinu falli mjög misjafnt í hlut bænda. Ef til þess kæmi að skattleggja bústofn í þessu skyni, telur nefndin, að um leið hlytu bændur að krefjast þess, að nánar yrði kveðið á um, hvar fénu væri varið til framkvæmda.

Nefndin telur, að landgræðslan, samkvæmt skipulögðum áætlunum um allt að 10 ára tímabil, sé svipað og sandgræðslan alþjóðarmál, sem þegnarnir verði að kosta sameiginlega. Hins vegar telur nefndin, að réttmætt geti verið að gera miklar kröfur um kostnaðarþátttöku þeirra bænda eða sveitarfélaga, sem óska aðstoðar landgræðslunnar við ræktun bithaga í heimalöndum eða á afréttum. Með þessi sjónarmið í huga leggur nefndin til, að 20. gr. verði breytt þannig, að hún feli í sér breytilega þátttöku bænda í kostnaði við græðslu lands.

Fyrir öðrum veigaminni breytingartillögum nefndarinnar verður gerð grein í framsögu.

Fylgiskjal III.

Sandsvæði girt og tekin til græðslu.

1. Reykir á Skeiðum. Hið fyrsta foksvæði, sem Sandgræðsla Íslands girti og tók til græðslu, er í landi Reykja á Skeiðum í Árnessýslu. Af uppblæstri þar stafaði þó bráð hætta, er vofði yfir hinni grösugu sveit og jafnvel yfir hluta af Flóanum líka.

Þar var girt 1908—09 9880 m löng girðing um 265 ha. lands. Skjólgarðar voru hlaðnir úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Foksvæðið er nú að mestu algróið mel og vinglum, auk þess hafa bændur á Reykjum, en þar er nú fjórbýli, ræktað víðlend tún innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem áður var blásið land, en eigi örfoka.

Í sandgræðslugirðingunni á Reykjum voru á fyrri árum sandgræðslunnar gerðar ýmsar tilraunir og athuganir varðandi sandgræðslu.

2. Þykkvibær. Árið 1909 var lögð girðing milli Hólsár að austan og vestur í Þjórsá, sunnan byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi, girðingin var aukin 1928, alls 2160 ha., lengd 9030 m.

Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni

3. Kaldaðarnes í Árnessýslu. Foksvæði meðfram Ölfusá, girt 1910, 3000 m, 24 ha. Svæðið var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð á stríðsárunum og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endurbætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki — Óseyrarnes. Foksvæði við sjó, vestan þorpsins á Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá, girt 1911, en girðingin stækkuð 1922.

Þar voru grjótgarðar hlaðnir og fræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum innan girðingarinnar, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Sandsvæði við sjó norðan og austan við þorpið í Bolungavík. Girt 1914 6925 m, 145.5 ha.

Foksvæðið er nú að fullu gróið, að mestu leyti melgróður. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður til áburðar.

6. Kaldárholt, Akbraut. Í Holtahreppi í Árnessýslu. Foksvæði við Þjórsá. Sá hluti svæðisins, sem er í landi Kaldárholts, girtur 1914, en land Akbrautar, sem er eyðibýli, 1931. Girðingin 6130 m, 293.9 ha.

Melfræi sáð, að litlu leyti við skjólgarða. Landið er nú algróið að mestu.

7. Landsveit. Hin miklu foksvæði í Landsveit í Rangárvallasýslu voru girt í tvennu lagi. Árið 1922 var suðurhlutinn girtur, en norðurhlutinn 1941. Er hér um að ræða mikinn hluta sveitarinnar milli Þjórsár og Ytri-Rangár, þar sem lá við algerðri auðn, áður en hafizt var handa um friðun og sandgræðslu. Lengd girðinga er 67200 m, 8142.2 ha. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Landið innan girðinga er í heild mikið gróið, aðeins moldarflesjur, að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Innan girðinga í Landsveit hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt í Rangárvallahreppi. Býlið fór að fullu í eyði 1949. Girt 1925, 1475 m, 95 ha., en er nú orðinn hluti af Gunnarsholtssvæðinu innan girðinga þeirra, sem taldar eru undir tölu 10.

Innan Bolholtsgirðingarinnar var sáð melfræi. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur í Landsveit. Sérstök girðing lögð 1925 og stækkuð 1934 um sérstakt foksvæði án samhengis við hin miklu foksvæði í Landsveit, töluliður 7.

Landið var afhent eiganda jarðarinnar, eftir að unnið hafði verið þar að græðslu fram um 1940. Árið 1956 tók sandgræðslan landið aftur í sína vörzlu, þar eð fokhætta virtist vofa yfir að nýju vegna lélegrar vörzlu og ofbeitar.

Lengd girðingar er 5885 m, landstærð 90 ha.

10. Gunnarsholt. Hið forna býli, Gunnarsholt á Rangárvöllum, fór að fullu í eyði 1925, eftir að hús og tún hafði verið flutt um set tvívegis. Á árunum 1928—29 byggir sandgræðslan aftur upp á jörðinni og hefur þar búskap, en fyrsta sandgræðslugirðingin um land á þessu svæði er lögð 1926. Girðingar voru færðar út og ný svæði tekin til vörzlu 1938 og 1945. Alls lykja nú hinar svonefndu Gunnarsholts-

girðingar um 11378.2 ha. lands og eru að lengd 68100 m. Auk heimalands Gunnarsholts er hér um að ræða fleiri eyðijarðir og hluta af löndum margra jarða á Rangárvöllum ofanverðum, sem eru í byggð.

Á Gunnarsholtssvæðinu hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu á landi hér, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar ýmist í blöndur eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Hefur sú ræktun gengið afbragðs vel.

Mjög mikið land innan Gunnarsholtgirðinga er nú fullgróið, sérstaklega þar sem friðunarinnar hefur gætt lengst, og tún ræktuð til slægna eru um 260 ha. Hin síðustu ár hefur árlega verið borið á um 350 ha. Hið gróna land utan túns er víst mest notað til beitar fyrir nautpening (í haust verða settir á um 250 gripir), en auk þess er um 300 fjár beitt á sérstaklega afgirt svæði, sem eru algróin.

11. Keldur á Rangárvöllum. Á Keldum er fyrst af öllum stöðum á Suðurlandi hafin merkileg viðleitni að verjast uppblæstri og sandfoki, áður en Sandgræðsla Íslands hóf starf sitt, en norðan Keldna eru óvarin afar víðlend foksvæði í Hekluhraunum, sums staðar örfoka, sums staðar nokkuð gróin á ný, en þó háð hættu af foki.

Árið 1926 var girt 5180 m girðing um 107.5 ha. af heimahögum og hluti af túni á Keldum. Hefur með því tekizt að verja höfuðból þetta frá fullri eyðingu. Melfræi var sáð, rof og börð jöfnuð. Landið innan girðingar er nú algróið. Mikil hætta vofir enn yfir norðurhluta Keldnalands, aukist þar beit án vörzlu.

12. Hemla o. fl. í Austur-Landeyjum. Foksvæði við Þverá norðan og austan Hemlu, en fleiri jarðir eiga þar land. Girt 1927 12905 m, 1094 ha. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar í Meðallandi. Foksvæði í landi þeirrar jarðar girt 1927, 3365 m, 113.2 ha. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Kambsskeið í Holtum. Moldarfoksvæði í landi Hvamms og nærliggjandi jarða í Holtum. Girt 1928, 7160 m, 176.7 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

15. Strönd í Selvogi. Foksvæði umhverfis Strandarkirkju í Selvogi. Ágangur af sjávarsandi og landbrot af brimi. Framkvæmdir hafnar 1928 samkvæmt sérstakri löggjöf (lög nr. 50 7. maí 1928). Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

16. Bjarnarstaðir í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1550 m, 13.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu algróið, ágætt slægjuland.

17. Mýri í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1510 m, 15 ha. Melfræi sáð. Algróið og gott slægjuland.

18. Axarfjörður (norðurgirðing). Norðvestan við Skóga í Öxarfjarðarhreppi, sandsvæði við sjó. Girt 1929, 9200 m, 821 ha. Melfræi sáð. Landið gróið að mestu nema næst sjónum.

19. Sauðlauksdalur. Skeljasandfok frá sjó, svo sem kunnugt er og frægt frá tíð séra Björns Halldórssonar. Fyrst girt 1929, 2130 m, 55 ha., til þess að verja tún staðarins. Önnur girðing 1942, 14 km, um 1800 ha. Túnið er varið fyrir sandfoki. Melfræi sáð og hefur þrifizt vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upphækkanirnar.

20. Axarfjörður (syðri girðing). Foksvæði austan og sunnan við Ærlækjarsel í Axarfirði. Girt 1931, 13513 m, 1121 ha. Melfræi sáð. Landið að mestu fullgróið. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

21. Vík í Mýrdal. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið, svo að sandskaflar hlóðust að húsum.

Girt 1933, girðing færð út 1945, alls 2550 m, 16.7 ha.

Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

22. Kópasker. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið. Girt 1934, 1339 m, 16 ha. Melfræi sáð. Er nú algróið, og rísa nú reisuleg hús innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem sandskaflar voru á hreyfingu áður fyrr.

23. Kirkjubæjarklaustur. Uppblástur við túnið meðfram Skaftá og heimreið á staðinn. Girt 1934, 2855 m, 44.4 ha. Melfræi sáð, þreifst illa. Sandfaxi og vingli sáð hin seinni ár með góðum árangri, og er nú verið að breyta landinu í tún.

24. Þorlákshöfn og Nes. Uppblásturssvæði meðfram sjó og allt norður til Selvogsheiðar frá Ölfusá að austan og að byggð í Selvogi að vestan.

Girt 1935, 21840 m, 7797.8 ha. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa, þó bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði. Athafnalíf í Þorlákshöfn, svo sem fiskverkun, lítt hugsanleg, nema takist að hefta sandfokið.

25. Hvoll í Mýrdal í Dyrhólahreppi. Foksvæði meðfram sjó, sandur gekk á túnin. Girt 1935, 3190 m, 125.7 ha. í sjó fram, en kom ekki að notum.

Árið 1956 var girðingunni breytt og hún stækkuð, girt úr Klifanda að vestan í Dyrhólaey.

26. Arnarnes í Kelduhverfi. Foksvæði við sjó. Girt 1935, 3355 m, 524.4 ha. Melfræi sáð. Er að mestu gróin fjölbreyttum gróðri.

27. Hólabæir, Vestur-Landeyjum. Upphaflega uppblástur frá Þverá. Girt 1938, 7200 m, 348.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið að taka nær ¼ af landinu úr vörzlu og breyta girðingu í samræmi við það.

28. Hafnahreppur, Gullbringusýslu, Sandsvæði meðfram sjó, á svæðinu frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Girt 1938, 19950 m, 5963 ha. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingli o. fl. grastegundum. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

29. Önundarstaðir í Austur-Landeyjum. Sandur frá sjó. Girt 1939, 5602 m, 56 ha. Jörðin var þá í byggð, og var túnið varið með því að sá melfræi næst því. Síðar lagðist jörðin í eyði, og var girðingin þá tekin upp, þar eða landið er innan Landeyjagirðingar, sem lögð var 1955 (sjá tölulið 44).

30. Sandgerði í Gullbringusýslu. Foksvæði við sjó, og gekk sandur á þorpið. Girt 1941, 3188 m, 31.3 ha. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróið, aðallega melgróðri.

31. Dimmuborgir í Mývatnssveit. Foksvæði í hrauni. Girt 1942, 8016 m, 422 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðzt út um svæðið af sjálfsdáðum.

32. Ássandur, Kelduhverfi. Foksvæði vestan Jökulsár, þar sem eitt sinn voru hinar frægu Ásengjar. Girt 1942, 16750 m, 6000 ha. Melfræi sáð án skjólgarða, og hefur þrifizt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítil og gróðurlaus.

33. Suðurhagar í Álftaveri. Uppblástur frá Mýrdalssandi. Girt 1944, 6200 m, 230 ha. Friðun aukin til suðurs 1948, þá girtir um 12 km, um 1200 ha. Hlaðnir grjótgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Landið er nú að mestu gróið, einkum innan eldri girðingarinnar.

34. Leiðvöllur í Meðallandi. Stórbýlið Leiðvöllur eyddist af sandfoki norðaustan úr hrauninu. Jörðin fór að fullu í eyði 1943. Girt 1944—45, 38506 m, 4967 ha. Landið var hvergi orðið örfoka, en allur gróður eyddur af foki og fokmold og sandur alls staðar á hreyfingu.

Við slík skilyrði þrífst melurinn mjög vel. Heppnaðist því sáning melfræs, sem sáð var 1946—47, ágætlega, og hefur hann síðan breiðzt út sjálfkrafa og náð afar mikilli grósku, svo að vart eru slíks dæmi annars staðar.

Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

35. Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu, norðan Mývatnssveitar. Að mestu land frá jörðum í Laxárdal. Girt sem varnargirðing á vegum sauðfjárveikivarnanna 1943—45. Sandgræðsla Íslands tók við landi og girðingu 1949. Landstærð um 6000 ha., lengd girðingar um 40 km. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

36. Berjanes í Vestur-Landeyjum. Uppblástur frá Affallinu. Girt 1948, 4200 m, 700 ha. Er raunverulega stækkun á Hemlugirðingu (sjá tölulið 12 hér að framan). Sjálfgræðsla gengur vel.

37. Lambastaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu. Foksvæði við sjó. Sandur gekk á tún jarðarinnar. Girt 1949, um 3000 m, um 300 ha. Sáð vingli og stefnt að því að gera töluvert af svæðinu að túni.

38. Meðalland í Vestur-Skaftafellsýslu. Víðáttumikið sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í sveitinni. Girt 1953 úr Kúðafljóti að vestan í Eldvatn að austan, um 40 km, um 6000 ha. Sáð hefur verið túnvingli á mörkum sands og gróðurs og borið á til að stöðva frekari gróðureyðingu, þar sem mest mæðir á. Annars má búast við mikilli sjálfgræðslu víða um sandinn (vingull og stör), einkum ef gróðurinn væri styrktur með áburði.

39. Aðaldalsgirðing í Suður-Þingeyjarsýslu. Foksvæði frá sjó milli Laxár að austan og Skjálfandafljóts að vestan. Girt 1953, um 14 km, um 1500 ha. Sáð melfræi með allgóðum árangri. Melur, sem var í landinu, hefur breiðzt mikið út.

40. Vatnsbæjagirðing. Foksvæði við sjó norðan Víkingavatns og Lóns í Keldu-hverfi. Girt 1953—54, um 11 km, um 1100 ha. Melfræi sáð í mjóar spildur, þvert á fokáttina. Borinn tilbúinn áburður á melgróður, sem er fyrir í landinu, og reynt að fá hann til að breiðast út um sléttan sandinn.

41. Breiðavík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1953—54, um 12 km, um 1200 ha. Sáð melfræi, vingli og sandfaxi. Árangur misjafn, sandurinn víða of blautur fyrir slíkan gróður. Reynt er að hækka sandinn með því að setja upp trégirðingar, sem fýkur að.

42. Kollsvík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1954—55, um 6200 m, um 700 ha. Sáð melfræi með góðum árangri.

43. Hólssandur, austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan byggðar í Axarfirði. Stór-fellt sandfok úr suðri, er stefndi á byggðina. Girt 1954, um 40 km, um 600 ha. Settir upp um 45 km af timburgirðingum, sáð meðfram þeim melfræi og vingli og borið á. Hefur þegar náðst sá árangur, að fullar vonir standa til, að hinni bráðustu hættu sé bægt frá, en þörf mikilla aðgerða hin næstu ár og lengi enn.

44. Landeyjar. Sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í Austur- og Vestur-Landeyjum alla leið frá Hólsá að vestan til Markarfljóts að austan. Girt 1955, um 40 km, 11000—12000 ha. Settir hafa verið upp um 35 km af timbur-görðum, melfræi sáð meðfram og borið á. Eiga garðarnir að gera hvort tveggja að stöðva fok og hækka landið.

45. Vík í Mýrdal. Foksandur frá Mýrdalssandi austan kauptúnsins meðfram þjóðvegi, milli hans og Víkurhamra. Girt 1955—56, um 500 m, um 115 ha. Sáð vingli og sandfaxi til túnræktunar með mjög góðum árangri.

46. Bakkabæir á Rangárvöllum. Foksvæði við Þverá. Girt 1956, um 9000 m, um 540 ha. Sáð vingli, melfræi og sandfaxi.

47. Skógasandur. Girt 1955, 12 km, 1000 ha. Sáð 1955 í 1000 ha. vingli og vallar-foxgrasi (25 og 75%). Sáð 1956 í aðra 100 ha. sömu tegundum (75 og 25%). Sáð 1957 í 30 ha. túnvingli.

Borið á og gengið frá, svo sem um túnrækt sé að ræða. Landið notað til beitar og slægna. Svæðið er allt úr landi Skóga, en afsalað í hendur Sandgræðslu Íslands.

Sandgræðslan lagði til allt girðingarefni og grasfræ og lét í té framlag til áburðarkaupa. Bændur í Austur-Eyjafjallahreppi unnu að girðingu og ræktunarstörfum og árangurinn í umsjá sandgræðslunnar.

48. Sólheimasandur. Girt 1956, 3200 m, 60 ha. Sáð 1956 í 18 ha. túnvingli og vallarfoxgrasi (75 og 25%). Sáð 1957 í 3 ha. túnvingli. Landið er eign Sólheimabænda. Um girðingu, fræ og áburð er sama að segja og um Skógasand. Landið notað til slægna.

49. Skaftárdalur á Vestur-Síðu. Moldfok. Girt 1955, um 4000 m, um 112 ha. Sandgræðslan lagði til girðingarefni og fræ. Sáð var 1956 í 6 ha. til túnræktar, túnvingli og vallarfoxgrasi til helminga. Framkvæmd í höndum bóndans.

50. Randir í Mývatnssveit. Foksvæði norðaustanvert við Námaskarð, norðan þjóðvegarins. Girt 1957, 8500 m, 1125 ha.

Randsáð í 30 ha. melfræi.

Sandgræðslusvæði, sem hafa verið í vörzlum Sandgræðslu Íslands, en voru afhent hlutaðeigandi aðilum fyrir 1940:

1. Miðhús í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
   Moldaruppblástur, girt 1910, 1550 m, 15 ha.
2. Mjósyndi í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
   Girt 1913, 2700 m, 65 ha.
3. Ytri-Sólheimar í Dyrhólahreppi.
   Moldarrof í hlíðarbrekkum. Girt 1913, 2400 m, 38 ha.
4. Stóra-Hof á Rangárvöllum.
   Sandágangur frá Geitasandi, sem hótaði öllu graslendi á Stóra-Hofi, sem í raun-inni er aðeins gróðurspilda meðfram Eystri-Rangá. Girt 1926, 3520 m, 71.8 ha.
5. Reynifell á Rangárvöllum.
   Uppblástur suður af Hekluhrauninu, er stefndi á túnið. Girt 1930, 3200 m, 36 ha.

Sandgræðsla, sem styrkur hefur verið veittur til, án þess að Sandgræðsla Íslands annaðist framkvæmdir:

1. Syðri-Fjörður í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.
   Sandur við sjó. Girt 1944, um 1500 m, um 10 ha.
2. Grænavatn í Mývatnssveit.
   Árið 1945 voru hin svonefndu Sellönd suður af Grænavatni girt og veittur styrkur til þess úr ríkissjóði, er nam verði á öllu girðingarefni, komnu á næstu höfn.
   Lengd girðingar um 11 km, landstærð um 2000 ha.
   Þar var um mikinn uppblástur að ræða, sem tókst að hefta með friðun og sáningu melfræs. Landið er nú verðmætt beitiland.
3. Stjórnarsandur á Síðu.
   Sandsvæði milli Stjórnar og Skaftár. Girt 1950, um 4000 m, um 2000 ha. Sandgræðslan lagði til efni í girðinguna, komið á staðinn.

— — —

Samkvæmt þessari talningu hefur sandgræðslan náð til:

1. Fimmtíu svæða, sem enn eru í vörzlu Sandgræðslu Íslands, sem eru alls að flatarmáli um 101176.6 ha. og girðingar um þau um 669.6 km.
2. Fimm svæða, sem hafa verið afhent hlutaðeigandi aðilum, eftir að sandgræðslan hafði haft þau til meðferðar.
   Þessi fimm svæði eru alls um 225.8 ha. og lengd girðinga um 13.4 km.
3. Þriggja svæða, sem veittur hefur verið styrkur til að friða. Landstærð um 4010 ha., lengd girðinga um 16.5 km.

Ed. **50. Breytingartillögur** [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1957.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 komi nýr liður:
   Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 komi nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 komi nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 komi nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21 komi nýir liðir:
   a. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   b. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   c. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) komi: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 komi nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.
8. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
   Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
9. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi utan Hafnarár um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
10. Aftan við B. 72 bætist:
    með álmum: a) að Bjarnarstöðum, Þverdal og Kverngrjóti; b) að Kjarlaksvöllum.
11. B. 73 orðist svo:
    Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.

Nd. 51. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir A. 39 komi nýr liður:
   Bugavegur: Af Vetleifsholtsvegi við Vetleifsholt um Hellatún á þjóðveginn við Ás.
2. Á eftir A. 54 komi nýr liður:
   Hólmabæjavegur: Frá vegamótum á Markarfljótsaurum um Dalsel, Borgareyrar og Svanavatn á Landeyjaveg syðri norðan Miðeyjar.
3. Á eftir A. 57 komi nýr liður:
   Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi sunnan Lambafells um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.

Nd. 52. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Mæla undirritaðir nefndarmenn með frumvarpinu óbreyttu, en tveir nefndarmanna (EOl og SkG) óskuðu eftir, að afgreiðslu málsins í nefndinni væri frestað.

Alþingi, 3. des. 1959.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Davíð Ólafsson.

Nd. 53. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað í málinu. Þótt eðlilegt sé yfirleitt að afgreiða slík frv. sem þessi fyrir ríkisstjórnir, þá stendur nú sérstaklega á, þar sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að brjóta þá föstu lögbundnu venju að skýra Alþingi frá ásigkomulagi ríkissjóðs, svo sem ætíð hefur verið gert við 1. umr. fjárlaga, — og enn fremur er augljóst orðið, að ríkisstjórnin er að búa sig undir að taka upp stórskaðlega stefnu í efnahagsmálum, sem hún virðist vilja leyna Alþingi og hindra umræður um, unz hún hefur utan vébanda Alþingis knúið stuðningslið sitt á þingi til fylgis við slík áform.

Ég álít því óhjákvæmilegt, að fram fari í þinginu 1. umræða um fjárlögin og umræður um efnahagspólitík ríkisstjórnarinnar, áður en heimild sú sé gefin, er frv. þetta fer fram á.

Ég legg því til, að samþykkt verði í málinu svo hljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Þar sem deildin álítur óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin geri við 1. umr. fjárlaga grein fyrir ástandi ríkissjóðs, svo sem lög gera ráð fyrir, og skýri Alþingi frá efnahagsstefnu sinni, áður en þetta frv. er samþykkt og þingfundum síðan frestað, ákveður deildin að fresta meðferð þessa frv. að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1959.

Einar Olgeirsson.

Nd. 54. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Benedikt Gröndal.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

1. Á eftir B. 25 komi nýr liður:
   Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.
2. Á eftir B. 28 komi nýr liður:
   Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalsstaði að Neðranesi.
3. Á eftir B. 29 komi þrír nýir liðir:
   1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Leggjulæk að Selhaga.
   2. *Hlíðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
   3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.
4. B. 32 orðist svo:
   Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki um Hárekssstaði og Skarðshamra á Glitstaðaveg.
5. Á eftir B. 32 komi nýr liður:
   Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga á Vesturlandsveg á Kolás.
6. Á eftir B. 34 komi nýr liður:
   Straumfjarðarvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Vogalæk að Straumfirði.
7. B. 36 orðist svo:
   Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.
8. Á eftir B. 39 komi nýr liður:
   Seljavegur: Af Hraunhreppsvegi á Kolás um Selja í Hólstanga.
9. B. 40 orðist svo:
   Staðarhraunsvegur: Af Stykkishólmsvegi á Raftás um Staðarhraun að Hítardal.
10. Á eftir B. 40 komi nýr liður:
    Hítarárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjarbug að Skiphyl.
11. Á eftir B. 41 komi fimm nýir liðir:
    1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
    2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.

3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
4. *Höfðavegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Haffjarðarár upp með ánni að Höfða.
5. *Ytri-Rauðamelsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergs að Ytri-Rauðamel.

12. B. 46 orðist svo:
Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.
13. B. 49 orðist svo:
Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.
14. Á eftir B. 49 komi nýr liður:
Staðastaðarvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Staðarár að Staðastað.
15. Á eftir B. 53 komi nýr liður:
Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.
16. Á eftir B. 57 komi nýr liður:
Krossnesvegur: Af Eyrarsveitarvegi utan Háls um Kvíabryggju að Krossnesi, með álmu að Lárkoti.
17. Á eftir B. 60 komi tveir nýir liðir:
1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
2. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

18. Á eftir B. 62 komi nýr liður:
Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um öflun lánsfjár vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar).

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Jón Kjartansson, Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á öflun lánsfjár allt að 12 milljónum króna til að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar). Verði athugun þessari lokið sem fyrst og eigi síðar en svo, að niðurstaða liggi fyrir 15. marz 1960.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu Alþingi fluttu Áki Jakobsson, þáverandi þingmaður Siglfirðinga, o. fl. á þingskjali 422 frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar). Er greinargerð með frumvarpinu prentuð sem fylgiskjal með þáltill. þessari.

Frumvarpi því, sem hér að framan getur, var vísað til fjárhagsnefndar Nd., og þann 9. maí s. l. afgreiddi hún frumvarpið af sinni hálfu með nefndaráliti, þar sem sagði svo í niðurlagi þess:

„Nú er liðið að þinglokum og því ekki hægt að búast við, að frv. þetta geti orðið samþykkt sem lög á þessu þingi. Samþykkt þess er heldur ekki aðkallandi nú, þar sem ekki er þörf fyrir lántöku vegna vegagerðarinnar á þessu ári. Telur nefndin heppilegast, að ríkisstjórnin ásamt bæjarstjórnunum á Siglufirði og Sauðárkróki og

sýslunefnd Skagafjarðarsýslu taki til athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða möguleikar eru til öflunar lánsfjár til verksins. Og í trausti þess, að þannig verði unnið að málinu, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ekki er kunnugt um, að athuganir á öflun lánsfjár til umræddrar framkvæmdar í samræmi við afgreiðslu fjárhagsnefndar Nd., sem hér að framan er getið, hafi leitt til ákveðinnar niðurstöðu. Hins vegar telja flm. þessarar þáltill. það vera knýjandi nauðsyn, að möguleikar á slíkri lánsfjáröflun, sem fyrrnefnt frumvarp gerir ráð fyrir, verði athugaðir til hlítar sem fyrst, enda eru engar horfur á, að því mikla mannvirki, sem hér ræðir um, verði lokið á eðlilegum tíma, án þess að lánsfjár til framkvæmdarinnar verði aflað. Er það í því skyni, að þeim athugunum verði hraðað, sem þessi þáltill. er flutt.

Fylgiskjal.

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því að leggja veg frá Siglufirði út fyrir Stráka og byggja þar bílgöng til þess að tryggja Siglufjarðarkaupstað samband við vegakerfi landsins árið um kring. Þetta mál er mjög aðkallandi, bæði fyrir Siglfirðinga og Skagfirðinga, og er ríkjandi mikill áhugi fyrir því, að þessu verki verði hraðað sem mest. Stærsta átakið við lagningu þessa vegar eru bílgöng þau, um 900 m löng, sem þarf að gera í fjallinu Strákar fyrir utan Siglufjarðarkaupstað. Gerð bílganganna er stórvirki, sem ekki er hægt að vinna í smápörtum, svo sem gera þyrfti, ef eingöngu væri unnið fyrir fjárveitingu hvers árs fyrir sig. Því hefur sú hugmynd komið upp, að leitazt verði við að afla lánsfjár til þess að vinna þetta verk fyrir, og vilja bæjar- og sýslufélög þau, sem hlut eiga að þessu máli, taka að sér að greiða vexti af væntanlegu láni, gegn því að þau fái að leggja skatt á hverja bifreið, sem fer um hin væntanlegu bílgöng, til þess að geta staðið undir vaxtagreiðslunni.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í því skyni að afla nauðsynlegra heimilda til framangreindrar lántöku. Flm. hafa orðið sammála um að láta heimild laganna um lántöku ná til vegagerðarinnar allrar frá Siglufirði að Stafá á mörkum Fljóta og Sléttuhlíðar. Mundi þetta í framkvæmdinni verða þannig, að fjárveitingar til Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) og Siglufjarðarvegar verði notaðar jöfnum höndum til þess að ljúka allri vegagerð þessari ásamt væntanlegu lánsfé. Þegar til lántökunnar kemur, þurfa svo bæjarstjórnirnar og sýslunefndin, sem hlut eiga að máli, að koma sér saman um, hvernig þær skipta ábyrgðinni á vaxtagreiðslunum milli sín.

Sem fylgiskjal með greinargerð þessari birtum við svo álitsgerð vegamálastjóra um byggingu Strákavegar og bréf það, sem bæjarstjórnin á Siglufirði hefur ritað flm. Þá er og birt sem fylgiskjal símskeyti, sem þingmönnum Skagfirðinga hefur borizt frá sýslumanni Skagfirðinga.

Fskj. 1.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 11. marz 1959.

Siglufjarðarvegur ytri.

Með tilvísun til viðræðna alþingismannanna Áka Jakobssonar, Gunnars Jóhannssonar og bæjarfulltrúanna Ragnars Jóhannessonar og Stefáns Friðbjarnarsonar við mig og Snæbjörn Jónasson verkfræðing á vegamálaskrifstofunni hinn 10. þ. m., þá hef ég látið athuga lauslega, hvernig heppilegast væri að haga framkvæmdum við Siglufjarðarveg ytri, ef lánsfé væri fyrir hendi til þess að vinna verkið á hagkvæman hátt.

Haustið 1956 var heildarkostnaður við byggingu Siglufjarðarvegar ytri áætlaður á 10.0 millj. kr., ef hægt væri að vinna verkið nokkurn veginn í samhengi, þ. e. vinna göngin strax í fullri breidd og halda nokkuð viðstöðulaust áfram. Miðað við þessa áætlun skiptist kostnaður þannig:

Jarðgöng	6.7	millj. kr.
Vegagerð	2.0	— —
Brýr	1.3	— —
Alls	10.0	millj. kr.

Árið 1957 og 1958 var unnið að vegagerð frá Siglufirði að mynni jarðganganna Siglufjarðarmegin, byggð brú á Selgil og unnið mikið við sprengingar og hreinsun á skriðum við mynni jarðganganna. Endanlegir reikningar um kostnað á s. l. ári liggja ekki fyrir enn þá, en heildarkostnaður bæði árin mun væntanlega vera þessi:

Brú á Selgil	200	þús. kr.
Vegagerð, sprengingar og undirbúningur	870	— —
Keypt bortæki o. þ. h.	120	— —
Alls	1190	þús. kr.

Til þessara framkvæmda hefur verið veitt fé, svo sem hér segir:

Í fjárlögum 1957 og 1958	1.0	millj. kr.
Af smábrúafé í Selgil	0.2	— —
Af benzínfé 1958	0.1	— —
Alls	1.3	millj. kr.

Kostnaður við að ljúka því verki, sem eftir er, áætlast nú þannig, miðað við núverandi verðlag (vísit. 175):

Brýr (4 smábrýr + 2 stærri brýr)	1.2	millj. kr.
Jarðgöng	8.6	— —
Vegagerð	2.7	— —
Alls	12.5	millj. kr.

Verðhækkanir, sem orðið hafa við framkvæmdir sem þessar síðan 1956, eru sem næst 25%. Þar við bætist, að nauðsynlegt hefur þótt að hækka kostnaðaráætlun um veginn nokkuð af fenginni reynslu við vegagerð í skriðunum út frá Siglufirði. Hefur komið í ljós, að skriður þessar eru mun erfiðari viðfangs en ætla mátti vegna þess, hve leirbornar og grýttar þær eru. Það samfara vatnsaga undan brekkunum hefur gert verkið mun erfiðara og dýrara en ætlað var. Búast má við því, að eitthvað af skriðunum handan við Stráka sé sama eðla svipaðs eðlis. Þá má geta þess, að síðan áætlunin frá 1956 var gerð, hafa verið settar nýjar reglur um gerð vega, og er nokkur verðhækkun af þeim sökum. Þá er nú reiknað með því, að göngin verði höfð aðeins víðari en áður, til þess að hægt yrði að nota hentuga vélskóflu við að moka grjótinu.

Áður en ég vík að tilhögun framkvæmda, er rétt að taka það fram, að eitt mesta vandamálið við byggingu vegarins er það, að með öllum veginum er ekki vitað um neina hentuga námu af nothæfri möl í slitlag á veginn. Á Siglufirði er hvergi til hentugt efni í slitlag á vegi, og norðan Siglufjarðarskarðs er engin nothæf malargryfja fyrr en við Ketilás í Fljótum. Vonir standa til, að í Mánárskriðum sé eitthvað af nothæfu efni, en búast má við, að það sé svipaðs eðlis og skriðurnar innan við Stráka, þ. e. leirbornar og grýttar. Efni þetta mætti þó með töluverðum tilkostnaði

mylja sem slitlag í veg. Af þessum sökum yrði ekki hægt að byrja að fullgera veginn frá Heljartröð að mynni jarðganga norðan Stráka, fyrr en búið væri að undirbyggja veg út í Mánárskriður. Á leiðinni þangað frá Heljartröð má þó væntanlega fá eitthvað af malarrusli, svo að hægt yrði að gera undirbyggingu vegarins þannig úr garði, að komast mætti eftir henni með nauðsynlegustu flutninga af vélum, sem ynnu að undirbyggingu vegarins, og efni í brýrnar, sem byggja þarf.

Sjálf jarðgöngin, sem nú eru áætluð á 8.6 millj. kr., má vinna á einu ári með tvískiptum vöktum, og yrði það vafalaust ódýrasta lausnin á þeim hluta verksins. Þar sem vextir af þeirri upphæð nema um 600 þús. kr. á ári, sem er meira fé en veitt hefur verið til vegarins í fjárlögum undanfarin ár, þá væri sjálfsagt að byggja þau sem síðasta áfangann, og kæmist vegurinn þá í notkun, um leið og þeim væri lokið.

Kostnaður við að byggja veginn frá Heljartröð að jarðgöngum án brúnna er nú áætlaður á 2.4 millj. kr. Þar af er undirbygging með nauðsynlegum lagfæringum, eins og að framan greinir, um 1.5 millj. kr. Það verk væri hæfilegt að vinna á 2 árum. Þyrfti til þess 3 stórar jarðýtur, miðað við, að unnið væri í 4 mánuði á ári og í tvískiptum vöktum helminginn af þeim tíma. Eftir fyrsta árið mætti hefja vinnslu malar í slitlag í Mánárskriðum, ef mögulegt reynist, og byggja þá og á þriðja ári brýrnar. Á þriðja ári yrði síðan lokið mölburði vegarins og jarðgöngum.

Til þess að fylgja þessari áætlun þyrfti fjármagn að vera fyrir hendi á hverju ári svo sem hér segir:

	Til vegar	Til brúa
1. ár Undirbygging að Mánárskriðum	750 þús. kr.	
2. — Undirbygging Mánárskriðu—Strákar ..	1000 — —	750 þús. kr.
3. — Yfirbygging vegar	950 — —	450 — —
Jarðgöng fullgerð	8600 — —	
	11300 þús. kr.	1200 þús. kr.

Ef fjárveitingar fengjust fyrstu 3 árin, sem svarar kostnaði við byggingu vegarins og brúnna, þyrfti seinasta árið að taka lán fyrir byggingu jarðganganna, eða 8.6 millj. kr.

Það skal tekið fram, að vegagerðin hefur eins og er ekki vélakost til þess að framkvæma þessa áætlun og mjög vafasamt, að hægt yrði að fá leigðar jarðýtur nægjanlega stórvirkar til verksins. Með því að vinna undirbyggingu vegarins frá Heljartröð að Strákum á 3 árum þyrfti 2 stórar ýtur, og yrði það trúlega mun auðveldara viðfangs.

Ef vinna ætti jarðgöngin í ákvæðisvinnu, sem gæti verið mjög hagkvæmt, þar sem til eru verktakar í landinu, sem hafa nauðsynleg tæki og reynslu til slíks verks, þá má væntanlega hækka áætlaðan kostnað við byggingu þeirra um 20%, eða í 10.3 millj. kr. Stafar það af því, að greiða yrði 9% gjald til framleiðslusjóðs, þar sem um ákvæðisvinnu er að ræða, og auk þess yrði verktaki að ætla sér a. m. k. 10% í áhættu og hagnað.

Ef um ákvæðisvinnu á jarðgöngunum yrði að ræða, er mjög nauðsynlegt, að unnt yrði að byrja aðeins á göngunum, áður en verkið yrði boðið út, til þess að glögg mynd fengist af gerð bergsins í göngunum. Bergið við mynni ganganna Siglufjarðarmegin er mjög fúið og lélegt, en líkur eru fyrir því, að það sé mun betra, þegar komið er um 15—20 metra. Annars mundi væntanlegur verktaki ætla sér verulega hærra verð vegna lélegs bergs.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri.

Fskj. 2.

BÆJARSTJÓRINN SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 8. apríl 1959.

Hér með sendum vér yður, herra alþingismaður, ályktun, sem gerð var í bæjarráði Siglufjarðar þ. 3. apríl s. l. og samþykkt í bæjarstjórn Siglufjarðar þ. 6. apríl s. l.

Ályktunin er þannig:

Bæjarráð fellst á það álit vegamálastjóra, hr. Sigurðar Jóhannssonar, að heppilegt væri að ljúka við lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) á næstu þrem árum.

Bæjarráð samþykkir því að leggja til við bæjarstjórn Siglufjarðar, að hún samþykki:

að fara þess á leit við ríkisstjórn og Alþingi, að tekið verði lán allt að kr. 10.3 milljónum til að greiða kostnað við gerð jarðganganna gegnum Stráka, en lán þetta endurgreiðist aftur af framlagi því, sem veitt verður á fjárlögum til vegarins á næstu árum, eftir að lánið verður tekið.

að bæjarsjóður Siglufjarðar taki á sig, einn eða ásamt öðrum, að greiða vexti af láni þessu, en ábyrgð þessi verði bundin því skilyrði, að bæjarsjóði Siglufjarðar verði með lögum heimilað að leggja vegarskatt á bifreiðar, er fara um jarðgöngin.

að fara þess á leit við þingmennina Áka Jakobsson, Gunnar Jóhannsson og þingmenn Skagfirðinga, að þeir í samráði við ríkisstjórnina og vegamálastjóra flytji á Alþingi frumvarp til laga um fyrrnefnda lántöku og vegaskatt.

Þá var einnig eftirfarandi ályktun gerð á fundi í Bílstjóradeild Verkamannafélagsins Þróttar þ. 5. apríl s. l.:

Fundur í Bílstjóradeild Þróttar, 5. apríl 1959, er því meðmæltur, að lagt verði aukagjald á allar bifreiðar, sem aka um Strákajarðgöngin. Lítur fundurinn svo á, að heppilegast væri, að eitt gjald væri sett fyrir hverja bifreið, sem um göngin fer hverju sinni, hvers konar bifreið sem um er að ræða.

Áhugi fyrir máli þessu eru mjög mikill, og telja menn, að það sé eitt hið þýðingarmesta mál fyrir Siglufjörð og nágrannabyggðirnar, að Siglufjarðarvegur ytri komist sem fyrst í samband við þjóðvegakerfið. Væntum vér þess, að þér gerið það, sem í yðar valdi stendur, til þess að svo megi verða.

Virðingarfyllst,

bæjarstjórinn á Siglufirði,

Sigurjón Sæmundsson.

Fskj. 3.

(Símskeyti.)

Sauðárkrókur, 19. apríl 1959.

Þingmenn Skagfirðinga, Alþingi, Reykjavík.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti á fundi sínum í gær að veita ábyrgð sýslusjóðs fyrir greiðslu vaxta af lánum allt að kr. 1 000 000, er Vegagerð ríkisins ætlar að taka á þessu ári og næsta ári vegna framkvæmda á Siglufjarðarvegi frá Stafá að Haganesvík.

Ábyrgðin er bundin þessum skilyrðum:

1. Að á verði lagður skattur af umferð um fyrirhuguð jarðgöng á Siglufjarðarvegi og hluta af skattinum verði varið til að standa undir vöxtum af framangreindum lánum hlutfallslega eftir þeim kostnaði, sem fellur á vegakaflann frá Stafá að Haganesvík miðað við heildarkostnað vegagerðar frá Stafá að Siglufirði.

2. Að byrjað verði á framkvæmdum þessum á sumri komanda og þeim lokið á næsta ári.

Oddvita sýslunefndar falið umboð til að ganga frá ábyrgðinni f. h. sýslunefndar. Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur tilkynnt sýslunefnd, að hún veiti einnig ábyrgð bæjarsjóðs fyrir téðum vaxtagreiðslum.

Sýslumaður.

Nd. 56. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta var tekið fyrir á fundi fjárhagsnefndar í morgun, en ekki urðu nefndarmenn sammála um meðferð þess. Ekki kom þó fram ágreiningur í nefndinni um það, að þörf muni verða fyrir heimildarlög handa ríkisstjórninni, til þess að hún geti innt af höndum venjulegar og óhjákvæmilegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði um nokkurn tíma eftir næstu áramót, þar sem þess er ekki að vænta, eins og nú er komið, að fjárlagaafgreiðslu verði lokið fyrir þann tíma. En lagt var til í nefndinni, að afgreiðslu þessa frv. yrði frestað um sinn, þar til fjárlagafrv. hefur verið tekið til 1. umræðu og fjármálaráðherra hefur gert þinginu grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, eins og venjulegt er við það tækifæri. Meiri hl. nefndarinnar neitaði að fallast á þetta, en samþykkti að afgreiða frv. frá nefndinni nú þegar og mæla með samþykkt þess án breytinga.

Þrátt fyrir áskoranir frá þingmönnum hefur fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960 ekki enn verið tekið til 1. umræðu. Og af svörum fjármálaráðherra við fyrirspurnum má helzt ráða, að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að láta fjárlagaumræðu ekki fara fram og veita þingmönnum engar upplýsingar um fjárhagsafkomu ríkisins, áður en þinginu verður frestað. Hins vegar hefur það gerzt, að forsætisráðherra hefur nýlega flutt skýrslu um ástæður og horfur í fjárhagsmálum á fundi í stjórnmálafélagi í Reykjavík, þó að þingmönnum sé neitað um allar upplýsingar um þessi þýðingarmiklu mál.

Ég veit ekki dæmi þess, og þau hafa ekki verið nefnd í umræðum á þessu þingi, að fjárlagaþingi hafi verið frestað, án þess að fjármálaráðherra hafi áður gefið Alþingi yfirlit um afkomu ríkissjóðs og horfur í fjárhagsefnum. Og ég tel það mjög ámælisvert, ef fjármálaráðherra brýtur hefðbundna og sjálfsagða venju í þeim efnum og neitar að veita þinginu slíkar upplýsingar, áður en þinginu verður frestað.

Tillaga meiri hl. nefndarinnar um tafarlausa samþykkt þessa frv. stendur í sambandi við tillögu forsætisráðherra um þingfrestun. Sú tillaga var lögð fyrir þingið 27. nóv., og var þar farið fram á heimild til að fresta þingi 30. nóv., þ. e. eftir 10 daga setu. Stjórnin fékk að vísu ekki fram komið þeim vilja sínum að fresta þinginu þann dag, en allt bendir til þess, að það sé ásetningur stjórnarinnar að knýja fram samþykkt um þingfrestun næstu daga og vísa þingmönnum af þingi þá þegar, þó að fyrir liggi mörg mál á þingi, sem knýjandi þörf er að taka til meðferðar, ýmist til fullnaðarafgreiðslu fyrir þinghlé eða til nauðsynlegs undirbúnings að afgreiðslu þeirra á síðari hluta þingsins.

Ríkisstjórnin hefur enn ekki fullnægt þeirri lagaskyldu að leggja fyrir Alþingi bráðabirgðalögin um verð landbúnaðarafurða, sem út voru gefin í septembermánuði s. l. — Þau lög falla úr gildi 15. des. — Og nú krefst stjórnin þess af stuðningsmönnum sínum á þingi, að þeir samþykki þingfrestun án tafar, svo að hún geti vísað þingmönnum heim, áður en bráðabirgðalögin falla úr gildi.

Samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru af frambjóðendum fyrir alþingiskosningarnar í haust, er full ástæða til að ætla, að meiri hluti þingmanna sé andvígur bráðabirgðalögunum um verðlag landbúnaðarafurða og þau þess vegna yrðu felld við atkvæðagreiðslu á þingi. En ríkisstjórnin hefur til þessa hindrað, að þingviljinn kæmi fram í þessu máli. Verði þinginu frestað, án þess að atkvæði gangi áður um bráðabirgðalögin, er þar með komið í veg fyrir, að þingræðið fái notið sín.

Engin vitneskja hefur fengizt um það, hvað ríkisstjórnin hafi í hyggju að gera um miðjan desember, þegar bráðabirgðalögin falla úr gildi, ef þingfrestunin verður þá komin til framkvæmda. Svör hafa ekki fengizt við fyrirspurnum þingmanna um það, hvort til mála geti komið, að ríkisstjórnin gefi þá út ný bráðabirgðalög um það mál. Að óreyndu verður því tæplega trúað, að svo alvarleg misbeiting stjórnarvaldsins sé fyrirhuguð eða verði framkvæmd.

Í yfirlýsingu þingflokks og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, sem birt var í aðalmálgagni hans, Morgunblaðinu, 19. sept. s. l., var m. a. tekið fram, að flokkurinn mundi leggja til á Alþingi, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af útgáfu bráðabirgðalaganna. Þessi yfirlýsing Sjálfstæðisflokksins var endurtekin í Morgunblaðinu 22. sept., og fyrir kosningarnar gáfu frambjóðendur flokksins fyrirheit um slíkar bætur. Hefði því mátt vænta tillögu frá þingmönnum flokksins um þetta efni þegar í þingbyrjun. En vegna þess að ekki bólar enn á tillögu frá þeim um bótagreiðsluna, báru þeir Ásgeir Bjarnason og Ólafur Jóhannesson fram í efri deild breytingartill. við það frv., sem hér liggur fyrir, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða þá 3.18% hækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar felldu þessa breytingartillögu í efri deild.

Í neðri deild hefur nú verið lögð fram breytingartillaga við þetta frv., og er hún um uppbótargreiðsluna, samhljóða þeirri tillögu, er flutt var í efri deild. Breytingartillaga þessi er á þingskjali 46, og flutningsmenn hennar eru Ágúst Þorvaldsson og Garðar Halldórsson. Um þessa tillögu fór fram atkvæðagreiðsla í fjárhagsnefnd, og greiddi meiri hl. nefndarinnar, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, atkvæði gegn henni.

Þessi framkoma bendir til þess, að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ætli ekki, a. m. k. að svo stöddu, að bæta bændum þann tekjumissi, sem þeir urðu fyrir vegna útgáfu bráðabirgðalaganna, þrátt fyrir gefin fyrirheit frá öðrum stjórnarflokknum fyrir síðustu kosningar.

Með útgáfu bráðabirgðalaganna hafa framleiðendur landbúnaðarafurða verið sviptir um 3 mánaða skeið hluta af þeim tekjum, sem þeir áttu rétt á, og tel ég óverjandi að fresta fram á næsta ár að bæta þeim tjónið.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, tel ég ekki rétt að afgreiða þetta frv. að svo stöddu. Ég mun því fara fram á við forseta þingdeildarinnar, að hann fresti umræðu um málið og afgreiðslu þess um sinn.

Alþingi, 3. des. 1959.

Skúli Guðmundsson.

Nd. **57. Frumvarp til laga** [36. mál]

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Gísli Jónsson, Jónas Pétursson, Guðlaugur Gíslason, Jónas G. Rafnar, Sigurður Ágústsson, Gunnar Gíslason, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Erfðafjárskattgreiðendum skal skipta í eftirfarandi flokka:

A-flokkur: Það hjóna, sem lifir hitt, niðjar hins látna, kjörbörn og fósturbörn, foreldrar hins látna, afar hans og ömmur.

B-flokkur: Systkini hins látna, arftakar hans, sem arf taka samkvæmt sérstakri erfðaskrá eða gjafabréfi, hvort sem um er að ræða einstaklinga, félög, stofnanir eða sjóði.

C-flokkur: Allir aðrir arftakar, sem falla ekki undir ákvæði A- og B-flokka.

Af erfðafé, sem hverfur til arftaka, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. af arfi til A-flokks erfingja 10% — tíu af hundraði —;
2. af arfi til B-flokks erfingja 25% — tuttugu og fimm af hundraði —;
3. af arfi til C-flokks erfingja 50% — fimmtíu af hundraði —.

Skal erfðafjárskatturinn renna allur í erfðafjársjóð, sem stofnaður var með lögum nr. 12 30. jan. 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 12 30. jan. 1952 er svo fyrir mælt, að erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 skuli renna í sérstakan sjóð, er nefnist „erfðafjársjóður". Skal sjóðnum varið til að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Skyldi sjóðurinn fá þessar tekjur frá 1. jan. 1953. Er sjóðurinn í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins, en félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

Það verður ekki um það deilt, að með breyttum þjóðfélagsháttum og vaxandi skilningi á kjörum gamalmenna og öryrkja vex þörf erfðafjársjóðsins til fjáröflunar, ef hann á að geta sinnt þeim verkefnum, sem lögin mæla fyrir um, svo að verulegu gagni megi koma, enda er það og ljóst, að því betur sem sjóðurinn getur sinnt þeim verkefnum, því léttari verða heildarútgjöld ríkisins til félagsmálanna í landinu. Hitt sýnist og bæði rétt og sjálfsagt, að meginhluti tekna sjóðsins komi frá erfðafé, eftir að framfærsluskyldan hefur í vaxandi mæli verið flutt af ættingjum yfir á Tryggingastofnun ríkisins, eins og gert hefur verið með lögum um almannatryggingar. Með tilvísun til þessa þykir því rétt að leggja til, að erfðafjárskatturinn sé allverulega hækkaður af því fé, sem rennur til útarfa samkvæmt gildandi erfðalögum frá 1949, en jafnframt sé skatti af erfðafé til nánustu vandamanna breytt til meira samræmis með tilliti til fjölskyldutengsla og þess, sem almennt á sér stað um fjármálatengsl innan hverrar fjölskyldu. Hefur því þótt rétt að leggja til, að breytt verði nokkuð um flokkun arftaka frá því, sem gildandi lög mæla fyrir um, þegar ákveða skal erfðafjárskatt af því fé, sem til þeirra fellur.

Með 1. gr. þessa frv. er lagt til, að arftakar séu flokkaðir í þrjá flokka í stað fjögurra flokka samkvæmt gildandi lögum. Arftakar fyrsta flokks greiði 10% — tíu af hundraði — í erfðafjársjóð af því fé, sem til þeirra fellur sem arfur, en þeir eru sem hér segir: Það hjóna, sem lifir hitt, niðjar hins látna, kjörbörn og fóstur-

börn. Samkvæmt gildandi lögum greiða þessir sömu aðilar nú erfðafjárskatt svo sem lægsti skattstigi laganna mælir fyrir um. Þá er og lagt til í frv., að foreldrum hins látna, afa og ömmu hans sé gert að greiða erfðafjárskatt af því fé, sem þannig fellur til þeirra, samkvæmt skattstiga lægsta flokks, en þessir aðilar greiða nú erfðafjárskatt samkvæmt hærri skattstiga. En allir þessir erfingjar eru í svo nánum tengslum við fjölskylduna, að allt mælir með því, að sami skattstigi sé látinn gilda um þá alla, er reikna skal þeim skatt af erfðafé. 10% skattur sá, sem lagt er til að aðilum í þessum flokki sé gert að greiða, er nokkru hærri en lægsti núgildandi erfðaskattstigi er, en þegar litið er á skattstigann í heild, sem þessum aðilum er ætlað að greiða eftir, þá verður meðalskattgreiðsla þeirra mjög lík því, sem nú gildir um þessa aðila.

Systkinum hins látna svo og öllum þeim arftökum, sem arf taka samkvæmt erfðaskrám eða gjafabréfum, er samkvæmt frv. ætlað að greiða erfðafjárskatt samkvæmt skattstiga annars flokks, eða 25% — tuttugu og fimm af hundraði —. Er þetta örlítið hærra en systkini látins arfleifanda nú greiða í erfðafjárskatt af fé, sem til þeirra fellur þannig. Hins vegar hækkar skattur af erfðafé, sem fellur í hlut arftaka samkvæmt erfðaskrám eða gjafabréfum, úr tæpum 10% í 25%.

Veigamesta hækkunin er af því fé, sem fellur til arftaka samkvæmt þriðja gjaldflokki, en þar sem hér er um að ræða eingöngu útarfa, þykir rétt að hækka skattinn á þeim arfahluta, svo sem lagt er til í frv., eða í 50% af því fé, sem fellur til þessara arftaka.

Nái frv. þetta fram að ganga, er ljóst, að með því er stofnað til þess, að betur verður búið í framtíðinni að gamalmennum og öryrkjum en verið hefur, að bjargað er þúsundum dagsverka, sem þetta fólk mun enn leggja fram í þjóðarbúið, þegar því er gefin æskileg aðstaða til þess að starfa undir hagstæðum skilyrðum, svo lengi sem kraftar þess leyfa; að með því er stórum hluta af erfðafé safnað saman til að koma í framkvæmd mjög aðkallandi verkum, sem annars mundi tefjast um of að framkvæma; að létt yrði undir með félitlum sveitarfélögum að koma upp þeim byggingum, sem hér um ræðir, og skapa með því þeim þegnum sínum, sem venjulega eiga við mesta erfiðleika að stríða, betri lífskjör en ella.

Þess er því vænzt, að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu á þessu þingi.

Nd. 58. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Mæla undirritaðir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmanna, þeir SkG og EOl, sátu hjá við atkvæðagreiðslu um tillögu meiri hlutans og munu skila séráliti.

Alþingi, 4. des. 1959.

Birgir Kjaran, form.	Davíð Ólafsson, frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.

Nd. 59. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Skúla Guðmundssyni og Einari Olgeirssyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna „31. des. 1960“ í a-lið komi: febrúarloka 1960.

Nd. 60. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Jóni Skaftasyni, Þórarni Þórarinssyni og Jóni Kjartanssyni.

Við 4. gr.

1. 2. málsgr. 2. töluliðar c-liðar orðist svo:
   Í umboðssöluviðskiptum um innlendar iðnaðar- og framleiðsluvörur, þar með taldar bækur og tímarit, skal umboðssali aðeins greiða söluskatt af umboðsþóknun sinni, en framleiðandinn greiðir söluskatt af verði vörunnar frá sér. Hliðstætt gildir um umboðssölu á innfluttum vörum.
2. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Á eftir 6. tölulið B-liðar 23. gr. laganna komi nýr töluliður, þannig:
   7) Vinna og efni við nýbyggingu venjulegs íbúðarhúsnæðis, en til venjulegs íbúðarhúsnæðis telst í þessu sambandi hús, þar sem ¾ hlutar gólfflatar eru notaðir sem fullkomin íbúð.

Nd. 61. Frumvarp til laga [37. mál]

um verð landbúnaðarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum hærra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum allt að kr. 500.000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um verð landbúnaðarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágreinings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbúnaðarráðherra hefur enn fremur tjáð mér, að til þess að tryggja efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í landinu þangað til Alþingi getur fjallað um þessi mál af afstöðnum kosningum þeim, sem fram eiga að fara 25. og 26. október n. k., og meðan kaupgjald í landinu helzt óbreytt, sé nauðsynlegt að verð landbúnaðarafurða hækki ekki. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum hærra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að kr. 500.000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Staddur í Vatnsdal, 18. september 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 62. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á fyrstu dögum þingsins lagði ríkisstjórnin fram 4 frv. í efri deild og 1 í neðri deild um tekjuöflun á næsta ári. Eru þau samhljóða frumvörpum, sem lögð hafa verið fram og tekin í lög árlega að undanförnu.

Eftir að öll þessi 5 frumvörp höfðu hlotið afgreiðslu í fjárhagsnefndum þingdeildanna, gerðist það, að hætt er meðferð þeirra í þingi, en efni þeirra allra sett í eitt frv., sem ríkisstjórnin ber fram á Alþingi.

Við teljum þetta óeðlilega og mjög óviðeigandi aðferð við afgreiðslu þingmála. Þessar aðfarir ríkisstjórnarinnar eru þáttur í baráttu hennar fyrir því að víkja þingmönnum frá störfum á Alþingi, áður en þar hafa verið tekin til meðferðar ýmis þau mál, sem ætti að fjalla um, áður en hlé verður gert á störfum þingsins. Það teljum við mjög aðfinnsluvert. Við mótmælum því, að Alþingi verði frestað, fyrr en 1. umr. um fjárlagafrv. hefur farið fram, fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, svo sem ætlð er gert við það tækifæri, og ýmis aðkallandi mál, sem liggja fyrir þinginu, hafa verið tekin til meðferðar. Við getum því ekki mælt með samþykkt frv. að svo stöddu, þó að við séum ekki á móti framlengingunni, þar sem afgreiðsla þess nú mundi flýta því, að ríkisstjórnin komi fram þingfrestunaráformi sínu, en leggjum til, að afgreiðslu málsins verði frestað um sinn.

Á sérstöku þingskjali flytjum við brtt. um það, að framlenging söluskattsins skuli ekki gilda lengur en til febrúarloka n. k., þar sem ráðgert er, að heimild ríkisstjórnarinnar til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði gildi aðeins tvo fyrstu mánuði næsta árs.

Alþingi, 4. des. 1959.

Skúli Guðmundsson, frsm. **Einar Olgeirsson.**

Nd. 63. Lög [16. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 16.

Nd. 64. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Garðari Halldórssyni, Gísla Guðmundssyni og Jónasi G. Rafnar.

Aftan við 1. gr. bætist:

a. C. 49 orðist svo:

Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.

b. C. 51 orðist svo:
Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
c. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
d. Á eftir C. 53 komi nýr liður:
Ósvegur: Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar, um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
e. C. 54 orðist svo:
Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
f. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
Efribyggðavegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
g. C. 57 orðist svo:
Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
h. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
i. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
j. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti, um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
k. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
1. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun, um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
2. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
l. C. 67 orðist svo:
Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.
m. Á eftir C. 69 komi nýr liður:
Uppsveitarvegur: Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
n. Fyrir orðin „yfir Sandárbrú“ í C. 74 komi: um Sandárbrú og Austur- og Vestursand að Lindarbrekku.
o. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.

Nd. 65. Lög [30. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 40.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar rannsókn á og gera tillögur um, hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur sú skoðun átt vaxandi fylgi að fagna, að nauðsyn væri á bættu samstarfi launþega og vinnuveitenda.

Alþingi hefur samþykkt tillögur um ráðstafanir á breiðum grundvelli til tryggingar vinnufriði, og ber að sjálfsögðu að halda áfram allri viðleitni í þá átt.

En auk þessara almennu athugana og aðgerða má fleira gera, og er hér bent á ákveðna leið, sem flutningsmaður telur nauðsynlegt að rannsaka og framkvæma, ef hægt er.

Á Alþingi var fyrir nokkrum árum samþykkt þingsályktunartillaga, sem fer í svipaða átt og hér um ræðir. Í henni var fjallað almennt um þetta mál og ríkisstjórninni falin framkvæmd þess.

Í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, er hins vegar bent á ákveðna leið og gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni verði falið að kanna, hvort hún sé ekki heppileg hér.

Á þessa leið er bent fyrst og fremst vegna þess, að hún hefur verið reynd með góðum árangri í nágrannalöndum okkar, sem skyldust og næst eru, þ. e. Norðurlöndum.

Samstarfsnefndunum er ætlað annars vegar að fjalla um hagkvæmni í rekstri, skipulagningu vinnunnar, aukna tækni og efnissparnað, en um aðbúnað verkafólks á vinnustað, öryggisráðstafanir til að afstýra slysum, atvinnuöryggi og önnur félagsleg vandamál starfsfólksins hins vegar.

Endurbætur á þessum sviðum geta allar leitt til framleiðsluaukningar, sem er fyrsta skrefið til raunhæfra kjarabóta.

Það er skýrt tekið fram í samningunum um nefndir þessar á meðal grannþjóðanna, að öllum deilum um samninga um kaup og kjaramál skuli halda utan við starfssvið þeirra og vera eftir sem áður í höndum heildarsamtakanna.

9. *Stimpilgjald* er áætlað 9 millj. kr. hærra en í fjárlögum 1959 með hliðsjón af reynslu s. l. árs.

10. *Vitagjald* er áætlað 3.4 millj. kr. miðað við að gjaldið verði tvöfaldað.

11. *Útflutningsleyfagjald* er áætlað 2.6 millj. kr. í stað 0.8 millj. kr. í fjárlögum 1959 með hliðsjón af áhrifum væntanlegra efnahagsráðstafana og reynslu s. l. árs.

12. *Söluskattur* er áætlaður samtals 434 millj. kr., þar af 280 millj. kr. tekjur af almennum söluskatti af vörum og þjónustu, er komi í stað 9% söluskatts þess, sem nú er innheimtur til útflutningssjóðs (6%) og ríkissjóðs (3%) af þjónustu og innlendum iðnaðarvarningi. Gert er ráð fyrir að 20% af hinum almenna söluskatti renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við væntanlegar ráðstafanir til þess að bæta fjárhagsaðstöðu sveitarfélaganna. Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.

13. *Iðgjaldaskattur* er nýr tekjuliður fyrir ríkissjóð. Gjald þetta rann áður í útflutningssjóð og er áætlað 9 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs.

14. *Innflutningsgjald* er nýr tekjustofn fyrir ríkissjóð. Gjaldið rann áður í útflutningssjóð. Er gert ráð fyrir, að gjald þetta verði svipað að krónutölu á hverja vörueiningu og áður var. Heildartekjur lækka hins vegar nokkuð vegna þess, að gert er ráð fyrir, að gjaldið verði fellt niður á nýjum og þurrkuðum ávöxtum, og einnig að innflutningur hátollavöru lækki verulega frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.

15. *Leyfisgjald* er áætlað 52 millj. kr. í stað 10 millj. kr. í fjárlögum 1959. Að óbreyttum leyfisgjöldum til útflutningssjóðs og ríkissjóðs hefði mátt gera ráð fyrir um 65 millj. kr. tekjum af þessum lið. Áformað er að fella niður leyfisgjald af ferðagjaldeyri, en hins vegar lækka nokkuð hlutfallslega leyfisgjald af bifreiðaleyfum, en allt hið álagða gjald renni nú í ríkissjóð.

16. *Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna* er tekjustofn, sem nú færist til ríkissjóðs frá útflutningssjóði.

Niður falla tveir tekjustofnar, sem voru í fjárlögum 1959: Tolla- og skattgreiðslur Sogsvirkjunar 30 millj. kr. og greiðsluafgangur 1958, 25 millj. kr.

Um 3. gr A.

1. *Póstsjóður.* Gjöld eru áætluð 31190 þús. kr. og hækka frá fjárlögum 1959 um 4750 þús. kr. Hækkun þessi stafar að verulegu leyti af væntanlegum efnahagsaðgerðum, en einnig af áætluðu auknu póstmagni. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum og hækka um 5550 þús. kr., sem stafar sumpart af áætluðu auknu póstmagni og sumpart af tilfærslu sölulauna frímerkja. Loks eru tekjurnar áætlaðar hærri sem svarar áætluðum hækkunum gjalda vegna áhrifa væntanlegra efnahagsaðgerða og enn fremur er gert ráð fyrir því, að þjónusta póstsins verði seld því verði, að sjóðurinn verði hallalaus.

2. *Landssíminn.* Áætlað er að greiðsluhalli verði 2853 þús. kr. eða 73 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1959. Gjöldin eru nú áætluð 108438 þús. kr. og hækka um 21178 þús. kr. Þessi hækkun stafar af: 1) Væntanlegum efnahagsráðstöfunum um 9140 þús. kr. 2) Auknum viðskiptum, fjölgun símanotenda, auknum rekstrarkostnaði og viðhaldi, sem stafar af öðrum ástæðum en efnahagsráðstöfunum, um 7830 þús. kr. 3) Tilfærslu nokkurra liða af eignahreyfingalið yfir á rekstur skv. till. póst- og símamálastjóra, sem veldur hækkun hér um 4208 þús. kr.

Tekjur eru nú áætlaðar 113740 þús. kr. og hækka um 17430 þús. kr. Þar af stafa 8290 þús. kr. af áætluðum auknum símaviðskiptum og fjölgun símanotenda.

Í öðru lagi er áætlað að þjónusta símans verði hækkuð til að mæta gjaldaaukningu vegna efnahagsaðgerða, um 9140 þús. kr.

Til eignabreytinga er nú áætlað 8155 þús. kr. og lækkar því liðurinn um 4485

þús. kr., vegna tilfærslu, sbr. það sem áður segir. Hins vegar hækka afborganir af lánum um 950 þús. kr., vegna þeirra lána, sem eru í erlendri mynt.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 438 þús. kr. og annar kostnaður um 756 þús. kr., m. a. vegna efnahagsráðstafana. Hagnaður er áætlaður 143 millj. kr. og er það 10 millj. hærra en í fjárlögum 1959. Er þar miðað við reynslu áranna 1958 og 1959, svo og þær verðbreytingar, sem orðið hafa. Að auki er gert ráð fyrir verðhækkun söluvara fyrirtækisins til að mæta kostnaðarauka vegna efnahagsaðgerða.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 401 þús. kr., m. a. vegna efnahagsaðgerða. Hagnaður er áætlaður 98 millj. kr. eða 300 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1959, en gert er ráð fyrir að kostnaðarauka vegna efnahagsaðgerða verði mætt með tilsvarandi hækkun söluvara einkasölunnar.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 46 þús. útvarpsnotendur og hækka um 500 þús. kr. frá fjárlögum. Aðrar tekjur útvarpsins eru áætlaðar 6945 þús. kr. eða 815 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1959. Er gert ráð fyrir tekjuauka til að standa undir útgjöldum vegna efnahagsaðgerða. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi, en aukavinna hækkar um 400 þús. kr. og útvarpsefni um 250 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 350 þús. kr. og húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 150 þús. kr. Til útvarpsstöðva hækkar um 275 þús. kr. og greiðslur vegna höfundalaganna um 250 þús. kr. Til viðgerðarferða o. fl. hækkar um 40 þús. kr. og óviss útgjöld um 50 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 30 þús. kr. Rekstrarafgangur er 132 þús. kr., sem færður er sem aukið rekstrarfé. Til rekstrar viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju er nú tekið út úr frv., þar eð hún hefur verið lögð niður.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Hér er áætlun forstjórans tekin óbreytt, að öðru leyti en því, að fyrningar eru ekki teknar inn í gjaldahlið. Tekjuafgangur er áætlaður 500 þús. kr., og er það 50 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1959.

7. *Áburðarsala ríkisins.* Áætlun forstjórans er tekin óbreytt. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

8. *Landssmiðjan.* Starfsmannahald er óbreytt. Gert er ráð fyrir 163 þús. kr. rekstrarafgangi, sem færður er sem aukið rekstrarfé fyrirtækisins.

9. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tillögur hafa ekki borizt frá atvinnumálaráðuneytinu, og er áætlunin því óbreytt frá fjárlögum 1959.

10. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekjur og gjöld standast á eins og áður, og eru tillögur forstjórans teknar óbreyttar.

Rekstraráætlunum stofnana í töluliðum 6—10 incl. hefur ekki verið breytt frá fjárlagafrv. því, sem lagt var fram í byrjun þings, þar eð gert er ráð fyrir því, að þær mæti að öllu leyti hækkuðum gjöldum vegna efnahagsaðgerðanna með hækkuðum töxtum á seldum vörum og þjónustu.

11. *Ríkisbú.* Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum og gjöldum ríkisbúanna, og eru tekjur áætlaðar jafnháar gjöldum. Áætlun um búið á Kleppi fellur nú niður, þar eð búið hefur verið lagt niður.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar óbreyttar frá fjárlögum 1959.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. eru nú áætlaðar 2293 þús. kr., eða 293 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1959, og er það miðað við reynslu síðasta árs.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 13700 þús. kr., og hækka um 3.7 millj. kr.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr.	10 296 633	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	445 758	
				kr. 9 850 875
2.	Lán í dönskum krónum			— 2 247
3.	Lán í £ (£ 37.306)	kr.	3 964 135	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	3 964 135	
4.	Lán í $ ($ 141 334)	—	5 363 626	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	5 338 009	
				— 25 617
5.	Lán hjá Alþjóðabankanum (£ 45 158 og $ 28 263)	—	5 871 071	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	5 871 071	
				Kr. 9 878 739

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1, a. kr.	
2 338	42 500	Innanríkislán 1938.
7 750	70 450	Innanríkislán 1940.
126 000	400 000	Innanríkislán 1941.
36 750	150 000	Innanríkislán 1944.
50	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
2 800	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
1 200	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
48 641	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
1 612	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur v. Drápuhlíðar 4.
2 988	1 088	Lán hjá Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. sakadómarabústaðar.
198 000	400 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. Skipaútg. ríkisins.
10 725	13 750	Lán hjá Útvegsb. Ísl. v. jarðarinnar Drangsness.
695 750	2 492 050	Lán v. framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
219 396	1 112 275	Lán hjá Landsb. Ísl. til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er til var stofnað vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
3 360	84 000	Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
8 800	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
4 500	37 500	Lán hjá Sjóvátr.fél. Ísl. v. togarans Garðars Þorsteinss.
13 200	115 000	Handhafaskuldabr.lán v. togarans Garðars Þorsteinss.
79 200	480 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. skuldaskilasj. útvegsmanna.
11 600	58 000	Handhafask.br.lán v. kaupa á Syðstabæjareigninni í Hrísey.
13 090	14 000	Lán hjá Brunab.fél. Ísl. v. Bygg.samv.fél. Seyðisfj.
7 333	23 333	Lán hjá Trygg.st. rík. v. Bygg.samv.fél. Seyðisfj.
17 333	26 667	Lán hjá gjafasj. Sigurg. Einarss v. viðb. v. Landssp.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. 1. a. kr.	
185 714	714 286	Lán hjá Trygg.st. ríkv. byggingar hjúkrunarkvennaskóla og fávitahælis í Kópavogi.
48 750	125 000	Lán hjá Trygg.st. ríkv. viðbygg. við Landsspítalann.
130 813	287 500	Lán hjá Trygg.st. ríkv. viðbygg. við Landsspítalann.
3 150 000	1 300 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. smíði 10 togara.
1 968 940	2 343 976	Lán hjá Landsb. Ísl. v. húsnæðismálastjórnar.
1 800 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.
10 296 633	12 666 027	
÷ 445 758	÷ 34 355	
9 850 875	12 631 672	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann, upphaflega kr. 24 565 000.00, vegna togara og Sviþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara ..... kr. 142 988.00
2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Sviþjóðarbáta — 83 949.00

Samtals kr. 226 937.00

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 92 960.00 og endurgreiddir vextir vegna skuldaskilasjóðs kr. 98 199.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 27 662.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir kr. 445 758.00, afborganir kr. 34 355.00.

Erlend lán:

1. Lán í Danmörku:

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1. kr.	
409	6 928	Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bikuben, Kaupm.h., 1929 til Vífilsstaðahælis.
409	6 928	danskar kr. eða
2 247	38 060	ísl. kr.

2. Lán í Bretlandi.

£	£	
37 306	68 685	Togaralán 1949.
÷ 37 306	÷ 68 685	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurum).

3. Lán í Bandaríkjunum.

$	$	
48 772	82 142	Lán hjá Export-Import Bank, Washington 1948 til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl., $ 2 300 000.00.
÷ 48 772	÷ 82 142	Sömu upphæðir til frádr., innb. af skuldun.
42 350	72 000	Lán 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana, $ 2 millj.
÷ 42 350	÷ 72 000	Sömu upphæðir til frádr., innb. af virkjunum.

$	$	
49 537	37 038	Lán hjá Export-Import Bank í Washington 1952 vegna Áburðarverksmiðjunnar
÷ 49 537	÷ 37 038	Sömu upphæðir til frádr., innb. af Áburðarverksm. h.f.
675	5 000	Handhafaskuldabréfalán v. kaupa á sendiherrabústað
———	———	í Washington, $ 50 000.00.
675	5 000	bandarískir dollarar eða
25 617	189 750	íslenzkar krónur.

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 31 456	£ 41 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950, £ 875.000-0-0 (Laxárv. £ 151.800-0-0, Sogsv. £ 723.200-0-0).
÷£ 31 456	÷£ 41 000	Sömu upphæðir til frádr., innb. af virkjunum.
£ 13 702	£ 16 000	Landbúnaðarlán 1951.
÷£ 13 702	÷£ 16 000	Sömu upph. til frádr., innb. af skuldunautum.
$ 28 263	$ 52 000	Lán vegna áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷$ 28 263	÷$ 52 000	Sömu upph. til frádr., innb. af Áburðarverksm. h.f.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður við æðstu stjórn landsins hækki um 135 þús. kr., að verulegu leyti vegna efnahagsráðstafana.

Kostnaður við skrifstofu forseta í Reykjavík hækkar um 18 þús. kr. og bifreiðakostnaður hækkar um 44 þús. kr. Til forsetasetursins hækkar um 45400 kr. og framlagið til Bessastaðakirkju um 25 þús. kr.

Um 9. gr.

Til alþingiskostnaðar hækkar um 2 millj. kr., sem bæði stafar af fjölgun þingmanna og væntanlegum efnahagsráðstöfunum.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Starfsfólk jarðeignadeildar flyzt af launaskrá dómsmálaráðuneytis yfir á atvinnumálaráðuneytið. Ritari í félagsmálaráðuneytinu flyzt í bókaraflokk. Bókari í fjármálaráðuneytinu verður fulltrúi. Í endurskoðunardeild fjölgar um einn fulltrúa. Í forsætis- og menntamálaráðuneytinu fækkar um hálft fulltrúastarf. Fulltrúi í utanríkisráðuneytinu verður deildarstjóri.

Hér kemur inn nýr liður, sem er laun til starfsliðs efnahagsmálaráðuneytis. Er gert ráð fyrir launagreiðslum hálft árið 1960 til ráðuneytisstjóra, deildarstjóra, fulltrúa og bókara, samtals 159520 kr. Í fjölda mörg ár hefur verið unnið að ýmiss konar efnahagsmálaathugunum á vegum ríkisstjórna, sem greiddar hafa verið af sameiginlegum kostn. stjórnarráðsins. Síðan í árslok 1957 hefur sérstakur efnahagsráðunautur starfað á vegum ríkisstjórnarinnar og hefur kostnaður við störf hans einnig verið greiddur af hinum sameiginlega kostnaði. Nú er ætlunin að skipuleggja þessar efnahagsmálaathuganir í sérstöku efnahagsmálaráðuneyti, sem stofnað var í nóvembermánuði s. l. af þáverandi ríkisstjórn.

Til útgáfu hagskýrslna hækkar um 28 þús. kr. og annar kostnaður hagstofunnar hækkar um 88 þús. kr., m. a. vegna aðalmanntals, sem tekið er á 10 ára fresti og verður á árinu 1960. Annar kostnaður þjóðskrárinnar hækkar um 72563 kr.

Símakostnaður og burðargjöld ráðuneytanna hækkar um 450 þús. kr., með hliðsjón af reynslu og áætluðum afleiðingum væntanlegra efnahagsaðgerða. Annar kostnaður ráðuneytanna hækkar af sömu ástæðum um 324 þús. kr. og kostnaður

við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins hækkar um 240 þús. kr. vegna efnahagsaðgerða.

Í ríkisféhirzlu og ríkisbókhaldi fækkar um einn fulltrúa, en annar kostnaður hækkar um 250 þús. kr., vegna of lágrar áætlunar og vegna þess, að tekinn hefur verið upp vélaútreikningur á launum, en gert er ráð fyrir, að af því muni leiða sparnað í mannahaldi, er frá líður.

Pappír og prentun ríkisreikninga hækkar um 150 þús. kr. og útgáfa stjórnartíðinda um 132 þús. kr., en prentkostnaður hefur hækkað, auk þess sem væntanlegar efnahagsaðgerðir koma til með að valda útgjaldaaukningu. Til umbóta og viðhalds stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað hækkar um 255 þús. kr., en þessi liður hefur verið of lágt áætlaður í fjárlögum að undanförnu.

II. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum hækka um 271 þús. kr. vegna fyrirhugaðra efnahagsráðstafana. Laun annars starfsfólks hækka um 122 þús. kr., m. a. vegna launagreiðslu til fiskimálafulltrúa við sendiráðið, sem áður var á launum hjá Atvinnudeild háskólans. Annar kostnaður hækkar um 49500 kr. aðallega vegna efnahagsráðstafana.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum hækka um 280500, aðallega vegna væntanlegra efnahagsráðstafana, en einnig vegna 2% launahækkunar. Laun annarra starfsmanna hækka um 40700 kr. Annar kostnaður hækkar um 75 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Laun sendiherra og annarra starfsm. samkv. launalögum hækka um 436 þús. kr. aðallega vegna fyrirhugaðra efnahagsaðgerða. Laun annarra starfsmanna hækka af sömu ástæðum um 109 þús. kr. og annar kostnaður um 143500 kr.

4. *Sendiráðið í Washington.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum hækka um 477 þús. kr., laun annarra starfsmanna hækka um 129500 kr. og annar kostnaður hækkar um 80500 kr. Hækkanir þessar stafa eingöngu af væntanlegum efnahagsaðgerðum.

5. *Sendiráðið í París.* Launagreiðslur hækka um 564700 kr., og annar kostnaður um 133500 kr. Hækkanir þessar stafa af væntanlegum efnahagsráðstöfunum, en vegna gengislækkunar í Frakklandi eru hækkanirnar um 140 þús. kr. minni en annars hefðu orðið.

6. *Sendiráðið í Osló.* Launagreiðslur hækka um 295200 kr. og annar kostnaður um 49500 kr. vegna efnahagsráðstafana.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum hækka um 353900 kr. og laun annarra starfsmanna um 24500 kr. Annar kostnaður hækkar um 91500 kr., allt að mestu leyti vegna efnahagsráðstafana.

8. *Sendiráðið í Moskvu.* Laun samkv. launalögum hækka um 482500 kr. og laun annarra starfsmanna um 74 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 115500 kr., allt að mestu leyti vegna efnahagsráðstafana.

9. *Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC.* Launagreiðslur hækka um 313500 kr. vegna efnahagsráðstafana, en annar kostnaður lækkar um 6 þús. kr.

10. *Aðalræðismannskrifstofan í New-York.* Laun hækka um 58500 kr. og annar kostnaður um 44 þús. kr.

11. *Ræðismannsskrifstofan í Hamborg.* Kostnaður hækkar um 62 þús. kr.

12. *Ferðakostnaður* hækkar um 116 þús. kr.

13. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 360 þús. kr.

14. *Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 750 þús. kr., bæði vegna aðgerða í efnahagsmálum og væntanlegrar Genfarráðstefnu á næsta ári.

15. *Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 14 þús. kr.

16. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis, til landkynningar hækkar um 71 þús. kr. vegna stóraukinnar eftirspurnar eftir slíkum myndum.
17. *Til kjörræðismanna* hækkar um 13 þús. kr.
18. *Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 55 þús. kr.
19. *Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins* hækkar um 134850 kr.
20. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 285 þús. kr.
21. *Tillag til Food and Agricultural Organization (FAO)* hækkar um 43 þús. kr.
22. *Tillag til Organization of the European Economic Cooperation (OEEC)* hækkar um 62 þús. kr.
23. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 77500 kr.
25. *Tillag til Atlantshafsbandalagsins* hækkar um 230 þús. kr.
27. *Tillag til tækniaðstoðar* Sameinuðu þjóðanna hækkar um 50 þús. kr.
28. *Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tollalaga* hækkar um 6700 kr.
29. *Stofngjald og tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar* hækkar um 21500 kr.
30. *Tillag til framleiðniráðs Evrópu* hækkar um 24 þús. kr.
31. *Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO* hækkar um 3500 kr.
32. *Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna,* 419700 kr., er nýr liður. Þar af eru 6000 dollarar vegna ársins 1959, en afgangurinn er gömul skuld.
33. *Tillag til Europen Nuclear Energy Agency,* 97 þús. kr., er nýr liður.
34. *Tillag til Office of Scientific Personnel* er nýr liður, 93 þús. kr.

Hækkun á framlögum til alþjóðastofnana frá fjárlögum 1959 stafar af fyrirhuguðum efnahagsráðstöfunum.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Launaliður hækkar, umfram lögboðna hækkun, um 50 þús. kr., vegna forfallaþjónustu í fjarveru eins dómara. Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr.
2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 70 þús. kr. og annar kostnaður um 82 þús. kr., þar af 60 þús. kr. aukavinna vegna mjög aukins málafjölda við embættið.
3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Starfslið er óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 22 þús. kr.
4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Bókari í X. launaflokki færist í IX. flokk, og breytast laun til samræmis við það. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 153 þús. kr. Koma þar til áhrif væntanlegra aðgerða í efnahagsmálum.
5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Starfslið er óbreytt. Aukavinna hækkar um 12 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 76600 og annar kostnaður um 14700 kr.
6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 32 þús. kr. og annar kostnaður um 43 þús. kr.
7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.*

a. Laun sýslumanna og bæjarfógeta eru óbreytt, nema hækkun sem leiðir af lögum.

b. Laun annars starfsfólks hækka nokkuð vegna aldurshækkana og sem afleiðing af lagabreytingum. Bætt er við einum bókara við embætti bæjarfógeta í Kópavogi, einum fulltrúa við embætti sýslumannsins í Rangárvallasýslu og sýsluskrifara til sýslumannsins í Dalasýslu. Annar kostnaður hækkar um 500 þús. kr., vegna væntanlegra efnahagsaðgerða. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 200 þús. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 37500 kr.

8. *Laun hreppstjóra.* Liðurinn hækkar um 59500 kr.

9. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 40 ríkislögregluþjónum eins og áður. Áhættuþóknun lækkar um 2600 kr. Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl. hækkar um 70 þús. kr. Einkennisfatnaður og tryggingar hækka um 57 þús. kr. og bifreiðakostnaður um 255 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að ein ný lögreglubifreið verði keypt og önnur gömul seld. Æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 5 þús. kr. Kostnaður vegna kvenlögreglu hækkar um 10500 kr. og áhöld, námskeiðskostnaður o. fl. hækkar um 15 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Lögregluþjónum fækkar um einn. Einn lögregluþjónn í X. launaflokki verður varðstjóri í VIII. flokki. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót er áætlað sameiginlega og hækkar um 60 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 40 þús. kr., bifreiðakostnaður og tryggingar um 96 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

c. *Ríkislögreglan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Lögreglumönnum, sem jafnframt eru tollverðir og taka laun af þessum lið að hálfu, fækkar um fimm frá fjárlögum 1959. Bætt er við einum lögregluþjóni í Hafnarfirði. Áhættuþóknun lækkar lítillega, en einkennisföt og tryggingar hækka um 18563 kr.

i. *Kostnaður við sumarlögreglu í Neskaupstað* hækkar um 10 þús. kr.

k. Hér kemur inn nýr liður, *Sumarlögregla á Skagaströnd,* 10 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* lækkar um 400 þús. kr.

q. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 182 þús. kr.

r. *Til löggæzlu í sveitum* hækkar um 200 þús. kr. Þeim sýslum fer fjölgandi, sem samþykkt hafa reglugerðir um löggæzlu á samkomum, sem óhjákvæmilega leiðir til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Annar kostnaður hækkar um 86 þús. kr., mestmegnis vegna áhrifa aðgerða í efnahagsmálum.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Næturvinnuálag hækkar um 600 kr. og aukavinna hækkar um 75 þús. kr. með hliðsjón af reynslu. Annar kostnaður hækkar um 218 þús. kr. vegna væntanlegra efnahagsaðgerða. Tekjur hækka um 62 þús. kr. samkvæmt áætlun forstöðumanns.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaður hækkar um 39 þús. kr.

d. *Kostnaður við önnur fangahús* hækkar um 200 þús. kr.

12. Brúttókostnaður við *sakamál og lögreglumál* hækkar um 200 þús. kr., en endurgreiddur málskostnaður er áætlaður 50 þús. kr. hærri, þannig að nettó hækkar þessi liður um 150 þús. kr. Þá hækkar þessi liður um 700 þús. kr., þar eð nú er gert ráð fyrir málskostnaði á þessum lið, sem hefur áður verið greiddur af 19. gr.

18. *Til útgáfu norræns dómasafns* er nýr liður, 40 þús. kr.

19. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 8826 þús. kr. Hækkun þessi stafar í aðalatriðum af eftirfarandi:

1) Nýju varðskipi, sem áætlað er að verði í rekstri nærri allt árið, og er kostnaður við það áætlaður 4460 þús. kr.

2) Gert er ráð fyrir að væntanlegar efnahagsráðstafanir hafi útgjaldaaukningu í för með sér um ca. 3100 þús. kr.

3) Miðað við reynslu áranna 1958 og 1959 eru ýmsir kostnaðarliðir hækkaðir um 1266 þús. kr.

20. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 64600 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar útgjöldum.

21. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Miðað er við ein og hálf eftirlitsmannslaun eins og áður. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

22. *Til húsameistara ríkisins.* Fast starfslið er óbreytt. Laun arkitekts, sem

vinnur að teikningu Hallgrímskirkju, eru talin með öðrum kostnaði, sem hækkar um 183 þús. kr., með hliðsjón af reynslu og vegna efnahagsráðstafana.

23. *Til bindindisstarfsemi.* Til áfengisvarnarráðs hækkar um 35 þús. kr.

24. *Til Íslandsdeildar norrænu lagamannasamtakanna,* 50 þús. kr., er nýtt. Er hér um að ræða styrk vegna norræns lögfræðingamóts, sem haldið verður hér á landi árið 1960.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Fast starfslið er óbreytt. Fjórir innheimtumenn í XI. launaflokki verða skattritarar í X. flokki. Aðrar breytingar verða ekki á launum nema nokkrar aldurshækkanir. Lausavinna hækkar um 30 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 40 þús. kr. og símakostnaður og burðargjöld um 58 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 500 þús. kr. bæði vegna of lágrar áætlunar og sem afleiðing af væntanlegum efnahagsaðgerðum.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Varðstjóri í IX. launaflokki verður yfirtollvörður í VIII. flokki og 2 tollverðir í X. flokki verða varðstjórar í IX. flokki. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 102 þús. kr. og símakostnaður um 13 þús. kr. Til kaupa á talstöðvum, í fjárlögum 1959 85 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður, til endurnýjunar á bifreið 140 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 205 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar og sem afleiðing af væntanlegum efnahagsaðgerðum.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Gert er ráð fyrir, að bætt verði við 2 tollvörðum vegna eftirlits með hinni nýju fríhöfn á Keflavíkurflugvelli, svo og einum manni til viðbótar til að leysa af í sumarleyfum. Laun hækka af þessum sökum um 119 þús. kr. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr., einkennisfatnaður um 11 þús. kr. og hiti og ljós um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 17 þús. kr. og kostnaður við eftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar hækkar um 30 þús. kr. vegna hinnar nýju Loranstöðvar á Snæfellsnesi.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Frá fjárlögum 1959 fækkar tollgæzlumönnum, sem einnig eru lögreglumenn, um fimm. Annar kostnaður er áætlaður 572 þús. kr.

II. *Skattar:*

a. *Ríkisskattanefnd.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Föstu starfsliði fjölgar um 2 bókara, sem áður störfuðu sem lausamenn á skattstofunni. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 115 þús. kr. og annar kostnaður um 120 þús. kr., hvort tveggja vegna væntanlegra efnahagsaðgerða.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Kostnaður hækkar um 100 þús. kr. vegna væntanlegra efnahagsráðstafana.

d. *Undirskattanefndir.* Kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

e. *Yfirskattanefndir.* Kostnaður við yfirskattanefndir hækkar um 25 þús. kr. vegna væntanlegra efnahagsaðgerða.

VII. Hér kemur inn nýr liður, innheimtulaun, 400 þús. kr. Er hér um að ræða greiðslu til innheimtumanna ríkissjóðs, og hefur kostnaður þessi verið greiddur af 19. gr., en réttara þykir að taka upp sérstaka fjárveitingu, þar sem hér er um árleg útgjöld að ræða.

Um 11. gr. C.

Áætlað er að kostnaður við embættisrekstur hækki um 465 þús. kr. vegna hækkunar, sem orðin er á pappír og prentun, og sem afleiðing af væntanlegum ráðstöfunum í efnahagsmálum.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Gert er ráð fyrir hálfum launum til fulltrúa landlæknis, sem er nýtt, og hækka laun af þeim sökum um 42655 kr. Annar kostnaður hækkar um 75 þús. kr.

II. Héraðslæknar. Gert er ráð fyrir sömu tölu héraðslækna eins og á s. l. ári, þ. e. 63, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli, sem er óbreytt.

Símakostnaður og burðargjöld hækka um 25 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 2947 þús. kr. Allmiklar hækkanir verða á gjöldum vegna væntanlegra efnahagsaðgerða, en daggjöld eru hækkuð um tæpl. 15% til að mæta hækkunum af þeim sökum.

A. *Landsspítali.* Bætt er við nokkru starfsliði. Gert er ráð fyrir hálfum launum til yfirlæknis á rannsóknarstofu. Þá er gert ráð fyrir nýjum aðstoðarlækni við röntgendeild, sérfræðingi í taugalækningum og aðstoðarhjúkrunarkonu á barnadeild. Af þessum sökum hækka launagreiðslur um 226 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 48 þús. kr. vegna hinna nýju lækna, svo og vegna vanáætlunar á fyrra ári.

Matvörur hækka um 1732 þús. kr., og veldur breyting á uppsetningu þar mestu, þar eð selt fæði er nú uppfært sem tekjur og nemur kr. 1350 þús., en var áður dregið frá kostnaði við matvörur. Kostnaður við Ljósmæðraskólann hækkar um 134 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 1612 þús. kr., m. a. vegna áhaldakaupa í nýja spítalann og áhrifa væntanlegra efnahagsaðgerða. Niður fellur til áhaldakaupa í röntgendeild 63 þús. kr.

Tekjur hækka um 2114 þús. kr., vegna þess að selt fæði er nú talið með tekjum og þeirrar hækkunar daggjalda um tæp 15% til að standa undir útgjaldaaukningu af völdum efnahagsaðgerða.

Rekstrarhalli hækkar um 1978 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við einum námskandídat, og hækka laun sem því svarar. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. vegna vanáætlunar. Fæðiskostnaður hækkar um 111 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 690 þús. kr., en iðgjöld til lífeyrissjóðs, 110 þús. kr., fellur niður og er talið með öðrum kostnaði.

Tekjuáætlun hækkar um 185 þús. kr. vegna hækkunar daggjalda.

Rekstrarhalli hækkar um 228 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Gert er ráð fyrir launum til tveggja nýrra kennara og einnar starfsstúlku. Laun hækka af þessum sökum um 178 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 53 þús. kr. og annar kostnaður um 107500 kr.

Tekjuáætlun hækkar um 40 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 305 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Gert er ráð fyrir, að bætt verði við umsjónarmanni, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Matvörur hækka um 190 þús. kr. og annar kostnaður um 351 þús. kr. Tekjur hækka um 107 þús. kr. vegna daggjaldahækkunar.

Rekstrarhalli hækkar um 472 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Kostnaður við matvörur hækkar um 7 þús. kr. og annar kostnaður um 91 þús. kr.

Tekjur lækka um 283 þús. kr. vegna færri sjúklinga.

Rekstrarhalli hækkar um 367 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Gert er ráð fyrir launum til nýs umsjónarmanns, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Matvörur hækka um 219 þús. kr. og annar kostnaður um 381 þús. kr.

Tekjuáætlun hækkar um 840 þús. kr.

Rekstrarhalli lækkar um 36 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur hækka um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 11 þús. kr. Tekjur lækka um 1750 kr. Rekstrarhalli hækkar um 25 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Starfsliði fjölgar um 5 starfsstúlkur vegna fjölgunar sjúklinga. Af þeim sökum hækka laun um 184 þús. kr. Matvörur hækka um 130 þús. kr. og annar kostnaður um 119 þús. kr. Tekjur hækka um 884 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 389 þús. kr.

I. *Blóðbankinn.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 29 þús. kr. Tekjur hækka um 51750 kr. Rekstrarhalli lækkar um 3474 kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 43 þús. kr. Tekjur hækka um 153 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 48600 kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum* hækkar um 100 þús. kr. vegna áætlaðrar fjölgunar legudaga.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum.* Styrkur til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík hækkar um 550 þús. kr. vegna aukins kostnaðar heilsuverndarstöðvarinnar og þess, að áætlað er, að heilsuverndarstöðin taki nú við vörnum gegn kynsjúkdómum, og fellur þá niður sérstök fjárveiting, sem undanfarið hefur verið veitt í fjárlögum í því skyni. Styrkur til annarra heilsuverndarstöðva hækkar um 45 þús. kr.

XI. *Til héraðshjúkrunarkvenna* hækkar um 10 þús. kr.

XVI. *Til lækningaferða sérfræðinga* hækkar um 5 þús. kr.

XIX. *Til norrænu lyfjaskrárnefndarinnar* hækkar um 3875 kr.

XX. *Kostnaður vegna laga nr. 27 1945, um eyðingu á rottum,* hækkar um 80 þús. kr., með hliðsjón af reynslu undanfarið.

XXII. *Til umbúðasmiði vegna fatlaðra* hækkar um 12 þús. kr.

XXIV. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 38 þús. kr.

XXV. *Matvælaeftirlitið.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XXVI. *Tillag til World Health Organization* hækkar um 76 þús. kr.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 365 þús. kr., en til frádráttar koma 250 þús. kr., sem fært er á ýmis verk. Skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr.

II. *Þjóðvegir.* Til nýrra akvega og til endurbyggingar þjóðvega er áætlað óbreytt, en viðhald hækkar um 8200 þús. kr., með hliðsjón af reynslu og vegna væntanlegra efnahagsráðstafana.

Þá er þess að geta, að ráðuneytinu hefur borizt erindi um fyrirhugaðar framkvæmdir á Mýrdalssandi og nema upphæðir, sem til þeirra þarf að verja, allháum fjárhæðum. Ekki er hér gert ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni, þar eð það er álit ráðuneytisins, að mál þetta þurfi nánari athugunar við.

III. *Brúargerðir.* Til brúargerða er áætlað óbreytt frá fjárlögum 1959.

XIV. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 15 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna,* lækka um 100 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingagjöld* lækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Áætlað er, að rekstrarhalli skipaútgerðarinnar hækki um 5 millj. kr. frá fjárlögum 1959. Flokkunarviðgerðir þurfa að fara fram á 4 skipum á næsta ári, 12 ára flokkun á Heklu, 20 ára flokkun á Esju, 16 ára flokkun á Þyrli og 12 ára flokkun á Skjaldbreið. Gert er ráð fyrir nokkrum halla á hinu nýja Vestmannaeyjaskipi. Loks eru tekjur áætlaðar nokkru lægri vegna þess hve skipin verða mikið frá vegna flokkunarviðgerðanna. Gert er ráð fyrir, að útgjalda-

aukningu vegna væntanlegra efnahagsaðgerða verði mætt með hækkun far- og farmgjalda.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 6 þús. kr., skrifstofukostnaður um 33 þús. kr og ferðakostnaður og fæðispeningar um 15 þús. kr.

III. *Laun vitavarða.* Föst laun lækka um 36 þús. kr., en aukagæzla og aðstoð hækkar um 15 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Kostnaður við vitaskipið hækkar um 195 þús. kr. vegna aðgerða í efnahagsmálum. Rekstrarkostnaður vitanna hækkar um 200 þús. kr. af sömu ástæðum.

V. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækka um 50 þús. kr.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er áætlað óbreytt frá fjárlögum 1959.

IX. *Til hafnarbótasjóðs samkv. lögum* er áætlað 2 millj. kr. og hækkar um 100 þús. kr.

X. *Til dýpkunarskipsins Grettis.* Til kaupa á skóflubelti, 570 þús. kr. í fjárlögum 1959, fellur nú niður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 69 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. Slökkviliðsdeild. Aukavinna hækkar um 15 þús. kr., álag á næturvinnu um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 27 þús. kr.

3. Vélaverkstæði. Áætlunin hækkar lítillega, en tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá eins og áður.

4. Trésmíðaverkstæði. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. Viðhald og varðveizla mannvirkja. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og laun verkamanna um 60 þús. kr. Efni, aðkeypt vinna, viðgerðir o. fl. hækkar um 120 þús. kr.

6. Rafmagnsdeild. Hér kemur inn nýr liður, laun rafvirkja, 66567 kr., en vegna mjög aukinna starfa hefur reynzt óhjákvæmilegt að lausráða rafvirkja til aðstoðar. Annar kostnaður hækkar um 37 þús. kr., en til frádráttar koma 100 þús. kr. tekjur, og er það nýtt.

7. Annar kostnaður lækkar um 45 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur.*

1. Skrifstofukostnaður. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 26 þús. kr. og annar kostnaður um 256 þús. kr., vegna rekstrar blindlendingartækja og væntanlegra efnahagsaðgerða.

3. Flugumsjón. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 49 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Vegna mistaka hafa fallið niður í fjárlögum 1959 laun til einnar afgreiðslustúlku, og er það leiðrétt nú. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 207 þús. kr. vegna stytts vinnutíma úr 42 stundum á viku í 39 stundir, á sama hátt og tíðkast í öðrum deildum flugvallarins. Laun afgreiðslumanna hækka um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 110 þús. kr., einkum vegna væntanlegra aðgerða í efnahagsmálum.

5. Flugvirkjadeild. Efni og annar kostnaður hækkar um 62 þús. kr.

6. Tryggingargjöld hækka um 27 þús. kr., vegna hækkunar á flugvallartryggingu.

7. Viðhald húsa og rekstur rafstöðva hækkar um 50 þús. kr.
8. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir:*

Snjómokstur er áætlaður 175 þús. kr. eða 50 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1959. Annar kostnaður hækkar um 751 þús. kr., vegna fjölgunar flugvalla og vegna áhrifa væntanlegra efnahagsaðgerða.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

B. Flugumferðarstjórn:

1. Upplýsingaþjónustan. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Reykjavík. Gert er ráð fyrir óbreyttu föstu starfsliði, en óhjákvæmilegt er talið að bæta við þremur nýjum flugumferðarstjórum, vegna fjölgandi flugferða á eftirlitssvæðinu, og er gert ráð fyrir launum þeirra í liðnum „álag á næturvinnu og aukavinna", sem hækkar um 202 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr.

3. Flugumferðarstjórn, Akureyri. Aukavinna hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 41 þús. kr.

4. Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum. Annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

5. Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar:*

1. Viðhald stöðvanna:

A. Radíóverkstæðið í Reykjavík. Gert er ráð fyrir launum til 3 nýrra radíóviðgerðarmanna, en vegna stóraukningar á flugfjarskiptakerfinu er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þessari fjölgun á þessu ári, og má búast við, að radíóviðgerðarmönnum verði enn að fjölga um 4 á næsta ári. Efni og varahlutir hækka um 240 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 30 þús. kr. Til frádráttar kemur seld vinna og efni, 600 þús. kr., og hækkar sá liður um 343857 kr.

B. Radíóverkstæðið, Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 30 þús. kr. Seld vinna og efni, 95 þús. kr., kemur til frádráttar og er það nýtt.

2. Rekstur stöðvanna hækkar um 410 þús. kr. með hliðsjón af reynslu 1958 og í samræmi við aukningu kerfisins.

VII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

Framlag til ICAO hækkar um 93 þús. kr. Hér er bæði um að ræða hækkun framlagsins og afleiðingar væntanlegra efnahagsráðstafana. Ferðakostnaður hækkar um 80 þús. kr. og annar kostnaður við ICAO-deild hækkar um 3 þús. kr.

VIII. *Þjálfun starfsmanna í flugvallarekstri* hækkar um 25 þús. kr.

X. Loftferðaeftirlit. Til flugskráningar hækkar um 180 þús. kr., vegna nýrra samninga við Air Registration Board, um störf brezks flugvélaeftirlitsmanns, svo og vegna væntanlegra efnahagsaðgerða.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan:*

Teknar eru upp óbreyttar þær tölur, sem voru í fjárlagafrv. því, er lagt var fram í byrjun þings. Þar eð fá þarf staðfestingu ICAO á áætluninni, þótti ekki fært að breyta henni án nánari viðræðna við hlutaðeigandi stofnanir, og er því gert ráð fyrir, að áætluninni verði breytt í meðferð fjárveitinganefndar til samræmis við væntanlegar efnahagsráðstafanir.

XII. Framlag til ICAO vegna veðurathugunarskipa á Norður-Atlantshafi hækkar um 212 þús. kr., vegna aðgerða í efnahagsmálum.

XIII. *Veðurþjónusta á Grænlandi:*

Framlagið hækkar um 440 þús. kr., nær eingöngu vegna efnahagsráðstafana.

Tekjur af flugvöllum:

Tekjur af Keflavíkurflugvelli hækka um 4450 þús. kr., en tekjur Keflavíkurflugvallar eru mestmegnis gjaldeyristekjur. Tekjur af öðrum flugvöllum eru áætlaðar óbreyttar.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. Yfirstjórn og skrifstofa. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 9 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr.

B. Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli. Aukavinna og næturálag lækkar um 7500 kr. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 19 þús. kr. og annar kostnaður um 224 þús., og er það hækkun á veðurskeytasendingum og kostnaður vegna væntanlegs flutnings í nýtt húsnæði, auk afleiðinga af væntanlegum aðgerðum í efnahagsmálum.

C. Loftskeytadeild. Starfsmannahald er óbreytt, enn sem komið er, en búizt er við, að loftskeytamönnum fækki úr 11 niður í 5 með tilkomu hinna nýju tækja til vélrænnar móttöku veðurskeyta. Aukavinna lækkar um 23 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 22 þús. kr. Þá fellur niður 450 þús. kr. fjárveiting í fjárlögum 1959, sem var lán til ICAO til kaupa á nýjum tækjum.

D. Veðurfarsdeild. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 13700 kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

E. Áhaldadeild. Starfsliði fjölgar um einn áhaldasmið, og hækka laun sem því svarar. Aukavinna hækkar um 4 þús. kr., en til kaupa á veðurathugunaráhöldum lækkar um 3 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

F. Jarðeðlisfræðideild. Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr. Til kaupa á klukku vegna jarðskjálftamælinga, 18 þús. kr., er nýtt.

G. Bóka- og skjalasafn. Annar kostnaður hækkar um 32 þús.

H. Jarðeðlisfræðiárið. Kostnaður lækkar um 12 þús. kr.

Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 41600 kr.

2. *Tillag til alþjóðaveðurrannsóknastofnunarinnar* hækkar um 23 þús. kr.

3. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni, en endurskoða þarf áætlun þessa, sbr. athugasemd við liðinn Alþjóðaflugþjónusta.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 34 þús. kr. og annar kostnaður um 45 þús. kr. Til landkynningar hækkar um 50 þús. kr. Tekjur hækka um 425 þús. kr. Hallinn lækkar um 284 þús. kr. og er nú greiddur úr ríkissjóði, sbr. heimild í 22. gr. fjárlaga 1959.

II. Skipaskoðun ríkisins. Starfsliði fjölgar um skrifstofustjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78300 kr. Einnig er bætt við nýjum eftirlitsmanni vegna aukinna verkefna. Ferðakostnaður hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 55 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

III. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla og prófkostnaður lækkar um 6500 kr. en húsaleiga hækkar um 7600 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 85 þús. kr. vegna kaupa á gyrokompás, sem áætlað er að kosti 170 þús. kr. Er hálft kaupverðið tekið í frv. og hinn helmingurinn væntanlega á næsta ári. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 60 þús. kr., vegna aukins nemendafjölda á námskeiðum þessum.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá eins og áður.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskólans* hækkar um 144 þús. kr. Hagnaður af mötuneyti, sem á s.l. ári var áætlaður 50 þús. kr., hverfur nú, þar eð skólinn mun ekki starfrækja mötuneyti á næsta ári. Stundakennsla hækkar um 26600 kr. og ýmis annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

VI. *Til landmælinga.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga.* Starfsmannahald er óbreytt. Til sjókortagerðar hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr. Til kaupa á vélum í sjómælingabát lækkar um 135 þús. kr. og er þetta lokagreiðsla.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Starfsmannahald breytist nokkuð, þar eð skipaðir hafa verið 8 dósentar í læknisfræði, 2 í laga- og viðskiptadeild og 5 lektorar í læknadeild, og nema launagreiðslur til þeirra 440 þús. kr. Í þess stað fellur niður fjárveiting til aukakennslu í læknisfræði, 70 þús. kr., í fjárlögum 1959, til verklegrar kennslu í meina- og sýklafræði, 17 þús. kr., og laun 5 aukakennara, sem nú verða dósentar, alls 58 þús. kr. Þá er fastráðinn kennari í tannlækningum með hálfum launum. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 50 þús. kr., en til tannlæknistofu lækkar um 90 þús. kr. Kennsla í lyfjafræði lyfsala 109 þús. kr. er nýtt, en kennslugrein þessi er ný í háskólanum. Verkleg kennsla í lyfjagerð er einnig nýr liður, 25 þús. kr. Stundakennsla og landmælingar lækka um 15 þús. kr. Til eðlisfræðirannsókna hækkar um 58 þús. kr. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 3 þús. kr. og prófkostnaður um 25 þús. kr. vegna fjölgunar prófa með auknum stúdentafjölda. Loks lækka ýmis gjöld um 148 þús. kr. Til áhaldakaupa læknadeildar, í fjárlögum 1959 30 þús. kr., fellur niður.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 98 þús. kr. Tekjur hækka um 40 þús. kr.

II. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum.* Styrkupphæðin hækkar um 1.625 þús. kr. sem afleiðing af væntanlegum efnahagsaðgerðum. Er miðað við, að 5 ára styrkjunum fjölgi úr fimm í sjö. Þá er sú breyting gerð, að framvegis er heimilt að veita fimm ára styrki hvort heldur til náms við Háskóla Íslands eða erlendis, en þeir eru nú einungis veittir stúdentum, sem nám stunda erlendis.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Fulltrúi, sem starfað hefur hjá endurskoðun skólakostnaðar, flyzt á fræðslumálaskrifstofuna. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Kennurum fjölgar um 4 frá fjárlögum 1959, en einn þessara kennara hefur þó tekið við starfi á árinu 1958. Af þessum sökum hækka laun um 267 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 84 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjadeilda. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. og viðhald húsa og áhalda um 15 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 13 þús. kr. Til kaupa á kennsluáhöldum er nýr liður, 30 þús. kr., í sambandi við kennslu í eðlisfræði.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Kennurum fjölgar um 2 vegna nýrra bekkjadeilda, en stundakennsla lækkar um 34 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 30 þús. kr. og viðhald húsa og áhalda um 20 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 12 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Kennarafjöldi er óbreyttur. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr., prófkostnaður um 4 þús. kr. og annar kostnaður um 42 þús. kr., m. a. vegna viðhaldskostnaðar húsa. Til húsgagnakaupa vegna mötuneytis er nýr liður, 100 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Starfslið breytist þannig, að kennari, sem tók hálf laun, lætur nú af kennslu, og lækka laun af þeim sökum um 36812 kr. Gert er ráð fyrir launum til nýs kennara í VII. launaflokki, sbr. reglugerð frá 1. júní 1959, um kennaramenntun í söng og tónlist. Stundakennsla hækkar um 95600 kr., þar eð einn hinna föstu kennara hefur fengið árs orlof með óskertum launum, en starfi hans gegna stundakennarar. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 6 þús. kr. og húsnæði utan skólans um 15 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði. Viðhald hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 12 þús. kr.

Í handíðadeild hækkar stundakennsla um 13 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn.* Starfslið er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 16642 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Styrkur til bókasafns er nýr liður 3 þús. kr. Prófkostnaður, 45 þús. kr., er nú áætlaður sérstaklega, en var áður í öðrum kostnaði, sem lækkar um 30 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 15 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla.* Miðað við fjárlög 1959 hækka framlög til iðnfræðslu um 690 þús. kr. Stafar þessi hækkun af áætlaðri kennarafjölgun um 3⅓, sem gerir 199 þús. kr. hækkun, og annar kostnaður hækkar um 490 þús. kr. Bætt er við iðnskóladeild við miðskólann á Dalvík, og Iðnskólinn í Reykjavík hefur tekið í notkun aukið húsnæði og bætt við kennslugreinum og námskeiðum.

X. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslunnar allrar hækka um 8624 þús. kr. frá fjárlögum 1959.

Tala kennara eykst nokkuð. Í fjárlögum 1959 var ráðgert, að 25 nýir kennarar tækju til starfa haustið 1959. Koma því einungis september — desemberlaun þeirra til greiðslu samkvæmt fjárlögum 1959, en að sjálfsögðu heils árs laun þeirra árið 1960. Á haustinu 1960 er gert ráð fyrir 22 nýjum kennurum, sem taka laun aðeins í september — desember. Laun kennara hækka um 1239 þús. kr. frá fjárlögum 1959. Laun ráðskvenna hækka um 81 þús. kr., þar eð tveir nýir heimavistarskólar taka til starfa. Stundakennsla og þóknun til skólastjóra í tví- og þrískiptum skólum hækkar um 387 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 2250 þús. kr. Þar af stafa 1762 þús. kr. af auknum viðhaldskostnaði vegna síaukins skólahúsnæðis og leigugreiðslum vegna skólahúsnæðis í Reykjavík. Að öðru leyti stafar hækkunin af væntanlegum efnahagsaðgerðum.

Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 43600 kr.

Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 4659 þús. kr. Samkvæmt lögum frá 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Til þess að ljúka þeim skólabyggingum, sem fé er byrjað að veita til, á tilskildum tíma, verður að áætla framlag þetta eins og hér er gert.

XI. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunarinnar hækka alls um 7258 þús. kr. frá fjárlögum 1959.

Kennurum fjölgar nokkuð. Miðað er við að 29 nýir gagnfræðaskólakennarar hafi tekið til starfa haustið 1959 og 27 nýir bætist við haustið 1960, sem þá taka laun aðeins mánuðina september — desember. Kennaraaukning þessi veldur hækkun á launum um 1701 þús. kr. Þá hækkar launaliðurinn vegna aldursuppbóta o. fl. um 337 þús. kr. eða samtals um 2038 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón, tví- og þrískipan í skólum hækkar um 409 þús. kr., nær eingöngu vegna nemendafjölgunar í Reykjavík.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2733 þús. kr. Þar af eru 2060 þús. kr. vegna aukins viðhaldskostnaðar skólahúsnæðis og leigu eftir skólahúsnæði í Reykjavík, en að öðru leyti er um áætlaða hækkun að ræða vegna væntanlegra efnahagsaðgerða.

Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 2079 þús. kr. af sömu ástæðum og áður segir um barnaskólana.

Til handíða- og myndlistarskóla, í fjárlögum 1959 65 þús. kr., fellur nú niður. Einnig til byggingar fjóss og hlöðu að Laugarvatni, 190 þús. kr.

XIII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskóli.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Til kennsluáhalda, 10 þús. kr., er nýtt.

2.—6. *Almenn húsmæðrafræðsla.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnað-

ur hækkar um 96 þús. kr. vegna aukins viðhaldskostnaðar, og væntanlegra efnahagsaðgerða. Til byggingar skóla er áætlað óbreytt.

XIV. *Til íþróttamála.*

1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 5 þús. kr. Til íþróttatækja og bókasafns hækkar um 6 þús. kr. ljós, hiti og ræsting um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 9 þús. kr. Viðhald á íþróttahúsinu, 56 þús. kr., er nýr liður.

10. *Til Ólympíunefndar Íslands* vegna undirbúnings Ólympíuleikanna 1960 er nú áætlað 200 þús. kr. í stað 100 þús. kr. í fjárlögum 1959, og er þetta síðari greiðsla.

Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna menntaskólans þar, 50 þús. kr. í fjárlögum 1959, fellur nú niður.

XV. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.*

Starfsliði fækkar um einn kennara.

Kaup starfsstúlkna hækkar um 22 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 20 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

XVII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 10 þús. kr.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 50 þús. kr.

XXXIV. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.* Annar kostnaður námsstjóranna hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður fræðslufulltrúans í Reykjavík um 25 þús. kr.

XXXV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Starfsliði fækkar um fulltrúa, sem flyzt til fræðslumálastjóra. Annar kostnaður hækkar um 33 þús. kr.

XXXVI. *Til ríkisútgáfu námsbóka.* Áætlað er, að kostnaður við ríkisútgáfu námsbóka hækki um 475 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að lög nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, komi að fullu til framkvæmda, en svo hefur ekki verið til þessa.

XXXVII. *Til greiðslu á skuldum upptökuheimilisins í Elliðahvammi* er nýtt, 263665 kr.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Einn bókavörður hefur fengið ársorlof með óskertum launum, og hækka laun af þeim sökum um 62 þús. kr. vegna staðgengils. Til bókakaupa o. fl. hækkar um 50 þús. kr. Til þess að semja og prenta skrá um handrit hækkar um 10 þús. kr. og ýmis gjöld um 20 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til bókakaupa o. fl. hækkar um 5 þús. kr. Til spjaldskrár yfir manntöl, 25 þús. kr., fellur nú niður.

III. *Þjóðminjasafnið.* Starfslið er óbreytt. Til rekstrar hússins hækkar um 45 þús. kr. m. a. vegna hækkunar á fasteignagjöldum. Til verndunar fornleifanna að Stöng, 30 þús. kr., fellur niður, en inn kemur sama upphæð, til viðgerðar á Hóladómkirkju, en nauðsynlegt er talið, að fram fari rækileg viðgerð á kirkjunni fyrir árið 1963, en þá á kirkjan 200 ára afmæli.

IV. *Listasafn ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr., einkum vegna aðkallandi viðgerða á málverkum, sem nauðsynlegt er talið að haldi áfram á næstu árum.

V. *Náttúrugripasafnið.* Starfsliði fjölgar um einn taxidermist, og hækka laun af þeim sökum um 73600 kr. Er þessi ráðstöfun talin óhjákvæmileg nú, þegar safnið flytur í ný húsakynni, en margir hinna eldri safnmuna eru svo úr sér gengnir, að óumflýjanlegt er að stoppa þá upp að nýju, bæði fugla og spendýr, áður en þau verða flutt í nýjan sýningarsal. Til kaupa á náttúrugripum, bókum o. fl. lækkar um 5 þús. kr., en hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 25 þús. kr. Til flutnings safnsins og til kaupa á húsgögnum, 100 þús. kr. í fjárlögum 1959, fellur niður. Inn kemur nýr liður, 70 þús. kr., vegna heimsóknar landfræðinga og jarðfræðinga

í sambandi við alþjóðaþing þeirra, sem haldin verða á næsta ári í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi.

IX. *Safnahúsið.* Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 15 þús. kr., hiti, ljós og opinber gjöld um 14 þús. kr. og ýmis gjöld um 5 þús. kr. Inn kemur nýr liður, 50 þús. kr., til viðgerða á miðstöðvarkerfi.

X. *Framlög til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955.* Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 40 þús. kr., miðað við reynslu undanfarin ár. Til bókasafna, skóla og annarra opinberra stofnana hækkar um 10 þús. kr.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Undir þessum lið falla niður þrír liðir í fjárlögum 1959, alls að upphæð 120 þús. kr. Til Norræna félagsins hækkar um 15 þús. kr., til stúdentaráðs Háskóla Íslands um 10 þús. kr., en til stúdentaráðs, vegna námskeiða í íslenzku fyrir erlenda stúdenta lækkar um 20 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir, en inn kemur nýr liður, 100 þús. kr., til útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar forseta, og er þetta fyrsta greiðsla af þremur. Er fjárveiting þessi veitt í samræmi við ályktun Alþingis 13. maí 1959.

XXXIV. *Til Friðriks Bjarnasonar, tónskálds,* 8 þús. kr., er nýr liður.

XL. *Til Tónlistarskólans í Reykjavík.* Laun skólastjóra í kennaradeild er nýr liður, 85 þús. kr.

XLII. *Til Guðmundu Elíasdóttur, söngkonu,* 8 þús. kr. í fjárlögum 1959, fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár til Leifs Þórarinssonar, til tónlistarnáms.

XLIX. *Til Þuríðar Pálsdóttur, söngkonu,* er nýr liður, 8 þús. kr.

LXXIII. *Til Vesturheimsblaðsins Lögbergs—Heimskringlu* hækkar um 18 þús. kr.

LXXIX. *Til Matthíasarfélagsins á Akureyri* hækkar um 15 þús. kr.

LXXX. *Til að reisa höggmynd af Ingólfi Arnarsyni í Rivedal í Noregi.* Á fjárlögum 1959 eru veittar 100 þús. kr. til þess verks. Áætlað er, að verkið kosti 400 þús. kr., og með því að styttan mun væntanlega verða reist á árinu 1960, er þessi kostnaðarliður áætlaður 300 þús. kr. nú.

LXXXI. *Til barnamúsíkskólans í Reykjavík* er nýr liður, 40 þús. kr.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembætti.* Ritari verður bókari og hækka laun úr XIII. launaflokki í XI. Húsaleiga biskups, 30 þús. kr., fellur niður. Ljós og hiti í biskupsbústað hækkar um 2 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 5 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Gert er ráð fyrir launum 120 presta, sem er fjölgun um einn frá fjárlögum 1959. Er nú gert ráð fyrir launum til eins prests til að skipuleggja æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar. Síma- og frímerkjakostnaður presta hækkar um 25 þús. kr. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta, hækkar um 30 þús. kr.

X. *Kostnaður við kirkjuþing.* Kirkjuþing er haldið annað hvert ár, og er því fjárveiting til þess einungis í fjárlögum annað hvert ár, að þessu sinni 120 þús. kr.

XI. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til alþjóðakirkjusambanda* hækkar um um 20 þús. kr.

XIII. *Til byggingar Skálholtskirkju* hækkar um 450 þús. kr.

XV. *Til eftirlits með kirkjugörðum* hækkar um 7800 kr.

XVI. *Til greiðslu vaxta vegna kaupa á biskupssbústað,* 25 þús. kr., er nýtt.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Framlag til félagsins hækkar um 341300 kr., þar af eru um 270 þús. kr. vegna væntanlegra efnahagsráðstafana.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* hækkar um 77 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðastliðins árs.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 5 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum.* Jarðræktarframlög eru áætluð 1650 þús. kr. hærri en 1959 og til framræslu hækkar um 600 þús. kr., miðað við reynslu sl. árs. Til kaupa á nýjum skurðgröfum, 332500 kr. í fjárlögum 1959, fellur niður, samkv. tillögum Búnaðarfélags Íslands.

9. *Til búfjárræktar.*

a. *Nautgriparækt.* Almennur styrkur til nautgriparæktarfélaga hækkar um 10 þús. kr., en til verðlauna lækkar um 45 þús. kr. vegna færri nautgripa á sýningarsvæðinu næsta ár.

b. *Sauðfjárrækt.* Styrkur til sauðfjárkynbótabúa lækkar um 5 þús. kr., en styrkur til sauðfjárræktarfélaga hækkar um 20 þús. kr., vegna fjölgunar félaga.

c. *Hrossarækt.* Til hrossaræktarsambanda lækkar um 5 þús. kr., en verðlaunafé á landssýningu hækkar um 2 þús. kr. Til kynbótabúsins á Hólum, 12 þús. kr., er í fjárlögum annað hvert ár.

e. *Til sæðingarstöðva.* Rekstrarstyrkir hækka um 39 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðvanna hækkar um 150 þús. kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

Til að koma upp sýningarreitum í jarðrækt, 500 þús. kr., fellur nú niður.

14. *Framlag samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum* er óbreytt, enda lögákveðið.

19. *Til fyrirhleðslu í Miðskálaá og Írá* lækkar um 31500 kr.

20. *Til fyrirhleðslu í Hólmsá á Mýrum, A.-Skaftafellssýslu* lækkar um 275 þús. kr.

23. *Til sjóvarnargarða* er nú áætlað 1292 þús. kr., og er það sama tala og í fjárlögum 1959, en upphæðinni er ekki skipt til einstakra varnargarða.

24. *Til sandgræðslu.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr., ýmis gjöld um 5 þús. kr. og til sandgræðslustöðva um 112500 kr. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum 1959.

27. *Til skógræktar.* Starfsfólki fjölgar um tilraunastjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78300 kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 24 þús. kr. Til skóggræðslu hækkar um 127500 kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 29 þús. kr. Til gróðurrannsókna, 15 þús. kr., er nýr liður. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum.

30. *Veiðimálaskrifstofan.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr., m. a. vegna óhjákvæmilegrar aukaaðstoðar, og er þá gert ráð fyrir stúlku í hálfu starfi. Til eldistilrauna hækkar um 100 þús. kr.

32. *Kostnaður vegna eyðingar refa og minka* hækkar um 500 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

33. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir einum nýjum dýralækni, og hækka laun af þeim sökum um 50 þús. kr. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis hækkar um 20 þús. kr., en af þessum lið er einnig greiddur símakostnaður héraðsdýralækna.

Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna er nýr liður, 30 þús. kr. Óhjákvæmilegt er talið að gera ráð fyrir þessum kostnaðarlið, þar eð héraðsdýralæknar ferðast alltaf nokkuð árlega í þágu embættisins.

36. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* er áætlað 20 þús. kr. og lækkar um 16 þús. kr. Er áætlað, að hægt sé að ljúka þeim prófunum, sem ráð er fyrir gert, fyrir þessa upphæð.

37. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 1140 þús. kr., þar af um 820 þús. kr. vegna niðurskurðar fjár í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu, en þar hefur orðið vart mæðiveiki. Einnig varð að farga öllu fé á 5 bæjum á Vestfjörðum, utan Reykjanesshólfsins, á sl. hausti, sem veldur kostnaðarauka um 320 þús. kr. Kostnaður við vörzlu hækkar um 50 þús. kr., viðhald girðinga um 125 þús. kr. og til rannsókna um 15 þús. kr. Til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarlánum lækkar um 35 þús. kr.

Til Baldvins Jónssonar vegna dúnhreinsunartækja, 80 þús. kr. í fjárlögum 1959, fellur niður.

44. *Búnaðarkennsla.*

a. *Bændaskólinn á Hólum.* Starfslið er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 33 þús. kr., til viðhalds um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um 950 kr., ljós, hiti og ræsting um 12 þús. kr. og til viðhalds um 25 þús. kr. Til framhaldsdeildar hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Starfslið er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 6 þús. kr. Til viðhalds hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 26 þús. kr.

45. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða.* Fjárveiting til húsmæðrafræðslu utan kaupstaða hækkar um 297 þús. kr. frá fjárlögum 1959. Starfsmannahald er óbreytt, en nokkrar launahækkanir verða vegna aldurshækkana. Að öðru leyti stafar hækkunin af nokkurri hækkun á stundakennslu og auknum viðhaldskostnaði svo og áætluðum afleiðingum væntanlegra efnahagsaðgerða.

48. *Til Kvenfélagasambands Íslands.* Til greiðslu launa heimilisráðunautar, er nýr liður, 73 þús. kr.

50. *Mat á landbúnaðarafurðum.* Ferðakostnaður hækkar um 10 þús. kr.

53. Hér kemur inn nýr liður *Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði,* 269 þús. kr., en það er sá kostnaður, sem áætlað er að fallinn verði á ríkissjóð vegna þessara laga 1. október n. k.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 618 þús. kr., sem stafar af hækkuðum skrifstofukostnaði og launum um 79500 kr., auknum prentkostnaði Ægis um 55 þús. kr., nýjum aflaskýrslum um 20 þús. kr. og auknu starfsfé sérfræðinga um 200 þús. kr. Um 264 þús. kr. af hækkuninni er vegna efnahagsráðstafana.

2. *Til alþjóðahafrannsókna* hækkar um 63500 kr.

3. *Til reikningaskrifstofu* hækkar um 4340 kr.

5. *Til alþjóðahvalveiðiráðs* hækkar um 4150 kr.

Síðasttaldir þrír liðir hækka vegna efnahagsráðstafana.

6. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* hækkar um 1500 kr.

7. Til að leita nýrra fiskimiða hækkar um 160 þús. kr.

8. Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir hækkar um 190 þús. kr.

9. Til síldarleitar og fiskirannsókna hækkar um 200 þús. kr.

Þrír síðastnefndir liðir hækka allir vegna efnahagsráðstafana.

14. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat.* Starfslið er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr., m. a. vegna hækkunar húsaleigu. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna hækkar um 10 þús. kr. og ferðakostnaður um 65 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, breyting á skrifstofuhúsnæði, 66670 kr., en breyting þessi hefur þegar verið framkvæmd.

b. *Síldarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 4700 kr. og annar kostnaður um 19500 kr.

d. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 90 þús. kr., samkvæmt reynslu undanfarið og vegna efnahagsráðstafana.

15. Til leiðangurs til leitar að vetursetustöðvum síldarstofnanna, 500 þús. kr., er nýr liður, þar eð aðkallandi er talið að grafizt sé fyrir um vetursetustöðvar íslenzku síldarstofnanna.

Um 16. gr. C.

2. *Til Iðnaðarmálastofnunar Íslands* hækkar um 60 þús. kr., vegna efnahagsráðstafana.

5. *Til iðnfræðsluráðs* hækkar um 25 þús. kr., sem er kostnaður af húsaleigu.
8. *Styrkur til iðnskóla í Hafnarfirði* lækkar um 25 þús. kr.
11. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Starfslið er óbreytt. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun, hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20500 kr., vegna kostnaðar við norræna eftirlitsráðstefnu, sem haldin verður hér á landi á næsta ári.

Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

Um 16. gr. D.

Á aðalskrifstofu raforkumálanna kemur inn nýr skjalavörður, sem áður var teiknari hjá rafmagnsveitum, og er því ekki um fjölgun að ræða, heldur tilfærslu í starfi. Flokkshækkanir verða hjá sex starfsmönnum aðalskrifstofu. Laun starfsfólks á aðalskrifstofu skiptast á einstakar deildir eftir ákveðnum hlutföllum.

I. *Stjórn raforkumála.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir.* Starfsmannahald er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 6 þús. kr. Tekjur og gjöld þessarar deildar standast á.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Föstu starfsliði fækkar um einn teiknara, sem flyzt á aðalskrifstofu. Skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. og annar kostnaður um 4 millj. kr. Rekstrarkostnaður og raforkukaup veitna hækkar um 22 millj. kr. Rekstrartekjur veitna hækka um 30 millj. kr. Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla veitna er nú áætlað 7 millj. kr., og er það 8 millj. kr. lægra en í fjárlögum 1959. Áætlun þessari hefur eigi verið breytt vegna afleiðinga væntanlegra efnahagsráðstafana, þar eð rekstrarafkoman hefur ekki áhrif á niðurstöðutölur frv.

IV. *Til vatnamælinga* hækkar um 25 þús. kr.

V. *Til virkjunarrannsókna í stórám* hækkar um 42500 kr.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Starfsliði fjölgar um 2 rafmagnseftirlitsmenn. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum. Sama aths. á við þennan lið og III. lið varðandi breytingar vegna væntanlegra efnahagsaðgerða.

X. *Jarðhitadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr. og rannsóknarkostnaður um 17500 kr., en annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbors hækkar um 2600 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar og væntanlegra efnahagsaðgerða, og tilraunir með framleiðslu á þungu vatni um 15 þús. kr. Inn kemur nýr liður, til rekstrar jarðbors fyrir Norðurland, 2 millj. kr. Á 20. gr. er veitt 1 millj. kr. til kaupa á jarðbor fyrir Norðurland, og er áætlað, að rekstrarkostnaður hans á árinu 1960 muni nema 2 millj. kr.

XI. *Til nýrra raforkuframkvæmda,* 10 millj. kr., kemur nú inn í frv. að nýju. Er það nauðsynlegt til þess að auðið verði að ljúka framkvæmd 10 ára rafvæðingaráætlunarinnar á tilsettum tíma.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild háskólans:*

1. *Iðnaðardeild.* Starfsmannahald er óbreytt, en einn starfsmaður flyzt úr X. launaflokki í VIII. Til jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 140 þús. kr.

Tekjur hækka um 90 þús. kr.

2. *Fiskideild.* Gert er ráð fyrir nýjum aðstoðarmanni í X. launaflokki, en launagreiðslur til sérfræðings, sem unnið hefur hálft starf, falla niður. Annar kostnaður hækkar um 170 þús. kr., m. a. vegna aukinnar starfsemi og miðað við reynslu undanfarið.

3. *Landbúnaðardeild.* Einn sérfræðingur hefur leyfi frá störfum og eru tekin inn laun staðgengils í 9½ mánuð. Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr., miðað

við reynslu undanfarið. Kortlagning jarðvegs hækkar um 10 þús. kr. og gróðurkortagerð afréttarlanda um 5 þús. kr. Til gróðurrannsókna, 20 þús. kr., er nýr liður.

Laun fjárræktarbúsins á Hesti hækka um 131 þús. kr., vegna tilfærslu frá öðrum kostnaði, en sá liður lækkar um 95 þús. kr. Tekjur búsins á Hesti hækka um 10 þús. kr. Laun á tilraunabúinu á Varmá hækka um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr. Tekjur hækka um 7 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Starfslið er óbreytt. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 90 þús. kr., vegna aukins húsnæðis fiskideildar. Viðhald hækkar um 54 þús. kr., vegna endurbóta á loftræstingarkerfi. Húsaleiga í leiguhúsnæði hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Endurgreiðsla á láni lækkar um 115 þús. kr. Tekjur frá Happdrætti Háskóla Íslands hækka um 50 þús. kr.

II. *Til rannsóknaráðs:*

Starfsmannahald er óbreytt. Rannsóknarkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Til athugunar á vinnslu biksteins í Loðmundarfirði, 50 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár, til rannsókna á kísilleir við Mývatn og víðar.

III. *Löggildingarstofan.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr., en tekjur hækka um 80 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Skipulag bæja og kauptún.* Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 6 þús. kr. og mælingakostnaður um 3500. Kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta hækkar um 100 þús. kr., og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum og hækka um 160 þús. kr.

2. *Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga* í fjárlögum 1959, 3 millj. kr., fellur nú niður, þar eð ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að jöfnunarsjóður fái hluta af söluskatti, sbr. grg. með 2. gr. frv.

5. *Til vegagerðar og lagningar skólpveitu í Egilsstaðakauptúni,* samkvæmt lögum nr. 58 1947, er nýr liður, 168695 kr. Ríkissjóður á samkv. lögum að sjá um framkvæmdir þessar, og hefur nokkru fé verið varið til þeirra á undanförnum árum. Þykir rétt að gera ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum, en hingað til hefur ekki verið veitt fé sérstaklega í þessu skyni.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.* Kostnaður við skyldusparnað hækkar um 1150 þús. kr., og er það talið óhjákvæmilegt að óbreyttu skipulagi, með hliðsjón af reynslu árið 1958, en þá nam kostnaður póststjórnarinnar og skattstofunnar í Reykjavík 1914 þús. kr. Eftirlit samkvæmt lögum nr. 10 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lækkar um 35 þús. kr.

3. *Kostnaður við húsaleigueftirlit* lækkar um 98 þús. kr.

4. *Til teikninga á verkamannabústöðum* er nýr liður, 100 þús. kr., en samkvæmt lögum nr. 36 1952 ber ríkissjóði að láta gera uppdrætti að verkamannabústöðum. Árið 1958 voru greiddar 88 þús. kr. í þessu skyni.

III. *Vinnumál:*

2. *Sáttanefndir í vinnudeilum.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

8. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 475 þús. kr. Þessi kostnaður reyndist árið 1958 625 þús. kr., og er það sama upphæð og hér er gert ráð fyrir. Liður þessi var lækkaður um 500 þús. kr. í fjárlögum 1959, en lagabreyting, sem nauðsynleg var í þessu sambandi, náði ekki fram að ganga.

9. *Framlag til I. L. O.* hækkar um 152500 kr., vegna efnahagsráðstafana.

IV. *Almannatryggingar:*

Framlag til almannatrygginga hækkar um 165454 þús. kr., og eru breytingar á einstökum liðum þessar:

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 9554 þús. kr. Að óbreyttum lögum

hefði framlag til lífeyristrygginga átt að lækka um 1600 þús. kr., vegna betri afkomu árin 1958 og 1959 en áætlað var. Fyrir Alþingi 1959 var lagt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar. Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á þinginu, en telja má líklegt, að það verði samþykkt á þessu þingi. Frumvarp þetta fjallar um hækkun bóta, og er kostnaður af þeim ástæðum áætlaður 33.8 millj. kr. á ári. Samkv. 24. gr. laga nr. 24 1956 koma 33% af þessum kostnaðarauka í hlut ríkissjóðs, eða samtals 11154 þús. kr.

2. *Framlag til sjúkratrygginga* er áætlað að hækki um 1400 þús. kr., m. a. vegna fyrirhugaðra hækkana á daggjöldum.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 2 millj. kr. Stafar sú hækkun af hækkun verkamannakaups árið 1958, sem reiknast allt árið 1959, en iðgjöld til atvinnuleysistrygginga fara eftir kaupi Dagsbrúnarverkamanna árið á undan og fjölda tryggða.

4. Hér kemur inn nýr liður, *sérstakt framlag til hækkunar bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar,* sem nemur 152900 þús. kr. Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi frv. um sérstaka hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hér er gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka, sem það frv. mun hafa í för með sér.

V. *Önnur félagsmál:*

1. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla* hækkar um 1519 þús. kr.

a. Styrkur til berklasjúklinga hækkar um 22 þús. kr. Vistdagar eru nú áætlaðir 71500 í stað 77 þús. í áætlun ársins 1959. Að öllu óbreyttu hefði þessi liður átt að lækka um 757 þús. kr., en afleiðingar efnahagsráðstafana valda nefndri hækkun.

e. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

f. *Styrkur til sjúklinga, annarra en berklasjúklinga* hækkar vegna efnahagsráðstafana um 1487 þús. kr., en að öllu óbreyttu hefði þessi liður lækkað um 2074 kr., aðallega vegna:

1) Fækkunar vistdaga á Kleppsspítala um 3 þús., sem er í samræmi við legudagafjölda ársins 1958 (áætlun 1959 því of há). 2) Vistdagar áfengissjúklinga fækka um 4500, þar eð lagt var niður hæli fyrir kvensjúklinga. 3) Lækkunar á kostnaði vegna ellikramarsjúklinga um 767 þús. kr. Vistdagar eru áætlaðir 4855 færri, og daggjöld hefðu lækkað úr 87 kr. í 82 kr. Þá er þess að gæta, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir hærri ellilífeyri nú en áætlað var í áætlun ársins 1959. Loks, að ríkisframfærslan greiðir ekki með mörgum sjúklingum vistuðum á sjúkradeild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, þar sem þeir eru ekki ríkisframfærslusjúklingar, en gert var ráð fyrir, að ríkisframfærslan þyrfti að greiða með flestum sjúklingum, sem vistaðir eru þar.

2. *Önnur ríkisframfærsla:*

c. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis hækkar um 5 þús. kr.

d. Greiðsla með börnum erlendra manna hækkar um 200 þús. kr., miðað við reynslu að undanförnu.

4. *Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga* hækkar um 58 þús. kr.

6. *Til Björns Pálssonar til sjúkraflugs* hækkar um 25 þús. kr.

7. *Til Barnavinafélagsins Sumargjafar:*

a. Rekstrarstyrkur hækkar um 15 þús. kr.

b. Til starfskvennaskóla hækkar um 5 þús. kr.

8. *Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn* hækkar um 15 þús. kr.

9. *Til Kvenfélagsins Hlífar á Akureyri,* byggingarstyrkur, 25 þús. kr., er nýr liður.

11. *Til Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði,* byggingarstyrkur, 50 þús. kr., er nýr liður.

14. *Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:*

b. Til Blindravinafélagsins, til útgáfu bóka á blindraletri, hækkar um 3 þús. kr.
d. Til barnaheimilisins á Sólheimum í Grímsnesi hækkar um 5 þús. kr.
e. Til fávitahælis í Skálatúni hækkar um 5 þús. kr.

17. *Til ungmennastarfsemi.* Til Bandalags íslenzkra skáta hækkar um 25 þús. kr.

Um 18. gr.

Greinin í heild hækkar um 1580 þús. kr. Eftirlaun og styrktarfé lækkar um 219 þús. kr. Framlag samkvæmt lögum nr. 64 1955 og 66 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og barnakennara, hækkar um 1200 þús. kr., og framlag til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri hækkar um 600 þús. kr.

Um 19. gr.

Greinin í heild hækkar um 152898 þús. kr. Framlagið til útflutningssjóðs, 152 millj. kr. í fjárlögum 1959, fellur nú niður, en inn kemur nýr liður, 302900 þús. kr., til niðurgreiðslu á vöruverði. Gert er ráð fyrir, að núverandi niðurgreiðslur séu óbreyttar, og er áætlað, að þær nemi 265 millj. kr. Hins vegar flytjast þær nú frá útflutningssjóði til ríkissjóðs. Bætt er við niðurgreiðslum á nokkrum vörum, sem hafa verið fluttar inn skv. lögum um útflutningssjóðs o. fl. með 30% yfirfærslugjaldi, og nemur sú upphæð 37.9 millj. kr.

Útgjöld samkv. 22. og 23. gr., 5 millj. kr., er nýr liður, en ekki hefur verið áætlað sérstaklega fyrir þeim útgjöldum fyrr. Einnig kemur inn annar nýr liður, fyrningar, 6 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir áður á þessu þingi, voru fyrningar yfirleitt felldar niður úr rekstrarliðum einstakra stofnana. Hér er tekinn upp í einu lagi áætlunarliður fyrir fyrningum, og er fyrirhugað, að þær verði greiddar í sérstakan sjóð og koma þá væntanlega til gjalda á fjárlagaliði hlutaðeigandi stofnana í ríkisreikningi.

Um 20. gr.

Inn: Fyrningar, að upphæð 1850 þús. kr., falla niður.

Út:

I. *Afborganir af lánum ríkissjóðs* hækka um 1413 þús. kr., og eru taldar nema 12859 þús. kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 323—325. Afborganir af lánum landssímans hækka um 950 þús. kr., vegna aðgerða í efnahagsmálum.

II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum, er nú áætlað 35 millj. kr. og hækkar um 15 millj. kr. Er ekki talið ráðlegt að áætla þessa fjárhæð lægri, bæði með hliðsjón af reynslu undanfarið og væntanlegum efnahagsráðstöfunum.

III. *Til eignaaukningar landssímans* lækkar um 4625 þús. kr., og er nú áætlað 3705 þús. kr., en hér er einkum um tilfærslu gjalda að ræða af eignahreyfingalið á rekstur, sbr. greinargerð um 3. gr. frv.

VI. *Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja* hækkar um 790 þús. kr., vegna efnahagsráðstafana.

VIII. *Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða* er nú áætlað 3400 þús. kr., eða hækkar um 1700 þús. kr.

IX. *Til flugvallargerðar og flugöryggistækja* hækkar um 2200 þús. kr. Vegna væntanlegra efnahagsaðgerða hækka tekjur flugvalla á 13. gr. D. umfram gjöld um 2200 þús. kr., og þykir sanngjarnt að því fé sé varið til flugvallagerða.

XII. *Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri* hækkar um 200 þús. kr., og *til byggingar kennaraskóla* hækkar um 1050 þús. kr.

XVIII. *Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli* lækkar um 60 þús. kr.

XXIII. *Til byggingarsjóðs Listasafns Íslands* eru veittar 500 þús. kr. Í fjárlögum 1959 voru veittar 500 þús. kr. til byggingar Kjarvalshúss, en samkvæmt ósk Jóhannesar Sv. Kjarvals hefur nú verið hætt við byggingu íbúðar og sýningar-

salar fyrir hann, en stofnaður með lögum nr. 41/1959 byggingarsjóður Listasafns Íslands af því fé, sem fyrir hendi var til byggingar Kjarvalshúss.

XXV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* hækkar nú um 2750 þús. kr., þar af 950 þús. kr. vegna efnahagsaðgerða.

XXVI. *Til kaupa á biskupsbústað* er nýr liður, 300 þús. kr., en ríkissjóður hefur fest kaup á embættisbústað fyrir biskup.

XXVII. *Til að byggja eina hæð ofan á Arnarhvol* er nýr liður, 500 þús. kr.

XXVIII. *Til endurbyggingar á Borg á Mýrum* er einnig nýr liður 300 þús. kr. Íbúðarhúsið þar brann í febrúar 1959 og er þessi fjárhæð tekin upp til endurbyggingar hússins.

XXIX. *Til kaupa á jarðbor fyrir Norðurland* er nýr liður, 1 millj. kr. Á 22. gr. fjárlaga 1959 er ríkisstjórninni veitt heimild til að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi.

Þrír liðir í fjárlögum 1959, að upphæð 735 þús. kr., falla niður, en aðrir, sem ekki er sérstaklega getið, eru óbreyttir.

Um 22. gr.

XI. Hér er aflað heimilda til að lána eða ábyrgjast lán, að upphæð 1.2 millj. kr. til útsölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Rekstur þessi er nú orðinn það umfangsmikill, að nauðsyn á auknu rekstrarfé er orðin brýn.

XII. Aflað er heimildar til að ábyrgjast allt að 7.5 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til aukningar á geymslurými fyrir bræðslusíld hjá verksmiðjunni á Raufarhöfn og til byggingar löndunarbryggju þar á staðnum og til uppsetningar nýrra löndunartækja. Eru framkvæmdir þessar taldar mjög aðkallandi með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

XIII. Hér er aflað heimildar fyrir ríkissjóð að ábyrgjast allt að 1.4 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp viðbótartækjum við soðvinnslustöð verksmiðjanna á Siglufirði. Er áætlað að auka afköst soðvinnslustöðvarinnar um 6000 mál með hinum nýju tækjum, en núverandi vinnslustöð vinnur úr soði frá ca. 8000 málum síldar á sólarhring.

XX. Á síðastliðnu hausti hóf Mjólkursamsalan í Reykjavík sölu neyzlumjólkur í pappaumbúðum. Pappír sá, sem notaður er í umbúðir þessar, fellur undir nr. 15 í 44. kafla tollskrár með 14.4% verðtolli. Á hinn bóginn bera innfluttar mjólkurflöskur nú 3.6% verðtoll og 3.6 aura af kg í vörumagnstoll. Hér er því aflað heimildar til að endurgreiða aðflutningsgjöldin að því leyti, sem þau yrðu hærri en af mjólkurflöskum.

XXX. Heimild þessi er hér tekin upp í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar um uppgjöf þurrafúalána, er samningar stóðu yfir um áramótin 1958—1959 um starfsgrundvöll bátaútvegsins.

XXXIII. Hér er aflað heimildar fyrir ríkissjóð að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst. Andvirðinu verður varið til kaupa á biskupsbústað.

XXXV. Hér er aflað heimildar til að taka erlent lán, að upphæð allt að 1.2 millj. dollara, eða jafnvirði á annarri mynt, til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

XXXVI. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 1.8 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði til að stækka athafnasvæði stöðvarinnar og bæta aðstöðuna til skipaviðgerða.

XXXVII. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 3 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík. Hér er raunverulega um endurveitingu að ræða, þar eð í fjárlögum 1954 var heimild til að ábyrgjast 6 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f, sem ekki var þá notuð nema að hálfu.

XXXVIII. Hér er aflað heimildar til að falla frá innheimtu stimpil- og þinglestursgjalda í sambandi við kaup h.f. Hótel Borg á húseigninni ásamt fylgifé,

til þess að stuðla að því að framvegis verði húsið starfrækt sem gistihús, en á því er brýn nauðsyn.

XXXIX. Hér er aflað heimildar til þess að ábyrgjast fyrir Þorvald Guðmundsson forstjóra allt að 20 millj. króna láni, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til þess að reisa gistihús í Reykjavík. Vegna mikils skorts á hótelrými í Reykjavík verður að telja mjög mikilvægt að þetta fyrirhugaða gistihús komist upp, en það er eigi talið auðið án umræddrar ríkisábyrgðar.

XL. Í ráði er, að reistur verði í samvinnu við Reykjavíkurbæ æfingarskóli fyrir Kennaraskóla Íslands, sem jafnframt verði notaður sem barnaskóli fyrir ákveðið hverfi í Reykjavík. Með hliðsjón af því er hér aflað heimildar til að víkja frá þeim kostnaðarhlutföllum, sem lögboðin eru í lögum nr. 41/1955, þannig að ríkissjóður greiði ⅗ hluta kostnaðarins í stað helmings, en Reykjavíkurbær greiði ⅖ hluta.

Ed. 73. Frumvarp til laga [43. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð gert er ráð fyrir, að næstu daga verði lagt fyrir Alþingi frumvarp, sem m. a. feli í sér breytingar á aðflutningsgjöldum, þykir rétt með tilvísun til 19. gr. laga nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., að setja ákvæði um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, og er frv. þetta þess vegna borið fram.

Nd. 74. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 30. des. 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. mgr. falli niður.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Alþingi, 29. jan. 1960.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Jón Skaftason. Guðlaugur Gíslason.

Nd. 75. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er borið fram sem stjórnarfrv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er nauðsynlegt þótti að gefa út, vegna þess að ekki var lokið aðalniðurjöfnun í Ólafsvíkurhreppi á árinu 1959, svo sem lög mæla fyrir um, en hreppnum hins vegar nauðsynlegt að leggja útsvar á tekjur gjaldenda frá árinu 1958. Til þess þurfti heimild ráðherra, en slík undanþága er ekki heimiluð í útsvarslögunum. Með því að samþykkja frv. óbreytt er heimild til slíkrar undanþágu gerð almenn, og telur nefndin ekki rétt að lögfesta slíkt ákvæði, hitt sé eðlilegra, að binda heimildina við það, að unnt sé fyrir Ólafsvíkurhrepp að bæta úr þessum einstæðu mistökum, og leyfa honum álagningu útsvara fyrir febrúarlok n. k. á tekjur þær, sem bar að leggja á á árinu 1959.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurhreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurjöfnun útsvara, sem fram átti að fara árið 1959.

Alþingi, 29. jan. 1960.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 76. Lög [43. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Afgreidd frá Nd. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 73.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að raforkumálastjóri og raforkuráð geri áætlanir um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, og séu áætlanirnar við það miðaðar, að öll heimili geti fengið rafmagn á sem skemmstum tíma.

Reynt verði að hraða áætlunum þessum svo, að þær verði til í ársbyrjun 1961.

Greinargerð.

Í aprílmánuði 1954 samþykkti Alþingi lög um viðauka við raforkulögin frá 1946. Viðaukalögin voru í samræmi við samning, er þáverandi stjórnarflokkar gerðu við stjórnarmyndun árið 1953. Í lögunum var ákveðið, að á 10 ára tímabili, 1954—1963, skyldi verja a. m. k. 250 millj. króna til framkvæmda í raforkumálum, fyrst og fremst til þess að koma upp raforkuverum utan orkuveitusvæða Sogs- og Laxárvirkjunar og til að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið. Þá var og ákveðið í 2. gr. laganna, að raforkumálastjóri og raforkuráð skyldu gera áætlun um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963 samkvæmt lögunum.

Á grundvelli þeirra laga, sem hér hafa verið nefnd, hefur verið unnið að virkjunarframkvæmdum og dreifingu raforkunnar undanfarin ár og miklum fjármunum til þess varið. Samkvæmt reikningum raforkumálaskrifstofunnar hefur verið varið samtals á árunum 1954—1958, að báðum meðtöldum, til stofnkostnaðar rafmagnsveitna ríkisins um 216 millj. króna og til stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna ríkisins um 110 millj. kr. Á sama tímabili hafa heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitnanna numið samtals um 18.3 millj. kr.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til raforkuframkvæmdanna hafa verið samkvæmt ríkisreikningum á árunum 1954—1958:

1. Til nýrra raforkuframkvæmda:

1954	kr.	5860000.00
1955	—	5770000.00
1956	—	9860000.00
1957	—	12023649.60
1958	—	12000000.00
Alls	kr.	45513649.60

2. Til raforkusjóðs:

1954	kr.	5000000.00
1955	—	5000000.00
1956	—	5150000.00
1957	—	15000000.00
1958	—	17000000.00
Alls	kr.	47150000.00

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 var alveg fellt niður framlagið til nýrra raforkuframkvæmda, og fjárveitingin til raforkusjóðs var ákveðin 2 millj. 750 þús. kr. lægri en hún var samkvæmt ríkisreikningi 1958. Einnig kom fram í umræðum í þinginu vorið 1959, að þáverandi ríkisstjórn hafði á prjónunum fyrirætlanir um að draga mjög mikið úr fyrirhuguðum framkvæmdum samkvæmt 10 ára áætluninni. Sætti það þegar mjög ákveðnum andmælum.

Niðurskurðurinn á ríkisframlaginu 1959 og niðurfelling áður umsaminna bankalána á því ári hefur orðið til þess að tefja fyrir framkvæmdunum. Er nú brýn þörf að auka framlögin aftur, svo að unnt sé að hraða þessum þýðingarmiklu framkvæmdum sem mest.

Við dreifingu raforkunnar um sveitirnar er nú þeirri reglu fylgt, að rafmagnið er lagt um þau svæði, þar sem línulengd frá aðalveitu er ekki meiri en ca. 1 km að meðaltali á hvert býli. En fjöldi sveitabýla er á strjálbýlli svæðum, og þarf að taka til athugunar og ákvörðunar, hvernig fullnægt verði raforkuþörf þeirra

heimila. Skal hér bent á, að til undirbúnings ákvörðunum um þetta efni væri t. d. þörf að rannsaka:

1. Hve mörg sveitabýli eru á svæðum, þar sem meðalvegalengd milli býla er 1—1.5 km.
2. Hve mörg býli eru á svæðum, þar sem vegalengdin er að meðaltali 1.5—2 km.

Auðvelt ætti að vera að leiða þetta í ljós, og mætti þá áætla kostnað við samveitur um þau svæði. Þegar slíkar áætlanir liggja fyrir, þarf sem fyrst að taka ákvarðanir um það, að hve miklu leyti verður séð fyrir raforkuþörf sveitanna með línum frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, og jafnframt að ákveða eðlilega og sanngjarna aðstoð af opinberri hálfu umfram það, sem nú gerist, til þeirra, sem verða utan samveitusvæðanna og þurfa að koma upp smástöðvum til framleiðslu á rafmagni.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Þeir landsmenn, sem ekki njóta enn þessara þæginda, eiga einnig rétt á því, að gerðar verði ráðstafanir af hálfu þess opinbera til að bæta úr þörfum þeirra í þessu efni, og þeir eiga rétt á því að fá, svo fljótt sem unnt er, vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Þá þarf og að halda áfram athugunum og rannsóknum til undirbúnings viðbótarvirkjunum og nýjum aðalorkuveitum (háspennulínum) til þess að unnt verði að fullnægja raforkuþörfinni í framtíðinni.

Þau þýðingarmiklu mál, sem hér hafa verið nefnd, þarf að taka til rækilegrar athugunar hið allra fyrsta, og því er tillaga þessi fram borin.

Ed. 78. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaði eða elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 56 5. júní 1957.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. fluttu á síðasta reglulegu Alþingi frumvarp samhljóða þessu, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Í frumvarpi þessu er lagt til, að hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu á stofnkostnaði elliheimila skuli vera hin sama og sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Engin lagaákvæði eru nú um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða hluta af stofnkostnaði elliheimila. Hins vegar hefur þetta verið þannig í framkvæmd hin síðari ár, að nokkrir bæir hafa reist sjúkrahús, sem að hluta hafa verið elliheimili, en stofnkostnaður hefur verið greiddur úr ríkissjóði sem sjúkrahús væri að öllu leyti.

Þetta er út af fyrir sig eðlilegt og skynsamlegt. En þegar svo er komið, sýnist jafnsjálfsagt, að ríkissjóður greiði hluta af stofnkostnaði elliheimila almennt. Slík

heimili hljóta ávallt að vera að meira eða minna leyti sjúkrahús, jafnframt því að vera elliheimili. Þar munu ávallt dveljast gamalmenni, sem þarfnast stöðugrar læknishjálpar og hjúkrunar. Þessi gamalmenni mundu að öðrum kosti verða að dveljast að staðaldri í venjulegu sjúkrahúsi. Elliheimili létta því mjög á sjúkrahúsunum að þessu leyti, enda ekki vanþörf á.

Sökum breyttra þjóðfélagshátta er nú meiri þörf fyrir hæfilega mörg dvalarheimili fyrir aldrað fólk og lasburða en áður var. Að jafnaði er ekki hægt að láta í té þá aðhlynningu og hjúkrun í heimahúsum, sem þetta fólk þarfnast. Það er hins vegar á valdi ráðherra að takmarka fjölda elliheimila hæfilega, þar sem slík heimili má ekki stofna án leyfis hans. Er þannig fyrir því séð, að offjölgun elliheimila geti ekki átt sér stað.

Lagasetning sú, sem ráðgerð er með frumvarpi þessu, mundi að líkindum kalla á nokkurt fé úr ríkissjóði. Slíkt mundi þó vafalaust verða minna en ætla mætti við fyrstu sýn, því að í framkvæmdinni hefur sú venja orðið til að greiða úr ríkissjóði hluta af stofnkostnaði elliheimila bæjanna, sem rekin eru í sambandi við sjúkrahús.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um þjóðháttasögu Íslendinga.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, er hafi forgöngu um að safna heimildum og láta skrá þjóðháttasögu Íslendinga, sem gefin verði út af Bókaútgáfu menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Í riti þessu skal lýsa svo skilmerkilega sem kostur er þróun íslenzkra þjóðhátta á sem flestum sviðum.

Nefndin skal skipuð þjóðminjaverði, einum manni tilnefndum af heimspekideild Háskóla Íslands og einum manni tilnefndum af menntamálaráði.

Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna.

Greinargerð.

Hin sérstæða menning íslenzku þjóðarinnar veitir henni framar öllu öðru rétt til sjálfstæðis.

Frá öndverðu hefur þjóðin leitað sér bjargræðis á landi og sæ og háð lífsbaráttu við íslenzk náttúruöfl. Á þeim vettvangi hefur íslenzk menning þróazt og dafnað þrátt fyrir ýmis skakkaföll.

Íslendingar hafa oft verið nefndir söguþjóðin, enda ávallt lagt rækt við sögu sína. Það er meginstyrkur íslenzkrar menningar, að þráður sögunnar er óslitinn, frá því að land var numið. En sú saga er fyrst og fremst um þá menn, sem lifað hafa og starfað í landinu, stjórnarskipun þjóðarinnar og sjálfstæðisbaráttu.

Starfsemi þjóðarinnar og skilyrði til velmegunar hafa jafnan verið í nánum tengslum við íslenzka þjóðháttu, en um þá er engin samfelld saga, heldur sundurleitar heimildir, og mikið af því efni er einungis geymt í minni manna.

Á öllum öldum hafa þjóðhættir tekið breytingum, en aldrei hafa þær orðið jafnhraðar og stórfelldar sem á síðustu árum.

Ýmissa ráða hefur verið leitað til að koma í veg fyrir, að tengsl milli fortíðar og nútíðar rofni á þessu sviði: Þjóðminjasafnið hefur verið eflt, byggðasöfnum komið upp í ýmsum héruðum og kvikmyndir gerðar af nokkrum þáttum úr atvinnulífinu. Þetta er gott, en þó ekki fullnægjandi. Söguþjóðin getur ekki látið sér nægja minna en skráða þjóðháttasögu, svo skilmerkilega og fullkomna sem kostur

er. Hún yrði veigamikill þáttur íslenzkrar sögu og mundi stuðla að því að koma í veg fyrir, að brotalöm myndist í þessum þætti íslenzkrar menningar.

Efni þjóðháttasögu verður mjög víðtækt. Á síðustu áratugum hafa atvinnuhættir þjóðarinnar gerbreytzt, ný tæki rutt sér til rúms, en hin eldri verið lögð til hliðar og vinnubrögð tekið stakkaskiptum í samræmi við það. Meginefni þjóðháttasögu verður nákvæm lýsing á þróun íslenzkra atvinnuvega. Í slíku riti ber þó jafnframt að fjalla um fleira, svo sem heimilishætti, félagsstörf og samkomur.

Um suma þætti þessa efnis hefur nokkuð verið ritað. Íslenzkir þjóðhættir eftir Jónas Jónasson eru stutt ágrip af þjóðháttasögu. Iðnsaga Íslands veitir mikla fræðslu um þróun iðnaðar hér á landi, þó að þar við megi auka.

Flutningsmönnum þessarar þáltill. er það einnig kunnugt, að unnið er að því að kanna heimildir um vissa þætti þessa efnis. Í fjárlögum fyrir árið 1959 eru veittar til þjóðfræðasöfnunar 30 þús. kr. Fyrir það fé er unnið að því fyrir forgöngu og með umsjá þjóðminjavarðar að safna heimildum um vissa þætti landbúnaðarstarfa. Lúðvík Kristjánsson ritstjóri hefur unnið að því árum saman að safna efni í skilmerkilega sögu um þróun bátaútvegsins. En hann mun eiga alllangt í land með að ljúka verkinu með því að skrá þá sögu, og hann hefur ekki haft tök á að fjalla um aðra þætti sjávarútvegsins. Þetta sýnir, að ýmsir hafa áhuga á þessu máli, enda mun það verða æ augljósara, er tímar líða, að það er mikilsvert menningaratriði, að ekki sé látið undir höfuð leggjast að taka þetta mál föstum tökum.

Undirbúning að útgáfu þjóðháttasögu má greina í þrjá þætti: heimildasöfnun, ritstörf og útgáfu ritsins. Við söfnun heimilda þarf að sýna mikla alúð og nákvæmni. Skráðar heimildir um þetta efni eru ekki fullnægjandi, þótt kannaðar séu. Vinda þarf bráðan bug að því að skrásetja margt um þetta efni eftir frásögn núlifandi manna. Það er ætlun flutningsmanna, að nefndin, sem skipa á samkvæmt þessari tillögu, hafi forgöngu um, að skipulega sé unnið og markvíst að söfnun heimilda og með þeim hraða, sem fært þykir. Jafnskjótt og aflað hefur verið fullnægjandi heimilda, að dómi nefndarinnar, um hvern meginþátt þessa efnis fyrir sig, verði hafizt handa um að rita þjóðháttasöguna og við það höfð hæfileg verkaskipting. Síðan gefi Bókaútgáfa menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins ritið út, eftir því sem handrit verða fullgerð.

Flutningsmenn telja rétt, að í starfi sínu hafi nefndin samráð við stofnanir þær, sem starfa að félags- og menningarmálum á vegum aðalatvinnuvega þjóðarinnar, og leiti þar aðstoðar.

Það er ætlun flutningsmanna, að kostnaður við þetta verk verði að nokkru leyti greiddur af fé menningarsjóðs, að nokkru leyti með framlögum samkvæmt fjárlögum og enn fremur verði leitað samninga við stofnanir þær, sem nefndin á að hafa samráð við, um fjárhagslegan stuðning við verkið. Og ef til vill koma fleiri stofnanir til greina í þessu sambandi.

Nd. 80. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1960 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 81. Fyrirspurnir. [47. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um aukið rekstrarfé fyrir iðnaðinn.

Frá Jónasi G. Rafnar.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé í samræmi við ályktun Alþingis 3. júní 1958, um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

II. Til fjármálaráðherra um framkvæmd skattfríðinda á yfirvinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hvers vegna hefur ekki verið gefin út reglugerð varðandi skattfríðindaákvæði 2. gr. laga um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er Alþingi samþykkti 12. maí 1959?
2. Hefur fjármálaráðuneytið gefið samþykki sitt til þess, að atvinnurekendur skuli undanþegnir þeirri lagaskyldu að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sundurliði vinnu þannig, að séð verði, hver hluti vinnulaunanna falli undir nefnd lagaákvæði?

Nd. 82. Frumvarp til laga [48. mál]

um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu miðað við erlendan gjaldeyri skal vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar, og gengi hennar miðað við annan gjaldeyri í samræmi við það. Seðlabankinn skráir sölugengi og kaupgengi erlends gjaldeyris samkvæmt þessu gengi. Kaup- og sölugengi dollars má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir því gengi, sem ákveðið er í 1. málslið þessarar gr., og sama gildir um gengi annars gjaldeyris.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir útflutningssjóður greiðslu hvers konar bóta samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—c. Frá sama tíma falla niður tekjur útflutningssjóðs samkvæmt lögum nr. 33/1958.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið fram að gildistöku þessara laga samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum, skulu fara fram á því gengi, sem gilti áður en lög þessi tóku gildi. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins áður en lögin tóku gildi.

4. gr.

Nú hefur bankaábyrgð verið stofnuð fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá gera ábyrgðina upp á hinu nýja gengi, nema fullnaðarreikningsskil hafi farið fram, stofnandi ábyrgðarinnar hafi innt af hendi greiðslu samkvæmt þeim og fengið öll skjöl varðandi ábyrgðina afhent, áður en lögin tóku gildi.

5. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og skal færa til gjalda á honum hækkun þá í krónum, sem verður á skuldum ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu vegna gengisbreytingarinnar. Á þennan reikning skal sömuleiðis færa þann gengismun, er fram kemur hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er gengisbreytingin kemur til framkvæmda. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Gengismunur, sem myndast þá er banki hefur fyrir gildistöku þessara laga innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar, sem gerð er upp á hinu nýja gengi (sbr. 4. gr.), skal færður á reikning þann, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu eftir gildistöku þessara laga vegna ákvæðis 3. gr., skal færður á reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum.

6. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr.) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi, og sama gildir um annan erlendan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, ef hann hefur verið greiddur í erlendum gjaldeyri.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi, áður en nýákveðin bráðabirgðastöðvun tollafgreiðslu kom til framkvæmda, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

II. KAFLI

8. gr.

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 5% skatt af fob-verði allra vara, sem fluttar eru úr landi til sölu frá gildistöku laganna. Þetta tekur þó ekki til vara, sem samkv. vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—b.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Andvirði útflutningsskatts samkvæmt þessari gr. skal varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs.

9. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í A—C-liðum 10. gr., skal greiða sérstakt innflutningsgjald til ríkissjóðs, þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri gr. Gjaldið miðast við tollverð vöru eins og það er ákveðið í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 7. gr., að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess.

10. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 40% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 36 í 8. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhússljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 30% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og síðari breytingum á henni, þó ekki vörum, sem taldar eru í A-lið þessarar gr. og ekki vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13, 15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 26 í 52. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaísgerðarvélar í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tilteknar vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 30% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 15% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 15% innflutningsgjald:

1. Búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald að einhverju eða öllu leyti af pappa,

er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Einnig er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar, sem teljast til nr. 2 í 72. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er og heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

11. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkvæmt ákvæðum 10. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

12. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar gr.

13. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt 2. tölulið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 eða önnur lög, er í þeirra stað koma, skal innheimta 6% gjald til viðbótar núgildandi 3% gjaldi til ríkissjóðs.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanrækslu.

14. gr.

Innheimta skal til ríkissjóðs sérstakt gjald af iðgjöldum vátryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, taka til, og skal það nema 10% af iðgjaldsfjárhæðum.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.:

a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20/1954,
b. brunatryggingum á húsum,
c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa,
d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 13. gr.

15. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum samkvæmt d-lið 1. gr. laga nr. 67/1959 eða öðrum lögum, sem í þeirra stað koma, skal innheimta með 200% álagi.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. málsgr. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar, og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

17. gr.

Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni til viðbótar gjaldi því, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949. Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra, þar af skulu 14 aurar renna í brúarsjóð og 14 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til þess að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald þetta ásamt innflutningsgjaldi því, er um ræðir í lögum nr. 68/1949, og skal um endurgreiðslu gjalds af því benzíni, sem sönnur eru færðar á að sé notað til annars en bifreiða, fylgt sömu reglum og á hverjum tíma er farið eftir um innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1949.

18. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum (sbr. 1. gr. laga nr. 66/1957 og e-lið bráðabirgðaákvæða þessara laga) skulu frá ársbyrjun 1960 skiptast þannig milli eftirtalinna aðila: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 80%, til Fiskimálasjóðs 13%, til haf- og fiskirannsóknarskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild Atvinnudeildar Háskóla Íslands, 3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 2,25%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 1,75%.

19. gr.

Vitagjald skipa, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða gerð eru út til veiða af landsmönnum, samkvæmt lögum nr. 17/1911, skal á árinu 1960 innheimt með 100% viðauka. Frá ársbyrjun 1961 skal gjald þetta innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skipa í millilandasiglingum samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku laga þessara innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skemmtiferðaskipa samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku þessara laga innheimt með 200% viðauka.

Heimilt er að hækka taxta toll- og sóttvarnarfarartækja.

20. gr.

Lestagjald af skipum samkvæmt lögum nr. 10/1946 skal frá ársbyrjun 1961 innheimt með 500% viðauka.

21. gr.

Gjöld samkvæmt eftirtöldum ákvæðum laga nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skulu frá gildistökudegi þessara laga innheimt með 50% viðauka: I. og VII. kafla, 4. gr., 12. gr., 15.—19. gr., 22. gr., 24.—26. gr., nr. 1—11 í 32. gr. og 35.—37. gr. Afgreiðslugjald skipa, sem koma frá útlöndum, samkvæmt 33. og 34. gr. sömu laga, skal frá sama tíma innheimt með 100% viðauka.

22. gr.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnhá aðflutningsgjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

III. KAFLI

23. gr.

Óheimilt er að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða

annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra ráðningar- og verksamninga, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra stofnana og fyrirtækja. Ákvæði í samningum um kaup og kjör, gerðum fyrir gildistöku laganna, um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu, verða ógild, er lög þessi taka gildi, og sama gildir um sams konar ákvæði í launareglugerðum og launasamþykktum stofnana og fyrirtækja.

Nú er þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. ákveðið í samningi stéttarfélaga eftir gildistöku þessara laga, að greidd skuli verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, og er þá slíkt ákvæði ógilt og hlutaðeigandi vinnnuveitendum er óheimilt að fylgja því.

24. gr.

Frá 1. apríl 1960 er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Við ákvörðun þess, hve mikil þessi hækkun sé og hvenær hún skuli koma til framkvæmda að því er snertir einstaka kostnaðarliði í verðlagsgrundvellinum, skal fylgja ákvæðum 2. og 3. málsliðs 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 68/1959.

25. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli bátasjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar um skiptaverð til bátasjómanna á þorskveiðum, skal miða aflahluti við það skiptaverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa. Jafnframt skal við útreikning á aflahlutum eftir gildistöku laga þessara reikna þá liði, sem greiðast af óskiptu samkvæmt gildandi samningum við upphaf yfirstandandi vetrarvertíðar, á því verðlagi, sem var fyrir gildistöku laganna.

26. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir um aflaverðlaun togarasjómanna milli þeirra annars vegar og togaraútgerðarmanna hins vegar, skal miða við það fiskverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa.

27. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku þessara laga setja nýjar reglur um álagningu í heildsölu og smásölu á innfluttum vörum, er miðist við það, að álagning í krónum hækki ekki nema sem svarar beinni hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað, nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna. Sama gildir um aksturstaxta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um flutningsgjöld skipa og flugvéla.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu.

IV. KAFLI

29. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán úr Evrópusjóðnum, samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, allt að 12 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldeyri. Jafnóðum og notað er fé af slíku láni eða lánum, skal krónuandvirði þess

lagt á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Eigi má nota fé á þessum reikningi til annars en til endurgreiðslu láns úr Evrópusjóðnum.

30. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1.5 millj. dollara í 11.25 millj. dollara, og á kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 2.0 millj. dollara í 15.0 millj. dollara. Til þess að standa straum af framlögum Íslands til þessara stofnana heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá Seðlabankanum, er jafngildi samtals allt að 11.05 millj. dollara.

V. KAFLI

31. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og skulu þau gefin út á ný með áorðnum breytingum, þegar þessi lög hafa öðlazt gildi.

1. gr. laganna orðist svo:

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

2. gr. laganna orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að áskilja ársvexti af öðrum skuldum en þeim, er greinir í 2. gr., jafnháa og almennir útlánsvextir eru hæstir á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, hjá bönkum og sparisjóðum, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75/1952, um breyting á lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði, sbr. lög nr. 40/1955. Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 41/1946. Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði, sbr. lög nr. 48/1957. Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), sbr. lög nr 42/1957. Byggingarsjóði verkamanna, sbr. lög nr. 36/1952. Raforkusjóði, sbr. lög nr. 12/1946 og lög nr. 58/1949.

33. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63/1957 skulu ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

VI. KAFLI

34. gr.

Ríkisstjórnin í heild fer með framkvæmd þessara laga.

35. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja, með reglugerðum eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 kr., nema þyngri refs-

ing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og 3. gr. laga nr. 105/1951, um breyting á þeim lögum. Enn fremur 30. gr. laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, eins og hún varð með breytingu í 5. gr. laga nr. 112/1950. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., þó ekki VIII. kafli laganna. Þá falla og úr gildi eftirtalin ákvæði í lögum nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.: 6. gr., fyrri málsgr. 8. gr. og 3. málsliður 1. málsgr. 9. gr. Þá er og felld úr gildi 2. gr. laga nr. 66/1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, a-liður 1. gr. og a-liður 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 34/1959, um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, og lög nr. 75/1952 (sbr. síðustu málsgr. 31. gr.). Loks eru felld úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

VII. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

a. Útflutningssjóður skal starfa áfram fyrst um sinn vegna skuldbindinga sjóðsins samkvæmt lögum nr. 33/1958, en er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkisstjórnarinnar, skal stjórn sjóðsins og skrifstofa lögð niður og Seðlabankanum falið að annast endanleg reikningsskil útflutningssjóðs.

b. Á útfluttar vörur framleiddar á tímabilinu frá 15. maí 1958 og til 15. febrúar 1960 að þeim degi meðtöldum skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Á útfluttar vörur framleiddar fyrir 15. maí 1958 skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr. sömu laga. Á útfluttar landbúnaðarvörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skal þó greiða bætur samkvæmt 2. málsgr. 9. laga laga nr. 68/1959, um viðauka við lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

c. Á erlendan gjaldeyri til greiðslu á þjónustu, sem innt var af hendi fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

d. Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, sem framleiddar voru fyrir 16. febrúar 1960, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti áður en hið nýja gengi samkvæmt 1. gr. kom til framkvæmda. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á nýju gengi skal færður til tekna á reikningi útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum. Sama hátt skal hafa á við kaup á gjaldeyri fyrir þjónustu, er um ræðir í c-lið þessara bráðabirgðaákvæða.

e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957 á sjávarafurðum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skal innheimt með 65% viðauka og miðað við fob-verð vara reiknað á eldra gengi, sbr. ákvæði 2. málsliðs 1. málsgr. 8. gr. og ákvæði 18. gr. Eftirtalin gjöld á útfluttum vörum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skulu miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi: 1‰ útflutningsleyfisgjald samkvæmt reglugerð nr. 109/1948, hlutatryggingarsjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 48/1949, 2% gjald af saltsíld til Síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952.

f. Við yfirfærslu á launum erlendra ríkisborgara fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960 skal skulda reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum fyrir þeim hluta krónuandvirðis hverrar yfirfærslu sem svarar hækkun erlends gjaldeyrisgengis samkvæmt þessum lögum umfram 55%. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna sam-

kvæmt þessu skulu hafa borizt fyrir lok marzmánaðar 1960. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessum ákvæðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstjórnin birti, þegar hún tók við völdum í nóvember síðastliðnum, taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hefur síðan verið unnið að athugun á þessum málum. Þótt ekki séu nema rúmir tveir mánuðir síðan ríkisstjórnin hóf störf sín, er nú lokið þeim rannsóknum, sem taldar voru nauðsynlegar. Þegar stjórnin og stuðningsflokkar hennar höfðu kynnt sér þessar athuganir og niðurstöður þeirra, var ákvörðun tekin um, að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir gagngerri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, og nauðsynleg frumvörp samin, þar sem hin nýja stefna er mörkuð. Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu samhliða víðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum.

Það hefur verið augljóst einkenni allra þeirra efnahagsráðstafana, sem gripið hefur verið til árlega undanfarið, að þær hafa verið gerðar til bráðabirgða, enda ekki staðizt nema stuttan tíma í senn. Að vísu verður aldrei tekið upp efnahagskerfi, sem ætla megi að standi óbreytt um langt árabil. Hitt er þó víst, að árlegar breytingar á aðstöðu atvinnuveganna og hin mikla óvissa, sem svo tíðum breytingum hlýtur að fylgja, draga verulega úr afköstum þjóðarbúsins og tefja þar með, að lífskjörin batni eins ört og yrði að öðrum kosti. Af þessum sökum er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár. Með því móti telur stjórnin, að atvinnuöryggi sé bezt tryggt til frambúðar, og líklegust skilyrði sköpuð fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjörum. En jafnframt því að gera nauðsynlegar breytingar til varanlegrar viðreisnar í atvinnulífi landsmanna telur ríkisstjórnin sjálfsagt að gera víðtækar ráðstafanir í félagsmálum og skattamálum. Tilgangur þeirra er sá að dreifa byrðunum af þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verður að gera, sem réttlátast á þjóðarheildina og vernda hagsmuni þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu, en það eru barnmargar fjölskyldur, aldrað fólk og öryrkjar.

Vegna þessa verður að líta á tillögur þær, sem nú eru lagðar fyrir Alþingi, sem eina heild, þótt þær séu bornar fram í nokkrum frumvörpum. Meginatriði tillagnanna eru þessi:

1) Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust, án bóta eða styrkja. Útflutningssjóður verði þess vegna lagður niður, en gengi krónunnar breytt, þannig að 38.00 krónur verði í Bandaríkjadollar. Eru ákvæði um þetta í þessu frv.

2) Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér vegna hækkaðs verðlags, og til þess að koma í veg fyrir hana með öllu hjá þeim, sem sízt mega fyrir henni verða, leggur ríkisstjórnin til, að mjög mikil hækkun sé gerð á bótum almannatrygginga, sérstaklega á fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri. Munu heildarbótagreiðslur almannatrygginga um það bil tvöfaldast. Ákvæði um þessi efni verða í frv., sem lagt mun verða fyrir Alþingi næstu daga. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimildir, sem eru í gildandi lögum og endurnýjaðar eru í þessu frv., til þess að greiða nokkuð niður verð á kornvörum, kaffi, sykri o. fl. Munu þessar ráðstafanir hafa það í för

með sér, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar, sem hefði numið 13%, ef engar gagnráðstafanir hefðu verið gerðar, verður aðeins 3%, en kjör þeirra, sem mestrar bótaaukningar munu njóta hjá almannatryggingum, þ. e. aldraðs fólks, öryrkja og fjölskyldna með 3 börn eða fleiri, verði sem næst óbreytt.

3) Þá leggur ríkisstjórnin til, að tekjuskattur verði felldur niður á almennum launatekjum, og mun hún bráðlega flytja sérstakt frumvarp um það. Eftir þeim tillögum verða hjá barnlausum hjónum 70000 kr. tekjur undanþegnar tekjuskatti til ríkissjóðs, og síðan heimilaður 10000 kr. skattfrjáls frádráttur fyrir hvert barn, þannig að hjón með 3 börn greiði engan tekjuskatt af 100000 kr. tekjum.

4) Svo sem kemur fram í fjárlagafrumvarpi því, sem þegar hefur verið lagt fyrir Alþingi, er nú hafin gagnger endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs. Þær breytingar, sem þegar er lagt til að gerðar verði, eru fyrst og fremst nauðsynlegar vegna væntanlegs afnáms útflutningssjóðs, aukins framlags til almannatrygginga, niðurfellingar tekjuskatts á almennum launatekjum og afnáms þess 9% skatts, sem um nokkura ára bil hefur verið innheimtur af iðnaðarframleiðslu og þjónustu. Til þess að ríkissjóður verði greiðsluhallalaus, þrátt fyrir þessar breytingar, er nauðsynlegt að lögfesta nýjan gjaldstofn, og mun ríkisstjórnin þess vegna á næstunni flytja frumvarp um söluskatt. Munu bæjar- og sveitarfélög fá nokkurn hluta þess skatts til þess að gera þeim kleift að lækka útsvör.

5) Ríkisstjórnin mun enn fremur leggja til, að víðtæk breyting verði gerð á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Innflutningsskrifstofan mun verða lögð niður og öll höft afnumin af um það bil 60% árlegs innflutnings til landsins í því skyni að auka fjölbreytni í vöruvali. Að meiri hluta eru þau höft, sem haldið verður, nauðsynleg til þess að vernda viðskiptasambönd þjóðarinnar við jafnkeypislöndin í Austur-Evrópu, en innflutningur á þeim vörutegundum, sem heppilegast er talið að kaupa þaðan, verður í reyndinni ekki takmarkaður, ef þetta viðskiptasvæði er tekið sem heild. Raunveruleg höft munu því ekki verða á nema 10—15% innflutningsins. Verðlagseftirliti verður haldið. Um þessi efni verður flutt frv. innan skamms. Jafnframt hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess, að landið fái afnot af allverulegum gjaldeyrisvarasjóði hjá alþjóðastofnunum, sem Ísland er aðili að (Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu).

6) Þá er gert ráð fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands, m. a. með hækkun innláns- og útlánsvaxta.

7) Til þess að koma í veg fyrir, að aftur hefjist það kapphlaup milli verðlags og kaupgjalds, sem tókst að stöðva á síðastliðnu ári, leggur ríkisstjórnin til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Reynslan hefur sýnt, að það vísitölukerfi, sem hér hefur verið í gildi síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hefur ekki verið launþegum til neinna varanlegra hagsbóta. Þess vegna leggur ríkisstjórnin til, að það verði afnumið, og eru ákvæði um það í þessu frv. Hins vegar eru ekki í frumvarpinu nein ákvæði um grunnkaup. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda, að semja um kaup og kjör. Þegar afkoma atvinnuveganna leyfir hækkun kaupgjalds, telur ríkisstjórnin hana eðlilega og sjálfsagða, en hún mun beita sér gegn því, að kaup verði hækkað og kostnaðinum við þá hækkun síðan velt yfir á herðar almennings í landinu með hækkun vöruverðs eða á annan hátt.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því í einstökum atriðum, hvers vegna ríkisstjórnin telur gagngera stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar nauðsynlega, í hverju ráðstafanir þær, sem hún leggur til, eru fólgnar, og hvaða áhrif er sennilegt, að þær hafi á efnahagslífið og afkomu landsmanna.

Greiðsluhallinn.

Um mörg undanfarin ár hefur þjóðarbúskapur Íslendinga verið rekinn með halla gagnvart öðrum löndum. Þessi halli kom í ljós í lok styrjaldarinnar og hefur haldizt síðan að heita má óslitið, ef frá er talið árið 1954. Hallinn var

fyrst jafnaður með notkun þeirra erlendu innstæðna, sem safnazt höfðu á stríðsárunum, en síðan með efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum á tímum Marshall-áætlunarinnar (1948—1953). Á s. l. fimm árum hefur hallinn verið greiddur með miklum erlendum lántökum, og með því að eyða gjaldeyriseignum og mynda gjaldeyrisskuldir. Meðfylgjandi tafla (nr. 1) gefur yfirlit um þennan halla þjóðarbúskaparins á árunum 1955—1958. Sýnir hún, að hallinn hefur á þessu tímabili numið samtals 776 millj. kr., eða tæpum 200 millj. kr. á ári að meðaltali. Af þessari upphæð hafa 568 millj. kr. verið jafnaðar með erlendum lántökum, en 208 millj. kr. með því að eyða gjaldeyriseignum og mynda gjaldeyrisskuldir.

Upplýsingar liggja enn ekki fyrir um það, hver hallinn hafi verið á árinu 1959, en gera má ráð fyrir, að hann hafi ekki verið lægri en 350 millj. kr. Af þeirri upphæð voru 92 millj. kr. jafnaðar með eyðingu gjaldeyriseigna og myndun gjaldeyrisskulda og hinn hlutinn, eða um 260 millj. kr., með erlendum lánum opinberra aðila og einkaaðila. Halli ársins 1959 varð sérstaklega mikill vegna aukningar birgða útflutningsvöru, einkum bræðslusíldarafurða, er nam um 84 millj. kr.

Greiðslubyrðin.

Hin mikla lánsfjárnotkun undanfarinna ára hefur leitt til þess, að greiðslubyrði landsins vegna vaxta og afborgana af erlendum lánum hefur vaxið ört. Meðfylgjandi tafla (nr. 2) gefur yfirlit um þessa greiðslubyrði eins og hún hefur verið á undanförnum árum, og eins og hún mun verða á næstu árum vegna þeirra lána, sem þegar hafa verið tekin. Sýnir taflan, að á árunum 1951 til 1955 nam gjaldeyrisbyrðin ekki nema um 30 millj. kr. á ári og um 3% af heildargjaldeyristekjum. Síðan 1956 hefur greiðslubyrðin farið ört vaxandi. Var hún 87 millj. kr. árið 1958, 138 millj. kr. árið 1959 og verður 163 millj. kr. árið 1960. Hámarki sínu, 183 millj. kr., nær greiðslubyrðin árið 1961, og svo framarlega sem nýjar lántökur koma ekki til, mun hún byrja að lækka að nýju árið 1962. Áætla má, að á árunum 1959—1963 muni greiðslubyrðin nema að meðaltali um 10% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar. Þetta er mjög þung greiðslubyrði, og að öllum líkindum þyngri en í nokkru öðru landi að einu undanteknu.

Þessi mikli og óskyggilegi vöxtur greiðslubyrðarinnar var þegar fyrirsjáanlegur fyrir nokkrum árum. Hagfræðinganefnd sú, sem starfaði í ársbyrjun 1958 á vegum þáverandi ríkisstjórnar, gerði þessu máli ýtarleg skil í einni af skýrslum sínum (Erlend lán, dags. 5. febr. 1958), en í nefnd þessari voru hagfræðingarnir Haraldur Jóhannsson, Jónas H. Haralz, Klemens Tryggvason, Kristinn Gunnarsson og Torfi Ásgeirsson. Þá voru lántökurnar ekki orðnar eins miklar og síðar hefur orðið, og gerði nefndin ekki ráð fyrir, að greiðslubyrðin á árunum 1958—1962 yrði þyngri en 130 millj. kr. á ári og um 8% af gjaldeyristekjunum. Þetta taldi nefndin þó mjög hátt hlutfall, og segir um það efni (bls. 6): „Í flestum þeim löndum, þar sem upplýsingar um þetta efni liggja fyrir, er hlutfallið á milli greiðslubyrðar annars vegar og gjaldeyristekna hins vegar lægra en 5%. Af 53 löndum er það aðeins í 13, sem greiðslubyrðin er meir en 5% af gjaldeyristekjum, og aðeins í 3, sem hún er hlutfallslega þyngri en á Íslandi." (Þ. e. yfir 8%). Af þessu dregur nefndin síðan þá ályktun (bls. 8) „að á næstu árum megi ekki bæta á þá greiðslubyrði, sem þegar hefur myndazt, eða nú er að myndast."

Gjaldeyrisstaðan.

Lækkun gjaldeyriseigna og aukning gjaldeyrisskulda hefur leitt til mjög erfiðrar gjaldeyrisstöðu, einkum í frjálsum gjaldeyri. Meðfylgjandi tafla (nr. 3) gefur yfirlit um gjaldeyrisstöðuna og breytingar hennar á undanförnum árum. Sýnir taflan, að í árslok 1954 áttu bankarnir hreinar gjaldeyriseignir í frjálsum gjaldeyri að upphæð 220 millj. kr. Í árslok 1959 voru þessar eignir með öllu horfnar, og í staðinn komin hrein skuld, að upphæð 65 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan hafði með öðrum orðum versnað um 285 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri á fimm árum. Á sama

tíma hafði hún versnað um 15 millj. kr. í jafnkeypisgjaldeyri, eða um 300 millj. kr. samtals.

Það mun óhætt að fullyrða, að um s. l. áramót hafi gjaldeyrisstaða Íslands verið verri en nokkurs annars lands, sem upplýsingar liggja fyrir um, að einu eða tveimur e. t. v. undanskildum. Allir yfirdráttarmöguleikar íslenzkra banka erlendis voru nýttir til hins ýtrasta og mjög tilfinnanlegar hömlur á gjaldeyrisyfirfærslum, jafnvel til brýnna nauðsynja.

Það hefur lengi verið ljóst, að hverju stefndi um gjaldeyrisstöðuna. Almennt er talið, að til þess að geta haldið uppi eðlilegum rekstri þjóðarbúskaparins og mætt þeim áföllum, sem ætíð kunna að verða af völdum slæms árferðis eða óhagstæðra viðskiptakjara, sé nauðsynlegt að eiga gjaldeyrisforða, er nemi a. m. k. 30—40% af árlegum innflutningi. Jafnvel í árslok 1954 var gjaldeyrisforði Íslands ekki svo stór, og undanfarin tvö ár hefur enginn forði verið til. Af þeim sökum þurfti ekki annað að koma fyrir en nokkur tregða á sölu bræðslusíldarafurða í árslok 1959, til þess að skapa slíkt vandræðaástand, að varla reyndist mögulegt að úthluta gjaldeyri til að standa við umsamdar greiðslur erlendra lána og til að kaupa rekstrarvörur atvinnuveganna.

Ástand efnahagsmálanna.

Hin þunga greiðslubyrði og hin slæma gjaldeyrisstaða hafa skapað mjög alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi liggur við borð, að landið geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar erlendis, þ. e. a. s., að það komist í greiðsluþrot. Slíkt ástand, sem óvíða hefur þekkzt síðan á dögum heimskreppunnar miklu, hefur nú skapazt hér á landi í góðu árferði innanlands og í hagstæðu verzlunarárferði á erlendum mörkuðum, ef frá er talin nokkur verðlækkun á bræðslusíldarafurðum. Í öðru lagi hlýtur gjaldeyrisskorturinn innan skamms tíma að leiða til samdráttar í framleiðslu landsmanna, vegna þess að ekki er hægt að flytja inn rekstrarvörur og byggingarefni jafnt og eðlilega, og gjaldeyrir er ekki aflögu til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta ástand hlýtur von bráðar að rýra lífskjör almennings bæði sökum minnkandi atvinnu og skorts á innfluttum neyzluvörum.

Það er óhjákvæmileg nauðsyn, að gera þegar í stað ráðstafanir til að binda endi á greiðsluhallann við útlönd. Ríkisstjórnin telur, að þetta sé ekki hægt nema á þann hátt, sem lagt er til í þessu frumvarpi og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir. Orsök greiðsluhallans er ekki sú, að útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur séu ekki miklar. Þær hafa aldrei verið meiri í sögu þjóðarinnar. Orsökin er röng gengisskráning og útlán banka umfram sparifjáraukningu. Meðan þær orsakir eru ekki brott numdar, hlýtur greiðsluhallinn að haldast, hversu mikið sem útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur aukast.

Þegar útflutningsframleiðsla eykst, skapast um leið auknar tekjur innanlands. Sé þeim tekjum varið til neyzlu og fjárfestingar, mynda þær nýja eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem jafnar út hina upphaflegu aukningu gjaldeyristekna, þannig að greiðsluhallinn verður óbreyttur. Því aðeins, að hluti af hinum auknu tekjum sé hvorki notaður til neyzlu né fjárfestingar, þ. e. að hann sé sparnaður, sem ekki sé lánaður eða afhentur öðrum til afnota, getur greiðsluhallinn minnkað. Við þær aðstæður, sem hér hafa verið ríkjandi undanfarin ár, þ. e. að menn hafa litla trú haft á verðgildi peninganna, eru litlar líkur til þess, að nokkur verulegur hluti af tekjuaukningunni sé sparaður á þennan hátt. Það er meira að segja ekki ósennilegt, að aukin framleiðsla og auknar tekjur geti beinlínis leitt til aukinnar fjárfestingar, og þannig aukið hallann. Þegar eðlilegt ástand hefur skapazt í efnahagsmálum, eins og þetta frumvarp stefnir að, verður viðhorfið allt annað. Þá stuðlar framleiðsluaukning beinlínis að því að halda góðu jafnvægi í efnahagslífinu með því að skapa skilyrði til myndunar nauðsynlegs gjaldeyrisforða samhliða bættum lífskjörum og aukinni fjárfestingu.

Gengisskráningin.

Það er alkunnugt, að hin opinbera gengisskráning hefur ekki verið að öllu leyti rétt síðan á árinu 1951, og að sú skekkja hefur farið sívaxandi. Ef ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar æ ofan í æ til að leiðrétta að nokkru leyti gengisskráninguna með bátagjaldeyri, útflutningsbótum og yfirfærslubótum, hefði framleiðsla þjóðarinnar fyrir löngu stöðvast. Lögin um útflutningssjóð frá vorinu 1958 voru róttækasta skrefið, sem stigið hefur verið til leiðréttingar gengisskráningarinnar fram að þessu. Með þeim lögum voru tekin upp þrjú almenn gengi fyrir útflutning, 155%, 170% og 180%, miðað við hina opinberu skráningu. Svaraði þetta til þess, að verð á Bandaríkjadollar væri 25.20 kr., 27.64 kr. og 29.27 kr. Jafngilti þetta lækkun á gengi krónunnar í útflutningsverzluninni um 35—45%. Tvö almenn gengi voru tekin upp fyrir innflutning og aðrar gjaldeyrisyfirfærslur, 130% og 155%, miðað við hina opinberu skráningu. Svaraði þetta til þess, að verð á Bandaríkjadollar væri 21.22 kr. og 25.30 kr., og jafngilti lækkun á gengi krónunnar um 23—35%. Í viðbót við þetta voru svo greiddar ýmsar sérbætur á útflutning og lagt á sérstakt innflutningsgjald á nokkurn hluta innflutningsins. Það var aðeins kaup og sala varnarliðsins á erlendum gjaldeyri, sem laut hinni opinberu gengisskráningu, og var þar þó um augljósa bráðabirgðaráðstöfun að ræða, eins og nánar verður vikið að síðar. Það kerfi, sem sett var á fót með lögunum frá 1958, hefur í aðalatriðum verið við lýði síðan, þótt nokkur hækkun hafi orðið á útflutningsbótum, einkum ýmiss konar sérbótum.

Mikið vantaði á, að gengisskráningin væri með þessu móti leiðrétt til fulls. Þótt bætur og gjöld væru samræmd miðað við það, sem áður tíðkaðist, var samt um margs konar gengi að ræða. Enn þýðingarmeira var þó hitt, að gengið á meginhluta innflutningsins (155%) var langt fyrir neðan gengið á meginhluta útflutningsins (180%). Þetta lága gengi á innflutningnum hlaut að leiða til þess, að mikil eftirspurn yrði eftir meginþorra innfluttra vara og þar með stöðug hætta á halla í greiðslujöfnuðinum. Enn fremur var varla mögulegt annað en að þessi gengismunur leiddi til halla hjá útflutningssjóði. Reynt var að komast hjá þessu með því að leyfa sem frjálsastan innflutning hátollavöru, en hvort tveggja var, að hin háu gjöld á þessum vörum drógu úr eftirspurn eftir þeim, og eins hitt, að gjaldeyrisskortur gerði stundum erfitt að úthluta gjaldeyri til þeirra. Stóðust því aldrei þær áætlanir, sem gerðar voru um innflutning þessarar vöru. Þannig hafði verið gert ráð fyrir því vorið 1958, að innflutningur hátollavöru yrði 226 millj. kr. það ár, en hann reyndist 190 millj. kr. Í ársbyrjun 1959 var gert ráð fyrir, að þessi innflutningur yrði 212 millj. kr. það ár. Stóðst sú áætlun allvel lengi fram eftir árinu, en í október varð að mestu að hætta gjaldeyrisúthlutun til innflutnings þessarar vöru, og mun innflutningur hafa orðið svipaður og árið 1958, eða um 190 millj. kr.

Áætla má, að á árinu 1959 hafi útflutningssjóður greitt bætur á útflutninginn, er námu 86.7% af fob-verðmæti hans. Hins vegar voru tekjur sjóðsins af innflutningi ekki meir en sem svaraði 68.5% af fob-verðmæti hans. Auðséð er, hve erfitt hlaut að vera að ná jafnvægi í fjárhag útflutningssjóðs við slíkar aðstæður. Sannleikurinn er sá, að slíku jafnvægi var aðeins hægt að ná með einu móti: með því að hafa mikinn greiðsluhalla við útlönd, er jafnaður væri með erlendum lánum, en þó umfram allt með eyðslu gjaldeyrisforða eða söfnun gjaldeyrisskulda. Stafaði þetta af því, að aðeins voru greiddar 55% yfirfærslubætur á erlend lán og engar yfirfærslubætur á notaðan gjaldeyrisforða eða söfnun gjaldeyrisskulda. Hins vegar hlaut aukinn útflutningur að leiða til vaxandi halla, vegna þess hversu miklu hærri meðalbætur eru á útflutningi en meðalgjöld á innflutningi. Það var eingöngu vegna hins mikla greiðsluhalla við útlönd, sem afkoma útflutningssjóðs varð eins tiltölulega góð á árunum 1958 og 1959 og raun ber vitni.

Staða útflutningssjóðs.

Það hefur legið ljóst fyrir frá því að núverandi lög um útflutningssjóð o. fl. voru undirbúin vorið 1958, hversu mjög afkoma sjóðsins var komin undir mikilli

notkun erlends lánsfjár, miklum innflutningi hátollavöru og enn fremur því, að gjaldeyristekjur væru ekki notaðar til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Áætlanir um afkomu sjóðsins, sem gerðar voru vorið 1958, voru beinlínis byggðar á öllum þessum atriðum. Í skýrslu sinni frá 10. maí 1958, „Áætlanir um afkomu útflutningssjóðs", gerir efnahagsmálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, Jónas H. Haralz, m. a. eftirfarandi athugasemdir varðandi þessi atriði:

„Gjaldeyrisstaða bankanna er svo slæm, að þeir geta lent í alvarlegum vanskilum við erlenda banka, nema því aðeins, að þeim sé gert mögulegt að minnka gjaldeyrisskuldir sínar að einhverju leyti. Það er því erfitt að sjá, hvernig komizt verður hjá því að verja einhverjum hluta af gjaldeyristekjum ársins eða einhverjum hluta hins erlenda lánsfjár til lækkunar gjaldeyrisskulda.

Það er mjög vafasamt, hvort mögulegt er að flytja inn eins mikið af gjaldháum vörum og áætlunin gerir ráð fyrir, án þess að skortur verði á öðrum vörum, sem lægri gjöld bera. Það er líka óvíst, hvort næg eftirspurn yrði eftir þessum vörum, þó að leyfisveitingar fyrir þeim yrðu rýmkaðar, ekki sízt með tilliti til þess, að þær hækka verulega í verði og að talsvert virðist hafa verið flutt inn af þeim fyrstu mánuði ársins 1958.

Hinn mikli innflutningur, sem gert er ráð fyrir á árinu 1958, byggist að verulegu leyti á óvenjulega mikilli notkun erlends lánsfjár. Sú notkun er áætluð 318 millj. kr., eða yfir 20% af gjaldeyristekjum af sölu vöru og þjónustu. Þetta er miklu meiri notkun lánsfjár en nokkru sinni hefur átt sér stað áður, og miklu meiri en búast má við á árinu 1959 og á árunum þar á eftir. Af þessum sökum hlýtur innflutningur á árinu 1959 að lækka um 100—200 millj. kr. frá því, sem verður 1958, að öllum öðrum aðstæðum óbreyttum. Greiðsla yfirfærslubóta minnkar um leið og notkun lánsfjár, en þar sem búast má við, að minnkun innflutnings komi fyrst og fremst niður á gjaldháum vörum, er líklegt, að tekjur útflutningssjóðs minnki allmiklu meir en útgjöld hans. Eina leiðin til að sporna gegn þessu væri að draga mjög úr fjárfestingu, og þar með innflutningi fjárfestingarvöru, er myndi veita meira svigrúm fyrir innflutning hágjaldavöru."

Niðurstaða skýrslunnar er eftirfarandi:

„Af öllum þessum sökum virðist það einsætt, að nokkur halli verði hjá bæði útflutningssjóði og ríkissjóði samkvæmt hinu nýja kerfi þegar frá byrjun. Þessi halli verður þó miklu minni en verið hefði að gamla kerfinu óbreyttu. Þegar kemur fram á árið 1959, eru allar líkur til, að hallinn fari stórvaxandi."

Fyrstu mánuðina eftir að hin nýju lög gengu í gildi, batnaði hagur útflutningssjóðs verulega. Stafaði þetta af því, að þessa mánuði fékk sjóðurinn tekjur eftir hinum nýju lögum, en innti lengi vel útflutningsbætur af hendi eftir hinum gömlu. Í árslok 1958 taldi stjórn sjóðsins, að hagur hans væri um það bil 40 millj. kr. betri en í ársbyrjun. Fyrstu mánuði ársins 1959 versnaði hins vegar hagur sjóðsins mjög á nýjan leik.

Þegar áætlanir voru gerðar í ársbyrjun 1959 um starfsemi útflutningssjóðs það ár, voru þær við það miðaðar, að hægt væri að reka sjóðinn hallalaust með þeim sömu gjöldum, er upphaflega höfðu verið ákveðin vorið 1958. Var þetta því aðeins hægt, að enn væri gert ráð fyrir mikilli lánsfjárnotkun og miklum innflutningi hátollavöru. Til að standa straum af þeirri aukningu útgjalda, er leiddi af aukinni aðstoð við útgerðina og auknum niðurgreiðslum, var sjóðnum séð fyrir fjárframlagi frá ríkissjóði og hækkun leyfisgjalda á bifreiðum.

Reyndin varð sú, að þessar áætlanir stóðust ekki. Notkun opinbers erlends lánsfjár varð talsvert minni en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar varð útflutningsframleiðslan, einkum af síldarafurðum, meiri en búizt hafði verið við. Sömuleiðis voru útflutningsbætur á síldarafurðir hækkaðar meira fyrir síldarvertíð en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi ársins. Þessar þrjár breytingar frá upphaflegu áætluninni, minni notkun lánsfjár, meiri útflutningur og hærri bætur á síldarafurðum, hefðu átt að leiða til verulegs halla hjá sjóðnum á árinu 1959. Nú skeði

það hins vegar á síðustu mánuðum ársins, að útflutningur síldarafurða stöðvaðist að mestu, og birgðir útflutningsvöru jukust. Bankarnir urðu að auka yfirdráttarskuldir sínar erlendis í sama mæli og birgðaaukningunni nam. Útflutningssjóður fékk tekjur af þeim innflutningi, sem keyptur var fyrir yfirdráttarlánin, en þurfti ekki enn sem komið var að greiða bætur á útflutningsbirgðirnar. Af þessum ástæðum varð afkoma sjóðsins á árinu 1959 miklu betri en ella hefði orðið. Þetta hlaut þó jafnframt að eiga eftir að koma fram í lakari afkomu á árinu 1960.

Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir um afkomu útflutningssjóðs árið 1959. Það yfirlit um tekjur og gjöld sjóðsins, sem stjórn sjóðsins sendi ríkisstjórninni 18. jan. s. l., ásamt þeirri áætlun um gjaldkræfar kröfur á sjóðinn, sem stjórn sjóðsins samdi í desembermánuði s. l., gefa þó skýra mynd af afkomu sjóðsins árið 1959, sem varla á eftir að breytast í veigamiklum atriðum. Samkvæmt þessum upplýsingum var halli sjóðsins á árinu um 30 millj. kr., og hefur þá verið tekið tillit til bæði ógreiddra, gjaldfallinna krafna og óinnheimtra, gjaldfallinna tekna.

Hér eru þó engan veginn öll kurl komin til grafar. Ætíð er mikið útistandandi af kröfum á sjóðinn fyrir vörur, sem farnar eru úr landi og búið er að skila gjaldeyri fyrir, en staðfestar kröfur um greiðslu bóta liggja enn ekki fyrir um. Samkvæmt áætlun sjóðsstjórnarinnar jukust þessar kröfur um 46 millj. kr. á árinu. Þá áætlar stjórn sjóðsins í desember að kröfur vegna birgða og afskipaðs útflutnings, sem gjaldeyri hafi ekki verið skilað fyrir, hafi aukizt um 106 millj. kr. á árinu. Ekki er ósennilegt að þessi tala muni eitthvað lækka, þegar nákvæmari gögn liggja fyrir.

Samkvæmt þessum upplýsingum, ætti því halli sjóðsins að viðbættri aukningu krafna vegna útflutningsframleiðslu, sem annaðhvort er þegar farin úr landi eða liggur í birgðum, að hafa numið um það bil 180 millj. kr. á árinu 1959. Þótt hér sé að verulegu leyti um áætlanir að ræða og hin endanlega niðurstaða geti orðið eitthvað önnur en þetta, er þó ljóst hversu óvænlega myndi horfa um afkomu sjóðsins á árinu 1960. Það ár verður hann að greiða bætur á þær útflutningsbirgðir, sem söfnuðust upp á árinu 1959, án þess að fá neinar tekjur af þeim gjaldeyri, sem fyrir þær fæst, þar sem þær tekjur verða að ganga til að greiða þau yfirdráttarlán bankanna, sem tekin voru vegna birgðaaukningarinnar. Jafnframt þessu verður að gera ráð fyrir minni notkun opinbers erlends lánsfjár og minni innflutningi á hátollavöru sökum gjaldeyrisskortsins.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að afkoma útflutningssjóðs hefur frá því fyrsta byggzt á því, að notkun erlends lánsfjár væri mikil, að mikið væri flutt inn af hátollavöru og að gjaldeyristekjum væri ekki varið til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Sést af þessu og af því, sem áður hefur verið sagt um hið lága gengi á meginhluta innflutningsins, hversu samtvinnaður hallinn á greiðslujöfnuðinum er því fyrirkomulagi í gengismálum, sem hér hefur verið við lýði. Annars vegar hlýtur hið lága gengi á meginhluta innflutningsins að leiða til greiðsluhalla. Hins vegar er greiðsluhallinn beinlínis skilyrði þess, að jafnvægi geti náðst í fjárhag útflutningssjóðs.

Gallar bóta- og gjaldakerfisins.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á það, að núverandi bóta- og gjaldakerfi er þannig upp byggt, að því aðeins er hægt að afla nægilegra tekna til að standa straum af bótagreiðslum útflutningssjóðs, að mikill halli sé á greiðslujöfnuðinum. Þessi galli er svo veigamikill, að hann einn gerir það að verkum, að kerfið getur ekki staðið til frambúðar, þar sem því eru ákveðin takmörk sett, hversu mikill hallinn getur verið og hversu lengi hann getur staðið. En aðrir gallar og þeir veigamiklir koma einnig til. Eru þeir gallar allir þess eðlis, að rekstur atvinnuveganna verður óhagkvæmari en ella hefði verið og afrakstur þjóðarbúsins þarafleiðandi minni.

Þess er þá fyrst að geta, að ýmsum greinum útflutningsframleiðslu og gjaldeyrisöflunar eru greiddar misháar bætur. Ef gengið væri eitt eða bætur jafnar, myndi

verðlag erlendis og framleiðslukostnaður innanlands hafa úrslitaáhrif á útflutningsframleiðsluna, eins og hagkvæmast er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Framleiðslan myndi beinast inn á þau svið, þar sem erlent verðlag er tiltölulega hagstæðast og framleiðslukostnaður tiltölulega minnstur, en það er einmitt framleiðsla á þeim sviðum, sem gefur þjóðarbúinu mest í aðra hönd. Þegar bætur eru mismunandi, beinist framleiðslan hins vegar inn á þau svið, þar sem bæturnar eru tiltölulega hæstar samanborið við framleiðslukostnað, og það má einmitt gera ráð fyrir, að hæstar bætur séu greiddar með þeirri framleiðslu, sem ella ætti örðugast uppdráttar. Þegar yfir stutt tímabil er litið, hefur þetta lítil áhrif á það, hvert framleiðslan beinist, en þegar bótakerfi stendur árum eða jafnvel áratugum saman, hlýtur afleiðingin hins vegar að verða sú, að framleiðslu, sem ekki er þjóðarbúinu hagkvæm, er haldið uppi, en önnur framleiðsla drepin í dróma, þótt hún gæti gefið þjóðarbúinu miklu meira í aðra hönd.

Nákvæmlega sömu áhrif hefur það, þegar gengi á innfluttum rekstrarvörum og framleiðslutækjum er haldið langt fyrir neðan meðalgengi útflutnings og innflutnings, eins og tíðkazt hefur hér á landi. Með þessu móti er þeim atvinnugreinum, er nota mikið af erlendum rekstrarvörum og tækjum, beinlínis ívilnað á kostnað þeirra, sem byggja framleiðslu sína meira á innlendum framleiðsluþáttum. Þetta gerir hvort tveggja í senn, að beina framleiðslunni inn á brautir, sem eru þjóðarbúinu óhagkvæmar, og skapa greiðsluhalla við útlönd.

Sömu afleiðingar hefur hinn mikli mismunur, sem er á raunverulegu innflutningsgengi ýmissa vörutegunda. Sumar atvinnugreinar, sem að öðrum kosti ættu hér góð lífsskilyrði, berjast í bökkum, eða geta ekki komizt á fót, vegna þess að framleiðsla þeirra verður að keppa við vörur, sem fluttar eru inn á gengi, sem er langt fyrir neðan meðalgengi. Aðrar framleiðslugreinar, sem að öðrum kosti ættu hér engin eða lítil lífsskilyrði, blómgast, vegna þess að þær keppa við vörur, sem flytjast inn á gengi, sem er langt fyrir ofan meðalgengi.

Þeir gallar bóta- og gjaldakerfisins, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni, hafa löngum verið mönnum ljósir. Eitt aðalmarkmið þeirra efnahagsráðstafana, sem gerðar voru vorið 1958, var einmitt að draga úr þessum göllum. Í þeim athugasemdum, sem þáverandi ríkisstjórn lét fylgja frumvarpi sínu um útflutningssjóð o. fl., er sagt, að frumvarpið, auk þess að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins, miði að því tvennu, „að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris ....“ og „að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.“ Til skýringar á nauðsyn þess að draga úr misræminu í verðlaginu segir enn fremur í athugasemdunum:

> „Við tekjuöflun til greiðslu útflutningsbótanna hefur verið forðazt að innheimta gjöld af þeim vörum, sem mesta þýðingu hafa í rekstri útflutningsatvinnuveganna og neyzlu almennings. Þetta hefur leitt til misræmis í vöruverði, sem í vaxandi mæli hefur stuðlað að óeðlilegri notkun erlends gjaldeyris og átt sinn þátt í gjaldeyrisskortinum, sem ríkt hefur. Fyrirtæki hafa gætt minnkandi hagsýni í notkun erlendrar rekstrarvöru, vegna þess að verð hennar hefur verið miklu lægra en verðlag innanlands yfirleitt og verðlag útflutningsafurðanna, að útflutningsbótunum meðtöldum. Fyrirtæki hafa þess vegna leiðzt til þess að nota erlenda vöru fremur en innlenda vöru eða vinnu, þegar tök hafa verið á að velja þar á milli.“

Gjaldeyris- og innflutningshöftin.

Þá kemur það einnig til, að ómögulegt er að halda uppi slíku bóta- og gjaldakerfi, sem hér hefur verið við lýði, nema með víðtækum gjaldeyris- og innflutningshöftum. Slík höft voru sett á laggirnar víða um lönd vegna þess neyðarástands, sem heimskreppan mikla skapaði, og þeim var viðhaldið á stríðsárunum og þeim erfið-

leikaárum, sem í kjölfar styrjaldarinnar sigldu. Nú er hins vegar svo komið, að nær því allar þær þjóðir, sem höftin tóku upp á sínum tíma, hafa afnumið þau að mestu eða öllu leyti og að nýju horfið að haftalausum viðskiptaháttum. Í Vestur-Evrópu er Ísland eina landið, sem enn býr við víðtæk gjaldeyris- og innflutningshöft.

Vegna þess, hversu lengi höftin hafa verið við lýði hér á landi, vill það gleymast, að þau eru ekki eðlilegur hluti heilbrigðs efnahagskerfis, heldur neyðarúrræði kreppu- og stríðsára. Tilfinningin er jafnvel farin að sljóvgast fyrir því, að í kjölfar þeirra getur siglt margs konar misrétti og jafnvel spilling, að þau eru dýr í framkvæmd, bæði fyrir ríki og innflytjendur og þar með þjóðina alla, og að þau hafa óhagkvæm áhrif á rekstur þjóðarbúskaparins og afkomu almennings.

Að sínu leyti eru áhrif haftanna sama eðlis og þau áhrif bóta- og gjaldakerfisins, sem að framan var lýst. Höftin gera það að verkum, að framleiðslan beinist í aðrar áttir en þær, sem hagkvæmastar eru. Tilraunir til að takmarka eða stöðva innflutning sumra vörutegunda leiða til þess, að hafin er framleiðsla, sem annars gæti ekki þrifizt. Þessi framleiðsla dregur síðan vinnuafl og fjármagn frá annarri framleiðslu, sem byggð er á heilbrigðari grundvelli. Þar við bætist, að höftin torvelda eðlilegan gang framleiðslunnar, þar sem þau geta orðið til þess, að efnivörur og aðrar rekstrarvörur berist ekki að jafnt og eðlilega. Fyrirtækjum er gert erfiðara að afla sér framleiðslutækja, og tilviljanir og annarleg sjónarmið geta ráðið því, hvaða atvinnufyrirtækjum eða framleiðslugreinum er leyft að þróast.

Einkum og sér í lagi á þetta við, þegar beinlínis verður að nota höftin til að ýta undir innflutning þeirra vörutegunda, sem greiða há gjöld, og takmarka innflutning þeirra vörutegunda, sem lág gjöld greiða, eins og orðið hefur að gera hér á landi. Undanfarin ár hefur orðið að setja miklar takmarkanir á innflutning vörubifreiða á sama tíma sem reynt hefur verið að flytja inn sem mest af fólksbílum. Strangar hömlur hafa verið á innflutningi hvers konar véla á sama tíma sem innflutningur þeirrar neyzluvöru, sem menn helzt teljast geta verið án, hefur verið að mestu leyti frjáls. Það þarf ekki miklum getum að því að leiða, hvaða afleiðingar slíkt fyrirkomulag hlýtur að hafa á atvinnulíf þjóðarinnar, þegar fram í sækir.

Þá er hitt ekki síður þýðingarmikið, að höftin takmarka eðlilega samkeppni í innflutningsverzluninni og stuðla þannig beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur en ella myndi. Það er ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, hversu gagnlegt sem verðlagseftirlit annars kann að vera. Á s.l. tíu árum hafa orðið geysimiklar framfarir á Vesturlöndum í vörudreifingu. Rutt hafa sér til rúms nýir verzlunarhættir, sem hafa í för með sér minni verzlunarkostnað og stóraukin þægindi fyrir neytendur. Það á sér sjálfsagt margar orsakir, hversu lítið þessara framfara hefur enn gætt á Íslandi, en ein þýðingarmesta orsökin er einmitt innflutningshöftin.

Tillögur ríkisstjórnarinnar.

Í ljósi þess, sem sagt hefur verið hér að framan, telur ríkisstjórnin það ekki álitamál, að nauðsynlegt sé að afnema bóta- og gjaldakerfið og leiðrétta gengisskráninguna að fullu. Hitt er ríkisstjórninni vel ljóst, að þetta verður ekki gert nema með víðtækum breytingum í öllu efnahagslífinu. Þessar breytingar eru erfiðar í framkvæmd, vegna þess hve víðtækar þær eru, og hversu mjög þær snerta hagsmuni allra stétta þjóðfélagsins. Engin ríkisstjórn myndi gera tillögur um slíkar breytingar að óþörfu. Það er vegna þess, að ríkisstjórnin er sannfærð um, að þjóðarvoði sé fyrir dyrum, ef slíkar ráðstafanir séu ekki gerðar, að hún gerir nú tillögur um víðtækari ráðstafanir í efnahagsmálum en gerðar hafa verið hér á landi síðasta áratuginn að minnsta kosti. Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir þessum tillögum í aðalatriðum.

Nýja gengið.

Lagt er til, að hið nýja gengi verði jafngildi kr. 38.00 á Bandaríkjadollar. Þetta gengi er við það miðað, að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bát-

anna, beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum. Þessar bætur eru nú 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisks (sbr. töflu nr. 4, sem gefur yfirlit um núgildandi útflutningsbætur). Þessar bætur svara til gengis, sem væri tæpar 32 kr. á Bandaríkjadollar. Þetta gengi myndi þó ekki nægja til að veita bátaútveginum þá afkomu, sem hann nú hefur, vegna þess að útvegurinn kaupir erlendar rekstrarvörur sínar og framleiðslutæki með aðeins 55% yfirfærslugjaldi, þ. e. a. s. á gengi, sem svarar til rúmlega 25 kr. á Bandaríkjadollar. Eftir að hin nýja gengisskráning hefur gengið í gildi, verður útvegurinn hins vegar að flytja þessar vörur inn á sama gengi og hann fær fyrir útflutninginn. Þegar tekið er tillit til þessa og enn fremur gert ráð fyrir, að bátaútveginum verði bætt það verðfall, sem orðið hefur á síðasta ári á fiskimjöli, verður niðurstaðan sú, að hið nýja gengi þurfi að vera kr. 38.00 á Bandaríkjadollar. Miðað við það meðalgengi, sem nú er á Bandaríkjadollar í útflutningi, kr. 30.36, er hér um að ræða lækkun á gengi krónunnar um 20%, en miðað við hið almenna gengi, sem nú er á Bandaríkjadollar í innflutningi, kr. 25.30, lækkun um 34%.

Togarar hafa undanfarinn áratug yfirleitt fengið mun lægri bætur en bátar, enda hafa flestir þeirra verið reknir með tapi. Á þessu var gerð mikil leiðrétting með útflutningssjóðslögunum vorið 1958. Af þessum sökum, og eins vegna góðra aflabragða, varð afkoma togaraflotans öll önnur það ár en hún hafði verið áður. Á árinu 1959 hefur aftur sótt í fyrra horf með afkomu togaranna. Kemur þar hvort tveggja til, að bætur togaranna hafa ekki verið hækkaðar að heitið geti síðan 1958 þrátt fyrir aukinn tilkostnað, og að aflabrögð hafa orðið rýrari en árið 1958. Hin lélegu aflabrögð leiða aftur á móti af útfærslu landhelginnar, sem hefur útilokað togarana frá mörgum beztu heimamiðunum, og minnkun afla á fjarlægum miðum. Minni afli hefur ekki aðeins valdið lakari afkomu togaranna heldur einnig leitt til þess, að tekjur togarasjómanna hafa lækkað og orðið tiltölulega óhagstæðar, einkum miðað við tekjur bátasjómanna. Ríkisstjórnin telur, að hin nýja gengisskráning muni skapa möguleika á því að færa kjör togarasjómanna til samræmis við kjör bátasjómanna, og jafnframt grundvöll fyrir hallalausum rekstri togaranna.

Síldarútvegurinn hefur fengið lægri bætur en nokkur önnur grein útflutningsins. Lengst af hafa bæturnar verið miklu lægri en annarra greina, og það enda þótt þessi grein sé sérstaklega háð sveiflum í aflabrögðum. Með útflutningssjóðslögunum frá 1958 og hækkun bóta á síldarafurðum sumarið 1959 var þó mjög dregið úr þessum mismun. Nú er ætlunin að munurinn hverfi að fullu, enda hafa alvarlegar horfur skapazt varðandi sölu á afurðum þessarar atvinnugreinar.

Að því er saltsíldina snertir, er það fyrirsjáanlegt, að markaðir hennar í Sovétríkjunum, Póllandi og e. t. v. einnig í Austur-Þýzkalandi muni dragast saman á þessu ári, og er sennilegt, að sá samdráttur verði meir en stundarfyrirbrigði. Verður þá óhjákvæmilegt að auka sölu saltsíldar til Vestur-Evrópu og Ameríku, þar sem markaðir eru fyrir hendi, en verð lægra en í Austur-Evrópu. Hið nýja gengi mun gera þetta kleift. Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959, og lýsisverð er einnig lágt. Vegur þetta á móti þeim áhrifum, sem breyting gengisskráningarinnar annars myndi hafa haft á afkomu þessarar framleiðslu.

Það fyrirkomulag, sem tekið var upp með lögunum um útflutningssjóð frá 1958, að kaupa gjaldeyri af varnarliðinu á 16 kr. og selja hann aftur á 25 kr. og þaðan af hærra verði, gat ekki staðið nema stutta hríð, þar sem það var ekki í samræmi við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Ísland hefur verið aðili að, frá því hann var stofnaður árið 1944. Á þessu hlýtur því að verða breyting um leið og efnahagsmálum þjóðarinnar er komið í eðlilegt horf. Á hinn bóginn telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að Bandaríkjastjórn fyrir sitt leyti stuðli að því að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þessi breyting hefur á greiðsluviðskipti þjóðarinnar. Um þetta atriði hafa undanfarið átt sér stað viðræður á milli fulltrúa frá ríkisstjórnum beggja landa, og telur ríkisstjórnin, að viðunandi lausn þess máls muni fást, þannig að komið verði í veg

fyrir þá byrjunarörðugleika, sem lækkun gjaldeyristekna frá varnarliðinu mundi ella hafa í för með sér.

Afnám bótakerfisins.

Lagt er til, að greiðslur útflutningsbóta og hvers konar sérbóta séu afnumdar og að útflutningssjóður hætti störfum. Tekjur sjóðsins falla niður við gildistöku laganna.

Það leiðir af sjálfu bótakerfinu, að nokkur tími hlýtur að líða frá því að gjaldeyri hefur verið skilað fyrir útfluttar vörur, þar til greiðsla bóta getur farið fram úr útflutningssjóði. Það tekur tíma að afla þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til þess að greiðslan geti farið fram. Þar við bætist, að útflutningssjóður hefur ekki alltaf haft reiðufé til að inna greiðslur af höndum, og sú venja hefur skapazt, enda beinlínis samið um það við útvegsmenn, að greiðslur þyrftu ekki að fara fram fyrr en nokkrum tíma eftir að staðfest bótakrafa hefur verið lögð fram. Með vaxandi bótagreiðslum sjóðsins hafa slíkar ógreiddar kröfur vegna útflutnings, sem gjaldeyri hefur þegar verið skilað fyrir, sífellt farið vaxandi. Ekki er hægt að segja um það með vissu, hversu miklar þessar skuldbindingar eru á hverjum tíma. Samkvæmt áætlun sjóðstjórnarinnar námu þær um 270 milljónum króna í árslok 1959, og er varla hægt að gera ráð fyrir, að þær verði lægri þann dag, sem lögin taka gildi.

Þessar skuldbindingar þarf að greiða eins fljótt og auðið er, og er það mikið hagsmunamál útflytjenda og útvegsmanna, að svo verði gert. Hins vegar á útflutningssjóður ekkert fé til að standa undir þessum greiðslum, og er hér því um mikið fjárhagslegt vandamál að ræða. Ríkisstjórnin leggur til, að fjár verði aflað til þessara greiðslna á þann hátt, sem hér greinir.

Í fyrsta lagi verði hið nýja gengi ekki látið gilda fyrir þær útflutningsafurðir, sem framleiddar voru fyrir 16. febr. 1960. Á þessar vörur verði greiddar bætur samkvæmt þeim reglum, sem í gildi voru, þegar afurðirnar voru framleiddar. Þetta er í samræmi við þær venjur, sem fylgt hefur verið, þegar bætur hafa verið hækkaðar á undanförnum árum, og kemur í veg fyrir, að gengishagnaður sá, sem verður á birgðum útflutningsvöru, falli einstökum útflytjendum í skaut. Áætlað er, að mismunur bótagreiðslna og hins nýja gengis á þeim útflutningsbirgðum, sem til verða í landinu hinn 15. febrúar, muni nema um 150 m. kr., og er gert ráð fyrir, að þessi upphæð gangi upp í þær skuldbindingar útflutningssjóðs, sem að framan greinir.

Þessi upphæð mun þó ekki duga til að greiða skuldbindingar sjóðsins. Er óhjákvæmilegt að afla meira fjár í þessu skyni, og er það tillaga ríkisstjórnarinnar, að það verði gert með því að leggja 5% skatt á allan útflutning. Er gert ráð fyrir, að þessi skattur gefi af sér um 120 millj. kr. á árinu 1960, og að hann verði úr gildi felldur þegar eftir að skuldbindingar útflutningssjóðs hafa verið að fullu greiddar, nema því aðeins, að aðstæður hafi breytzt mjög verulega frá því sem nú er.

Hér að framan var það tekið fram, að hið nýja gengi væri við það miðað, að hagur báta á þorskveiðum væri sá sami og hann er samkvæmt núgildandi bótum. Ríkisstjórnin telur eigi að síður, að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið, svo framarlega sem aflabrögð verði sæmileg. Ástæðan fyrir þessu er í fyrsta lagi sú, að útflutningsatvinnuvegirnir munu um nokkurt skeið, eftir að hið nýja gengi tekur gildi, búa að rekstrarvörum, sem keyptar voru á gamla genginu. Þýðingarmeira er þó hitt, að útreikningarnir um afkomu bátaútvegsins á hinu nýja gengi eru við það miðaðir, að hægt sé að fyrna framleiðslutæki, sem keypt eru á hinu nýja gengi. Þegar frá líður er þetta að sjálfsögðu skilyrði fyrir því, að hægt sé að reka útflutningsatvinnuvegina. Fyrst í stað, meðan flest framleiðslutæki, sem eru í notkun, hafa verið keypt á gamla genginu, er þetta þó óþarfi. Þá myndast nokkur fjárhagslegur ágóði, er getur gengið upp í útflutningsskattinn. Hitt vill ríkisstjórnin aftur á móti taka fram, að hún telur, að útflutningsatvinnuvegirnir, að öðrum aðstæðum óbreyttum, þurfi á hinu nýja

gengi að halda óskertu eftir eitt eða tvö ár. Afnám útflutningsskattsins mun því ekki skapa grundvöll fyrir launahækkunum nema því aðeins, að aðrar breytingar hafi á sama tíma orðið útflutningsatvinnuvegunum í hag.

Verðlagsmál.

Ekki verður heimilt að hækka verð á vörum eða þjónustu í sambandi við efnahagsráðstafanirnar nema sem svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér. Ekki verður heldur heimilt, að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru. Verður það hlutverk verðlagseftirlitsins að fylgjast með því, að þessum ákvæðum sé framfylgt.

Ætlun ríkisstjórnarinnar er að halda valdsviði og fyrirkomulagi verðlagseftirlitsins óbreyttu frá því, sem nú er, með þeirri breytingu á yfirstjórn verðlagsmála, sem nánar er getið hér á eftir. Telur ríkisstjórnin verðlagseftirlitið eiga þýðingarmiklu hlutverki að gegna í sambandi við framkvæmd þessara efnahagsráðstafana. Hitt er svo annað mál, að þegar frá líður, getur betra jafnvægi í efnahagsmálum og meiri samkeppni í innflutningi leitt til þess, að þýðing verðlagseftirlitsins verði minni en hún verður nú fyrst um sinn.

Þau almennu ákvæði um stjórn verðlagsmála, sem var að finna í lögunum um útflutningssjóð, hafa ekki verið tekin upp í þetta frumvarp. Verða þau í staðinn tekin upp í annað frumvarp um gjaldeyris- og innflutningsmál, sem lagt verður fyrir Alþingi á næstunni, en í því frumvarpi er ætlunin að sameina öll ákvæði varðandi verðlagseftirlitið. Innflutningsskrifstofan verður lögð niður og getur því ekki farið lengur með yfirstjórn verðlagsmála. Verður þess vegna að koma þeirri stjórn öðruvísi fyrir. Um þetta atriði munu verða gerðar nánari tillögur í áðurnefndu frumvarpi.

Hækkun verðlags.

Breyting gengisskráningarinnar mun að sjálfsögðu leiða til verulegrar hækkunar verðlags. Að því er innfluttar vörur snertir, verður verðhækkunin mismunandi eftir því, hvaða yfirfærslugjald hefur verið greitt af vörunum, og hvaða innflutningsgjald hefur verið á þær lagt. Það hefur enn fremur áhrif á verðhækkunina, hversu mikinn þátt flutningskostnaður og dreifingarkostnaður innanlands á í útsöluverði vörunnar. Verðhækkanir verða einnig á vörum framleiddum innanlands, að því leyti sem erlendar vörur eru notaðar til framleiðslu þeirra. Að svo komnu máli verður ekki um það sagt með nákvæmni, hversu mikil verður hækkun útsöluverðs einstakra vörutegunda. Það kemur ekki í ljós fyrr en verðlagsyfirvöld hafa ákveðið ný flutningsgjöld og nýja álagningu.

Þær vörur, sem fluttar hafa verið inn með 30% yfirfærslugjaldi, myndu að öðru óbreyttu hækka tiltölulega meira en aðrar vörur, og þær vörur, sem innflutningsgjald hefur verið lagt á, tiltölulega minna. Er þetta óhjákvæmileg afleiðing þess, að nú er dregið úr því verðmisræmi, sem gjaldakerfið hefur skapað. Þetta verðmisræmi er hins vegar orðið svo gífurlega mikið, að því er einstaka vörutegundir snertir, að leiðrétting þess í einu stökki myndi koma afar illa niður á neytendum hinna ódýru vörutegunda, sem lengi hafa vanizt hinu lága verði. Af þessum sökum leggur ríkisstjórnin til, að hér sé farin nokkur millivegur, og fyrst um sinn dregið úr verðhækkunum með niðurgreiðslum nokkurra vörutegunda, sem hingað til hafa verið fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi. Þær vörur, sem hér um ræðir, eru kornvörur, kaffi og sykur.

Rétt er að nota vísitölu framfærslukostnaðar sem mælikvarða á hinar væntanlegu verðhækkanir, enda er hin nýja vísitala, sem í gildi hefur verið síðan í marzmánuði s. l., fullkomnari mælikvarði á breytingu verðlags en áður hefur þekkzt hér á landi. Séu teknar þær innfluttu vörur, sem í vísitölunni eru, verður meðalhækkun þeirra sennilega um 25%. Innlendar landbúnaðarafurðir munu væntanlega hækka

um 12%. Hins vegar verður hækkun vísitölunnar allrar líklega ekki meiri en 13% sökum þess, hve innlendir liðir, svo sem húsaleiga, sem gengisbreytingin hefur lítil eða engin áhrif á, eru þýðingarmiklir í framfærslukostnaðinum. Þessar hækkanir munu koma fram smátt og smátt á næstu mánuðum, og líklega verða komnar fram að fullu á næsta hausti. Áætlað er, að gengisbreytingin hafi í för með sér 10—11% hækkun byggingarkostnaðar, en sú breyting verkar auðvitað einungis á löngum tíma til hækkunar almennri húsaleigu. Búast má við einhverjum öðrum hækkunum, svo sem vegna hækkunar tryggingarsjóðsgjalds, sjúkrasamlagsgjalds og útvarpsgjalds o. fl., er ekki standa í neinu sambandi við gengisbreytinguna. Þessar hækkanir, sem eru gengisbreytingunni óviðkomandi, nema líklega um það bil einu stigi.

Áhrif gengisbreytingarinnar á lífskjörin.

Sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, sem að framan er getið, sýnir þau áhrif, sem gengisbreytingin myndi hafa á lífskjör almennings, svo framarlega sem engar aðrar ráðstafanir væru gerðar samhliða. Slík hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi afar þungbær. Af þeim ástæðum telur ríkisstjórnin óhjákvæmilegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin, og þá fyrst og fremst á lífskjör barnafjölskyldna og aldraðs fólks. Leggur ríkisstjórnin til, að þetta sé gert fyrst og fremst með því að stórauka fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri og aðrar svipaðar greiðslur almannatrygginga, og enn fremur með því að greiða niður verð nokkurra þýðingarmikilla neyzluvörutegunda(kornvöru, kaffis og sykurs), eins og áður hefur verið minnzt á.

Tillögurnar um aukningu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar munu verða lagðar fyrir Alþingi í sérstöku frumvarpi innan fárra daga. Verður því ekki gerð ýtarleg grein fyrir þeim hér. Gert er ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði greiddar þegar með fyrsta barni, í stað þess að nú eru þær aðeins greiddar frá og með þriðja barni. Verði upphæðin sú sama með öllum börnum, 2600 kr., hvar sem er á landinu. Munu því greiðslur til þriggja barna fjölskyldu nema 7800 kr. á ári í stað 1166 kr. nú á fyrsta verðlagssvæði og 874 kr. á öðru verðlagssvæði. Greiðslur til fimm barna fjölskyldu myndu nema 13000 kr. í stað 5828 kr. nú á fyrsta verðlagssvæði og 4370 kr. á öðru. Í meðfylgjandi töflu (nr. 6) eru sýndar athuganir á því, að hve miklu leyti má gera ráð fyrir, að þessi aukning fjölskyldubóta vegi upp á móti þeirri kjaraskerðingu, sem annars ætti sér stað. Er niðurstaða þeirra athugana sú, að hinar auknu fjölskyldubætur nægi til þess að jafna að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér fyrir fjölskyldu með 60000 kr. tekjur, þar sem börnin eru þrjú eða fleiri. Gildir þetta fyrir fyrsta verðlagssvæði, þ. e. a. s. kaupstaði og kauptún með yfir 2000 íbúa. Á öðru verðlagssvæði, en á því svæði eru sveitir og smærri kaupstaðir og kauptún, verður hagur barnafjölskyldna þeim mun betur tryggður.

Lagt er til, að elli- og örorkulífeyrir og aðrar svipaðar bætur almannatrygginga hækki um 20% til viðbótar þeirri 20% hækkun, sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði áður lagt til og einnig mun innifalin í því frumvarpi, sem lagt verður innan skamms fyrir Alþingi. Verður því heildarhækkun ellilífeyris 44%, enda kemur öllum saman um, að brýn þörf hafi verið á að bæta kjör þessara aðila.

Sú aukning fjölskyldubóta og þær niðurgreiðslur á innfluttum neyzluvörum, sem að framan hefur verið lýst, munu draga mjög úr þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem breyting gengisskráningarinnar að öðrum kosti hefði í för með sér. Er gert ráð fyrir, að hækkunin verði tæplega 3% í stað um það bil 13% ella. Af lækkuninni eiga 8.5% rót sína að rekja til aukningar fjölskyldubóta, 1.6% til niðurgreiðslna á innfluttum vörum og 0.2% til þess, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að fella niður námsbókagjald.

Ríkisstjórnin telur, að með þessari aukningu fjölskyldubóta og annarra bóta al-

mannatrygginga, og með hinum nýju niðurgreiðslum á nokkrum innfluttum vörutegundum, sé gengið eins langt til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings og frekast er kostur. Með þessum ráðstöfunum er það tryggt, að kjör fjölskyldna, sem hafa um 60.000 kr. tekjur og í eru þrjú eða fleiri börn, verði ekki skert, og ekki heldur kjör ellilífeyrisþega og öryrkja.

Launamál.

Þegar leiðréttingar hafa verið gerðar á gengisskráningunni s. l. áratug, hafa þeim fylgt miklar launahækkanir. Þetta var svo 1950, þegar laun hækkuðu samkvæmt hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, og 1958, þegar lögboðin var 5% hækkun grunnkaups. Það getur ekki verið álitamál, að þessar launahækkanir hafi gefizt illa. Þær hafa leitt til mikilla og hraðra víxlhækkana verðlags og kaupgjalds og aukið vantrú manna á það, að jafnvægisástandi yrði náð í efnahagsmálunum. Á hinn bóginn hafa þær ekki megnað að færa launþegum raunverulega kjarabót. Lífskjör launafólks ákvarðast af því, hve mikil framleiðsla þjóðarinnar er, hve mikið fæst fyrir þá framleiðslu á erlendum markaði og hvernig arðinum af þeirri framleiðslu er skipt. Almennar launahækkanir hafa að sjálfsögðu engin áhrif á það, hversu mikil raunveruleg verðmæti þjóðin framleiðir, né hversu mikið fæst fyrir þau erlendis. Þær hafa ekki heldur áhrif á það, hvernig arðinum af framleiðslunni er skipt, ef sérhver launahækkun leiðir til samsvarandi verðhækkunar, eins og tíðkazt hefur hér á landi. Iðnrekendur og kaupsýslumenn velta þá launahækkuninni jafnóðum yfir á launþega aftur í hækkuðu vöruverði, og framleiðendur útflutningsvöru fá launahækkanirnar jafnaðar með hækkunum útflutningsbóta, er ríkið síðan endurkrefur með því að leggja á ný gjöld, sem borin eru af launþegum.

Ríkisstjórnin leggur til, að í þetta skipti sé farin önnur leið, sem geri hvort tveggja í senn, komi í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds og dragi sem mest úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings með raunverulegri breytingu á skiptingu þjóðarteknanna. Leiðin er sú, að auka stórlega bætur almannatrygginga, einkum fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri, og taka upp niðurgreiðslur á nokkrum þýðingarmiklum innfluttum neyzluvörum (kornvörum, kaffi og sykri). Var þessum ráðstöfunum lýst í köflunum hér að framan. Þessar ráðstafanir fela í sér raunverulega breytingu á tekjuskiptingu þjóðarinnar, vegna þess að þær koma fyrst og fremst barnafjölskyldum, öldruðu fólki og öryrkjum til góða, en fjár til þess að standa straum af þeim er aflað með tollum og sköttum, sem einkum eru bornir af öðrum.

Jafnhliða þessu er lagt til, að tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar sé numin úr gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að gera þá breytingu tekjuskiptingarinnar, sem að framan getur, raunhæfa, og koma í veg fyrir þá öru verðbólguþróun, sem annars myndi hljótast af víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Um þetta atriði eru ákvæði í 23. gr. frumvarpsins.

Það leiðir beinlínis af því fyrirkomulagi, sem lögákveðið hefur verið hér á landi frá 1943 varðandi verðlagningu landbúnaðarafurða, að á meðan kaup verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna breytist ekki, breytist ekki kaup bóndans, og verð landbúnaðarafurða hækkar ekki af þeim sökum. Á hinn bóginn verða bændur til samræmis við aðra að fá endurgreiddar í hærra vöruverði þær hækkanir á kostnaði rekstrarvöru sinnar, sem af gengisbreytingunni leiðir. Um þetta atriði eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það, að kauphækkanir eiga sér ekki stað vegna þeirrar hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar, sem af gengisbreytingunni leiðir, er ekki gert ráð fyrir, að bátasjómenn og togarasjómenn fái neina kauphækkun vegna þeirrar hækkunar fiskverðs, sem gengisbreytingin hefur í för með sér. Um þetta eru ákvæði í 25. og 26. gr. frumvarpsins. Eins og drepið var á hér að framan, er ríkisstjórnin þó þeirrar skoðunar, að togarasjómenn hafi sérstöðu samanborið við aðra launþega. Þeir

hafa á undanförnu ári orðið fyrir tekjurýrnun, sem beinlínis stendur í sambandi við útfærslu landhelginnar. Það er ekki réttlátt, að ráðstafanir, sem gerðar eru með framtíðarhagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum, bitni þannig beinlínis á einni stétt manna. Ríkisstjórnin telur, að sú bætta afkoma togaranna, sem af gengisbreytingunni leiðir, muni gera það kleift að hækka tekjur togarasjómanna. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin ekki viljað setja ákvæði um þetta atriði í það frumvarp, sem hér liggur fyrir, heldur talið eðlilegast, að um það væri samið á milli togaraeigenda og sjómanna sjálfra.

Þá hafa farmenn og flugmenn einnig nokkra sérstöðu í sambandi við efnahagsráðstafanirnar. Þeir hafa fengið hluta launa sinna greiddan í erlendum gjaldeyri með 30% yfirfærslugjaldi, þar sem skipafélögin og flugfélögin hafa tekið að sér greiðslu 25% af 55% yfirfærslugjaldinu. Þetta er vandamál, sem ráða verður fram úr með frjálsum samningum milli aðila, og greiða ákvæði 27. gr. þessa frumvarps fyrir þeim samningum.

Um íslenzka námsmenn erlendis gildir að sínu leyti svipað og um farmenn og flugmenn, að þeir hafa getað keypt erlendan gjaldeyri á sérstaklega hagstæðu gengi. Þau fríðindi munu nú að sjálfsögðu falla niður. Hefur verið ráð fyrir því gert í fjárlagafrumvarpinu, að námsmönnum verði þetta bætt að nokkru með því, að námsstyrkir hækki í sama hlutfalli og verð hins erlenda gjaldeyris, þannig að styrkirnir geti haldizt óbreyttir í erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir gengisbreytinguna.

Engin ákvæði er að finna í þessu frumvarpi varðandi grunnlaun. Ákvörðun þeirra verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Þrátt fyrir þetta getur ekki hjá því farið, að viðhorfið í launamálum verði annað að lokinni framkvæmd þeirra ráðstafana, sem hér er gert ráð fyrir, heldur en það hefur verið um langt skeið undanfarið. Útflytjendur hafa um margra ára skeið talið öruggt, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun, er þeir veittu starfsmönnum sínum, jafnaða með hækkun útflutningsbóta. Á sama hátt hafa aðrir atvinnurekendur miðað við það, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun endurgreidda í hækkuðu verði á vörum sínum og þjónustu. Þetta hefur orðið til þess, að æ ofan í æ hefur verið samið um launahækkanir, sem ekki áttu sér stoð í auknum framleiðslutekjum, og ekki gátu heldur leitt til breyttrar tekjuskiptingar þjóðarinnar. Slíkar launahækkanir eru launþegum gagnslausar, en leiða hins vegar til verðbólgu, og hafa þannig hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir efnahagslíf landsins, þegar til lengdar lætur.

Ríkisstjórnin telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem þetta frumvarp felur í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstjórnarinnar að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapazt grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþeginn njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkuðu kaupi. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta.

Ráðstafanir í peningamálum.

Það er eitt meginskilyrði þess, að hægt verði að lokinni gengisbreytingu að koma á almennu efnahagslegu jafnvægi, að útlánum bankanna og þar með aukningu peningamagnsins sé haldið innan þeirra takmarka, sem framleiðsluaukning þjóðarbúsins segir til um. Það hefur verið helzti veikleiki allra þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið s. l. áratug til þess að koma á jafnvægi í íslenzkum efnahagsmálum, að ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið í peningamálum, hafa hvergi nærri nægt til þess að koma í veg fyrir stórfellda peningaþenslu, sem fljótlega hefur skapað nýtt misræmi milli framboðs og eftirspurnar í þjóðarbúinu. Þróunin síðan síðari lögin um útflutningssjóð voru samþykkt vorið 1958, er gott dæmi um þetta. Verð-

hækkanir þær, sem sigldu í kjölfar þessarar lagasetningar, hlutu að valda aukinni eftirspurn eftir fjármagni, og þar sem engar teljandi tilraunir voru gerðar til að marka nýja stefnu í peningamálum, er veitti viðnám við þessari þróun, jukust útlán banka og sparisjóða árið 1958 um nær 20% og árið 1959 fóru útlánin enn stórhækkandi, þrátt fyrir stöðugt verðlag. Þessi útlánaaukning átti að verulegu leyti rót sína að rekja til reglubundinna endurkaupa Seðlabankans á afurðavíxlum, sem jukust mjög á þessu tímabili, einkum vegna hærra verðs, sem lagt var til grundvallar við lánveitingar. Alls jukust endurkaup Seðlabankans um 187 milljónir króna árið 1958 og 213 milljónir króna 1959. Þessi eini þáttur lánanna hefur því aukizt á þessu tímabili um nærri 90% og tvímælalaust verið ein meginorsök hinnar miklu peningaþenslu, sem þá átti sér stað.

Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, að í sambandi við framkvæmd þeirra aðgerða, sem fjallað er um í frumvarpi þessu, verði gripið til ráðstafana í peningamálum, er tryggi, að áframhaldandi peningaþensla eigi sér ekki stað og eftirspurn innanlands aukist ekki umfram það, sem aukin framleiðsla gerir þjóðarbúinu kleift að standa undir. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að Seðlabankinn og aðrar lánsstofnanir framfylgi samræmdri stefnu í peningamálum í því skyni að tryggja, að þessum markmiðum verði náð.

Leggja verður höfuðáherzlu á það, að útlán bankakerfisins í heild verði ekki meiri en sem svarar þeirri eðlilegu sparifjármyndun, sem á sér stað í bankakerfinu. Til þess að ná þessu markmiði, verður fyrst og fremst að takmarka endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum við það stig, sem þau eru komin á nú. Í öðru lagi þarf að sjá um, að ekki eigi sér stað útlánaaukning á árinu til ríkissjóðs fram yfir eðlilegar árstíðaþarfir. Loks verður að gæta þess, að nettóskuldir bankakerfisins við Seðlabankann, þar með taldar skuldir fjárfestingarlánasjóða, aukist ekki á árinu 1960.

Til þess að hafa hemil á útlánum viðskiptabanka og sparisjóða mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að þessar stofnanir fallist á að auka ekki útlán sín samtals um meira en 200 millj. króna á árinu 1960, enda er þá miðað við eðlileg aflabrögð og sölumöguleika á framleiðsluvörum landsmanna. Enn fremur mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóður, þar á meðal innlánsdeildum kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum. Það er þó ekki búizt við því, að þetta fé verði dregið úr umferð, heldur verði Seðlabankanum með þessu móti skapaðar aðstæður til þess að miðla nokkrum hluta fjármagnsmyndunarinnar til þeirra lánsstofnana, sem mest þurfa á því að halda til þess að leysa úr aðkallandi þörf atvinnuveganna.

Til þess er ætlazt, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir geti einir staðið undir þeirri óhjákvæmilegu aukningu rekstrarfjárþarfar atvinnuveganna, sem sigla mun í kjölfar þeirrar hækkunar á framleiðslukostnaði, sem gengisbreytingin hefur í för með sér. Það mun létta verulega á viðskiptabönkunum í þessu efni, að gert er ráð fyrir því, að skuldbindingar útflutningssjóðs séu gerðar upp á árinu, en með greiðslu þeirra munu skila sér aftur í bankana stórar fjárhæðir. Í öðru lagi munu ákvæðin um bindingu nokkurs hluta sparifjáraukningarinnar gera Seðlabankanum kleift að flytja nokkurn hluta þess fjármagns, sem undanfarið hefur gengið til fjárfestingarlána, yfir í rekstrarlán til atvinnuveganna. Það hlýtur að vera meginsjónarmið í framkvæmd þessarar stefnu, að atvinnuvegunum sé séð fyrir nægilegu rekstrarfé til þess að halda framleiðslunni starfandi á eðlilegan hátt, og jafnframt sé lánum til fjárfestingar haldið í því hófi, að ekki sé hætta á verðbólgumyndun. Það er augljóst, að svo strangar aðgerðir til takmörkunar útlána hljóta að vera erfiðar í framkvæmd, á meðan svo mikið misræmi ríkir milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé og raun ber vitni hér á landi undanfarin ár. Það má telja vonlítið, að þær nái árangri, nema jafnframt sé höggvið að rótum meinsins með því að koma á sem mestu samræmi milli myndunar nýs sparnaðar í bankakerfinu annars vegar og útlánaaukningar þess hins vegar. Til þessa er sú leið nærtækust að hækka vexti

allverulega frá því, sem nú er, enda hefur reynsla annarra þjóða undanfarin ár bent til þess, að skynsamlegar vaxtabreytingar geti haft mikla þýðingu fyrir efnahagslegt jafnvægi.

Vextir eru það verð, sem greiða verður eigendum fjármagns fyrir afnot þess. Sé það verð of lágt, myndast fjármagnsskortur, sem reynt er að bæta úr með peningaþenslu, sem fyrr eða síðar hefur verðbólgu í för með sér. Þegar verðlag fer hækkandi ár frá ári, eins og yfirleitt hefur átt sér stað hér á landi um langt skeið, getur svo farið, að vextirnir nægi ekki einu sinni til þess að bæta eigendum sparifjár þá rýrnun verðgildis þess, sem verðbólgan hefur í för með sér. Það á sér með öðrum orðum stað sífelld yfirfærsla eigna frá sparifjáreigendum til þeirra, sem skulda í peningum. Þessi þróun er hvort tveggja í senn, stórlega óréttlát og hættuleg efnahagslegu jafnvægi. Þá má einnig búast við því, að vaxtahækkun dragi úr spákaupmennsku og hamli gegn verðhækkun fasteigna.

Loks telur ríkisstjórnin það mæla með því að nota vextina sem vopn gegn verðþenslu, að þeim er auðvelt að breyta til hækkunar og lækkunar fyrirvaralítið. Það er auðvelt að lækka vexti aftur, ef í ljós kemur, að þeir reynast of háir miðað við ríkjandi aðstæður á peningamarkaðnum. Mundi í þessu fylgt fordæmi margra annarra þjóða, sem á undanförnum árum hafa beitt vaxtabreytingum til þess að halda jafnvægi í peningamálum.

Lagaákvæði um vexti, sem nú eru í gildi, eru óljós og stangast jafnvel á í nokkrum veigamiklum atriðum. Það er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það, að vaxtaákvörðunarvald samkvæmt Landsbankalögunum frá 1957 sé óbundið af lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl. frá 1933, svo sem ætlunin mun hafa verið. Auk þess virðist óhjákvæmilegt, að vöxtum fjárfestingarlánastofnana verði breytt með hliðsjón af breytingum á almennum vöxtum. Til þess að svo megi verða, er lagt til í 32. grein frumvarpsins, að ríkisstjórninni verði heimilt að breyta vöxtum ákveðinna stofnana, sem nú eru bundnir með lögum, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og viðkomandi lánsstofnunar. Loks er talið nauðsynlegt að breyta 16. grein Landsbankalaganna frá 1957 til þess að taka af tvímæli um það, að ákvörðunarvald Seðlabankans um vexti og bundnar innstæður banka og sparisjóða nái einnig til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands.

Gjaldeyris- og viðskiptamál.

Sú leiðrétting gengisskráningarinnar, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, getur að sjálfsögðu ekki í einu vetfangi lagfært þá erfiðu gjaldeyrisstöðu, sem landið er nú komið í. Jafnvel þótt greiðsluhallinn hyrfi samstundis, gæti það tekið mörg ár að byggja upp gjaldeyrisforða að nýju, er væri nægilega stór til þess, að gjaldeyrisviðskipti gætu gengið með eðlilegum hætti. Allan þann tíma mundu hömlur á innflutningi og gjaldeyrissölu verða til þess að draga úr þjóðarframleiðslunni frá því, sem ella hefði getað orðið.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefur ríkisstjórnin snúið sér til tveggja alþjóðastofnana, sem hafa m. a. því sérstaka hlutverki að gegna að hjálpa meðlimum sínum að komast yfir gjaldeyrisörðugleika af því tagi, sem Ísland á við að etja. Þessar tvær stofnanir eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í Washington og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu í París. Hefur Ísland verið meðlimur beggja þessara stofnana frá því, að þær voru settar á stofn árin 1944 og 1947.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn starfar þannig, að hvert land hefur ákveðinn „kvóta“ í sjóðnum. Greiðir landið 25% af „kvótanum“ í gulli til sjóðsins um leið og „kvótinn“ er ákveðinn, en 75% er greitt í mynt landsins sjálfs inn á sérstakan reikning í þjóðbanka þess. Eftir að landið hefur innt þessar greiðslur af hendi, getur það fengið leyfi sjóðsins til þess að kaupa af honum, fyrir sinn eigin gjaldeyri, gjaldeyri annarra landa. Þessi kaup mega samkvæmt reglum sjóðsins aldrei vera meiri en 125% af „kvótanum“, en í reynd hefur sjóðurinn ekki leyft meiri kaup en

100% af „kvótanum“. Kaupin eru aðeins leyfð í því skyni að hjálpa landi til að komast yfir tímabundna gjaldeyrisörðugleika, og hinn keypta gjaldeyri verður að selja sjóðnum aftur innan ákveðins tíma, vanalega 3—5 ára. Sjóðurinn veitir ekki leyfi til kaupanna, fyrr en hann hefur kynnt sér efnahagsástand hlutaðeigandi lands vandlega, og sannfærzt um, að ástæða sé til að ætla, að landið geti komizt úr örðugleikum sínum og selt aftur hinn keypta gjaldeyri á tilsettum tíma. Gjald er greitt fyrir afnot hins keypta gjaldeyris, og fer það eftir upphæðinni og tímanum, sem líður, þar til gjaldeyririnn er seldur aftur. Hefur þetta gjald á undanförnum árum verið frá ½% fyrir kaup til nokkurra mánaða upp í 5% fyrir kaup til nokkurra ára.

Á þeim 15 árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hefur fjöldi landa notað sér þá möguleika, sem hann veitir til að auðvelda gjaldeyrisviðskipti. Hafa þau ýmist keypt gjaldeyri til nokkurra mánaða til þess að mæta árstíðarsveiflum í gjaldeyrisviðskiptum, eða til nokkurra ára til að komast yfir meiri háttar gjaldeyrisörðugleika. Síðan 1952 hefur það einnig tíðkazt, að lönd gerðu sérstaka samninga við sjóðinn, er veita þeim réttindi til ákveðinna kaupa á gjaldeyri hvenær sem er í vissan tíma, án frekari athugunar sjóðsins á hag þeirra. Þau Evrópulönd, sem viðskipti hafa átt við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eru þessi: Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Júgóslavía, Noregur, Spánn, Tékkóslóvakía og Tyrkland.

„Kvóti“ Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var upphaflega mjög lágur (1 millj. Bandaríkjadollara), og hefðu því gjaldeyriskaup af Íslands hálfu samkvæmt reglum sjóðsins ekki getað haft neina raunhæfa þýðingu. Á s.l. ári var ákveðið, að öll aðildarríki sjóðsins skyldu auka „kvóta“ sína um 50%, og var „kvóti“ Íslands þá hækkaður upp í 1.5 millj. Bandaríkjadollara. Jafnframt ákvað stjórn sjóðsins að gefa öllum smærri þátttökuríkjunum rétt til að auka „kvóta“ sína upp í 11.25 millj. Bandaríkjadollara.

Ríkisstjórnin telur, að það myndi hafa mikla kosti í för með sér fyrir Ísland, að hækka „kvóta“ sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í þessa upphæð, og er í þessu frumvarpi farið fram á nauðsynlega heimild Alþingis til þess. Með slíkri hækkun „kvótans“ fengist í raun og veru álitlegur hluti þess gjaldeyrisvarasjóðs, sem landið svo mjög hefur vanhagað um. Til þess að hækkun „kvótans“ komi að notum, verður að greiða sjóðnum 25% hækkunarinnar (eða tæpar 2.5 millj. Bandaríkjadollara) í gulli. Hefur Seðlabankinn tekið að sér að sjá um, að sú greiðsla geti farið fram hið fyrsta. Að því loknu getur Ísland keypt gjaldeyri annarra þátttökuríkja samkvæmt þeim reglum, sem þar um gilda, og samkvæmt því samkomulagi, sem gert verður við stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar, að upphæð, sem nemi 25% af „kvótanum“, verði keypt þegar í stað, en samkomulag gert um réttindi til að nota 50% af „kvótanum“ til viðbótar, þegar á þarf að halda. Þýðir þetta það, að mögulegt verður að nota um takmarkaðan tíma eftir því, sem á þarf að halda, allt að 8.4 millj. Bandaríkjadollara. Samkomulagið myndi fyrst um sinn vera til eins árs, og hinn keypta gjaldeyri yrði að selja sjóðnum aftur innan þriggja ára í síðasta lagi.

Efnahagssamvinnustofnun Evrópu var upphaflega stofnuð í sambandi við framkvæmd Marshall-áætlunarinnar, og var tilgangur hennar að örva efnahagslega samvinnu Evrópuríkjanna. Einn þáttur þeirrar starfsemi hefur verið að greiða fyrir því, að gjaldeyrisviðskipti gætu átt sér stað án tvíhliða samninga. Í þessu skyni var Greiðslubandalag Evrópu (EPU) stofnað árið 1950. Þátttaka í því bandalagi gerði Íslandi kleift að flytja gjaldeyri þátttökulandanna óhindrað landa á milli, þannig að hægt var að flytja út vörur til eins lands, en kaupa aftur vörur til innflutnings frá öðru. Ekki þarf annað en að minnast þeirra örðugleika, sem Ísland hefur átt við að stríða vegna tvíhliða viðskipta bæði fyrir og eftir styrjöldina, til þess að skilja, hve mikla þýðingu þátttaka í þessu greiðslubandalagi hefur haft. Þar að auki gaf Greiðslubandalag Evrópu meðlimum sínum vissan rétt á sjálfkrafa yfirdráttarlánum, sem Ísland á sínum tíma notaði sér að fullu.

Á s. l. ári var Greiðslubandalag Evrópu afnumið og í stað þess kom hinn svokallaði Greiðslusamningur Evrópu (EMA), er gegnir sama hlutverki, og sem Ísland einnig er aðili að. Reglur greiðslusamningsins eru að ýmsu leyti aðrar en reglur greiðslubandalagsins voru, einkum að því leyti að ekki er gert ráð fyrir neinum sjálfkrafa yfirdráttarréttindum. Aftur á móti var með Greiðslusamningi Evrópu stofnaður sérstakur sjóður, Evrópusjóðurinn, sem er undir yfirstjórn Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og hefur heimild til að veita meðlimum hennar yfirdráttarlán til að komast yfir tímabundna gjaldeyrisörðugleika. Lánin eru til tveggja ára með lágum vöxtum, og er hægt að endurnýja þau, ef þörf krefur.

Ríkisstjórnin telur sjálfsagt, að Ísland færi sér nú í nyt þau skilyrði, sem þátttaka þess í Efnahagssamvinnustofnuninni veitir til þess að draga úr gjaldeyriserfiðleikum landsins. Hafa átt sér stað viðræður við Efnahagssamvinnustofnunina um þetta mál, og stendur Íslandi til boða að fá yfirdráttarlán hjá Evrópusjóðnum til tveggja ára, er nemi allt að 12 millj. Bandaríkjadollara. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess að taka þetta lán.

Með því að hækka „kvóta“ sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fá umrætt yfirdráttarlán hjá Evrópusjóðnum, myndi landinu skapast gjaldeyrisvarasjóður, er næmi um 20 millj. Bandaríkjadollara, eða nálega einum þriðja af árlegum innflutningi. Þetta myndi losa landið úr þeim miklu gjaldeyrisörðugleikum, sem það annars myndi eiga við að stríða næstu mánuði og jafnvel ár.

Þær upphæðir, sem notaðar eru af „kvótanum“, eða af yfirdráttarláninu, verða að endurgreiðast innan nokkurra ára, en á því ættu ekki að verða örðugleikar, svo framarlega sem þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, bera tilætlaðan árangur. Ef á þarf að halda síðar meir, er svo að nýju hægt að kaupa gjaldeyri hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og fá yfirdráttarlán hjá Evrópusjóðnum. Má því segja, að um varanlegan gjaldeyrisvarasjóð sé hér að ræða, sem mjög geti dregið úr þörf Íslands að koma sér upp sínum eigin gjaldeyrisvarasjóði.

Með þeim gjaldeyrisvarasjóði, er þannig hefur fengizt, verður ekki lengur þörf á þeim innflutningshöftum, sem hér hafa lengi verið. Þessi höft hafa aldrei til lengdar megnað að draga úr heildarinnflutningi til landsins, eins og hinn mikli greiðsluhalli undanfarinna ára ber ljósast vitni. Hefur reynsla Íslands í þessu efni verið sú sama og annarra landa. Innflutningshöftin, og þá einkum þau höft, sem bankarnir hafa sjálfir sett á gjaldeyrisafgreiðslur, hafa hins vegar verið óhjákvæmileg nauðsyn í tímabundnum gjaldeyriskreppum, sem skapazt hafa vegna þess, að enginn gjaldeyrisvarasjóður var til. Þar sem slíkur varasjóður verður nú fyrir hendi, verður haftanna ekki lengur þörf af þessum ástæðum.

Á hinn bóginn verður nauðsynlegt að halda uppi höftum að einhverju leyti vegna hinna þýðingarmiklu viðskipta Íslands, sem fara fram á jafnkeypisgrundvelli, einkum við Austur-Evrópu. Þessi viðskipti hafa á undanförnum árum numið um það bil einum þriðja hluta af bæði útflutningi og innflutningi. Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að innflutningur frá þessum löndum myndi dragast verulega saman, ef um fulla samkeppni yrði að ræða á milli hans og innflutnings frá öðrum hlutum heims. En ef innflutningur minnkar frá þessum löndum, hlýtur útflutningur til þeirra að gera það einnig, og það myndi skapa atvinnulífi landsins mikla örðugleika. Af þessum sökum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að þær vörur, sem að miklu leyti eru keyptar frá jafnkeypislöndum, verði eftir sem áður háðar leyfisveitingum. Í reynd myndi þetta þýða, að innflutningur þessara vörutegunda yrði lítt takmarkaður frá jafnkeypislöndunum eins og verið hefur undanfarið, en mjög takmarkaður frá öðrum hlutum heims. Ekki er enn hægt að segja um það, hve mikill hluti innflutningsins þyrfti að vera háður leyfum, en gera má ráð fyrir, að það yrði ekki meira en 40% (að skipum og bátum ekki meðtöldum). Af þessum 40% yrði mikill hluti fluttur inn frá jafnkeypislöndunum, þannig að innflutningur samkvæmt leyfum frá frjálsgjaldeyrislöndum yrði varla meira en 10—15% af heildarinnflutningi.

Tillit verður einnig í þessu sambandi að taka til hagsmuna innlends iðnaðar, þar

sem sumar greinar hans hafa notið allmikillar verndar innflutningshafta. Verður framkvæmd sérstök athugun á þessu vandamáli, og er það ætlunin, að nokkur tími líði, þar til þær iðnaðarvörur verði gefnar frjálsar, er hættulegar gætu orðið innlendum iðnaði í samkeppni. Jafnhliða þessu verða gerðar veigamiklar breytingar á stjórn gjaldeyris- og innflutningsmála, sem gera framkvæmd þeirra mála allra miklu einfaldari og ódýrari en verið hefur.

Afkoma ríkissjóðs.

Þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frumvarp felur í sér, munu hafa víðtæk áhrif á afkomu ríkissjóðs. Sjálf gengisbreytingin mun leiða til hækkunar á rekstrarútgjöldum ríkisins, að því leyti sem í þeim útgjöldum eru fólgnar erlendar vörur eða bein útgjöld í erlendri mynt, eins og t. d. kostnaður við starfsemi sendiráða Íslands erlendis. Þá munu greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum hækka, og sömuleiðis greiðslur ríkisins vegna erlendra lána annarra aðila, sem eru í vanskilum, en ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Samtals nemur þessi útgjaldaaukning um 44 millj. kr.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, leggur ríkisstjórnin til, að bætur almannatrygginga séu auknar stórlega til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin, og að í sama skyni séu teknar upp niðurgreiðslur á nokkrum innlendum neyzluvörum. Þessar ráðstafanir munu hafa verulegan kostnað í för með sér, aukning bóta almannatrygginga 152 millj. kr. og hinar nýju niðurgreiðslur 38 millj. kr.

Það hefur einnig áhrif á afkomu ríkissjóðs, að útflutningssjóður leggst niður, og ríkissjóður verður að taka við þeim niðurgreiðslum á innlendum vörum, sem útflutningssjóður hefur staðið straum af undanfarin tvö ár. Þessar niðurgreiðslur eru áætlaðar 265 millj. kr. árið 1960. Á móti þessu kemur, að ríkissjóður losnar við að greiða framlag til útflutningssjóðs, en það nam 152 millj. kr. árið 1959. Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur því um 113 millj. kr. Þá verða ýmsar hækkanir á útgjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1960, sem ekki standa í neinu sambandi við efnahagsráðstafanirnar. Nema þær samtals 83 millj. kr.

Sú aukning útgjalda, sem að framan er talin, og flutningur útgjalda frá útflutningssjóði, skapar mikla tekjuþörf hjá ríkissjóði. Þar við bætist, að á árinu 1960 falla niður tveir sérstakir tekjustofnar, sem voru í fjárlögum ársins 1959, tolla- og skattgreiðslur Sogsvirkjunarinnar og greiðsluafgangur 1958, er námu samtals 55 millj. kr. Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um breytingu tekjuskatts, þannig að almennar launatekjur verði skattfrjálsar, og um afnám núverandi söluskatts á innlendri framleiðslu og þjónustu, gera þetta fjárhagsvandamál enn viðameira.

Þótt útflutningssjóður sé lagður niður, er ekki mögulegt að afnema þá sérstöku tekjuöflun, sem efnt var til vegna hans, þ. e. álagningu innflutningsgjalds og nokkurra sérstakra gjalda og skatta. Á hinn bóginn fellur yfirfærslugjaldið að sjálfsögðu niður. Í fyrsta lagi er tekjuþörf ríkissjóðs mikil, ekki sízt vegna hinnar fyrirhuguðu hækkunar bóta almannatrygginga og lækkunar tekjuskattsins. Tekjur af innflutningsgjaldinu eru áætlaðar 119.0 millj. kr. og tekjur af öðrum sérstökum gjaldstofnum útflutningssjóðs 107.0 millj. kr. eða samtals 226.0 millj. kr. Kostnaður við aukningu á bótum almannatrygginganna mun hins vegar nema 152.5 millj. kr. og við niðurfellingu tekjuskattsins 107.0 millj. kr. á árinu 1960 eða samtals 259.5 millj. kr. Er þetta ekki miklu hærri upphæð en áætlaðar tekjur af fyrrnefndum tekjustofnum útflutningssjóðs. Telur ríkisstjórnin eðlilegt að halda þessum tekjustofnum og stuðla þannig að því, að kleift sé að auka almannatryggingarnar og fella niður tekjuskatt á almennar launatekjur. Í öðru lagi má telja óeðlilegt, að margar þær vörur, sem innflutningsgjald er lagt á, og yfirleitt eru vörur, sem ekki teljast til nauðsynja, beinlínis lækkuðu í verði, á sama tíma og nauðsynjavörur hækkuðu. Í þriðja lagi er í raun og veru ekki hægt að afnema innflutningsgjald nema tollskráin sé

endurskoðuð um leið, þar sem innflutningsgjald hefur einmitt verið lagt á margar vörur, sem talið er, að greiði óeðlilega lágan verðtoll.

Af öllum þessum ástæðum taldi ríkisstjórnin óhjákvæmilegt, að innflutningsgjaldi og flestum öðrum sérstökum tekjustofnum útflutningssjóðs væri haldið. Hins vegar breytast hlutfallstölur innflutningsgjaldsins, þar sem það leggst nú á hærri krónuupphæð en áður. Eru hinar nýju hlutfallstölur við það miðaðar, að af gjaldinu verði svipaðar tekjur í krónum og áður. Í stað 62% gjaldsins kemur nú 40%, í stað 40% gjaldsins 30% og í stað 22% gjaldsins 15%. Ýmsar breytingar verða á öðrum gjöldum, og er nánari grein gerð fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu fellur niður farmiðagjald og gjald það á ferðaleyfi, sem áður rann til útflutningssjóðs.

Það fjárhagsvandamál, sem að framan er getið, mun þó ekki leysast við það, að innflutningsgjaldinu og öðrum sérstökum tekjum útflutningssjóðs sé haldið. Veruleg ný tekjuöflun verður einnig að koma til. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar, að þeirra tekna verði aflað með nýjum söluskatti, og mun frumvarp um hann verða lagt fyrir Alþingi á næstunni. Er áætlað, að heildartekjur af þeim skatti verði 280 millj. kr. Af þeirri upphæð eiga 224 millj. kr. að ganga til ríkisins, en 56 millj. kr. til sveitarfélaga. Mun sá hluti, sem til sveitarfélaganna gengur, gera þeim kleift að lækka útsvör.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þær breytingar á gjöldum og tekjum ríkissjóðs, sem talið er, að allar þessar ráðstafanir hafi í för með sér. Er yfirlitið miðað við breytingar frá fjárlögum ársins 1959.

Útgjöld:

I. Útgjöld, sem standa í sambandi við efnahagsráðstafanirnar:		
Bein hækkun útgjalda vegna gengisbreytingarinnar	43.6	m. kr.
Niðurgreiðslur á innfluttum neyzluvörum	37.9	—
Sérstök aukning á bótum almannatrygginga	152.5	—
Alls	234.0	m. kr.
II. Útgjöld vegna afnáms útflutningssjóðs:		
Niðurgreiðslur, sem flytjast frá útflutningssjóði til ríkissjóðs	265.0	m. kr.
Frá dregst:		
Framlag ríkissjóðs til útflutningssjóðs samkvæmt fjárlögum 1959	152.1	—
Alls	112.9	m. kr.
III. Aukning útgjalda, sem ekki stendur í sambandi við efnahagsráðstafanirnar	83.0	m. kr.
Samtals	429.9	m. kr.

Tekjur:

I. Hækkun tekna, sem leiðir af gengisbreytingunni:		
Hækkun verðtolls og söluskatts á innflutningi	92.1	m. kr.
Hækkun á ýmsum gjöldum	37.4	—
Alls	129.5	m. kr.
II. Tekjur, sem flytjast frá útflutningssjóði:		
Innflutningsgjald	119.0	m. kr.
Ýmsar tekjur	107.0	—
Alls	226.0	m. kr.

III. Önnur tekjuaukning:		
Nýr söluskattur	224.0	m. kr.
Aukning tekna, sem ekki stendur í sambandi við efnahagsráðstafanirnar	17.1	—
Alls	241.1	m. kr.
IV. Brottfall tekjustofna (dregst frá):		
Tolla- og skattgreiðslur Sogsvirkjunar	30.0	m. kr.
Greiðsluafgangur 1958	25.0	—
Söluskattur á innlendri framleiðslu og þjónustu	35.0	—
Tekjuskattur	75.0	—
Alls	165.0	m. kr.
Samtals	431.6	m. kr.

Samkvæmt þessu aukast tekjurnar um 1.7 millj. kr. meira en útgjöldin, og verður greiðsluafgangur ríkissjóðs sem þessu nemur hærri heldur en hann var í fjárlögum ársins 1959.

Yfirlitin hér að framan sýna samanburð á fjárlögum 1959 og hinu nýja fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1960. Sýnir þessi samanburður lækkun tekjuskatts um 75 millj. kr. og brottfall söluskatts að upphæð 35 millj. kr. Bæði tekjuskatturinn og söluskatturinn af innlendri framleiðslu og þjónustu myndu hins vegar hafa gefið verulega hærri upphæðir í aðra hönd, ef þeir hefðu verið áfram í gildi óbreyttir á árinu 1960. Má áætla, að tekjuskatturinn hefði gefið 32 millj. kr. meira en áætlað var í fjárlögum 1959 (þ. e. 177 millj. kr. í stað 145 millj. kr.) og söluskatturinn 3 millj. kr. meira (þ. e. 38 millj. kr. í stað 35 millj. kr.). Lækkun tekjuskattsins mun því nema 107 millj. kr., miðað við árið 1960, og brottfall söluskattsins 38 millj. kr. Þar við bætist, að sá hluti söluskattsins, sem runnið hefur til útflutningssjóðs, en það eru tveir þriðju hlutar hans, eða 6% á móti 3%, sem renna til ríkissjóðs, mun einnig falla niður. Þetta hefur ekki komið fram á yfirlitinu hér að framan, sem aðeins sýndi þær tekjur, sem raunverulega flytjast frá útflutningssjóði til ríkissjóðs. Þegar tillit er tekið til þessa sést, að miðað við árið 1960 er lækkun tekna vegna breytinga á skattalögum samtals 221 millj. kr.

Lækkun tekjuskatts	107	m. kr.
Brottfall söluskatts til ríkissjóðs	38	—
Brottfall söluskatts til útflutningssjóðs	76	—
	221	m. kr.

Það er að sjálfsögðu eitt af höfuðskilyrðum þess, að hægt sé að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að ríkissjóður sé rekinn án greiðsluhalla. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að svo geti orðið með þeim breytingum tekna og gjalda, sem það frumvarp, sem hér liggur fyrir, og fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960 gera ráð fyrir. Hinu er svo ekki að leyna, að áætlanir margra tekjuliða eru mjög óvissar og á þetta einkum við um nýja söluskattinn og verðtoll og söluskatt af innflutningi. Er því nauðsynlegt að sýna mikla aðgát í útgjöldum á árinu 1960 og gera í tæka tíð ráðstafanir til að afstýra tekjuhalla, ef það sýnir sig, að á honum sé hætta.

Tafla 1. Yfirlit um greiðsluhallann við útlönd 1955—1958.[1])
(M. kr.).

Greiðslujöfnuður í vörum og þjónustu.		1955	1956	1957	1958
Gjöld:					
Innfluttar vörur, tollafgreiddar		1116.7	1268.6	1153.2	1221.9
Innflutningur vegna varnarliðsins		54.6	18.0	10.2	30.6
Önnur gjöld		319.8	378.5	388.3	374.4
	Alls	1491.1	1665.1	1551.7	1626.9
Tekjur:					
Útflutningur		847.8	1031.0	986.6	1053.1
Tekjur vegna varnarliðsins		278.3	207.0	133.2	203.6
Aðrar tekjur		223.0	264.7	265.8	279.4
	Alls	1349.1	1502.7	1385.6	1536.1
Halli á vörum og þjónustu		142.0	162.4	166.1	90.8
Afborganir af erlendum lánum		22.4	28.6	45.3	62.5
Aðrar fjármagnshreyfingar og leiðréttingar (nettó)		÷ 16.5	÷ 22.3	39.7	54.9
Greiðsluhalli samtals		147.9	168.7	251.1	208.2
Hallinn er jafnaður þannig:					
Með lántökum einkaaðila		8.8	57.5	49.0	34.0
Með lántökum opinberra aðila og gjafafé		7.8	35.8	170.0	205.4
Með breytingum á gjaldeyrisstöðu		131.3	75.4	32.1	÷ 31.2
	Alls	147.9	168.7	251.1	208.2

Tafla 2. Vextir og afborganir af erlendum lánum.

Vextir og afborganir erlendra lána	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958
m. kr.	28.7	31.5	37.4	25.0	38.3	47.0	69.8	87.3
Gjaldeyristekjur (brúttó)[2]), m. kr.	893	898	1112	1245	1295	1485	1375	1521
Útflutningur, m. kr.	727	640	706	846	848	1031	987	1069
Aðrar gjaldeyristekjur, m. kr.	166	258	406	399	447	454	389	452
Vextir og afborganir í hlutfalli við:								
a. Gjaldeyristekjur (brúttó), %	3.2	3.5	3.4	2.0	3.0	3.2	5.1	5.7
b. Útflutning, %	3.9	4.9	5.3	3.0	4.5	4.6	7.1	8.2

			Áætlanir		
	1959	1960	1961	1962	1963
Vextir og afborganir erlendra lána, m. kr.	138.0	162.8	183.0	162.6	141.1
Gjaldeyristekjur (brúttó)[2]), m. kr.	1466	1547	1600	1690	1770
Útflutningur, m. kr.	1069	1107	1160	1220	1280
Aðrar gjaldeyristekjur, m. kr.	406	440	455	470	490
Vextir og afborganir í hlutfalli við:					
a. Gjaldeyristekjur (brúttó), %	9.4	10.5	11.4	9.6	8.0
b. Útflutning, %	13.0	14.7	15.8	13.3	11.0

1) Þetta yfirlit er samhljóða greiðslujafnaðaryfirliti Hagfræðideildar Landsbanka Íslands að því greiðslujöfnuðinn í vörum og þjónustu snertir. Að því er fjármagnshreyfingar snertir hafa nokkrar breytingar verið gerðar frá yfirliti Landsbankans. Lán þau, sem tekin hafa verið hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington (ICA) undanfarin ár, eru talin innkomin á því ári, sem þau eru notuð, en ekki því ári, sem þau eru tekin. Lán hjá Greiðslubandalagi Evrópu (EPU) er enn fremur talið með föstum lánum, en ekki í gjaldeyrisstöðunni.

2) Varnarliðstekjur taldar nettó.

Tafla 3. Gjaldeyrisstaðan.[1])

Aðstaða bankanna út á við. Erlendir bankar og verðbréf, nettó, m. kr.	Árslok 1954	Árslok 1955	Árslok 1956	Árslok 1957	Árslok 1958	Árslok 1959
1. Dollarar	182.8	101.7	59.9	49.7	66.4	8.2
2. Annar frjáls gjaldeyrir	37.2	÷ 14.2	÷ 11.1	÷ 48.9	÷ 21.6	÷ 73.2
3. Sovétríkin	33.2	2.3	÷ 21.2	7.0	÷ 17.7	÷ 13.3
4. Annar jafnkeypisgjaldeyrir	÷ 33.1	÷ 0.9	÷ 14.2	÷ 26.5	÷ 14.6	÷ 1.3
Alls	220.1	88.8	13.4	÷ 18.7	12.5	÷ 79.5

Breytingar á aðstöðu bankanna út á við, m. kr.	1955	1956	1957	1958	1959
1. Frjáls gjaldeyrir	÷ 132.5	÷ 38.7	÷ 48.0	44.0	÷ 109.8
2. Jafnkeypisgjaldeyrir	1.3	÷ 36.8	15.9	÷ 12.8	17.7
Alls	÷ 131.3	÷ 75.4	÷ 32.1	31.2	÷ 92.0

Tafla 4. Núgildandi útflutningsbætur.[2])

Bátafiskur veiddur fyrir 15. maí.	
Freðfiskur:	
Þorskur og karfi og því um líkt	88.0 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	119.0 —
Skreið:	
Þorskur	92.3 —
Ýsa	126.2 —
Saltfiskur:	
Þorskur	92.1 —
Ýsa	–
Mjöl	85.6 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	85.6 —
Niðursuða	–
Alls	90.7 %
Bátafiskur veiddur eftir 15. maí.	
Freðfiskur:	
Þorskur og karfi og því um líkt	106.8 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	125.3 —
Skreið:	
Þorskur	112.8 —
Ýsa	143.1 —

1) Þessi tafla er byggð á hinni mánaðarlegu skýrslu Hagfræðideildar Landsbanka Íslands um aðstöðu bankanna út á við. Sýnir taflan fyrsta dálk þeirrar skýrslu („erlendir bankar og verðbréf, nettó") og breytingar á þeim dálki, með þeirri lagfæringu þó, að skuldin við EPU er alls staðar tekin út úr og sömuleiðis eftir árslok 1958 rússneska lánið (25 m. kr.). Eru þessar lagfæringar gerðar sökum þess, að EPU-skuldinni hefur verið breytt í fast lán, og rússneska lánið er í raun og veru fast, þótt það sé að forminu til yfirdráttur á jafnkeypisreikningnum.

2) Miðað við áætlaða skiptingu útflutnings ársins 1959. Allar sérbætur og hvers konar aðrar greiðslur, svo sem greiðsla tryggingariðgjalda, eru með taldar.

Saltfiskur:	
Þorskur	112.4 %
Ýsa	142.9 —
Mjöl	87.1 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	–
Niðursuða	142.2 —
Alls	107.7 %
Bátafiskur allt árið.	
Freðfiskur:	
Þorskur, karfi og því um líkt	92.8 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	121.6 —
Skreið:	
Þorskur	94.9 —
Ýsa	130.9 —
Saltfiskur:	
Þorskur	95.8 —
Ýsa	142.9 —
Mjöl	85.9 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	85.6 —
Niðursuða	142.2 —
Alls	94.5 %
Togarafiskur allt árið.	
Freðfiskur:	
Þorskur, karfi og því um líkt	80.0 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	107.4 —
Ísfiskur	80.0 —
Skreið:	
Þorskur og því um líkt	84.0 —
Ýsa	110.0 —
Saltfiskur:	
Veiddur fyrir 15. maí	84.1 —
Veiddur eftir 14. maí	91.3 —
Mjöl	80.0 —
Lýsi	80.0 —
Niðursuða	80.0 —
Alls	81.0 %
Norðurlandssíld:	
Fryst síld	77.0 %
Saltsíld	82.0 —
Síldarmjöl	77.0 —
Síldarlýsi	77.0 —
Soðkjarni	77.0 —
Alls	79.1 %
Suðvesturlandssíld:	
Fryst síld	76.7 %
Saltsíld	86.4 —
Síldarmjöl	76.7 —
Síldarlýsi	76.7 —
Alls	81.6 %

Hvalafurðir	70.0 %
Aðrar sjávarafurðir	80.0 —
Landbúnaðarafurðir[1])	93.9 —
Ýmsar vörur	70.0 —
Útflutningur alls	86.7 —

Tafla 5. Núverandi gjöld á innflutningi.

	Áætlaður innflutn. f.o.b. 1959, m. kr.	Gjöld
Lággjaldaflokkur	130	30.0 %
Almennur flokkur	807	55.0 —
Innflutningsgjaldaflokkur:		
Vörur með 22% innflutningsgjaldi	63	112.8 —
Vörur með 40% innflutningsgjaldi	85	157.3 —
Vörur með 62% innflutningsgjaldi	42	206.0 —
Meðaltal gjalda miðað við áætlaðan innflutning 1959[2])	–	68.5 —

Tafla 6. Samanburður á fjölskyldubótum og útgjaldaaukningu vegna gengisbreytingar.

Aukning útgjalda vegna 11% hækkunar verðlags[3]), kr.	1 barns fjölsk. 6650	2 barna fjölsk. 6650	3 barna fjölsk. 6800	4 barna fjölsk. 7100	5 barna fjölsk. 7300
Fyrsta verðlagssvæði:					
Væntanlegar fjölskyldubætur, kr.	2600	5200	7800	10400	13000
Núgildandi fjölskyldubætur, kr.	–	–	1166	3497	5828
Aukning fjölskyldubóta	2600	5200	6654	6903	7172
Aukning fjölskyldubóta í hlutfalli við aukningu útgjalda, (%)	39	78	98	98	98
Annað verðlagssvæði:					
Núgildandi fjölskyldubætur, kr.	2600	5200	7800	10400	13000
Væntanlegar fjölskyldubætur, kr.	–	–	874	2622	4370
Aukning fjölskyldubóta	2600	5200	6926	7778	8630
Aukning fjölskyldubóta í hlutfalli við aukningu útgjalda, (%)	39	78	102	110	118

1) Þetta er sú hlutfallstala, sem nú gildir fyrir landbúnaðarafurðir og Hagstofan hefur reiknað. Hún er lítið eitt önnur en meðaltalan fyrir bátafiskinn eins og hún er reiknuð út hér að framan. Mismunurinn stafar af því, að Hagstofan tekur ekki tillit til þurrafúatryggingar né niðurgreiðslu á beitu, en aftur á móti til janúarbóta 1959, sem ekki eru taldar hér.

2) Við útreikning meðaltalsins, en ekki hlutfallstölu fyrir einstaka flokka, hefur tillit verið tekið til niðurfellingar og endurgreiðslu á gjöldum.

3) Hér er sýnd sú aukning, sem verður á útgjöldum fjölskyldu, sem hefur sömu útgjöld og grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar gerir ráð fyrir, 60500 kr. fyrir 2 barna fjölskyldu. Útgjöld 3, 4 og 5 barna fjölskyldu eru talin því hærri en þetta, sem nemur núgildandi fjölskyldubótum. Hækkun verðlags um 11% er við það miðuð, að öll hækkun vísitölunnar vegna gengisbreytingarinnar verði 13%, en niðurgreiðslur á kornvörum, kaffi og sykri lækki þetta um 2 stig (eða 2%).

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um gengisbreytinguna og atriði, sem standa í beinu sambandi við hana.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um breytingu þá á gengi krónunnar, sem felst í frumvarpinu. Er gengið miðað við bandarískan dollar, í samræmi við ákvæði sáttmála, dags. 27. desember 1945, um stofnun alþjóðagjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 105/1945 og auglýsingu nr. 2/1946. Gengið, sem hér er ákveðið, er jafngengi („par value"), en Seðlabankinn skal skrá kaup- og sölugengi, sem má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir jafngenginu. Er þetta einnig í samræmi við áður greindan sáttmála, en í reynd verður bilið milli sölugengis og kaupgengis minna en þetta. Síðan í marz 1950 hefur kaupgengið verið 0.37% lægra en sölugengið, en þar áður var þetta hlutfall 0.5%.

Um 2. gr.

Í almennu athugasemdunum við frumvarpið hér að framan er fjallað ýtarlega um niðurfellingu uppbótakerfisins, og vísast til þess. Að öðru leyti vísast til skýringa við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Grein þessi felur í sér ákvæði um, að gjaldeyristekjur innlendra aðila vegna verka, sem unnin hafa verið, og sölu á vöru og þjónustu til varnarliðsins fyrir gildistöku þessara laga, skuli við gjaldeyrisskil afreiknaðar á því gengi, sem gilti, áður en lögin tóku gildi. Gjaldeyristekjur í þessum skilningi skulu að sjálfsögðu reiknaðar nettó, það er að segja að frádregnum þeim skuldbindingum í erlendum gjaldeyri, sem hlutaðeigandi aðili hafði tekið á sig fyrir gildistöku laganna vegna verka þeirra, sölu eða þjónustu, sem um er að ræða.

Um 4. gr.

Þessi grein er sama efnis og 27. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Um 5. gr.

Fyrirsjáanlegt er, að við væntanlega samþykkt þessa frumvarps muni gjaldeyrisstaðan verða mjög óhagstæð. Meginhluti þess gengistaps, sem þá kemur fram, mun lenda á ríkissjóði vegna skulda ríkisins við Greiðslubandalag Evrópu. Í þessari grein er gert ráð fyrir, að gengismunur, sem fram kemur á þessum reikningi, verði færður á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Einnig verði á þennan reikning færður gengismunur, er fram kemur á reikningum gjaldeyrisbankanna, svo og gengismunur, er leiðir af framkvæmd ákvæða 3. og 4. gr. Ekki er gert ráð fyrir, að nein ákvæði verði um endurgreiðslu af hálfu ríkissjóðs á þeim halla, sem verða kann á þessum reikningi.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sama efnis og eru í 8. gr. gengisskráningarlaga nr. 22/1950. Er greinin nú nokkru fyllri til að taka af tvímæli um lagatúlkun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru í aðalatriðum sama efnis og ákvæði 33. gr. og 37. gr. í núgildandi útflutningssjóðslögum.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um tekjuöflun ríkissjóðs og eru þau að mestu hliðstæð ákvæðum í V. kafla núgildandi útflutningssjóðslaga. Helztu breytingarnar eru þær, að ákveðinn er 5% skattur á fob-verð útflutningsvara, og að niður er fellt 10% gjald á farmiðum til og frá útlöndum. Auk þess er gert ráð fyrir, að viðaukinn, sem innheimtur er á vitagjald og lestagjald skipa, sé færður nokkuð til samræmis við gengisbreytinguna og verðhækkanir innanlands, og sama gildir um ýmis gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 40/1954.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um álagningu 5% skatts á fob-verð útfluttra vara. Er gerð grein fyrir honum í hinum almenna hluta athugasemdanna hér að framan, og vísast til þess.

Hið sérstaka ákvæði í 2. málsgr. greinarinnar um, hvernig fob-verð ísfisks skuli reiknað við innheimtu 5% skattsins, stafar af því, að um getur verið að ræða tvenns konar útreikningsaðferðir, annars vegar þá aðferð, sem gjaldeyriseftirlitið notar og verðmæti ísfisks í verzlunarskýrslum er ákveðið eftir, og hins vegar þá aðferð, sem tollyfirvöld nota við ákvörðun útflutningsgjalds á sjávarafurðum. Fyrr nefnda aðferðin leiðir til réttari niðurstöðu í þessu sambandi og er því gert ráð fyrir, að hún verði notuð.

Um 9. gr.

Þessi grein er sama efnis og 35. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga, nema hvað ríkissjóður er nú móttakandi innflutningsgjalds í stað útflutningssjóðs.

Um 10. gr.

Lækkun á hundraðshlutatölum innflutningsgjalds frá því, sem er í núgildandi útflutningssjóðslögum, er sem hér segir: 62% gjald verður 40%, 40% gjald verður 30% og 22% gjald verður 15%. Um þetta vísast til nánari greinargerðar í almennu athugasemdunum við frumvarpið. Aðrar breytingar frá því, sem er í 36. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga — en hún samsvarar 10. gr. hér — eru þessar: 1) Fellt er niður innflutningsgjald á nýjum og þurrkuðum ávöxtum, en þeir eru nú í 62% gjaldflokki. 2) Fellt er niður innflutningsgjald á bókapappír og skrifpappír, sem er nú í 22% gjaldflokki. 3) Tollskrárnúmeri 52/26 er bætt í flokk þeirra vörutegunda, sem á er innflutningsgjald. 4) Ríkisstjórninni er veitt heimild til að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar. — Niðurfelling innflutningsgjalds á bókapappír er sett í frumvarpið samkvæmt tillögu nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði síðastliðið sumar til þess að athuga núverandi aðstöðu íslenzkra útgefenda til bóka-, tímarita- og blaðaútgáfu, miðað við verðlag á erlendum bókum, tímaritum og blöðum. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að hér væri fyrir hendi stórfellt misræmi til óhags íslenzkum bókaútgefendum.

Um 11. gr.

Þessi grein er samhljóða fyrri málsgr. 38. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 12. gr.

Þessi grein er sama efnis og 39. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 13. gr.

Þessi grein er sama efnis og 40. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga. — Ef samþykkt verður væntanlegt frumvarp ríkisstjórnarinnar um söluskatt, verður 9% gjaldið á iðnaðarframleiðslu og þjónustu fellt niður.

Um 14. gr.

Þessi grein er sama efnis og 42. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 15 gr.

Samkvæmt 43. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga skal innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum, eins og það er með viðaukum, með 150% álagi, en samkvæmt 15. gr. frumvarpsins hækkar álagið í 200%. Er það 20% hækkun á heildargjaldinu.

Um 16. gr.

Síðan lög nr. 42/1959, um breyting á lögum um útflutningssjóð (sbr. 4. gr. þeirra laga), voru sett, hefur gjald á fob-verð fólksbifreiða verið mismunandi eftir því, hvort innflutningur á sér stað með úthlutun gjaldeyris til kaupanna eða án þess, og auk þess hefur gilt sérstakt lægra gjald fyrir bifreiðar atvinnubifreiðastjóra og lækna. Í 17. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir afnámi þessarar tilhögunar, þannig að sama gjald gildi fyrir alla innflytjendur fólksbifreiða, með þeirri einu undantekningu, að atvinnubifreiðastjórar greiði nokkru lægra gjald samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, enda er hér sem fyrr um heimildarákvæði að ræða. Er þetta í samræmi við það, að atvinnubifreiðastjórar hafa síðan 1953 — samkvæmt heimild í fjárlögum þess árs — einir verið undanþegnir gamla 35% gjaldinu af fólksbifreiðum til ríkissjóðs, sem ákvæði er um í 5. gr. laga nr. 112/1950.

Um 17. gr.

Núgildandi ákvæði um innflutningsgjald á benzíni eru í þrennu lagi, þ. e. 31 eyrir ótímabundið gjald á lítra samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., 20 aura gjald bundið við árið 1960 samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, og loks 62 aurar samkvæmt 46. gr. útflutningssjóðslaga ótímabundið. Eru þetta samtals kr. 1.13 á lítra. Af þessu renna 36 aurar í ríkissjóð, 50 aurar í útflutningssjóð, 16 aurar í brúarsjóð og 11 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Nú er í 17. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir 34 aura hækkun á þessu gjaldi og renni af því 3 aurar í hvorn fyrr nefndra sjóða, en hlutur útflutningssjóðs hverfur til ríkissjóðs. Jafnframt eru viðaukarnir, sem bætzt hafa á 31 eyris gjaldið samkvæmt lögum nr. 38/1949, sameinaðir og gerðir ótímabundnir. Er því gjaldið í 18. gr. ákveðið kr. 1.16, þar af 14 aurar í brúarsjóð og 14 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Nemur þá allt gjaldið kr. 1.47 á lítra, þar af 19 aurar í brúarsjóð, 14 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Afgangurinn, kr. 1.14, rennur í ríkissjóð.

Að öðru leyti er þessi grein sama efnis og 46. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 18. gr.

Skiptingu tekna af útflutningssjóði milli aðila er hér breytt lítið eitt frá því, sem verið hefur, með hliðsjón af breyttri tekjuþörf hlutaðeigenda vegna væntanlegrar gengisbreytingar o. fl.

Um 19. gr.

Núgildandi vitagjald skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hækka um 100% (þ. e. í stað núgildandi 100% álags á grunngjald kemur 300% álag), og er það tiltölulega lítil hækkun. Hefur vitagjaldið haldizt óbreytt síðan í árslok 1945 og ætti nú að þrefalda það til þess að hækkun þess síðan 1945 væri í samræmi við almenna hækkun kaupgjalds í landinu á tímabilinu. Það skal tekið fram, að vitagjaldið hefði nú þurft að hækka um 133% til þess að það, reiknað í erlendum gjaldeyri, yrði jafnhátt og var fyrir lögfestingu 55% yfirfærslubóta vorið 1958.

Gert er ráð fyrir, að hækkun á vitagjaldi, sem skemmtiferðaskip greiða, verði 50% eða sem svarar hækkun erlends gengis úr 155 í 233 (núverandi skráð gengi = 100). Í því felst, að vitagjald skemmtiferðaskipa, reiknað í erlendum gjaldeyri, helzt óbreytt.

Gagnvart íslenzkum skipum, sem ekki eru millilandaskip, kemur þessi hækkun ekki til framkvæmda fyrr en 1961.

Um 20. gr.

Samkvæmt b-lið 1. gr. í lögum nr. 67/1959 skal innheimta lestagjald af skipum með 140% viðauka á árinu 1960. Hefur svo verið frá og með árinu 1951. Hér er lagt til, að viðauki á þetta gjald sé færður til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á almennu kaupgjaldi síðan viðaukinn var ákveðinn 100% í árslok 1945. Hækkar gjaldið þá úr kr. 3.60 í kr. 9.00 á brúttósmálest skipsrúms. — Ekki er gert ráð fyrir, að þessi hækkun komi til framkvæmda fyrr en 1961.

Um 21. gr.

Almennt kaupgjald í landinu hefur hækkað um 43%, síðan gjöld samkvæmt aukatekjulögum ríkisins voru síðast ákveðin með lögum nr. 40/1954. Þykir því rétt, að þau séu innheimt með 50% viðauka, eins og nú er komið, þó aðeins þau gjöld, sem eru með fastri krónutölu. Eru ákvæði 21. gr. frumvarpsins við þetta miðuð. Talið hefur verið rétt, að afgreiðslugjald skipa sé vegna gengisbreytingar í maí 1958 og þeirrar, sem nú er ráðgerð, innheimt með 100% viðauka.

Um 22. gr.

Þessi grein er samhljóða 47. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um III. kafla.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér algera niðurfellingu núverandi tilhögunar um greiðslu launa samkvæmt breytingum vísitölu. Um þetta vísast til greinargerðar í almennu athugasemdunum við frumvarpið.

Um 24. gr.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að heimilt sé, frá 1. apríl 1960, að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður. Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er verð til framleiðenda ákveðið fyrir heilt verðlagsár í senn, og er aðeins heimilt að breyta því, ef breyting verður á almennu verkamannakaupi í Reykjavík, enda er þá miðað við venjulega verðlagsþróun. Þar sem framleiðslukostnaður mjólkur hlýtur skjótlega að hækka vegna gengisbreytingarinnar, er óhjákvæmilegt að setja ákvæði þessarar greinar til samræmis við ákvæði 27. gr. Eru þá alveg hliðstæð ákvæði 24. gr., um leyfilega verðhækkun landbúnaðarvara, og ákvæði 27. gr., um leyfilega verðhækkun annars vöruverðs og þjónustu. Í ákvæði 2. málsliðs greinarinnar felst það, að sex manna nefnd skuli fá til meðferðar, hve mikil þessi hækkun á mjólkurverði skuli vera og hvenær hún skuli koma til framkvæmda á tímabilinu. Og náist ekki samkomulag um þetta í sex manna nefnd, skal vísa ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sem fellir um þau fullnaðarúrskurð.

Heimild þessi til hækkunar tekur aðeins til mjólkurverðs. Ekki er heimilt að hækka framleiðendaverð á kjöti og garðávöxtum til samræmis við væntanlega verðhækkun rekstrarvara landbúnaðarins, fyrr en verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara verður ákveðinn haustið 1960, enda er það, sem er á markaði af þessum afurðum til loka verðlagsársins, selt á verði, sem svarar til tilkostnaðar á framleiðslutíma afurðanna.

Um 25. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er að því stefnt, að sjómenn á bátaflotanum haldi óbreyttum aflahlut miðað við ákveðið aflamagn. Til þess að svo megi verða er ákveðið, að skiptaverð, sem aflahluturinn er reiknaður af, skuli vera óbreytt frá því, sem var á árinu 1959, eftir gildistöku laganna um niðurfærslu verðlags og launa. Hefur einnig verið miðað við það skiptaverð það sem af er yfirstandandi

vetrarvertíð. Þá er enn fremur svo fyrir mælt, að þeir liðir í útgerðarkostnaði, sem greiðast af óskiptu, skuli reiknast á grundvelli þess verðlags, sem var fyrir gildistöku laganna. Þetta fyrirkomulag á útreikningi aflahluts er þó aðeins hugsað til bráðabirgða, eða þar til aðilar hafa gert nýja samninga sín á milli.

Um 26. gr.

Eins og að því er snertir bátasjómenn er hér einnig gert ráð fyrir, að togarasjómenn haldi sama hlut og áður, með því að þeir fái reiknuð aflaverðlaun sín af sama fiskverði og gilt hefur síðan í febrúarmánuði 1959. Er hér einnig gert ráð fyrir, að þetta gildi aðeins þar til nýir samningar hafa tekizt milli aðila.

Um kjör togarasjómanna vísast að öðru leyti til þess, sem segir í hinni almennu greinargerð með frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að óheimilt verði að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama á að gilda um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Að öðru leyti á verð á innfluttum vörum og hvers konar þjónustu ekki að hækka meira en svarar beinni hækkun innkaupsverðs og dreifingar- og vinnslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar.

Um 28. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 1. málslið 49. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 42/1959.

Um IV. kafla.

Um 29. gr.

Þessi grein felur í sér breytingu á lögum nr. 34/1959, um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, og heimilar hún ríkisstjórninni að taka allt að 12 millj. dollara lán samkvæmt þeim samningi. Fyrri heimild var allt að 6 millj. dollara lántöku.

Um 30. gr.

Grein þessi felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum upp í 11.25 millj. dollara, en slík hækkun er möguleg samkvæmt reglum sjóðsins um hækkun á kvótum, sem taldir hafa verið óeðlilega lágir miðað við þörf viðkomandi landa. Með slíkri hækkun á kvóta Íslands skapast mjög auknir möguleikar á stuttum gjaldeyrislánum með hagstæðum kjörum til að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum og skapa nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð. Um leið og notaður er þessi möguleiki til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er nauðsynlegt vegna starfsreglna viðkomandi stofnana að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum upp í 15 millj. dollara. Í sambandi við þessar hækkanir þarf alls að leggja fram jafnvirði 11.05 millj. dollara, og veitir greinin heimild til, að þetta fé sé tekið að láni hjá Seðlabankanum, svo sem gert hefur verið um fyrri framlög Íslands til þessara stofnana. Meginhluti þessara framlaga greiðist í íslenzkum krónum inn á reikning viðkomandi stofnana hjá Seðlabankanum, og skal nú nokkru nánari grein gerð fyrir þeim.

Kvóti Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er nú 1.5 millj. dollarar, en gert er ráð fyrir, að hann verði 11.25 millj. dollarar, eins og áður segir, eða hækki um 9.75 millj. dollara. Af hækkuninni þarf að greiða 25% í gulli, eða jafnvirði 2.437.500 dollara, en 75%, eða jafnvirði 7.312.500 dollara, í íslenzkum krónum inn á reikning sjóðsins í Seðlabankanum.

Kvóti Íslands í Alþjóðabankanum er nú 2 millj. dollara, en af ráðgerðri hækkun kvótans í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í 11.25 millj. dollara leiðir, að kvóti Íslands í Alþjóðabankanum verður samtals 15 millj. dollara, og er það hækkun um 13 millj. dollara. Af þessari hækkun þarf að greiða 1% í dollurum til bankans nú þegar eða

130.000 dollara, en jafnvirði 9% eða 1 170.000 dollarar greiðist í krónum inn á reikning Alþjóðabankans í Seðlabankanum. Afgang kvótans þarf hins vegar ekki að leggja fram nema svo fari, að Alþjóðabankinn lendi í greiðsluþroti.

Um V. kafla.

Um 31. gr.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, hefur stjórn Seðlabankans, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, heimild til að ákveða vexti banka og sparisjóða. Virðist ótvírætt hafa vakað fyrir löggjafanum, að ákvörðunarvald um vexti samkvæmt þeim lögum væri óbundið af ákvæðum laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Er það tilgangur þessarar greinar að taka af tvímæli í þessu efni. Þar að auki nær 16. gr. laga nr. 63/1957 ekki til að mæla fyrir um vexti, sem öðrum aðilum er frjálst að taka af skuldum sínum. Þótt til þess kæmi, að bönkum og sparisjóðum yrði heimilað að hækka vexti af útlánum frá því, sem nú er, væri öðrum fyrirmunað að taka hærri vexti en þá, er greinir í 1.—3., sbr. 5. gr. laga nr. 73/1933. Þykir sú tilhögun hvorki réttlát né eðlileg. Til frambúðar þykir haganlegast að skipa þessum málum svo, að hámarksvextir, sem aðrir en bankar og sparisjóðir mega áskilja sér og taka af skuldum, séu hinir sömu sem bönkum og sparisjóðum er heimilað að taka samkvæmt 16. gr. laga nr. 63/1957, enda má telja, að það hafi vakað fyrir löggjafanum, þegar þau lög voru sett.

Í ákvæðum þessarar greinar er rætt um þann tíma, er til skuldar er stofnað. Ef víxill er framlengdur, er stofnað til nýrrar skuldbindingar í skilningi þessara ákvæða, og skiptir þá ekki máli, hvenær fyrsti víxillinn út af þeim skuldaskiptum var gefinn út. Ákvæði þessarar greinar eru ekki því til fyrirstöðu, að samið sé um vexti af skuld með vöxtum, er séu breytilegir í samræmi við almennar vaxtabreytingar. Hins vegar gera þau ekki kleift að breyta eldri lánssamningum, þar sem vextir eru fastákveðnir.

Um 32. gr.

Mjög mismunandi ákvæði gilda nú um vexti af lánum, sem veitt eru úr ýmsum opinberum sjóðum og stofnunum, og eru vextir þessir oft fastákveðnir í lögum. Nauðsynlegt þykir að koma samræmi á þessi mál og gera um leið kleift að breyta vöxtum af lánum þessara aðila, ef um almennar vaxtabreytingar er að ræða. Með þessari grein er ríkisstjórninni heimilað, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða lánsstofnunar, að ákveða vaxtakjör og lánstíma á útlánum þeirra aðila, sem greinin nær til.

Um 33. gr.

Í 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63/1957 er Seðlabankanum falið vald til að ákveða vexti banka og sparisjóða, svo og að ákveða, að þeir skuli eiga bundnar innstæður í Seðlabankanum, og er þessum aðilum skylt að gefa Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem innlán og útlán. Réttlátt og eðlilegt þykir, að þessi ákvæði nái til annarra aðila en banka og sparisjóða, er reka innlánsstarfsemi á sama hátt og þeir. Er því með þessari grein lagt til, að þessi ákvæði laga nr. 63/1957 nái til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

Um VI. kafla.

Um 34. og 35. gr.

Þessar greinar eru sama efnis og 59. og 60. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 36. gr.

Þessi grein er samhljóða 61. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.
Bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt b- og c-lið bráðabirgðaákvæða frumvarpsins er gert ráð fyrir, að bætur á útfluttar vörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skuli greiddar úr útflutningssjóði eftir ákvæðum laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Starfar útflutningssjóður því áfram fyrst um sinn vegna þessa verkefnis. Hins vegar falla tekjur hans niður, þá er frumvarp þetta verður að lögum (sbr. 2. gr.), og ríkissjóður stendur frá sama tíma straum af niðurgreiðslu vöruverðs. Samkvæmt a-lið bráðabirgðaákvæða er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins og skrifstofa verði lögð niður og Seðlabankinn taki við störfum hans, þá er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkisstjórnarinnar.

Frá því að lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., voru sett vorið 1958 hefur útflutningsgjald af sjávarafurðum verið innheimt með 65% viðauka. Samkvæmt e-lið bráðabirgðaákvæða skal þetta ákvæði gilda um vörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960, og gjaldið skal miðað við fob-verð reiknað á eldra gengi. Þá er og ákveðið í e-lið, að önnur gjöld á útfluttum vörum, framleiddum fyrir 16. febrúar 1960, skuli miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi. Óbreyttar hundraðshlutatölur þessara gjalda hafa það í för með sér, að tekjur af þeim hækka um 133%. Þó er ekki talin ástæða til að lækka þau, þar sem tekjur af þeim hafa, miðað við verðmætiseiningu útflutnings, haldizt óbreyttar um árabil, samtímis því að mikil hækkun hefur orðið á verðlagi og kaupgjaldi.

Samkvæmt ákvæðum f-liðs bráðabirgðaákvæða er gert ráð fyrir, að fyrirhuguð hækkun erlends gengis fram yfir núverandi skráð gengi að viðbættum 55% taki ekki til yfirfærslu á launum útlendinga fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960. Er lagt til, að útflutningssjóður standi straum af útgjöldum, sem þessu fylgja.

Ed. 83. Frumvarp til laga [49. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í Húsavíkurlandi.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum bæjarstjórans á Húsavík, en bæjarstjórn fól honum með sérstakri samþykkt, sem gerð var á bæjarstjórnarfundi hinn 16. sept. s. l., að leita eftir því, að Húsavíkurbær gæti eignazt hluta Kirkjujarðasjóðs í Húsavíkurlandi, en þar er um að ræða svokallað Húsavíkurtún, sem frumvarpið fjallar um.

Þegar ráðherra Íslands afsalaði Húsavíkurhreppi prestssetursjörðinni Húsavík, hinn 12. apríl 1913, var Húsavíkurtún undanskilið sölunni. Mun sú hugsun hafa legið að baki að skerða ekki aðstöðu prests til þess að geta stundað nokkurn

búskap. Á þeim tíma var þetta eðlilegt, enda var landbúnaður þá aðalatvinna þorpsbúa. Nú er þessu annan veg farið. Byggð hefur aukizt mjög og þar með margvísleg mannvirkjagerð. Landbúnaður er nú stundaður á Húsavík sem aukaatvinna að langmestu leyti, og mér er tjáð, að núverandi Húsavíkurprestur hafi aldrei sjálfur nytjað Húsavíkurtún eða stundað búskap í neinum mæli.

Húsavíkurtún er nyrzt í bænum í kvos milli Húsavíkurhöfða og Húsavíkurfjalls. Markast það að norðan af Skjólbrekkunum og að vestan af Tjörnesvegi. Túnið er innan hins fyrirhugaða skipulags bæjarins, og hefur bærinn þegar lagt um það vegi, vatnsveitu og holræsi. Byggingarlóðir á þessu svæði eru eftirsóttar, og fyrirhugað er, að íþróttavellir bæjarins verði þar. Er af þessum sökum nauðsynlegt fyrir bæinn að eignast land þetta.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Björn Pálsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga, með hverjum hætti verði á komið bústofnslánastarfsemi, er geri efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Búnaðarbanka Íslands, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Nefndin kýs sér formann.

Greinargerð.

Mikil þörf er á fastri og skipulagðri bústofnslánastarfsemi hér á landi. Margir bændur þurfa að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið undir kostnaði af margháttuðum framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum. Og með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa víða skapazt skilyrði til að framfleyta miklu meiri búpeningi á hverri jörð en áður. En þá vantar efnaminni bændur það fjármagn, sem nauðsynlegt er til slíks bústofnsauka. Þörf frumbýlinga, flestra hverra að minnsta kosti, á bústofnslánum er þó enn brýnni. Það er alkunna, að það þarf verulegt fjármagn til þess að byrja búskap í sveit, svo að nokkur mynd sé á. Þau munu því miður vera tiltölulega fá ungu hjónin, jafnvel þótt ráðdeildarsöm séu, sem hafa ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni, nema þá að þau styðjist við vænan arf eða mikla hjálp venzlamanna. Langflest ung hjón eiga því aðeins um það tvennt að velja að byrja sveitabúskap af vanefnum og með allt of litlum bústofni og komast svo kannske seint eða aldrei úr kútnum eða þá að stofna til heimilis í kaupstað eða kauptúni, þótt hugur þeirra hafi fremur staðið til sveitabúskapar. Það er ekkert undarlegt, þó að þau velji oftar síðari kostinn, og koma þar reyndar fleiri ástæður til greina. En það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum hin mesta hjálp, ef þeir ættu kost á föstum bústofnslánum. Slík frumbýlingslán mundu vafalítið stuðla að því, að miklu fleiri hjón en ella reistu bú í sveit.

Um nauðsyn fastra bústofnslána verður því naumast deilt, enda er langt síðan hún varð mönnum ljós. Tillögur um slík lán hafa meðal annars nokkrum sinnum komið fram á Alþingi, enda þótt sýnilegur árangur þar af sé næsta lítill. Þó eru nú í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum, þ. e. ákvæði l. 31/1930, um sveitabanka (bústofnslánafélög), og ákvæði ræktunarsjóðslaganna frá

1947, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að veita lán til bústofnsauka. Fyrri lögin hafa aldrei komið til framkvæmda, og heimild ræktunarsjóðslaganna til bústofnslána mun ekki hafa verið notuð, enda tæplega við því að búast, meðan ræktunarsjóðurinn hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð.

En það er ekki nóg, þó að menn séu sammála um nauðsyn þessarar lánastarfsemi. Aðalvandinn er að sjá slíkri lánastofnun fyrir fé. Hvar er hægt að fá peninga til hennar? Það er sú spurning, sem menn verða fyrst og fremst að velta fyrir sér.

Vafalaust verður því haldið fram, að erfitt sé að reka bústofnslánastarfsemi, þar sem trygging í búpeningi sé vafasöm. Hefur það óneitanlega við nokkur rök að styðjast. En menn mega þó ekki láta þau vandkvæði vaxa sér í augum, enda er vafalaust hægt að gera ýmsar ráðstafanir til að draga úr þessari áhættu, t. d. með tryggingu hins veðsetta búfjár. Lánskjörin hafa hér einnig sitt að segja. Þess er tæplega að vænta, að bústofnslán gætu orðið með sömu kjörum og byggingarsjóðs- og ræktunarsjóðslán. Bústofnslán yrðu sjálfsagt að vera til skemmri tíma, og sennilega þyrftu þau að vera vaxtahærri. Þau gætu þrátt fyrir þetta orðið bændum til mikils hagræðis. Allt þetta mál þarf nákvæmrar athugunar við. Því er lagt til, að sérstakri nefnd sé falið að athuga það og gera tillögur til úrbóta. Virðist eðlilegt, að þær stofnanir landbúnaðarins og bænda, sem nefndar eru í tillögunni, tilnefni sinn manninn hver í nefndina.

Það verður að reyna að leysa þetta vandamál með einhverjum ráðum. Þróun þjóðfélagsmála er komin á það stig, að telja má ófært lengur, að frumbýlingar, sem þurfa að festa kaup á bústofni, og bændur, sem nauðsynlega þurfa að auka bústofn sinn til þess að geta sómasamlega lifað af honum, eigi engan kost á föstum lánum í því skyni.

Nd. 85. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurhreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurjöfnun útsvara, sem fram átti að fara árið 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 86. Frumvarp til laga [51. mál]

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagsleg samtök um að taka kornrækt sem framleiðslugrein, þar sem bygg og hafrar er ræktað til þroskunar, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi, ef þeir uppfylla ákvæði 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagsleg samtök, kornræktarfélög, er skuldbindi sig til um 10 ára tímabil að framkvæma bygg- og hafrarækt til þroskunar á minnst 10 ha. lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum eða einstaklingum. Að frágengnum þessum aðilum er einstaklingi heimil aðild að stuðningi þeim, er lög þessi veita, enda uppfylli hann þá kröfu, sem gerð er til einnar félagsheildar.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur hafi yfirráð yfir landi, er sé minnst tvöföld stærð þess lands, er hann semur um kornræktun á, og að allt landið sé í því þurrkunarástandi, að fullnægjandi geti talizt til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru þess og meðferð alla til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að þeir haldi skýrslur þær, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar tilkostnað og tekjur rekstrarins, enn fremur uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um alla framkvæmd ræktunarinnar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið að framleiðslunni.
6. Að samningsaðilum beri að skila aftur til þess aðila, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem hafa tekið að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af byggi og höfrum af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi ábyrgð seljenda um uppruna sáðkornsins, hreinleika þess og spírunarhæfni.

Ákveða skal í reglugerð, hverjar kröfur séu gerðar í þessu efni. Samningsbundnir aðilar skulu hafa forgang að taka að sér stofnræktun útsæðis eftir þeim reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Til styrktar kaupum á kornyrkjuvélum allt að 50% af kaupverði þeirra, þar í talinn samsetningarkostnaður vélanna kominna á ákvörðunarstað, enda sameinist hvert kornræktarfélag um vélarnar. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn, ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
2. Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta framlags úr ríkissjóði, kr. 200.00 á ha., við frumvinnslu lands, en síðan árlega kr. 100.00 á ha., hvort tveggja að viðbættu vísitöluframlagi jarðræktar, enda miðist framlagið við flatarmál þess lands, sem korni er sáð í.
3. Til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Með reglugerð skal ákveða nánari fyrirmæli um framkvæmd kornræktar og um eftirlit með henni. Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 6. gr., má vera allt að kr. 50000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Til verðlaunaveitinga er heimilt að verja alls árlega allt að kr. 10000.00.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frv. þetta er nálega samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi og þá hlaut samþykki í Nd. og var afgreitt til Ed.

Um frv. þetta hefur verið fjallað á búnaðarþingi, og fylgdu því frá búnaðarþingi svo hljóðandi athugasemdir:

„Það er álit jarðræktarnefndar, að tilraunir á Sámsstöðum og víðar hafi sannað fyllilega, að unnt sé að rækta fullþroskað korn í flestum árum í öllum verðursælli sveitum landsins og að uppskerumagn og gæði séu það mikil, að kornrækt geti verið vel hagkvæm hér á landi, sé byrjunarörðugleikum rutt úr vegi og ekki búið verr að þessari framleiðslugrein heldur en öðrum.

Sakir þeirra nauðsynja að framleiða hér á landi sem mestan hluta þess fóðurbætis, sem hér er notaður, og að auka afurðagetu búpeningsins með fjölbreyttara fóðri virðist sjálfsagt og skylt, að ríkið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð. Jarðræktarnefnd telur, að til þess að fá menn til að hefja kornyrkju megi ekki gera mjög háar kröfur um stærð akurlendisins, og leggur því til, að lágmarksstærð kornakurs sé 10 ha. hjá hverjum aðila, er styrks nýtur.

Fyrir breytingartillögum jarðræktarnefndar skal gerð grein í stuttu máli.

Um 3. gr.

2. liður. Rétt þykir að veita ræktunarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum rétt til að geta gerzt kornræktaraðilar samkvæmt lögum þessum, einstaklingar fái því aðeins aðild og stuðning ríkisins, að ekki hafi tekizt að hefja kornyrkju á félagslegum grundvelli.

3. liður. Samkvæmt reynslunni frá Sámsstöðum virðist nægjanlegt, að stærð lands þess, sem kornræktaraðili ræður yfir, sé tvöfalt stærri en land það, sem korni er sáð í árlega.

6. liður. Sjálfsagt sýnist að setja ákvæði um það, að kornræktaraðili skuli, ef hann hættir kornrækt á samningstímabilinu, skila aftur vélum og tækjum eða andvirði þeirra, sem svarar til framlags þess, er honum var veitt úr ríkissjóði til vélakaupanna.

Um 5. gr.

1. liður. Rétt þykir, að styrkur sé einnig veittur til kaupa á kornmyllum og enn fremur á þurrkunartækjum, ef um stóran akur er að ræða.

2. liður. Frumvinnsla lands er eðlilega erfiðust og kostnaðarsömust. Fyrir því er mest þörf á ræktunarstyrk á fyrsta ári, og er því lagt til, að hann verði jafnhár styrk, sem veittur er samkvæmt jarðræktarlögum til grasræktar.

Um 6. gr.

Til þess að reyna að koma einhverjum skriði á kornrækt mætti fjöldi þeirra aðila, er hana hæfu, ekki vera minni en 5 á ári, ef einhver verulegur árangur samkvæmt tilgangi þessara laga ætti að nást, og fyrir því er miðað við þessa tölu.

Aðrar breytingar ættu naumast að þurfa skýringar við."

Ed. 87. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vesturlandi, annað á Vestfjörðum, þriðja á Norðurlandi, fjórða á Austurlandi og fimmta á Suðurlandsundirlendinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum um sjúkrahús er nokkur munur gerður á um framlag ríkissjóðs, hvort heldur er til byggingar eða rekstrar hinna ýmsu sjúkrahúsa í landinu. Fer þar að mestu eftir stærð eða fjölda sjúkrarúma viðkomandi sjúkrahúss. Þá eru í sérflokki svokölluð fjórðungssjúkrahús, en þau eru alls þrjú starfandi: eitt á Austurlandi, annað á Norðurlandi og þriðja á Vestfjörðum. Auk þess hefur ráðherra heimild til þess að viðurkenna eitt slíkt sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ráðherra veitist einnig heimild til þess að viðurkenna til viðbótar því, sem núgildandi lög ákveða, eitt fjórðungssjúkrahús á Vesturlandi. Er þar af flutningsmönnum sérstaklega haft í huga sjúkrahúsið á Akranesi, sem rekið er af Akraneskaupstað. Það sjúkrahús nýtur mikils trausts hjá almenningi, hefur á að skipa úrvals læknum og hjúkrunarfólki, og er aðsókn að því mjög mikil hvaðanæva úr öllum byggðum Vesturlands.

Rekstrarafkoma sjúkrahússins á Akranesi er hins vegar mjög erfið og þungur baggi á bæjarfélaginu. Það er því eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, hversu víðtæka

þjónustu það veitir og tekur á móti sjúklingum af stóru svæði, að það verði viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús og njóti þess styrks úr ríkissjóði, sem þá er ákveðinn.

Í sjúkrahúsinu eru nú 38 sjúkrarúm, og voru legudagar sjúklinga á síðastliðnu ári 13488. Ber það því glöggt vitni, hversu stöðug aðsókn er að sjúkrahúsinu.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Akraness.

Ed. 88. Frumvarp til laga [53. mál]

um lögheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir.

Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

3. gr.

Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en ⅔ af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

4. gr.

Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

8. gr.

Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldranna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

9. gr.

Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

10. gr.

Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, þegar þeir fóru af landi brott.

Þeim, sem 1. og 2. mgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

11. gr.

Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

12. gr.

Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

13. gr.

Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

14. gr.

Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

Nú velta úrslit einkamáls á því, hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum, og er þá aðilum þess máls heimilt að leita í samræmi við 2. málsgr. úrskurðar um lögheimilið.

Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Greinargerð.

Nefndin flutti frv. þetta á síðasta reglulega Alþingi að beiðni félagsmálaráðherra, en það náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Er það nú flutt á ný að beiðni sama ráðherra eins og það var, er það þá var afgreitt frá Ed.

Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958, til þess að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og semja frumvarp eða frumvörp um þau efni. Í nefndinni eiga sæti Bjarni Þórðarson bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson sýslumaður, Stórólfshvoli, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jón Guðjónsson bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson borgarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar. Nefndin hefur haft samráð við Klemenz Tryggvason hagstofustjóra um samningu frumvarpsins, og hefur hann setið marga fundi með nefndinni og gefið henni ýmsar mikilvægar upplýsingar, sem teknar hafa verið til greina við samningu frumvarpsins.

Það kom til álita að fella ákvæði um lögheimili inn í frumvarp til laga um sveitarstjórnarmálin, þar eð skipting þjóðfélagsþegnanna á milli hinna ýmsu sveitarfélaga veltur eðlilega á því, hvar hver einstakur þeirra á lögheimili. Reglurnar um lögheimili eru því að vissu leyti skilgreining á sveitarfélagi. Þar eð lögheimili hefur hins vegar mikla þýðingu í ýmsum öðrum samböndum, taldi nefndin rétt, að sett yrðu sérstök lög um þetta efni.

Með þessu frumvarpi er leitazt við að skilgreina lögheimili á þann veg, að yfirleitt megi nota það, þar sem réttindi eða skyldur eru bundnar við búsetu eða heimilisfang. Í ýmsum samböndum mun það þó eigi nægja. Má t. d. nefna ákvæðin um framfærslurétt manna. Að vísu er sá réttur bundinn við lögheimili, en til viðbótar er gerð sú krafa, að hlutaðeigandi hafi ekki þegið framfærslustyrk í öðru sveitarfélagi ákveðið tímabil.

Í lögum þeim, sem nú gilda, eru hvergi greinileg ákvæði um það, hvar menn skuli eiga lögheimili. Lög nr. 95/1936, um heimilisfang, hafa fá ákvæði að geyma um það atriði. Sama er að segja um lög nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta. Nokkur ákvæði eru um þetta efni í framfærslulögum, nr. 80/1947, en þau ákvæði eru eingöngu bundin við framfærslurétt og eru ekki fullnægjandi. Vegna þess, hve ákvæðin

um lögheimili eru óljós, hafa jafnan verið nokkur brögð að því, að útsvör hafi verið lögð á sama mann í fleiri sveitarfélögum í senn, sami maður hefur verið á kjörskrá samtímis í fleiri sveitarfélögum, deilur verða oft um sveitfesti manna, o. fl. mætti nefna. Nokkur bót var hér á ráðin með lögum nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, en þau lög hafa þó eigi nein efnisákvæði um lögheimilið. Til þess að vænta megi fulls árangurs af starfi þjóðskrárinnar, verður að setja sem gleggst ákvæði um það, hvar hver einstaklingur skuli eiga lögheimili. Ákvæði þessa frumvarps fjalla um þetta efni.

Í 2.—6. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði um það, hvar lögheimili manna skuli vera. Í 7.—11. gr. eru sérreglur um hjón, börn, ungt fólk, námsmenn o. fl. Þar eð ákvæði frumvarpsins binda lögheimilið við ástand, sem ríkir, getur yfirlýsing eftir geðþótta um lögheimili, sem andstæð er staðreyndum, ekki haft gildi, ef hún er vefengd. Þó að val manns á lögheimili sé þannig háð því, hvar hann á heima í raun og veru, hefur hann vissulega óbundnar hendur um það, hvar heimili hans er. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því, að hann sé á neinn hátt sviptur frelsi sínu í því efni. Hins vegar er það meginregla samkv. frv., að hann hafi lögheimili þar, sem heimili hans er. Það mun vera nokkuð algengt, að lögheimili sé tilkynnt annars staðar en heimilið er. Það skiptir oft miklu máli í sambandi við útsvörin, svo að menn tilkynna stundum lögheimili sitt annars staðar en þeir eru og eiga heimili. Hér er um hagsmunamál í milli sveitarfélaga að ræða, sem ekki er viðunandi að látin séu velta á geðþótta einstaklinganna um val lögheimilis.

Eins og fyrr segir, er í frv. þessu gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að menn eigi lögheimili þar, sem þeir eiga heimili í raun og veru. Í öðru lagi er tekið tillit til þess, ef menn hafa heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, hvar aðalatvinna þeirra er, sem þá ræður um lögheimilið.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í aðalatriðum eins og ákvæði 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilsfang. Hér er þó fastar að orði kveðið um það, að enginn getur átt nema eitt lögheimili í senn. Lög nr. 66/1945, um útsvör, gera ráð fyrir því, að menn geti átt lögheimili á fleiri stöðum en einum, sjá 8. gr. þeirra laga, 3. mgr. d. Þar eð lögheimili manns sker úr um það, til hvaða sveitarfélags skuli telja hann, er augljóst, að hver maður verður að eiga lögheimili og að enginn geti átt lögheimili nema á einum stað í senn.

Um 2. gr.

Reglan um það, að lögheimili manns skuli vera þar, sem hann á heimili, virðist vera sjálfsögð. Í 13. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, segir, að lögheimili manns sé þar, sem hann hefur fast aðsetur. Fast aðsetur táknar nokkurn veginn hið sama og orðið heimili, en hið síðara er oftar notað í mæltu máli. Skilgreining 2. mgr. á orðinu heimili er lýsing á venjulegu heimili, sem ekki þarfnast skýringa. Undantekningar þær, sem um er rætt í 3. mgr., svara til hliðstæðra undantekninga í 14. gr. framfærslulaganna, en ákvæði frumvarpsins ganga nokkru lengra í þessu efni en ákvæði framfærslulaganna gera. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að dvöl vegna árstíðabundinnar atvinnu breyti ekki lögheimili manns, ef hann að lokinni slíkri dvöl hverfur aftur til þess heimilis, er hann hafði, þegar sú dvöl hófst. Hér á landi er atvinna manna víða mjög bundin árstíðum. Gildir þetta einkum um atvinnu unga fólksins. Það er mjög algengt, að það verði að fara til annarra sveitarfélaga í atvinnuleit á vissum tímum á ári hverju. Þegar þetta fólk leitar aftur heim í sveit sína, kaupstað eða kauptún eftir nokkurra mánaða fjarveru, virðist eðlilegt, að það haldi lögheimili sínu þar. Öðru máli er að gegna, þegar tengslin rofna við upphaflega heimilið. Þegar svo er komið, þykir ekki ástæða til, að sérregla gildi. Umrædda dvöl verður þá að skoða sem venjulega heimilisdvöl, ef hún annars fullnægir ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Einn nefndarmanna, Tómas Jónsson, telur orðin „eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu“ í 3. mgr. óþörf.

Venjuleg vetrardvöl hefst oftast um mánaðamót september og október og lýkur í byrjun maí eða um miðjan maímánuð. Slík dvöl varir því eigi lengur en 8 mánuði, og takmarkast þetta ákvæði greinarinnar við það. Með skírskotun til þessa gerir Tómas Jónsson ekki ágreining um frumvarpsgreinina.

Ákvæði 4. mgr. vegna varnarliðsvinnu þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Það kann að virðast fremur fátítt, að menn eigi samtímis fleiri en eitt heimili. Þó munu vera til dæmi um það. Þegar ákveða skal, hvert heimilið sé lögheimili, skal telja það heimilið lögheimili, þar sem hlutaðeigandi maður hefur aðalatvinnu sína, sbr. nánari ákvæði í greininni um aðalatvinnu. Þegar heimili manns sker ekki úr um lögheimili hans, virðist eðlilegt að taka tillit til atvinnunnar og telja lögheimilið á þeim staðnum, sem hún er mest. Val hlutaðeigandi manns kemur fyrst til greina, þegar hvorki reglan um heimilið né reglan um aðalatvinnu sker úr um lögheimilið.

Um 4. gr.

Svo kynni að virðast í fljótu bragði að þau tilvik séu fátíð, sem heimfæra mætti undir þessa grein. Þó er ekki fyrir það synjandi, að maður kunni að hafa stundað samtals 6 mánuði atvinnu í sama sveitarfélagi á síðustu 12 mánuðum án þess að eignast þar nokkurt heimili samkv. 2. og 3. mgr. 2. gr. Einkum kynni þetta að geta skeð, ef hann næði 6 mánaða markinu með tveimur eða fleiri atvinnutímabilum, sem þá varaði aðeins nokkrar vikur í hvert skipti.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin geymir almenna reglu, sem jafnframt er tæmandi. Þeir, sem ekki eiga lögheimili samkv. 2.—5. gr., hljóta það samkv. þessari grein. Sennilega verða fáir heimfærðir undir þessa grein, en þó áreiðanlega nokkrir.

Um 7. gr.

Hér er sérregla um hjón. Sjálfsagt þykir, að þau eigi saman lögheimili, sbr. þó 2. mgr. Það getur borið við, að þau hafi sitt heimilið hvort, t. d. vegna atvinnustaðar mannsins. Þá er það aðalreglan, að heimili konunnar, sem oftast mun hafa börnin hjá sér, verður lögheimilið. Hitt mun fátíðara, að börnin skiptist milli heimila mannsins og konunnar, nema þá við sambúðarslit, sbr. 2. mgr., en ef svo stendur á, eiga hjónin sameiginlegt val um það, hvort heimilið skuli vera lögheimili þeirra, sbr. regluna í 3. gr. Rétt virðist, að það, sem ákveðið er um hjón, skuli og gilda, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á börn saman.

Samkvæmt 2. mgr. fer um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman 2 ár eða lengur, eftir að þau giftust, sem um lögheimili einstaklinga. Samkvæmt lögum nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, 63. gr., getur hvort hjóna sem er krafizt skilnaðar, ef þau hafa lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Um 8. gr.

Eðlilegt virðist, að börn, sem yngri eru en 16 ára, eigi sama lögheimili og foreldrarnir. Sama er að segja um kjörbörnin. Til þess að fósturbörn fái lögheimili fósturforeldra sinna, er svo ákveðið í greininni, að þau séu í fóstrinu án meðgjafar. Ef ekki er um að ræða munaðarlaus börn, sbr. 3. mgr., virðist samband barns við föður sinn eða móður veikt, ef hvorugt þeirra annast framfærslu þess, svo að eðlilegt virðist að telja lögheimili þess hjá fósturforeldrum, sem annast framfærsluna.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar um fólk, sem verið hefur hjá foreldrum sínum og yngra er en 21 árs, eru byggð á því, að fólk á þessu aldursskeiði er oft mjög óráðið og sé því rétt að tengja lögheimili þess við heimili foreldranna, nema samband þess við það sé algerlega rofið. Samkvæmt 2. mgr. er lagt til, að sama regla skuli gilda um þá, sem stunda nám sem aðalviðfangsefni, þó að þeir séu eldri en 21 árs, unz námi lýkur. Ástæðan fyrir því er ekki sú, að þetta fólk sé yfirleitt óráðið, eins og yngra fólkið er oft, heldur hin, að námsdvöl er oft mjög löng, en þó í eðli sínu ekki heimilisfesta í raun og veru. Sýnist þá eðlilegt að láta foreldraheimilið ráða, nema tengsl við það séu algerlega rofin.

Um 10. gr.

Hér er enn sérregla um námsfólk, sem eðlilegt virðist að lögfesta. Það mun velta á ýmsu um lögheimili þeirra, sem nú stunda nám í útlöndum, enda engin ákvæði í núgildandi lögum um þessi efni. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, svo að ekki er víst, að ástandið breytist frá því, sem nú er, þó að ákvæðið verði lögtekið.

Í 33. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er 5 ára búseta í landinu sett sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Það virðist þess vegna vera varhugavert að rýmka heimild þeirra, sem erlendis eru, til þess að telja lögheimili sitt hér á landi frá því, sem lagt er til í frumvarpinu. Auk námsfólks tekur heimildin einnig til sjúklinga og þeirra, sem fara til útlanda í kynnisfarir til ættingja sinna eða venzlafólks. Slíkar kynnisfarir geta stundum staðið yfir í heilt ár eða jafnvel lengur.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um starfsmenn í þjónustu ríkisins og er að efni til samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, er mönnum skylt að tilkynna sveitarstjórn, ef þeir skipta um aðsetur eða heimilisfang, sjá 2. og 3. gr. þeirra laga. Hér er lagt til, að ákvæði þessara laga skuli gilda, eftir því sem við á, um breytingu á lögheimili.

Í framkvæmdinni munu slíkar tilkynningar ráða miklu um það, hvar lögheimili manna verður talið. Þykir því nauðsynlegt, að um slíkar tilkynningar gildi fastar reglur eins og um aðsetursskipti. Aðsetur og heimili fer oftast saman. Aðsetursstaður manna er þess vegna að jafnaði lögheimili hans. Það er ekki ástæða til þess að setja sérstök lagaákvæði um breytingu á lögheimili. Gildandi ákvæði um tilkynningar aðsetursskipta eru fullnægjandi, ef þau eru einnig látin gilda um breytingu á lögheimili.

Um 13. gr.

Þjóðskráin semur árlega íbúaskrár fyrir sveitarfélögin miðað við 1. desember, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956. Íbúaskrárnar eru miðaðar við aðsetursstað manna, en hér er lagt til, að þær verði miðaðar við lögheimili.

Um 14. gr.

Samkvæmt grein þessari á dómari úrskurð um lögheimili, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Gert er ráð fyrir, að aðili sjálfur, þjóðskráin og hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi heimild til þess að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Upplýsingar þær og heimildir, sem þjóðskráin hefur, kunna að rekast á. Geti þjóðskráin ekki sjálf aflað nægra upplýsinga, svo að ósamræmið verði örugglega leiðrétt, er henni nauðsynlegt

að geta snúið sér til dómara og fengið úrskurð um lögheimilið. Þá verður að gera ráð fyrir því, að það geti komið fyrir, að sveitarstjórn telji íbúaskrá vafasama eða ranga varðandi einhvern einstakling, og er þá sveitarstjórn rétt að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Nauðsynlegt er, að dómari hraði mjög afgreiðslu slíkra mála. Það er því lagt til, að með málið skuli farið að hætti opinberra mála.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um endurskoðun laga og reglugerða um fjaraskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða núgildandi lög og reglugerðir um fjarskiptastöðvar í skipum. Sérstaklega skal athuga reglur þær, er nú gilda um neyðarsenditæki skipa, svo og hverjar breytingar kunni að vera nauðsynlegar á starfsemi þeirra fjarskiptastöðva í landi, sem við skipin skipta, til þess að ný tæki og aukin tækni verði nýtt með sem beztum árangri.

Greinargerð.

Sjaldan hefur jafnalmennur fögnuður gripið um sig meðal íslenzku þjóðarinnar og nú fyrir skömmu, er fréttir bárust út um, að einn af togurum okkar væri heill á húfi, eftir að almenningur hafði óttazt um afdrif hans þrátt fyrir bjartsýnisvonir ástvina og kunnáttumanna. Atburður sá vakti að vonum menn til umhugsunar um, hvort ekki væri einhverju ábótavant á sviði þeirra öryggistækja skipanna, sem til fjarskiptatækja teljast, og hvort sú tækni, er nútíminn ræður yfir, væri nýtt svo að fyllsta öryggis væri gætt.

Þann 14. jan. 1959 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um læknishjálp til sjómanna á fjarlægum miðum. Í því máli hafa engar raunhæfar aðgerðir verið framkvæmdar enn þá. Flutningsmenn leyfa sér að benda á stuttbylgjutalstöðvar, sem mögulegan lið í þeirri hjálp vegna hins mikla langdrægis þeirra. Með stuttbylgjutalstöð má undir nær öllum kringumstæðum hafa talsamband við loftskeytastöðina í Gufunesi, þótt frá fjarlægu miðum sé, og má þar nefna t. d. fiskisvæðin í Hvítahafi, við Grænland og á Nýfundnalandsmiðum. Þá má og nefna hafsvæði þau, sem íslenzk skip sigla um, þ. á m. Miðjarðarhaf og hafið undan ströndum Norður-Ameríku. Bætt skilyrði fyrir stórauknum viðskiptum slíkra stöðva hér á landi yrðu ekki aðeins sjómönnum til öryggis, heldur einnig til hagsbóta fyrir útgerðina.

Ed. 90. Frumvarp til laga [55. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1960 skal koma saman mánudaginn 10. október 1960, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1960 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1960.

Nd. 91. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá Birni Pálssyni.

Við 1. gr. Í stað „kr. 38.00“ komi: kr. 30.00.

Nd. 92. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er borið fram sem stjórnarfrumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er nauðsyn þótti að gefa út til staðfestingar á samkomulagi milli fulltrúa framleiðenda og neytenda, er þeir gerðu með sér um ákvörðun framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og verðlagningu þeirra hinn 14. des. s. l. Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1960.

Gunnar Gíslason, form. Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Ágúst Þorvaldsson.
Benedikt Gröndal. Karl Guðjónsson.

Nd. 93. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar að kvöldi þess 6. febr. s. l. Nefndin hefur athugað frv. síðan og haldið sameiginlega fundi með fjárhagsnefnd efri deildar. Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar við undirbúning málsins hafa mætt á fundum nefndanna og veitt margvíslegar upplýsingar. Sömuleiðis hefur aðalbankastjóri Seðlabankans mætt á fundi fjárhagsnefndar Nd. og gefið upplýsingar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afgreiðslu málsins, og munu tveir minni hlutar skila sér álitum (SkG og EOl). Undirritaður meiri hl. nefndarinnar mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

Frumvarp þetta er veigamesti þátturinn í víðtækum ráðstöfunum til viðreisnar í efnahagsmálum Íslendinga, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir að gerðar verði.

Mikilvægasti þáttur þessara ráðstafana er breyting á skráningu íslenzku krónunnar og algert afnám þess uppbótakerfis, sem hófst fyrir niu árum og nú er orðið mjög umfangsmikið. Jafnframt er lagt til, að gerðar verði víðtækar ráðstafanir til þess að tryggja sem réttlátasta og öruggasta framkvæmd þessarar miklu breytingar á efnahagskerfi Íslendinga. Verður þar annars vegar reynt að draga úr áhrifum verðhækkana á lífskjör almennings, eins og frekast er unnt, en hins vegar tekin upp ný stefna í peningamálum og stóraukið innflutningsfrelsi til þess að tryggja efnahagslegt jafnvægi með auknum sparnaði og meiri samkeppni um verð og vöruval á markaðinum.

Óumflýjanlegt er að grípa til svo róttækra ráðstafana nú einfaldlega vegna þess, að yfir vofa stórkostlegir örðugleikar í efnahagsmálum Íslendinga, ef ekki er algerlega breytt um stefnu þegar í stað. Á nokkrum undanförnum árum hefur verið sífelldur halli á greiðslujöfnuði þjóðarinnar út á við, sem nemur um það bil 1100 milljónum síðustu fimm árin. Þessi halli hefur verið jafnaður annars vegar með lántökum erlendis, en hins vegar með eyðingu gjaldeyrisforðans og söfnun mikilla lausaskulda í erlendum bönkum. Þessi skuldasöfnun hleður á þjóðina sívaxandi byrði vaxta og afborgana, sem áætlað er að muni nema um 11% gjaldeyristeknanna á þessu og næsta ári, en var ekki nema 3% á árunum 1951—55. Jafnframt er gjaldeyrisstaða bankanna komin í svo illt efni, að fyrirsjáanlegar eru alvarlegar truflanir á innflutningi, ef ekki rætist úr. Það er lífsnauðsyn, að takast megi að bæta úr þessum greiðsluhalla, því að óbreyttri stefnu getur ekki liðið nema skammur tími, að annaðhvort gerist, að Íslendingar lendi í greiðsluþroti erlendis eða svo mikill skortur verði á innfluttum vörum, að af hljótist stórfellt atvinnuleysi.

Þetta vandamál er enn erfiðara úrlausnar vegna þess, að sú umframeyðsla þjóðarbúsins, sem kemur fram í greiðsluhallanum við útlönd, er nauðsynleg til þess, að uppbótakerfið, eins og það nú er, geti starfað. Stafar þetta af því, að miklu hærri bætur eru greiddar á útflutning en nemur þeim meðalgjöldum, sem á innflutning eru lögð. Mismunurinn hefur jafnazt fyrst og fremst með því, að söfnun erlendra skulda og rýrnun gjaldeyrisstöðu bankanna hefur gert mögulegan meiri innflutning en raunverulegum tekjum þjóðarinnar nemur. Uppbótakerfið hefur því aðeins staðizt vegna þessa mikla halla við útlönd. Jafnframt hefur uppbótakerfið og haftakerfið, sem er fylgifiskur þess, fært allt efnahagskerfi landsins úr réttum skorðum og hindrað eðlilegan vöxt þjóðarteknanna. Úr þessum vandamálum hefur ekki tekizt að greiða á undanförnum árum þrátt fyrir margendurtekna endurskoðun uppbótakerfisins, sem haft hefur í för með sér mjög mikla raunverulega skerðingu á gengi íslenzku krónunnar. Ástæðurnar fyrir því, að þessar ráðstafanir hafa orðið að engu, eru annars vegar þær, að ekki hefur verið ráðizt að kjarna málsins, sem er uppbótakerfið sjálft, en hins vegar hafa þeim ekki fylgt aðrar aðgerðir er hefðu getað stuðlað að efnahagslegu jafnvægi. Að þessum málum athuguðum verður ekki um villzt, að eina leiðin til þess að forða þjóðinni frá algeru efnahagslegu hruni er að afnema uppbótakerfið með öllu og koma á nýrri, heilbrigðri skráningu íslenzku krónunnar ásamt nauðsynlegum hliðarráðstöfunum.

Skulu nú rakin helztu efnisatriði frumvarpsins og gerð stuttlega grein fyrir nauðsyn þeirra í sambandi við framkvæmd þeirra heildarráðstafana, sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir.

Lagt er til, að gengi íslenzku krónunnar verði 38 krónur hver bandarískur dollar, og jafngildir það 20% gengislækkun, miðað við þær meðalbætur, sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa notið að undanförnu. Sé miðað við hið almenna gengi, sem nú er á innflutningi, þ. e. a. s. 55% yfirfærslugjald, nemur gengislækkunin 34%. Til samanburðar má geta þess, að gengislækkunin 1950 lækkaði gengi krónunnar um 42.6%. Með útflutningssjóðslögunum 1958 var svo komið, að gengi íslenzku krónunnar í almennum innflutningi hafði verið lækkað um 35% frá því árið 1950, en miðað við aðalgengi á útflutningi var gengislækkunin orðin 45%. Gengislækkunin nú er við það miðuð, að bátaflotinn á þorskveiðum hafi sömu

afkomu og verið hefur. Er ekki talið, að togararnir gætu lengur búið við lakara gengi en bátarnir, þar sem afli þeirra og afkoma hefur versnað verulega að undanförnu, m. a. vegna útfærslu landhelginnar. Um leið og gengisbreyting fer fram, verður útflutningssjóður lagður niður, og verður hann gerður upp eins fljótt og verða má. Koma þá til greiðslu allar gjaldfallnar skuldbindingar útflutningssjóðs, og er nauðsynlegt að greiða þann halla sem allra fyrst. Í því skyni þykir óumflýjanlegt, að í útflutningssjóð renni sá ágóði, sem verður vegna verðhækkunar á vörubirgðum útflutningsatvinnuveganna, svo og 5% útflutningsskattur, unz þessi halli, sem áætlaður er 270 milljónir, er að fullu greiddur.

Í frumvarpinu eru ákvæði, er hafa það í för með sér, að ýmsar tekjur útflutningssjóðs flytjast til ríkissjóðs, svo sem innflutningsgjald, greiðslur bankanna vegna tekna af gjaldeyrisverzlun, gjald af vátryggingariðgjöldum, innflutningsgjald af benzíni o. fl. Jafnframt mun svo ríkissjóður taka við öllum niðurgreiðslum innlends vöruverðs, sem útflutningssjóður hefur haft með höndum.

Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að draga svo sem kostur er úr áhrifum verðhækkana þeirra, sem af gengisbreytingunni leiðir, á afkomu almennings. Er í því skyni heimild í frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar að greiða niður vöruverð, og verður hún notuð til þess að auka niðurgreiðslur á nokkrum innfluttum vörum, sem mest hækka, svo sem kaffi, sykri og kornvörum, en þær voru áður fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi. Innfluttar vörur, sem inn á vísitölu framfærslukostnaðar ganga, munu að meðaltali hækka um 25%, en hækkunaráhrifin á vísitölu framfærslukostnaðar verða alls 13%. Til þess að draga úr áhrifum þessara verðhækkana og til þess að dreifa byrðunum sem réttlátast á þegna þjóðfélagsins er ætlunin með sérstöku frumvarpi, sem síðar verður lagt fram, að auka fjölskyldubætur og elli- og örorkulífeyri mjög mikið, og er t. d. við það miðað, að fjölskylda með 60 þús. kr. tekjur og þrjú börn haldi kjörum sínum sem næst óskertum og sama gildi um öryrkja og ellilífeyrisþega. Alls er gert ráð fyrir því, að þessar greiðslur ásamt auknum niðurgreiðslum lækki vísitölu framfærslukostnaðar um 10 stig, svo að heildaráhrif ráðstafananna á hana nemi aðeins 3%. Til þess að tryggja, að ekki verði óeðlilegar verðhækkanir, eru sérstök ákvæði í lögunum um verðlagningarreglur, er hindri hækkanir verðlags umfram hækkun þess tilkostnaðar, sem af gengisbreytingunni leiðir. Loks má geta þess, að með sérstöku frumvarpi, sem lagt verður fram bráðlega, er fyrirhugað að lækka tekjuskatt stórlega, og verður þá með öllu afnuminn tekjuskattur af þriggja barna fjölskyldu með 100 þús. kr. tekjur.

Í launamálum er að því stefnt að koma í veg fyrir, að á ný hefjist kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags og að laun hækki örar en aukning framleiðslugetu þjóðarbúsins segir til um. Í því skyni er lagt til í frumvarpinu, að hætt verði með öllu vísitölugreiðslum á laun, en hins vegar eru ekki ákvæði um almenna bindingu grunnlauna, heldur til þess ætlazt, að um það verði samið milli samtaka launþega og atvinnurekenda. Er það stefna ríkisstjórnarinnar, að atvinnurekendum verði ekki leyft að velta byrði kauphækkana yfir á almenning í formi hærra vöruverðs, eins og gert hefur verið, og þeir geti því aðeins samið um hærra kaupgjald, að þeir geti borið það uppi vegna aukinna afkasta og bættrar afkomu, enda er ekki með öðrum hætti um raunverulegar kjarabætur fyrir launþega að ræða.

Loks eru í frumvarpinu ákvæði um gjaldeyris- og peningamál. Er þar annars vegar heimild til ríkisstjórnarinnar til þess að taka lán hjá Evrópusjóðnum og að auka „kvóta“ Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en með þessu tvennu skapast Íslendingum gjaldeyrisvarasjóður, er nemur um 20 milljónum dollara. Slíkur varasjóður er nauðsynlegur til þess að skapa öryggi í sambandi við framkvæmd þessara aðgerða allra, en jafnframt gerir hann kleift að gera verulegan hluta innflutningsins frjálsan. Er gert ráð fyrir, að um 60% hans verði alfrjáls, um 25—30% verði flutt inn frá jafnkeypislöndum að mestu án takmarkana, svo að raunveruleg höft verði ekki nema á 10—15% innflutningsins. Mun hið aukna innflutningsfrelsi stuðla mjög að stöðugra verðlagi innanlands og bættu vöruvali. Hins vegar eru ákvæði,

sem nauðsynleg eru, ef hægt á að vera að framkvæma þá stefnu í peningamálum, sem stuðlar að því að koma í veg fyrir myndun nýrrar verðbólgu, er gert gæti árangur gengisbreytingarinnar að engu á skömmum tíma. Er meðal annars í ráði að breyta vöxtum, en með hærri vöxtum má stuðla mjög að betri nýtingu lánsfjár og bættri afkomu sparifjáreigenda og þá um leið að meiri fjármagnsmyndun.

Það er skoðun meiri hluta fjárhagsnefndar, að þetta frumvarp sé nauðsynlegt til þess, að í framkvæmd komist víðtæk stefnubreyting í efnahagsmálum Íslendinga, sem hafi þann tvíþætta tilgang að forða þjóðinni frá beinum voða greiðsluþrots og atvinnuleysis, en hins vegar að leggja nýjar undirstöður í efnahagsmálum Íslendinga, sem á megi byggja í framtíðinni aukna framleiðslu og bætt lífskjör. Þessar ráðstafanir þola enga bið, og efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga og afkoma þjóðarinnar um ófyrirsjáanlega framtíð er í húfi, að þær takist vel og giftusamlega. Þess vegna leggjum við eindregið til, að þetta frumvarp nái fram að ganga.

Breytingartillögur til glöggvunar á nokkrum ákvæðum frv. og til leiðréttingar verða fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. febr. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um endurskoðun laga um lögreglumenn.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga endurskoða gildandi lög um lögreglumenn. Skal að því stefnt, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt þing.

Greinargerð.

Aðalákvæði um skipan lögreglumála er að finna í lögum um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940. Eru þar m. a. settar reglur um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu lögreglukostnaðar, um ríkislögreglu og um löggæzlu utan kaupstaða.

Nauðsynlegt er að endurskoða ýmis atriði laga þessara með hliðsjón af fenginni reynslu, einkum þau, sem nefnd eru hér að framan.

Ákvæðin um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við löggæzlu í kaupstöðum eru ósanngjörn og leiða til misréttis. Er næsta vafasamt að setja það skilyrði fyrir greiðslu ríkissjóðs, að tiltekinn fjöldi lögreglumanna sé í kaupstað, enda þótt bæjaryfirvöld telji ekki þörf svo margra löggæzlumanna. Er eðlilegt að þannig beinlínis verðlaunuð.

Þá er og nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði en nú eru um ríkislögreglumenn og staðsetningu þeirra.

Á síðustu árum hafa í flestum sýslum landsins verið settar reglugerðir um löggæzlu á samkomum. Er hér um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Margar þessar reglugerðir hafa ekki enn fengizt staðfestar vegna óljósra ákvæða í lögum um skyldu ríkissjóðs til hlutdeildar í kostnaði við löggæzlu þessa. Nauðsynlegt er, að fullt samræmi sé milli ákvæða um löggæzlu á samkomum í öllum héruðum, og virðist eðlilegast, að skýr ákvæði séu um þetta efni í lögum um lögreglumenn, þegar löggæzla þessi er orðin svo almenn.

Loks má á það benda til frekari rökstuðnings fyrir tillögu þessari, að með hverju ári fjölgar þeim stöðum, sem fá sérstaka fjárveitingu í fjárlögum til löggæzlu á vissum tímum árs. Hætt er við, að fjárveitingar þessar séu nokkuð handahófskenndar, því að ógerlegt er fyrir fjárveitinganefnd Alþingis á hverjum tíma að tryggja samræmi og rétt hlutfall í fjárveitingum þessum. Er því nauðsynlegt að reyna að setja fastar reglur fyrir slíkum greiðslum lögreglukostnaðar.

Þar sem mál þetta er sameiginlegt hagsmunamál ríkis og sveitarfélaga, þykir eðlilegt, að haft sé samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga við endurskoðun þessa.

Nd. 95. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (BK, SI, JóhH).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er bankaábyrgð ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 28. janúar 1960 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerast upp á hinu nýja gengi.
2. Við 10. gr. 1. töluliður B-liðar orðist svo:
   Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsins, og síðari breytingum á henni, þó ekki af eftirtöldum vörum: þeim, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, nýjum og þurrkuðum ávöxtum í nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár og vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.
3. Við 31. gr.
   a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands“ í 3. málsgr. komi: sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.
   b. Við 4. málsgr. bætist orðin: eða breytilega í samræmi við þá vexti.

Ed. 96. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Alfreð Gíslason. Auður Auðuns.

Nd. **97. Nefndarálit** [48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er þegar ljóst eftir lestur þessa stjórnarfrv. og athugasemda, sem því fylgja, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að taka upp landsmálastefnu, sem er fullkomlega andstæð þeirri stefnu, sem þjóðin hefur fylgt undanfarna áratugi. Í stað framfarasóknarinnar á að koma undanhald og afturför.

Framfarirnar á liðnum árum hafa að mjög miklu leyti byggzt á löggjöf frá Alþingi og fjárhagslegum stuðningi af ríkisins hálfu. Framkvæmdir og margvíslegar umbætur hafa verið styrktar með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði og ríkisábyrgðum. Einnig hefur verið sett löggjöf um stofnlánasjóði atvinnuveganna og byggingarsjóði og aflað fjár til þeirra. Þá hefur ríkið útvegað lánsfé erlendis til nauðsynlegra framkvæmda og atvinnulegrar uppbyggingar. Þannig hafa margþættar ráðstafanir af opinberri hálfu stuðlað að stórfelldum framförum í atvinnurekstri og á mörgum öðrum sviðum. Ræktun landsins og framleiðsla landbúnaðarvara hefur aukizt. Skipastóllinn hefur verið stækkaður og komið upp vinnslustöðvum fyrir afurðir. Iðnaðurinn hefur verið efldur og m. a. reist tvö stóriðjufyrirtæki, áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan. Raforkustöðvar hafa verið reistar og stór átök hafin við dreifingu raforkunnar um landið. Margt fleira mætti nefna, t. d. samgöngubætur og hafnargerðir og íbúðabyggingar í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum, studdar af opinberum ráðstöfunum.

Uppbyggingarstarfinu þarf að halda áfram af fremsta megni um land allt. Öll byggileg landsvæði þurfa að vera setin í framtíðinni og auðlindir landsins notaðar, hvar sem þær eru, eftir því sem tök eru á.

Þjóðinni fjölgar mjög ört. Íbúatalan er nú 173—174 þúsund. Með hlutfallslega jafnmikilli fjölgun og orðið hefur síðustu árin verða landsmenn orðnir um 200 þús. eftir aðeins 7 ár og 220 þús. eftir aðeins 12 ár.

Þegar þetta er haft í huga, ætti öllum að vera ljóst, að það er fullkomin þjóðarnauðsyn að halda við byggðinni og skapa skilyrði til fólksfjölgunar um land allt. En til þess að byggðin geti haldizt og aukizt, þurfa atvinnuskilyrðin, lífskjörin og lífsþægindin að verða sem jöfnust, hvar sem menn búa á landinu. Þess vegna þarf að halda áfram rafvæðingunni með þeim hraða, sem mögulegt er, og leggja fé til annarra nauðsynlegra framkvæmda, svo sem samgöngubóta, heilbrigðisstofnana og menningarstöðva í öllum landshlutum, eftir því sem frekast er unnt og þörfin krefur. Halda þarf áfram að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna og byggingarsjóðina.

Það er gæfa íslenzku þjóðarinnar að búa í góðu landi, þar sem olnbogarými er mikið og framtíðarverkefnin óþrotleg að heita má. Á fjölmörgum sviðum bíða viðfangsefnin komandi kynslóða. Landbúnaðarframleiðsluna þarf að stórauka, til þess að fullnægt verði innanlandsþörfinni og einnig til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Þegar sigur er unninn í landhelgismálinu, má vænta batnandi afkomu sjávarútgerðar í verstöðvum hvarvetna á landinu. Og iðnaðarstöðvar þurfa að rísa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitahéruðum.

Það er tvímælalaust, að löggjafar- og framkvæmdavaldinu ber að styðja alhliða uppbyggingu og framfarir um land allt í vaxandi mæli, eftir því sem fólkinu fjölgar og þjóðartekjurnar aukast. Slíkt er eðlilegt framhald þess margþætta og mikilsverða stuðnings við framfarirnar, sem að undanförnu hefur verið veittur af opinberri hálfu.

En stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, er glöggur vitnsburður um það, að núverandi ríkisstjórn og stuðningslið hennar vill stefna í þveröfuga átt.

Í athugasemdum með frv. segir, að stjórnin og stuðningsflokkar hennar hafi

tekið ákvörðun um, „að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir gagngerri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar“, og í því sambandi er þar talað um „algera kerfisbreytingu“. Með þessu frv. og öðrum, sem boðað er að verði lögð fyrir þingið innan skamms, ætlar stjórnin að leggja grundvöll að þeirri efnahagsmálastefnu, sem hún vill að upp verði tekin. Það er því ástæða til að athuga sérstaklega einstök ákvæði frv., sem eiga að styðja stefnubreytingarfyrirætlanir stjórnarinnar, og íhuga, hver áhrif þeirra muni verða, ef þau verða í lög tekin.

Í 1. gr. frv. eru fyrirmæli um nýja gengisskráningu. Sú breyting mun valda stórkostlegri verðhækkun á innfluttum vörum, þar á meðal á efnivörum til bygginga og annarra framkvæmda og á vélum og tækjum til atvinnurekstrar.

Sem dæmi um verðhækkanirnar má nefna, að fiskibátar og vélar í þá svo og dráttarvélar og tæki til þeirra munu hækka í verði um nálægt 50%.

Auk gengislækkunarinnar ætlar stjórnin að halda við þeim sköttum og gjöldum, sem nú ganga til útflutningssjóðs, og taka þá hér eftir í ríkissjóðinn. Fráleitt hefur menn yfirleitt órað fyrir því, að stjórnin mundi gera hvort tveggja í senn, að framkvæma gengisbreytingu, sem hækkar erlendan gjaldeyri stórlega í verði, og heimta jafnframt af mönnum eftir sem áður þá skatta og gjöld, sem áður fóru í útflutningssjóðinn til þess að standa undir útflutningsbótum, sem nú er ætlað að fella niður.

Í athugasemdum með frv. eru nokkrar bollaleggingar um það, hvað þessar gífurlegu breytingar muni valda mikilli hækkun á framfærslukostnaði, og frá því er skýrt, að síðar verði lagt fram frv. um hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga. Þá segir einnig, að stjórnin ætli að greiða niður verð á nokkrum innfluttum vörum. En engir viðhlítandi útreikningar hafa verið birtir um hækkunina á framfærslukostnaðinum.

Samkv. 8. gr. frv. á að leggja á nýjan útflutningsskatt, 5% af fob-verði allra útflutningsvara, og á að verja honum til að greiða halla útflutningssjóðs. Skatturinn er ótímabundinn og óupplýst, hvernig honum verður varið, þegar lokið er greiðslu á kröfum á útflutningssjóðinn. Það ætlar ríkisstjórnin að hafa á sínu valdi og vill fá þá skipan lögfesta. Hún áætlar, að skatturinn muni nema 120 millj. kr. á ári.

Í 9. og 10. gr. segir, að innflutningsgjaldið, sem undanfarið hefur runnið í útflutningssjóð, skuli enn innheimt, þó að útflutningssjóður hætti störfum, og á gjaldið að ganga til ríkissjóðs. Í 12.—16. gr. eru ákvæði um framlengingu ýmissa annarra gjalda, sem útflutningssjóður hefur áður fengið, en nú eiga að falla til ríkissjóðs.

Í 17. gr. eru ákvæði um, að sá hluti benzínskattsins, sem áður fór til útflutningssjóðs, skuli hér eftir greiðast í ríkissjóð, og enn fremur, að skattinn skuli hækka um 34 aura á lítra. Eiga 3 aurar af hækkuninni að renna í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga og aðrir 3 aurar í brúasjóð. Eftir eru þá af hækkuninni 28 aurar, sem samkv. frumvarpsgreininni eiga að renna beint í ríkissjóðinn. Hitt virðist þó eðlilegra, að því fé, sem samkv. þessu kann að innheimtast vegna hækkunar innflutningsgjalds af benzíni, verði öllu varið til vega- og brúagerða, og það því fremur, sem stjórnin gerir ráð fyrir, að framlög til þeirra framkvæmda standi óbreytt í fjárlögum fyrir árið 1960, þrátt fyrir þá hækkun á vega- og brúagerðarkostnaði, sem gengisbreytingin hlýtur að hafa í för með sér. Er það eðlilegt fyrirkomulag, að benzínskatti sé varið til umbóta á vegakerfi landsins, og mun ég flytja brtt. um þetta atriði.

19., 20. og 21. gr. eru um hækkanir á vitagjaldi, lestagjaldi af skipum og aukatekjum ríkissjóðs.

Í 23. gr. er bann við því, að kaup eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum á vísitölu á einn eða annan hátt.

Oft hefur verið á það bent, að fyrirkomulagið á greiðslu vísitöluuppbóta, sem hér hefur verið notað, sé gallað og á ýmsan hátt varhugavert. Þegar vinstri stjórn

Hermanns Jónassonar lagði fram frv. sitt um útflutningssjóð o. fl. á Alþingi 1958, komst hún svo að orði í athugasemdum, sem fylgdu framvarpinu:

„Vegna þess, að breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar hafa áhrif á nær allt kaupgjald í landinu og verðlag á öllum innlendum landbúnaðarafurðum, hefur jafnvel hin minnsta breyting á vísitölunni mjög víðtæk áhrif á allt efnahagskerfið og getur bakað útflutningsatvinnuvegunum útgjöld, sem þeir fá ekki risið undir, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að auka tekjur þeirra. Á hinn bóginn er varla hægt að komast hjá því, að slíkar ráðstafanir hafi aftur áhrif á vísitöluna. Í sambandi við lausn efnahagsvandamálanna er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Ríkisstjórninni er ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu mál þessi verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs."

Á næstliðnu hausti kom fram yfirlýsing frá Sjálfstæðisflokknum, sem gaf til kynna, að hann vildi fara sömu leið og vinstri stjórnin til breytinga í þessu efni, þ. e. leita samkomulags um málið.

Í „Kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins", sem birt var í Morgunblaðinu 2. okt. s. l., segir m. a. á þessa leið:

„Náð verði samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun víxlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags."

Það er því í fullu ósamræmi við kosningaloforð sjálfstæðismanna, að þeir leggja nú til, að lögbindingarleiðin verði farin.

Í stað þess að fara inn á þá braut virðist sjálfsagt að reyna að leysa málið með samkomulagi, og flyt ég brtt. um það.

Þetta mál snertir alla launamenn, sem taka laun sín að nokkru leyti í vísitöluuppbótum, en það snertir einnig bændur og fiskimenn. Núgildandi fyrirkomulag á verðlagningu landbúnaðarafurða er þannig, að vinnutekjur bænda eiga að breytast með kaupgreiðsluvísitölu. Hliðstæð ákvæði um breytingu á tekjum sjómanna á bátum og togurum eru í lögum.

Samkv. 24. gr. er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda frá 1. apríl n. k. í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—1960, sem leiðir af ákvæðum laganna. En þessi hækkunarheimild nær aðeins til mjólkurverðs.

Í 25. og 26. gr. er ákveðið, að þar til nýir samningar verða gerðir milli sjómanna og útvegsmanna, skuli skiptaverð til bátasjómanna á þorskveiðum og aflaverðlaun togarasjómanna haldast óbreytt, þ. e. miðast við sama fiskverð sem var í gildi í febr. 1959.

Samkv. 28. gr. er ríkisstjórninni heimilt að halda áfram niðurgreiðslum á vöruverði. Og í athugasemdunum segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að auka enn þessar greiðslur og taka nú upp þann hátt að greiða niður útlendar vörur (kornvörur, kaffi og sykur).

Í athugasemdum með frv. segir, að eitt meginatriðið í tillögum stjórnarinnar sé að afnema bótakerfið, sem í gildi hefur verið síðan 1951. Það er mjög fjarri sanni, að bótakerfið sé afnumið með þessu frv., þótt samþykkt verði. Niðurgreiðslurnar hafa verið annar aðalþáttur bóta- og styrkjakerfisins, en þeim á að halda og meira að segja auka við þær.

Í aths. með frv. er rætt um greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum og því haldið fram, að það sé „mjög þung greiðslubyrði". Þrátt fyrir þetta hefur stjórnin í hyggju að auka við erlendar skuldir, því að í 29. og 30. gr. frv. fer hún fram á heimildir til þess að taka ný lán, sem hún nefnir gjaldeyrislán, og mega þau nema allt að 20 millj. dollara eða 760 millj. kr. með hinu fyrirhugaða gengi. En stjórnin segir, að nýju lánin verði notuð til venjulegra vörukaupa, en ekki til framkvæmda.

Ein af fyrirætlunum ríkisstj. er að hækka vexti. Til þess að geta komið því fram leggur hún til í 31. gr. frv., að afnumin verði núgildandi lagaákvæði um hámark vaxta, sem eru í lögum um bann við okri.

Þá skal vikið að 32. gr. frv. Með þessari einu frumvarpsgrein, ef að lögum verður, eru meginatriði margra laga, sem sett hafa verið á ýmsum tímum til stuðnings framkvæmdum í atvinnulífi og félagsmálum, raunverulega úr gildi runnin. Farið er fram á, að ríkisstjórn verði héðan í frá veitt vald til að ákveða, án þess að bera það undir Alþingi, vaxtakjör og lánstíma hjá fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja, ræktunarsjóði, byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði. Í athugasemdum kemur fram, að gert er ráð fyrir vaxtahækkun hjá sjóðunum, og allar líkur benda til, að einnig sé gert ráð fyrir að stytta lánstímann hjá fleiri eða færri af þessum uppbyggingarsjóðum. En lánakjörin eru einmitt meginatriði í lögunum. Ef ekki væri um sérstök lánakjör að ræða, væri öll þessi löggjöf lítils virði. Í lánakjörunum kemur fram stuðningur þjóðfélagsins við þarflegar framkvæmdir og þá einstaklinga eða aðra aðila, sem þurfa á stuðningi að halda.

Lög um starfsemi fiskveiðasjóðs, ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs sveitanna og byggingarsjóðs verkamanna, í svipuðu formi og nú, eru búin að vera í gildi í þrjá áratugi eða lengur og lög sumra hinna sjóðanna áratug eða meira. Þess má þó geta, að hin fyrstu lög um ræktunarsjóð eru frá árinu 1900 og fyrstu lögin um fiskveiðasjóð frá 1905, þótt rekstur þessara tveggja sjóða væri lengi framan af með nokkuð öðrum hætti en síðar varð.

Með engu móti verður á það fallizt, og því er harðlega mótmælt, að Alþingi veiti núverandi ríkisstjórn eða annarri vald til að gerbreyta með tilskipunum og á eindæmi svo umfangsmikilli og merkri framfaralöggjöf á mörgum sviðum sem hér er um að ræða og draga úr þeim margvíslega stuðningi, sem með löggjöfinni er veittur og hefur verið veittur á þeim tímum, þegar fjárhagsgeta þjóðfélagsins hefur verið minni en hún nú er, enda væri það ranglæti gagnvart þeim, sem nú eru að hefja lífsstarf sitt, og þeim, sem af einhverjum ástæðum, oft óviðráðanlegum, hafa orðið að fresta nauðsynlegum framkvæmdum til þessa.

Nú eru í lögum ákvæði um það, að setja megi reglur, er skyldi sparisjóði til að leggja hluta af innstæðufé sínu inn í Seðlabankann í Reykjavík og geyma þar. Hingað til hefur þessi lagaheimild þó ekki verið notuð og því engin almenn skylda á sparisjóðina lögð í þessu efni. Svo er að sjá, að nú eigi það að verða einn af mörgum þáttum hinna fyrirhuguðu efnahagsráðstafana að leggja þessa skyldu á sparisjóðina almennt, að afhenda Seðlabankanum í Reykjavík tiltekinn hluta af innlánsfénu. Eins og kunnugt er, hafa sparisjóðir verið stofnaðir víða um land og margir þeirra starfað lengi. Taka þeir við innlánsfé frá almenningi í hlutaðeigandi byggðarlögum og ávaxta það og þá yfirleitt með því að lána það út aftur heima fyrir til framkvæmda og atvinnurekstrar innan héraðanna. Með þessu hafa sparisjóðirnir gert stórmikið gagn, hver á sínu svæði, þar sem þeir hafa stuðlað að sparnaðaraukningu og jafnframt að því, að sparifé sé ekki flutt burt. Hlýtur það að hafa mjög óheillavænleg áhrif, ef nú verður lögð á þá skylda til að afhenda hluta af sparifénu. Óhætt mun að halda því fram, að yfirleitt hafi sparisjóðunum verið gætilega og skynsamlega stjórnað. Mun því ekki vera þörf að skerða umráðarétt sjóðanna yfir sparifénu af þeirri ástæðu, að þar hafi verið ógætilega farið.

Einhverja erfiðleika mun hækkun innlánsvaxta hafa fyrir sparisjóði, sem eiga fé útistandandi í föstum lánum, þar sem ekki er hægt að breyta vaxtakjörum, t. d. í lánum gegn fasteignaveðum, og er ástæða til að gefa því gaum.

Í 33. gr. er það nýmæli, að hægt sé að skylda innlánsdeildir kaupfélaga til að leggja hluta af innstæðufé sínu inn í Seðlabankann í Reykjavík og afsala sér þannig notkun þess fjár heima í héraði. Hér er of langt gengið, ef nú á að seilast til fjármuna, sem félagsmenn kaupfélaganna eiga í félögunum og alltaf hafa fram að þessu verið notaðir til félagslegra þarfa heima fyrir.

Flest kaupfélögin hafa á undanförnum árum lagt mikið fé í nauðsynlegar framkvæmdir í þágu atvinnulífsins hvert á sínum stað, svo sem byggingu frystihúsa og annarra vinnslustöðva fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir, stofnun vélaviðgerðarstöðva, kaup á flutningatækjum o. m. fl. Í sambandi við þessar framkvæmdir hafa lántökumöguleikar hjá almennum lánastofnunum verið mjög takmarkaðir, og oft hefur mjög lítið eða ekkert fé fengizt til framkvæmdanna á þann hátt. Því aðeins hafa félögin getað ráðizt í þessa uppbyggingu, að félagsmennirnir hafa lagt fram sitt fé til hinna félagslegu þarfa. Ef nú á að krefjast þess, að nokkuð af þessu fé verði flutt burt úr héruðunum og félagsmenn kaupfélaganna þar með sviptir yfirráðarétti yfir sínum eigin fjármunum og frelsi til að nota þá til nauðsynlegrar uppbyggingar heima fyrir, er þar um sérstaka réttindaskerðingu að ræða, sem þeim er ætlað að búa við.

Í athugasemdum með frv. segir, að hið fyrirhugaða gengi sé við það miðað, að „þorskveiðar bátanna beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda“, og er talið, að þær séu nú 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisks. Sé þetta rétt, versnar stórum aðstaða þeirra, sem mest eiga undir sérbótum þeim, sem nú eru greiddar umfram hinar almennu bætur út á smáfisk, ýsu, steinbít, kola og sumarveiddan fisk, en samanlagðar núgildandi bætur út á þennan hluta aflans nema miklu hærri hundraðshluta en hér er tilgreindur (94.5%). Niðurfelling sérbótanna, ef samþykkt verður, kemur sérstaklega þungt niður á verstöðvum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, af því að sá hluti aflans, sem sérbótanna nýtur, er þar hlutfallslega mjög stór. Verður ekki séð, að hlutaðeigendur geti við þetta unað, og mun ég flytja breytingartillögu varðandi þetta mál.

Sú er ein af meginástæðunum, sem ríkisstjórnin færir fram fyrir því að gera þær stórfelldu ráðstafanir, sem stefnt er að með frv., að til þeirra þurfi að grípa til að jafna halla, sem verið hafi á þjóðarbúskapnum gagnvart öðrum löndum undanfarin ár. Birtir stjórnin tölur í þessu sambandi, sem eru þannig fundnar, að allar lántökur til framkvæmda á undanförnum árum eru taldar til halla á þjóðarbúskapnum og þar með allar mestu framkvæmdir síðustu ára, svo sem sementsverksmiðjan, Sogsvirkjunin, ræktun og byggingar í sveitum, fjöldi fiskiskipa og kaupskipa o. s. frv. Langmestur hluti skuldaaukningarinnar við útlönd síðustu árin stafar af lántökum til slíkra framkvæmda. Skal hér tekið dæmi um árin 1956—1958 — stjórnartímabil vinstri stjórnarinnar.

Í skýrslu, er fylgir frv., er sagt, að halli á þjóðarbúskapnum út á við þessi 3 ár hafi verið samtals 627 millj. kr. og borgaður að mestu með lántökum.

Lítum svo á lántökur á þessum árum, sem taldar eru til halla.

Frá 1. júlí 1956 til ársloka 1958 voru þessi lán tekin:

I. Með ríkisábyrgð:

Lán vegna ræktunarsjóðs, raforkusjóðs, fiskveiðasjóðs og sementsverksmiðju	65.3	millj.	kr.	Bandarískt lán
Lán til flökunarvélakaupa	17.6	—	—	V-þýzkt lán
Lán v/ hafnargerðar á Akranesi	6.7	—	—	V-þýzkt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar og raforkusjóðs	81.6	—	—	Bandarískt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar	36.4	—	—	Bandarískt lán
Lán v/ raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs	81.6	—	—	Bandarískt lán
Lán v/ raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs	32.9	—	—	V-þýzkt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar og rafmagnsv. ríkisins	27.7	—	—	Bandarískt lán
Lán v/ frystihúsa o. fl. framkvæmda	1.9	—	—	Svissneskt lán
Lán v/ Flugfélags Íslands, flugvélakaup	33.0	—	—	
Lán v/ kaupa á 12 skipum	50.0	—	—	
Lán v/ Landssímans	9.0	—	—	

Lán v/ rafmagnsv. ríkisins, vélakaup	4.8 millj. kr.	Svissneskt lán
Lán v/ Akraneshafnar	1.4 —	—
Lán v/ Strætisvagna Reykjavíkur	0.6 —	—
Lán v/ Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar	2.9 —	—
Samtals	453.4 millj. kr.	

II. Án ríkisábyrgðar:

Eimskipafélag Íslands, Eimskipafélag Reykjavíkur og Samband ísl. samvinnufélaga, skipakaupalán, samtals 108.4 millj. kr.

Samtals nema þessar lántökur 561.8 millj. kr. Munu þó ekki þar með taldar allar lántökur til framkvæmda á þessum 3 árum, því að einhverjar munu hafa átt sér stað fyrir 1. júlí 1956.

Þá eru taldar með í hallanum afborganir af eldri lánum, um 136 millj. kr.

Það er fjarri öllum sanni, að það lánsfé, sem fengið hefur verið erlendis til þeirra hagnýtu framkvæmda, sem að framan eru nefndar, íþyngi þjóðinni og að þess vegna þurfi að taka upp þá samdráttarstefnu, sem boðuð er í frv. Slíkar kenningar eru á engum rökum reistar.

Í sambandi við þetta mál þurfa menn að gera sér ljóst, eftir því sem kostur er, hvernig ástæður eru nú í efnahagsmálunum, hvort þörf sé fyrir nýjar ráðstafanir í þeim efnum og þá hve miklar, til þess að framleiðslustarfseminni verði haldið áfram með eðlilegum hætti og viðunandi afkomu megi vænta í ríkisrekstrinum.

Er þá fyrst að athuga, hver útkoman hefur orðið s. l. ár. Fjármálaráðherra telur, að á því ári hafi orðið um 8 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. En þá er búið að nota tekjuafgang frá 1958, sem nam um 43.5 millj. kr. Eftir þessum upplýsingum að dæma ætti greiðsluhallinn hjá ríkissjóði að hafa numið 35—36 millj. kr. árið 1959.

Þá er það útflutningssjóðurinn. Upplýsingar ríkisstjórnarinnar um afkomu hans eru nokkuð á reiki. Í athugasemdum með frv. segir, að eftir áætlunum, sem gerðar hafi verið, ætti halli sjóðsins árið 1959 að hafa numið um það bil 180 millj kr. Þó hefur verið nefnt í umræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar, að telja mætti, að upphæðin væri þar oftalin um 30 millj. kr. Á öðrum stað í athugasemdunum er svo rætt um, að ætla megi, að skuldbindingar, sem á sjóðnum hvíla um síðustu áramót, hafi numið um 270 millj. kr.

Útflutningssjóður var upphaflega stofnaður með lögum í lok ársins 1956. Við athugun á útkomunni af rekstri hans þann tíma, sem hann hefur starfað, þarf að taka með í reikninginn, að sjóðurinn tók í upphafi á sig kvaðir, sem þá hvíldu á framleiðslusjóðnum og bátagjaldeyriskerfinu, sem komið var á 1951. Í bréfi frá stjórn útflutningssjóðs til fjárhagsnefndar Nd., dags. 9. þ. m., er sagt, að sjóðsstjórninni teljist svo til, að þær kröfur, sem útflutningssjóður tók við frá framleiðslusjóði og bátagjaldeyriskerfinu, hafi verið:

Halli framleiðslusjóðs	kr.	18402059.26
Innlausn B-skírteina	—	87694466.80
Kr.		106096526.06

En hvernig eru þá afkomuhorfur hjá atvinnuvegunum á þessu ári?

Í athugasemdum með frv. segir, að tillaga stjórnarinnar um gengisskráningu sé við það miðuð, „að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bátanna, beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum“.

Í þessum ummælum felst yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um það, að ekki muni þörf nýrra ráðstafana vegna þessarar „stærstu greinar útflutningsframleiðslunnar". Því er hins vegar haldið fram, að þörf muni að bæta nokkuð rekstrarskilyrði togaraútgerðar og síldarútvegsins.

Þó að telja megi, að nú muni þörf ráðstafana í efnahagsmálum, er langt frá því, að þau mál séu svo örðug viðfangs eða torleyst, að þess vegna sé nokkur ástæða til að stofna til þeirrar gerbyltingar í þjóðfélagsmálum, sem stjórnin hefur í hyggju að koma fram.

Það liggur í augum uppi, að framkvæmd þeirrar stjórnarstefnu, sem boðuð er í frv., mun hafa mjög lamandi áhrif á margs konar uppbyggingarstarfsemi og valda samdrætti á mörgum sviðum athafnalífsins. Ætlunin er að fylgja stefnunni fram með miklum verðhækkunum á efnivörum til framkvæmda og einnig með því að hækka vexti og draga úr lánveitingum peningastofnana. Verði þessu fram komið, munu óheillavænlegar afleiðingar þess birtast í ýmsum myndum. Það verður t. d. stórum erfiðara en áður fyrir ungt fólk að stofna til heimilismyndunar og atvinnurekstrar. Mjög er torveldað fyrir mönnum að byggja hús til íbúðar eða annarra nota, þó að þeir hafi þess brýna þörf. Sömu örðugleikar koma til sögunnar við öflun nauðsynlegra tækja til atvinnurekstrar.

Að sjálfsögðu er auðvelt að benda á, að ýmiss konar veilur séu í efnahagslífinu eins og á mörgum öðrum sviðum, enda er það algengt umræðuefni manna. En þrátt fyrir allt mun óhætt að segja, að þjóðin sé betur efnum búin en nokkru sinni áður. Og áhugi landsmanna fyrir áframhaldandi alhliða framförum í þjóðfélaginu er svo mikill og almennur, að ríkisstjórnin getur ekki búizt við, að því verði tekið með þögn og þolinmæði, að hagnýtar athafnir og framfarir verði torveldaðar svo mjög sem að er stefnt með þessu stjórnarfrumvarpi. Óhætt mun að fullyrða, að mikill fjöldi landsmanna sé andvígur slíkum aðgerðum.

Efnahagsmálin eru ævarandi viðfangsefni löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þau eru fjölþætt, og oft er þar um vandasöm úrlausnarefni að ræða. Þannig hefur þetta lengi verið og mun enn verða.

Reynslan hefur sýnt, að það er nauðsynlegt, að sem víðtækast samstarf náist um úrræði í efnahagsmálunum, til þess að viðunandi árangurs megi vænta. Það er því tillaga Framsóknarflokksins, að nú þegar verði reynt að ná samkomulagi í þinginu um nauðsynlegar ráðstafanir til að halda verðbólgunni í skefjum og tryggja framleiðslustarfsemina.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpinu verði vísað frá með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstjórnarinnar að skipa nú þegar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni nefndarinnar:

1. Að gera tillögur og leggja þær fram á þessu þingi, innan þriggja vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.
2. Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartillögur um skipan efnahagsmálanna.

Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. febr. 1960.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 98. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Við 8. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist:
   Einnig getur ríkisstjórnin ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
2. Við 16. gr. Á eftir 1. málslið 1. málsgr. komi:
   Gjaldið má þó ekki vera hærra en 60% af leigubifreiðum og læknabifreiðum. Landbúnaðarbifreiðar (jeppar) og vörubifreiðar skulu alveg undanþegnar þessu gjaldi.
3. Við 17. gr. Í stað 2. málsl. 1. málsgr. komi:
   Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra. Þar af skulu 17 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sjóð, er varið sé til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, 7 aurar til endurbyggingar gamalla þjóðvega, 3 aurar til endurbyggingar gamalla brúa og 10 aurar til að gera þjóðvegi úr steinsteypu.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun víxlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.

Nd. 99. Lög [55. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1960.

(Afgreidd frá Nd. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 90.

Nd. 100. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðuna til frv. Meiri hlutinn (BK, JóhH, SI) vill samþykkja það, en SkG og undirritaður eru andvígir því, og gefum við út sitt nefndarálitið hvor.

I. **Árás á efnahagslegt sjálfstæði og velferð þjóðar vorrar.**

Höfuðatriði þessa frv. og framkvæmdar þess, ef að lögum verður, er að fella íslenzku krónuna, þannig að einn dollar verði 38 krónur, — svipta verkamenn og aðra launþega þeim rétti, er þeir nú hafa haft í tvo áratugi, að fá að verulegu leyti upp bætta með kaupgreiðsluvísitölu þá dýrtíð, er valdhafarnir leiða yfir þá — hækka vexti og draga úr útlánum, — í stuttu máli: koma á harðvítugum yfirráðum peninganna og peningavalds á Íslandi, en draga að sama skapi úr rétti verkalýðs og launþega allra og rýra stórum þeirra hag.

Það er rétt að gera sér fyrst ljóst, hverjar verða afleiðingar þessa frv. og stefnu þess, ef framkvæmd verður, á þjóðarbúskap vorn sem sjálfstæða heild.

Sumir formælendur þess gera sér þessar afleiðingar ljósar, og verður að telja, að þeir stefni vísvitandi að þeim sem tilgangi, — aðrir gera sér ekki ljóst, hvað af þessu verki hlýzt.

1. **Innlimun Íslands í markaðskerfi hins alþjóðlega auðvalds.** Ein höfuðafleiðing þessa frv og sú, sem talin er höfuðkostur þess af ýmsum formælendum, er að gera til að byrja með 60% af íslenzkum innflutningi „frjálsan", en stefna að því að gera allan innflutninginn „frjálsan". Þetta hefur það í för með sér að gera íslenzkan útflutning háðan öllum þeim verðsveiflum, sem gerast á venjulegum mörkuðum auðvaldsþjóðfélaga, og leiða yfir Ísland í miklu ríkara mæli en áður hættur af kreppum þeim, sem einkenna auðvaldsþjóðfélögin og Ísland hefur áður fengið alvarlega á að kenna.

Hingað til hefur verið leitazt við, að vísu á mjög ófullkominn hátt, að gera íslenzkan þjóðarbúskap að sjálfstæðri efnahagsheild, er reyndi að tryggja sem bezt velferð þjóðarinnar með heildarsamningum út á við og eftirliti og yfirráðum ríkisins yfir innflutningnum. Íslenzka ríkið hefur gert heildarsamninga um þriðjung allrar utanríkisverzlunar sinnar við Sovétríkin og önnur lönd sósialismans og með því móti lagt grundvöll að afkomuöryggi fyrir þjóðina og fullri atvinnu fyrir alþýðu manna. Þessi miklu viðskiptasambönd við lönd sósialismans hafa verið hornsteinn efnahagslegs sjálfstæðis íslenzks þjóðarbúskapar. En þau hafa um leið verið þyrnir í augum auðmannastéttanna í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, og sérfræðingar þeirra hafa ekki farið neitt dult með það í ritum sínum og fyrirlestrum, að þessi sambönd þurfi að rjúfa, — þau séu pólitískt hættuleg því alþjóðlega auðvaldi, sem vill ná tökum á Íslandi. Þessi viðskiptasambönd vor hafa verið oss góður bakhjarl í efnahagslegri sjálfstæðisbaráttu vorri, eins og vel kom í ljós eftir 1952, þegar brezka auðvaldið ætlaði með fisksölubanni á oss Íslendinga að brjóta oss á bak aftur fyrir að stækka fiskveiðilandhelgina, en Sovétríkin björguðu fisksölumálum vorum með samningnum, er gerður var 1953.

Auðvald Vesturlanda og Bandaríkjanna beitir einkum fyrir sig stofnunum eins og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og arftökum hennar og Alþjóðabankanum til þess að knýja fram þá stefnu í efnahagsmálum Íslands, sem auðvaldinu er mest að skapi. Lærðir menn og sérfræðingar þessara stofnana eru látnir rannsaka efnahagsmál Íslands og kveða upp sinn dóm út frá sínum trúarsetningum. Og þær miðast allar við það, að það eitt sé Íslandi sáluhjálplegt að koma á „frjálsri verzlun" við Vesturlönd, en aldrei er orð um það í slíkum ritgerðum, hvernig Ísland geti bezt **tryggt** afkomu sína. Um það skeytir hið alþjóðlega auðvald og stofnanir þess engu. Því er nóg að **tryggja sér** markað á Íslandi fyrir vörur frá iðnaðarlöndum auðvaldsins og **skuldskeyta sér** Ísland, — en hugsar ekki um, hvar og hvernig vér Íslendingar skulum selja okkar vörur. Um það eru aðeins látnar í ljós í lærðum ritgerðum sérfræðinganna almennar vonir og óskir. En reynslan af fjandskap brezkra auðmanna og verðsveiflum og kreppum auðvaldsmarkaðsins er oss Íslendingum þyngri en nokkur almenn orð lærðra ábyrgðarlausra sérfræðinga.

Það, sem er höfuðástæðan til þess, að sú stefna, sem í frv. felst, er nú tekin upp, eru pólitískir hagsmunir auðmannastétta Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, sem vilja ná efnahagslegum tökum á Íslandi, innlima þjóðarbúskap Íslendinga í kreppubúskap sinn og gera Ísland sér háð.

Þessi stefna er í mótsetningu við hagsmuni Íslands, og hún mundi, ef framkvæmd væri, grafa undan þeim viðskiptum við lönd sósialismans, sem eru hornsteinn efnahagslegs öryggis þjóðarinnar.

Það kemur ekki hvað sízt fram þessa dagana, hve örlagaríkt það væri að láta auðvald Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna ná tökum á þjóðarbúskap vorum, þegar Sovétríkin nú hafa gert við Ísland nýjan viðskiptasamning, þar sem þau **lækka** verð á olíu og benzíni, sem þau selja oss, en **hækka** bæði magn og verð á karfaflökum. En á sama tíma er sölutregða á fiskflökum á auðvaldsmörkuðunum og

verðlækkanir þar á fiskmjöli og síldarlýsi á sömu mörkuðum, svo að til vandræða horfir.

Það verður því fyrst og fremst að skoða þetta frumvarp sem árás erlends auðvalds á Ísland og efnahagslegt sjálfstæði og öryggi þess til þess að gera sér land vort undirorpið, svo sem þegar fram gengur af þeirri viðskiptastefnu, er það gerir ráð fyrir. Og skulu nú fleiri rök færð fyrir því, að svo sé.

2. **Ísland gert háð alþjóðlegum lánsstofnunum auðvaldsins með allt að 800 millj. króna yfirdráttarláni.** Samkvæmt frumvarpinu á að heimila ríkisstjórninni að taka hjá Evrópusjóðnum og Alþjóðabankanum yfirdráttarlán til skamms tíma, er geta numið allt að 20 milljónum dollara eða tæpum 800 milljónum íslenzkra króna. Þessi lán **má ekki** nota til fjárfestingar í fyrirtækjum, er gætu framleitt gjaldeyri eða sparað gjaldeyri, með öðrum orðum: Það má ekki nota þau til neins, er gæti eflt efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Þessi lán má aðeins nota til vörukaupa í auðvaldslöndunum, með öðrum orðum: auðhringir Vesturlanda og Bandaríkjanna vilja fá að fylla íslenzkan markað af vörum sínum, eins og vér getum við tekið. En það er enginn nýr möguleiki opnaður til þess, að Ísland geti selt sínar afurðir í þessum löndum, með öðrum orðum: **Ísland á að taka yfirdráttarlán til skamms tíma fyrir neyzluvöru og til eyðslu án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir að geta borgað það lán til baka.** Hér er því um að ræða hættulegt tilræði við efnahagslegt sjálfstæði landsins, ljótan leik, sem fyrr en varir getur orðið til að gera Ísland fjárhagslega háð auðvaldi Vesturlanda og Bandaríkjanna, svipað og skuldugur kotbóndi forðum erlendum einokunarkaupmanni, er prangaði út í hann vörum sínum, en réð síðan verðlagi framleiðslu hans og arðrændi hann eftir mætti.

Í skjóli svona vöruláns yrði innflutningi varanna frá auðvaldslöndunum beint jöfnum höndum gegn þeim fyrirtækjum innlends iðnaðar, sem yrðu fyrir barðinu á honum, og gegn innflutningnum frá löndum sósíalismans. Og þótt ýmislegt megi að íslenzkum iðnfyrirtækjum finna, þá hafa þau þó hjálpað til að tryggja hér fulla atvinnu, — og iðnaðarframleiðsla sósíalistísku landanna, sem hingað hefur verið flutt, hefur tryggt okkur markað fyrir fisk vorn, er hyrfi, þegar iðnaðarvörum þessara landa væri rutt af markaðnum í skjóli þessa 800 milljóna króna vöruláns.

Svona vörulán yrði snara um háls þjóðarinnar, er erlent auðvald gæti síðan hert að, þegar því byði svo við að horfa.

3. **Ísland yrði gert erlendu auðvaldi girnilegt til arðráns.** Með því að hækka dollarann upp í 38 íslenzkar krónur og enskt pund í 106 kr. yrði erlendu auðvaldi sköpuð slík arðránsaðstaða hér á landi sem það aldrei áður hefur haft síðan land vort varð sjálfstætt. Ef ríkisstjórninni tækist að framkvæma yfirlýsta stefnu sína um að halda kaupi verkalýðs og annarra launþega niðri þrátt fyrir gífurlega vaxandi dýrtíð, **þá yrðu vinnulaun íslenzkra verkamanna** frá sjónarmiði auðvaldsins í Ameríku og Vestur-Evrópu **ein hin lægstu í heimi.** Kaup hafnarverkamanna í Bandaríkjunum er nú um 3 dollarar á klukkustund, eða tæpar 120 kr. eftir hinu fyrirhugaða nýja gengi, kaup stáliðnaðarverkamanna er þar 2—4 dollarar eða 80—160 kr. á klukkustund eftir nýja genginu. Kaup fátækustu verkamanna, einkum í Suðurríkjum Bandaríkjanna, sem lögskipað er þar til að vernda verkamenn þessa gegn ósvífinni kúgun stóratvinnurekenda, er 1.00 — einn — dollar á klukkustund, eða 38 ísl. nýjar krónur. Og Eisenhower Bandaríkjaforseti lýsti því nýlega yfir, að þetta lögboðna lágmarkskaup þyrfti að hækka upp í 1.25 dollar eða rúmar 47 ísl. krónur á klukkustund. — En hér ætlar íslenzk ríkisstjórn sér að reyna að halda launum íslenzks verkalýðs í 20 krónum á klukkustund eða helmingi þess, sem fátækustu, samtakalausir og kúgaðir svertingjar Bandaríkjanna hafa. Að nokkrum Íslendingi skuli detta í hug, að frjálsir, íslenzkir verkamenn muni una stundinni lengur slíkum þrælakjörum, er svo annað mál.

En tilgangur auðvaldsins í Vestur-Evrópu og Ameríku með því að heimta krónu íslenzka lýðveldisins og vinnulaun íslenzkra verkamanna lækkuð svona gífurlega — en dollar og pund hækkað — er greinilega sá að skapa sér fjárhagslegar

forsendur fyrir því að geta rekið voldug fyrirtæki á Íslandi með ódýru vinnuafli „hinna innfæddu“ — með öðrum orðum: **gera Ísland á ný að nýlendu, sem útlent auðvald geti arðrænt að vild, en íslenzka þjóð að ódýru vinnuafli fyrir illvígustu auðhringi heims.** Þessi tilgangur þarf að verða ljós öllum þeim, er að frumvarpinu standa og ábyrgð taka á því að framfylgja því.

II. **Árás á lífskjör verkalýðs og allra launþega og á samningsréttindi verkalýðssamtakanna.**

Íslenzkur verkalýður og aðrir launþegar á Íslandi hafa nú um 18 ára skeið sakir harðrar pólitískrar og faglegrar baráttu sinnar, langrar vinnu, góðra afkasta og mikillar atvinnu á vissum tímabilum skipað allháan sess meðal verkalýðsstétta heims hvað lífsafkomu snertir.

Verði þetta frv. að lögum og stefnu þess framfylgt, yrði íslenzkum verkalýð hrundið úr þeim sessi og settur um lífsafkomu skör lægra en flestar verkalýðsstéttir nágrannalandanna.

Höfuðárás sú, er af samþykkt frv. og framkvæmd mundi hljótast, felst í eftirfarandi:

1. **Vísitala á kaupgreiðslu afnumin og bönnuð með lögum.** Með frv. er bannað að reikna áfram vísitölu á kaup, svo sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og tíðkazt hefur hér í tvo áratugi. Verkalýðssamtökin knúðu fram vísitölu á kaupgjald 1942, og síðan hefur hún verið ein höfuðvernd alþýðu gegn þeirri dýrtíð, sem gróðamenn og valdhafar hafa leitt yfir þjóðina. Það er mikill misskilningur að kenna vísitölunni um verðbólguna. Vísitalan er aðeins sú ráðstöfun, er að nokkru léttir dýrtíðarfarginu af alþýðuheimilunum og hindrar, að ósvífnir valdhafar geti níðzt á almenningi með því að hækka vöruverð, en láta almenning enga uppbót fá fyrir slíkar aðgerðir. Þeir, sem rugla saman verðbólgu og vísitölu, rugla saman orsök og afleiðingu.

Hitt er svo annað mál, að ósvífnir kaupahéðnar hafa unað því illa að fá ekki að rýja almenning með hækkuðu vöruverði, án þess að alþýðu manna kæmu nokkrar bætur fyrir. Með þessu frv., einkum 23. gr. þess, fá þeir þá ósk sína uppfyllta að geta aukið dýrtíðina og látið alþýðuna borga.

Þessi lagagrein er frekleg skerðing á helgi þeirra samninga, er verkalýðsfélög hafa gert við atvinnurekendur. Eitt höfuðatriði þessara samninga er afnumið með lögunum. En á sama tíma er svo verkamaðurinn, sem skuldbundið hefur sig til að greiða þeim, sem á vísitöluskuldabréf, neyddur til þess að greiða hækkun á því samkvæmt hækkun framfærsluvísitölunnar, sem mun nú hækka stórum sakir aðgerða ríkisstjórnarinnar, en þol verkamannsins til að standa undir þeim greiðslum minnkar að sama skapi.

Er nú ljóst, að ólíkt er aðhafzt af hálfu ríkisstjórnarinnar eftir því, hvort peningar eða vinnuafl lifandi manna á í hlut. „Réttur“ peninganna er í hávegum hafður, en réttur hins vinnandi manns, er verðmætin skapar, er fótum troðinn. Sést nú, að hin nýja stefna er furðu gömul: sú stefna þess, er auðinn á, að troða á þeim, sem vinna.

Afnám vísitölunnar er brot á réttindum verkalýðs og allra launþega.

2. **Lækkun krónunnar án vísitöluuppbótar á kaup er gífurleg launalækkun.** Með gengislækkuninni bótalausri mun láta nærri, að launakjör verkamanna og annarra launþega — en þeir eru samtals 75% Íslendinga — verði skert um eða yfir 20%. Flestar útlendar vörur hækka um 20—60%. Hagfræðingar ríkisstjórnarinnar telja, að vísitalan hækki ekki nema 14%, en þá er hin algerlega falska húsaleiguvísitala þar í, og þar að auki er það gömul reynsla frá 1950, að hagfræðingar ríkisstjórnar áætla dýrtíð miklu lægri en hún verður, jafnvel aðeins helming þess.

Jafnvel fyrir það heimili vísitölu-fjölskyldunnar, sem fær fyllstu ríkisstjórnarbætur, lítur dæmið þannig út, að nettó-launalækkun aðeins vegna áhrifa gengis-

lækkunarinnar einnar verður 11%, en 23% hjá því vísitöluheimili, sem ekki nýtur bótanna, svo sem sjá má af eftirfarandi dæmi:

Í núgildandi framfærsluvísitölu er miðað við meðalheimili, sem er 4,2 fjölskyldumeðlimir. Tekjur vísitöluheimilisins eru nú taldar 60900 kr. á ári. Samkvæmt því, sem helzt verður áætlað um verðlagshækkanir, má telja líklegt, að áhrif gengislækkunarinnar á útgjöld vísitöluheimilisins verði þessi:

Útgjaldaliðir fyrir gengisbreytingu.			*Áætluð verðhækkun.*		
Matvörur	kr.	23 000.00	20%	kr.	4 600.00
Húsnæði	—	10 200.00	10%	—	1 020.00
Hiti, rafmagn o. fl.	—	900.00	25%	—	975.00
Fatnaður, álnavara o. fl.	—	10 000.00	30%	—	3 000.00
Ýmis útgjöld	—	13 800.00	30%	—	4 140.00
	Kr.	60 900.00	Hækkun	kr.	13 735.00

Hækkuð útgjöld vísitöluheimilisins yrðu samkvæmt þessu 13 735 kr., eða um 23%.

Séu nú aftur á móti athugaðar þær bætur, sem ríkisstjórnin ráðgerir að veita þessu heimili til þess að draga nokkuð úr hinni miklu kjaraskerðingu, þá eru þær þessar:

1. Tekjuskattur vísitöluheimilis er nú	kr.	1 100.00
2. Aukning fjölskyldubóta vísitöluheimilisins verður	—	5 500.00
Auknar bætur alls	kr.	6 600.00

Mismunur hækkaðra útgjalda, 13 735 kr., og aukinna bóta er 7 135 kr., sem hin hækkuðu útgjöld eru hærri, en það nemur 11% beinni kjaraskerðingu hjá þessu heimili.

Í þessum útreikningi er aðeins reiknað með verðhækkunum, sem leiðir af gengislækkuninni, en ekki þeirri, sem hækkun söluskatts og hækkun vaxta hefur í för með sér. Vert er að gæta þess, að nettó-kjaraskerðingin verður minnst einmitt hjá vísitöluheimilinu, því að það nýtur tiltölulega hæstra fjölskyldubóta. Kjaraskerðing slíks heimilis mun þó verða að minnsta kosti 11%, en sennilega meiri. Kjaraskerðing annarra verður meiri, eða 11—25%.

Má af þessu sjá, hve gífurleg sú launalækkun er, sem beinlínis væri leidd yfir verkalýð og alla launþega, ef stjórninni tækist að fá fram frv. þetta og framfylgja yfirlýstri stefnu sinni. Er þetta því tvímælalaust harðvítugasta árás, sem framin hefur verið á launakjör íslenzkrar alþýðu.

3. **Lífskjörin rýrð með minnkandi atvinnu og hækkuðum vöxtum.** En sjálf launaskerðingin með bótalausum vexti dýrtíðarinnar er ekki eina skerðingin á lífskjörum verkalýðs og annarra launþega. Sæmileg lífskjör íslenzks verkalýðs hafa ekki hvað sízt byggzt á því, að atvinna hefur verið mikil og örugg og verkamenn og aðrir launþegar unnið mikið fram yfir venjulega dagvinnu.

Það er engum efa bundið, að afleiðingar af samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, verða þær, að atvinna dregst mikið saman, enda beinlínis að því stefnt með ráðstöfununum viðvíkjandi lánsfjársamdrætti, háum vöxtum og minnkaðri kaupgetu. Eitt af því fyrsta, er þá hverfur, verður hin mikla eftirvinna, því þegar harðvítug harðstjórn peningavalds er á komin í þjóðfélaginu, kaupa atvinnurekendur vart vinnuafl á 50% hærra verði en þeir geta ella fengið það. Þegar atvinna gerist stopul, verður því rýrnun lífskjaranna fljótt svo tilfinnanleg, að óviðunandi verður.

Minnkun atvinnunnar og atvinnuleysi, sem að er stefnt með þessu frv., verður því mikil lífskjaraskerðing til viðbótar launalækkuninni.

Þar við bætist svo vaxtahækkunin. Þegar að því er gáð, að um helmingur launþega eða meira mun vera eigendur íbúða, en skulda margir hverjir mikið út á þær íbúðir, þá verður hækkun vaxta bótalaust þung byrði slíkum lanþegum. Skuldi launþegi t. d. 200 000 kr. í íbúð sinni, á hann á hættu, að vaxtabyrði, sem auk afborgana væri allt að 16 000 kr. á ári, ykist um allt að 8000 kr., og sést þá, hvílík lífskjararýrnun er í þessari ráðstöfun falin.

Samkvæmt þessu frv. er verið að beita ríkisvaldinu sem kúgunarvaldi til ægilegustu lífskjaraskerðingar, sem nokkru sinni hefur verið framin í sögu landsins.

Það er jafnvítavert að leggja til slíkrar atlögu við alþýðu í landinu til að rýra lífskjör hennar, eins og það er óraunsætt af valdhöfunum að láta sér detta í hug, að alþýða manna sætti sig við slíkt baráttulaust.

III. Hækkun vaxta og samdráttur lána er árás á allt íslenzkt atvinnulíf.

Með þessu frv. á að koma okrinu á sem stefnu á Íslandi: Það á að hækka útlánsvexti upp í 12% og þrengja mjög að öllum greinum atvinnulífsins og að þeim einstaklingum, er nú berjast harðri baráttu fyrir að eignast þak yfir höfuðið. Þessi stefna, ef framkvæmd væri, myndi hafa stórskaðleg áhrif fyrir allt íslenzkt atvinnulíf og að öllum líkindum verða til þess að draga úr framleiðslu landsmanna.

Það er mikil firra, er sérfræðingar ríkisstjórnarinnar ráðleggja henni að ætla að koma á harðstjórn peninganna sem sáluhjálparráðstöfun fyrir íslenzkan þjóðarbúskap. Það er svo mikill þáttur úr framleiðslu þjóðarinnar að áliti alþjóðar rekinn með það fyrir augum að tryggja atvinnu og gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar, að hver tilraun til þess að gerbreyta hér um í harðstjórnarátt er dæmd til að mistakast, — en myndi hins vegar, ef hún tækist, verða þjóðinni ægilegt áfall.

Þjóð, sem er að byggja land sitt upp svo ört sem vér eftir aldalanga nýlendukúgun, þarf til uppbyggingar sinnar fyrst og fremst á ódýru fjármagni að halda til þeirra hluta. Og slíkt fjármagn er hægt að fá. Ísland hefur þegar tekið lán í Sovétríkjunum með 2½% vöxtum. Það er engin ástæða til þess að láta hið alþjóðlega auðvald setja þjóð vorri nein skilyrði eða knýja hana til að lúta okrinu sem fjármálastefnu.

Þeim, sem þessu landi stjórna, ber að fagna því að fá að ráða fyrir svo duglegri þjóð sem Íslendingar eru. Og því eiga þeir ekki að gera þeim, sem atvinnu reka eða hús byggja, erfiðara fyrir með óviturlegri takmörkun lána eða með okurvöxtum, heldur þvert á móti láta ríkið og banka þess hjálpa og aðstoða slíka, svo sem að var stefnt, er byggingarsjóði verkamanna, ræktunarsjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins var öllum gert að lána fé með 2½% vöxtum. Og var þó Ísland fátækara þá en nú.

Sá kafli frv., er um okurstefnuna fjallar og sölsa vill undir harðstjórn hennar alla sjóði þjóðarinnar, er einn hinn fráleitasti í þessu frv. En að áliti sérfræðinga ríkisstjórnarinnar er hann ein aðalundirstaða þess.

Þingi og þjóð ber tvímælalaust að hindra yfirdrottnun svo ógiftusamlegrar stefnu sem okursins yfir Íslandi. Og er þá um leið grundvöllur frv. hruninn.

IV. Áhrif ráðstafananna á útgerðina.

Bátaútvegurinn. Engar skýrslur hafa verið lagðar fram um breytingu þá, sem áætlað er að verði á rekstri meðal-fiskibáts. Slíkt er vítavert, því að auðvitað er eitt þýðingarmesta atriði þessa máls, að ljóst liggi fyrir, hver áhrif lagasetningin muni hafa á rekstur mikilvægustu þátta atvinnulífsins.

Aðspurður upplýsti fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson, á nefndarfundi fjárhagsnefndar, að áætla mætti, að fiskverð til báta gæti hækkað um 28% af verði, sem metið væri kr. 2.12 fyrir kg af þorski. Gæti þá fiskverð báta orðið kr. 2.71 fyrir kg. Frá þessu verði mun mega draga 5% útflutningsgjald, sem ráðgert er að leggja á, og er talið, að það lækki hvert kg um 21 eyri. Fiskverð til báta yrði þá kr. 2.50

fyrir kg. Augljóst er, að slíkt fiskverð samsvarar á engan hátt þeim kjörum, sem bátaútvegurinn hefur búið við.

Fiskverð það, sem bátaútvegurinn býr við nú í dag, mun vera sem næst því, sem hér segir:

Fiskverð + uppbætur	kr.	2.20 kg.
Vátryggingariðgjöld áætluð	—	0.15 —
eða alls kr.		2.35 kg.

Ýmis dæmi munu þó vera um það, að bátar hafi fengið hærra verð en hér er greint.

Sé hins vegar miðað við, að núgildandi kjör bátanna veiti þeim kr. 2.35 fyrir kg af þorski, en eftir gengislækkunina eigi þeir að fá kr. 2.50, þá yrði aðeins um 15 aura hækkun á kg að ræða. Sú litla hækkun í fiskverðinu ætti svo að koma á móti stórhækkuðum útgjöldum í rekstri fiskibátanna. Augljóst mál er, að slík umskipti yrðu bátaútveginum til stóróhagræðis frá því, sem nú er.

Togaraútgerðin. Allar líkur benda til, að áhrif gengislækkunarinnar fyrir togaraútgerðina yrðu sízt hagstæðari en fyrir bátaútgerðina. Hluti erlends kostnaðar í rekstri togarans er meiri en í rekstri bátsins, og verður því um minni hagnað fyrir togarann að ræða af gengislækkun. Telja má alveg víst, að áhrif gengislækkunarinnar á rekstur togaranna verði þau, að þeir sæki í auknum mæli í útsiglingar með ísvarinn fisk. Áhrif þess yrðu stórminnkuð atvinna í fiskiðnaði landsins og stórminnkandi gjaldeyrisöflun.

Fiskkaupendur. Sú meginbreytinng yrði með setningu þessara laga á viðskiptum fiskiskipanna og fiskkaupenda (frystihúsanna o. fl.), að fram að þessu hefur með lögum eða opinberum samningum verið gengið frá því verði, sem fiskiskipin hafa átt að fá fyrir fiskinn, og jafnframt hvaða verð fiskkaupendur fengju í sinn hluta. Þannig hefur sú regla gilt, að bátarnir hafa fengið 31.7% af útflutningsbótunum og frystihúsin 48.3%. Nú verður sú breyting samkvæmt frumvarpinu, að fiskkaupendur eða aðrir útflytjendur vörunnar fá raunverulega allar útflutningsbæturnar eða allt söluverðið á hinu nýja gengi. Breytingin verður sú, að frystihús fær raunverulega gamla útflutningsverðið + 135% hækkun gjaldeyrisins, en áður fékk það útflutningsverðið + 48.3% hækkun gjaldeyrisverðsins. Engin ákvæði eru í frumvarpinu um það, hvað fiskkaupandinn á að greiða fiskiskipinu fyrir aflann. Sú hætta er því á, að fiskkaupendurnir stingi í sinn vasa meginhlutanum af þeirri hækkun, sem þeir fá vegna gengislækkunarinnar. Þegar gengislækkunin var samþ. 1950, fór það einmitt á þann veg. Þá var talið, að fiskverðið til bátanna ætti að hækka um 18 aura á kg. Reynslan var sú, að engin verðhækkun kom til bátanna.

Launakjör sjómanna. Þó að ráðgert sé, að fiskverð hækki allmikið, eða í kr. 2.50 á hvert kg af þorski, er þess þó stranglega gætt í frumvarpinu, að fiskverð til sjómanna skuli alls ekki hækka. Þannig á áfram að reikna bátasjómönnum aflahlut úr kr. 1.66 fyrir hvert kg, þó að verðið til bátanna verði kr. 2.50.

Nú er það öllum ljóst, að kaup sjómanna hefur verið of lélegt að undanförnu. Af því hefur svo leitt það, að nægilega margir sjómenn hafa ekki fengizt á fiskiskipin. Til þess að koma í veg fyrir mestu vandræðin af sjómannaskortinum hefur verið leitað til erlendra sjómanna, og á þann hátt hefur verið hægt að koma í veg fyrir það, að margir tugir fiskiskipa vorra lægju ónotaðir á sjálfri vetrarvertíðinni.

Það sýnist harla einkennileg ráðstöfun til viðreisnar efnahag þjóðarinnar að lækka raunverulega laun sjómanna og gera ókleift með öllu að fá erlenda sjómenn á flotann. Eitt af því nauðsynlegasta, sem gera þurfti, var einmitt að bæta kjör sjómanna og fá þannig fleiri menn til þess að vinna beint að gjaldeyrisöfluninni.

Undirstöðurnar að tillögum sérfræðinganna eru veikar. Of mikið er úr því gert, hve erfitt þjóðinni verði að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af erlendum

skuldum á árunum 1960—62. Og strax eftir þau ár minnkar það hlutfall stórum. Strax eftir 1962 fer „hættulega“ hlutfallið niður í svipað og var fram að 1958 og verður eðlilegt. Og þó ber að gæta þess, að þjóðin er færari um að standa undir greiðslu vaxta og afborgana, er nema 5.7% af gjaldeyristekjunum, 1958 en hún var að standa undir 3.2% 1951, sökum þess að lánin, sem aukið hafa afborganir og vexti, fóru að mestu til framleiðsluaukningar.

Og hver er ástæðan til þess, að svona mikið þarf að borga til útlanda 1960—62?

Ástæðan er aðallega sú, að verið er að borga báta, sem greiðast upp á 2—4 árum, en eru óðum að koma til landsins. Og þessir bátar afla venjulega jafnmikils í gjaldeyri á ári og þeir kosta sjálfir.

Það er því engin ástæða til neins ífafárs eða örþrifaráða.

Ég hef nú sýnt, hver hætta væri á ferðum, ef þetta frv. væri samþykkt.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. febr. 1960.

Einar Olgeirsson.

Ed. 101. Frumvarp til laga [57. mál]

um orlof húsmæðra.

Flm.: Auður Auðuns, Katrín Smári, Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðssambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

3. gr.

Fjár þess, er orlofsnefndir hafa til ráðstöfunar, skal aflað með þessum hætti:

1. Sérhver húsmóðir frá 18—65 ára aldri skal greiða árlega í orlofssjóð 10 krónur. Ef verðgildi peninga breytist, skal breyta gjaldinu í samræmi við það. Skal gjald þetta innheimt af sýslumönnum og bæjarfógetum — í Reykjavík af tollstjóra — um leið og á sama hátt og skattar til ríkisins eru innheimtir.
2. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.
3. Með framlögum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Með framlögum ríkisins.

Að því er varðar framlög samkvæmt 4. lið, skal félagsmálaráðuneytið sjá um skiptingu þeirra milli orlofssvæða. Framlag ríkisins skal vera jafnt orlofsframlagi kvenna samkvæmt 1. lið.

4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 10—14 dagar.

5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Fé, sem aflað er með þeim hætti sem í 1., 3. og 4. lið 3. gr. segir, skal úthlutað til orlofsnefnda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Skylt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningsskilum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum stjórnar Kvenfélagasambands Íslands, sem hefur samið — eða látið semja — frumvarpið.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartill. við frumvarpið og fylgja breytingartill., er fram kunna að koma frá öðrum.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá stjórn Kvenfélagasambandsins:

„Við 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að héraðssambönd kvenfélaga um allt land skipuleggi orlof, hvert á sínu svæði, og að hvert héraðssamband ákveði, hvort það verður eitt orlofssvæði eða sambandssvæðið skiptist niður í fleiri orlofssvæði. Hvarvetna þar, sem orlofsnefnd er komið á fót, skal jafnframt ákveða starfssvæði hennar. Á nokkrum stöðum á landinu eru mæðrastyrksnefndir starfandi, og hafa þær m. a. unnið að því að koma á hvíldarvikum fyrir konur. Ætlazt er til þess, að orlofsnefndir leiti samstarfs við mæðrastyrksnefndir, þar sem þær eru starfandi.

Við 2. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 3. gr.

Þessi gr. er um það, hvernig fjár skuli aflað til húsmæðraorlofs. Hér er um það nýmæli að ræða í orlofsmálum, að sú stétt, sem orlofsins á að njóta, húsmæðurnar, leggur sjálf af mörkum ákveðna fjárhæð árlega til þess að standa undir kostnaði. Nú munu vera á landinu öllu um það bil 32 þúsund konur, sem greiða mundu gjald skv. 1. lið gr., og er ætlazt til þess, að hvert orlofssvæði njóti þessa fjár sem og framlags ríkisins í hlutfalli við fjölda þeirra kvenna, sem á orlofssvæðinu eru. Fé, sem aflast skv. 2. lið gr., tilheyrir að sjálfsögðu hverju orlofssvæði, og framlög bæjar- og sveitarfélaga mundu einnig aðeins falla til tilsvarandi svæðis. Gert er ráð fyrir, að félagsmálaráðuneytið skipti framlagi ríkisins milli orlofssvæða í hlutfalli við tölu þeirra kvenna, sem greiða gjald skv. 1. lið.

Við 4. gr.

Hér segir, hverjir eigi rétt til orlofsfjár. Nær rétturinn til allra kvenna, giftra og ógiftra, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Samkvæmt þessu skulu eiga rétt til orlofsfjár konur, sem að einhverju leyti vinna utan heimilis, ef þær aðeins ekki fá laun sem ráðskonur eða húsmæður á heimilinu. Gert er ráð fyrir heimild til þess, að kona geti fengið orlofsfé vegna barna, svo að hún geti tekið barn sitt eða börn með sér í orlof, þegar nauðsynlegt eða heppilegt þykir. Er það orlofsfé helmingur á móti því, sem kona fær, fyrir hvert barn.

Orlofstíminn er ákveðinn 10—14 dagar með tilliti til þess, að um verulega hvíld geti verið að ræða.

Við 5. gr.

1. mgr. segir til um, hvað skuli hafa til hliðsjónar, þegar orlofsfé er veitt, og skýrir gr. sig sjálf að því leyti.

2. mgr. 1. málsl. er skýring á 3. gr., og í síðari málsl. er tekið fram, að safna megi í orlofssjóði milli ára, ef ástæða þykir til. Slíkar ástæður geta verið margvíslegar, t. d. ef þannig hagar til, að konur komist ekki frá heimilum sínum, en hægt sé að finna möguleika til þess, að þær komist að heiman síðar. Einnig gæti oft verið mjög nauðsynlegt, að eitthvert fé sé í orlofssjóði, ef kona þarf á sérstöku orlofi að halda vegna veikinda eða erfiðra heimilisástæðna.

Við 6. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 7. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringar.“

Enn fremur fylgdu frumvarpinu eftirfarandi útdrættir um það, hvernig unnið er að húsmæðraorlofum í nágrannalöndunum:

„1. Danmörk.

Þar starfar fyrir allt landið húsmæðraorlofsnefnd, sem er skipuð fulltrúum frá 16 félagasamtökum, þar á meðal fulltrúum allra stjórnmálaflokka landsins.

Orlofsnefndin vinnur að því:

a. að útvega frá opinberum aðilum fé til húsmæðraorlofa,
b. að veita húsmæðrum orlof, eftir því sem mögulegt er, og reyna að tengja fræðslu- og menningarstarf við þessi orlof,
c. að reyna að koma á löggjöf til stuðnings þessu starfi.

Samkvæmt skýrslu húsmæðraorlofsnefndar fyrir árið 1954 hefur starfið verið þríþætt:

1. að gangast fyrir orlofum fyrir mæður og börn á gististöðum,
2. að gangast fyrir orlofum fyrir mæður með eða án barna á sveitaheimilum,
3. að styðja að orlofsferðum innanlands, annaðhvort með styrk til dvalar eða án slíks styrks.

Húsmæðurnar senda umsóknir til orlofsnefndarinnar, og er valið úr þeim, þannig að þær konur, sem helzt eru taldar þurfa á orlofinu að halda, ganga fyrir.

Orlofin eru styrkt þannig, að húsmæður, sem sjálfar útvega sér dvalarstað, fá ferðakostnað og sumar þeirra ⅓ hluta dvalarkostnaðar, en hinar, sem fá orlof, sem nefndin sér um, fá greitt ⅔ hluta kostnaðar.

2. Noregur.

Húsmæðrasamband Noregs hefur starfandi orlofsnefnd, og skal hvert samband og félag, sem vill taka þátt í orlofsstarfinu, hafa orlofsnefnd innan vébanda sinna.

Rétt til húsmæðraorlofs hafa giftar og ógiftar konur, sem veita heimili forstöðu án sérstakra launa.

Félögin eiga að sjá um það, að húsmæður, sem af sérstökum ástæðum, t. d. vegna ómegðar, veikinda á heimilinu, heilsuleysis, mikillar vinnu, aldurs o. þ. h. og hafa þörf fyrir fjárhagslegan stuðning, taki þátt í orlofum. Það má ekki vera skilyrði fyrir styrk til orlofs, að konan sé félagsbundin.

Það er aðeins veittur styrkur fyrir orlof, sem eru til hvíldar og hressingar, en ekki til langra ferða, námskeiða o. þ. h.

Fyrir hverja konu, sem fær 14 daga ókeypis orlof, greiðir ríkissjóður kr. 110.00 og tilsvarandi minna fyrir færri daga. Orlofið má ekki vera skemmra en 7 daga. Einnig er veittur styrkur fyrir hvert barn, sem húsmóðirin hefur með sér, helmingur á móti því, sem veitt er vegna konu.

Félögin eru skyldug til þess að leggja fram það, sem vantar til þess, að ríkisframlagið nægi fyrir orlofinu.

3. Svíþjóð.

Þar eru lög um aðstoð ríkisins vegna hvíldar og hressingar fyrir mæður og börn. Það, sem ríkið styrkir, er eftirfarandi:

1. Ferðir fyrir börn og gæzlukonur þeirra (mæður) og sömuleiðis fyrir húsmæður, sem hafa minnst 2 börn innan 14 ára aldurs á heimilinu. Það eru barnaverndarnefndir, sem sjá um framkvæmdina á þessu. Fargjöld fást yfirleitt því aðeins greidd, að tekið sé ódýrasta farartæki, sem fáanlegt er á þeirri leið, en ekki nema til þeirra, sem eru undir vissu marki með skattskyldar tekjur og eignir. Þessar hvíldarferðir mega vera minnst 4 vikur fyrir börn og helzt ekki minna en 10 dagar fyrir húsmæður, og þær mega fara til hvaða staðar (innanlands) sem vera skal.
2. Greiddur er ferðakostnaður fyrir börn, gæzlukonur þeirra (mæður) og starfsfólk til barnaheimila (barnekoloni). Það eru einnig barnaverndarnefndir, sem sjá um þetta.
3. Húsmæðraorlofsnefnd skal vera til í hverjum bæ og hverju fylki (sýslu), er sjái um húsmæðraorlof. Ríkið veitir árlegan styrk til húsmæðraorlofa, sem skiptist niður á hin ýmsu fylki, þó þannig, að venjulega er af þessum styrk greidd ákveðin fjárhæð fyrir hverja þá konu, sem fær orlof.
4. Félög og aðrir geta fengið styrk til þess að reka orlofsheimili fyrir húsmæður. Ríkið greiðir til þessara heimila kr. 2.50 fyrir gest á dag. Hægt er að fá ókeypis ferðir til þessara gististaða, ef tekjur og eignir síðasta árs hafa ekki farið fram úr vissu marki. Skólar eru m. a. notaðir yfir sumarið sem orlofsheimili.
5. Eitthvað er byrjað að skipuleggja frí fyrir fjölskyldur.
6. Ríkið leggur fram ákveðna fjárhæð árlega til þess að skipta upp milli húsmæðra vegna undirbúnings undir sumarfrí (til fata o. fl.). Getur sá styrkur numið 50—125 kr. til hverrar konu.
7. Stofnuð hafa verið félög, sem vinna að því að koma börnum fyrir á sveitaheimilum, og hafa félög þessi ríkisstyrk, sem m. a. er varið til þess að greiða með börnum daggjald, sem nemur kr. 1.00 á dag.“

Nd. 102. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til l. um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir f-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

Á greiðslur fyrir annað en útfluttar vörur eða þjónustu, sem íslenzkur banki hefur fengið tilkynningu um frá erlendum banka fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða

yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Við kaup á slíkum gjaldeyri gilda á hliðstæðan hátt ákvæði 1. og 2. málsliðs d-liðs þessara bráðabirgðaákvæða.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um greiðslur samkvæmt 3. gr. laganna.

Nd. 103. Frumvarp til laga [48. mál]

um efnahagsmál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

I. KAFLI

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu miðað við erlendan gjaldeyri skal vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar, og gengi hennar miðað við annan gjaldeyri í samræmi við það. Seðlabankinn skráir sölugengi og kaupgengi erlends gjaldeyris samkvæmt þessu gengi. Kaup- og sölugengi dollars má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir því gengi, sem ákveðið er í 1. málslið þessarar gr., og sama gildir um gengi annars gjaldeyris.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir útflutningssjóður greiðslu hvers konar bóta samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—c. Frá sama tíma falla niður tekjur útflutningssjóðs samkvæmt lögum nr. 33/1958.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið fram að gildistöku þessara laga samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum, skulu fara fram á því gengi, sem gilti áður en lög þessi tóku gildi. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins áður en lögin tóku gildi.

4. gr.

Nú er bankaábyrgð ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 28. janúar 1960 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerast upp á hinu nýja gengi.

5. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum, og skal færa til gjalda á honum hækkun þá í krónum, sem verður á skuldum ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu vegna gengisbreytingarinnar. Á þennan reikning skal sömuleiðis færa þann gengismun, er fram kemur hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er gengisbreytingin kemur til framkvæmda. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Gengismunur, sem myndast, þá er banki hefur fyrir gildistöku þessara laga innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar, sem gerð er upp á hinu nýja gengi (sbr. 4. gr.), skal færður á reikning þann, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu eftir gildistöku þessara laga vegna ákvæðis 3. gr., skal færður á reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum.

6. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr.) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi, og sama gildir um annan erlendan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, ef hann hefur verið greiddur í erlendum gjaldeyri.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi, áður en nýákveðin bráðabirgðastöðvun tollafgreiðslu kom til framkvæmda, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

II. KAFLI

8. gr.

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 5% skatt af fob-verði allra vara, sem fluttar eru úr landi til sölu frá gildistöku laganna. Þetta tekur þó ekki til vara, sem samkv. vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—b.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Andvirði útflutningsskatts samkvæmt þessari gr. skal varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs.

9. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í A—C-liðum 10. gr., skal greiða sérstakt innflutningsgjald til ríkissjóðs, þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri gr. Gjaldið miðast við tollverð vöru eins og það er ákveðið í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 7. gr., að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess.

10. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 40% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 36 í 8. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhússljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 30% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsins, og síðari breytingum á henni, þó ekki af eftirtöldum vörum: þeim, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, nýjum og þurrkuðum ávöxtum í nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár og vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13, 15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 26 í 52. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaísgerðarvélar í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tilteknar vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 30% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 15% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 15% innflutningsgjald:

1. Búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald að einhverju eða öllu leyti af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Einnig er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar, sem teljast til nr. 2 í 72. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er og heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

11. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkvæmt ákvæðum 10. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

12. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir

jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar gr.

13. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt 2. tölulið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 eða önnur lög, er í þeirra stað koma, skal innheimta 6% gjald til viðbótar núgildandi 3% gjaldi til ríkissjóðs.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanrækslu.

14. gr.

Innheimta skal til ríkissjóðs sérstakt gjald af iðgjöldum vátryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, taka til, og skal það nema 10% af iðgjaldsfjárhæðum.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.:

a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20/1954,
b. brunatryggingum á húsum,
c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa,
d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 13. gr.

15. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum samkvæmt d-lið 1. gr. laga nr. 67/1959 eða öðrum lögum, sem í þeirra stað koma, skal innheimta með 200% álagi.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. málsgr. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar, og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

17. gr.

Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzini til viðbótar gjaldi því, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949. Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra, þar af skulu 14 aurar renna í brúarsjóð og 14 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til þess að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald þetta ásamt innflutningsgjaldi því, er um ræðir í lögum nr. 68/1949, og skal um endurgreiðslu gjalds af því benzíni, sem

sönnur eru færðar á að sé notað til annars en bifreiða, fylgt sömu reglum og á hverjum tíma er farið eftir um innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1949.

18. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum (sbr. 1. gr. laga nr. 66/1957 og e-lið bráðabirgðaákvæða þessara laga) skulu frá ársbyrjun 1960 skiptast þannig milli eftirtalinna aðila: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 80%, til Fiskimálasjóðs 13%, til haf- og fiskirannsóknarskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands, 3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 2,25%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 1,75%.

19. gr.

Vitagjald skipa, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða gerð eru út til veiða af landsmönnum, samkvæmt lögum nr. 17/1911, skal á árinu 1960 innheimt með 100% viðauka. Frá ársbyrjun 1961 skal gjald þetta innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skipa í millilandasiglingum samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku laga þessara innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skemmtiferðaskipa samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku þessara laga innheimt með 200% viðauka.

Heimilt er að hækka taxta toll- og sóttvarnarfarartækja.

20. gr.

Lestagjald af skipum samkvæmt lögum nr. 10/1946 skal frá ársbyrjun 1961 innheimt með 500% viðauka.

21. gr.

Gjöld samkvæmt eftirtöldum ákvæðum laga nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skulu frá gildistökudegi þessara laga innheimt með 50% viðauka: I. og VII. kafla, 4. gr., 12. gr., 15.—19. gr., 22. gr., 24.—26. gr., nr. 1—11 í 32. gr. og 35.—37. gr. Afgreiðslugjald skipa, sem koma frá útlöndum, samkvæmt 33. og 34. gr. sömu laga, skal frá sama tíma innheimt með 100% viðauka.

22. gr.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnhá aðflutningsgjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

III. KAFLI

23. gr.

Óheimilt er að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra ráðningar- og verksamninga, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra stofnana og fyrirtækja. Ákvæði í samningum um kaup og kjör, gerðum fyrir gildistöku laganna, um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu, verða ógild, er lög þessi taka gildi, og sama gildir um sams konar ákvæði í launareglugerðum og launasamþykktum stofnana og fyrirtækja.

Nú er þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. ákveðið í samningi stéttarfélaga eftir gildistöku þessara laga, að greidd skuli verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, og er þá slíkt ákvæði ógilt, og hlutaðeigandi vinnuveitendum er óheimilt að fylgja því.

24. gr.

Frá 1. apríl 1960 er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Við ákvörðun þess, hve mikil þessi hækkun sé og

hvenær hún skuli koma til framkvæmda að því er snertir einstaka kostnaðarliði í verðlagsgrundvellinum, skal fylgja ákvæðum 2. og 3. málsliðs 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 68/1959.

25. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli bátasjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar um skiptaverð til bátasjómanna á þorskveiðum, skal miða aflahluti við það skiptaverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa. Jafnframt skal við útreikning á aflahlutum eftir gildistöku laga þessara reikna þá liði, sem greiðast af óskiptu samkvæmt gildandi samningum við upphaf yfirstandandi vetrarvertíðar, á því verðlagi, sem var fyrir gildistöku laganna.

26. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir um aflaverðlaun togarasjómanna milli þeirra annars vegar og togaraútgerðarmanna hins vegar, skal miða við það fiskverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa.

27. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku þessara laga setja nýjar reglur um álagningu í heildsölu og smásölu á innfluttum vörum, er miðist við það, að álagning í krónum hækki ekki nema sem svarar beinni hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað, nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna. Sama gildir um aksturstaxta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um flutningsgjöld skipa og flugvéla.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu.

IV. KAFLI

29. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán úr Evrópusjóðnum, samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, allt að 12 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldeyri. Jafnóðum og notað er fé af slíku láni eða lánum, skal krónuandvirði þess lagt á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Eigi má nota fé á þessum reikningi til annars en til endurgreiðslu láns úr Evrópusjóðnum.

30. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1.5 millj. dollara í 11.25 millj. dollara, og á kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 2.0 millj. dollara í 15.0 millj. dollara. Til þess að standa straum af framlögum Íslands til þessara stofnana heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá Seðlabankanum, er jafngildi samtals allt að 11.05 millj. dollara.

V. KAFLI

31. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og skulu þau gefin út á ný með áorðnum breytingum, þegar þessi lög hafa öðlazt gildi.

1. gr. laganna orðist svo:

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

2. gr. laganna orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að áskilja ársvexti af öðrum skuldum en þeim, er greinir í 2. gr., jafnháa og almennir útlánsvextir eru hæstir á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, hjá bönkum og sparisjóðum, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, eða breytilega í samræmi við þá vexti.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75/1952, um breyting á lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði, sbr. lög nr. 40/1955. Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 41/1946. Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði, sbr. lög nr. 48/1957. Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), sbr. lög nr 42/1957. Byggingarsjóði verkamanna, sbr. lög nr. 36/1952. Raforkusjóði, sbr. lög nr. 12/1946 og lög nr. 58/1949.

33. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63/1957 skulu ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

VI. KAFLI

34. gr.

Ríkisstjórnin í heild fer með framkvæmd þessara laga.

35. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja, með reglugerðum eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og 3. gr. laga nr. 105/1951, um breyting á þeim lögum. Enn fremur 30. gr. laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, eins og hún varð með breytingu í 5. gr. laga nr. 112/1950. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð

o. fl., þó ekki VIII. kafli laganna. Þá falla og úr gildi eftirtalin ákvæði í lögum nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.: 6. gr., fyrri málsgr. 8. gr. og 3. málsliður 1. málsgr. 9. gr. Þá er og felld úr gildi 2. gr. laga nr. 66/1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, a-liður 1. gr. og a-liður 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 34/1959, um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, og lög nr. 75/1952 (sbr. síðustu málsgr. 31. gr.). Loks eru felld úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

VII. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

a. Útflutningssjóður skal starfa áfram fyrst um sinn vegna skuldbindinga sjóðsins samkvæmt lögum nr. 33/1958, en er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkisstjórnarinnar, skal stjórn sjóðsins og skrifstofa lögð niður og Seðlabankanum falið að annast endanleg reikningsskil útflutningssjóðs.

b. Á útfluttar vörur framleiddar á tímabilinu frá 15. maí 1958 og til 15. febrúar 1960 að þeim degi meðtöldum skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Á útfluttar vörur framleiddar fyrir 15. maí 1958 skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr. sömu laga. Á útfluttar landbúnaðarvörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skal þó greiða bætur samkvæmt 2. málsgr. 9. laga laga nr. 68/1959, um viðauka við lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

c. Á erlendan gjaldeyri til greiðslu á þjónustu, sem innt var af hendi fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

d. Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, sem framleiddar voru fyrir 16. febrúar 1960, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti áður en hið nýja gengi samkvæmt 1. gr. kom til framkvæmda. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á nýju gengi skal færður til tekna á reikningi útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum. Sama hátt skal hafa á við kaup á gjaldeyri fyrir þjónustu, er um ræðir í c-lið þessara bráðabirgðaákvæða.

e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957 á sjávarafurðum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skal innheimt með 65% viðauka og miðað við fob-verð vara reiknað á eldra gengi, sbr. ákvæði 2. málsliðs 1. málsgr. 8. gr. og ákvæði 18. gr. Eftirtalin gjöld á útfluttum vörum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skulu miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi: 1‰ útflutningsleyfisgjald samkvæmt reglugerð nr. 109/1948, hlutatryggingasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 48/1949, 2% gjald af saltsíld til Síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952.

f. Við yfirfærslu á launum erlendra ríkisborgara fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960 skal skulda reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum fyrir þeim hluta krónuandvirðis hverrar yfirfærslu sem svarar hækkun erlends gjaldeyrisgengis samkvæmt þessum lögum umfram 55%. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessu skulu hafa borizt fyrir lok marzmánaðar 1960. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessum ákvæðum.

g. Á greiðslur fyrir annað en útfluttar vörur eða þjónustu, sem íslenzkur banki hefur fengið tilkynningu um frá erlendum banka fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Við kaup á slíkum gjaldeyri gilda á hliðstæðan hátt ákvæði 1. og 2. málsliðs d-liðs þessara bráðabirgðaákvæða.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um greiðslur samkvæmt 3. gr. laganna.

Nd. 104. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jónasi G. Rafnar og Garðari Halldórssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:
Fyrir orðin „til Akureyrar“ í C. 1 komi: um Akureyri.

Ed. 105. Breytingartillaga [49. mál]

við frv. til laga um eignarnámsheimild á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi setning:
Andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju.

Nd. 106. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Jónasi Péturssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Framan við 1. tölul. komi nýir töluliðir:
   1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
      Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
   2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
      Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt og Baldurshaga að Borg.

b. Við greinina bætist nýir töluliðir:
   1. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
      a. *Gunnarsstaðavegur:* Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
      b. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
      c. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár að Másseli.
   2. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
   3. Á eftir D. 6 komi nýr liður:
      Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar, um Fagurhól, Ljótsstaði á Strandaveg hjá Torfastöðum.
   4. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
   5. D. 9 orðist svo:
      Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og á Jökuldalsveg hjá Hákonarstöðum.

6. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
7. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
   a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
   b. *Rauðholtsvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
8. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
9. Á eftir D. 14 komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn að Skógargerði.
10. D. 17 orðist svo:
    Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
11. D. 20 orðist svo:
    Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.
12. Á eftir D. 27 komi nýr liður:
    Karlsskálavegur: Af Vaðlavíkurvegi að Karlsskála.
13. D. 28 orðist þannig:
    Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Víðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
14. D. 36 orðist svo:
    Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.
15. Á eftir D. 38 komi nýr liður:
    Þvottárvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri að Þvottá.

Nd. 107. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Benedikt Gröndal.

Framan við efnislið 1. gr. koma nýir liðir:

1. Á eftir B. 46 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Kleifár í Miklaholtshreppi að Borg.
2. Á eftir B. 63 komi nýr liður:
   Drangavegur: Af Skógarstrandarvegi vestan Hrappsár að Dröngum.

Ed. 108. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með því, að efri deild samþykki frumvarp þetta, sem lagt er fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er gefin voru út til að heimila ráðherra

að gefa út leyfi handa Ólafsvíkurhreppi til þess að láta fyrir lok febrúar 1960 leggja á útsvör, sem hreppsnefndin hafði allt gjaldárið 1959 vanrækt að jafna niður, en sveitarsjóður getur af skiljanlegum ástæðum ekki án verið.

Þótt vanræksla sveitarstjórnarinnar sé mjög ámælisverð og megi alls ekki skapa fordæmi, telur nefndin rétt byggðarlagsins vegna, að Alþingi fallist á að veita niðurjöfnunarheimildina.

Alþingi, 16. febrúar 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.
Alfreð Gíslason. Auður Auðuns.

Ed. 109. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar (JÞ, MJ og ÓB) mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (BjörnJ og KK) tjá sig frv. andvíga og munu skila sérálitum.

Verðbólga og gjaldeyrisskortur hafa verið megin vandamál íslenzks efnahagslífs um langt skeið. Verðbólgan hefur orsakað óeðlilega gjaldeyriseftirspurn og gjaldeyrisnotkun, en það hefur aftur leitt af sér sívaxandi skuldasöfnun erlendis. Samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, er greiðslubyrði íslenzku þjóðarinnar gagnvart útlöndum nú orðin þyngri en vitað er um nokkra aðra af þjóðum heimsins, að einni eða tveimur undanskildum.

Ef halda ætti núverandi uppbótakerfi áfram, yrði annaðhvort að leggja á háa nýja skatta, sem yrðu þungbærari en þær álögur, er frv. gerir ráð fyrir, eða taka enn stórfelld erlend lán til innflutnings miður nauðsynlegs hátollavarnings. Í báðum tilfellum væri aðeins tjaldað til einnar nætur, og teljum við fullkomið ábyrgðarleysi að halda áfram á þeirri braut, þótt það væri af öðrum ástæðum fært, sem ekki er heldur að okkar áliti þar sem engin slík lán mundu fáanleg. Við teljum því ekki aðra leið færa í þessum efnum en þá, sem í frv. felst, en hún er í því fólgin, að skráningu íslenzkrar krónu er breytt þannig, að hægt sé að afnema uppbóta- og styrkjakerfið og komast hjá áframhaldandi greiðsluhalla við útlönd. Jafnframt er í þessu frv. og öðrum, sem gert er ráð fyrir að lögð verði fyrir Alþingi á næstunni, gert ráð fyrir samræmdum aðgerðum í peningamálum, fjármálum og tryggingamálum til þess að stöðva verðbólguna og koma í veg fyrir, að sú kjaraskerðing, sem óhjákvæmileg er í bili vegna minni lánsfjárnotkunar, bitni á þeim, er minnsta getu hafa til að bera hana, svo sem barnafjölskyldum og elli- og örorkustyrkþegum.

Hið nýja efnahagskerfi ætti einnig að okkar áliti að leiða til aukningar framleiðsluafkasta, er innan skamms ætti að geta bætt upp þá kjaraskerðingu, er ráðstafanirnar hafa í för með sér í bili.

Afleiðing þess að halda áfram á sömu braut og verið hefur, hlyti að okkar áliti að leiða til greiðsluþrots íslenzkra banka gagnvart útlöndum, þannig að skammt yrði að bíða almenns skorts á innfluttum nauðsynjavörum og hráefnum, en slíkt mundi bráðlega hafa í för með sér tilfinnanlegt atvinnuleysi.

Við lítum því svo á, að öll skynsamleg rök hnígi að því, að í þessum efnum sé aðeins ein leið fær, sú, er í þessu frv. felst.

Alþingi, 17. febr. 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Nd. 110. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni og Garðari Halldórssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr töluliður:
Á eftir C. 77 komi nýr liður:
Tunguselsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.

Ed. 111. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt. Megintilgangur þess og annarra þeirra aðgerða í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem jafnframt eru boðaðar af núverandi ríkisstjórn, er sá að skerða kaupgetu íslenzkra launamanna og lækka þannig lífsstig mikils meiri hluta þjóðarinnar. Aðferðir þær, sem skv. þessu frv. á að beita til þess að ná þessu markmiði, eru í höfuðatriðum þessar:

1. Gengisfelling, sem leiðir af sér meðalhækkun alls selds gjaldeyris um 66%, þegar frá hafa verið dregin niðurfelld yfirfærslugjöld, og í kjölfar hennar stórfelld hækkun farmgjalda og hvers konar dreifingarkostnaðar að viðbættri nýrri skattheimtu til ríkissjóðs, sem nemur a. m. k. 400 millj. kr.
2. Vextir verða hækkaðir stórlega eða um allt að 50% og með þeim hætti dregið úr hvers konar framkvæmdum, mannvirkjagerð, byggingu íbúðarhúsa, stofnun atvinnufyrirtækja, jafnframt því sem öllum atvinnurekstri eru bundnir þungir fjötrar um fætur.

   Í þeim tilgangi að gera vaxtahækkunina sem virkasta er svo gripið til þess, auk þess sem bankavextir verða hækkaðir, að heimila ríkisstjórninni að breyta með einföldum tilskipunum og að vild sinni gildandi löggjöf um alla lánasjóði atvinnuveganna svo og lögum um byggingarsjóð sveitabæja, byggingarsjóð ríkisins og byggingarsjóð verkamanna. Um þetta fjallar 32. gr. frv.

   Þessi frumvarpsgrein er ekki aðeins hættuleg atvinnuvegunum og byggingarframkvæmdum í landinu, heldur er með henni upp tekin gerræðisfull aðferð til breytinga á lögum, aðferð, sem á enga stoð í þingræðisvenjum.
3. Útlán banka, hvort heldur er til rekstrar atvinnuveganna eða framkvæmda, eiga að standa í stað eða minnka, enda þótt hin gífurlega verðlagshækkun krefjist hundruð milljóna aukins rekstrarfjár, ef ætlazt er til, að atvinnuvegirnir verði reknir hindrunarlaust. Ekki er annað sýnilegt en þessi yfirlýsta ákvörðun bjóði heim algerri stöðvun í ýmsum greinum og hindri með öllu eðlilega og nauðsynlega aukningu framleiðslunnar.
4. Með ákvæðum 23. gr. frv. á að lögfesta bann við því, að verkamenn, sjómenn og aðrir launamenn geti eða megi semja við atvinnurekendur um verðlagsuppbætur á laun eða nokkra aðra vernd gegn því gífurlega flóði dýrtíðar og verðbólgu, sem óhjákvæmilega skellur yfir vegna framangreindra aðgerða. Þetta bann á að tryggja það, að verðhækkanirnar jafngildi hreinni kauplækkun.

   En lögfesting þessa banns gegn greiðslu verðlagsuppbótar á laun er ekki aðeins bein eða einangruð hagsmunaskerðing, heldur einnig og ekki síður alvarlegasta árás á grundvallarréttindi verkalýðshreyfingarinnar og allra skjólstæðinga hennar, sem gerð hefur verið um langan aldur. Með slíku banni og ógild-

ingu lögmætra samninga eru launamenn sviptir mannréttindum, sem ósamboðið er nokkurri ríkisstjórn í lýðfrjálsu landi að skerða eða skemma, mannréttindum, sem verkalýðshreyfingin getur ekki þolað að séu afnumin, hvorki með lögum né ólögum.

Með slíku gerræði, sem bannið gegn samningum um verðlagsbætur er, er farið út á þá braut, sem enginn fær séð fyrir, út í hvert óefni leiðir, ef ekki er þegar spyrnt við fótum. Næsta skrefið gæti orðið að banna aðrar kauphækkanir eða jafnvel ráðskast með kaupkjald með tilskipunum. Og að því kann að vera stefnt með þeirri eðlisbreytingu, sem nú er gerð á hinum miklu niðurgreiðslum á ýmsum vörutegundum.

Skv. 28. gr. frv. er ríkisstjórninni **heimilað** að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru eða þjónustu, og er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslurnar geti numið allt að 302.9 millj. kr. skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi. Niðurgreiðslur þessar hætta nú að hafa nokkur áhrif á kaupgjaldið. Þótt dregið sé úr þeim eða þær felldar niður, breytist kaup ekki. Við núverandi aðstæður jafngildir 28. gr. frv. því, að ríkisstjórnin hafi vald til að breyta **raunverulegu kaupgjaldi** með tilskipunum.

5. Frv. og efnahagsaðgerðirnar í heild fela í sér sérstaka og hættulega árás á atvinnulíf sjávarþorpanna og kaupstaðanna víða um land og allra þeirra, sem þar byggja afkomu sína á sjávarútvegi, auk þess sem sérstaklega er að því stefnt að hindra eðlilegar og nauðsynlegar framkvæmdir og atvinnuuppbyggingu.

Lánsfjárhöft og lögbundið okur koma alveg sérstaklega hart niður á atvinnuvegunum í þeim landshlutum þar sem einkaauðmagnið er að mestu eða öllu flúið af hólmi. Vaxandi athafnalíf á Norður-, Vestur- og Austurlandi hefur á undanförnum árum einvörðungu byggzt á framtaki bæjarfélaganna, almennings og félítilla athafnamanna og margvíslegri aðstoð ríkisvaldsins. Alla opinbera aðstoð við atvinnuuppbygginguna á nú að skerða eða stöðva, en jafnframt að seilast ránshendi að því takmarkaða sparifé, sem til verður í þessum byggðarlögum. Afleiðing þessa getur sú ein orðið að stöðva atvinnuuppbygginguna.

Að smáútgerðinni, sem víða er undirstaðan að afkomu sjávarbyggðanna, er sérstaklega vegið með afnámi þeirra sérstöku bóta, sem veittar hafa verið til þess að jafna aðstöðu hennar miðað við annan útveg. Með þessum hætti verður fyrir því séð, að fiskverð til smáútvegsmanna stórlækkar þrátt fyrir hinn gífurlega aukna útgerðarkostnað, sem af gengisfellingunni leiðir. Kann þetta að leiða til algerrar stöðvunar á veiðum á sumum árstímum, en a. m. k. til stórfelldrar kjaraskerðingar hjá fiskimönnum umfram aðra.

Í kjölfar hinnar minnkuðu kaupgetu og framkvæmdagetu atvinnuveganna hyggst ríkisstjórnin geta minnkað vöruinnflutning til landsins niður í 960 millj. kr. á þessu ári, eða um 207 millj. kr. frá því, sem hann varð 1958. Hefur hún látið hagfræðinga sína gera áætlun um þetta. Gert er t. d. ráð fyrir, að innflutningur byggingarefnis lækki um 35 millj. kr., en það svarar til gjaldeyriskostnaðar við 500—800 íbúðir, og ennfremur, að innflutningur rekstrarvara sjávarútvegs og landbúnaðar minnki um 7—8% þrátt fyrir hina miklu aukningu, sem orðin er á fiskiskipastólnum, og þar af leiðandi mjög aukna þörf rekstrarvara. Sannar þetta, að ríkisstjórnin stefnir vitandi vits að og reiknar með stórfelldum atvinnulegum samdrætti, rekstrarstöðvunum og atvinnuleysi, en í því er hættulegasta kjaraskerðingin fólgin og um leið geigvænleg hætta á því, að framleiðslan minnki og þjóðarbúið verði ófært um að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart öðrum þjóðum.

Í heild er frv. stríðsyfirlýsing á hendur verkalýðshreyfingunni, hótun um það að eyðileggja árangur af áratuga baráttu hennar fyrir atvinnuuppbyggingu, mannréttindum og bættum lífskjörum. Slíkri stríðsyfirlýsingu getur verkalýðshreyfingin ekki svarað nema á einn veg, þann að hindra, að þessi hótun geti orðið að staðreynd í lífi íslenzkrar alþýðu. Mótmælum hennar rignir nú yfir hv. Alþingi, eins og nokkur

meðfylgjandi sýnishorn af samþykktum, flestum eða öllum einróma gerðum, sanna. Ég vara við að hafa þessi mótmæli að engu.

Um einstök atriði þessa máls, sem hér hafa ekki verið rakin, vísa ég til hins ýtarlega nál. 2. minni hl. fjárhagsnefndar neðri deildar (Einars Olgeirssonar).

Alþingi, 17. febr. 1960.

Björn Jónsson.

Fylgiskjal.

Samþykktir verkalýðsfélaga o. fl.

1. Alþýðusamband Íslands.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur verið beðin umsagnar um frumvarp ríkisstjórnarinnar **um efnahagsmál.** Miðstjórnin hefur nú kynnt sér frumvarpið og rætt það á fundi sínum — og leggur eindregið til, að það verði fellt.

Rök miðstjórnar A. S. Í. fyrir þessari afstöðu eru m. a. þessi:

1. Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, er samningsbundinn réttur launþega til hækkandi kaups í vaxandi dýrtíð samkvæmt vísitölu afnuminn með lagaboði.
2. Allir viðurkenna, að mikil verðhækkunaralda skelli yfir þjóðina á næstu vikum og mánuðum vegna þeirrar stórkostlegu gengislækkunar, sem í frumvarpinu er ákveðin, og margra annarra ákvæða frumvarpsins.
3. Þegar launastéttunum er ætlað að bera allar verðhækkanir bótalaust, jafngildir það mikilli kauplækkun, enda mundi kaup íslenzkra verkamanna vera orðið miklu lægra en stéttarbræðra þeirra í nálægum löndum eftir gengislækkunina.
4. Réttmæti slíkrar kjaraskerðingar verður ekki varið, þar sem kaup verkafólks er nú þegar svo lágt, að illgerlegt verður að teljast, að hægt sé að framfleyta meðal-fjölskyldu á tekjum 8 stunda vinnudags.
5. Enn ranglátari er þó slík árás á lífskjör launastéttanna nú, þegar þess er gætt, að þjóðartekjurnar hafa vaxið á seinustu árum og fyllstu rök mæla því með hækkandi launum.
6. Mjög alvarlegum augum lítur miðstjórnin einnig á þau ákvæði frumvarpsins, sem miða að samdrætti atvinnu og framkvæmda í landinu. — Þar koma beinar afleiðingar gengislækkunarinnar fyrst til greina. Verðhækkun byggingarefnis mun t. d. strax draga úr byggingarstarfsemi í landinu og torvelda kaup og öflun atvinnutækja. Hækkaðir vextir auka samdrátt atvinnulífsins enn meir. Og svo er smiðshöggið rekið á stöðvunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum með lánabanni því, sem sett er á bankana, þegar allur atvinnurekstur hlýtur að krefjast aukins lánsfjár, ef ekki á að leiða til mikils afturkipps og samdráttar.

Fær miðstjórnin ekki annað séð en að með þessu sé atvinnuleysinu — geigvænlegasta ógnvaldi alþýðuheimilanna — boðið í bæinn, áður en langt um líður.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi Íslendinga að fella þetta skaðræðisfrumvarp og heitir á alla meðlimi samtakanna að sameinast í baráttunni, sem nú hlýtur að hefjast gegn afleiðingum þess, en fyrir bættum lífskjörum hins vinnandi manns.

2. Verkamannafélagið Dagsbrún.

Trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar telur, að frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, er nú liggur fyrir Alþingi, feli í sér stórfellda árás á lífskjör verkamanna.

Með hinni fyrirhuguðu gengislækkun er hleypt af stað nýju dýrtíðarflóði með skefjalausum verðhækkunum, en jafnframt er afnuminn með lagaboði samningsbundinn réttur verkafólks til dýrtíðaruppbótar á launin samkvæmt vísitölu.

Þetta jafngildir stórfelldri kauplækkun, þar sem verkafólki er ætlað að bera úr býtum sama kaup í krónutölu þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir.

Til viðbótar þeirri árás á lífskjörin, sem í þessu er fólgin, miðar sú stefna, sem í frumvarpinu er mörkuð, ef framkvæmd verður, að stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu og hlýtur að leiða til minnkandi atvinnu og atvinnuleysis og þar af leiðandi til stórlækkaðra tekna alþýðuheimilanna. Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar mótmælir því harðlega frumvarpinu og varar eindregið við afleiðingum þess og skorar á Alþingi að fella það.

Verði frumvarpið að lögum, skorar trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar á alla alþýðu í landinu, til sjávar og sveita, að fylkja sér til einhuga baráttu gegn afleiðingum laganna.

3. Verkamannafélagið Hlíf.

Fundur í stjórn V.m.f. Hlífar, 14. febr. 1960, lýsir andstöðu sinni við frumvarpið í heild, þar sem í því felast stórfelldar kjaraskerðingar og ráðstafanir, sem líklegt er, að leiða muni til samdráttar og atvinnuleysis. Afnám greiðslu dýrtíðaruppbótar á laun eftir kaupgjaldsvísitölu er árás á eitt mikilsverðasta atriði, sem verkalýðshreyfingin hefur knúið fram í samningum við atvinnurekendur, og með afnámi kaupgreiðslu samkvæmt kaupgjaldsvísitölu er verið að svipta verkamenn, sem aðra launþega, þeirri einu tryggingu, sem þeir hafa haft á því að fá kaup í samræmi við verðlag nauðsynjavöru, eins og það er á hverjum tíma, og um leið er afnuminn öruggasti hemillinn á ríkisvaldið um að halda vöruverðinu niðri.

4. Landssamband vörubifreiðastjóra.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Landssambands vörubifreiðastjóra lýsir yfir eindreginni andstöðu við efnahagsmálafrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, og þá ekki hvað sízt þau ákvæði frumvarpsins, sem snerta rekstrarliði í útgerð vörubifreiða.

Samkvæmt athugun munu þær hækkanir, sem af nefndu frumvarpi leiðir, ef að lögum verður, og snerta rekstrargrundvöll atvinnutækja sambandsmeðlima hækka um ca. 30%. Svo sem ljóst má vera, mun slík hækkun útgerðarkostnaðar óhjákvæmilega rýra mjög alvarlega atvinnulega afkomu stéttarinnar.

Þá vill stjórn og trúnaðarmannaráð L. V. eindregið mótmæla 135% álagningu á innfluttar vörubifreiðar, sbr. 16. gr. laga um efnahagsmál, þar sem með því er verið að skattleggja atvinnutæki vörubílstjórastéttarinnar sérstaklega umfram annan innflutning.

Jafnframt varar stjórn og trúnaðarmannaráð L. V. mjög alvarlega við öllum fyrirætlunum af hálfu ríkisvaldsins til hækkunar útlánsvaxta, því að auk þess sem slík ráðstöfun mundi fyrir stétt bifreiðastjóra við öflun nýrra atvinnutækja þýða beina tekjurýrnun, þar sem kaupverð bifreiðarinnar er ekki lagt til grundvallar við kaupútreikning, gera stéttinni með öllu ókleift að endurnýja atvinnutæki sín, þar sem séð er, að auk vaxtahækkananna og fyrrgreindrar nýrrar álagningar muni innkaupsverð vörubifreiða stórhækka sökum gengislækkunarinnar, sem aftur mun leiða af sér stórminnkandi framkvæmdir.

5. Ályktun allra forustumanna verkalýðsfélaganna á Akureyri.

Fundur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri og stjórna verkalýðsfélaganna í bænum, haldinn 12. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi. Fundurinn lítur svo á, að ráðstafanir þessar feli í sér stórfelldari kjaraskerðingu en dæmi þekkist um áður hér á landi og valdi auk þess miklum samdrætti í atvinnulífinu, sem aftur leiðir af sér atvinnuleysi. Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framangreint frumvarp, en taka þess í stað upp stefnu áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og batnandi lífskjara allrar þjóðarinnar.

6. Iðja, félag verksmiðjufólks, Akureyri.

Aðalfundur Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, haldinn 31. janúar 1960, lítur svo á, að að kaup verkafólks sé það lágt miðað við verðlag, að ekki komi til mála að skerða launakjörin frá því, sem nú er. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem miðuðu að því að rýra kjör verkafólks.

7. Alþýðusamband Norðurlands.

Fundur stjórnar Alþýðusambands Norðurlands telur, að núgildandi laun fyrir átta stunda vinnu á dag séu ófullnægjandi tekjur fyrir meðalfjölskyldu, en allt verkafólk, sem á þess kost, hefur brugðizt við þeim vanda með því að leggja á sig miklu lengri vinnudag, þannig að átta stunda vinnudagur er ekki lengur til í framkvæmd víða á landinu. Verkalýðssamtökin verða því á ný að taka upp baráttu fyrir því, að átta stunda vinnudagur verði almennt viðurkenndur og það ekki aðeins í orði, heldur einnig framkvæmd, þannig að launin fyrir átta stundir nægi til þess að veita viðhlítandi lífskjör.

Fundurinn bendir á, að framleiðsla þjóðarinnar og þjóðartekjur hafa um langt skeið farið hraðvaxandi, mikils verið aflað af nýjum atvinnutækjum, tækni við fiskveiðar stóraukizt og landhelgin stækkuð. Allt vekur þetta vonir um áframhaldandi framfarir og bendir ákveðið til þess, að hægt sé að bæta lífskjörin. Fundurinn telur því, að ekki finnist rök fyrir aðgerðum stjórnarvaldanna, sem leiði til samdráttar í atvinnulífinu og versnandi afkomu vinnustéttanna og mundu óhjákvæmilega leiða til ófriðar við verkalýðssamtök landsins. Fundurinn leyfir sér því að vara ráðamenn þjóðfélagsins við því að stofna nú til slíks ófagnaðar, en heitir jafnframt á allan verkalýð landsins að standa sem einn maður vörð um kjör sín og réttindi, hvenær sem á þarf að halda.

8. Verkakvennafélagið Eining, Akureyri.

Aðalfundur Verkakvennafélagsins Einingar, haldinn á Akureyri 7. febr. 1960, lýsir yfir eindreginni andstöðu við frumvarp það um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi, og skorar á alþingismenn að fella frumvarpið og hvaða annað frumvarp, sem fram kynni að koma og boðaði hliðstæðar árásir á lífskjör verkafólks. Fari hins vegar svo, mót von fundarins, að frumvarp þetta verði að lögum, heitir fundurinn á öll verkalýðsfélög landsins að taka höndum saman um að hrinda þeirri árás á lífskjör alþýðustéttanna og berjast jákvæðri baráttu fyrir því, að alþýðan hljóti þann hlut, sem henni ber af sívaxandi þjóðartekjum.

9. Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar.

Fundur Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, haldinn 7. febr. 1960, lítur svo á, að frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi, sé sú stórkostlegasta árás, sem gerð hefur verið á lífskjör alþýðunnar um áratugaskeið. Fyrir því heitir fundurinn á Alþýðusamband Íslands og öll verkalýðsfélög landsins og öll önnur samtök alþýðunnar að sameinast um verndun lífskjaranna og sameiginlega sókn að því marki, að verkalýðurinn hljóti þann hlut, sem honum réttilega ber af þjóðartekjunum.

Fundurinn telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni valda auk beinnar stórfelldrar kjaraskerðingar hættulegum samdrætti í atvinnulífi landsmanna, stöðva eðlilega þróun atvinnuveganna og hindra um árabil frekari framleiðsluaukningu, sem svo mun valda því, að höfuðvágestur alþýðuheimilanna, atvinnuleysið, mun aftur halda innreið sína í landið. Fundurinn bendir á þá staðreynd, að þjóðartekjurnar hafi vaxið mikið síðustu árin. Sú upphæð, sem þjóðin hefur haft til að skipta á milli þegnanna, hefur vaxið, en á sama tíma hefur sá hluti, sem til verkalýðsins kom, minnkað. Það er því skoðun fundarins, að nú beri

að auka kaupmátt launanna, en ekki rýra hann. Fundurinn skorar því á hið háa Alþingi að fella framangreint frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, en taka þess í stað upp stefnu, sem miði að áframhaldandi atvinnuuppbyggingu og bættum kjörum alls almennings. Jafnframt vítir fundurinn það ábyrgðarleysi, að ábyrgir aðilar, þ. á m. ráðherrar, skuli í blekkingarskyni reyna að telja landsmönnum trú um, að sú kjaraskerðing, sem nú er boðuð, nemi aðeins 3%, þegar augljóst er af efni frumvarpsins, að kjaraskerðingin verður margfalt meiri, án þess að tekið sé tillit til þess samdráttar, sem verður í atvinnulífinu og valda mun geigvænlegri kjaraskerðingu en svo, að reiknað verði í prósentum.

10. Iðnnemasamband Íslands.

Iðnnemasamband Íslands mótmælir harðlega þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem leiðir af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og kemur harðast niður á þeim, sem lægst hafa launin. Ástæða er til að vekja athygli á því, að þær bætur, sem ríkisstjórnin í frumvarpi sínu ætlar þeim, sem verst þola kjaraskerðinguna, ná ekki til iðnnema, og þar sem iðnnemar hafa aðeins hluta af kaupi sveina, þá bitnar kjaraskerðingin verr á þeim en öðrum launþegum. Það er vitað mál, að iðnnemar geta ekki lifað af launum sínum einum saman nú fyrir gengislækkunina. Allt bendir því til þess, að næstum ómögulegt muni reynast fyrir ungt fólk að hefja iðnnám í framtíðinni, og miklar líkur fyrir því, að iðnnemar verði annaðhvort að hætta námi eða stofna sér í stórar skuldir. Þessu mótmælir Iðnnemasamband Íslands og varar eindregið við afleiðingum af þessu, ef fram nær að ganga.

11. Sveitarstjórnarfundur í Skútustaðahreppi.

Almennur sveitarfundur í Skútustaðahreppi, haldinn í Skjólbrekku 4. febr. 1960, mótmælir harðlega fyrirhuguðum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, en í þeim felst yfir 100% gengislækkun, aukinn söluskattur, svo að hundruðum milljóna skiptir, hækkun vaxta o. s. frv.

Fundurinn lítur svo á, að þar sem framleiðsla þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri, sem er afleiðing aukinnar tækni og framfara, hefði hagur bænda, verkamanna, sjómanna og alls vinnandi fólks átt að batna stórlega. Með þessum fyrirhuguðu efnahagsaðgerðum verða kjör almennings hins vegar svo freklega skert, að varla eru dæmi til. Fundurinn álítur enn fremur, að sú skerðing á kaupgetu almennings í bæjunum, sem af aðgerðum þessum leiðir, muni óhjákvæmilega draga úr kaupum landbúnaðarframleiðslu, og bitna ráðstafanir þessar því margfaldlega á stétt bænda.

Fundurinn átelur harðlega þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við undirbúning efnahagsaðgerða þessara að hafa engin samráð við fjölmennustu hagsmunasamtök landsmanna, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. Álítur fundurinn, að ýmsar aðrar leiðir hefðu verið færar til lausnar efnahagsmálunum, sem ekki hefðu rýrt kjör almennings eins freklega eða aukið dýrtíð, sem nóg var fyrir, en slíkt munu ráðstafanir þessar óhjákvæmilega gera.

Skorar fundurinn eindregið á hið háa Alþingi að fella framkomið frumvarp ríkisstjórnarinnar um gengislækkun og fleira.

12. Verkalýðsfélag Stykkishólms.

Fundur í trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Stykkishólms, haldinn 14. febr. 1960, samþykkir að mótmæla frumvarpi því um efnahagsmál, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi, þar sem sjáanlegt er, að það mun valda mikilli kjaraskerðingu hjá öllum launastéttum landsins, ef að lögum verður.

Þá vill fundurinn benda á, að ákvæði 23. gr. frumvarpsins um afnám dýrtíðaruppbótar samkvæmt vísitölu afnema mjög mikilvæg réttindi allra launþega.

13. Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi.

Í sem stytztu máli sagt telur stjórn Bjarma, að frumvarpið, ef að lögum yrði, mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér stórfellda lífskjaraskerðingu allrar alþýðu manna. Í kjölfar slíkrar lagasetningar kæmi áreiðanlega stórfelldur samdráttur í atvinnulífi landsmanna, og hinn gamli vágestur alþýðuheimilanna, atvinnuleysið, mundi aftur verða fylginautur verkafólksins.

Stjórn Bjarma telur, að verkalýðshreyfingin hljóti öll að beita sér með sameinuðum mætti til varnar því, að slíkt verði hlutskipti alþýðunnar. Með vaxandi þjóðartekjum, aukinni tækni og framförum í atvinnulífi landsmanna væri hægt að skapa alþýðunni blómleg og batnandi lífskjör. Því verður að hindra það með hverjum tiltækum ráðum, að sú stefna verði upp tekin í efnahagsmálum Íslendinga, sem leiðir til atvinnuleysis og fátæktar, eins og þetta frumvarp, ef að lögum yrði, mundi óhjákvæmilega gera.

Um 23. gr. frumvarpsins vill stjórnin segja þetta:

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því að draga mjög úr líkunum fyrir nokkrum alvarlegum aðgerðum ríkisvaldsins til þess að hafa taumhald á verðbólgunni og jafnframt kippt í burtu því öryggi, sem verkafólkið átti þó í því að fá hækkandi kaup með hækkandi verðlagi lífsnauðsynja, þótt að vísu kæmi alltaf á eftir og oft væri fljótlega eyðilagt með nýjum verðbólguaðgerðum, en var þó þrátt fyrir allt nokkurt öryggi í afkomumálum verkafólksins.

Verkalýðshreyfingin hlýtur því alveg sérstaklega að fordæma þessi gerræðisfullu ákvæði frumvarpsins, sem beint er stefnt að því að þrengja kosti hins vinnandi fólks og hefta frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna.

Stjórn Bjarma mótmælir mjög ákveðið frumvarpinu í heild sem stórfelldri árás á lífskjör alþýðunnar og telur, að enginn alþingismaður, sem telja vill sig fulltrúa vinnustéttanna í þjóðfélaginu, geti léð því atkvæði sitt.

14. Verkalýðsfélagið Stjarnan.

Fjölmennur fundur í Verkalýðsfélaginu Stjarnan, haldinn 14. febr., skorar á Alþingi Íslendinga að fella án tafar frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Verði frumvarp þetta að lögum, áskilur verkalýðsfélagið sér fullan rétt til róttækra aðgerða, og jafnframt skorar verkalýðsfélagið á heildarsamtök verkalýðsins að standa vörð um rétt íslenzkrar alþýðu og fella ríkisstjórnina.

15. Félag blikksmiða.

Fundur í trúnaðarmannaráði Félags blikksmiða, haldinn 8. febr. 1960 að Þórsgötu 1, mótmælir kjaraskerðingu þeirri, er koma skal, ef efnahagsfrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, verður samþykkt.

16. Starfsstúlknafélagið Sókn.

Fundur í stjórn og trúnaðarráði Starfsstúlknafélagsins Sóknar, haldinn 12. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um gengisfellingu íslenzku krónunnar og fyrirhuguðum ráðagerðum í efnahagsmálum, sem mundu skerða kjör vinnandi fólks í landinu.

Fundurinn bendir á, að hlutur launþega í vaxandi þjóðartekjum hefur orðið hlutfallslega minni hin síðari árin og eigi þeir því kröfu á betri kjörum miðað við þjóðartekjurnar.

Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framkomið frumvarp um gengisskráningu o. fl. og gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem miða að því að rýra kjör vinnandi fólks.

Fundurinn skorar jafnframt á verkalýðssamtökin að svara öllum fyrirætlunum um kjaraskerðingu með eindreginni og öflugri samstöðu um verndun lífskjaranna.

17. Verkalýðsfélag Þórshafnar.

Almennur félagsfundur í Verkalýðsfélagi Þórshafnar, haldinn 14. febr. 1960, lýsir andstöðu sinni við framkomu efnahagsmálafrumvarps ríkisstjórnarinnar. Telur fundurinn frumvarpið svo gallað, að ekki verði við unað. Fundurinn telur, að launakjör verkafólks séu það lág, að ekki komi til mála að skerða þau, eins og frumvarp þetta virðist stefna að. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja ekki frumvarp þetta, fyrr en raunhæfar umbætur hafa verið á því gerðar, með víðtækari samvinnu þingflokkanna og stéttarfélaga um land allt.

18. Félag afgreiðslustúlkna.

Fundur í stjórn A. S. B. — Félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkursölubúðum — haldinn 6. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um gengisfellingu íslenzku krónunnar og fyrirhuguðum aðgerðum í efnahagsmálum, sem munu rýra stórlega kjör alls vinnandi fólks í landinu.

Fundurinn bendir á, að hlutur launþega í vaxandi þjóðartekjum hefur orðið hlutfallslega minni hin síðari ár og eiga þeir því kröfu á betri kjörum miðað við þjóðartekjur.

Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framkomið frumvarp um gengisskráningu o. fl. og gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem miða að því að rýra kjör verkafólks.

Fundurinn skorar jafnframt á verkalýðssamtökin að svara öllum fyrirætlunum um kjaraskerðingu með eindreginni og öflugri samstöðu um verndun lífskjaranna.

19. Starfsmannafélag Kópavogs.

Fundur í Starfsmannafélagi Kópavogs, haldinn laugardaginn 13. febr. 1960, mótmælir harðlega efnahagsmálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og telur það leiða til aukinnar verðbólgu, dýrtíðar og kjaraskerðingar, auk samdráttar atvinnulífsins í landinu, sem orsakar minnkandi kaupgetu hvers vinnandi manns.

Um 23. gr. frumvarpsins vill fundurinn eindregið mótmæla afnámi vísitölu á kaup og telur, að með afnámi vísitölunnar sé tekið af launþegum það eina öryggi, sem þeir hafa haft gegn dýrtíðarflóði og vaxandi verðbólgu.

Nd. 112. Breytingartillögur [41. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við 1. gr. bætist:
   4. gr. laganna orðist svo:
2. Framan við 2. gr. bætist:
   5. gr. laganna orðist svo:
3. Framan við 3. gr. bætist:
   6. gr. laganna orðist svo:
4. Framan við 4. gr. bætist:
   7. gr. laganna orðist svo:

5. Framan við 5. gr. bætist:
   8. gr. laganna orðist svo:
6. Framan við 6. gr. bætist:
   Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 9. gr.), svo hljóðandi:
7. Framan við 7. gr. bætist:
   Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 10. gr.), svo hljóðandi:
8. Framan við 8. gr. bætist:
   Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 11. gr.), svo hljóðandi:
9. Framan við 9. gr. bætist:
   Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:
10. 10. gr. orðist svo:
    9. gr. laganna orðist svo:
    Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.
11. Á eftir 10. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
    Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra, ásamt 3. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947, 1.—2. og 4.—6. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, inn í lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.
12. 2. málsl. 11. gr. orðist svo:
    Jafnframt falla úr gildi 1. og 2. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947 og 3. gr. laga nr. 40. 4. apríl 1956.
13. Fyrirsögn orðist svo:
    Frv. til laga um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ed. 113. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta felur í sér fyrirmæli um stórfellda röskun á efnahagslífi þjóðarinnar. Enn fremur eru í því ákvæði um heimildir handa ríkisstjórninni til einræðislegra ráðstafana. Með tillögunum um heimildirnar er ætlazt til, að Alþingi afsali til ríkisstjórnarinnar löggjafarrétti í mikilsverðum atriðum, — og fari inn á flughálar brautir til skerðingar á þingræði.

Í athugasemdum, sem ríkisstjórnin lætur fylgja frumvarpinu, er boðuð önnur lagasetning ýmiss konar í efnislegu samræmi við frumvarpið og því auðvitað fyrir fram slegið föstu, að hún nái fram að ganga í krafti agans í stuðningsflokkum stjórnarinnar. Verður ekki hjá því komizt, þegar tekin er afstaða til frumvarpsins, að hafa líka í huga þessa lagasetningu, að því leyti sem um hann er vitað, svo og hið nýja frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 1960.

Mál þessi hafa verið mikið rædd undanfarna daga í neðri deild og einnig við 1. umræðu í efri deild. Hefur frumvarpið, ásamt framkomnum og boðuðum fylgifiskum, verið ýtarlega gagnrýnt af flokksbræðrum mínum í þeim umræðum. Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd neðri deildar (SkG) skilaði um það rækilega rökstuddu nefndaráliti og sýndi glögglega fram á háskalega galla frumvarpsins og óheillavænlega heildarstefnu þess.

Ég skírskota hér með til þessarar sterku gagnrýni, sem fram hefur komið af hálfu Framsóknarflokksins, og tel, að ég þurfi á færra að minnast í nefndaráliti þessu sökum hennar og geti farið fljótar yfir sögu.

Þó skal á þetta minnzt:

1. Hin mikla gengisfelling, sem ákveðin er skv. 1. gr. frumvarpsins og lækkar skráð gengi ísl. krónu gagnvart erlendri mynt um 132.5%, nær engan veginn því marki, sem tilkynnt var að hún ætti að ná — og talið henni mest til gildis, það er: afnámi bóta- og styrkjakerfisins. Útflutningsuppbótum er lofað á landbúnaðarafurðir. Sá hluti kerfisins, sem kallaður er niðurgreiðslur, vex um 37.9 millj. kr. og verður því yfir 300 millj. kr. á árinu skv. áætlun ríkisstjórnarinnar. Allir vita, að á sumum vörum eru niðurgreiðslurnar orðnar svo miklar, að þær skekkja kerfið og valda misrétti.

   Þrátt fyrir gengisbreytinguna halda að miklu leyti áfram þær álögur, sem áður voru á menn lagðar til þess að jafna skekkju gengisins, en þær eru hins vegar fluttar ásamt verkefnum útflutningssjóðs til ríkissjóðs, — máski í þeirri trú, að minna beri á þeim þar.

   Gengisfellingin er því stórfellt ofanálag á gjaldabyrðar almennings.

2. Gengisfellingin hækkar verðlag erlendra vara í mjög stórum stíl.

   Í athugasemdum við frumvarpið segir, að meðalhækkun innfluttra vara, sem reiknað er með í vísitölunni, muni verða „sennilega um 25%." En hvað er um hinar? Jafnaðarverð segir heldur ekki alla söguna.

   Dæmi:

   Bómullarefni misl., sem mikið er notað, er talið að hækki um 77.4%.
   Gúmmístígvél um 78%.
   Timbur um 47%.
   Hjólbarðar um 44.5%.
   Dráttarvélar um 49.8%.
   Og svona mætti lengi telja.

   Í athugasemdum við efnahagsmálafrumvarpið er gert ráð fyrir hækkun tryggingagjalds, sjúkrasamlagsgjalds, útvarpsgjalds og síðar meir húsaleigu.

   Í fjárlagafrumvarpinu er talað um hækkun símnotagjalda, póstgjalda, daggjalda á sjúkrahúsum o. fl.

   Allir vita, að farmgjöld munu hækka, og hvar skyldi nema staðar? Gert er ráð fyrir verðlagseftirliti. En þegar hækkunarspennan fer af stað, hefur ekkert eftirlit við henni.

   Hyggi svo í veskið sitt hver, sem kaupa þarf.

3. Gert er ráð fyrir, að niður falli sérbætur á verði fisktegunda, sem veiðast hlutfallslega miklu meira austan-, norðan, og vestanlands en annars staðar. Veldur sú niðurfelling miklum tekjumissi við sjávarsíðuna í þessum landsfjórðungum og mun áreiðanlega leiða af sér aukið ójafnvægi í byggð landsins.

   Brtt., sem framsóknarmenn fluttu í Nd. til lagfæringar á þessu, var felld af stjórnarliðinu. Ég mun nú freista þess að flytja þá tillögu í Ed.

4. Sparifjáreigendur verða öðrum fremur hart úti vegna gengisfellingarinnar, því þó að þeim sé heitið einhverri vaxtahækkun, þá segir hún ekkert upp í gengisfallið á sparifénu.

5. Boðuð er lækkun fjárhæða í útlánum og stytting lánstíma. Fer ekki hjá því, að það dragi úr nauðsynlegri uppbyggingu og framförum og þar með atvinnulífi.

6. Boðuð er hækkun útlánsvaxta, — helzt er talað um 12% víxilvexti og aðra útlánsvaxtahækkun að sama skapi. Verður sú ráðstöfun rothögg á framtak margra og kemur almenningi í koll hjá atvinnurekendum, sem geta velt vöxtunum yfir á almenning.

   Ófyrirsjáanlegt er, hvernig fjöldi fólks, sem byggt hefur yfir sig síðustu ár og tekið til þess víxillán eða önnur lán með lausum vöxtum, fer að standa straum af skuldum sínum eftir slíka vaxtahækkun. Var hægt að ætlast til, að þeir byggjust við þessu? Hvenær aðvöruðu núverandi stjórnarflokkar þá?

7. Vaxtahækkunin verður mörgum sparisjóðum stórkostlegt **áfall** og ef til vill sumum **ofraun**. Þeir hafa margir lánað meiri hluta umráðafjár síns með óhreyf-

anlegum vöxtum til margra ára, en verða, þegar vaxtahækkunin skellur yfir, að hækka vexti af innstæðum strax, og það leiðir af sér tap og halla fyrir þá. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið það tillit til þessara stofnana að láta athuga þetta,

Sparisjóðina má telja aflstöðvar atvinnulífsins í umhverfum sínum. Verði starfsemi sparisjóðanna lömuð eða eyðilögð með skyndilegri vaxtahækkun, þá hefir þar verið unnið skemmdarverk í þjóðfélaginu.

8. 32. gr. efnahagsmálafrumvarpsins er um það, að ríkisstjórninni skuli vera heimilt að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá eftirfarandi aðilum: fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði, byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), byggingarsjóði verkamanna, raforkusjóði.

Alþingi sjálft hefur ætíð ákveðið vaxtakjör og lánstíma þessara stofnana, sem eru máttarstoðir hver á sínu sviði. Nú vill ríkisstjórnin, að Alþingi afsali til hennar löggjafarvaldinu að þessu leyti.

Þetta er fjarstæða frá öllum hliðum séð. Hvað er hér í uppsiglingu? Hvað kemur svo næst þessarar tegundar? Hafa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar umboð frá kjósendum sínum til að afsala til hennar þingræðinu?

9. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að hluti af fé innlánsdeilda samvinnufélaga verði fluttur til Reykjavíkur og lagður í banka þar. Þetta er gjörræði við landsbyggðina og blóðtaka. Samvinnufélögin eru efnahagsmálasamtök almennings og öllum opin til þátttöku. Féð, sem almenningur leggur í innlánsdeildirnar, er — ef rétt er á litið — lánsfé til allra, sem við félögin skipta. Samvinnufélögin njóta fjárins við rekstur sinn, sem er í almenningsþágu, og þau nota féð við þátttöku sína í uppbyggingu og sköpun atvinnuskilyrða á verzlunarsvæðinu. Því er haldið fram, að af því að sparifé í innlánsdeildunum sé skattfrjálst, þá sé réttmætt að taka af því til flutnings í bankann í Reykjavík. En það eru ónýt rök. Féð er þar ekki betur komið til þjóðþrifa, — öðru nær, af því að landsbyggðin má ekki við blóðtökunni.

10. Benzínskattur er hækkaður um 34 aura pr. lítra og 50 aurarnir pr. lítra, sem runnu í útflutningssjóð, teknir í ríkissjóð. Aðeins 6 aurar af þessum álögum renni í brúasjóð og millibyggðavegasjóð.

Þetta er slæm ráðstöfun, af því að vega- og brúagerðir kalla ört að og þurfa meira til sín vegna þeirrar dýrtíðar, sem leiðir af efnahagsaðgerðunum.

Framsóknarmenn í Nd. fluttu þar brtt. við þetta, en hún var felld.

Tillagan fól í sér, að ráðstöfun benzínskattsins yrði þannig:

Til brúasjóðs (viðbót) 3 milljónir (6 aurar pr. lítra).

Til millibyggðavegasjóðs (viðbót) 5.5 milljónir (11 aurar pr. lítra).

Til endurbyggingar gamalla þjóðvega (viðbót) 3.5 milljónir (7 aurar pr. lítra).

Til endurbyggingar gamalla brúa (viðbót) 1.5 milljónir (3 aurar pr. lítra).

Til steinsteyptra þjóðvega 5 milljónir (10 aurar pr. lítra).

Ég flyt sömu breytingartillögu til að prófa, hvort ekki finnst meiri hluti í þessu réttlætismáli í Ed.

11. Söluskattur á umsetningu innanlands er hækkaður um 245 millj. kr. og af honum fari 20% til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. — Tekjuskattur er lækkaður um 75 millj. kr.

Fyrst vil ég segja það, að ég er því samþykkur, að sveitarfélögin fái hlutdeild í söluskatti hjá ríkinu. Þeim veitir ekki af því. Hins vegar er enn óvíst, hve réttlátlega hlutdeildinni verður skipt milli sveitarfélaganna, en það er ekki til umræðu í þessu sambandi.

Um söluskattinn sem tekjuöflunaraðferð er það að segja, að reynsla er fyrir því, að hann heimtist illa til ríkisins, því þó að hann verði lagður á alla sölu, eins og lögin gera ráð fyrir, og kaupendur allir greiði hann, verða Hálfdanarheimtur á honum frá seljendum til ríkissjóðsins. Hann verður til að auka dýrtíð

hjá almenningi, en gróða hjá bragðvísum seljendum, því að eftirlitið er svo torvelt.

Sagt er, að tekjuskattur verði felldur niður af almennum launatekjum og nemi sú niðurfelling samtals 75 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Alþýðuflokkurinn barðist seinustu ár fyrir afnámi tekjuskatts og hafði fyrir aðalrök, að svo mikið væri svikið undan skatti hjá þeim gjaldendum, sem kæmu því við, að þessi skattheimta væri ranglát gagnvart hinum gjaldendunum, sem ekki gætu dregið undan í framtölum eða vildu ekki leggja sig í það. Sjálfstæðisflokkurinn tók vel undir þetta.

Nú á að afnema skattinn á almennum launatekjum, einmitt hjá því fólki fyrst og fremst, sem tekjurnar komu allar til framtals hjá, en ekki hjá hinum, sem gefa sjálfir upp tekjur sínar.

Þegar á þetta er litið og það líka, að afnám tekjuskattsins mun vafalaust nema miklu minni upphæð hjá þeim, sem þess nýtur, en lækkunin verður hjá hátekjumanninum, — þá verður allt málið skrýtið og ekki fyrir stjórnarflokkana að stæra sig af því við þá, sem eru minni máttar — og fá söluskattinn og alla dýrtíðina yfir sig eins og krapahríð úr öllum áttum.

12. Í athugasemdum við frumvarpið segir, að hækka eigi elli- og örorkulífeyri um 44%. Er það vel, en verst er hvað mikið er tekið til baka með dýrtíðaraukningunni.

Hækka á fjölskyldubætur og taka upp bætur með 1. og 2. barni, en nú eru þær frá og með 3. barni. Verða þær 2600.00 kr. með barni, hvort sem fátækur eða ríkur á í hlut. Á þetta að vera upp í dýrtíðarvöxtinn að einhverju leyti hjá þessu fólki, en sá galli er á, sem ekki er haft hátt um af stuðningsliði frumvarpsins og höfundum þess, að á 1. verðlagssvæði er hækkunin aðeins 269 kr. fyrir hvert barn, sem er fram yfir 3 börn.

Dýrtíðin leggst þó þyngst á barnmörg heimili að öðru jöfnu.

13. Í greinargerð frumvarpsins er mikið gert úr greiðsluhalla ríkisins við útlönd á síðustu árum. Til þess að gera hann sem mest áberandi í áróðrinum fyrir nauðsyn hinnar stórfelldu gengisfellingar og annarra harkalegra aðgerða um leið, þá eru talin til hættulegs greiðsluhalla lántökur til: Sogsvirkjunar, sementsverksmiðjunnar, skipa- og bátakaupa og hvers konar uppbyggingar. Stofnlán til þessara og þvílíkra framkvæmda, sem tekin eru til langs tíma og ýmist gefa af sér útflutningsafurðir eða spara erlendan gjaldeyri árlega í nútíð og framtíð, er fráleitt að telja til hallalána í ríkisbúskapnum — og með því að gera það er villt sýn í þessum málum.

En dollaralánið, 760 millj. kr., sem ríkisstjórnin ætlar að taka í ár og hafa til þess að metta innflutningsverzlunina, er hún talar um „að gera frjálsa“, er líklegt til „að frjósa fast“ og verða hallalán.

Slík er raunsæin í sambandi við frumvarp þetta.

Hér læt ég lokið upptalningu athugasemdaratriða. Þau hef ég nefnt sem dæmi um galla frumvarpsins og einkenni. Á sérstöku þingskjali flyt ég nokkrar breytingartillögur til vara, ef aðaltillaga mín um frávísun frumvarpsins verður ekki samþykkt. Fyrir þeim tillögum mun ég gera grein í framsögu.

Sný mér nú að framvarpinu í heild og stefnu þess.

Á síðustu áratugum hafa orðið svo miklar breytingar til bóta á lífskjörum manna á Íslandi, að líkast er því, að þjóðin hafi fengið Aladínslampa í hendur. Sá töframáttur, sem hefur verið hér að verki, er félagshyggjan, — samtakamátturinn.

Allar aðalframfarir til almenningsheilla hafa risið á grundvelli félagshyggjunnar.

Það er félagshyggjan, — samstöðukrafturinn, — sem byggt hefur upp framsóknina og bætt almenningshaginn.

Félagshyggjan kom á fót samvinnufélögunum til hagsbóta og jafnréttis í verzlunar- og viðskiptamálum.

Félagshyggjan lét verkamennina stofna verkalýðsfélögin og Alþýðusambandið, og hún lét aðrar stéttir, svo sem bændur, sjómenn og iðnaðarmenn, samhæfa sig um sín velfarnaðarmál með félagssamtökum sínum.

Oft er félagshyggjan og hugarfar hennar, sem ber hag allra fyrir brjósti og vill koma öllum til þroska og gera alla bjargálna menn, kölluð **vinstri stefna.**

Í þeirri merkingu orðsins **vinstri** má fullyrða, að þróun og uppbygging hins íslenzka þjóðfélags á síðustu áratugum hafi verið í **vinstri stíl.**

Og þegar af fullum skilningi er á þetta litið, — nægilega er grandskoðað, — þá liggur ljóst fyrir að þróun hins íslenzka þjóðfélags er komin á það stig, að þjóðfélaginu verður ekki farsællega stjórnað nema með hugarfari félagshyggju og vinstri stefnu, þótt sú stefna verði vitanlega að vera öfgalaus.

Þessi stefna hefur verið Aladínslampinn í hendi þjóðarinnar. Hún hefur verið vorið, sem kallað hefur fram bjartsýni og allan hinn hagnýta, fjölbreytta gróður og lagt lið hverju litlu lautarblómi, sem langað hefur til að gróa, svo að notuð séu orð skálsins um hið góða vor.

Efnahagsmálatillögur ríkisstjórnarinnar eru aftur á móti í **hægri stíl.**

Þær eru sprottnar af allt annarri lífsskoðun.

Þær miða að því, að slá Aladínslampa félagshyggjunnar úr hendi þjóðarinnar.

Þær eru byggðar á lögmálum vetrarins, frostsins, sem takmarkar gróðurinn, „hreinsar úr vegi" hið veikburða, eins og Einar Benediktsson segir um hollustu hafíssins, en gefur þá um leið því, sem sterkara er, aukin tækifæri.

Þær eru fyrir gróður félagshyggjunnar eins og ís leggist að landi á vordögum.

Tillögurnar eru harkalegar afturhaldstillögur, sem nálgast í ýmsum greinum örþrifaráð, enda bornar uppi af hægri stefnu, sem lotið hefur í lægra haldi á velgengnis- og framfaraárum þjóðarinnar — og er í örþrifahug sín vegna. Þetta er ósjálfrátt. Ekki drótta ég illvilja til þjóðarinnar að neinum.

Íslendingar eru svo fámenn þjóð, að líkja má þeim við eina fjölskyldu í samanburði við stórar þjóðir, þar getur svo auðveldlega hver náð til annars.

Þetta gerir það að verkum, að okkar litlu þjóð ætti að vera kleift að stjórna málum sínum af setningi og með samráði. Það á hún því að kappkosta.

Hún á ekki að byggja efnahagslíf sitt á hagfræði hinna kaldrænu, tillitslausu lögmála „hæfilegs atvinnuleysis" og „hafta" eða takmarkana, sem getuleysið stjórni.

En á þeirri hagfræði eru tillögur ríkisstjórnarinnar byggðar.

Víst er þörf á aðgát og umbótum í efnahagslífi þjóðar okkar. Því neitar enginn.

Þjóðin þarf að geta staðið í skilum við útlönd og haldið þar lánstrausti. Það er undirstöðuatriði, — af því að hún þarf óhjákvæmilega á erlendu lánsfé að halda til arðbærra stórframkvæmda í hinu kostaríka landi sínu.

En þá efnahagserfiðleika, sem við er að fást á líðandi stundu, telur Framsóknarflokkurinn að hægt sé að leysa án þess að grípa til grófra aðgerða.

Hann telur, að þetta megi vel takast með því að draga nokkuð úr fjárfestingu, sem getur að skaðlitlu beðið um stund, og með því einnig að auka skattlagningu á eyðslu, sem ekki er nauðsynleg. Jafnhliða þessu og auðvitað fyrst og fremst verði lögð ýtrasta alúð við að auka framleiðslu og bæta hagnýtingu hennar.

Í áföngum getur svo þjóðin þokað sér út úr flækju bóta- og styrkjakerfisins, en öllum hlýtur að koma saman um, að stefna beri að því.

En þetta tekst ekki farsællega, nema unnið sé að því með víðtæku samstarfi. Og hvers vegna ætti ekki það samstarf að geta tekizt hjá okkar litlu þjóð, sem félagshyggjan hefur lyft til betri hags og tengt margvíslegum bræðra- og samábyrgðarböndum? Um þetta má sannarlega segja: **„Vilji er allt, sem þarf".**

Mér sýnist svo mikið liggja við, að þjóðin fari rétt að í efnahagsaðgerðum sínum nú og þannig, að sem flestir geti við unað, að skylt sé að hefja þetta mál yfir flokkadrátt, eins og t. d. lýðveldisstofnunina og landhelgismálið.

Það á að áliti okkar framsóknarmanna að leitast við að mynda um málið

þjóðhollt samstarf með því að skipa nú þegar í stað nefnd frá öllum flokkum hér á Alþingi og setja henni fyrir að gera innan stutts tíma á þessu þingi tillögur um efnahagsaðgerðir, sem kalla að fyrir þetta ár, og ætla henni síðan að halda áfram störfum til að skila, áður en næsta Alþingi kemur saman, tillögum um heildarskipan efnahagsmálanna.

Framsóknarmenn í Nd. fluttu þar tillögu um þetta. Stjórnarstuðningsmenn þar felldu hana.

Ég legg sams konar tillögu fram hér. Mér þykir furðulegt, ef hún verður felld nú eftir alla þá gagnrýni, sem komið hefur dagvaxandi fram á efnahagsmálafrumvarpinu, ekki aðeins hér á Alþingi, heldur líka um land allt og að því er virðist hjá öllum stéttum.

Ríkisstjórnin hefur stuðning þingflokka, sem hlutu samtals aðeins rúman meiri hluta greiddra atkvæða hjá þjóðinni við síðustu kosningar. Sá meiri hluti er ekki fenginn út á þá efnahagsmálastefnu, sem ríkisstjórnin hefur nú tekið upp. Því fer fjarri. Það vita allir, sem lásu blöð flokkanna rétt fyrir kosningar og hlýddu á framboðsræður frambjóðenda flokkanna.

Ef ríkisstjórnin með svo veikan meiri hluta á bak við sig ræðst í það að lögfesta fram komnar tillögur sínar og hafnar samvinnu við hina fjölmennu stjórnarandstöðu um lausn efnahagsvandans, þá fer hún og þingmenn hennar sannarlega gálauslega með umboð sitt.

Ég legg til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri:

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstjórnarinnar að skipa nú þegar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni nefndarinnar:

1. Að gera tillögur og leggja þær fram á þessu þingi, innan þriggja vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.
2. Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartillögur um skipan efnahagsmálanna.

Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 114. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 8. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist:
   Einnig getur ríkisstjórnin ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
2. Við 16. gr. Á eftir 1. málslið 1. málsgr. komi:
   Gjaldið má þó ekki vera hærra en 60% af leigubifreiðum og læknabifreiðum. Landbúnaðarbifreiðar (jeppar) og vörubifreiðar skulu alveg undanþegnar þessu gjaldi.

3. Við 17. gr. Í stað 2. málsl. 1. málsgr. komi:
Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra. Þar af skulu 17 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sjóð, er varið sé til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, 7 aurar til endurbyggingar gamalla þjóðvega, 3 aurar til endurbyggingar gamalla brúa og 10 aurar til að gera þjóðvegi úr steinsteypu.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vísitölhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.

Ed. 115. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. febr.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 1. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnum eftirtalinna samtaka neytenda: Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur.
Hagstofustjóri skal vera nefndinni til aðstoðar.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum um slíkan verðlagsgrundvöll, þá skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.
Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.
Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara sam-

kvæmt 2. málsgr. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum framleiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda samkvæmt 3. gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers árs framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sex manna nefnd.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 3. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 4. gr.

6. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 9. gr.), svo hljóðandi:

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní, vegna breytingar kaupgreiðsluvísitölu eða vegna hækkunar grunnkaups, í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt nefndu lagaákvæði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr., 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 10. gr.), svo hljóðandi:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim auka-

kostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

8. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 11. gr.), svo hljóðandi:

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsgr. þessarar gr.

10. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra, ásamt 3. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947, 1.—2. og 4.—6. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, inn í lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. og 2. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947 og 3. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga.

Ed. 116. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 1. málslið 1. málsgr. 16. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Gjaldið má þó ekki vera hærra en 100% af leigubifreiðum og læknabifreiðum.

Nd. 117. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Verzlunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, ½ af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins. Einnig skulu þær greiða 4½ af hundraði af nettóágóða sínum í byggingarsjóð ríkisins, og skal húsnæðismálastjórn ráðstafa að minnsta kosti helmingi þeirra tekna, er byggingarsjóður ríkisins fær samkvæmt ákvæðum þessara laga, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, meðan þess er þörf, en að öðru leyti má verja því til byggingarlána samkvæmt hinum almennu reglum húsnæðismálastjórnar um lán til íbúðarhúsabygginga.
Skattar þessir skulu greiðast 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.
Aðrar stofnanir greiða ekki skatta þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um aukaútsvör ríkisstofnana er ákveðið, að 5% af nettóhagnaði verzlunarfyrirtækja ríkisins renni sem útsvar í sveitar- eða bæjarsjóði, þar sem fyrirtækin hafa verzlunaraðsetur. Eru lögin miðuð við Áfengisverzlunina og Tóbakseinkasöluna.

Þótt vafasamt megi teljast að gera hreinar landsverzlanir ríkisins eins og þær, sem hér um ræðir, útsvarsskyldar til einstakra sveitar- eða bæjarfélaga og miða í því efni við ágóðahlut af viðskiptum þeirra við landslýð allan, þá virðist löggjafinn á sínum tíma hafa talið nokkur rök hniga að þessu. En lögin, sem um þetta voru sett fyrir 35 árum, eru þó mörkuð þeirri varfærni, sem þá hefur átt við og er fólgin í því að banna, að annað en beinn hagnaður sé gert að skattstofni, og reglan um álagningu útsvars eftir efnum og ástæðum því ekki látin gilda í þessu efni. Með því að sköttun þessi þótti réttmæt, gátu ákvæðin um 5% hreins hagnaðar til útsvarsgreiðslu tæpast talizt óeðlileg, þegar fyrirtæki þessi voru metin sem venjuleg verzlunarfyrirtæki, en ekki sem skattheimtustofnanir.

Nú hefur þróun síðari ára orðið sú, að einkasölur þessar hafa stöðugt verið gerðar að vaxandi tekjuöflunartækjum fyrir ríkisbúskapinn, og ágóði þeirra nú er í engu venjulegu hlutfalli við vörumagnsveltuna, heldur er verðlag þess varnings, er þær selja, miðað við ágóða, sem í raun réttri er ekki verzlunarhagnaður nema að litlum hluta, heldur fyrst og fremst skattur á vörur þessar til ríkissjóðs.

Það er því augljóst, að eins og málum háttar nú um Áfengisverzlunina og Tóbakseinkasöluna, eru útsvör þau, er þessi fyrirtæki greiða, að mestu hlutdeild, sem fáum bæjarfélögum er gefin í almennri skattheimtu ríkisins, en allur þorri sveitar- og bæjarfélaga verður hér einskis aðnjótandi, þótt hinn skattlagði ágóði sé að sínum hluta allt eins frá þegnum hinna hjásettu byggðarlaga runninn.

Á árinu 1959 varð hagnaður fyrirtækja þessara, útsvör þeirra og hagnaður afhentur ríkissjóði sem næst þannig, talinn í milljónum króna:

	Hagnaður	Útsvar	Í ríkissjóð
Áfengisverzlunin	153.4	7.7	145.7
Tóbakseinkasalan	106.2	5.3	100.9
Samtals	259.6	13.0	246.6

Eins og nú er háttað verzlunarrekstri þessara fyrirtækja og lögum um útsvar þeirra, rennur langmestur hluti þessa útsvars til aðeins eins bæjarfélags, og verður að teljast óeðlilegt, að ríkisstofnanir þessar leggi einu bæjarfélagi til meira en milljónatug króna af almennri verzlun sinni við landsmenn, eða álíka háa upphæð og öll útsvör í meðalstórum íslenzkum kaupstað nema.

Þegar tillit er tekið til þess, hvernig til hagar um ágóða nefndra ríkisstofnana, hlýtur að teljast eðlilegra, að meginhluta útsvars þeirra sé varið til að leysa almenn félagsleg vandamál þjóðarinnar allrar, en útsvarsgreiðslan sé ekki skorðuð að öllu leyti við aðsetur verzlana þessara.

Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstofnanir þessar greiði ½% af ágóða sínum til þeirra bæjar- eða sveitarfélaga, þar sem verzlanir þeirra eru, eftir sömu reglum og þau greiða 5% ágóðahlut nú. En 4½% af ágóðanum er hér lagt til að renni til byggingarsjóðs ríkisins og verði þaðan veitt sem lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til almennra lána á vegum húsnæðismálastjórnar, en fjárþörf til húsnæðislána er óumdeilanlega eitt af alvarlegustu félagslegu vandamálum Íslendinga nú. Ætti frumvarp þetta, ef að lögum verður, að ráða þar á verulega bót, enda má ætla, að til húsnæðislána mundu þá renna yfir 11 millj. kr. árlega umfram þær tekjur, sem byggingarsjóður hefur samkvæmt öðrum lögum.

Frumvarp samhljóða þessu flutti ég á síðasta þingi, en það náði þá ekki samþykki, og því flyt ég það hér að nýju.

Ed. 118. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá Birni Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni og Alfreð Gíslasyni.

28. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vörum og þjónustu. Skulu þessar niðurgreiðslur nema a. m. k. 300 millj. kr. á árinu 1960. Þá er ríkisstjórninni skylt að greiða niður náms- og sjúkrakostnað erlendis, þannig að raunverulegt verð á erlendum gjaldeyri til þessara þarfa verði kr. 21,22 fyrir hvern bandarískan dollar og tilsvarandi miðað við annan gjaldeyri.

Nd. **119. Frumvarp til laga** [59. mál]

um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma, æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til kartöfluhnúðorma (Heterodera rostochiensia) og æxlaveiki (Plasmodiophora brassicae) í káljurtum. Ef aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig í matjurtum, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið þessara laga er að hindra útbreiðslu jurtasjúkdóma þeirra, er nefndir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd) til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann, og skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnað, er leiðir af störfum nefndarinnar, skal greiða úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans skulu hafa á hendi rannsókn á útbreiðslu sjúkdóma þeirra, er hér um ræðir, og gefa jurtasjúkdómanefnd jafnóðum skýrslu þar að lútandi. Þeir skulu jafnframt vera ráðunautar nefndarinnar um framkvæmdir í þessum málum og hafa eftirlit með því, að fyrirmælum hennar sé fylgt. Komi í ljós, að slíkt hafi verið vanrækt, skulu sérfræðingarnir tilkynna formanni nefndarinnar það tafarlaust. Formönnum búnaðarfélaga og ræktunarráðunautum er skylt að aðstoða sérfræðingana við eftirlitsstarfið.

III KAFLI

6. gr.

Jurtasjúkdómanefnd skal árlega ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það.

7. gr.

Bannað er að rækta kartöflur í garðlöndum, þar sem vart hefur orðið kartöfluhnúðorms. Skal slíkum garðlöndum lokað með því að breyta þeim í tún. Bannað er að nota kartöflur úr sýktum görðum til útsæðis.

8. gr.

Bannað er að rækta eða ala upp káljurtir og aðrar jurtir af krossblómaætt í garðlöndum, þar sem æxlaveiki hefur orðið vart. Jafnframt er bannað að rækta þar aðrar jurtir til gróðursetningar eða útsæðis.

9. gr.

Bannað er að flytja kartöflur frá sýktum eða grunuðum landshlutum til ósýktra landshluta eða héraða.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Skylt er að geyma þær í sérstökum geymslum, algerlega aðgreindar frá öðrum kartöflum. Þurfi að flytja inn erlendar útsæðiskartöflur, skal í hvívetna fylgt fyrirmælum laga nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

10. gr.

Á stöðum, þar sem kartöfluhnúðorms eða æxlaveiki í kálplöntum hefur orðið vart, skal þess gætt að sótthreinsa öll jarðyrkjuverkfæri, sem notuð hafa verið í hinu sýkta landi, svo og uppskerugeymslur. Sótthreinsunin skal framkvæmd eftir leiðbeiningum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Formenn búnaðarfélaga eða ræktunarráðunautar skulu hafa eftirlit með framkvæmd sótthreinsana. Kostnað við eftirlit skal greiða úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðuneytis að fengnum tillögum jurtasjúkdómanefndar, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi framleiðandi.

11. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar skulu semja leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er lög þessi fjalla um, á hvern hátt sé unnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Jurtasjúkdómanefnd skal sjá um, að þessar leiðbeiningar svo og nákvæm skýrsla eða skrá um útbreiðslu sjúkdómanna á hverjum tíma sé nægilega oft birt og send öllum framleiðendum kartaflna og káljurta.

Formenn búnaðarfélaga og ræktunarráðunautar kaupstaða skulu hver á sínu svæði tilkynna jurtasjúkdómanefnd heimilisfang þeirra, er rækta matjurtir þær, sem um ræðir í lögum þessum.

12. gr.

Nú kemur í ljós, að fyrirmælum laga þessara hefur ekki verið hlýtt, t. d. að settar hafa verið kartöflur í sýkt land eða sýktu landi ekki lokað, og skal þá jurtasjúkdómanefnd snúa sér til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá hlutast til um, að úr verði bætt. Neiti framleiðandi að hlíta fyrirmælum laganna, skal hreppstjóri eða lögreglustjóri með aðstoð búnaðarfélagsformanns eða ræktunarráðunauts gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ákvæðum laganna samkvæmt fyrirmælum jurtasjúkdómanefndar. Slíkar ráðstafanir skal gera á kostnað framleiðanda.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 10000.00.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hefur óbundna afstöðu til frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð og fylgiskjal:

Kartöfluhnúðormar fundust fyrst hér á landi haustið 1953. Síðan hafa gróðursjúkdómasérfræðingar atvinnudeildar háskólans á hverju sumri rannsakað útbreiðslu þeirra og hvaða tjóni þeir valda og leiðbeint um varnir gegn þeim. Hinir

örsmáu hnúðormar sjúga næringu úr rótum kartöflugrasanna. Við það dregur úr starfsemi rótanna og uppskeran verður rýr. Ormarnir geta auðveldlega borizt milli garða með kartöflum (einkum útsæði), mold og verkfærum. Þeir lifa mörg ár í moldinni, ef þeir á annað borð komast í garðana, og fjölgar ár frá ári, ef haldið er áfram að rækta kartöflur. Verður uppskeran að lokum nær engin. Erlendis eru hnúðormar taldir einhver versta kartöflupestin. Eina örugga varnarráðið er að leggja smitaða kartöflugarða niður og helzt breyta þeim í tún og loka landinu þannig. Sé þetta gert, er enn þá hægt að útrýma kartöfluhnúðormunum hér á landi.

Kartöfluhnúðormarnir hafa fundizt á þessum stöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Grindavík, Keflavík, við Garðskagavita, Eyrarbakka, Stokkseyri, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, á nokkrum bæjum undir Eyjafjöllum, í Meðallandi, að Grafarbakka og Reykjabóli í Hreppum, Múla í Landsveit, Ólafsvík, við héraðsskólann á Reykjanesi við Djúp, að Hrafnagili við Eyjafjörð, Bjarnarflagi við Mývatn og að Bakka og Ærlækjarseli í Kelduhverfi.

Kálæxlaveiki er illræmdur sveppasjúkdómur, sem veldur vörtukenndum æxlum á rótum káls og rófna og getur eyðilagt uppskeruna. Veikin er mjög smitandi og getur haldizt í moldinni í mörg ár. Mest er um veikina í Hveragerði, Laugarvatni, Hvammi í Hrunamannahreppi og grennd, Reykjum í Biskupstungum og Vestmannaeyjum. Veikin berst einkum með káljurtum til gróðursetningar úr sýktum uppeldisreitum og hefur aðallega dreifzt þannig hér á landi. Sýkt mold, verkfæri og búfjáráburður undan gripum, sem étið hafa sýkt kál eða rófur, er einnig smitandi. Hætta þyrfti allri kál- og rófnarækt á smituðum svæðum, og má alls ekki undir neinum kringumstæðum láta af hendi káljurtir til gróðursetningar úr smitaðri mold. (Kalk og fleiri efni draga nokkuð úr æxlaveiki, en moldin er smituð eftir sem áður.) Enn er fært hér á landi að útrýma æxlaveikinni.

Með frumvarpinu er stefnt að útrýmingu framangreindra jurtasjúkdóma, og verða ákvæði þess nokkru róttækari en ef einungis hefði átt að draga úr útbreiðslu þeirra og draga úr tjóni. Að öðru leyti hlutu ákvæði og aðgerðir að verða mjög hliðstæðar, hvor stefnan sem tekin væri.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—4. gr.

Fyrstu fjórar greinar frumvarpsins eru um skipulag, stjórn og framkvæmdir. Eðlilegast virðist, að þær stofnanir (Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands), sem nefndar eru í 4. gr., tilnefndu sinn manninn hver í framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd), sem landbúnaðarráðherra skipaði og jafnframt að hann skipaði einn nefndarmanna framkvæmdastjóra.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hafi á hendi rannsóknir á sjúkdómum og útbreiðslu þeirra og gefi framkvæmdanefnd jafnóðum skýrslu um þær. Það fyrirkomulag er talið hagkvæmara heldur en að sérfræðingur frá deildinni væri í framkvæmdanefndinni.

Um 6. gr.

Hér er jurtasjúkdómanefnd falið að ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það. Er það gert til þess, að hægt sé að fá í tæka tíð vitneskju um, hvaða garða beri að leggja niður og hvar óhætt sé að taka útsæði til dreifingar.

Um 7. og 8. gr.

Hér eru ákvæði um bann við ræktun kartaflna og káljurta í sýktum garðlöndum og hvernig með þau skuli fara. Þar sem kartöfluhnúðormur finnst, er nauðsynlegt að breyta garðlandi í tún til að fyrirbyggja smitun frá því. Þar sem æxlaveiki

finnst, er talið nægja að hætta ræktun káljurta og hætta þar jafnframt ræktun annarra jurta til gróðursetningar og útsæðis.

Um 9. gr.

Greinin bannar flutning kartaflna af sýktum og grunuðum svæðum til ósýktra héraða. Er þar jafnframt sú skylda lögð á herðar Grænmetisverzlunar landbúnaðarins að sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Í þeirri grein eru einnig fyrirmæli um aðgreiningu á kartöflum í geymslurúmum.

Um 10. gr.

Hér er rætt um sótthreinsun á geymslum og jarðyrkjuverkfærum, sem notuð hafa verið í sýktu landi. Er ætlazt til, að ræktunarráðunautar hafi eftirlit með slíkum sótthreinsunum, þar sem þeir eru til staðar, en annars formenn búnaðarfélaga. Rétt virðist, að þóknun fyrir eftirlit með sótthreinsun verði greidd úr ríkissjóði, en annan kostnað, er af henni leiðir, greiði framleiðandi.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að samdar verði og sendar út til framleiðenda leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er frumvarpið fjallar um, og á hvern hátt helzt megi koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Er jurtasjúkdómanefnd falið að koma þeim leiðbeiningum til framleiðenda. Þess má geta að sérfræðingar búnaðardeildar hafa þegar samið leiðbeiningar um útrýmingu kartöfluhnúðorms.

12.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fyrirmæli norska landbúnaðarráðuneytisins um aðgerðir gegn kálæxlaveiki (Plasmodiophora brassicae).

1. gr.

Kálæxlaveiki verður að teljast hættuleg plöntum.

2. gr.

Bannað er að láta af hendi kál- og rófnaplöntur, sem aldar hafa verið upp í kálæxlasmitaðri mold.

3. gr.

Ef sannað þykir eða rökstuddur grunur er um, að mold í sáðreitum eða öðrum uppeldisreitum sé smituð af kálæxlaveiki, skal búnaðarfélag fylkisins leggja bann á sölu kál- og rófnaplantna frá þeim stað, þar til þeim aðgerðum, sem búnaðarfélagið hefur fyrirskipað, er fullnægt.

Búnaðarfélagið komi á því eftirliti, sem það álítur þörf á, til að sjá um, að fyrirskipaðar aðgerðir séu framkvæmdar.

4. gr.

Búnaðarfélagið getur skipað fyrir um moldarskipti eða sótthreinsun moldar í æxlaveikismituðum reitum og gróðurhúsum og einnig í görðum, þar sem ala á upp kál- og rófnaplöntur til sölu, og getur bannað að bera á slíka jörð kálæxlasmitaðan búfjáráburð, og það getur einnig fyrirskipað að þvo jarðvinnsluverkfæri, áður en þau eru notuð á nefndum stöðum.

5. gr.

Hegningarvert er að bregða út af þessum fyrirmælum og fyrirskipunum, sem gefnar eru samkvæmt þeim.

Nd. 120. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Við 1. efnismálsgr. 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

2. og 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði, svo og húsaleiga ferðaprests þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins. Kostnaður greiðist samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Biskup Íslands hefur óskað þess, að kirkjumálaráðherra bæri fram ofanritað lagafrumvarp um að heimilað verði að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Þykir rétt að verða við þeirri ósk, og það því fremur sem óskipuð standa allmörg prestaköll og ekki hefur enn komið til framkvæmda sú fjölgun presta í Reykjavík, sem ráð er fyrir gert í lögum.

Frumvarpinu fylgdi frá biskupi svo hljóðandi greinargerð:

Á síðari árum hefur kirkjunnar mönnum sem öðrum orðið ljóst, að breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast nýrrar árvekni um andlega aðbúð æskulýðsins í landinu. Skólar, þótt góðir séu, eru ekki einhlítir og heimilin standa frammi fyrir mörgum vandamálum á uppeldissviðinu. Til aðstoðar skólum og heimilum um holla mótun þarf að koma frjáls starfsemi áhugamanna, sem geti laðað æskufólk að hollum hugðarefnum. Meðal presta þjóðkirkjunnar og safnaðarmanna er eindreginn áhugi á þessu verkefni. Innan þjóðkirkjunnar eru margir, bæði leikir og lærðir, sem eru fúsir til þess að vinna sjálfboðastörf fyrir æskulýð í þágu þjóðarheildarinnar.

En þeir finna mjög til þess, að þá skortir sérfróða leiðbeiningu og aðstoð til þess að koma slíkri starfsemi í æskilegt horf. Það er því í samræmi við mjög ákveðnar óskir kirkjunnar manna, að hér er farið fram á heimild fyrir biskup til þess að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa fyrir kirkjuna. Er eðlilegt, að hann sé ráðinn með sama hætti og ferðaprestur, enda gæti hann þá í viðlögum gegnt forfallaþjónustu, ef þörf krefur, svo sem oft ber til, og á sínum tíma fór kirkjan fram á að fá tvo ferðapresta, en Alþingi heimilaði ekki nema einn. Til þessa starfs mundu verða valdir menn til ákveðins tíma í senn, er teldust hafa sérstaka hæfileika um forgöngu um æskulýðsmál og hefðu haft aðstöðu til að kynna sér slíka starfsemi.

Ed. 121. Lög [39. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 80.

Ed. 122. Lög [48. mál]

um efnahagsmál.

(Afgreidd frá Ed. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 103.

Ed. 123. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður heildsöluálagningu á tóbak eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 30 6. maí 1949 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum er ákveðin hámarkshundraðstala fyrir álagningu Tóbakseinkasölu ríkisins. Á hinn bóginn eru engin slík hámarksákvæði í lögum um einkasölu á áfengi. Virðist eðlilegt, að sami háttur sé hafður á um Tóbakseinkasöluna, og er það efni þessa frumvarps.

Ed. 124. Frumvarp til laga [62. mál]

um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða án endurgreiðslukröfu eftirtalin erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja:

I. Lán vegna ræktunarsjóðs:

1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: $ 776 962.30.
2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 182015.0.0.
3. Frá 15/6 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1957: $ 1191 537.39.
4. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: $ 646 748.40.
5. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: $ 281 712.49.

II. Lán vegna Byggingarsjóðs sveitabæja:
1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: $ 494 037.70.
2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 126 485.0.0.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aldrei hefur verið við öðru búizt, þegar Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður sveitabæja hafa verið látnir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina.

Þessir sjóðir lána fé út með lægri vöxtum yfirleitt heldur en þeir verða að borga fyrir fé, sem handa þeim er aflað, — og lána það einnig oftast út (byggingarsjóður ævinlega) til lengri tíma.

Það hefur verið venja, að ríkissjóður hefur með nokkru millibili — eða þegar rekstrarhalli sjóðanna hefur farið að segja til sín — tekið kúfinn af skuldum þeirra, svo að þeir gætu starfað án halla. Annars mundu sjóðirnir hafa komizt í þrot með rekstur sinn, eins og eðlilegt er.

Árið 1953 ákvað Alþingi með lögum, að ríkissjóður skyldi létta:
1. af ræktunarsjóði ca. 14.4 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 14.4 millj. kr.

Eftir fjögur ár — eða 1957 — ákvað Alþingi aftur með heimild í fjárlögum, að ríkissjóður létti:
1. af ræktunarsjóði ca. 32.3 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 4.3 millj. kr.

Nú er enn svo komið, — sem enginn þarf að undrast, — að sjóðirnir búa við mikinn hallarekstur. Rekstrarhalli ræktunarsjóðs s. l. ár var kr. 3 066 000.00 og rekstrarhalli byggingarsjóðs kr. 1 892 849.42. Er því tími til þess kominn, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, eins og venjulegt hefur verið og skylda hans er, þar sem sjóðirnir eru stofnanir ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður verði látinn taka á sig að greiða eftirstöðvar af fimm erlendum lánum fyrir ræktunarsjóð og tveim fyrir byggingarsjóð. Er tekið fram í frumvarpinu, frá hvaða degi greiðslurnar reiknist, og upphæðir eftirstöðvanna tilgreindar í þeirri erlendu mynt, sem á að borga lánin.

Árgjöldin af lánunum, reiknuð skv. nýrri skráningu íslenzku krónunnar, verða vegna ræktunarsjóðs ca. 10.8 millj. kr. samtals og vegna byggingarsjóðs ca. 3.1 millj. kr. Árgjöld þessi eru að sjálfsögðu þriðjungi hærri en þau voru s. l. ár vegna nýrrar gengisskráningar. Herðir sú skráning á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hér er lagt til að strax verði gerðar.

Reiknast svo til, að halli sjóðanna sé úr sögunni um skeið, ef frv. þetta nær fram að ganga, en alls ekki lengra gengið með frv. en nauðsyn sjóðanna krefur.

Ed. 125. Frumvarp til laga [63. mál]

um meðferð drykkjumanna.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

1. gr.

Ráðherra skipar sérfróðan lækni til að vera yfirlæknir áfengisvarna ríkisins. Hann hefur með höndum framkvæmdastjórn þeirra mála, sem um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Þar sem heilsuverndarstöðvar eru starfræktar, skulu þær annast meðferð drykkjumanna, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Annars staðar skal meðferð hagað eftir því, sem bezt verður við komið á hverjum stað að áliti yfirlæknis áfengisvarna ríkisins.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sjúkradeild, þar sem unnt er að vista til skamms tíma drykkjusjúka menn, er þarfnast nákvæmrar rannsóknar eða sérstakrar meðferðar.

4. gr.

Fyrir fé gæzluvistarsjóðs skal í samráði við yfirlækni áfengisvarna reisa og reka:

a. Hressingarheimili, þar sem vista má um óákveðinn tíma drykkjumenn, sem þess þarfnast vegna umkomuleysis eða af öðrum félagslegum ástæðum eða vegna þess, að læknismeðferð verði með því móti auðveldari en ella.
b. Hæli, er miðuð séu við þarfir drykkjusjúkra manna, sem ætla verður að þarfnist langrar hælisvistar og eigi hafa hlotið bata þrátt fyrir ítrekaða læknismeðferð aðra.

5. gr.

Stofnanir þær, sem um getur í 2., 3. og 4. gr. þessara laga, skulu hafa náið samstarf sín á milli um allt, er að meðferð drykkjumanna lýtur. Sérmenntað starfslið, þ. e. læknar, sálfræðingar og ármenn, skal, eftir því sem við verður komið, vera sameiginlegt fyrir þessar stofnanir og starfa jöfnum höndum við þær undir umsjón yfirlæknis áfengisvarna og eftir nánari ákvörðun hans.

6. gr.

Nú vilja einstaklingar eða félög reisa og reka stofnanir til aðhlynningar eða lækningar drykkjusjúkum mönnum, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að slíkra stofnana teljist þörf og ráðherra hafi staðfest reglugerð fyrir þær, enda verði þær háðar stöðugu eftirliti yfirlæknis áfengisvarna ríkisins.

Styrkir þeir, sem slíkar stofnanir hafa fengið, eru endurkræfir, starfi hælin ekki í samræmi við reglugerð þá, er þeim var sett, eða sé rekstrinum verulega ábótavant að áliti heilbrigðisstjórnar og yfirlæknis áfengisvarna.

7. gr.

Hælisvist samkvæmt b-lið 4. gr. geta hlotið:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum b-liðar í 6. tölulið 7. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta vistinni, svo og, að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um hælisvist eru settar.

8. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í hælisvist samkvæmt 1. tölulið 7. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Sá, sem vistaður hefur verið samkvæmt 2. tölulið 7. gr., skal dveljast í hælinu svo lengi sem yfirlæknir áfengisvarna eða aðrir í hans umboði ákveða, þó eigi lengur en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem vistaður hefur verið á hæli samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hælinu, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er dvalartíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

Hælisvist fylgir vinnuskylda vistmanna, eftir því sem yfirlæknir áfengisvarna eða aðrir í hans umboði segja fyrir um. Skal séð fyrir nægum verkefnum við hæfi vistmanna og áherzla lögð á að kenna þeim hollar starfsvenjur.

10. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn til hælisvistar samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

11. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna vistar í stofnunum þeim, sem um getur í 2., 3. og 4. gr. laga þessara, fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Heilbrigðisstjórn er heimilt að krefjast þess, að vistmenn taki sjálfir þátt í greiðslu dvalarkostnaðar síns með hluta af launum þeim, er þeir fá fyrir vinnu á hælinu.

12. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um rekstur þeirra stofnana, sem komið verður á fót samkvæmt lögum þessum, um meðferð þeirra manna, sem þar verða vistaðir, um skilyrði fyrir vistun, um vinnuskyldu og laun fyrir vinnu vistmanna svo og um aðrar skyldur þeirra og réttindi.

13. gr.

Gæzluvistarsjóður, sbr. 29. gr. áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954, hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af að reisa og reka þær stofnanir, sem um getur í 3. og 4. gr. þessara laga, eftir því sem heilbrigðisstjórn í samráði við yfirlækni áfengisvarna ríkisins ákveður, svo og öðrum kostnaði af framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

14. gr.

Eftir að núverandi áfengisvarnaráðunautur ríkisins lætur af embætti, skal yfirlæknir áfengisvarna ríkisins jafnframt gegna störfum áfengisvarnaráðunauts samkvæmt ákvæðum áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og síðari breytingar á þeim lögum. Einnig falla úr gildi þau ákvæði annarra laga, sem kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru sett árið 1949. Það er því nú fengin af þeim liðlega 10 ára reynsla. Lögin voru nýsmíð og því engin furða, þótt reynslan leiddi í ljós ýmsa ágalla á þeim, enda hefur sú orðið raunin á. Munu allir, sem til þekkja, viðurkenna vissa ágalla laganna og nauðsynina á að nema þá burt.

Lögin gera greinarmun á ölvuðum mönnum og drykkjusjúkum, og er I. kafli laganna um meðferð ölvaðra manna. Er ætlazt til, að þeir sæti meðferð í sjúkrahúsi, unz af þeim er runnið og allt að tveim sólarhringum. Hvorki þetta ákvæði né önnur í þessum kafla hafa komizt í framkvæmd enn og eru því hrein pappírslög, enda að dómi sérfróðra lækna vafasamt gagn af þeirri tilhögun allri, svo kostnaðarsöm sem hún þó er.

Um meðferð ofdrykkjumanna er það ákvæði í lögunum, að geðveikrahælið á Kleppi skuli hafa með höndum yfirumsjón með gæzlu þeirra og lækningu og að reisa skuli í hæfilegri nálægð Klepps hæli fyrir drykkjusjúka menn. Einnig er gert ráð fyrir vistun drykkjumanna á Kleppi í athugunarskyni, áður en þeim er ráðstafað til dvalar annars staðar.

Þessi tenging drykkjumannahjálpar við Kleppsspítalann hefur reynzt starfseminni mikill fjötur um fót, enda frá slíkum tengslum ráðið af innlendum og erlendum sérfræðingum. Reyndin hefur líka orðið sú, að meðferð drykkjumanna hefur ekki nema að litlu leyti farið fram undir umsjón geðveikrahælisins. Má sem dæmi nefna starfsemi þá, sem rekin er í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og er algerlega óviðkomandi geðveikrahælinu á Kleppi. Til áfengisvarnadeildar heilsuverndarstöðvarinnar leita hundruð drykkjumanna árlega, og munu hvergi á landinu jafnmargir njóta sérfræðilegrar meðferðar sem þar.

Tengslin við Kleppsspítalann hafa reynzt meðferð drykkjumanna óhagkvæm og jafnvel haldlaus með öllu. Yfirumsjónin hefur í framkvæmd engin orðið. Það baukar hver í sínu horni, og um neina samræmingu aðgerða er ekki að ræða. Hælin í Gunnarsholti og á Úlfarsá eru rekin undir handarjaðri Klepps samkvæmt lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Mikil starfsemi til hjálpar drykkjumönnum er rækt í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, og lýtur sú starfsemi ákvæðum heilsuverndarlaga. Loks eru samtök ónafngreindra drykkjumanna, sem rækja mikið starf á þessu sviði og reka drykkjumannaheimili í Reykjavík, en eru í litlum sem engum tengslum við aðra starfsemi sömu tegundar.

Allríflegum fjárhæðum er nú árlega varið drykkjumönnum til lækninga. Því fé öllu er tæpast vel varið, á meðan sá losarabragur ríkir, sem raun ber vitni um og lítillega hefur verið frá greint hér. Skipulag þessara mála þarf að bæta, betri heildarsýn yfir störfin að fást og meiri samvinna um þau að skapast. Í því skyni, að slík breyting megi verða, er frumvarp til laga um meðferð drykkjumanna lagt fram.

Við samningu frumvarpsins hef ég notið mikilsverðrar hjálpar samstarfsmanna minna í áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, þeirra Kristins Björnssonar sálfræðings, frú Vilborgar Helgadóttur heilsuverndarhjúkrunarkonu og Kristjáns Þorvarðssonar læknis, en öll hafa þau starfað árum saman að lækningu drykkjumanna.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, enda eru ýmsar greinar þeirra laga teknar upp óbreyttar eða lítið breyttar. Helztu breytingar, sem gerðar eru, má þessar telja:

1. Kaflanum um meðferð ölvaðra manna er sleppt. Ákvæði hans hafa ekki verið framkvæmd, enda óvíst, að framkvæmd þeirra svari kostnaði. Aðgreining ölvaðra manna og drykkjusjúkra hefur ekki hagnýta þýðingu í þessu sambandi og meðferðin bezt komin í höndum eins og sama aðila.
2. Tengsl drykkjumannahjálpar við geðveikrahælið eru rofin, en öll starfsemin í þess stað falin yfirumsjón sérfróðs læknis, yfirlæknis áfengisvarna ríkisins.
3. Í frumvarpinu er lögð áherzla á, að heilsuverndarstöðvar annist meðferð drykkjumanna, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Þar fer meðferð fram án þess að slíta sjúklinginn úr tengslum við fjölskyldu sína og atvinnu og án þess að kosta til dýrri hælisvist. Þessi læknismeðferð á faraldsfæti er nú erlendis talin sjálfsögð öllum drykkjumönnum til handa. Það er fyrst, þegar hún hefur gersamlega brugðizt, að gripið er til vistunar á spítölum eða hælum.

4. Lögð er á það rík áherzla í frumvarpinu, að ekki verði ráðizt í byggingu stofnana handa drykkjumönnum með tilstyrk hins opinbera, nema þörf þeirra hafi verið athuguð og viðurkennd af heilbrigðisstjórninni og ráðunautum hennar. Það er nú á því nokkur hætta, að einstaklingar og félög ráðist í stofnun heimila og hæla með opinberum styrkjum, án þess að heildarþörfin sé athuguð eða það, hverra tegunda stofnana sé brýnust þörf á hverjum tíma. Þá er og eftirlit með slíkum einkastofnunum og aðhald nokkuð skerpt.

Um einstakar greinar þarf ekki að hafa mörg orð. Í 1. gr. segir, að ráðherra skipi sérstakan yfirlækni áfengisvarna ríkisins og hafi hann með höndum framkvæmdastjórn þeirra mála, sem um ræðir í frumvarpinu. Þessi grein er nýmæli.

Í 2., 3. og 4. gr. er fjallað um hin ýmsu stig starfseminnar. Grunnurinn er heilsuverndarstöðin eða annar sambærilegur staður. Þangað og þaðan liggja allir þræðir starfsins. Þangað koma drykkjumennirnir fyrst, og þar fer lækning fram. Þaðan er haft eftirlit með heimilum drykkjumanna og venzlamönnum veittar leiðbeiningar og félagsleg aðstoð. Einnig má þar hafa eftirlit með fyrrverandi drykkjumönnum.

Í nánum tengslum við starfið á þessum stöðvum verða aðrar stofnanir að vera, og eru þær þrautalending, þegar annað bregzt. Eru í 3. og 4. gr. tilgreind þrjú stig þessara stofnana, og er tilgangi þeirra þar lýst.

Í 5. gr. er rætt um, að þessar stofnanir skuli hafa náið samstarf sín á milli og njóta sömu starfskrafta, eftir því sem við verður komið, en allt vera undir yfirumsjón yfirlæknis áfengisvarna.

6. gr. fjallar um, að heimilt sé að veita einstaklingum og félögum styrk úr gæzluvistarsjóði til að koma á fót stofnunum til hjálpar drykkjumönnum, en þó því aðeins, að viðkomandi stofnana teljist þörf og ráðherra hafi staðfest reglugerð fyrir þær. Eru styrkirnir endurkræfir, ef hælin starfa ekki í samræmi við settar reglur eða rekstrinum verður verulega ábótavant á einhvern hátt.

Ákvæði 7. gr. eru samhljóða þeim, sem eru í 9. gr. gildandi laga og fjalla um, hverjir hælisvist geta hlotið.

8. gr. frumvarpsins er 10. gr. laganna óbreytt að öðru en því, að í stað orðanna „yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi“ koma orðin: yfirlæknir áfengisvarna. Leiðir þá breytingu eðlilega af því, sem þegar er getið.

9. gr. er um vinnuskyldu vistmanna á hælum, og er það ákvæði óbreytt frá gildandi lögum. Viðbót er það hins vegar, að lögð er nú skylda stofnunum á herðar að sjá vistmönnum fyrir hæfilegum verkefnum og temja þeim hollar starfsvenjur.

10., 11. og 12. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum. Þó er það nýmæli í 11. gr. frumvarpsins, að heilbrigðisstjórn getur krafist þess, að vistmenn taki sjálfir þátt í greiðslu dvalarkostnaðar síns með hluta af launum, er þeir fá fyrir vinnu á hælinu. Í lögunum mun að vísu heimild til slíks í 14. gr., þótt það sé ekki sérstaklega fram tekið.

Í 13. gr. er svo ákveðið, að gæzluvistarsjóður skuli standa undir kostnaði af byggingu og rekstri þeirra stofnana, sem um getur í 3. og 4. gr. frumvarpsins, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveði í samráði við yfirlækni áfengisvarna.

Efni 14. gr. er nýmæli. Virðist ekki óeðlilegt, að sami sérfróði læknirinn sé hvort tveggja í senn ráðunautur heilbrigðisstjórnarinnar um áfengisvarnir og ráðunautur hennar um meðferð drykkjumanna. Sérfræðileg þekking á vandamálum drykkjumanna veitir góða aðstöðu til farsælla ráða um áfengisvarnir. Auk þess mundi sameining þessara tveggja embætta hafa í för með sér sparnað, þótt það í sjálfu sér kunni að þykja ekki stórt atriði.

15. gr. þarfnast ekki skýringa.

Ed. 126. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 2. tölul. orðist svo:
Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.

b. Á eftir 2. tölulið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
1. *Mýrasýsluumdæmi:* Mýrasýsla.
2. *Snæfellsnesumdæmi:* Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

c. 3. töluliður orðist svo:
Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögum um dýralækna var síðast breytt og dýralæknisumdæmum fjölgað, var engin breyting gerð á um Borgarfjarðarumdæmi, en það var eitt af stærri umdæmum landsins, bæði að fjölda búfjár og víðáttu umdæmisins. Það nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.

Um alllangan tíma hefur dýralækninum í Borgarfjarðarumdæmi verið ráðinn til aðstoðar maður, sem að vísu var óskólalærður dýralæknir, og hafði hann búsetu á Akranesi. Var svo enn þegar lögunum var síðast breytt. Nú hefur hins vegar svo skipazt, að maður þessi hefur látið af störfum vegna aldurs og vegna veikinda. Í hans stað hefur verið ráðinn til bráðabirgða annar maður, sem einnig er ólærður dýralæknir.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Borgarfjarðarumdæmi verði skipt í þrennt, og kemur þá í hvert hinna nýju umdæma búfjártala sem næst því, sem hér segir:

	Nautgripir	Sauðfé	Hross
Borgarfjarðarumdæmi	2897	36538	1938
Mýrasýsluumdæmi	1753	37883	1568
Snæfellsnesumdæmi	1083	32437	960

Búfjártalan í Borgarfjarðarumdæmi er miðuð við ásetning bænda veturinn 1959—60, en í Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu veturinn 1958—59. Þó skal það tekið fram, að til viðbótar því, sem hér greinir um Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kemur tala búfjár, sem er í kauptúnunum á Snæfellsnesi, en hún mun vera nokkur.

Með tilliti til hins mikla bústofns, sem hér um ræðir, og stærðar þess landssvæðis, sem Borgarfjarðarumdæmi nær yfir, þykir rétt, með framtíðarskipan þessara mála fyrir augum, að skipting umdæmisins verði svo sem hér er lagt til.

Nd. 127. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, og að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingayfirlækni, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og tryggingalækni, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

2. gr.

10. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Bætur skulu vera fjórðungi (25%) lægri á öðru verðlagssvæði en á 1. verðlagssvæði, sbr. þó 16., 19. og 20. gr.

Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótafjárhæðir hvors verðlagssvæðis, aðrar en fjölskyldubótafjárhæðir.

3. gr.

13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 25920.00	kr. 19440.00
Fyrir einstaklinga	— 14400.00	— 10800.00

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru á fullu framfæri foreldranna.

Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera eins á 1. og 2. verðlagssvæði, kr. 2600.00.

6. gr.

17. gr. 6. og 7. mgr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 7200.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 5400.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

7. gr.

18. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa eitt eða fleiri börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Með einu barni	kr. 1400.00	kr. 1050.00
Með tveim börnum	— 7200.00	— 5400.00
Með þrem börnum og fleirum	— 14400.00	— 10800.00

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 2160.00 við hverja fæðingu.

9. gr.

20. gr. orðist svo:

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1440.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum 9 mánuði í viðbót, kr. 1080.00 mánaðarlega.

10. gr.

23. gr. 4. mgr. Í stað „7%“ komi: 10%.

11. gr.

24. gr. orðist svo:

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta, samkvæmt 16. gr., greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Önnur útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

a. Ríkissjóður 36%.
b. Hinir tryggðu 32%.
c. Sveitarsjóðir 18%.
d. Atvinnurekendur 14%.

12. gr.

27. gr. 1. mgr. orðist svo:

Iðgjöld, samkvæmt b-lið 24. gr., greiða allir, sem búsettir eru í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða útsvar né eignarskatt og hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

13. gr.

28. gr. 1. mgr. b-liður orðist svo:

Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.

28. gr. 2. mgr. a-liður orðist svo:

Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.

14. gr.

3. málsliður 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annarhvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

15. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

16. gr.

3. mgr. 36. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 60.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 68.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

17. gr.

38. gr. orðist svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 90000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 14400.00 á ári miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára, sbr. þó 21. gr. 2 mgr.
b. Barnalífeyrir, kr. 7200.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, c- og d-liðum skuli eigi lægri vera samanlagt en kr. 30000.00 fyrir hvert einstakt slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 30000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkvæmt b-lið, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn, sbr. 16. gr. 3. mgr., og fósturforeldra, gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

18. gr.

39. gr. falli niður. Í stað hennar komi ný grein, er verði 39. gr., svo hljóðandi:

Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík, er ráðherra heimilt, að fegnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 36. gr. og eingreiðslum samkvæmt 38. gr. í samræmi við það.

19. gr.

49. gr. 1. mgr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 58. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

20. gr.

53. gr. 4. mgr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 24.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 30.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 6.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

21. gr.

58. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur upphæð greiddra iðgjalda að viðbættum 1/10 hluta (110%). Hlutaðeigandi sveitarsjóður greiðir framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur helmingi (50%) greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft ár eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

22. gr.

66. gr. 1. mgr. orðist svo:

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftar en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

23. gr.

76. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 7700.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 15400.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 5300.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

24. gr.

Aftan við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.

Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum, um bætur samkvæmt II. kafla almannatryggingalaga, nr. 24/1956, svo og 37. og 38. gr. sömu laga.

Svo falla og úr gildi ákvæði laga nr. 68/1958, um bætur samkvæmt 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. almannatryggingalaga, nr. 24/1956, ákvæði 2. málsl. 1. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa, og ákvæði laga nr. 27 6. maí 1959, um bætur samkvæmt 39. gr. almannatryggingalaga, nr. 24/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu fylgja tvö lagafrumvörp, samin af nefndum, sem skipaðar voru til þess að endurskoða bótaákvæði almannatryggingalaganna. Annað frumvarpið fjallar um hækkaðar bætur lífeyristryggingarinnar, fskj. merkt I, en hitt frumvarpið um hækkaðar slysabætur, fskj. merkt II.

Einn liður í ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru í efnahagsmálum þjóðarinnar, er aukning á bótagreiðslum almannatrygginganna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjölskyldubætur verði nú greiddar með 1. og 2. barni í fjölskyldu og að bætur þessar verði jafnháar fyrir hvert barn, eða kr. 2600.00 á ári, sbr. 5. gr. frumvarps þessa.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 20% hækkun annarra bóta frá því, sem lagt var til með frumvarpi um hækkaðar bætur lífeyristrygginganna, sjá fskj. merkt I. Af þessu leiðir að breyta verður ákvæðum um lífeyri til ekkju eða ekkils og ákvæðum um barnalífeyri, þegar um slysabætur vegna dauða er að ræða, til samræmis við bætur lífeyristrygginganna, frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu um hækkaðar slysabætur, sjá fskj. II, sbr. 17 gr. frumvarps þessa.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu á mæðralaunum, að þau verði greidd einstæðum mæðrum, þó að þær hafi aðeins eitt barn á framfæri, og fjárhæðin þá við það miðuð að hækkun sú, sem verður á bótum frá því, sem nú er, verði a. m. k. eins mikil og fjölskyldubætur með einu barni.

Loks er gert ráð fyrir því, að sú útgjaldaaukning lífeyristrygginganna, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við efnahagsmálin verði að fullu borin uppi af ríkissjóði.

Að öðru leyti er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í öllum höfuðatriðum byggt á áðurnefndum tveim frumvörpum, sjá fskj. I og II.

Um 1. gr.

Við Tryggingastofnun ríkisins hafa starfað þrír læknar, sjúkramálastjóri Sigurður Sigurðsson, berklayfirlæknir, og hefur sjúkramálastjórastarfið verið hálft starf, tryggingayfirlæknir Páll Sigurðsson í fullu starfi og aðstoðarmaður hans, Bergþór Smári og hefur það verið hálft starf.

Nú hefur Páll Sigurðsson beðizt lausnar, en hann er orðinn 67 ára gamall, og Sigurður Sigurðsson hefur fengið veitingu fyrir landlæknisembættinu.

Þótt hagkvæmt hafi reynzt að skipa læknastörfum stofnunarinnar á þennan veg hingað til, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að svo verði framvegis.

Þykir eðlilegast, að læknisstörf við stofnunina verði full störf og að þeim gegni þá aðeins tveir menn, tryggingayfirlæknir og tryggingalæknir, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Tryggingayfirlæknir tæki þá við deildarstjórn sjúkratryggingadeildar, en tryggingalæknir annaðist sérstaklega örorkumat lífeyrisdeildar.

Brýn þörf er á því að fá lagabreytingu þessa samþykkta hið fyrsta svo hægt verði að auglýsa störfin laus til umsóknar.

Um 2. gr.

Vegna þess að nú verða fjölskyldubætur greiddar að fullu úr ríkissjóði, þykir ekki rétt, að þær greiðslur hafi áhrif á mismun iðgjalda á 1. og 2. verðlagssvæði. Þegar iðgjöldin eru ákveðin verður því að draga fjárhæð fjölskyldubóta frá öðrum bótafjárhæðum samkvæmt II. kafla.

Um 3.—10. gr.

Með skírskotun til þess, sem þegar er tekið fram, vísast til fskj. I.

Um 11. gr.

Eins og áður er tekið fram, er með frumvarpi þessu lagt til, að útgjaldaaukning sú, sem verður vegna þeirrar hækkunar á bótum lífeyristrygginganna, sem beint leiðir af þeim ráðstöfunum í efnahagsmálunum, sem áður er að vikið, verði greidd að fullu úr ríkissjóði.

Þar eð lang mesta hækkunin er áformuð á fjölskyldubótum þykir eðlilegt að kveða svo á, að útgjöld vegna þeirra verði að öllu leyti greidd úr ríkissjóði. Með því móti verður minni röskun á hlutfallslegri þátttöku þeirra aðila, sem bera uppi útgjöldin vegna annarra bóta lífeyristrygginganna, en ella væri. Að öðru leyti vísast til yfirlits um kostnað vegna bótahækkananna, sem fylgir frumvarpinu, sjá fskj. III.

Um 12.—13. gr.

Nú er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, sem fólgnar eru í því, að persónufrádráttur er mjög aukinn frá því, sem verið hefur. Í 27. og 28. gr. almannatryggingalaga er miðað við tekjuskattsgreiðslu, 27. gr. og skattgjaldstekjur, 28. gr., sem hvort tveggja raskast svo stórkostlega, að viðmiðun sú, sem verið hefur, verður að breytast. Lagt er til, að í stað orðanna tekju- né eignarskatt í 27. gr. komi útsvar né eignarskatt og í stað skattgjaldstekjur í 28. gr. komi hreinar tekjur. Breytingar þær, sem felast í 12.—13. gr., eru aðeins þessar.

Um 14.—18. gr.

Með skírskotun til þess, sem þegar er tekið fram, vísast til fskj. II.

Um 19. gr.

Lagt er til, að niður falli framlag lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, sbr. 21. gr. frumvarps þessa. Breyting 49. gr. almannatryggingalaga er aðeins til samræmis við það.

Um 20. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða á sjúkradagpeningum er aðeins fólgin í samræmingu við þær kauphækkanir, sem urðu á árinu 1958 um leið og upphæðirnar eru leiðréttar vegna hins nýja vísitölugrundvallar, sem gekk í gildi 1. marz 1959.

Um 21. gr.

Undanfarið hefur útflutningssjóður greitt hluta iðgjalds meðlima sjúkrasamlaga með kr. 13.00 á mánuði fyrir hvern meðlim. Samkvæmt núgildandi lögum greiðir Líf-

eyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur 4% samanlagðra bótagreiðslna.

Í sambandi við þá miklu röskun, sem fyrirhuguð er á hluttöku hinna ýmsu aðila, sem bera útgjöld almannatrygginganna í heild, þykir eðlilegt að fella niður áðurnefnda niðurgreiðslu ríkissjóðs og sérstakt framlag Lífeyrisdeildar og er þátttökuhlutfall ríkissjóðs og sveitarsjóða þannig ákveðin í frumvarpsgreininni að byrðar þessara aðila vegna trygginganna verði sem næst hinar sömu og þær eru nú, samkv. gildandi lögum, sjá fskj. III.

Um 22. gr.

Vegna hinnar miklu fjölgunar bótaþega, sem stafar af því, að fjölskyldubætur greiðast nú með einu eða tveim börnum, er talið að afgreiðslustörf Tryggingastofnunar ríkisins aukist óhóflega, ef skylt er að greiða slíkar bætur mánaðarlega. Þykir því rétt að leggja til, að eigi sé skylt að greiða slíkar bætur oftar en fjórum sinnum á ári.

Um 23. gr.

Nú þegar fyrirhuguð er gagnger breyting á skattakerfi ríkisins, sem meðal annars gerir ráð fyrir því, að allir verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts, sem ekki hafi meiri laun en almennar launatekjur, svo að skattleysingjum fjölgar um tugi þúsunda, þykir ekki rétt að veita öllum þeim iðgjaldagreiðendum, sem verða nú skattleysingjar, skilyrðislausan rétt til þess að sveitarsjóðir greiði fyrir þá iðgjöld. Slíkt væri mikil ofrausn. T. d. verða hjón með fjögur börn nú tekjuskattslaus þó að þau hafi 110 þús. króna hreinar tekjur á ári.

Lagt er til að viðmiðunin verði hin sama og hún var s. l. ár, þ. e., þeir sem væru skattleysingjar nú að óbreyttum lögum eigi rétt til þess að sveitarsjóður greiði iðgjöld fyrir þá nú eins og áður. Má því segja, að efnahagsviðmiðun frumvarpsgreinarinnar sé hin sama, að efni til, og gilt hefur til þessa.

Um 24. gr.

Á undanförnum árum hefur sérstökum lífeyrissjóðum fjölgað mjög.

Mjög margir þeirra hafa óskað viðurkenningar Tryggingastofnunar ríkisins, en samkvæmt 85. gr. almannatryggingalaga skal stofnunin, að uppfylltum vissum skilyrðum veita umbeðna viðurkenningu, og greiða sjóðfélagar þá aðeins um 30% af fullu iðgjaldi til lífeyristrygginga, en það er vegna annarra bóta en elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyris, en þeirra bóta njóta þeir eigi frá lífeyristryggingum.

Með fjölgun viðurkenndra lífeyrissjóða verða þeir æ fleiri, sem ekki greiða iðgjald til þess að standa undir ellilífeyrisgreiðslum og eru það fyrst og fremst yngri mennirnir, þar sem rosknir menn geta að jafnaði ekki öðlast lífeyrisréttindi í sjóðum þessum, sem komið geta í stað ellilífeyrisins.

Því verður stöðugt óhagstæðara hlutfallið milli fjölda ellilífeyrisþega almannatrygginganna og fjölda þeirra, sem greiða fullt iðgjald og ef t. d. allir starfandi menn væru í viðurkenndum lífeyrissjóðum mundu engir vera til að greiða iðgjöld til þess að bera kostnaðarhluta hinna tryggðu af ellilífeyri almannatrygginganna.

Þessi þróun er þegar farin að hafa áhrif á iðgjöld til lífeyristrygginga, sem orðið hefur að hækka meira en ella vegna þess, að mestöll fólksfjölgunin hefur lent í viðurkenndum sérsjóðum.

Það er skoðun margra, m. a. tryggingaráðs, að sérstakir lífeyrissjóðir eigi að vera viðbótartrygging við lífeyri almannatrygginga og að allir landsmenn á gjaldskyldualdri eigi að greiða fullt iðgjald til þeirra.

Nú situr á rökstólum nefnd, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun Alþingis 31. maí 1957, sem athuga skal, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Sú nefnd verður að gera grein fyrir sambandinu, sem vera skal á milli almannatrygginganna og hinna einstöku lífeyrissjóða. Tillagna um það atriði ætti því að vera von á næstunni. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir því, að fresta megi viðurkenningu lífeyrissjóða á meðan athugun þessi fer fram.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í 21. gr. leiðir til þess, að breyta verður iðgjöldum til sjúkrasamlaga frá því, sem nú er. Er óhjákvæmilegt, að sú breyting verði gerð nú strax við gildistöku laganna og þykir því öruggt að Tryggingastofnun ríkisins annist þá framkvæmd.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 21600.00	kr. 16200.00
Fyrir einstaklinga	— 12000.00	— 9000.00

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

16. gr. 4. mgr. orðist svo:

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 1200.00	kr. 900.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu	— 2400.00	— 1800.00

4. gr.

17. gr. 6. og 7. mgr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 6000.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 4500.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

5. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera helmingur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

6. gr.

19. gr. orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 1800.00 við hverja fæðingu.

7. gr.

20. gr. orðist svo:

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1200.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót kr. 900.00 mánaðarlega.

8. gr.

23. gr. 4. mgr. Í stað „7%“ komi: 10%.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum, um bætur samkv. II. kafla almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Svo falla og úr gildi ákvæði laga nr. 68/1958, um bætur samkv. 13., 14., 15., 17., 18., 21. og 23. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. júlí 1958 skipaði Guðmundur Í. Guðmundsson, þáverandi ráðherra tryggingamála, nefnd samkvæmt þingsályktun samþykktri 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna.

Nefndin skyldi sérstaklega athuga hvort unnt væri:

1. að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris.
2. að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna.
3. að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður,
4. að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur, Gunnar Möller, hæstaréttarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar, Helgi Jónasson, formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jóhanna Egilsdóttir, formaður V.K.F. Framsókn, Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Vegna forfalla Öddu Báru Sigfúsdóttur, var frú Þórunn Magnúsdóttir skipuð í nefndina með bréfi, dags. 30. okt. 1958, en hún forfallaðist vegna sjúkleika og tók þá Adda Bára Sigfúsdóttir sæti í nefndinni.

Með bréfi, dags. 19. nóv. 1958, var frú Aðalbjörg Sigurðardóttir skipuð í nefndina.

Tryggingastofnun ríkisins hefur veitt nefndinni aðstoð með því að útvega ýmsar upplýsingar og annast útreikninga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutur bótaþega verði bættur samkv. því, sem á var bent í áðurnefndri þingsályktun. Nefndin áleit þó ekki kleift að breyta þeim ákvæðum, sem nú gilda um lífeyri með barni látinnar móður, vegna hinnar miklu útgjaldaaukningar, sem tillögur nefndarinnar um hækkun ýmissa bótagreina hafa óhjákvæmilega í för með sér.

Auk þessara breytinga á almannatryggingalögunum, leggur nefndin til, að mæðralaun verði nokkuð aukin, að heimild Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu uppbóta, samkv. 23. gr. almannatryggingalaga verði nokkuð rýmkuð, svo og ýmsar aðrar smávægilegar breytingar til samræmis við þær breytingar, sem hér voru nefndar.

Bótaupphæðum er í frumvarpinu breytt til samræmis við grunnupphæðir, samkv. ákvæðum laga nr. 1 30. jan. 1959, um nýjan vísitölugrundvöll, en af því leiðir lítils háttar hækkun á fjölskyldubótum og fæðingarstyrk, þar eð rétt þótti, að láta bætur þessar standa á heilum hundruðum króna. Þess ber þó að gæta, að þessi samræming

nær aðeins til lífeyristrygginganna, enda situr nú önnur nefnd á rökstólum, sem endurskoða skal slysabætur.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins og þá gerð nánari grein fyrir þeim breytingum, sem hér er um að ræða.

Um 1. gr.

Á síðasta ári voru ýmsar bótategundir almannatrygginganna, svo sem elli-, örorku-, barnalífeyrir o. fl. hækkaðar tvisvar sinnum. Í fyrsta lagi voru bæturnar hækkaðar um 5%, sjá 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum. Í öðru lagi voru bætur hækkaðar frá 1. sept. 1958 um 9½% til samræmis við þær hækkanir, sem urðu á kaupgjaldi í september s. l. Loks má geta þess, að með lögum nr. 1 30. jan. 1959, 1. gr., er svo ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur með vísitölu 185, en kaupgjald og önnur laun með vísitölu 175, en þetta þýðir raunverulega ca. 5.7% mismun launa og lífeyris. Með þessu frumvarpi er svo enn lagt til, að lífeyririnn verði hækkaður sem næst því um 20%.

Nefndin lét gera samanburð á bótaupphæðum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum miðað við árslaun verkamanna í dagvinnu í sömu löndum. Bótakerfi hinna ýmsu landa eru nokkuð misjöfn, svo að hlutfallstölurnar eru ekki fullkomlega sambærilegar.

Þrátt fyrir þetta gefa þessar hlutfallstölur nokkuð ljósa hugmynd um, hver aðstaða íslenzkra bótaþega var í október s. l. miðað við aðstöðu bótaþega í hinum löndunum.

Hér fer á eftir samanburður á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð, að því er varðar ellilífeyri til einstaklinga:

Ísland 17% af launum verkamanna
Danmörk 30.2% — — —
Svíþjóð 35% — — —

Rétt er að minna á, að samkvæmt 23. gr. almannatryggingalaganna er heimilt að tvöfalda lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega, sem ekki eiga aflögufæran framfæranda á lífi, en þessi heimild takmarkast af því framlagi, sem Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að verja í þessu skyni, þ. e. 7% af heildarlífeyri fyrra árs. Þess skal getið, að hlutfallstölurnar eru miðaðar við lífeyri í höfuðborgunum.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir að lögum, hækkar nefnd hlutfallstala, að því er Ísland varðar í 23.8%.

Í þessari grein frumvarpsins er einnig lagt til að aðstaðan milli hjóna og einstaklinga verði nokkuð jöfnuð. Samkv. gildandi lögum er hjónalífeyrir, þegar bæði hjón fá lífeyri, 20% lægri en lífeyrir tveggja einstaklinga. Með grein þessari er lagt til, að þessi munur verði aðeins 10%.

Samanburður varðandi hjón á áðurnefndum Norðurlöndum er þannig:

Ísland 27.3% af launum verkamanna
Danmörk 45.4% — — —
Svíþjóð 46.7% — — —

Verði frumvarpsgreinin að lögum breytist hlutfallstala Íslands í 42.8%.

Vistgjald á elliheimilinu Grund í Reykjavík mun nú vera kr. 70.00 á dag, eða kr. 25550.00 á ári. Sé gert ráð fyrir, að heimild 23. gr. sé notuð, um tvöfaldan lífeyri, vantar kr. 1550.00 til þess, að vistgjaldið sé greitt. Þegar núgildandi almannatryggingalög voru sett, kom í hlut aðstandenda lífeyrisþegans eða hlutaðeigandi sveitarfélags að greiða kr. 5794.00 miðað við fulla uppbót, samkv. 23. gr. Verði umrætt frumvarpsákvæði að lögum nemur hliðstæð greiðsla kr. 25550.00 ÷ 24000.00 + 12000.00 × ⅗ eða kr. 6350.00, sem er nokkru hærra en var 1956, þegar almannatryggingalögin voru sett, þrátt fyrir þá hækkun lífeyrisins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur áætlað útgjaldaaukningu vegna þeirrar hækkunar, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. kr. 20.3 millj. á ári, sjá fskj.

Þar eð örorkulífeyrir skal vera jafnhár ellilífeyri, leiðir af hækkun þeirri, sem ráðgerð er, samkv. þessari grein frumvarpsins, að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna örorkulífeyris og örorkustyrks hækka nokkuð. Stofnunin hefur áætlað þessa hækkun samtals á kr. 6.0 millj., sbr. fskj.

Þar eð ekkjulífeyrir, samkv. 21. gr. er miðaður við ellilífeyri, verður að gera ráð fyrir nokkurri hækkun ekkjulífeyris. Hækkun þessi er áætluð 0.2 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 2. gr.

Hámark makabóta, 60% af einstaklingslífeyri, er við það miðað, að hlutaðeigandi eiginkona geti, þegar sérstaklega stendur á, hlotið svo háar makabætur, að bætur til hjónanna nemi samtals fullum hjónalífeyri.

Með frumvarpinu er lagt til að mismunur á hjónalífeyri og einstaklingslífeyri verði minnkaður um helming, sbr. athugasemdir við 1. gr. Af þessu leiðir, að hækka verður hámark makabóta úr 60% af einstaklingslífeyri í 80%.

Útgjöld stofnunarinnar af þessum sökum eru mjög óveruleg.

Um 3. gr.

Þess er áður getið, að vegna samræmingar bótaupphæða við hinn nýja vísitölugrundvöll, samkv. lögum nr. 1 30. jan. 1959, verður óhjákvæmilega smávægileg hækkun á fjölskyldubótum til þess að ákveða megi bæturnar í meðfærilegum upphæðum.

Þessi hækkun nemur 0.7 millj. króna á ári, samkv. áætlun stofnunarinnar, sjá fskj.

Um 4. gr.

Um hækkun þá á barnalífeyri, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, vísast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 1. gr., um hækkun ellilífeyris.

Samanburður á barnalífeyri hér á landi og í Danmörku og Svíþjóð, samkv. núgildandi lögum, miðað við laun verkamanna, er þannig (vegna mismunandi fjölskyldubóta, skatta- og útsvarsákvæða verður að gæta varúðar við samanburð):

Ísland 8.7% af launum
Danmörk 7.5% — —
Svíþjóð 5.1% — —

Ef umrædd hækkun barnalífeyrisins verður samþykkt, er hlutfallstalan fyrir Ísland 11.9%.

Með grein þessari er enn fremur lagt til, að heimilt verði að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um 100%. Hækkunarheimild þessi er 50%, samkv. núgildandi löggjöf.

Útgjaldahækkun Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða þessarar frumvarpsgreinar er áætluð 1.8 millj. kr., sbr. fskj.

Um 5. gr.

Lagt er til með grein þessari, að árleg mæðralaun verði *helmingur* óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri, í stað *þriðjungur* eins og nú er.

Samanburður á barnalífeyri að viðbættum mæðralaunum við Danmörk og Svíþjóð, þegar um er að ræða einstæða móður með tvö börn, miðað við laun verkamanna er á þessa leið:

Ísland 23.2% af launum
Danmörk 15.0% — —
Svíþjóð 10.9% — —

Verði þessi breyting að lögum, hækkar hlutfallstalan fyrir Ísland í 35.7%.

Útgjaldaaukning vegna ákvæða þessarar greinar hefur Tryggingastofnun ríkisins áætlað 2.4 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 6. gr.

Vísast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 3. gr.
Hækkun vegna samræmingar er óveruleg, eða ca. 0.3 millj. króna á ári, sbr. fskj.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða sams konar samræmingu og samkv. 3. og 6. gr.
Hækkun af þessum sökum er alveg óveruleg.

Um 8. gr.

Vegna hámarksákvæðis 4. mgr. 23. gr. almannatryggingalaganna hefur orðið að skerða uppbót til þeirra lífeyrisþega, sem hér er um að ræða. Er því lagt til, að hámarksákvæðið verði hækkað úr 7% í 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.
Kostnaðarauki af þessum sökum er áætlaður 2.1 millj. króna á fyrsta ári, sbr. fskj., en síðan verður þessi upphæð nokkru hærri.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt fylgiskjalinu nemur útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins miðað við yfirstandandi ár samtals 33.8 millj. króna, ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar af koma 33% í hlut ríkissjóðs, sbr. 24. gr. laga nr. 24/1956, eða kr. 11154000.00. Persónuiðgjöld hækka samtals um sömu fjárhæð, eða um ca. 19%. Samkvæmt því hækkar t. d. persónuiðgjald hjóna á 1. verðlagssvæði úr kr. 1250.00 í kr. 1490.00 miðað við iðgjöld ársins 1959.

Frá alþingismönnunum Jóhanni Þ. Jósefssyni og Karli Guðjónssyni hafa nefndinni borizt tilmæli um, að hún legði til, að niður verði felld skerðing lífeyris vegna annarra tekna en lífeyris, sbr. 22. gr. almannatryggingalaga.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það öðlist gildi 1. jan. 1960, ef að lögum verður. Samkvæmt ákvæðum nefndrar 22. gr. falla skerðingarákvæðin úr gildi í árslok 1960. Nefndin sá því ekki ástæðu til að gera tillögu um neina breytingu á nefndum ákvæðum, þar sem hér er aðeins um eitt ár að ræða. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að frá 1. jan. 1961 hækka af þessum ástæðum útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins um ca. 20 millj. króna. Sú byrði skiptist á þá aðila, sem greiða eiga útgjöld stofnunarinnar, samkv. 24. gr. almannatryggingalaga.

Þeir Gunnar J. Möller, Helgi Jónasson, Hjálmar Vilhjálmsson og Sverrir Þorbjörnsson hafa sérstöðu varðandi aldursmarkið og telja hækkun þess nú mjög koma til álita. Óska þeir bókað:

Á síðustu áratugum hefur meðalævi 65 ára fólks lengst sem hér segir:

	Karlar	Konur
1931—1940	78.3 ár	80.5 ár
1941—1950	79.7 —	80.9 —
1946—1955	80.0 —	81.5 —

Þó að þessi lenging meðalævinnar stafi sjálfsagt að einhverju leyti af betri heilsugæzlu þeirra, sem misst hafa starfsþrek sitt að meira eða minna leyti, þá virðist óhætt að gera ráð fyrir því, að hún sýni einnig að starfsævi manna hafi lengzt. Í þessu sambandi má minna á, að aldurshámark opinberra starfsmanna er nú 70 ár. Með lögum nr. 5/1947 var það hækkað úr 65 í 70 ár.

Það er því álit þessara nefndarmanna, að rétt hefði verið að hækka aldursmarkið nú um eitt ár. Samkvæmt áætlun Tryggingastofnunar ríkisins hefði það sparað stofnuninni ca. 7 millj. kr. á ári. Þeir telja enn fremur, ef efnahagsástæður ríkissjóðs, sveitarfélaga, atvinnurekenda og einstaklinga leyfi raunverulega þá miklu útgjaldaukningu, sem frumvarpið hefur í för með sér, eins og það nú liggur fyrir,

þá hefði verið réttara að hækka aldursmarkið og verja því fé, sem þannig sparaðist, til enn meiri hækkunar elli- og örorkulífeyris en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning miðast við árið 1959 og vísitölu 100.

	Millj.
Hækkun ellilífeyris, sbr. 1. gr.	20.3
— örorkulífeyris, sbr. 1. gr.	5.5
— örorkustyrks, sbr. 1. gr.	0.5
— fjölskyldubóta, sbr. 3. gr.	0.7
— barnalífeyris, sbr. 4. gr.	1.8
— mæðralauna, sbr. 1. og 5. gr.	2.4
— fæðingarstyrks, sbr. 6. gr.	0.3
— ekkjulífeyris, sbr. 1. og 7. gr.	0.2
— skv. 23. gr. (7% í 10%), sbr. 8. gr.	2.1
Alls	33.8

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

2. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

3. gr.

3. mgr. 36. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 60.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 68.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

4. gr.

38. gr. orðist svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 90000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 12000.00 á ári miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára, sbr. þó 21. gr. 2. mgr.
b. Barnalífeyrir, kr. 6000.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.

c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur eigi minni en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna þegar eins stendur á.
d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, c- og d-liðum skulu eigi lægri vera samanlagt en kr. 30000.00 fyrir hvert einstakt slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 30000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkvæmt b-lið, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn, sbr. 16. gr. 3. mgr., og fósturforeldra, gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvoru tveggja eru á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

5. gr.

39. gr. orðist svo:

Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 36. gr. og endurgreiðslum samkv. 38. gr. í samræmi við það.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 5. febrúar 1959, skipaði Friðjón Skarphéðinsson, félagsmálaráðherra, fimm manna nefnd til þess að endurskoða þau ákvæði III. kafla almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur verði hækkaðar. Í nefndina voru þessir skipaðir:

Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Eðvarð Sigurðsson, ritari Dagsbrúnar, Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, sem verið hefur ritari nefndarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður var formaður nefndarinnar, og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri.

Það kom til álita í nefndinni, að hverfa frá þeim grundvelli, sem nú er um slysabætur, og lögbjóða bætur miðaðar við vinnutekjur og þá jafnvel fullar bætur, hversu sem högum hins slasaða annars kann að vera háttað. Samkvæmt dómstólavenju eru bótafjárhæðir vegna slysa mjög breytilegar eftir högum hinna slösuðu. Almennar reglur, sem gilt gætu um hvern sem vera skal, er því ekki mögulegt að setja um bótafjárhæðir. Ef horfið yrði að þessu ráði mætti kveða svo á í lögum, að atvinnurekandi yrði eigi sóttur til ábyrgðar vegna slysa. Slíkt tryggingakerfi væri án efa mjög æskilegt fyrir báða aðila, hinn slasaða og atvinnurekandann. Þar eð slysatrygging á svipuðum grundvelli og nú gildir mun ekki tryggja fullar bætur vegna slysa, er áhætta hins slasaða í því fólgin, að oft mundi atvinnurekandinn ekki vera nægilega vel efnum búinn til þess að slysið fengist að fullu bætt. Um atvinnurekandann er það að segja, að efnahagur hans stendur oft á næsta völtum fótum, ef slys ber að höndum, sem ekki fengist bætt nema að nokkru leyti samkvæmt ákvæðum laganna um slysabætur, nema hann hafi tryggt sig sérstaklega fyrir því, sem nú er að vísu all títt, en þó ferst áreiðanlega oft fyrir.

Nefndin taldi, að þetta atriði þyrfti meiri athugunar en hún átti kost á að framkvæma nú þegar og ákvað því að leggja til, að grundvöllur sá fyrir slysabótum, sem gilt hefur, verði látinn gilda áfram. Hins vegar álítur nefndin nauðsynlegt, að athugunum um slíka breytingu tryggingakerfisins verði haldið áfram, enda verði þá haft samráð við sérfræðinga skaðabótaréttar.

Það er sameiginlegt álit nefndarmanna, að slysabætur séu nú yfirleitt of lágar og þurfi að hækka verulega.

Um 1. gr.

Hér er aðeins lagt til, að auk Tryggingastofnunar ríkisins fái hvor aðila, atvinnurekandi og hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, rétt til þess að hlutast til um réttarrannsókn vegna slyss.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimild tryggingaráðs til þess að greiða sjúkrakostnað vegna slyss, sem veldur óvinnuhæfni skemur en 10 daga, bundin því skilyrði, að slíkur kostnaður sé eigi almennt greiddur af sjúkrasamlagi. Hér er hins vegar lagt til, að þessi heimild verði fyrir hendi, ef sjúkrakostnaðurinn fæst ekki greiddur hjá hlutaðeigandi samlagi af hvaða ástæðum, sem það annars er. Vanskil á sjúkrasamlagsiðgjöldum valda því t. d. nú, að tryggingaráði er óheimilt að greiða slíkan kostnað. Samkvæmt frumvarpsgreininni mundu slík vanskil ekki hafa áhrif á heimild tryggingaráðs til þess að greiða sjúkrakostnaðinn. Ef slysið veldur óvinnuhæfni lengur en 10 daga, verður slysatryggingin að greiða sjúkrakostnað vegna slyssins, þó að hinn slasaði sé í vanskilum við sjúkrasamlag sitt. Ástæðulaust virðist að hafa um þetta efni aðra reglu, þegar um slys er að ræða, sem veldur óvinnuhæfni skemur en 10 daga, enda sýnist sérreglan, sem nú gildir, áhrifalítil til þess að koma í veg fyrir vanskil á sjúkrasamlagsiðgjöldum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að dagpeningar hækki um ca. 45% þegar um einstakling er að ræða, ca. 42% fyrir hjón og ca. 24% fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Frá því í janúar 1947 og þar til nú hefur dagvinnukaup verkamanna hækkað um 155%, dagpeningar einstaklinga um 80%, hjóna um 108% og vegna barna um 93%. Af þessu sést, að hækkun dagpeninga hefur verið töluvert lægri en hækkun kaupgjaldsins, sem eðlilegt virðist þó að fylgist nokkuð að. Verði frumvarpsgreinin að lögum, verða hliðstæð hundraðshlutföll sem hér greinir:

Dagpeningar einstaklinga 161%.
— hjóna 196%.
— vegna barna 169%.

Í samþykkt I. L. O. nr. 102/1953, um lágmark félagslegs öryggis, sem Ísland er aðili að, er áskilið lágmark dagpeninga vegna slysa 50% af launum og er þá miðað við hjón með tvö börn. Dagkaup verkamanna er nú kr. 20.67×8 = kr. 165.36. Lágmarksbætur skulu því nema minnst kr. 82.68. Ef frumvarpsgrein þessi verður lögtekin verða bæturnar þessar, þegar þess er jafnframt gætt, að dagpeningar eru einnig greiddir fyrir sunnudaga og aðra helgidaga: (kr. 68.00+2×8) 7 : 6 = kr. 98.00. Væri þannig fullnægt ákvæðum samþykktarinnar og vel það.

Um 4. gr.

Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur því rétt, að dánarbætur

verði hinar sömu fyrir alla og leggur til, að þær verði kr. 90000.00 fyrir hvert dánarslys. Aðrar dánarbætur, sem greiddar eru í einu lagi, verði hækkaðar til samræmis við það.

Þá er ekkjulífeyrir ákveðinn með hliðsjón af frumvarpi því um breytingar á bótafjárhæðum lífeyristrygginga, sem fram var lagt á næst síðasta Alþingi. Sama gildir um upphæð barnalífeyris. Loks er lagt til, að lágmark ekkjulífeyris verði aldrei lægra en 10%, sbr. 21. gr. 2. mgr.

Hingað til hefur verið samræmi milli lífeyrisupphæða lífeyristrygginga og slysatrygginga. Með tilliti til þeirrar athugunar, sem nefndin leggur til að framkvæmd verði og getið er hér að framan, hefur nefndin ekki lagt til, að á þessu stigi verði breyting nú, þó að einstakir nefndarmenn áskilji sér fyrirvara um nefnt frumvarp til breytinga á bótafjárhæðum lífeyristrygginganna.

Bótafjárhæðir í c- og d-liðum eru samræmdar ákvæðum laga nr. 27/1959, um hækkaðar bætur vegna lögskráðra sjómanna.

Í annarri málsgr. eru ákvæði, sem svara til þeirra ákvæða, sem nú eru í 39. gr., sbr. lög nr. 27/1959.

Um 5. gr.

Eins og áður er vikið að er eðlilegt, að slysabætur fylgi nokkuð almennu kaupgjaldi, en á því hefur orðið allverulegur misbrestur. Hér er því lagt til, að ráðherra fái heimild til þess að breyta bótaupphæðum í samræmi við breytt kaupgjald. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Að lokum þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeirri útgjaldaaukningu, sem slysatryggingin verður að taka á sig, ef frumvarpið verður að lögum. Eins og kunnugt er, hvíla útgjöld slysatrygginganna eingöngu á atvinnurekendum, þar eð tekjur þeirra eru aðeins iðgjöld, sem greidd eru af þeim.

Svo sem drepið er á hér að framan, var á næst síðasta Alþingi lagt fram frumvarp til laga um hækkaðar bætur lífeyristrygginga, og er talið líklegt, að það verði samþykkt. Verði það frumvarp að lögum er áætlað, að árlegar bótagreiðslur slysatrygginga hækki sem hér segir:

	Sjómannatrygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
a. Vegna barna- og ekkjulífeyris	170	130	300
b. — örorkubóta	170	350	520
Samtals	340	480	820

Við áætlunina er ekki tekið tillit til útgjalda, sem hækkaðar lífeyrisgreiðslur vegna eldri slysa hafa í för með sér, en gert er ráð fyrir, að varasjóður slysatrygginga beri þau útgjöld.

Auk ofangreindrar útgjaldaaukningar má áætla útgjöld vegna hækkunar dagpeninga og dánarbóta, sem greiddar eru í einu lagi, sem hér segir:

	Sjómannatrygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
a. Vegna dagpeninga	240	960	1200
b. — dánarbóta	40	670	710
Samtals	280	1630	1910

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að bótagreiðslur sjómannatryggingar mundu hækka um ca. 15%, en bótagreiðslur iðntryggingar um ca. 35%, og samanlögð hækkun útgjalda er áætluð 2730 þús. kr. á ári. Hlyti slík hækkun að sjálfsögðu að hafa áhrif á iðgjöld til slysatrygginga.

Þannig samþykkt á nefndarfundi 23. nóvember 1959.

Hjálmar Vilhjálmsson. Björgvin Sigurðsson. Eðvarð Sigurðsson.
Sverrir Þorbjörnsson. Guðjón Hansen.

Fylgiskjal III.

Áætluð ársútgjöld lífeyristrygginga.

	Upphafleg áætlun f. 1960 Millj. kr.	Miðað við frv. frá 1959 Millj. kr.	Miðað við nýtt frv. Millj. kr.
1. Ellilífeyrir m. m., ÷ hluti sveitarfél. af hækkun	80.0	101.9	125.0
2. Örorkulífeyrir, ÷ hluti sveitarfél. af hækkun ..	25.0	31.0	37.6
3. Örorkustyrkur	2.0	2.5	3.0
4. Barnalífeyrir óendurkræfur, ÷ hluti slysatr. ..	10.3	12.1	14.5
5. Barnalífeyrir endurkræfur, ÷ krafið hjá sveitarfél og ríkissjóði	–	–	–
6. Fjölskyldubætur	27.0	27.7	153.0
7. Mæðralaun	4.2	6.6	11.7
8. Fæðingarstyrkur	9.0	9.3	11.2
9. Ekkjubætur og lífeyrir	2.4	2.6	3.1
10. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega	6.0[1])	4.2	4.2
11. Til læknisvitjana	0.3	0.3	0.3
12. Til rannsóknastofnana	0.7	0.7	0.7
13. Vegna erlendra samninga	0.1	0.1	0.1
	167.0	199.0	364.4
14. Til sjúkrasamlaga vegna sjúkrabóta	6.3	6.3	6.3
15. Kostnaður	6.1	6.1	6.5
16. Til varasjóðs	3.6	4.2	7.4
	183.0	215.6	384.6
Fjölskyldubætur færast á ríkissjóð	–	–	÷ 153.0
Framlag til sjúkrasamlaga færist á ríkissjóð ..	–	–	÷ 6.3
Til skiptingar samkvæmt 24. gr.	183.0	215.6	225.3

Útgjöld samkvæmt frumvarpinu frá 1959 hefðu skipzt þannig:

Ríkissjóður	71.1 millj. kr.	eða 33 %
Hinir tryggðu	71.1 —	— 33 —
Sveitarsjóðir	41.0 —	— 19 —
Atvinnurekendur	32.3 —	— 15 —
Samtals	215 millj. kr.	

[1]) Í upphaflegri áætlun var ekki gert ráð fyrir að niðurgreiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda úr útflutningssjóði yrði haldið áfram á árinu 1960.

Sé útgjaldaaukningin látin koma á ríkissjóð, verður skipting útgjalda samkvæmt hinu nýja frumvarpi þannig:

Ríkissjóður	80.9	millj.	kr. eða	36 %
Hinir tryggðu	71.1	—	— —	32 —
Sveitarsjóðir	41.0	—	— —	18 —
Atvinnurekendur	32.3	—	— —	14 —
Samtals	225.3	millj.	kr.	

Sjúkratryggingar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 1960 voru tekjur sjúkrasamlaga áætlaðar sem hér segir:

Iðgjöld greidd af hinum tryggðu	39.8	millj.	kr.
Niðurgreiðsla útflutningssjóðs	16.2	—	—
Framlag lífeyristrygginga	6.3	—	—
Framlag ríkissjóðs	18.7	—	—
Framlag sveitarsjóða	18.7	—	—
Samtals	99.7	millj.	kr.

Ef samanlögð iðgjöld hinna tryggðu héldust óbreytt, yrðu árstekjur samkvæmt hinu nýja frumvarpi sem hér segir:

Iðgjöld	39.8	millj.	kr.
Framlag ríkissjóðs	43.8	—	—
Framlag sveitarsjóða	19.9	—	—
Samtals	103.5	millj.	kr.

Á það skal bent, að samkvæmt frumvarpinu frá 1959 hefði framlag lífeyristrygginga hækkað á næsta ári í ca. 8 millj. kr.

Slysatryggingar.

Áætla má, að árleg útgjöld slysatrygginga hækki sem hér segir:

	Sjómanna-trygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
1. Samkvæmt frumvarpinu frá 1959	340	480	820
2. Samkvæmt tillögum slysatryggingarnefndar	280	1630	1910
3. Viðbót samkvæmt nýju frumvarpi	410	580	990
Alls	1030	2690	3720

Auk þeirrar árlegu útgjaldaaukningar, sem að ofan greinir, nemur útgjaldaaukning vegna eldri slysa (hækkun höfuðstólsandvirðis lífeyris) nálega 7 millj. króna.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um rafleiðslu á 4 bæi í Húnavatnssýslu.

Flm.: Jón Pálmason, Gunnar Jóhannsson, Jón Þorsteinsson, Gunnar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á raforkumálastjórnina að leiða á þessu ári rafmagn til heimilisnota á bæina: Hjaltabakka, Holt, Húnsstaði og Hurðarbak í Húnavatnssýslu.

Greinargerð.

Þessi tillaga er flutt af þeim sérstöku ástæðum, að þær fjórar jarðir, sem um er að ræða, eiga að miklu leyti vatn og veiðirétt í Laxá á Ásum, sem virkjuð hefur verið til almenningsnota. En þessum heimilum hefur verið neitað um rafleiðslu frá virkjuninni. Fylgir hér með afrit af bréfi sem hlutaðeigendur hafa sent öllum þeim alþingismönnum, sem atkvæðafylgi fengu á Norðvesturlandi í síðustu kosningum.

Fylgiskjal.

St. Blönduósi, 31. jan. 1960.

Við undirritaðir, ábúendur og eigendur að jörðunum Hjaltabakka, Húnsstöðum og Holti í Austur-Húnavatnssýslu, leyfum okkur hér með að snúa okkur til alþingismanna og uppbótarþingmanna í Norðurlandskjördæmi vestra og lýsa því, hvert óréttlæti við höfum orðið að þola varðandi raforkumál.

Þannig er háttað, að Laxá á Ásum, sem virkjuð hefur verið til orkuframleiðslu fyrir Húnavatnssýslu, er eign sex jarða, sem eru þessar: Hjaltabakki, Holt (Holtsnes), Húnsstaðir, Hnjúkar, Hurðarbak og Sauðanes. Liggja jarðir okkar að neðri hluta árinnar og meðfram Húnvetningabraut næst Blönduósi.

Nú virðist eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þau heimili, sem eiga það vatnsfall, sem virkjað er, sitji fyrir öðrum um að fá rafmagn til heimilisnota, en þetta hefur ekki orðið.

Aðeins tvö af þessum heimilum hafa fengið raforku, þ. e. a. s. Hnjúkar og Sauðanes, og svo nýbýlið Hnjúkahlíð, sem byggt er úr Hnjúkalandi. Hinar jarðirnar fjórar, sem eiga vatnið, hafa ekkert rafmagn fengið enn þá, þótt liðin séu 27 ár, frá því að byrjað var að virkja ána; hefur þó margsinnis verið um það beðið, bæði af okkur og þingmanni Austur-Húnavatnssýslu, Jóni Pálmasyni, að við nytum þess réttar í þessu efni, sem eðlilegur er.

En rafmagnið hefur verið leitt allt annað, svo sem út á Skagaströnd, vestur á Hvammstanga, fram í dali o. s. frv.

Því er alltaf við borið, að leiðsla á rafmagni til okkar brjóti þá reglu, að eigi megi vera nema ca. 1 km milli bæja.

Raunar er okkur kunnugt um þá reglu og að henni er engan veginn fylgt víða annars staðar, þótt hér sé haldið fast við hana.

Þar sem við höfum nú fengið 7 þingmenn í Norðurlandskjördæmi vestra að uppbótarþingmönnum meðtöldum og þar sem þessir þingmenn eru í öllum flokkum Alþingis, þá væntum við þess, að okkar rétti verði framfylgt af sterkari aðilum en verið hefur.

Þess vegna leyfum við okkur að leita til allra þessara háttvirtu alþingismanna og óska þess, að þeir komi þessu vandamáli til fullrar leiðréttingar, þannig að rafmagn verði leitt á þessa þrjá bæi a. m. k.

Af sömu ástæðu væri og eðlilegt, að rafmagn væri leitt að Hurðarbaki, en þar sem það er ekki sameiginlegt mál, fylgir ekki beiðni þaðan nú.

Á þessum jörðum eru nú 5 heimili, en 7 búendur, því að á hálflendu einnar jarðarinnar búa nú 3 eigendur hennar sameiginlega, og telst það því eitt heimili. Allar þessar jarðir eru vel í sveit settar, og allar hafa þær notið nokkurs í umbótum undanfarinna ára, svo sem í ræktun og húsagerð; þá búa þær og yfir landrými og landkostum, sem framfleyta mætti á miklu fleira fólki en nú er þar búsett.

Auk þessa má geta þess, að hafinn hefur verið undirbúningur að nýbýli í Holtsnesi, sem er úrskilinn hluti af jörðinni Holt, með ræktun og byggingu peningshúsa og brú á Laxá, og nú þegar rekinn þar nokkur búskapur, en það nýbýli mun koma sem næst í beina línu frá rafstöðinni í Sauðanesi að Hjaltabakka, en ca. 1 km frá Holti.

Þess má og geta, að á þessum jörðum eru samtals 14 ungmenni í uppvexti. Það gæti verið mál til athugunar fyrir forráðamenn raforkumála og landsmála í heild, hvort börn þessi skuli geta lifað áfram í heimabyggð sinni við hliðstæð lífsskilyrði þeim, sem raforkumálastjórn fyrir sitt leyti býr öðrum ungmennum, alla leið meðfram þjóðveginum frá Skagaströnd til Hvammstanga og raunar víðar annars staðar fjær í héraðinu, eða hvort eðlilegra sé að beina þessu fólki frá heimilum sínum til þeirra staða, þar sem betur er að fólki búið.

Vegna alls þessa leyfum við okkur að vænta þess, að þér, herra alþingismaður, styðjið þetta nauðsynjamál ásamt öðrum þingmönnum kjördæmisins, sem fá samhljóða bréf og við væntum að ljái málinu fylgi sitt.

Virðingarfyllst,

Vegna Holts:
Pálmi Ólafsson, Ólafur Björnsson, Sig. Pálmason.

Vegna Hjaltabakka:
Jón Þórarinsson. F. h. eiganda Herm. Þórarinsson.

Vegna Húnsstaða:
Björn Kristjánsson, bóndi. Jón Benediktsson f. h. eigenda.

Vegna Holtsness:
Guðbr. Ísberg.

Ed. 129. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta felur í sér afnám þeirra takmarkana, sem gildandi lög ákveða um álagningu á tóbaksvörur, en skv. þeim er álagningarhámark 350% á vöruna, eftir að greidd hafa verið af henni öll aðflutningsgjöld. Án vafa hafa þessi álagningartakmörk verið sett og þeim haldið frá fyrstu tíð í þeim skilningi, að um væri að ræða skattlagningu, sem eðlilegt væri að löggjafarvaldið hefði stjórn á í anda þess stjórnarskrárákvæðis, að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema skv. lögum frá Alþingi.

Ekki verður séð, að nein rök hnígi til þess, að nauðsyn krefji, að Alþingi afsali sér nú rétti sínum til þess að ráða skattheimtu, hvorki í þessu efni né öðrum. Sé eða reynist nauðsynlegt að afla ríkissjóði aukinna tekna með hækkaðri álagningu á tóbaksvörur, er sú leið opin að hækka álagningarheimild Tóbakseinkasölunnar með breytingu á lögum. Sú breyting, sem hér er ráðgerð, stefnir að því að draga úr

eðlilegu og hefðbundnu valdi Alþingis yfir skattheimtu af almenningi og fá það í hendur ríkisstjórnarinnar. Leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi. 23. febr. 1960.

Björn Jónsson, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 130. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir þrír nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en tveir nm., þeir KK og Björn J, tjá sig því andvíga.

Alþingi, 23. febr. 1960.

Ólafur Björnsson, form. Magnús Jónsson, frsm.

Jón Þorsteinsson, fundarskr.

Sþ. 131. Fyrirspurn [67. mál]

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um björgunartæki.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var 5. maí 1959, um athugun á nýjum björgunartækjum?

Ed. 132. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1960, 1961 og 1962. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1960—1962. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 90 frá 1957 um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946 um sérstakar fyrningarafskriftir taka aðeins til tækja, sem tekin voru í notkun á árinu 1959 eða fyrr. Tæki þessi eru fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, svo og flugvélar til farþega- og vöruflutninga.

Tæki þessi má skv. gildandi lögum afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því, er þau voru tekin í notkun.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæði áðurgreindra laga verði látin gilda fyrir árin 1960, 1961 og 1962.

Nd. 133. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi fimm nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið við sjúkrahús hér á landi, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, en ráðherra getur þó, að fengnum tillögum læknadeildar Háskólans, heimilað að því sé lokið við erlent sjúkrahús.

Landlæknir ráðstafar námsvist kandidata samkvæmt reglum, er hann setur í samráði við læknadeild Háskólans og Læknafélag Íslands.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem í lagafrumvarpi þessu eru ráðgerðar á gildandi lögum er að finna í 2.—4. efnismálsgreinum 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að framhaldsnámi læknakandidata, sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti hlotið lækningaleyfi skuli lokið við sjúkrahús hér á landi, sem fullnægir skilyrðum, sem nánar verði tilgreind í reglugerð. Fjölgað hefur þeim sjúkrahúsum hér á landi, þar sem skilyrði eru til þess að kandidatar geti hlotið þá margþættu æfingu, undir leiðsögn hinna hæfustu lækna, sem gerð er að skilyrði fyrir almennu lækningaleyfi. Lang algengast er að það framhaldsnám sé stundað hér á landi, en þó er veitt heimild til að leyfa að því verði lokið við erlent sjúkrahús, enda er þá einnig nauðsynlegt að tryggt verði, að slíkt sjúkrahús fullnægi þeim kröfum sem gerðar verða samkvæmt framansögðu.

Í 3. málsgr. er landlækni falið að ráðstafa námsvist kandidata. — Fyrr á árum, er læknakandidatar voru færri og vart nema um eitt sjúkrahús að ræða sem veitti

þeim framhaldsmenntun, var lítil þörf á sérstakri yfirstjórn á ráðstöfun námsvistar, en nú hefur orðið á þessu veruleg breyting, bæði að því er varðar sjúkrahúsin og fjölda kandidata. — Hafa læknakandidötum stafað óþægindi af skipulagsleysi í þessu efni og er nauðsynlegt að úr verði bætt.

Þá er í 4. málsgr. settar reglur um kjör kandidatanna við framhaldsnámið. Þau hafa fram að þessu farið eftir samningum, sem nú um skeið hafa komið til endurskoðunar árlega og hafa stéttarsamtök lækna fjallað um þá samninga fyrir kandidatanna hönd. Sú óvissa, sem orsakast hefur af þessu um störf og starfsháttu kandidatanna, er jafnframt nauðsynlegu framhaldsnámi sínu gegna mikilsverðum störfum á sjúkrahúsunum, hefur verkað mjög truflandi á störf sjúkrahúsanna og raunar framhaldsnám kandidatanna. Hafa allir aðilar, sem um hafa fjallað, verið óánægðir með þetta fyrirkomulag og varð um það samkomulag í viðræðum á s. l. hausti, að festa þá skipan sem hér er gerð, og eru þar ráðgerð fastalaun kandidatanna hin sömu og þeir hafa samkvæmt fyrri samningum. Um önnur starfskjör er þá gert ráð fyrir að fjallað verði eftir reglum þeim, sem um opinbera starfsmenn gilda að lögum.

Nd. 134. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar á matsverði og söluverðið lagt í sérstakan sjóð, sem ekki má skerða og ber heitið Kristfjárjarðasjóður Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni sýslumanns Húnavatnssýslu, Guðbrands Ísbergs og eftir samþykkt sýslunefndar. Bréf sýslumannsins frá 6. og 12. þ. m. fylgja hér með, og skýra þau málið svo sem þörf er á.

Fylgiskjal I.

Blönduósi, 6. febr. 1960.

Hér með leyfi ég mér, herra alþingismaður, að fara þess á leit við yður, að þér beitið yður fyrir því á Alþingi því, er nú situr, að heimild fáist til þess að selja kristfjárjarðirnar **Meðalheim** í Torfalækjarhreppi og **Hamar** í Svínavatnshreppi núverandi ábúendum jarðanna fyrir matsverð og, ef henta þykir, með þeim skilmála, að þær verði um leið gerðar að óðalsjörðum.

Eign Kristfjárjarðasjóðs í Meðalheimi er ekki nú orðið önnur en landverð jarðarinnar, kúgildi og nokkrir einskis verðir peningshúsakofar. Hér frá verður þó að draga eign erfðafestuábúanda í 30 ha. nýrækt. Á jörðinni hvíla ca. 300000 kr. ræktunarsjóðslán og byggingarsjóðslán. Beri eitthvað út af með greiðslu afborgana og vaxta, er ekki um annað að gera en að lofa hlutaðeigandi lánsstofnun að ganga að veði sínu, því að fé er sama og ekkert fyrir hendi í sjóðnum og sýslurnar bera

enga ábyrgð á þessum lánum, þótt sýslurnar hafi orðið að heimila töku þeirra lögum samkvæmt. Virðist því einsætt að hverfa að því ráði að leyfa að selja þessar jarðeignir, sem fyrir Kristfjárjarðasjóð eru nær einskis virði. Hið litla afgjald jarðanna hefur farið og fer til þess að reyna með styrkjum til húsabóta að koma í veg fyrir, að þær leggist í eyði. Þetta gildir enn um Hamar, en ábúendur Meðalheims eiga nú öll hús jarðarinnar, sem að gagni eru.

Jörðin Hamar er að vísu í ábúð, a. m. k. til vors, en á s. l. hausti brunnu þar öll bæjarhús, og peningshús, sem þar eru, þykja lítt eða ekki nothæf lengur. Þar þarf því að byggja allt upp frá grunni. Nú vill ábúandi ekki leggja fé í nauðsynlegar byggingar á jörðinni, nema hann fái hana keypta, og fylgi réttur til brunabótafjárins, sem ekki fæst greitt, nema byggt sé aftur. Og þess er vissulega ekki að vænta, að aðrir geri betri boð. Er því einsætt, að jörðin fer í eyði, ef sala er ekki leyfð. Sýslunefndir Húnavatnssýslna, sem æ ofan í æ hafa gert samþykktir um að freista að fá að selja jarðirnar, leggja nú á það ríka áherzlu, að söluleyfi fáist með einhverju móti til þess að koma í veg fyrir, að Hamar, sem er allgóð jörð með ca. 600 hesta töðufalli, fari í eyði, enda kæmi þá hvort eð er til nauðungarsölu á jörðinni vegna veðskulda, sem á henni hvíla.

Um gjafabréf og varðandi opinber afskipti af jörðum þessum vísast til „Lovsamling for Island", þar sem gjafabréfin er að finna, svo og til skipulagsskrár nr. 172/1919. Í þeirri skipulagsskrá, sem virðist hljóta að öllu leyti að koma í stað gjafabréfanna, er hvergi bannað að selja jarðirnar, en hins vegar lögð rík áherzla á ávöxtun sjóðanna, sem miklu hagkvæmara er nú að gera með því að leggja þá í Söfnunarsjóð eða banka. Geta má þess sem nærtæks fordæmis, að um eða laust fyrir 1930 fékkst leyfi stjórnarráðsins til þess að selja jarðir amtmannsgjafasjóðs, sem alveg eins var ástatt um. Þar var gert eingöngu ráð fyrir arði af sjóðnum í formi jarðarafgjalda, en það var nær eini vegurinn, og sá langsamlega almennasti, til að ávaxta fé á þeim tíma, er jarðirnar voru gefnar. Um banka var þá ekki að ræða. Sennilega er um fleiri fordæmi að ræða, þó að ég viti ekki skil á þeim. Mér þykir því sennilegt, að hlutaðeigandi ráðuneyti (væntanlega dómsmálaráðuneytið) komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa athugað mál þetta niður í kjölinn, að hvorki sé þörf að leita til Alþingis né dómstólanna, heldur geti það sjálft leyft sölu jarðanna, og það væri að sjálfsögðu einfaldasta og bezta lausnin. En fari svo, að það teljist ekki fært að höggva á hnútinn þann veg, svo sem áður hefur verið gert, er þess beiðzt, að þér berið fram á Alþingi frumvarp til laga um heimild til þess að selja jarðirnar.

Virðingarfyllst,

Guðbr. Ísberg.

Fylgiskjal II.

Blönduósi, 12. febr. 1960.

Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 6. þ. m., varðandi heimildaröflun til sölu kristfjárjarðanna Hamar og Meðalheimur skal þetta fram tekið til frekari skýringar eftir nánari athugun þessa máls.

Amtmannsgjafasjóðsjarðirnar, sem samkvæmt gjafabréfi, er prentað er í „Lovsamling for Island", voru gefnar Vindhælishreppi hinum forna til „ævarandi eignar", voru allar seldar 20. júní 1926: „að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 16. júní þ. á. samkvæmt heimild í konungsúrskurði 1. marz þ. á., þá selur hreppsnefndin og afsalar" o. s. frv. Andvirði jarðanna var síðan lagt í Söfnunarsjóð og var óhreyfanlegt þar, en vöxtum mátti ráðstafa. Tvímælalaust falla amtmannsgjafasjóðsjarðirnar undir samheitið „kristfjárjarðir", og því er þarna um fordæmi að ræða, sem ekki er hægt að leggja til hliðar sem markleysu, ekki sízt þegar þess er gætt, að leyfisveitingin er verk þáverandi dómsmálaráðherra, Jóns heitins Magnússonar, sem var viðurkenndur einn snjallasti lögfræðingur sinnar tíðar. Er og vitað,

að á eftir þessum aðgerðum hafa rekið þau sömu vandkvæði sem nú, að meiri hluti jarðarafgjaldanna gekk til svokallaðra endurbygginga og viðbygginga á jörðunum, sem þó, oftar en hitt, var tómt kák. Hér var að vísu aðeins um efnisframlag að ræða, en vitanlega engin leið að tryggja, að efnið væri ævinlega notað svo sem vera bar. En kröfunum og jaginu um framlög í þessu efni linnti aldrei, og svo er raunar enn. Við sölu jarðanna og ávöxtun andvirðis þeirra í Söfnunarsjóði var höggvið á hnútinn, og allur arður sjóðsins kom til úthlutunar, svo sem til var ætlazt, eða nánar tiltekið allur sá hluti arðsins, sem úthluta mátti.

Virðingarfyllst,

Guðbr. Ísberg.

Ed. 135. Frumvarp til laga [71. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, skal gilda til marzloka 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 mun eigi verða lokið fyrir 1. marz n. k., er með frumvarpi þessu lagt til, að framlengd verði til marzloka heimild sú, er felst í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Nd. 136. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Birgir Finnsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 12 frá 1952 var svo ákveðið, að frá 1. jan. 1953 skyldi erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 1921 og arfur samkv. erfðalögum renna í

sérstakan sjóð, erfðafjársjóð. Sjóðurinn yrði í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins. Fé því, sem rynni í sjóðinn, skyldi varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra kæmi að sem fyllstum notum. Heimilað var samkv. lögunum að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en samanlagðar upphæðir lána og styrkja máttu þó eigi fara fram úr ⅔ af stofnkostnaði. Þá var tekið fram í lögunum, að félagsmálaráðherra tæki ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr sjóðnum, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

Með lögum þessum var ætlunin að hjálpa öryrkjum og gamalmennum til þess að geta stundað vinnu við sitt hæfi og bæta þannig úr brýnni þörf.

Um áramótin 1958—1959 höfðu verið veittir styrkir úr sjóðnum að fjárhæð kr. 115000.00 og lán kr. 803000.00. Eignir hans námu þá kr. 5983914.00. Fjárhagur hans mun því vera góður, og má telja víst, að sjóðurinn komi til með að vaxa ört á næstu árum, þar sem honum eru tryggðar fastar og öruggar tekjur.

Eins og allir vita, vantar víða dvalarheimili fyrir aldrað fólk, sem ekki getur stundað neina vinnu. Kostnaðarsamt er að koma upp slíkum stofnunum og ofviða fyrir flest bæjar- og sveitarfélög, nema þau geti fengið til þess hagstæð lán til margra ára.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framvegis verði einnig heimilað að lána úr sjóðnum til slíkra bygginga (elliheimila), eftir því sem fjárhagur hans leyfir hverju sinni. Með því er síður en svo ætlazt til þess, að dregið verði úr stuðningi sjóðsins við öryrkjana, enda á valdi félagsmálaráðherra, eftir að hann hefur aflað sér álits Tryggingastofnunar ríkisins, að meta aðstæður lánbeiðenda og getu sjóðsins til lánveitinga.

Nd. 137. Frumvarp til laga [73. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Flm. Guðlaugur Gíslason, Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Þeir, sem öðlazt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi

lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um lönd til úthlutunar byggingarlóða í Vestmannaeyjum er vart að ræða lengur nema þau, sem eru í ábúð jarða eða einstaklingar hafa samning um eða rétt á til ræktunar. Eftirgjald til ríkissjóðs af þessum löndum er mjög lágt. Hins vegar hækkar eftirgjaldið og margfaldast, ef þessum löndum er skipt niður í byggingarlóðir. En til þess að svo megi verða og til þess að gera lóðirnar byggilegar, verður bæjarsjóður árlega að leggja fram verulegt fé til lagningar vega, holræsa o. fl. Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir er að öllu leyti tekinn úr vasa bæjarbúa í beinum sköttum, útsvörum og fasteignagjöldum, en bæjarsjóður fer algerlega á mis við þá hækkun á lóðarleigu, sem landeigandi, ríkissjóður, verður aðnjótandi vegna þessara mjög svo kostnaðarsömu framkvæmda. Verður slíkt að teljast óeðlilegt.

Í 22. gr. fjárlaga hefur nokkur undanfarin ár verið heimild til að verja allt að helming af lóðarleigu í Vestmannaeyjum til varnar landbroti þar, og enn fremur hefur á fjárlögum undanfarin tvö ár verið nokkur fjárhæð til varnar landbroti á Eiðinu, sem er varnarveggur Vestmannaeyjahafnar norðan til. Er hér samanlagt um nokkru hærri upphæð að ræða en ríkissjóður innheimtir árlega í lóðarleigu í Eyjum. Ef aðeins er litið á þá hlið málsins, er e. t. v. ekki eftirsóknarvert fyrir kaupstaðinn að eignast landið og þá af sömu ástæðu ekki tjón fyrir ríkissjóð að selja það. En flm. telja, eins og allar aðstæður eru, eðlilegast og æskilegast bæði fyrir ríkissjóð og þá, sem í Vestmannaeyjum búa, að kaupstaðurinn eignist kaupstaðarlandið, sem talið er Heimaey öll, og beri allan kostnað af þessari eign, en njóti hins vegar góðs af þeirri hækkun, sem verður á lóðarleigum vegna óhjákvæmilegra framkvæmda bæjarfélagsins í sambandi við úthlutun byggingarlóða.

Lóðarsamningar allir í Vestmannaeyjum, með örfáum undantekningum, eru gefnir út til ákveðins árabils, og telja flm. eðlilegast, að þeim verði ekki raskað, nema nauðsyn beri til vegna skipulags bæjarins, en endurnýjaðir af bæjarstjórn, eftir því sem þeir falla úr gildi.

Svo virðist samkvæmt þeim heimildarritum sem fyrir hendi eru, að Vestmannaeyjar hafi allt til 12. aldar verið í eigu bænda þar, en þá festi Magnús Einarsson biskup í Skálholti kaup á þeim, og voru þær eign Skálholtsstóls þar til í byrjun 15. aldar. Þá komust þær í eigu konungs. Ókunnugt mun vera, með hvaða hætti það hefur orðið, en gizkað er á og talið sennilegt, að Skálholtsbiskup hafi látið þær af hendi upp í skuld við konung. Í konungs eigu munu Vestmannaeyjar hafa verið þar til um 1870, að landssjóði voru afhentar þær ásamt öðrum konungsjörðum.

Það er að sjálfsögðu nokkurt metnaðarmál fyrir Vestmannaeyinga að verða aftur eftir svo langt árabil eigendur þess lands, sem þeir byggja, en fyrst og fremst er það nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn, eins og aðra kaupstaði, í sambandi við skipulag bæjarins, úthlutun byggingarlóða o. fl. að hafa óskertan eignarrétt á kaupstaðarlandinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, og eru tekin upp í það svipuð ákvæði og verið hafa í lögum, sem Alþingi hefur áður sett um sama efni, t. d. um Kópavogskaupstað 1957, svo sem það, að ríkið geti jafnan keypt aftur það af landinu, sem það kynni að þarfnast síðar, sama verði og það var selt.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um dvalarheimili kaupstaðarbarna í heimavistarskólum.

Flm.: Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við hlutaðeigandi skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hefur fólksfjöldi í þéttbýli hér á landi vaxið hröðum skrefum. Við það hefur atvinnulífið í landinu orðið fjölþættara en áður. En þessari þróun fylgja annmarkar, m. a. á sviði uppeldismála. Börn, sem ávallt dveljast í þéttbýli, fá litla kynningu af landinu og njóta ekki þeirra þroskaskilyrða, sem fjölbreytni sveitalífsins veitir. Stálpuð börn í þéttbýli vantar og tilfinnanlega verkefni við sitt hæfi, þegar skólar starfa ekki.

Mjög er að því keppt af hálfu foreldra að koma börnum úr kaupstöðum á sveitaheimili til sumardvalar. Yfirleitt er góð reynsla af því. En með vaxandi þéttbýli verða heimilin þar æ fleiri í hlutfalli við sveitabýlin og þeim mun erfiðara að fá aðsetur fyrir öll börn kaupstaða og kauptúna, sem aðstandendur þeirra vilja koma í sveit á sumrin. Þarf því að leita fleiri ráða í þessu efni.

Á síðari árum hafa verið reistir heimavistarskólar víða í sveitum, og standa þau hús yfirleitt auð á sumrin.

Hér er lagt til, að af hálfu fræðslumálastjórnarinnar verði teknir upp samningar við skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Nd. 139. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Töluliður 2 í 3. grein laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda við úttekt jarðabóta vorið 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að framlag ríkisins til nýræktar verði hið sama hvort sem um „ræktun sanda“ eða „ræktun annars lands“ er að ræða.

Með lögum nr. 29/1955 var gerður sá munur á þessu að ræktun sanda var sett skör lægra en önnur ræktun. Þykir rétt að fullt framlag sé greitt til ræktunar sanda, þegar um fulla túnrækt er að ræða, alveg eins og þegar ræktaðar eru mýrar og móar og annað land, eins og ákveðið er í jarðræktarlögunum frá 1950.

Nd. 140. Lög [71. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

(Afgreidd frá Nd. 29. febr.)

Samhljóða þskj. 135.

Ed. 141. Lög [40. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 85.

Nd. 142. Frumvarp til laga [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Andersen, Aage Villum, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1924.
2. Anna Pálína Jónsdóttir, húsmóðir, Sauðhúsum í Dalasýslu, f. í Færeyjum 14. okt. 1929.
3. Berg, Malena Elina, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 20. sept. 1921 í Færeyjum.
4. Buhl, Kristian, fjósameistari á Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1930.
5. Christensen, Henning, mjólkurfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 22. apríl 1926.
6. Ferrua, Walter Teresio Ernesto, iðnverkmaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 19. ágúst 1933.
7. Gill, Frieda Emma, f. Ullrich, starfsstúlka á Þorsteinsstöðum í Skagafjarðarsýslu, f. 31. maí 1927 í Þýzkalandi.
8. Hansen, Verner Jakob, blikksmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1921.
9. Hautopp, Jörgen Rosleff, járnsmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. marz 1934.
10. Herrmann, Maria Erdmuthe, barnakennari í Selvogi, f. í Þýzkalandi 23. des. 1937. (Fær réttinn 29. apríl 1960.)
11. v.Hoof, Allegonda, karmelnunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 27. febrúar 1912.
12. Högnaberg, Peder Jakob, sjómaður í Keflavík, f. í Færeyjum 24. des. 1930.
13. Jacobsen, Sonja Johanna, húsmóðir, Þingholti, Búðum, Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 3. okt. 1933.
14. Jensen, Christian Frederik, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Danmörku 2. maí 1920.
15. Koeppen, Erwin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. febr. 1925.
16. Kudrawzew, Alvine, ekkja í Reykjavík, f. í Lettlandi 26. marz 1890. (Fær réttinn 21. ágúst 1960).
17. Kummer, Erling Reinhold, verkamaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1937.
18. Lervik, Magnar Kristoffer, matreiðslumaður, Galtafelli, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, f. í Noregi 10. jan. 1916.
19. Lindner, Friedrich Franz, húsgagnabólstrari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. sept. 1919.

20. Linke, Anni Karoline Wilhelmine, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 25. des. 1923.
21. Magnússon, Jutta Wilhelmine, f. Henschel, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 4. des. 1929.
22. Nielsen, Svend Erik Christian, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 21. júlí 1915.
23. Pedersen, Hans Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 12. des. 1908.
24. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. nóv. 1914.
25. Schwüchow, Werner Eric Hans, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 25. jan. 1932.
26. Schöttke, Hedwig Erna, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. marz 1915.
27. Simmers, Johannes Arnoldus, garðyrkjumaður í Sandgerði, f. í Hollandi 11. marz 1898.
28. Splidt, Jens Albert, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. júlí 1922.
29. Splidt, Olna Maria Ketty, f. Hentze, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 3. okt. 1929.
30. Wagner, Ilse Inge, húsmóðir, Írafossi í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 24. marz 1930.
31. Walker, Donald Nutter, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 22. maí 1933.
32. Wirkner, Christa Ingeburg, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 22. des. 1929.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja þeim skilyrðum, sem voru sett af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. 472 á 74. löggjafarþingi 17. marz 1955. Tveir umsækjendanna, nr. 10 og 16, fullnægja þó ekki skilyrðum fyr en síðar á þessu ári og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þeir öðlist ekki réttinn fyr en þeir hafa fullnægt skilyrðunum.

Ed. 143. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir öll með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. marz 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundarskr.
Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson.

Sþ. 144. Breytingartillaga [27. mál]

við till. til þál. um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Frá Jóni Skaftasyni.

Aftan við tillögugreinina bætist:

Enn fremur felur Alþingi ríkisstjórninni að beita sér fyrir þeirri breytingu á lögunum um Fiskveiðasjóð Íslands, að heimilt verði að lána fé sjóðsins til kaupa á verðmiklum veiðarfærum, sem hafa nokkra endingu.

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um síldariðnað á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í framtíðinni. Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum annars staðar á Vestfjörðum.

Greinargerð.

Fyrstu síldarverksmiðjur á Íslandi í eigu innlendra félaga munu hafa verið starfræktar á Vestfjörðum. Voru það síldarverksmiðjur hlutafélagsins Kveldúlfs á Hesteyri í Jökulfjörðum og félagsins Andvara að Sólbakka við Önundarfjörð. Þessar verksmiðjur voru byggðar upp úr norskum hvalveiðistöðvum árin 1925 og 1926. Voru þær reknar fram undir 1940. Á Djúpuvík og Ingólfsfirði í Strandasýslu byggðu einkafyrirtæki einnig síldarverksmiðjur og ráku þær um árabil. Að öllum þessum verksmiðjum var, eins og að líkum lætur, mikil atvinnubót á þeim stöðum, þar sem þær voru reknar. Einnig drógu þær drjúgan afla í þjóðarbúið. Hafði það örlagaríkar afleiðingar fyrir flest þessara byggðarlaga, þegar rekstur þeirra lagðist niður.

Vélar verksmiðjanna á Hesteyri og Sólbakka hafa fyrir löngu verið fluttar þaðan burt. En verksmiðjurnar á Djúpuvík og Ingólfsfirði eru enn þá rekstrarhæfar með nokkrum aðgerðum, enda þótt nokkuð hafi verið selt burt af vélakosti þeirra.

Nokkur undanfarin ár hefur sumarsíldveiðin fyrir Norðurlandi hafizt norður af Vestfjörðum. Einnig hefur síldveiði farið vaxandi úti fyrir Vestfjörðum á haustin. Hefur því verið um töluverða síldarsöltun að ræða í nokkrum hinna vestfirzku sjávarþorpa, svo sem Bolungavík og Suðureyri, og í Ísafjarðarkaupstað.

Það er skoðun margra Vestfirðinga, að ekki hafi verið framkvæmd nægilega víðtæk leit að síld út af Vestfjörðum á haustin undanfarin ár. Bendir margt til þess, að þar hafi verið um verulegar síldargöngur að ræða.

Meðal útgerðarmanna og sjómanna á Vestfjörðum ríkir vaxandi áhugi fyrir því að efla síldveiðarnar og koma upp síldariðnaði og feitfisksbræðslum. Ný veiðarfæri við síldveiðar fela í sér stórkostlega möguleika til þess að gera þennan veiðiskap að árvissum atvinnuvegi, sem dregið getur mikinn arð í þjóðarbúið. Bendir margt til þess, m. a. síðustu tilraunir með síldveiðar í flotvörpu, að síldveiðarnar þurfi ekki að vera það happdrætti, sem þær hafa verið á liðnum tíma. En þegar síldveiðarnar eru orðin árviss atvinnugrein, ber nauðsyn til þess, að síldarverksmiðjur séu dreifðar víðs vegar um landið. Reynslan sýnir, að hið opinbera eitt hefur bolmagn til þess

að eiga og reka síldarverksmiðjur í öllum landshlutum. Er þá hugsanlegt, að hallarekstur einstakra verksmiðja sé jafnaður með hagnaðinum af þeim, sem betur kunna að ganga einstök ár. Enn fremur liggur í augum uppi, að frysting og niðursuða síldar og niðurlagning í neytendapakkningar hlýtur að eiga sér mikla framtíð hér á landi.

Hér verður því að haldast í hendur, að leitað sé nýrra úrræða um markaði fyrir íslenzkar síldarafurðir og framleiðsla þeirra gerð fjölbreyttari með aukinni niðursuðu eða frystingu til útflutnings.

Í till. þessari er lagt til, að ríkisstj. láti fram fara athugun á því, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík á næstu árum. Að sjálfsögðu hlýtur rekstur þessara atvinnutækja fyrst og fremst að fara eftir því, hvort síld gengur á vesturmiðin fyrir Norðurlandi eða ekki. En fyrir íbúa nyrztu byggðarlaganna í Strandasýslu hlýtur það að hafa mjög mikla þýðingu, að þessi atvinnutæki séu í gangi. Hefur Árneshreppur, sem verksmiðjurnar eru í, á undanförnum árum átt við mikla erfiðleika að stríða, vegna þess að þau hafa ekki verið rekin.

Í framhaldi af athugun á rekstrarmöguleikum síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík er svo lagt til í tillögu þessari, að athugað verði, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum annars staðar á Vestfjörðum. Eins og bent var á hér að framan, liggja Vestfirðir að mörgu leyti mjög vel við síldarmiðum, enda hefur á liðnum tíma verið mikill síldariðnaður í þessum landsfjórðungi. Nú um skeið hefur hins vegar dregið mjög úr honum af fyrrgreindum ástæðum. En á sama hátt og síldargöngur hafa nú síðustu sumrin aukizt nokkuð að Austurlandi, er auðsætt, að síldveiði er þegar tekin að glæðast á ný fyrir Vestfjörðum.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál vestfirzkrar útgerðar og sjómanna. Ber því brýna nauðsyn til þess, að sú athugun verði látin fram fara, sem lagt er til að framkvæmd verði í tillögu þessari.

Sþ. 146. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Í greinargerð, sem fylgdi tillögu Sveins, var hún ýtarlega rökstudd. Greinargerðinni lauk með þessum orðum:

„Iðnaðurinn er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Hinn 10. fyrra mánaðar var til umræðu á Alþingi fyrirspurn frá 2. þm. Norðurlandskjördæmis eystra þess efnis, hvort ríkisstjórnin hefði gert einhverjar ráðstafanir til að tryggja endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins í samræmi við þann þingvilja, er fólst í samþykkt áðurnefndrar tillögu. Iðnaðarmálaráðherra upplýsti þá, að enn hefði ekki annað gerzt í þessum efnum en að skipuð hefði verið nefnd til að íhuga málið.

Síðan þessi umræða fór fram á Alþingi, mun það hafa gerzt, að stjórn seðlabankans hefur sett nýjar reglur um endurkaup á framleiðsluvíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, án þess að iðnaðurinn fengi nokkra frekari úrlausn.

Það er öllum ljóst, að hinar nýju efnahagsráðstafanir munu hafa það í för með sér, að iðnaðurinn þarf stóraukið rekstrarfé, ef hann á ekki að dragast verulega saman og það að valda atvinnuleysi. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir tveimur árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú líka almennt viðurkennt í orði, en enn stendur víða á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið, hef ég talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu Sveins Guðmundssonar, eins og hún var upphaflega orðuð af honum, og vænti þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir tveimur árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um hagnýtingu síldaraflans.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara.

Greinargerð.

Tillögu til þingsályktunar samhljóða þessari lögðu þeir fram á þinginu 1958—1959: Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson, Björgvin Jónsson, Tómas Árnason, Steingrímur Steinþórsson. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings. Nefndin skilaði aldrei áliti, og málið dagaði þess vegna uppi.

Greinargerð á þessa leið fylgdi tillögunni í fyrra, og er sú greinargerð enn í fullu gildi:

„Árið 1956 var síldarafli landsmanna upp úr sjó rúml. 100 þús. tonn og árið 1957 rúml. 117 þús. tonn. Var síldin fyrra árið 22.6% og síðara árið 26.9% af öllum fiskaflanum, eins og hann er talinn í skýrslum.

Samtals var síldaraflinn á þessum tveim árum tæpl. 218 þús. tonn eða um 1600 þús. mál og tunnur. Lauslega talið virðist um helmingur þessa tveggja ára síldarafla hafa farið í bræðslu, nál. 3/8 í salt og nál. 1/8 í frystingu. Mestur hluti

frystu síldarinnar var beitusíld til notkunar innanlands, en síldin og síldarafurðirnar að öðru leyti útflutningsvara, að undanskildum þeim hluta síldarmjölsins, sem notaður var innanlands. Verðmæti útflutningsvaranna var samkv. skráðu gengi fram undir 300 millj. kr. samtals bæði árin, en verðmæti þau, sem notuð voru innanlands, sennilega 60—70 millj.

Eins og kunnugt er, hefur síldveiðin undanfarin 14 ár verið miklu minni en hún áður var, sérstaklega þegar miðað er við útbúnað og fjölda veiðiskipa. Vonir manna um það, sem áður var kölluð mikil síldveiði, hafa aldrei rætzt á þessu tímabili. Fyrrum, þegar ganga mátti út frá uppgripa síldarafla a. m. k. öðru hverju, var að því stefnt, að hægt væri að taka á móti sem mestri síld og gera hana söluhæfa, þótt söluverðið væri ekki í réttu hlutfalli við hið mikla næringargildi síldarinnar. Með þetta fyrir augum var komið upp afkastamiklum verksmiðjum til framleiðslu á skepnufóðri og iðnaðarlýsi úr síld og lögð áherzla á að byggja rúmgóðar geymsluþrær fyrir hráefni til slíkrar framleiðslu. Víst hafa þau fyrirtæki bjargað miklum verðmætum og verið til ómetanlegs öryggis fyrir þá, er afla hráefnisins, þó að síldarafurðir verði ekki með þeirri hagnýtingu svo verðmiklar til gjaldeyrisöflunar sem frekast mætti verða fyrir þjóðarbúið.

Og nú, þegar síldaraflinn er miklu minni en hann áður var, hafa augu manna opnazt fyrir því, að miklu skiptir, að hægt sé að gera hið tiltölulega litla síldarmagn, sem veiðist, að sem verðmætastri útflutningsvöru. Hin síðustu árin hefur tekizt að auka nokkuð markaði fyrir saltsíld, og miðar því í rétta átt. Þessir markaðir þurfa enn að aukast. Einnig er nú farið að selja nokkurt magn af frystri síld úr landi, og munu vonir standa til, að sú sala aukist. Mikið væri unnið, ef takast mætti að gera saltsíldina verðmætari en hún nú er sem útflutningsvara með því að fullverka hana eins og hún er seld til neyzlu erlendis. Að því þarf að stefna, og skal það ekki nánar rætt hér.

Hagnýting síldaraflans í heild er stórmál fyrir þjóðarbúskapinn, og telja flm., að fram þurfi að fara skipulögð athugun þessa máls."

Við það, er að framan segir, má bæta því, sem fram hefur komið síðan það var ritað, að heildarafli af síld 1958 var 107.3 þúsund tonn upp úr sjó, og talið er, að heildaraflinn 1959 hafi orðið 183 þúsund tonn, eða um 70% meiri en árið áður.

Sölutregða á framleiðslunni 1959 minnir rækilega á, að auka þarf fjölbreytni í hagnýtingu aflans og leita jafnframt nýrra markaða.

Þá hafa og í efnahagsmálunum nú verið gerðar ráðstafanir, sem herða mjög á nauðsyn þess að gera síldaraflann að meira verkefni fyrir Íslendinga sjálfa en hann hefur verið, auka atvinnu með því að fullverka síldina sem neyzluvöru til sölu úr landi, eftir því sem hentar bezt fyrir markaði erlendis.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um tónlistarfræðslu.

Flm.: Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur vaxið mjög áhugi þjóðarinnar á tónmennt ýmiss konar. Eru nú starfandi tónlistarskólar víða um land, og fer þeim sífellt fjölgandi. Eru

það víðast samtök tónlistarunnenda, sem standa fyrir skólum þessum, og kostnaður er greiddur með skólagjöldum og framlögum úr ýmsum áttum.

Fyrst í stað voru skólar þessir aðallega eða eingöngu fyrir fullorðna, en á síðustu árum hefur á ýmsum stöðum verið tekin upp tónlistarfræðsla fyrir börn í sérstökum tónlistarskólum. Hefur reyndin orðið sú, að börn og unglingar hafa hagnýtt sér fræðslu þessa í stórum stíl og foreldrar sýnt mikinn áhuga á að láta börn sín verða þessarar fræðslu aðnjótandi, enda þótt greiða verði allhá skólagjöld.

Um það er naumast ágreiningur, að hér sé um merkilega menningarstarfsemi að ræða, sem beri að efla eftir föngum, eigi sizt tónlistarfræðslu fyrir börn og unglinga, sem er þeim bæði holl og þroskandi tómstundaiðja.

Tónlistarskólarnir starfa utan skólakerfisins. Flestir þeirra njóta styrks í fjárlögum, en sá styrkur er mjög mismunandi. Hefur fjárveitinganefnd á undanförnum árum hvað eftir annað á það bent, að ógerlegt væri fyrir nefndina að gera sér grein fyrir starfsemi allra þessara skóla og tryggja eðlilegt hlutfall fjárveitinga til þeirra. Hefur þessi vandi stöðugt vaxið og tónlistarskólarnir orðnir svo margir og um leið mismunandi bæði að gæðum og nemendafjölda, að því verður eigi lengur skotið á frest að setja fastar reglur um aðild ríkisins að fræðslu þessari og hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við hana.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hversu tengja megi tónlistarfræðsluna við annað skólanám í landinu, en varast ber þó að taka forustuna úr höndum áhugamannasamtakanna, sem með góðum árangri hafa byggt upp fræðslustarfsemi þessa. Hins vegar verður eigi hjá því komizt að setja ákveðnar reglur um þau skilyrði, er tónlistarskóli verði að uppfylla til að geta orðið aðnjótandi ríkisstyrks.

Ógerlegt er í greinargerð þessari að telja öll þau atriði, sem íhuga þarf í þessu sambandi, en það er tilgangur flutningsmanna með tillögu þessari, að málið verði rækilega athugað frá öllum hliðum.

Nd. 149. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Klofnaði nefndin í málinu. Mæla undirritaðir nefndarmenn, sem mynda meiri hluta í nefndinni við afgreiðslu málsins, með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 3. marz 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. 150. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í stjórnarfrumvarpi þessu er lagt til, að breyting verði gerð á 8. gr. laganna um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Í þeirri lagagrein segir, að álagning einkasölunnar á tóbak megi nema frá 10 til 350%, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningin á að miðast við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Þessi ákvæði um álagningu tóbakseinkasölunnar hafa verið í gildi síðan árið 1949.

Nú vill ríkisstjórnin samkvæmt þessu frumvarpi fá numin úr lögum ákvæðin um hámark álagningar, en fá ákvörðunarrétt um það mál algerlega í sínar hendur.

Vegna þeirrar gengisbreytingar, sem nýlega var lögfest, hækkar innkaupsverð á tóbaki í íslenzkum peningum. Talið er, að það magn af þessari vöru, sem keypt var til landsins 1959, muni hækka í innkaupi við gengisbreytinguna um a. m. k. 13 millj. króna. Við þá upphæð bætist 10% verðtollur, svo að hækkun þeirrar upphæðar, sem álagningin miðast við, nemur 14—15 millj. kr. Og þegar á það er litið, að samkvæmt núgildandi lögum má álagningin nema allt að 350 af hundraði, liggur í augum uppi, að vegna gengisbreytingarinnar getur stjórnin aukið álagningu tóbakseinkasölunnar um tugi milljóna króna, án þess að nokkur lagabreyting verði gerð.

Í umræðum um málið í fjárhagsnefndinni var því ekki mótmælt af meiri hl. nefndarinnar, að ríkisstjórnin gæti án lagabreytinga aflað þeirra viðbótartekna af tóbakseinkasölunni, sem hún hefur í hyggju að ná. Til þess að ná því marki er engin þörf fyrir ný lagaákvæði að þessu sinni. Ríkisstjórnin flytur því þetta frv. af einhverri annarri ástæðu en þeirri, að hún þurfi að afla sér nýrrar heimildar til þess að auka tekjur ríkisins af tóbakseinkasölunni.

Ef Alþingi samþykkir þetta frv., afsalar það frá sér til ríkisstjórnarinnar ákvörðunarrétti um þá skattheimtu, sem fram fer á vegum Tóbakseinkasölu ríkisins. Við teljum, að Alþingi eigi hér eftir sem hingað til að ákveða þessar álögur eins og aðra skatta og tolla til ríkisins, og leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. marz 1960.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Sþ. 151. Breytingartillögur [66. mál]

við till. til þál. um rafleiðslu á 4 bæi í Húnavatnssýslu.

Frá Birni Pálssyni.

1. Fyrir orðin „og Hurðarbak“ í tillgr. komi: Hurðarbak, Hæl og Meðalheim.
2. Fyrir orðin „4 bæi“ í fyrirsögn tillögunnar komi: 6 bæi.

Ed. 152. Frumvarp til laga [81. mál]

um breytingu á lögum nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hjúkrunarskóli Íslands hefur það hlutverk að kenna nemendum hjúkrunarfræði og gera þá hæfa til starfa í þeirri grein.

2. gr.

Í stað „Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna“ í 2. gr. laganna komi: Hjúkrunarfélags Íslands.

3. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntaður skólastjóri, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hans skal ákveða í launalögum. Aðalkennarar skólans, auk skólastjóra, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðal-aðstoðarlæknar landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

4. gr.

Í stað orðsins „skólastýru“ í 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: skólastjóra.

5. gr.

Í stað „félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna“ í 5. gr. laganna komi: Hjúkrunarfélagi Íslands.

6. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Í reglugerð skólans má setja reglur um 2—3 ára sérnám hjúkrunarfólks í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku sérnámi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um Hjúkrunarskóla Íslands.

Greinargerð.

Í frv. þessu eru ráðgerðar fáeinar breytingar á lögum um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, lítils háttar að vísu, en nauðsynlegar þó. Eðlileg og æskileg þróun á málum skólans hefur orðið til þess að fótumtroða úreltan lagabókstaf, og er tími til kominn að samræma lögin þeirri þróun.

Í 1. gr. laganna er ákvæði um, að skólinn skuli veita konum fræðslu og heita Hjúkrunarkvennaskóli Íslands. Þessu þarf að breyta, og mun bezt henta að nefna hann Hjúkrunarskóla Íslands.

Í þessum skóla hafa nú um skeið notið fræðslu bæði konur og karlar. Hafa tveir karlmenn nýlega lokið burtfararprófi þaðan, og einn dvelst þar við nám um þessar mundir. Þetta er vel farið, að karlmenn bætist í hóp þeirra, sem hjúkrun nema. Er þeirra þegar sérstök þörf á geðveikrahælum og á hjúkrunarheimilum langsjúkra manna, og er ekki ósennilegt, að þeir verði taldir hlutgengir víðar, er fram líða stundir.

Kvennaskólaheitið á þannig ekki lengur við hér, og virðist fara vel á að nefna skólann Hjúkrunarskóla Íslands. Ákvæðið um, að hann skuli vera heimavistarskóli, er einnig úrelt. Karlmennirnir hafa aldrei verið þar í heimavist, og fleiri undantekningar mun hafa verið gerðar, t. d. þegar í hlut eiga giftir hjúkrunarnemar.

Brýnasta þörf hjúkrunarskólans nú er aukið húsrými til skólahalds, fleiri kennslustofur. Þá þörf þarf að leysa hið bráðasta. Á hinu liggur minna að mínum dómi, að auka húsnæði heimavistarinnar. Þróunin má gjarnan verða sú, þegar nemum fjölgar, að sá hluti þeirra, sem til þess hefur aðstöðu, búi utan veggja

skólans á heimilum foreldra eða annarra venzlamanna. Í þessu efni getur hið sama gilt um hjúkrunarnema sem aðra skólanemendur. Heimavist skólans getur verið þægileg utanbæjarfólki, en hún á ekki að vera neitt skilyrði. Því er lagt til í frv., að ákvæðið um, að skólinn skuli vera heimavistarskóli, verði úr lögum numið.

Í 6. gr. laganna er heimild til að setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarfólks. Þessi heimild mun aldrei hafa verið notuð, enda engin ástæða til að krefjast slíks almenns framhaldsnáms. Námið tekur nú á fjórða ár, og mundi lenging þess aðeins verða til að fæla fólk frá þessu þjóðnýta, en of lítið sótta námi. Því er í frv. lagt til, að þessu heimildarákvæði verði sleppt. Eftir stendur samt ákvæðið um 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum, og er það ákvæði jafn sjálfsagt sem hitt er óþarft og varhugavert.

Um aðrar breytingar er tæpast þörf að ræða. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, sem nefnt er í lögunum, hefur í samræmi við breyttar aðstæður tekið sér annað nafn og heitir nú Hjúkrunarfélag Íslands. Í stað orðsins skólastýra er lagt til, að notað verði orðið skólastjóri, sem á jafnt við um konur sem karla. Hver veit, nema einhvern tíma kunni að koma fram úr hópi karla sá hjúkrunarmaður, sem þyki öðrum fremur í þessari grein hæfur til skólastjórnar? Þá dygði ekki heitið skólastýra.

Ed. 153. Breytingartillögur [41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „Sjómannafélags Reykjavíkur“ í 1. mgr. komi: Sjómannasambands Íslands.
2. Við 6. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna breytinga á launum annarra vinnandi stétta á undangengnu þriggja mánaða tímabili, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara breytist á sama hátt. Ársfjórðungslegar breytingar afurðaverðs og söluverðs skulu aðeins koma fram á afurðum, sem framleiddar eru eftir að breytingin gengur í gildi, og aðeins að því marki, sem verð þessara afurða breytist hlutfallslega í verðlagsgrundvellinum.
   Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild 1. mgr. til verðbreytinga, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. mgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.
3. Við 9. gr. Í stað 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara. Þó skal eigi bæta þann halla, sem stafar af útflutningi umfram 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur eiga að fá fyrir afurðir sínar samkvæmt verðlagsgrundvellinum.
   Nú hagnast bændur á útflutningi landbúnaðarvara, og skal sá hagnaður þá koma til frádráttar í verðlagsgrundvellinum á næsta verðlagsári.

Sþ. 154. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á þessu ári endurskoðun laga nr. 11 frá 1905, sbr. l. nr. 30 frá 1914, um landsdóm, og leggja tillögur sínar um það efni fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Reglur landsdómslaganna, nr. 11 frá 1905, sbr. l. nr. 30 frá 1914, um skipun landsdóms, eru óþarflega flóknar og margbrotnar. Eftir stofnun hæstaréttar er ekki vafalaust, hverjir hinir sjálfkjörnu dómarar landsdóms séu. Fyrirkomulagið á vali hinna kjörnu dómenda er allt of þungt í vöfum. Hefur reyndin því orðið sú, að landsdómsmenn hafa ekki verið kjörnir í langa hríð, enda hafa breytingar orðið á þeirri sýslu- og bæjaskipan, sem lögð er til grundvallar. Er nú svo komið, að engir kjörnir landsdómsmenn eru til staðar, og er dómurinn að því leyti óskipaður. Ákvæði laganna um kjör dómenda virðast raunverulega óframkvæmanleg án breytinga. Það er þess vegna full þörf á að taka löggjöfina um landsdóm til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum m. a. að gera reglurnar um skipan dómsins óbrotnari og einfaldari í sniðum. Ýmis önnur ákvæði laganna eru og að nokkru úrelt orðin og eru varla í samræmi við síðari tíma löggjöf. Þeim ákvæðum þarf að breyta. Er líklegt, að endurskoðun landsdómslaganna leiði til gagngerra breytinga þeirra eða jafnvel til alveg nýrrar lagasetningar um efnið.

Hér á landi hefur að vísu ekki reynt á löggjöfina um landsdóm, þar eð landsdómur hefur aldrei fengið mál til meðferðar. Sjálfsagt eru og skiptar skoðanir um það, hvert aðhald sé fólgið í reglum um refsiábyrgð ráðherra og hugsanlegri kæru fyrir landsdómi. Eigi að síður er það vægast sagt óviðkunnanlegt, að dómur þessi, sem stjórnarskráin býður að til skuli vera, sé óskipaður og löggjöfin um hann óframkvæmanleg. Því þarf að kippa í lag. Af þeim sökum er þessi þingsályktunartillaga flutt. Fyrir tillögunni verður annars gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 155. Lög [61. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 123.

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu á árinu 1960 og hraða svo framkvæmdum við virkjunina og línulagningu frá orkuverinu, að orkuverið verði fullgert og háspennulína lögð til Hafnar í Hornafirði fyrir árslok 1961.

Greinargerð.

Með lögum nr. 22/1952 um nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins var ríkisstjórninni heimilað að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir.

Samkvæmt tíu ára áætluninni um framkvæmdir í raforkumálum á árunum 1954—1963 átti að virkja Smyrlabjargaá og leggja háspennulínu frá orkuverinu til Hafnar í Hornafirði á árunum 1958—1960. Samkvæmt því var efni keypt í orkuverið 1958 og sumt af því flutt að virkjunarstað.

Að tilhlutun fyrrverandi ríkisstjórnar voru gerðar s. l. vetur breytingar á tíu ára raforkuáætluninni og þá m. a. horfið frá að virkja Smyrlabjargaá að sinni.

Hér er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta hefja virkjun Smyrlabjargaár á þessu ári og hraða svo framkvæmdum við virkjunina og línulagningu frá orkuverinu, að orkuverið verði fullgert og háspennulína lögð til Hafnarkauptúns fyrir árslok 1961.

Ed. 157. Breytingartillaga [41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Á eftir 2. málsl. 3. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Nú neitar aðili að tilnefna mann í yfirnefnd, og skal þá landbúnaðarráðherra skipa mann í nefndina samkvæmt tilnefningu hæstaréttar.

Ed. 158. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum, rætt einstakar greinar þess og málið í heild, borið greinar þess saman við fyrri lagaákvæði, er varða þetta mál, og leitað upplýsinga hjá framkvæmdastjóra framleiðsluráðs landbúnaðarins og fleirum, sem nákunnugir eru aðdraganda þess, að frumvarp þetta er fram borið.

Telur nefndin, að breyta verði 6. gr. frumv. til samræmis við 37. gr. hinna nýju efnahagsmálalaga, sem fellir úr gildi fyrri málsgr. 8. gr. l. nr. 1 30. jan. 1959.

Flytur n. því brtt. við 6. gr. á sérstöku þingskjali. Leggur hún að öðru leyti til, að frumv. verði samþykkt. En einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja fleiri brtt. og skrifa undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 8. marz 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Þorsteinsson, með fyrirvara.

Ed. 159. Breytingartillaga [41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna hækkunar á kaupi, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Ed. 160. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Komið hafa í ljós annmarkar á ákvæðum laga um innheimtu iðgjalda til lífeyrissjóðs togarasjómanna.

Nokkur togarafélög hafa eigi staðið skil á iðgjöldum, og hefur orðið að innheimta iðgjöldin með lögsókn. Hafa tveir togarar verið auglýstir til uppboðs vegna vanskila við ýmsa kröfuhafa, þ. á m. lífeyrissjóð togarasjómanna. Mun mjög tvísýnt, hvort sjóðurinn nær kröfum sínum, því að skuldir munu allmiklu meiri en eignin. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki tök á því að fyrirbyggja skuldasöfnun, þar sem tryggingin er lögboðin, og þykir því eðlilegt, að hann fái lögveð í hlutaðeigandi skipi.

Sþ. 161. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um auknar krabbameinsvarnir.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Alfreð Gíslason, læknir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því í samráði við Krabbameinsfélag Íslands og heilbrigðisyfirvöld landsins, að krabbameinsvarnir verði efldar svo sem frekast má verða. Í þeim tilgangi verði m. a. lögð áherzla á:

a. að efla allar rannsóknir, sem nauðsynlegar eru við greiningu á krabbameini;
b. að auka stuðning við öflun fullkomnustu tækja til rannsókna og lækninga á krabbameini;
c. að bæta aðstöðu leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna leitarstöðvar utan Reykjavíkur;
d. að aukin verði almenn fræðslustarfsemi um sjúkdóminn.

Greinargerð.

Læknavísindin hafa á undanförnum áratugum unnið stórkostlega sigra í baráttu sinni við sjúkdóma. Meðal sjúkdóma, sem segja má að sigrazt hafi verið á hér á landi, má nefna holdsveiki, sullaveiki, taugaveiki, barnaveiki og berklaveiki. En þrátt fyrir þessa sigra læknavísindanna eru verkefni þeirra þó nær óþrotleg.

Sá sjúkdómur, sem barátta þeirra beinist nú einna mest gegn, er krabbameinið. Með baráttunni gegn þeim sjúkdómi er fylgzt af vakandi áhuga meðal allra þjóða. Einskis má láta ófreistað til þess, að hún beri sem skjótastan árangur. Mannslífið er dýrast allra verðmæta.

Einnig hér á Íslandi hefur verið unnið að því að efla varnirnar gegn þessum skelfilega sjúkdómi. Hefur Krabbameinsfélag Íslands og margir ágætir læknar haft þar um mikilsverða forustu. Það er skoðun flm. þessarar till., að þetta starf beri að styðja eftir fremsta megni. Þess vegna er hún flutt. Margt er hægt að gera í þessum efnum, sem enn er ógert, en þolir þó enga bið.

Um frekari rökstuðning þessa mikilvæga heilbrigðismáls, leyfa flm. sér að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir hér á eftir og stjórn Læknafélags Reykjavíkur hefur samið og góðfúslega leyft að birt yrði málinu til skýringar. Í stjórn Læknafélags Reykjavíkur eiga nú sæti læknarnir Arinbjörn Kolbeinsson, formaður, Hannes Þórarinsson og Snorri P. Snorrason.

Fylgiskjal.

Greinargerð um krabbavarnir frá Læknafélagi Reykjavíkur.

Krabbavarnir í víðtækustu merkingu má skýrgreina sem hverjar þær ráðstafanir, er miða að því að lækka dánartölur af völdum krabbameins. Til glöggvunar má skipta þeim í 4 aðalflokka:

1. Hindrun á því, að krabbamein myndist.
2. Greining krabbameins á læknanlegu stigi:
   a. áður en það sýnir einkenni,
   b. eftir að einkenni koma í ljós.
3. Lækning á krabbameini, sem fólgin er í handlækningum, geislalækningum og lyfjalækningum.
4. Eftirgrennslan og eftirlit með sjúklingum, sem fengið hafa lækningu vegna krabbameins.

Nú verður greint frá hverjum þessara flokka fyrir sig.

1. Ráðstafanir gegn því, að krabbamein myndist.

Á meðan orsakir krabbameins eru enn óþekktar, hamlar þekkingarskortur aðgerðum í þessu efni, en þó er vitað um vissa þætti, sem komið geta krabbameini af stað, og varðar miklu, að góð gát sé höfð á þeim. Má þar einkum nefna geislavirk efni, röntgengeisla, tjöru, litarefni o. fl. Helztu varúðar- og varnarráðstafanir, sem komið geta að gagni í þessu efni, eru:

a. Mæling á geislavirkni í regnvatni, jarðvegi, ryki, gróðri og matvælum. Vernda starfsfólk á röntgendeildum fyrir áhrifum geisla og stilla notkun röntgengeisla sem mest í hóf, bæði við greiningu sjúkdóma og við lækningu á almennum sjúkdómum (t. d. húðsjúkdómum, gigtsjúkdómum o. s. frv.).
b. Beita upplýsingastarfsemi til þess að hafa hemil á þeim lifnaðarháttum, sem líklegt er að komið geti krabbameini af stað. Flestir eru sammála um, að sígarettureykingar hafi veruleg áhrif á að auka lungnakrabba. Einnig hafa komið fram kenningar um það, að vissar matartegundir geti haft áhrif á tíðni magakrabba (t. d. reyktur og saltaður matur). Þörf væri meiri rannsókna í þessu efni, enda er aðstaða til þeirra heppilegri hér á landi en víða annars staðar.
c. Ónæmisaðgerðir til varnar, að krabbamein myndist. Ekkert er komið fram enn þá, sem hægt er að nota til að gera fólk ónæmt fyrir krabbameini. En tilraunir hjá dýrum hafa sýnt, að með ónæmisaðgerðum er hægt að auka mótstöðu dýranna gegn vissum tegundum af illkynja æxlum mjög mikið. Er nauðsynlegt að fylgjast vel með nýjungum á þessu sviði, og getur verið, að þar náist mikilsverður árangur jafnvel á næstu árum.

2. Greining á krabbameini á læknanlegu stigi.

a. Greining á krabbameini, áður en það sýnir einkenni, er framkvæmd á sérstökum krabbaleitarstöðvum. Slíkar stöðvar eru starfræktar víða erlendis, og hefur ein stöð starfað hér í Reykjavík tæp 3 ár á vegum krabbameinsfélaganna. Skoðaðir hafa verið hér í leitarstöð krabbameinsfélaganna um 1400 manns og fundizt nokkur tilfelli af krabbameini á byrjunarstigi, og hafa frumuflagnsrannsóknir einkum stuðlað að því. En sú rannsókn, sem sérstaklega beinist að krabbameininu, er kölluð frumuflagnsrannsókn (frumurannsókn). Hefur hún verulega þýðingu við greiningu á krabbameini í legi á byrjunarstigi, og sennilegt er, að rannsókn þessi geti einnig komið að miklum notum við greiningu á krabbameini í maga, lungum og máske víðar. Í þessu sambandi má geta þess, að krabbamein í maga er algengasta krabbamein hér á landi.
b. Greining á krabbameini við fyrstu sjúkdómseinkenni. Til þess að ná þessu marki er nauðsynlegt, að sjúklingar þurfi ekki að bíða eftir sjúkrahúsvist og unnt sé að gera allar þær rannsóknir á sjúkrahúsum, sem nauðsynlegar eru. Má þar fyrst og fremst nefna frumurannsóknir, vefjarannsóknir, blóðrannsóknir, lífefnarannsóknir, rannsóknir með geislavirkum efnum, röntgenskoðanir o. fl. Nauðsynlegt er að fylgjast með öllum nýjungum í greiningu krabbameins og vera viðbúinn að hagnýta þær hér á landi.

3. Lækning á krabbameini.

a. Handlækningar.

Eitt af því nauðsynlegasta í þessum efnum er, að sjúkrahúspláss sé ætíð fyrir hendi, sjúklingar þurfi ekki að bíða eftir aðgerð, þegar full vissa er fengin fyrir sjúkdómsgreiningu. Í öðru lagi er þýðingarmikið að tryggja það, að sjúklingar fái sem bezta þjónustu á sjúkrahúsum í öllum efnum. Í þessu sambandi mætti benda á, að betri skipulagning á handlæknismeðferð á krabbameini hér á landi gæti máske leitt til betri árangurs en nú er. Til stuðnings þessu verða aðeins nefnd nokkur dæmi:

Krabbamein í brjósti er nú tekið til skurðaðgerða á mjög mörgum stöðum á landinu og undirbúningur sjúklinga og eftirmeðferð er allmismunandi, einkum hvað geislameðferð snertir. Að vísu eru skiptar skoðanir sérfræðinga í þessum efnum. En þó er sennilegt, að betra væri að sameina öll þessi tilfelli, aðallega á einu sjúkrahúsi, þar sem völ er á fullkomnustu geislalækningameðferð. Mundi þetta skapa meiri æfingu og reynslu hjá þeim læknum, sem við þessar lækningar fást. Jafnframt mundi það tryggja, að sjúklingar ættu að geta fengið þá beztu meðferð, sem færustu sérfræðingar erlendis telja heppilegasta. Svipuðu máli gegnir um meðferð á magakrabba.

Nauðsynlegt er að sameina á einni deild við aðalsjúkrahús landsins alla meðferð á krabbameini í legi.

b. **Geislalækningar.**

Geislalækningar eru nú aðeins notaðar á einu sjúkrahúsi, og munu tæki og aðstaða þar vera sæmileg, en þó mun endurbóta þörf. Mætti nefna þessi dæmi: Fullkomnari og stærri lækningatæki, t. d. Kóboltbomba (þó skal tekið fram, að þetta tæki er nokkuð umdeilt meðal sérfræðinga). Betri og fullkomnari pökkunartæki fyrir radíum, einkum í sambandi við meðferð á krabbameini í legi. Ný og nákvæm mælingatæki, til þess að hægt sé að skammta radíumgeislun nákvæmlega.

c. **Lyfjalækningar.**

Lyfjameðferð er enn sem komið er næstum eingöngu notuð við ýmsum tegundum blóðkrabba. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með öllum rannsóknum á lyfjum, sem komið gæti til greina að notuð yrðu til lækninga á krabbameini.

4. Eftirgrennslan og eftirlit með sjúklingum, sem fengið hafa lækningu vegna krabbameins.

a. Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með þeim sjúklingum, sem fengið hafa lækningu vegna krabbameins, t. d. geislanir vegna krabbameins í legi. Stundum getur komið æxlisvöxtur á staðnum, þar sem krabbameinið var. Getur verið unnt að nema hann burt, ef hann finnst í tæka tíð. Einnig má nefna nýja aðferð í sambandi við eftirlit með sjúklingum, sem hafa haft krabbamein í meltingarfærum. Nefnist aðferð þessi á ensku „second look". Er hún í því fólgin, að sjúklingur, sem t. d. hefur verið skorinn vegna krabbameins í maga, er opnaður aftur eftir 6—12 mánuði, ef nokkur minnsta ástæða þykir til þess, og er þá vandlega gáð, hvort meinvörp finnist í eitlum eða annars staðar, og sé svo, þá eru þau tekin burt. Sumir læknar telja, að hægt sé að lengja ævi þeirra, sem hafa haft krabbamein í maga, á þennan hátt og halda þeim starfhæfum mörgum árum lengur en annars hefði orðið.

b. Til þess að unnt verði að framkvæma þetta eftirlit, er nauðsynlegt, að krabbamein verði skýrsluskylt og skráning sjúklinga komist í fast form.

Nokkrar ábendingar.

Það, sem unnt er að gera til frekari krabbameinsvarna og öryggis hér á landi.

1. Að sköpuð verði aðstaða til þess hér á landi að framkvæma frumurannsóknir í stórum stíl. Slík rannsóknadeild á ekki aðeins að þjóna öllum sjúkrahúsum, heldur einnig krabbameinsleitarstöðvum, mæðravernd heilsuverndarstöðvarinnar, að svo miklu leyti sem það er unnt, og einnig öllum starfandi læknum. Eins og nú er háttað hér á landi, er engin aðstaða til þess að framkvæma þessar rannsóknir í stórum stíl, og leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands sendir nú sýnishorn til Noregs til frumurannsókna.
2. Að bætt verði aðstaða til almennra vefjarannsókna, þannig að þær gangi fljótar en nú getur orðið.

3. Að hraðað verði sjúkrahúsbyggingum, þannig að sjúklingar þurfi ekki að bíða, hvorki eftir rannsókn né meðferð, þegar grunur eða vissa er um krabbamein.
4. Að athugun fari fram á því, hvort hægt sé að auka kennslu við læknadeild háskólans í greiningu krabbameins.
5. Auknar rannsóknir á sviði kjarnorkufræða. Aukið eftirlit með notkun röntgentækja og geislavirkra efna. Þörf er á að hraða þeirri löggjöf, sem er í undirbúningi um þetta efni.
6. Betri tæki til geislalækninga verði fengin, og einnig verði sköpuð aðstaða til þess að nota geislavirk efni (isotopa) við sjúkdómagreiningar og aðstaða bætt við sjúkdómagreiningar með röntgengeislum.
7. Handlækningameðferð á vissum tegundum krabbameins verði skipulögð betur en nú er. Í því sambandi má einnig benda á, að nauðsynlegt er að leggja áherzlu á góða aðstöðu við lungnaskurðaðgerðir, t. d. með því að stofna sérstaka deild við landspítalann fyrir handlækningaaðgerðir í brjóstholi, en eins og nú standa sakir, annast aðeins einn læknir lungnaskurðaðgerðir hér á landi. Er einkum þörf fyrir þessar ráðstafanir vegna þess, að lungnakrabbamein, sem fram til þessa hefur verið mjög sjaldgæft hér á landi, er nú að færast í aukana. Ef að líkum lætur eftir reynslu annarra þjóða, má búast við mikilli aukningu á því á þessum áratug.
8. Að auka afköst krabbaleitarstöðvarinnar og máske að stofna utan Reykjavíkur fleiri slíkar stöðvar.
9. Að komið verði á fastri skipan um skráningu krabbameinssjúklinga.

Nd. 162. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum neytenda annars vegar og samtökum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda hins vegar, skal fara með verðlagsákvarðanir samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Þegar um verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar er að ræða, skal fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna taka sæti í nefndinni í stað fulltrúa Stéttarsambands bænda.

Náist ekki samkomulag með öllum nefndarmönnum um verðlagningu, skal vísa ágreiningi til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúa neytenda í sex manna nefndinni og einum tilnefndum af fulltrúum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda. Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Yfirnefndin fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Verðlagsstjóri skal annast birtingu verðlagsákvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála.

Ákvæði greinar þessarar ná ekki til verðlagningar landbúnaðarafurða, sbr. lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll lagaákvæði, er kunna að skerða vald nefnda þeirra, er um ræðir í 1. gr., til þess að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu.

Greinargerð.

Bezta tryggingin fyrir heilbrigðri og hagkvæmri verzlun er frjáls samkeppni kaupfélaga og kaupmanna, háð á jafnréttisgrundvelli. Slík samkeppni getur hins vegar ekki notið sín til fulls, meðan skortur er á erlendum gjaldeyri eða hömlur á útlánum peningastofnana. Undir slíkum kringumstæðum getur verið nauðsynlegt að grípa til verðlagseftirlits og hámarksákvæða um verð eða álagningu.

Eigi slíkt verðlagseftirlit að vera heilbrigt og réttlátt, má það ekki vera í höndum duttlungafullra og breytilegra stjórnarvalda, heldur þarf að skapa því fast form, þar sem réttmætt tillit er tekið til hags allra aðila og ekki hallað á einn fremur en annan. Vænlegasta leiðin til að ná því marki er, að fulltrúar viðkomandi stétta reyni að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin, en ella skeri hlutlaus aðili úr. Slíkt fyrirkomulag hefur ríkt um nokkurt skeið við ákvörðun verðs á landbúnaðarvörum og hefur gefizt vel.

Tilgangur þessa frumvarps er að reyna að færa opinberar verðlagsákvarðanir yfirleitt yfir á slíkan grundvöll og stuðla með því að stéttafriði og réttlátri meðferð umræddra mála.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samræmd verði símgjöld og fyrirkomulag símtala milli Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, sem eru aðilar að bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að símtöl milli þessara byggðarlaga verði eigi dýrari og með sama fyrirkomulagi og innanbæjarsímtöl.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram til þess að freista þess að fá leiðréttingu á því misræmi, sem felst í þeim ákvæðum gjaldskrár bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er varða símgjöld og fyrirkomulag símtala á milli þessara byggðarlaga, þannig að notendur símans á þessum stöðum fái allir setið við sama borð, að því er símgjöld og fyrirkomulag símtala varðar.

Þá má og benda á, að hér er um að ræða mikið hagsmunamál allra þeirra aðila, sem við viðskipti og atvinnurekstur fást á áðurnefndum stöðum, og er full ástæða til þess að gefa því gaum sérstaklega.

Nánar í framsögu.

Ed. **164. Frumvarp til laga** [88. mál]

um söluskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

1. gr.

Söluskatt skal greiða í ríkissjóð:

1. Af innlendum viðskiptum, eins og nánar er mælt fyrir um í II. kafla laganna.
2. Af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar, eins og nánar er tiltekið í III. kafla laganna.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga einn fimmta hluta skatts þess, sem um ræðir í 1. tölulið.

II. KAFLI

Um söluskatt af viðskiptum.

2. gr.

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 3% söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt skv. 1. málsgr. og standa skil á honum í ríkissjóð.

3. gr.

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar.

Ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar taka ekki til umbúða, hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, og skulu seljendur slíkra verðmæta ávallt innheimta söluskatt af þeim, nema þau séu sérstaklega undanþegin skatti skv. ákvæðum 6. eða 7. gr. þessara laga.

4. gr.

Til skattskyldrar sölu og þjónustu telst meðal annars:

a. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin pöntunarfélög, lausaverzlun, tilboðasöfnun, sala vara í umboðssölu og sala við frjáls uppboð. Einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki til neytenda.
b. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru, sem láta á eða látið hefur verið í té.
c. Sala eða önnur afhending vara, vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru, sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun.
d. Sala eða önnur afhending vara, vinnu eða þjónustu annarra aðila, sem stunda sjálfstæða starfsemi.

e. Úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, hvort sem um er að ræða vöru, vinnu eða þjónustu, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.
f. Hvers konar þjónusta eða vinna við vörur, hvort sem unnið er í ákvæðisvinnu eða á annan hátt.
g. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi sem ekki er sérstaklega undanþegin, kvikmyndaleiga, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðsla farartækja, fyrirgreiðsla ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.
h. Sala happdrættismiða, getraunastarfsemi og þess háttar.
i. Leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
j. Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum.
k. Sala hvers konar vátrygginga, sem lög nr. 20/1954 taka til.
l. Innflutningur vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum, innflutningssöluskatti, innflutningsgjaldi, ef það er á vörunni, og viðbætt 10% áætlaðri álagningu. Skatt þennan skal greiða við tollmeðferð vöru.
Ráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um skattskyldu.

5. gr.

Söluskattskyldir eru:
a. Allir þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og hafa með höndum einhvern þann atvinnurekstur eða starfsemi, sem skattskyld er skv. lögum þessum, og ekki eru sérstaklega undanþegnir söluskattskyldu.
b. Allir þeir aðilar, sem skattfrjálsir eru skv. fyrrgreindum lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, ef þeir hafa með höndum sams konar eða svipaða starfsemi eða viðskipti og þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. a-lið þessarar greinar, einnig opinber fyrirtæki, enda þótt starfsemi þeirra sé ekki sama eðlis. Má ákveða þetta nánar í reglugerð og einnig um skattfrelsi fyrir tiltekna flokka aðila, sem skattskyldir verða eftir þessum staflið.
c. Umboðsmenn og aðrir aðilar, sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila, sem hafa hér á landi söluskattskylda starfsemi eða viðskipti.

6. gr.

Undanþegin söluskatti er sala eftirtalinna vara og verðmæta:
1. Vörur, sem seldar eru úr landi.
2. Nýmjólk, nema um veitingasölu sé að ræða.
3. Fiskumbúðir og kjötpokar.
4. Fiskinet, fiskilínur, önglar og öngultaumar, þó ekki sporttæki.
5. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
6. Beitusíld.
7. Tilbúinn áburður, annar en í smásöluumbúðum.
8. Grasfræ.
9. Fóðurvörur.
10. Flugvélaeldsneyti.
11. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
12. Fasteignir, skip og flugvélar.
13. Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

14. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
15. Vörur, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.

7. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.
2. Vinna við skipaviðgerðir.
3. Völuflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.
4. Húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
5. Útfararþjónusta.
6. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana.
7. Sala fasteigna, skipa, flugvéla, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta.
8. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta, eftir því sem ráðherra ákveður.
9. Sala listamanna á eigin verkum.
10. Sala neyzluvatns.
11. Póst- og símaþjónusta, svo og þjónusta banka og sparisjóða.

Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.

8. gr.

Reki aðili margháttaða starfsemi, þannig að sumir þættir hennar eru skattskyldir en aðrir skattfrjálsir, er það skilyrði fyrir því, að þau viðskipti, sem stafa af hinni skattfrjálsu starfsemi, geti við framtal og skattútreikning komið til frádráttar heildarveltu aðila, að hin skattfrjálsu og skattskyldu viðskipti séu greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og í framtali, svo fullnægjandi sé talið að dómi skattyfirvalda.

Eigi er seljanda vöru eða þjónustu heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytanda að ræða.

Ráðherra getur ákveðið, að þeir aðilar, sem viðskipti hafa bæði við neytendur og endurseljendur, skuli heimta söluskatt af verði allrar vöru og þjónustu, er þeir selja, afhenda eða inna af hendi.

Nú hefur endurseljandi keypt vöru, vinnu eða þjónustu og greitt af því söluskatt, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattskylda veltu fram að telja eða söluskattskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup, þá skal hann fá endurgreiddan þann söluskatt, sem hann þannig hefur ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina, nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst kr. 1 000.00 á ári.

9. gr.

Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur skv. þessum kafla laganna, telst þó ekki með heildarandvirðinu.

Sé um að ræða skipti á vöru eða þjónustu, gjafir, afhending vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

Við sölu vara í umboðssölu skal skatturinn reiknast af heildarandvirði vörunnar. Framreiðsla á veitingastöðum telst ekki umboðssala.

10. gr.

Nú vanrækir aðili að taka söluskatt af vöru, vinnu eða annarri þjónustu, sem skattskyld er eftir lögum þessum, ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

11. gr.

Allir þeir, sem skattskyldir eru skv. II. kafla laga þessara, skulu innan eins mánaðar frá því lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra eða skattanefnd, þar sem þeir eru heimilisfastir, um rekstur sinn eða starfsemi. Í tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang aðila, firmanafn atvinnu, ef það er notað, hvers konar rekstur er um að ræða, hver eða hverjir séu eigendur og hver eða hverjir stjórnendur.

Þeir, sem hefja skattskylda starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu tilkynna það skattstjóra eða skattanefnd þar, sem þeir eru heimilisfastir, um leið og starfsemi hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Sá, sem tilkynnt hefur starfsemi sína skv. 1. og 2. mgr. og er heimilt að kaupa vöru eða vinnu án söluskatts skv. 2. mgr. 3. gr., fær hjá skattstjóra eða skattanefnd skírteini um, að hann hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi vöru eða vinnu. Slík skírteini skulu gefin út til ákveðins tíma, en falla þó jafn skjótt úr gildi og aðili hættir starfsemi þeirri, sem þau taka til, enda ber honum þegar í stað að tilkynna það viðkomandi skattyfirvöldum. Ofangreind skírteini veita eigi rétt til kaupa á öðrum vörum eða vinnu án söluskatts en þeim, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til.

Hætti aðili starfsemi, sem er skattskyld skv. lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það skattstjóra eða skattanefnd í viðkomandi umdæmi.

Heimilt skal að krefja alla húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra, sem hafa verzlun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um þau atriði, er grein þessi fjallar um.

12. gr.

Aðilar þeir, sem skattskyldir eru skv. 5. gr., skulu senda skattstjóra eða skattanefnd þar, sem þeir eru heimilisfastir, skýrslu um heildarveltu sína á hverjum ársfjórðungi, þar með talin úttekt til eigin nota, ásamt upplýsingum um skattfrjálsa sölu, á þar til gerðum eyðublöðum.

Skattskyldur aðili skal til viðbótar því, sem skýrslueyðublöðin gefa tilefni til, skýra frá öðrum atriðum, sem kunna að skipta máli um skattlagninguna. Einnig skal skattskyldum aðila skylt að láta skattyfirvöldum í té í því formi, sem óskað er, sundurliðun á skattfrjálsri sölu.

Skýrsla skal hafa borizt skattyfirvöldum í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Skattskyldir aðilar skulu innan sama tíma greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem hin skattskyldu viðskipti eru talin fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skal síðan rannsaka skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt fram talinn.

Einnig skulu skattstjórar eða skattanefnd áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila, sem ekki senda skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef framtali er ábótavant.

Skattálagningu skal lokið innan mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1½% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

13. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10 daga frá því að skattur var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi innan 10 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurðum þeirra má áfrýja til Ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til Ríkisskattanefndar skal vera 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra eða skattanefndar, og úrskurðarfrestur Ríkisskattanefndar jafn langur.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra eða skattanefndar til Ríkisskattanefndar án tillits til kærufresta.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

14. gr.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða, frá því Ríkisskattanefnd úrskurðaði málið.

15. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á framtali. Enn fremur er skattayfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verzlunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja skattþegn og ábyrga forstöðumenn skattskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar svo og að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugeymsluhúsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með viðskiptum hlutaðeigenda.

Þá hafa skattstjórar og skattanefndir rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim, er hafa keypt af söluskattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um meðlimi sína, atvinnu þeirra og tekjur.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skattstjóra og skattanefnda eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra, skattanefnd eða starfsmönnum þeirra í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og unnt er að veita.

16. gr.

Fjármálaráðherra getur falið skattstjóranum í Reykjavík eftirlit og rannsókn hjá söluskattskyldum aðilum utan Reykjavíkur, og við þá rannsókn og eftirlit getur hann gert viðkomandi aðilum að greiða söluskatt, en ætíð skal hann gera aðilum aðvart áður en hann leggur söluskatt þannig á eða breytir honum. Aðili getur og kært slíka álagningu og hækkun til skattstjóra og Ríkisskattanefndar, og gilda þá jafn langir kærufrestir og úrskurðarfrestir og við hina ársfjórðungslegu álagningu, sbr. 12. og 13. gr. laga þessara.

III. kafli.
Söluskattur af innflutningi.

17. gr.

Greiða skal 7% — sjö af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —. Gjaldskyldan tekur einnig til gjafa, sýnishorna og þess háttar.

Undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum eru vörur þær, sem 2. gr. tollskrárlaganna tekur til, einnig viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnháan söluskatt og af innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

18. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að undanþiggja tilteknar vörutegundir söluskatti við innflutning.

Þá er ráðherra og heimilt að endurgreiða innflutningssöluskatt af efni í skip, veiðarfæri og umbúðir um íslenzkar afurðir til útflutnings.

19. gr.

Söluskattur af innflutningi svo og söluskattur skv. l-lið 4. gr., nýtur sömu lögverndar og aðflutningsgjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga um tollskrá o. fl. (lög nr. 90/1954 og síðari breytingar á þeim) og ákvæði laga um tollheimtu og tolleftirlit (lög nr. 68/1956) eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

IV. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það, sem undanþegið er í 6. og 7. gr.

Skattstjóri eða skattanefnd getur ákveðið, að innheimta megi allan söluskatt ársins á gjalddaga síðasta ársfjórðungs, ef um smávægileg viðskipti er að ræða hjá þeim, sem á að standa skil á skattinum.

Fjármálaráðherra má ákveða, að ekki skuli leggja söluskatt á viðskipti, ef ársvelta nemur eigi meira en kr. 1 000.00.

Ákveða má, að söluskattur af aðgangseyri að skemmtunum sé innheimtur með skemmtanaskatti.

Að því er varðar þær vörur, sem Tóbakseinkasala ríkisins selur, er ráðherra heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem hafa með höndum smásölu slíkra vara, skuli greiða til einkasölunnar söluskatt skv. II. kafla laganna af þeim vörum, um leið og þeir greiða kaupverð þeirra, og miðast skatturinn við smásöluverð.

Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að innflytjendur olíu og benzíns skuli taka söluskatt, skv. II. kafla laganna, við sölu eða afhendingu þessara vara til umboðsmanna sinna eða annarra aðila. Skal skatturinn miðast við smásöluverð.

Ráðherra kveður nánar á um, hvaða tegundir olíu skuli falla undir ákvæði þessarar málsgreinar.

21. gr.

Ef söluskattskýrsla er ekki send á tilskildum tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að viðskipti hans hafi verið áætluð meira en 10% hærri en þau voru í reynd. Sé mismunur 10%

eða meira skal greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10% skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var. Sama regla gildir, ef söluskattskýrslu er ábótavant og skattur þess vegna áætlaður, en ekki úr ágöllum bætt, þótt skattaðili hafi fengið um það áskorun frá skattstjóra eða skattanefnd. Ákvæðum þessarar málsgreinar þarf þó eigi að beita, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila söluskatt 5 ár aftur í tímann.

22. gr.

Söluskatt, bæði af innfluttum vörum og af öðrum viðskiptum, skal greiða til tollyfirvalda — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og sérstakra lögreglustjóra.

Sömu embættismenn — í Reykjavík borgarfógeti — skulu tilkynna skattstjóra eða skattanefndum um þá atvinnurekendur og aðra söluskattskylda aðila, sem andast eða verða gjaldþrota.

23. gr.

Verð vöru, vinnu og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur.

24. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helzt, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

25. gr.

Nú skýrir skattskyldur aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rangt frá því, er máli skiptir um söluskatt hans, og skal hann þá greiða sekt, sem skal eftir málavöxtum ákveðin allt að tífaldri þeirri söluskattsupphæð, sem tapazt hefur við vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vantalda söluskatt. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða sá, sem í hlut á, óski eftir að málinu sé vísað til dómstólanna.

26. gr.

Brot þau, sem um ræðir í 25. gr., ef málum út af þeim er vísað til dómstólanna, misnotkun skírteina þeirra, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., vanræksla söluskattskylds aðila á því að tilkynna starfsemi sína, svo sem fyrir er mælt í 1. og 2. mgr. 11. gr., vanræksla eða tregða á að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð eða gögn, varða sektum í ríkissjóð allt að kr. 100000.00 eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Refsiákvæðum laga þessara skal beita gegn eigendum, stjórnendum eða framkvæmdastjórum fyrirtækis eða atvinnurekstrar.

Sektir skv. grein þessari má innheimta með aðför.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

27. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði í lögum þessum, fer skv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal fyrirskipað sérstakt bókhald, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla söluskattskylda aðila, svo og um löggildingu þess, færslu og geymslu.

Í sömu reglugerð má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl, sem þeim skulu fylgja.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

28. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 13. og 14. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, III. kafli laga nr. 100/1948 með þeim breytingum, sem leiðir af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og 4. gr. laga nr. 67/1959, sbr. þó c- og d-liði ákvæða til bráðabirgða hér á eftir. Þá falla og úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu framangreind lagaákvæði um söluskatt, útflutningssjóðsgjald og gjald samkvæmt 13. gr. laga nr. 4/1960 halda gildi sínu um álagningu, innheimtu, endurskoðun fyrri álagninga, viðurlög og önnur atriði, sem þessi gjöld varða.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1960 skal, til viðbótar 7% söluskatti skv. III. kafla laganna, greiða 8% — átta af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og skulu ákvæði III. kafla laga þessara gilda um þennan viðbótarskatt. Af viðbótarskatti þessum skal ríkissjóður greiða ⅕ hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni viðbótarsöluskatt skv. a-lið bráðabirgðaákvæða þessara, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara. Sama gildir um skatt skv. l-lið 4. gr., þegar hann kemur til framkvæmda, sbr. d-lið hér á eftir.

c. Ákvæði um iðgjaldaskatt í 14. gr. laga nr. 4/1960 skulu halda gildi sínu til 31. desember 1960, og gilda ákvæði síðasta málsliðar 28. gr. laga þessara um skatt þennan. Til sama tíma skal eigi greiða söluskatt skv. II. kafla laga þessara af þeim iðgjöldum, sem greiddur er af iðgjaldaskattur.

d. Skattheimta skv. II. kafla laganna kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. apríl 1960 og er frestað til sama tíma afnámi III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 að því er varðar söluskatt af innlendri framleiðslu og þjónustu o. fl., enn fremur er frestað til sama tíma afnámi 13. gr. laga nr. 4/1960.

Ákvæði síðasta málsliðar 28. gr. gilda einnig um gjöld skv. bráðabirgðaákvæðinu í þessum staflið.

e. Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu verður skattskyld samkvæmt lögum þessum, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar ríkisstjórnin gekk frá frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, var ljóst, að ekki yrði hjá því komizt að afla ríkissjóði nokkurra viðbótartekna, til þess að unnt væri að afgreiða fjárlög án greiðsluhalla, samtímis því að afnuminn væri tekjuskattur á almennum launatekjum og 9% sérskattur á iðnaði og þjónustu og sveitarfélögum tryggður nýr fastur tekjustofn, svo að þeim væri kleift að létta nokkuð útsvarsbyrðina.

Að athuguðu máli var horfið að því ráði að afla þeirra tekna, sem þörf væri á í þessu skyni, með almennum söluskatti. Var jafnframt ákveðið að afnema núgild-

andi lagaákvæði um söluskatt og útflutningssjóðsgjald af innlendri iðnaðarframleiðslu og þjónustu, en þau ákvæði eru stórgölluð og erfið í framkvæmd.

Í fjárlagafrv. var því tekinn sérstakur tekjuliður: söluskattur 280 millj. kr. (auk söluskatts af innfluttum vörum). Er gert ráð fyrir því, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái ⅕ af þessum skatti.

Í framhaldi af þessu var nefnd falið að undirbúa löggjöf um þetta efni. Áttu sæti í henni: Jónas Haralz, ráðuneytisstjóri, Klemenz Tryggvason, hagstofustjóri, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri og Torfi Hjartarson, tollstjóri. Auk þess hefur skattstjórinn í Reykjavík og starfslið hans svo og fulltrúar tollstjóra unnið mjög að undirbúningi málsins.

Svo sem að líkum lætur, hefur nefndin haft skamman tíma til þess að fjalla um þetta margbrotna mál, en það hefur rekið mjög eftir, að hér er um löggjöf að ræða, sem ætlazt er til að veita eigi ríkissjóði tiltekna tekjufjárhæð á yfirstandandi ári, svo sem áætlað hefur verið í frv. til fjárlaga 1960. Ríður því á að löggjöf um þetta efni komi til framkvæmda sem allra fyrst, og hefur nefndin skilað bráðabirgðatillögum til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin athugaði tillögur þessar og ákvað síðan að bera fram frumvarp þetta.

Í frv. er lagt til, að lögleiddur verði 3% almennur söluskattur á vörusölu, vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta. M. a. af þeim sökum að skattur þessi getur eigi komið til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8% eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960. Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér er farin, að nokkru leyti bráðabirgðaleið. Verður unnið áfram að málinu og væntanlega unnt að leggja fyrir næsta alþingi tillögur um frambúðarlausn þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tvenns konar söluskatti, söluskatti á innlend viðskipti og söluskatti á innfluttar vörur.

I. Um söluskatt á innlend viðskipti.

Við undirbúning máls þessa hafa komið til greina þrjár leiðir, að því er varðar söluskatt á innlend viðskipti:

1. Að halda núverandi söluskattsgrundvelli með þeirri breytingu, að skatturinn taki einnig til heildsölu og smásölu, og gleggri ákvæði yrðu sett um skattskyldu vegna iðnaðarstarfa.
2. Að leggja söluskatt á heildsölu, framleiðslu og þjónustu, en sleppa smásölu almennt.
3. Leggja söluskatt á smásölu, framleiðslu og þjónustu, á síðasta stigi viðskipta, eða þegar vara eða vinna er afhent eða látin neytanda í té.

Að vandlega athuguðu máli hefur verið horfið að 3. leiðinni.

Þetta söluskattskerfi, sem nefnt er einstigskerfið, hafa Norðmenn og Svíar tekið upp eftir ítarlega athugun þessara mála. Er það mikill styrkur að geta stuðzt við löggjöf og reynslu þessara þjóða í söluskattsmálum.

Söluskattskerfi þessu fylgja margir kostir.

1. Skatturinn er almennt bundinn við eitt viðskiptastig, lokastigið, þ. e. þegar varan flyzt í hendur neytandans, eða vinna eða þjónusta látin honum í té, en önnur vöru- eða vinnusala skattfrjáls. Skatturinn kemur því yfirleitt einu sinni á sömu vöru eða vinnu, og verður þá ekki lengur deilt um skattþungann á hverri einstakri framleiðslugrein eða vöru.
2. Af sömu ástæðu skapast ekki ósamræmi eða ójöfn samkeppnisaðstaða milli einstakra framleiðenda eða fyrirtækja, ekki skiptir máli, hvort fyrirtæki tekur

yfir eitt eða fleiri framleiðslustig, og ekki verður þörf fyrir undanþágur eða endurgreiðslur þess vegna.
3. Skattprósenta getur verið lægri en sé lagt á heildsölu.
4. Það aukna skatteftirlit með smásölufyrirtækjum, sem þessum söluskatti yrði að fylgja, yrði um leið til styrktar við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.
5. Þá skal á það bent, að smásöluverzlunin er jafnframt veltuútsvarsstofn bæjar- og sveitarfélaga að mjög verulegu leyti, og mundu þau einnig njóta góðs af auknu aðhaldi um framtal veltu. Um það hefur og verið rætt, að æskilegt væri að sameina veltuútsvar og söluskatt í eitt. Ef horfið yrði að því ráði fyrr eða síðar, kemur vart annar grundvöllur en smásalan til greina.

Skattgreiðendur verða margir og eftirlit fjölþætt eins og síðar verður gerð grein fyrir. Gera má ráð fyrir nokkurri viðleitni af hálfu neytenda í þá átt að kaupa vörur beint frá heildsölum og framleiðendum, og eykur það enn eftirlitsþörfina. Hins vegar er hægt að vænta þess, að viðhorf gjaldenda geti eitthvað breytzt til batnaðar, yrði skattinum svo fyrir komið, að allir vissu, hvenær ætti að greiða hann og hvenær ekki, ef hann leggst alltaf jafnt á sams konar vöru eða sams konar þjónustu og skapar ekki óeðlilegan verðmismun eða misjafna samkeppnisaðstöðu. En þessum skilyrðum er söluskatti á neyzlustiginu ætlað að fullnægja.

Bezti grundvöllur fyrir réttri framkvæmd er, að skattkerfi sé auðskilið og skapi ekki ójöfnuð.

Verður nú lýst í aðaldráttum, hvernig í frumvarpi þessu er lagt til að haga álagningu söluskatts á innlend viðskipti. Er þar reynt að fylgja einstigskerfinu eftir því, sem fært þykir. Meginreglan verður því sú, að skattskyldan er almennt bundin við lokastig viðskipta, þ. e. þegar neytandi kaupir vöru eða vinnu.

Af þessu leiðir, að ekki kemur söluskattur á innlenda vörusölu til endurseljenda, þ. e. þeirra, sem selja vörurnar aftur eða vinna úr þeim til sölu. Enn fremur er ýmis vöruþjónusta undanþegin, þar sem hún myndar hluta af lokaverði vörunnar, svo sem vöruflutningar. Eftir reglunni ætti að greiða söluskatt af flutningsgjöldum vöru, sem ekki kemur til endursölu, þ. e. vöru til einkaþarfa einstaklinga eða fyrirtækja. Þar sem erfitt mundi að greina slíkt að í framkvæmd, eru öll flutningsgjöld af vörum undanþegin.

Eins og áður segir, er ekki lagður skattur á efnivöru, þ. e. hráefni eða hálfunna vöru, sem notuð er til aðvinnslu eða úrvinnslu og verður þáttur eða hluti í nýrri framleiðslu eða vöru. Þetta á þó ekki að gilda um þau hjálparefni eða óvaranlegar rekstrarvörur, sem að vísu eru notaðar við framleiðslu nýrrar vöru, en verður þó ekki talið, að myndi efnisþátt hennar. Þykja ekki möguleikar á við skattlagningu að greina þessi hjálparefni frá almennum rekstrarútgjöldum eða einkanotkun. Þó þótti rétt að undanþiggja ýmsar slíkar hjálparefna- og rekstrarvörur, er miklu varða hjá aðalatvinnuvegunum, eins og kemur fram í 6. gr. frumvarpsins.

Nokkrum örðugleikum er það bundið að kveða á um skattskylduna, þannig að markalína verði ekki dregin svo þröngt, að einstökum aðilum, sem raunverulega var ætlað að greiða söluskatt, takist að komast hjá því, eins og raun hefur á orðið við framkvæmd gildandi söluskattslaga, eða þá að hinu leytinu, að markalínur verði ekki svo rúmar, að skattur verði lagður á beinar launatekjur.

Þar sem ráðherra hefur heimild til að fella niður söluskatt af störfum, sem kunna að vera á mörkum sjálfstæðrar atvinnu og launavinnu, má segja, að ekki fylgi því teljandi hætta, þótt línan, sem dregin verði, sé allrúm að þessu leyti, og er sú leið valin í frumvarpinu.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er skattskyldan mörkuð á breiðum grunni, en síðan eru í 4. gr. taldir þeir starfsþættir, sem skattskyldan er aðallega bundin við; 4. gr. sýnir megindrætti skattskyldunnar, en hin víðtæku ákvæði 2. greinar eru sett til öryggis, svo að þeir, sem taldir eru í 4. gr., eigi ekki hægt með að komast hjá skattgreiðslu með einhvers konar yfirskynsbreytingum á starfsformum eða ráðn-

ingarkjörum, svo sem átt hefur sér stað alla tíð, síðan núgildandi söluskattslög komu til framkvæmda.

Í 6. og 7. gr. frumvarpsins eru gerðar allmargar undantekningar frá skattinum að því er varðar tilteknar vörutegundir og starfsemi. M. a. er vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og við endurbætur og viðhald mannvirkja, undanþegin að því leyti sem hún er framkvæmd á byggingarstað. Slík vinna var áður talin söluskattskyld, nema um venjulega launavinnu væri að ræða eða eigin vinnu húseiganda sjálfs. Aðrar undanþágur eru að mestu í samræmi við gildandi lög, og verður gerð nánari grein fyrir þeim, þegar rætt verður um einstakar greinar frumvarpsins.

Þar eð allar undanþágur torvelda mjög álagningu skattsins og eftirlit með honum, þykir ekki ráðlegt að ganga lengra í því efni en gert er í frumvarpinu.

II. Um söluskatt á innfluttar vörur.

Í III. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir söluskatti af innflutningi, svo sem verið hefur. Er hann að mestu í samræmi við núgildandi reglur. Auk þess er lagður skattur á innflutning á vöru, sem innflytjandi ætlar til eigin nota eða neyzlu, samsvarandi þeim skatti, sem greiða ber af viðskiptum innanlands, sbr. 4. gr. 1-lið. Er það gert til samræmis, því að öðrum kosti mundu þeir, sem aðstöðu hafa til að kaupa sjálfir vöruna erlendis frá, fá hana með lægra verði en þeir, sem kaupa hana innanlands.

III. Um framkvæmd laganna, eftirlit og innheimtu.

Í frumvarpinu eru ýmis ný ákvæði, sem eiga að miða að því að gera framkvæmd laganna sem öruggasta.

Eins og bent hefur verið á, er það talinn helzti galli einstigsskattsins á neyzlustiginu, að skattgreiðendur verði mjög margir, nokkur hluti þeirra með ófullkomið bókhald, og aðrir ekki bókhaldsskyldir. Eftirlitið með framkvæmd skattsins verði því allerfitt. En með skírskotun til þess, sem áður segir, verður ekki annað séð en að hið nýja skattkerfi verði gjaldendum auðskildara en hið gamla og eftirlitið þá um leið auðveldara.

Skal nú í fáum dráttum gerð grein fyrir, hvernig ætlazt er til samkvæmt frumvarpinu, að framkvæmd og eftirliti skuli hagað, og þá haft í huga að ná viðunandi árangri, án þess að fyrirtækjum og almenningi verði íþyngt um skör fram eða eftirlitið verði skattstofum og skattanefndum ofviða.

Í 11. gr. er lagt til, að allir þeir, sem ætla má, að greiða eigi söluskatt í ríkissjóð, tilkynni hlutaðeigandi skattyfirvöldum um atvinnu sína og önnur þau atriði, er hér skipta máli. Þessi tilkynning mundi gerð á sérstök eyðublöð.

Allir, sem heimild hafa til að kaupa vörur án söluskatts (endurseljendur), skulu fá sérstök heimildarskírteini hjá skattstjóra eða skattanefndum, er veiti þeim heimild til söluskattfrjálsra kaupa. Ætlað er, að heimildarskírteini þessi gildi nokkurn tíma eða eigi skemur en t. d. eitt ár.

Sá, sem hefur í höndum slíkt heimildarskírteini, má kaupa þær vörur og vinnu, sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr., án greiðslu söluskatts, nema í þeim fyrirtækjum, sem kunna að vera skylduð til þess að krefja ætíð um söluskatt, sbr. 3. mgr. 8. gr. Allir aðrir kaupendur söluskattskyldrar vöru og þjónustu skulu greiða söluskatt.

Hver sá, sem selur vöru út á slíkt skírteini, verður að færa þau viðskipti í sérstaka frumbók, þar sem fram kemur nafn og heimili kaupanda, tegund, magn og verð vöru, verð þjónustu og kvittun móttakanda. Þar komi einnig fram, að varan eða þjónustan sé seld án söluskatts.

Á söluskattsskýrslu er skattþegni heimilt að draga frá heildarveltu sinni andvirði þeirrar vöru, sem þannig er seld.

Í 3. mgr. 8. gr. er gert ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið til öryggis í fram-

kvæmd, að fyrirtæki, sem hafa mjög „blönduð“ viðskipti, innheimti söluskatt af allri sölu sinni, einnig af sölu til endurseljenda, sem hafa heimildarskírteini. Slík fyrirtæki mundu því sleppa við að telja fram veltu sína í tvennu lagi.

Endurseljanda, sem kaupir hjá slíku fyrirtæki og greiðir þar af leiðandi söluskatt, er heimilt að draga innkaupsverð frá söluskattskyldri veltu sinni. Ef hann hins vegar hefur ekki söluskattskylda veltu eða söluskattur sá, er honum ber að standa skil á, nemur lægri fjárhæð en söluskattur sá, er hann hefur greitt, á hann rétt á endurgreiðslu hins ofgreidda skatts. Af hagkvæmniástæðum er þó endurkröfuheimildin bundin við lágmark kr. 1000.00 á ári.

Fyrirkomulag það, sem hér hefur verið rakið, virðist ekki skapa almenningi meiri fyrirhöfn en önnur söluskattskerfi, enda munu flestöll fyrirtæki með „blönduð“ viðskipti hvort eð er færa sölu sína í frumbækur, a. m. k. að því er varðar flesta þá aðila, er njóta mundu skattfrelsis samkvæmt frumvarpinu.

Eftirlit skattyfirvalda er ráðgert þannig, auk venjulegs bókhaldseftirlits, að öðru hverju sé framkvæmd dreifikönnun varðandi framtalda skattfrjálsa sölu og vörukaup þeirra, er telja til frádráttar vöru eða þjónustu, sem söluskattur hefur verið greiddur af.

Það athugist í sambandi við eftirlit skattyfirvalda, að bornar verða saman söluskattsskýrslur og framtöl til tekjuskatts og eignarskatts, og tengist þannig saman könnun og eftirlit með þessum skattþáttum. Sú tilhögun eftirlitsins, sem hér er lýst, er svipuð norskum reglum um þetta efni.

Að því er varðar söluskatt af innfluttum vörum til eigin notkunar, þá mundi hann vera á lagður og innheimtur með aðflutningsgjöldum. Hins vegar yrði að krefjast yfirlýsingar frá innflytjanda um það, hvort hann ætlaði vöruna til eigin nota eða neyzlu ellegar til endursölu. Þessar yfirlýsingar ásamt tollskýrslum berast til skattyfirvalda, sem síðan sannreyna með dreifikönnun eða á annan hátt, að rétt sé frá skýrt, og er gert ráð fyrir, að náið samstarf verði með tollyfirvöldum, verðlagseftirliti og skattyfirvöldum.

Ákvæði lagafrumvarpsins að því er varðar innheimtu og viðurlög eru að mestu í samræmi við gildandi ákvæði.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um grein þessa vísast til hinnar almennu greinargerðar fyrir frumvarpinu.

Um 2. gr.

Hér er sett fram hin almenna skilgreining skatts þessa. Eins og þegar hefur verið rakið er skattskyldan bundin við sölu eða afhendingu vara eða verðmæta í atvinnuskyni og vinnu eða þjónustu, sem látin er í té.

Skattstofninn er andvirði hins selda og endurgjaldið fyrir vinnu og þjónustu.

Sá sem selur vöru eða verðmæti, ellegar innir af hendi vinnu eða þjónustu, kemur fram sem innheimtumaður ríkissjóðs.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram, að skattskyldan er almennt bundin við síðasta stig viðskipta, lokastigið, en önnur viðskipti skattfrjáls. Skatturinn á því yfirleitt að leggjast einu sinni á sömu vöru eða þjónustu. Er þetta meginbreyting frá gildandi löggjöf, en skv. henni gat skatturinn lagzt oft á sömu vöru á hinum mismunandi framleiðslu- og viðskiptastigum hennar.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru taldar upp hinar helztu tegundir viðskipta, sem skattskyldar eru.

Upptalning þessi er ekki tæmandi, en gefur hins vegar skýra mynd af því, hvers konar viðskipti séu skattskyld.

Rétt þykir að benda á, að í síðasta staflið (l-lið) er gert það frávik frá hinni almennu reglu, að söluskattur af vörum, sem fluttar eru inn til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, skal greiddur við tollmeðferð.

Um 5. gr.

Hér er rakið á hverjum skattskyldan hvílir, og er hún fyrst og fremst bundin við þá aðila, sem skattskyldir eru skv. gildandi lögum um tekju- og eignarskatt.

Í staflið b er til samræmis ákveðið, að þeir aðilar, sem skattfrjálsir eru skv. fyrrgreindum lögum eða sérstökum lögum, séu söluskattskyldir, ef starfsemi þeirra er svipuð eða sama eðlis og hinna fyrrnefndu, enda selji þeir til neytenda.

Einnig er opinberum fyrirtækjum, þ. e. fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga, svo og stofnunum þeirra, gert að greiða söluskatt. Er hér um sjálfsagða reglu að ræða, svo ekki verði sköpuð óeðlileg samkeppnisaðstaða fyrir þessa aðila.

Í staflið c er ákveðið, að fyrirsvarsmenn erlendra aðila, sem reka hér söluskattskylda starfsemi, skuli teljast söluskattskyldir af slíkri starfsemi umbjóðenda þeirra.

Um 6. gr.

Hér er talin sú vöru- og verðmætasala, sem undanþegin er söluskatti.

Er ætlazt til, að hér sé um tæmandi upptalningu að ræða, og er undanþágum fækkað verulega frá því, sem nú er.

Í niðurlagi greinarinnar er gefin heimild til að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru hér á landi, í samræmi við ákvæði 12. töluliðar greinarinnar um að sala skipa sé skattfrjáls.

Um 7. gr.

Hér er talin sú starfsemi og þjónusta, sem undanþegin er söluskatti.

Höfuðbreytingin frá gildandi lögum er sú, að öll vinna við mannvirkjagerð, viðhald þeirra og endurbætur, er undanþegin söluskatti ef vinnan er framkvæmd á byggingarstað. Skiptir ekki máli, hver lætur vinnuna í té, né hvers konar mannvirki er um að ræða. Hins vegar er vinna við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða verkstöð, söluskattskyld, enda sé um að ræða sölu til neytenda.

Samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar á vinna við viðgerðir skipa að vera undanþegin söluskatti. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að söluskattur sé innheimtur af öllu efni til skipaviðgerða.

Um 8. gr.

Það er alkunna, að mörg fyrirtæki hér á landi hafa „blönduð" viðskipti, selja vöru og þjónustu ýmist til neytenda eða endurseljenda.

Í 1. mgr. er lögð sú skylda á herðar slíkum aðilum, að þeir haldi aðgreindum þessum viðskiptum í bókhaldi sínu. Af sölu til neytandans á að innheimta söluskatt, en af hinni ekki. Til að auðvelda slíka aðgreiningu, er gert ráð fyrir því í 11. gr., að þeir, sem heimild hafa til að kaupa vöru án söluskatts, skuli hafa í höndum sérstök heimildarskírteini, en í vafatilvikum skal seljandinn krefja um söluskatt.

Þá er í 3. mgr. ráðherra heimilað að bjóða, að þeir aðilar, sem hafa mjög „blönduð" viðskipti, skuli alltaf krefja söluskatt.

Ef endurseljandi hefur þannig greitt söluskatt, sem honum ber ekki að greiða, á hann rétt skv. 4. mgr. til að fá hann endurgreiddan eða að draga slík vörukaup frá söluskattskyldri veltu sinni. Af hagkvæmniástæðum er endurkröfuheimild bundin við 1000.00 kr. lágmark á ári.

Um 9. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er í samræmi við gildandi lög, og í 3. mgr. er boðið, að sá, sem selur vörur í umboðssölu, skuli undantekningalaust krefja söluskatt af heildarandvirði vörunnar.

Um 10. gr.

Ákvæði hennar eru í samræmi við gildandi lög.

Um 11. gr.

Til að auðvelda eftirlit með framkvæmd laganna og aðgreiningu þá, sem um ræðir í 8. gr., þykir nauðsynlegt að skylda alla þá aðila, sem reka söluskattskylda starfsemi og rétt eiga á að kaupa vöru eða vinnu án söluskatts, að tilkynna slíka starfsemi, og fá þeir þá í hendur skírteini, er heimilar þeim söluskattsfrjáls kaup. Ef einhver er í vafa um, hvort hann sé tilkynningarskyldur eða eigi, er honum öruggast að tilkynna starfsemina.

Hætti einhver tilkynningarskyldri starfsemi, breyti um starfshætti eða skipti um heimilisfang, skal hann skv. 4. mgr. senda tilkynningu þar að lútandi.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um skyldur skattskyldra aðila varðandi skýrslugjafir og upplýsingar, svo og um greiðslu skatts. Enn fremur um skyldur skattstjóra og skattanefnda til rannsóknar og leiðréttingar á skýrslum, og um ákvörðun skatts ef framtalsskyldu er ekki fullnægt að einhverju eða öllu leyti. Loks eru ákvæði um innheimtu, dráttarvexti og heimild til stöðvunar á atvinnurekstri þeirra sem eigi standa skil á skattinum. Eru ákvæði þessi í meginatriðum í samræmi við gildandi lög.

Um 13. gr.

Hér eru ákvæði um kærufresti til skattstjóra, skattanefnda og Ríkisskattanefndar, og úrskurðarfresti þeirra. Er sú breyting gerð frá núgildandi tilhögun, að yfirskattanefndir fjalla ekki lengur um kærur vegna söluskatts. Þykir ástæðulaust að hafa kærustig nema tvö.

Enn fremur er hér gert ráð fyrir, að fjármálaráðherra hafi heimild til að skjóta ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar til Ríkisskattanefndar, án tillits til kærufrests, á sama hátt og nú gildir um tekju- og eignarskatt.

Um 14. gr.

Hér er ákveðið, að ágreining um skattskyldu og skatthæð megi bera undir dómstóla, þó innan hálfs árs frá því að Ríkisskattanefnd úrskurðaði málið, og er þetta nýmæli í söluskattslögum.

Um 15. gr.

Í þessari grein er skattyfirvöldum veitt heimild til að krefjast ýmiss konar upplýsinga og gagna til að sannreyna gildi söluskattsframtala, og er sú heimild heldur víðtækari en í gildandi lögum.

Um 16. gr.

Til að samræma sem mest framkvæmd laganna, er hér heimilað að fela skattstjóranum í Reykjavík eftirlit og rannsóknir hjá söluskattskyldum aðilum um land allt.

Um 17. gr.

Er í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglur.

Um 18. gr.

Í gildandi lagaákvæðum um söluskatt af innflutningi eru taldir sérstaklega nokkrir vöruflokkar, sem undanþegnir eru skattinum. Auk þess er svo ráðherra heimilt að veita fleiri undanþágur. Upptalning gildandi laga á þessum undanþágum er mjög ófullkomin og hefur reyndin orðið sú, að ráðherra hefur í reglugerð kveðið nánar á um undanþágurnar og eru þær tilgreindar þar eftir tollskrárnúmerum.

Af hagkvæmniástæðum er hér lagt til, að sleppt sé í lögunum að telja sérstaklega þær vörur, sem undanþegnar verða skattinum, en í stað þess fái ráðherra heimild til þess að veita undanþágur með reglugerð. Er gert ráð fyrir að þær undanþágur mundu verða í aðalatriðum hinar sömu og nú tíðkast.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Grein þessi fjallar um ýmis framkvæmdaatriði og þarfnast ekki skýringa, en rétt þykir að benda á, að í 4., 5. og 6. mgr. er heimilað að innheimta söluskatt af aðgangseyri að skemmtunum með skemmtanaskatti, söluskatt af vörum Tóbakseinkasölu ríkisins við innkaup frá þeirri stofnun, og enn fremur söluskatt af olíum og benzíni við afhendingu vörunnar til kaupenda eða umboðsmanna. Þessi ákvæði eru ekki í samræmi við meginstefnu laganna, en eru sett hér af hagkvæmniástæðum.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru ákveðin viðurlög við því, ef söluskattsskýrsla er ekki send á tilskildum tíma. Eru viðurlög ákveðin 10% miðað við veltu, nema um sé að ræða brot þau, sem um ræðir í 25. gr., sbr. 26. gr., og er þessum viðurlögum beitt með svipuðum hætti og ákveðið er í lögum um tekju- og eignarskatt.

Samsvarandi gildir, ef skýrslu er ábótavant, enda hafi þá gjaldanda verið send áskorun um að bæta úr ágöllunum.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar um greiðslu söluskatts til innheimtu-yfirvalda og skyldur þeirra, eru í samræmi við gildandi lög og framkvæmd.

Um 23. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 26. gr. núgildandi söluskattslaga.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu skatt- og tollyfirvalda, og starfsmanna á vegum þeirra eru samsvarandi ákvæðum tekju- og eignarskattslaga um þetta efni.

Um 25. gr.

Hér eru sett refsiákvæði í samræmi við hliðstæð ákvæði í lögum um tekju- og eignarskatt.

Um 26. gr.

Í grein þessari eru sett refsiákvæði vegna rangra skýrslugjafa, misnotkunar á heimildarskírteinum, vanrækslu á að tilkynna starfsemi eða láta í té upplýsingar og gögn.

Um 27. gr.

Hér er fjármálaráðherra heimilað að setja með reglugerð ýmiss konar fyrirmæli til að tryggja framkvæmd laganna, m. a. varðandi bókhald og bókhaldsgögn söluskattskyldra aðila, einnig þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir skv. bókhaldslögum.

Um 28. gr.

Athygli skal vakin á því ákvæði síðasta málsliðar greinarinnar, að þau lagaákvæði varðandi söluskatt og útflutningssjóðsgjald svo og gjöld skv. 13. gr. laga nr. 4/1960, sem felld eru niður með greininni, skulu þó halda gildi sínu um alla álagningu og innheimtu þessara gjalda samkvæmt ofan greindum lögum að því leyti sem álagningunni er ólokið, er hin nýju söluskattslög taka gildi. Til frekari skýringar

skal þess getið, að 13. gr. laga nr. 4/1960 kom í stað 40. gr. laga nr. 33/1958 um útflutningssjóð og eru gjöld álögð samkvæmt því ákvæði einnig í innheimtu ennþá.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í grein þessari eru sett nokkur bráðabirgðaákvæði.

Um a-lið.

Lagt er til, að auk söluskatts af innflutningi samkvæmt III. kafla laganna, verði til ársloka 1960 innheimtur 8% viðbótarsöluskattur. Er gerð nánari grein fyrir þessu í upphafi hinna almennu athugasemda við frumvarpið hér að framan, og vísast til þess. — Í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 1. gr. er gert ráð fyrir því, að ⅕ hluti tekna af þessum viðbótarskatti renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Um b-lið.

Hér eru sett samsvarandi ákvæði og nú eru í 3. málsgr. 7. gr. laga nr. 4/1960.

Um c-lið.

Rétt þykir, að ákvæði 14. gr. laga nr. 4/1960 haldi gildi sínu til ársloka 1960, og iðgjaldaskattur sá, er þar um ræðir verði innheimtur þann tíma eftir sömu reglum og verið hefur. Hins vegar þykir ekki rétt að innheimta söluskatt skv. II. kafla laganna af iðgjöldum þessum, þann tíma, sem iðgjaldaskattur þessi er greiddur.

Um d-lið.

Það er ýmsum erfiðleikum bundið fyrir þá, sem standa eiga skil á skatti, skv. II. kafla laganna, ef innheimta hans hefst ekki við mánaðamót. Þykir því rétt að fresta framkvæmd hans til 1. apríl n. k. Til sama tíma verður því að framlengja núgildandi ákvæði um álagningu söluskatts og gjalds skv. 13. gr. laga nr. 4/1960, sem nú skal innheimt.

Um e-lið.

Í þessum lið eru ákvæði um söluskattsgreiðslur af viðskiptum, sem samið hefur verið um fyrir gildistöku laganna.

Sþ. 165. Lög [54. mál]

um endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Sþ. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 89.

Sþ. 166. Breytingartillögur [66. mál]

við till. til þál. um rafleiðslu á 4 bæi í Húnavatnssýslu.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

1. Aftan við tillgr. bætist:

Enn fremur að leiða á þessu ári rafmagn frá Sogsvirkjuninni til heimilisnota á bæina: Læk, Stúfholt, Guttormshaga, Saurbæ, Ketilsstaði, Haga, Kvíárholt, Þverlæk og Hreiður, alla í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

2. Fyrirsögn till. verði:
Tillaga til þingsályktunar um rafleiðslu á nokkra bæi í Húnavatns- og Rangárvallasýslum.

Nd. 167. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

1. mgr. 63. gr. orðist svo:
Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1957 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra umferðarlaga, sem samið hafði verið af nefnd sérfróðra manna að tilhlutan dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því, að almennar umferðarreglur skyldu gilda, svo sem verið hafði áður, um umferð ríðandi manna á vegum. Var þeim þannig ætlað að vera vinstra megin á vegi, víkja til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma og hleypa fram fyrir sig öðrum vegfarendum á hægri hönd.

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var samþykkt breytingartillaga frá allsherjarnefnd efri deildar þess efnis, að ríðandi menn skyldu vera hægra megin á vegi, víkja til hægri fyrir mótumferð og hleypa vegfarendum fram fyrir sig vinstra megin. Var breyting þessi aðallega studd þeim rökum að hestamenn ættu erfitt með að fylgjast með bifreiðum, sem á eftir þeim koma á sama vegarhelmingi.

Nýmæli þetta hefur ekki reynzt eins vel og til var ætlazt, og er talið að það valdi aukinni slysahætti frá því sem áður var. Er ýmislegt sem mælir með þeirri skoðun. Ökumenn og hestamenn þurfa á mun meiri viðbragðsflýti að halda, ef hestar og bifreiðar koma úr gagnstæðum áttum á sama vegarhelmingi, heldur en þyrfti, ef aðilar væru sitt hvorum megin á veginum. Getur þetta valdið mjög aukinni slysahættu, einkum ef útsýn milli aðila er slæm vegna landslags eða dimmviðris. Margir hestar ókyrrast meir en annars, ef ökutæki koma hratt á móti þeim á sama vegarhelmingi, og getur það einnig valdið hættu. Í myrkri draga ljós ökutækja mjög úr sjón reiðmanna og hesta, ekki sízt ef aðalljósmagnið beinist að þeim. Er þá einatt erfitt fyrir hestamanninn að sjá, hvort hættulaust muni vera að víkja út af vegarbrún eða út fyrir veg. Til þess að komast fram hjá hestum getur ökumaður neyðzt til að fara óhæfilega langt inn á veg eða yfir á hægri vegarhelming og valdið þannig hættu fyrir umferð ökutækja, sem á móti koma.

Landssamband hestamanna hefur farið þess á leit að framangreindum umferðarreglum verði breytt.

Leitað hefur verið umsagnar Búnaðarfélags Íslands um málið, og hefur það verið lagt fyrir Búnaðarþing, sem hefur lýst sig fylgjandi því, að breyting sú, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, nái fram að ganga.

Nd. **168. Frumvarp til laga** [90. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé og er heimilt að taka það að láni.

2. gr.

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeiti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastöðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Olíuverzlunin skal semja við eigendur olíubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er olíuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Olíuverzlunin selur olíuvörur í heildsölu til olíusamlaga, olíufélaga og annarra aðila, sem annast dreifingu varanna. Hún skal ekki hafa með höndum smásöludreifingu, en þó er henni heimilt að selja opinberum aðilum svo og þeim aðilum öðrum, er kaupa mikið magn í einu til eigin nota. Henni skal einnig skylt að sjá um, að jafnan séu til í innflutningshöfnum nægar birgðir olíuvara.

5. gr.

Olíuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn olíuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga olíuverzlunarinnar.

7. gr.

Olíusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við olíufélögin, þegar olíuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af olíuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er olíuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Náist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem olíuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1960.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er flutt, flutti ég á vetrarþinginu 1959.

Þar var frá því greint, að ég hefði lagt fram samhljóða frumvarp í vinstri stjórninni haustið 1956, en ekki hefði fengizt samkomulag í stjórninni um flutning málsins á Alþingi.

Frumvarpið er flutt hér nákvæmlega eins og ég lagði það fram í ríkisstjórninni, að öðru leyti en því, að nú er gert ráð fyrir, að gildistökudagur verði 1. sept. 1960 í stað 1. jan. 1957 áður. Tillögu minni í ríkisstjórninni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hin síðari ár hafa verið flutt á Alþingi allmörg frumvörp um ríkisverzlun með olíu og olíuvörur. Hefur flutningur þeirra verið bein afleiðing þess, að allmikillar og vaxandi óánægju hefur gætt með ríkjandi fyrirkomulag á innflutningi og verzlun með þessar vörur, enda er það kunnugra en frá þurfi að segja, að skapazt hefur veruleg tortryggni í garð þeirra aðila, sem þessa verzlun hafa annazt, og grunur um, að með henni væri tekinn óeðlilegur gróði, sem notendur olíuvaranna og þá fyrst og fremst framleiðslufyrirtækin yrðu að greiða.

Þeim tillögum, sem fram hafa komið undanfarin ár um ríkisverzlun með olíuvörur, hefur yfirleitt verið það sameiginlegt, að þær hafa gert ráð fyrir, að verzlunin annaðist bæði innflutning, sölu og dreifingu. Með þessu frumvarpi er ekki svo langt gengið, heldur er hér farin sú millileið, að ríkið annist aðeins innflutninginn og heildsöluna.

Innkaup olíuvaranna eru nú þegar komin í hendur ríkisins, sem eðlileg afleiðing þess, að um vöruskiptasamninga er að ræða.

Hins vegar hefur sú skoðun gert allmjög vart við sig, að einmitt í sambandi við flutningana til landsins væri tekinn óeðlilega hár skattur af framleiðslunni og öðrum notendum olíuvaranna, og hefur sú skoðun beinlínis verið studd með ýmsum upplýsingum, sem beint hafa komið frá innflytjendum sjálfum. Til þess að tryggja eðlilegt og rétt heildsöluverð þessara vara og losna við allar deilur og tortryggni um óhóflegan milliliðakostnað í sambandi við innkaup og flutning til landsins hlýtur því að teljast eðlilegt og réttmætt, að ríkið taki að sér bæði flutning og heildsölu, eins og það nú þegar annast innkaupin.

Hins vegar mundi smásala og dreifing verða í höndum annarra aðila. Má þar auðvitað fyrst til nefna hin starfandi olíufélög. En auk þeirra mundu aðrir aðilar, s. s. olíusamlög, kaupfélög, félög bifreiðaeigenda o. fl., fá fullkominn rétt til að kaupa olíuvörur beint frá birgðastöðvum og taka að sér dreifingu til meðlima sinna og annarra, er við þau vilja skipta.

Olíufélögin hafa nú þegar til umráða mjög mikið og víðtækt dreifingarkerfi, geyma, leiðslur, bíla o. fl., og mundu því annast dreifinguna að verulegu leyti.

Það mun því mega fullyrða, að með þessu fyrirkomulagi sé einmitt fundin heppileg leið til að skapa heilbrigða samkeppni um sem minnstan dreifingarkostnað og lægst útsöluverð milli þeirra aðila, sem fyrr er á minnzt og annast mundu dreifinguna. Er það og auðsætt, hve nauðsynlegt það er fyrir framleiðsluna og alla aðra, sem olíuvörur nota, að takast megi að fá þann kostnað sem lægstan, svo mikill þáttur sem verð þessara vara er í öllum framleiðslukostnaði og jafnframt mikill þáttur hins almenna verðlags í landinu. En sé dreifingin á annað borð í höndum

annarra aðila en hins opinbera, mun tæplega verða fundin önnur betri leið til lækkunar þeim kostnaði en eðlileg samkeppni milli þeirra aðila, sem fyrr eru nefndir til að annast dreifinguna.

Nú um nokkurt skeið hefur þróazt sá viðskiptaháttur milli olíufélaganna og olíusamlaganna, að til þess að ná samningum hafa hin síðarnefndu orðið að binda viðskiptin til nokkurra ára í einu. Þessi viðskiptabönd er óhjákvæmilegt að losa og tryggja um leið, að samlögin verði ekki skaðabótaskyld að neinu leyti.

Um einstakar greinar skal tekið fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um stofnun olíuverzlunarinnar og afstöðu ríkisins til hennar. Er talið óhjákvæmilegt að veita ríkinu heimild til lántöku þess fjár, sem þarf til stofnunar fyrirtækisins og rekstrar fyrst í stað.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hlutverk olíuverzlunarinnar og starfrækslu, er miði að því að fá heildsöluverð varanna sem lægst og gera dreifinguna sem auðveldasta.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er, að olíuverzlunin fái í sínar hendur aðaloliubirgðastöðvar olíufélaganna. Nú eru þessar stöðvar í eign einstakra aðila, og þykir því eðlilegast, að olíuverzlunin taki þær á leigu. Til þess að tryggja þá leið í framkvæmd, ef samkomulag næst ekki við eiganda, er heimildarákvæði um leigunám sett inn í greinina.

Þá þykir og nauðsynlegt, að olíuverzlunin hafi heimild til að byggja nýjar birgðastöðvar, þar sem nauðsynlegt kann að teljast til að létta dreifingu varanna.

Um 4. gr.

Þessi grein ákveður verkaskiptingu milli olíuverzlunarinnar og þeirra aðila, sem annast munu dreifinguna.

Um 5. gr.

Sjálfsagt þykir að hafa í lögunum skýr ákvæði, er tryggi það, að olíuverzlunin taki ekki hærri álagningu en þarf til að standast kostnað við verzlunarreksturinn, þar sem tilgangurinn með stofnun hennar er eingöngu sá að tryggja framleiðslunni og öðrum notendum sem allra lægst verð.

Um 6. gr.

Rétt þykir, að stjórn olíuverzlunarinnar sé kosin af Alþingi, þar sem hún er algert ríkisfyrirtæki og ríkið ber ábyrgð á skuldbindingum hennar.

Um 7. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar fram yfir það, sem fyrr er sagt um nokkurra ára samninga olíufélaganna og olíusamlaganna.

Um 8. gr.

Óhjákvæmilegt er að tryggja það, að olíuverzlunin geti fengið til umráða þær birgðir olíuvara, sem fyrir kunna að verða á öllum aðalbirgðastöðvum, þegar hún tekur til starfa.

Til þess að tryggja það, að hún geti fengið þessar birgðir á kostnaðarverði, er hér sett ákvæðið um eignarnámsheimild, er þó sé aðeins notuð, ef samkomulag næst ekki við eigendur varanna.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 169. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Á eftir 23. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 24. og 25. gr.), svo hljóðandi:
a. (24. gr.) 1. málsl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:
allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga skv. fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.
b. (25. gr.) Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.
2. Í stað 3. og 4. málsgr. 25. gr. komi ein málsgr., svo hljóðandi:
Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. málsl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Ed. 170. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir þrír nm. með samþykkt þess, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, tjá sig því andvíga og munu skila sérálitum.

Tilgangur frv. er að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, er hann verður fyrir vegna afnáms 9% skatts á sölu og þjónustu, fyrirhugaðs afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum, svo og þess, að áformað er, að bæjar- og sveitarfélög fái hluta af söluskatti þannig að þeim verði kleift að framkvæma lækkun útsvara. Er því ekki um auknar skattálögur í heild að ræða frá því, sem áður var, heldur aðeins breytingu skattstofna.

Við undirritaðir teljum þær breytingar til bóta og mælum því með samþykkt frv.

Alþingi, 11. marz 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Alþt. 1959. A. (80. löggjafarþing). 68

Nd. **171. Breytingartillögur** [65. mál]

við frv til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðs- og félagsmálanefndar (HV).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   10. gr. laganna falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   13. gr. orðist svo:
   Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára.
   Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 23. gr. og 76. gr., 3. mgr.:
   Fyrir einstakling hvern kr. 16000.00.
   Ellilífeyrisþegi, sem dvelst á sjúkrahúsi eða elliheimili, á rétt á að fá 10% af lífeyri sínum til eigin nota.
   Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar eftir gildistöku laga þessara, og skal þá full vísitöluuppbót koma á ellilífeyrinn.
   Nú frestar maður töku ellilífeyris, og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður, án þess að hann taki lífeyrinn. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% af fullum lífeyri. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   15. gr. orðist svo:
   Greiða skal maka ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% lífeyris viðkomandi bótaþega.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   16. gr. orðist svo:
   Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru á fullu framfæri foreldranna.
   Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 2600.00.
   Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin 3 ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.
   Börn örorku- og ellilífeyrisþega eiga rétt á fullum fjölskyldubótum.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   17. gr. orðist svo:
   Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn eða móðirin er látin eða annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi.
   Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.
   Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra eða þá þeim öðrum, sem annast framfæri þeirra að fullu.
   Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 9200.00.
   Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   18. gr. orðist svo:
   Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa eitt eða fleiri börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu.
   Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 2000.00
Með tveimur börnum	— 8000.00
Með þremur börnum og fleirum	— 16000.00

7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   19. gr. orðist svo:
   Fæðingarstyrkur skal vera kr. 2500.00 við hverja fæðingu.
8. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   20. gr. orðist svo:
   Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1600.00 mánaðarlega.
   Ef ekkja hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum 9 mánuði í viðbót, kr. 1200.00 mánaðarlega.
9. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   22. gr. laganna falli niður.
10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   a. Síðari málsliður 3. mgr. 23. gr. laganna falli niður.
   b. Í stað „7%“ í 4. mgr. sömu lagagreinar komi: 10%.
   c. Aftan við lagagreinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú stundar örorkulífeyrisþegi nám meira en 6 mánuði á ári, og ber honum þá að fá tvöfaldar örorkubætur.
11. Í stað 19.—21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað IV. kafla laganna (sjúkratryggingar, 44.—58. gr.) komi nýr kafli, **Heilsugæzla**, með 24 greinum, svo hljóðandi:
   a. (44. gr.) Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna.
   Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp.
   b. (45. gr.) Heilsugæzlu á vegum tryggingganna annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess eru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.
   Þar, sem ekki eru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, annast héraðslæknar störf þeirra, hver í sínu umdæmi, með aðstoð annarra opinberra heilbrigðisstarfsmanna.
   c. (46. gr.) Heilsuverndar- og lækningastöðvar skulu vera í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem heilbrigðisstjórnin ákveður með ráði Tryggingastofnunarinnar. Skulu þær settar á stofn og reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef fleiri en eitt sveitarfélög eru um stöð.
   Tryggingastofnuninni er heimilt að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlu fyrir allt landið, svo sem vinnulækningar, enda fallist heilbrigðisstjórnin á tilhögun þessarar starfsemi.
   d. (47. gr.) Um framlög ríkisins til að koma upp heilsuverndar- og lækningastöðvum, samkvæmt lögum þessum, gilda sömu reglur og um framlög þess til að reisa sjúkrahús.
   e. (48. gr.). Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, er um getur í 46. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra, svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.
   Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.
   Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.
   Ef saman falla tryggingaumdæmi og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggingganefndar.

f. (49. gr.) Hlutverk sjúkrahúsa er að veita sjúklingum, er þarfnast sjúkrahúsvistar, nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp.

Hlutverk heilsuverndarstöðva er að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, og telst þar til mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklavarnir, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andleg heilsuvernd. Enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðum, aðstoð við almennar slysavarnir, híbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir.

Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp. Enn fremur að annast rannsóknir, er miði að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Lækningastöðvar sjá einnig um nauðsynlega hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, að svo miklu leyti sem Tryggingastofnunin ákveður að láta hana í té.

g. (50. gr.) Sjúkrahús, þar með talin einkasjúkrahús, heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar, skulu háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, er setur með reglugerð ákvæði um þá lágmarksþjónustu, sem slíkar stofnanir skuli láta í té á hverjum stað, og önnur skilyrði fyrir því, að þær hljóti viðurkenningu, en fylgist síðar með, að öllum slíkum ákvæðum sé fylgt, og metur að öðru leyti gæði þjónustunnar á hverjum stað.

h. (51. gr.) Heilbrigðisstjórnin getur ákveðið, að ein og sama stofnun ræki hlutverk sjúkrahúss, heilsuverndar- og lækningastöðvar, þar sem skilyrði eða staðhættir mæla með því.

i. (52. gr.) Ríkissjóður greiðir laun allra fastra lækna, heilsuverndarstöðva og opinberra sjúkrahúsa, svo og héraðslækna og sérfróðra lækna, sem falin eru sérstök störf í þágu heilsugæzlustarfseminnar eða yfirumsjón með einstökum greinum hennar.

Nú telur tryggingaráð (heilsugæzludeild), að nauðsynlegt sé, að fleiri læknar en héraðslæknir einn starfi í læknishéraði, þar sem eigi er rekin heilsuverndarstöð eða lækningastöð, eða slíkar stöðvar geta eigi séð fyrir læknishjálp í héraðinu, svo að fullnægjandi teljist að dómi heilbrigðisstjórnar, og skal þá greiða laun aukalæknis eða aukalækna úr ríkissjóði.

Laun lækna, er veita læknishjálp utan sjúkrahúsa, skulu yfirleitt miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald af sjúklingum samkvæmt gjaldskrá.

Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar gilda eigi lengur en til ársloka 1961 hvað snertir þau tryggingaumdæmi, þar sem skylt er að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar.

j. (53. gr.) Ráðherra skipar þá lækna, er um ræðir í 52. gr., og ákveður fjölda þeirra á hverjum stað með ráði tryggingaráðs (heilsugæzludeildar). Eigi má þó fjölga föstum læknum meira en svo, að 1500 íbúar komi að meðaltali á hvern almennan lækni, er starfar að lækningum utan sjúkrahúsa, nema sérstaklega standi á.

k. (54. gr.) Tryggingastofnunin greiðir kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum, þar með talin læknishjálp, lyf og umbúðir. Greiðir hún slíkan kostnað að fullu og eins lengi og þörf krefur, enda sé nauðsyn sjúkrahúsvistar viðurkennd af tryggingayfirlækni eða öðrum trúnaðarlæknum í umboði hans.

Heimilt er Tryggingastofnuninni, ef sérstaklega stendur á, að greiða kostnað við dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum eftir reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur.

l. (55. gr.) Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 52. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar samkv. 52. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem svarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris, börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

m. (56. gr.) Tryggingastofnunin semur við sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir og heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 45. gr., um að annast lækninga- og heilsuverndarstarfsemi samkvæmt þessum kafla.

Ef ekki takast samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, og skal þá miða við, að stofnanirnar fái greiddan eðlilegan kostnað vegna þeirrar þjónustu, er þær láta í té, að undangengnu mati samkvæmt 50. gr.

Það skal tekið fram í samningi samkvæmt 1. mgr. eða ákveðið í úrskurði samkvæmt 2. mgr., að ágóða af rekstri þeirra stofnana, er þar getur, skuli varið til að bæta og fullkomna þá þjónustu, sem þær láta í té. Skal Tryggingastofnuninni heimill aðgangur að bókhaldi þeirra til að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis.

n. (57. gr.) Tryggingastofnunin skal greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum er lífsnauðsyn eða brýn nauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis, enda sé sannað með læknisvottorði og rannsókn, er tryggingayfirlæknir metur gilda, að um slíka nauðsyn sé að ræða. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skulu greidd að hálfu. Tryggingastofnunin greiðir þó aðeins lyf og umbúðir, sem ávísað er með lyfseðli af lækni, sem hlotið hefur ótakmarkað lækningaleyfi, eða af staðgöngumanni hans.

Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um getur í 1. mgr., og skal hún staðfest af heilbrigðisstjórninni. Skrá þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en annað hvert ár.

o. (58. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, enda séu slíkar rannsóknir framkvæmdar að fyrirlagi læknis og af læknum eða stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin samþykkir. Enn fremur skal greiða að fullu lyf þau og efni, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum. Ef samningar hafa ekki tekizt, skal endurgreitt eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

p. (59. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgen- og radiumlækningar í viðeigandi tilfellum. Þó greiðist kostnaður við slíkar

lækningar aðeins, ef þær eru framkvæmdar í stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt í þessu skyni.

q. (60. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að gerðar séu á sérstökum stofnunum, enda séu þær rannsóknir gerðar að fyrirlagi læknis.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum, en takist samningar ekki, skal endurgreiða sjúklingum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur. Tryggingaráð ákveður, hvaða rannsóknir hér komi til greina.

r. (61. gr.) Tryggingastofnunin greiðir ljósmæðrahjálp í heimahúsum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórn setur.

s. (62. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Slík aðstoð skal þó aðeins látin í té, er alveg sérstaklega stendur á, og þá eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.

t. (63. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir, nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

u. (64. gr.) Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingaráð umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 300000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingaráðsins um hana.

v. (65. gr.) Auk sjóða þeirra, sem um getur í 64. gr., skal stofna sjóð, er sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 66. gr., og

b. að veita endurgreiðslur samkv. 67. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 300000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í a-lið, og aldrei meiru en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í b-lið.

x. (66. gr.) Fé þeirra sjóða, sem um getur í 64. gr., skal varið til að endurgreiða 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við ferðir lækna til sjúklinga, að undanskildum 10 km, og 75% af óhjávæmilegum kostnaði við flutning sjúklinga í sjúkrahús. Endurgreiðslur þessar eru miðaðar við það, að þess læknis hafi verið vitjað, sem er héraðslæknir á þeim stað, þar sem sjúklingurinn er búsettur, eða þess læknis í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sem hægast og ódýrast hefði verið að vitja með tilliti til samgangna á

hverjum stað. Á sama hátt eru endurgreiðslur vegna sjúkraflutnings miðaðar við, að flutningurinn sé til þess sjúkrahúss, sem stytzt er eða ódýrast að komast til, enda komi vist í því sjúkrahúsi sjúklingnum að fullum notum með tilliti til sjúkdóms hans að dómi læknis.

Ef endurgreiðslur eins árs samkv. 1. mgr. nema svo miklu, að sjóðurinn hrökkvi eigi til, skal hlutaðeigandi sveitarfélag greiða hallann, en fær þá hluta af þeirri upphæð endurgreiddan úr sjóði þeim, sem um getur í 65. gr., a-lið, eftir því sem sá sjóður hrekkur til, en þó aldrei yfir 50%.

y. (67. gr.) Nú verður maður fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en á ekki rétt til greiðslu úr sjóði, sbr. 63. gr., og er Tryggingastofnuninni þá heimilt að greiða þann kostnað að nokkru eða öllu leyti eftir umsókn hans, sbr. b-lið 64. gr.

Varatillaga:

Við 20. gr. Greinin orðist svo:

a. 4. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 24.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 30.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu og kr. 6.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

b. 6. mgr. sömu lagagreinar falli niður.

12. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. 76. gr. laganna falli niður.

13. Á eftir 23. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir 89. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:
Allar bætur almannatrygginganna eru skattfrjálsar.

14. Við 25. gr. Fyrir „1. apríl“ í 2. mgr. komi: 1. marz.

Nd. 172. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Jafnframt hefur hún tekið til athugunar það ákvæði jarðræktarlaganna, sem ákveður hærra framlag á ræktun þeirra býla, sem minna tún hafa en 10 ha. Það ákvæði fellur úr gildi í árslok 1960.

Á árunum 1958 og 1959 hefur á vegum Landnáms ríkisins farið fram mæling og kortagerð af túnum þeirra jarða í landinu, sem minni tún hafa en 10 ha eða vafi leikur á um, hvort falla kunni undir þetta ákvæði. Þessum mælingum er nú að mestu lokið, en eftir að reikna út túnstærð á nokkrum hluta jarðanna. Samkvæmt upplýsingum landnámsstjóra í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, sem nefndin hefur fengið afrit af, liggja nú fyrir nákvæmar mælingar um túnstærð 2124 jarða, sem minni tún hafa en 10 ha. Meðaltúnstærð þeirra býla er í árslok 1959 6.56 ha. Vantar því á þessum jörðum samtals um 7300 ha ræktun, til þess að 10 ha tún verði á hverri þeirri jörð. En auk þess ættu að vera, skv. áætlun, sem Landnám ríkisins gerði 1956, 949 jarðir undir 10 ha stærðinni af þeim jörðum, sem mælingum túnstærðar er ekki lokið á enn þá. Það er því augljóst, að hér er allmiklu átaki ólokið enn, og er það skoðun nefndarinnar, að brýn nauðsyn sé á, að þessi undirstöðuumbót á bújörðunum komist sem fyrst í kring. Það getur orkað tvímælis, hve mörg ár þetta ákvæði jarðræktarlaganna skuli framlengt. Verður þar að meta hvort tveggja, líkurnar fyrir, hve mikið er unnt að framkvæma árlega, og nauð-

synina á, að þessu marki verði náð sem allra fyrst. Með hliðsjón af þessu og áliti landnámsstjóra, er fram kemur í bréfi hans til nefndarinnar í dag, hefur nefndin orðið sammála um að flytja breytingartillögu þá, sem prentuð er á þskj. 173.

Bréf landnámsstjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 3. þ. m., ásamt bréfi sama til nefndarinnar, dags 11. þ. m., eru prentuð hér með.

Alþingi, 11. marz 1960.

Gunnar Gíslason, form. Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Karl Guðjónsson.
Benedikt Gröndal. Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal I.

Landnámsstjóri.

Reykjavík, 3. marz 1960.

Með tilvísun til viðtals, er háttvirtur ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins átti við mig í síma fyrir nokkrum dögum um nauðsyn þess, að framlengd yrðu ákvæði 41. greinar laga nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, um sérstakt framlag til þeirra jarða, sem minni tún hafa en 10 ha, svo og það ákvæði til bráðabirgða í jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, um að þau býli, er minni tún hafa en 10 ha, fái 300 króna framlag á hektara til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót, þá skal eftirfarandi upplýst:

Landnám ríkisins hefur á árunum 1958 og 1959 látið fara fram uppmælingu og kortagerð af þeim jörðum, sem minni tún hafa en 10 ha, og er því verki ekki að fullu lokið enn þá. Nú liggja fyrir nákvæmar túnstærðir á 2124 jörðum, sem hafa reynzt með minni tún en 10 ha. Samkvæmt því er heildartúnstærð þessara jarða 10963.23 hektarar, þá er lögin tóku gildi, og meðalstærð því 5.16 ha á jörð.

Á árunum 1957—1959 hefur styrkt ræktunaraukning á þessum jörðum numið 2976.62 ha, sem nemur 1.40 ha að meðaltali á jörð, og er túnstærð þeirra því nú að meðaltali 6.56 ha. Til þess að ná ræktunartakmarki því, sem lögin setja, þarf enn að rækta 3.44 ha á jörð að meðaltali eða samtals 7300 hektara alls.

Samkvæmt þeirri áætlun, sem Landnám ríkisins gerði 1956, var áætlað, að 3073 jarðir væru með tún undir 10 ha í lok þess árs. Samkvæmt því ættu að koma fram 949 jarðir af þeim jörðum, sem eftir er að mæla tún á, með minni tún en 10 ha.

Nokkur hluti þessara jarða hefur framkvæmt ræktun árin 1957—1959 eða samtals 693.44 ha, sem greitt hefur verið framlag á, þar sem augljóst var af spjaldskrá Búnaðarfélags Íslands um túnstærðir og staðfestingu héraðsráðunauta, að víst er, að tún þeirra voru undir 10 ha. Fullnaðargreiðsla á framkvæmdir þeirra verður látin fara fram, strax og mælingar liggja fyrir á túnstærð þeirra.

Samkvæmt framanrituðu hefur framlag verið greitt á 3670.06 hektara eftir ákvæði landnámslaganna, og greidd framlög nema kr. 6606108.00, en við síðustu áramót er geymslufé á þessum lið í reikningum Landnáms ríkisins kr. 7094189.96, og er þá ótalinn sá kostnaður, sem orðið hefur vegna mælingar túnanna og kortagerðar.

Þegar framanritað er athugað, er ljóst, að tímatakmarkið fyrir framkvæmd þess verks að koma túnunum upp í 10 hektara þarf að framlengja í minnst 3 ár, sérstaklega vegna þess, að það er ekki nægur vélakostur fyrir hendi hjá ræktunarsamböndum til að koma þessu í framkvæmd á skemmri tíma.

Sé ræktunarþörf hinna 949 jarða, sem eftir er að framkvæma túnmælingu á, jöfn við hinar 2124, sem lokið er mælingu á, eru líkur fyrir því, að framlög þau,

sem lögin gera ráð fyrir, hrökkvi til þessara framkvæmda, en reynist ræktunarþörf þessara jarða mun meiri, getur farið svo, að eitthvað skorti til, að væntanlegar fjárveitingar hrökkvi.

Með skírskotun til þess teljum við ástæðu til, að framkvæmdaheimildin sé framlengd um 3 ár, en á næsta ári verður væntanlega komin fullnaðarrannsókn, hvort eða hve mikill hluti þessara 949 ómældu jarða hafa rétt til framlags, og ætti þá að vera hægt að taka ákvörðun um, hvort framlengja þarf framlagsákvæði 41. greinar landnámslaga.

Þó skal það fram tekið, að það, sem hér er sagt, miðast við, að hinn almenni jarðabótastyrkur til þessara jarða verði framlengdur og haldist óbreyttur, því að lækki hann, verður samkvæmt landnámslögum að hækka framlag landnámsins sem þeirri lækkun nemur.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Landnámsstjóri.

Reykjavík, 11. marz 1960.

Samkvæmt beiðni háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis skal upplýst eftirfarandi til skýringar á niðurlagi bréfs Landnáms ríkisins, dags. 3. þ. m., til landbúnaðarráðuneytisins:

Til þess að hægt sé að framfylgja þeirri framkvæmdaáætlun, sem sett er með 38. grein landnámslaga, er óhjákvæmilegt að framlengja bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaga, að því er tekur til síðustu málsgreinar þeirra.

Legg því til, að í stað orðanna: „til ársloka 1960“ komi: „til ársloka 1964“.

Ástæður fyrir þessu eru þær, að það er fyrst hægt að fullu að úrskurða, hverjar jarðir koma undir ákvæðin, þegar túnmælingum er lokið, sem verður á árinu 1960.

Þar sem tímatakmarkið í landnámslögunum er sett til ársloka 1961, má síðar framlengja tímatakmarkið í þeim lögum til samræmis við þá breytingu, sem þingið nú gerir á jarðræktarlögum.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 173. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Fyrir orðin „til ársloka 1960“ í 3. málsgr. 6. gr. laganna komi: til ársloka 1964.

Sþ. **174. Breytingartillögur** **[42. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 1. (Póstsjóður). Liðurinn orðist svo:

I. Tekjur:			
1. Seld frímerki og eyðublöð		26 500 000	
2. Blöð og tímarit		1 400 000	
3. Pósthólf		150 000	
4. Endurgreiðsla fyrir erlenda böggla		1 700 000	
5. Innheimta, sala orlofs- og sparimerkja		2 550 000	
6. Vextir		400 000	
7. Óvissar tekjur		600 000	
			33 300 000
II. Gjöld:			
1. Póststjórnarkostnaður		1 600 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík		12 000 000	
3. Önnur pósthús		8 000 000	
4. Póstflutningar		8 800 000	
5. Önnur gjöld		2 900 000	
			33 300 000

2. — 3. — A. Sundurliðun. 2. (Landssíminn). Liðurinn orðist svo:

I. Tekjur			123 500 000
II. Gjöld:			
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:			
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	3 500 000		
2. Ritsímast. í Reykjavík	9 300 000		
3. Stuttbylgju- og loftskeytastöðin í Rvík	3 000 000		
4. Bæjarsíminn í Rvík og Hafnarfirði	36 500 000		
5. Birgðahúsið	1 350 000		
6. Ritsímast. á Akureyri	2 300 000		
7. Ritsímast. á Seyðisf.	1 050 000		
8. Ritsímast. á Ísafirði	1 400 000		
9. Ritsímastöðin Brú	750 000		
10. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum	1 700 000		
11. Ritsímast. á Siglufirði	1 250 000		
12. Til annarra símastöðva og eftirlitsst.	14 200 000		
		76 300 000	
b. Eyðublöð, prentkostn. ritföng m. m.		1 600 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva		7 600 000	
d. Viðhald landssímanna		20 000 000	
e. Framhaldsgjald		400 000	
f. Ýmis gjöld		900 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum		1 100 000	
h. Vextir af lánum		1 650 000	

i. Almanna- og atvinnuleysistryggingar	740 000	
j. Endurnýjun og viðauki símakerfa og véla	6 310 000	
		116 600 000
Fært á 3. gr. A. 1		6 900 000

Eignabreytingar landssímans.

Út.

I. Afborganir af lánum og til húsakaupa	4 150 000
II. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	900 000
III. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík og nágrenni (önnur greiðsla af fjórum)	4 000 000
IV. Til póst- og símahúss á Raufarhöfn	600 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	9 650 000

3.	Við 3. gr.	A. Sundurliðun. 3. II. 4. (Gæzluvistarsjóður). Fyrir „1 500 000“ kemur	2 000 000
4.	— 10. —	II. 3. a. (Sendiráðið í London, laun). Fyrir „1 236 000“ kemur	1 271 000
5.	— 10. —	II. 15. (Upplýsinga- og kynningarstarfsemi). Fyrir „200 000“ kemur	400 000
6.	— 10. —	II. 20. (Sameinuðu þjóðirnar). Fyrir „795 000“ kemur	990 000
7.	— 10. —	II. 25. Nýr liður: Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	59 820
8.	— 10. —	II. 27. (Tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna). Fyrir „150 000“ kemur	304 800
9.	— 10. —	II. 29. (Alþjóðakjarnorkumálastofnunin). Fyrir „64 500“ kemur	89 500
10.	— 10. —	II. 33. (Tillag til UNEA). Fyrir „97 290“ kemur	15 230
11.	— 10. —	II. 34. (Tillag til OSP). Fyrir „93 750“ kemur	14 676
12.	— 11. —	A. 9. l. (Löggæzla í Vestmannaeyjum). Fyrir „20 000“ kemur	80 000
13.	— 11. —	A. 10. c. Nýr liður: Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju	500 000
14.	— 11. —	A. 11. Nýr liður: Til undirbúnings nýskipunar fangelsismála	75 000
15.	— 11. —	A. 23. b. (Áfengisvarnaráð). Fyrir „645 000“ kemur	700 000
16.	— 12. —	IV. A. 4. (Landsspítalinn, annar kostnaður). Fyrir „8 000 000“ kemur	9 024 003
17.	— 12. —	IV. D. 3. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum, annar kostnaður). Fyrir „2 915 000“ kemur	3 265 000
18.	— 12. gr.	V. l. a. (Rannsóknarstofa háskólans, laun). Fyrir „1 401 465“ kemur	1 585 762

19. Við 12. gr. VII. Liðurinn orðist svo:
Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði og Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi, 10 kr. á legudag, allt að 825 000

20. — 12. — XXIII. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum landlæknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins 150 000

21. — 13. — A. I. 1. (Vegagerðir, laun).
Fyrir „1 936 577“ kemur 1 987 408

22. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1.	Grindavíkurvegur	150 000
2.	Eyrarfjallsvegur	40 000
3.	Kjósarskarðsvegur	120 000
4.	Skorradalsvegur	110 000
5.	Mófellsstaðavegur	50 000
6.	Lundarreykjadalsvegur	40 000
7.	Skálpastaðavegur	55 000
8.	Flókadalsvegur	70 000
9.	Reykdælavegur	95 000
10.	Hálsasveitarvegur	40 000
11.	Svínadalsvegur	60 000
12.	Melasveitarvegur	20 000
13.	Hvalfjarðarvegur	250 000
14.	Hvítársíðuvegur	90 000
15.	Þverárhlíðarvegur	90 000
16.	Varmalandsvegur	50 000
17.	Ferjubakkavegur	70 000
18.	Álftanesvegur	25 000
19.	Grímsstaðavegur	20 000
20.	Hraunhreppsvegur	200 000
21.	Sauravegur	50 000
22.	Hítarnesvegur	20 000
23.	Hnappadalsvegur (Hlíðarvegur)	20 000
24.	Kolviðarnesvegur	35 000
25.	Skógarnesvegur	25 000
26.	Lýsuhólsvegur	30 000
27.	Ólafsvíkurvegur	80 000
28.	Útnesvegur	150 000
29.	Eyrarsveitarvegur	280 000
30.	Framsveitarvegur	100 000
31.	Borgarlandsvegur	30 000
32.	Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	100 000
33.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
34.	Miðdalavegur	20 000
35.	Hörðudalsvegur	15 000
36.	Haukadalsvegur	80 000
37.	Laxárdalsvegur	60 000
38.	Vesturlandsvegur í Svínadal	180 000
39.	Lauga- og Sælingsdalsvegur	15 000
40.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	185 000
41.	Efribyggðarvegur á Fellströnd	60 000

42.	Staðarhólsvegur	30 000
43.	Heydalsvegur	150 000
44.	Reykhólavegur	115 000
45.	Gufudalsvegur	10 000
46.	Bæjarnes- og Svínanesvegur	20 000
47.	Fjarðarhlíðarvegur	90 000
48.	Barðastrandarvegur	190 000
49.	Rauðasandsvegur	45 000
50.	Örlygshafnarvegur	135 000
51.	Kollsvíkurvegur	60 000
52.	Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns	30 000
53.	Bíldudalsvegur á Mikladal	200 000
54.	Tálknafjarðarvegur	110 000
55.	Suðurfjarðavegur	20 000
56.	Dalahreppsvegur	30 000
57.	Vestfjarðavegur	500 000
58.	Ingjaldssandsvegur	100 000
59.	Flateyrarvegur	200 000
60.	Suðureyrarvegur	150 000
61.	Fjarðavegur	100 000
62.	Snæfjallastrandarvegur	100 000
63.	Ögurvegur	575 000
64.	Vatnsfjarðarvegur	20 000
65.	Reykjarfjarðarvegur	525 000
66.	Strandavegur	115 000
67.	Vatnsnesvegur	160 000
68.	Hlíðardalsvegur	40 000
69.	Vesturárdalsvegur	80 000
70.	Austursíðuvegur	80 000
71.	Fitjavegur	45 000
72.	Borgarvegur	25 000
73.	Vatnsdalsvegur að austan	230 000
74.	Svínadalsvegur	30 000
75.	Skagastrandar- og Skagavegur	60 000
76.	Reykjabraut	35 000
77.	Svartárdalsvegur	145 000
78.	Skagavegur	25 000
79.	Reykjastrandarvegur	60 000
80.	Skagafjarðarvegur	180 000
81.	Efribyggðarvegur	120 000
82.	Hólavegur	230 000
83.	Hofsósvegur	100 000
84.	Siglufjarðarvegir	500 000
85.	Ólafsfjarðarvegur eystri	60 000
86.	Múlavegur	300 000
87.	Svarfaðardalsvegur	100 000
88.	Hörgárdalsvegur ytri	70 000
89.	Djúpadalsvegur	100 000
90.	Svalbarðsstrandarvegur	60 000
91.	Fnjóskadalsvegur eystri	250 000
92.	Fnjóskadalsvegur vestri	120 000
93.	Vegir í Grýtubakkahreppi	80 000
94.	Bárðardalsvegur eystri	40 000

95.	Bárðardalsvegur vestri	45 000
96.	Út-Kinnarvegur	10 000
97.	Austurhlíðarvegur	25 000
98.	Tjörnesvegur og Þingeyjarsýslubraut milli byggða	225 000
99.	Hólsfjallavegur	85 000
100.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur	400 000
101.	Öxarfjarðarheiðarvegur vestan heiðar	15 000
102.	Langanesvegur utan heiðar	40 000
103.	Sandvíkurheiði	190 000
104.	Vopnafjarðarvegir	200 000
105.	Jökuldalsvegur efri	70 000
106.	Jökuldalsvegur eystri	90 000
107.	Kirkjubæjarvegur	85 000
108.	Upphéraðsvegur	115 000
109.	Hróarstunguvegur eystri austan Lagarfljóts	40 000
110.	Borgarfjarðarvegur	80 000
111.	Hólalandsvegur	40 000
112.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri	90 000
113.	Fjarðarheiðarvegur	150 000
114.	Austurlandsvegur	270 000
115.	Skógavegur	100 000
116.	Mjóafjarðarvegur	80 000
117.	Eskifjarðarvegur	30 000
118.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi	75 000
119.	Fáskrúðsfjarðarvegur	140 000
120.	Stöðvarfjarðarvegur	110 000
121.	Stöðvarfjarðarvegur milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur	200 000
122.	Breiðdalsvegir	100 000
123.	Berufjarðarvegur	95 000
124.	Geithellnavegur	95 000
125.	Lónsheiðarvegur	270 000
126.	Almannaskarðsvegur	135 000
127.	Suðursveitarvegur	140 000
128.	Öræfavegur	80 000
129.	Síðu- og Fljótshverfisvegur	75 000
130.	Landbrotsvegur syðri	185 000
131.	Meðallandsvegur	200 000
132.	Skálavegur	175 000
133.	Út-Landeyjavegur	15 000
134.	Rangárvallavegur efri	80 000
135.	Gunnarsholtsvegur	80 000
136.	Landvegur	60 000
137.	Þykkvabæjarvegur	50 000
138.	Heiðarvegur	320 000
139.	Hamravegur	20 000
140.	Ásvegur	20 000
141.	Langholtsvegur	70 000
142.	Laugardalsvegur	280 000
143.	Grafningsvegur	30 000

144.	Sólheimavegur	70 000	
145.	Þorlákshafnarvegur	100 000	
146.	Þingvallavegur vestan Almannagjár	500 000	
			16 480 000

23. Við 13. gr. A. II. c. Nýr liður.
Til millibyggðavega:

1.	Austurvegur	1 800 000	
2.	Hvalfjarðarvegur	400 000	
3.	Hellissandsvegur	300 000	
4.	Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði)	200 000	
5.	Heydalsvegur	200 000	
6.	Vestfjarðavegur	1 000 000	
7.	Siglufjarðarvegur ytri	200 000	
8.	Múlavegur	300 000	
9.	Norðurlandsvegur	400 000	
10.	Fnjóskadalsvegur	300 000	
11.	Tjörnesvegur	200 000	
12.	Raufarhafnarvegur	100 000	
13.	Sandvíkurheiðarvegur (Vopnafjarðarv.)	100 000	
14.	Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts	300 000	
15.	Austurlandsvegur austan Lagarfljóts	600 000	
16.	Suðurlandsvegur (Mýrdalssandur)	100 000	
			6 500 000
		÷ Vegagjald af benzíni	6 500 000

24. — 13. — A. III. Liðurinn orðist svo:
Til brúargerða:

1.	Kaldakvísl hjá Mosfelli	90 000	
2.	Laxá hjá Hækingsdal	195 000	
3.	Hornsá í Borgarfirði	60 000	
4.	Álfsteinsá í Borgarfirði	410 000	
5.	Hítará á Stykkishólmsvegi	220 000	
6.	Bakkaá, Barðaströnd	245 000	
7.	Þverdalsá á Vestfjarðavegi	230 000	
8.	Norðdalsá, Barðastr.	470 000	
9.	Heydalsá í Mjóafirði	415 000	
10.	Virkjanabrýr, V.-Ísaf.	160 000	
11.	Tunguá, V.-Húnav.	495 000	
12.	Svartá í Svartárdal	55 000	
13.	Svartá hjá Íraf.	130 000	
14.	Hjaltadalsá, Skagaf.	285 000	
15.	Egilsá í Norðurárdal	585 000	
16.	Öxnadalsá hjá Hálsi	40 000	
17.	Skarðsá í Fnjóskadal	300 000	
18.	Græfilsgil í Fnjóskadal	510 000	
19.	Húsá í Jökuldal	585 000	
20.	Selgil á Stöðvarfjarðarvegi	645 000	
21.	Virkjanabrýr, S.-Múl.	160 000	
22.	Fjarðará í Lóni	820 000	
23.	Skaftá hjá Skaftártdal	320 000	
24.	Eldvatn hjá Teygingalæk	415 000	
25.	Lækjarlandsáll, V.-Skaft.	160 000	
26.	Villingavatnsá, Árn.	280 000	
27.	Smábrýr	3 000 000	
			11 280 000

25. Við 13. gr. A. VIII. Liðurinn orðist svo:

Til ræktunarvega:		
1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
4. Í Grímsey	10 000	
5. Í Hrísey	8 000	
		68 000

26. — 13. — A. XIV. (Til fyrrv. vegaverkstjóra).

Fyrir „45 000“ kemur	54 000

27. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:	
1. Akranes	900 000
2. Akureyri	300 000
3. Akureyri, dráttarbraut	500 000
4. Arnarstapi	50 000
5. Árskógssandur	50 000
6. Bakkafjörður	100 000
7. Blönduós	300 000
8. Bolungavík	500 000
9. Borgarfjörður eystra	50 000
10. Borgarnes	100 000
11. Breiðdalsvík	100 000
12. Búðareyri (Reyðarfj.)	300 000
13. Dalvík	150 000
14. Eskifjörður	100 000
15. Eyrarbakki	50 000
16. Flatey á Skjálfanda	50 000
17. Gerðavör	150 000
18. Grafarnes	150 000
19. Grímsey	450 000
20. Grunnavík	100 000
21. Hafnarfjörður	500 000
22. Hafnir í Höfnum	200 000
23. Haganesvík	50 000
24. Hauganes	50 000
25. Hellissandur	200 000
26. Hellnar	75 000
27. Hofsós	250 000
28. Húsavík	325 000
29. Hólmavík	500 000
30. Höfn í Hornafirði	100 000
31. Ísafjörður	300 000
32. Járngerðarstaðir	300 000
33. Kópasker	300 000
34. Kópavogur	100 000
35. Neskaupstaður	500 000
36. Ólafsfjörður	300 000
37. Ólafsvík	300 000
38. Patreksfjörður	100 000
39. Sandgerði	300 000
40. Sauðárkrókur	150 000
41. Siglufjörður	400 000
42. Skagaströnd	100 000

	43. Skarðstöð	50 000		
	44. Stokkseyri	100 000		
	45. Stykkishólmur	250 000		
	46. Stöðvarfjörður	200 000		
	47. Súðavík	150 000		
	48. Suðureyri	200 000		
	49. Svalbarðseyri	150 000		
	50. Tálknafjörður	100 000		
	51. Vestmannaeyjar	500 000		
	52. Vogar	100 000		
	53. Vopnafjörður	50 000		
	54. Þorlákshöfn	300 000		
	55. Þórshöfn	325 000		
	56. Landshöfn á Rifi	700 000		
	57. Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum	300 000		
	58. Ýmsar lendingarbætur, eftir ákvörðun vita- og hafnamálastjórnar	80 000		
				13 405 000
28.	Við 13. gr. C. IX. Liðurinn orðist svo: Til hafnarbótasjóðs			2 450 000
29.	— 13. — D. II. 5. d. (Reykjavíkurflugvöllur, efni, aðkeypt vinna). Fyrir „1 800 000“ kemur			1 920 000
30.	— 13. — D. IX. (Styrkir til námsmanna). Fyrir „140 000“ kemur			200 000
31.	— 13. — D. XI. Liðurinn orðist svo: Alþjóðaflugþjónustan:			
	1. Flugumferðarstjórn	2 968 868		
	2. Fjarskiptaþjónustan	13 030 353		
	3. Veðurþjónustan	6 063 009		
		22 062 230		
	÷ Alþjóðatillag	20 297 252		
				1 764 978
32.	— 13. — E. 1. C. (Loftskeytadeild). a. Við a. (Laun). Fyrir „287 254“ kemur			263 180
	b. Við b. (Aukavinna). Fyrir „150 000“ kemur			147 000
33.	— 13. — E. 1. D. (Veðurfarsdeild). a. Við a. (Laun). Fyrir „198 672“ kemur			237 822
	b. Við b. (Aukavinna). Fyrir „80 000“ kemur			65 000
34.	— 13. — E. 1. E. (Áhaldadeild). a. Við a. (Laun). Fyrir „207 436“ kemur			246 586
	b. Við b. (Aukavinna). Fyrir „25 000“ kemur			20 000
35.	— 13. — E. 3. Liðurinn orðist svo: Veðurþjónusta vegna millilandaflugs: A. Veðurstofan á Keflavíkurflugvelli:			
	a. Laun	1128674		
	b. Aukavinna	682264		

c. Þóknun veðurathugunarmanna 259125
d. Annar kostnaður 1517907
——— 3 587 970

B. Háloftaathugunarstöðin á Keflavíkurflugvelli:
a. Laun 454606
b. Aukavinna og næturálag ... 310000
c. Annar kostnaður 239875
——— 1 004 481

C. Loftskeytadeild á Reykjavíkurflugvelli:
a. Laun 430882
b. Aukavinna og næturálag 225000
c. Annar kostnaður 272068
——— 927 950

D. Óbeinn kostnaður samkvæmt samningi .. 542 608

Fært á 13. gr. D. XI. 3. 6 063 009

36. Við 14. gr. A. II. a. (Íslenzkir námsmenn).
a. Fyrir „4 625 000“ kemur 6 595.000
b. Athugasemdin orðist svo:
Þar af 1 400 000 kr. framlag til Lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands. Að öðru leyti skal fénu úthlutað samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur, unz löggjöf kynni að verða sett um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis, og skal gert ráð fyrir 7 allt að 30 000 kr. styrkjum til allt að 5 ára náms erlendis eða við Háskóla Íslands. Af fé lánasjóðs gangi 200 000 kr. sérstaklega til læknanema og 29 000 kr. til verkfræðinema.

37. — 14. — A. X. 22. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:
a. Skólahús og skólastjórabústaðir í smíðum:
1. Reykjavík, Breiðagerði 1 303 312
2. Reykjavík, Haga og Voga .. 1 973 750
3. Reykjavík, Hamrahlíð 557 000
4. Reykjavík, Laugalækur ... 677 500
5. Hafnarfjörður, viðbygging . 81 333
6. Hafnarfjörður 264 375
7. Kópavogur, Kársnes, 1. áfangi 134 925
8. Kópavogur, Digranes 262 500
9. Kópavogur, Kársnes, 2. áfangi 355 833
10. Bessastaða-skólahverfi 93 875
11. Seltjarnarnes, 1. áfangi 467 158
12. Brúarland 486 250
13. Kjalarnes 16 537
14. Kjalarnes, skólastjórabúst. . 17 062
15. Kjósarskóli 61 162
16. Borgarfjörður sunnan heiðar 386 250
17. Kleppjárnsreykir 573 908
18. Varmaland I. 100 000
19. Varmaland II. 29 000
20. Grafarnes 139 791
21. Hvammsskóli 194 050

22.	Reykhólar	52 980	
23.	Patreksfjörður	341 250	
24.	Bíldudalur	208 125	
25.	Mosvallaskóli	19 162	
26.	Suðureyri	83 000	
27.	Bolungavík, skólastjórabúst.	32 287	
28.	Bolungavík	78 125	
29.	Ísafjörður, íþróttahús	68 250	
30.	Súðavík	47 250	
31.	Blönduós	93 875	
32.	Hvammstangi	111 833	
33.	Skagaströnd	132 485	
34.	Siglufjörður	200 000	
35.	Lýtingsstaðaskóli	96 075	
36.	Dalvík	103 950	
37.	Svarfaðardalur	35 700	
38.	Akureyri, Oddeyrarskóli	400 000	
39.	Laugaland á Þelamörk	263 125	
40.	Húsavík	673 312	
41.	Bárðardalur	117 875	
42.	Aðaldalur	20 737	
43.	Keldunes	123 726	
44.	Mývatnssveit	352 000	
45.	Vopnafjörður	22 875	
46.	Torfastaðir	30 450	
47.	Seyðisfjörður	33 000	
48.	Seyðisfjörður, íþróttahús	59 791	
49.	Eiðar	315 787	
50.	Egilsstaðir	46 725	
51.	Egilsstaðir, skólastjórabúst.	93 875	
52.	Eskifjörður	82 000	
53.	Reyðarfjörður	149 650	
54.	Breiðdalur	100 000	
55.	Höfn í Hornafirði	202 125	
56.	Höfn í Hornafirði, skólastjórabústaður	31 712	
57.	Nesjaskólahverfi	303 729	
58.	Vík í Mýrdal, skólastjórabúst.	59 062	
59.	Austur-Eyjafjallaskóli	140 175	
60.	Holta-, Ása- og Landmannaskóli	1 000 000	
61.	Hella	123 125	
62.	Biskupstungnaskóli	167 343	
63.	Ölfusskólahverfi	36 450	
64.	Þorlákshöfn	123 125	
65.	Vestmannaeyjar, viðbygging	449 875	
66.	Garðaskólahverfi	400 000	
67.	Sandgerði	205 000	
68.	Keflavík, íþróttahús	85 312	
69.	Njarðvíkur	448 255	
70.	Ýmsir skólar, sem voru í smíðum 1946—1954 (lokaframkvæmdir)	205 000	
			16 745 134

b. Ný skólahús:

1.	Reykjavík, Hlíðaskóli, 2. áfangi	600 000	
2.	Ólafsvík, 2. áfangi	100 000	
3.	Laugar í Dalasýslu, 2. áfangi	100 000	
4.	Tálknafjörður	100 000	
5.	Flateyri	100 000	
6.	Akureyri, Oddeyrarskóli, 2. áfangi	200 000	
7.	Þórshöfn	100 000	
8.	Stöðvarfjörður	100 000	
9.	Vík í Mýrdal, viðbygging	50 000	
10.	Laugardalur	100 000	
			1 550 000

c. Nýr skólastjórabústaður:

Skjöldólfsstaðir	50 000	
		18 345 134

38. Við 14. gr. A. X. 23. (Fyrrv. barnakennarar).
Fyrir „72 000“ kemur 87 000

39. — 14. — A. XI. 1. g. (Alþýðuskólinn á Eiðum). Nýir liðir:
a. Til skógræktargirðingar 25 000
b. Til vatnsveitu 15 000

40. — 14. — A. XI. 25. Nýr liður:
Laun hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni 42 850

41. — 14. — A. XI. 27. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:
a. Skólahús í smíðum

1.	Reykjavík, Réttarholt	454 912	
2.	Reykjavík, Austurbær	123 375	
3.	Reykjavík, Vogaskóli	677 500	
4.	Kópavogur	393 958	
5.	Akranes	820 000	
6.	Reykholt	370 912	
7.	Stykkishólmur, heimavist	445 712	
8.	Núpur	244 375	
9.	Ísafjörður	63 000	
10.	Reykjanes	141 375	
11.	Reykir	390 075	
12.	Siglufjörður	134 000	
13.	Akureyri	117 782	
14.	Laugar	75 075	
15.	Héraðsskólinn Laugum	351 250	
16.	Eiðar	143 325	
17.	Neskaupstaður	263 083	
18.	Skógar	278 250	
19.	Vestmannaeyjar	268 925	
20.	Laugarvatn	414 435	
21.	Keflavík	551 250	
			6 722 569

b. Ný skólahús:

1.	Rvík, Réttarholt, 2. áfangi	350 000
2.	Rvík, Hagaskóli, 2. áfangi	350 000
3.	Akureyri, 2. áfangi	100 000

			4. Hafnarfjörður, 2. áfangi ...	100 000	
			5. Reykjanes, nýbygging	100 000	
					1 000 000
					7 722 569
42.	Við	14. gr.	A. XI. 27. Nýr liður: Til byggingar útihúsa á Laugarvatni (lokagreiðsla)		222 000
43.	—	14. —	A. XIV. 3. (Íþróttasamband Íslands). Fyrir „100 000“ kemur		125 000
44.	—	14. —	A. XIV. 6. (Axel Andrésson). Fyrir „8 000“ kemur		12 000
45.	—	14. —	A. XIV. 7. (Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar). Fyrir „20 000“ kemur		30 000
46.	—	14. —	A. XIV. 8. (Ferðakennsla í íþróttum). Fyrir „80 000“ kemur		100 000
47.	—	14. —	A. XIV. 10. Nýr liður: Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna ráðstefnu norrænna forustumanna í frjálsum íþróttum		15 000
48.	—	14. —	A. XVII. (Barnaverndarráð). Fyrir „110 000“ kemur		150 000
49.	—	14. —	A. XIX. (Kristján Geirmundsson). Liðurinn fellur niður.		
50.	—	14. —	A. XXIII. (Skáksamband Íslands). Fyrir „30 000“ kemur		50 000
51.	—	14. —	A. XXIX. (Erlendir námsmenn). Fyrir „150 000“ kemur		300 000
52.	—	14. —	B. II. 4. (Þjóðskjalasafnið). Nýr liður: Vegna flutnings safnsins og kaupa á safnhirzlum		300 000
53.	—	14. —	B. III. 11. (Þjóðfræðasöfnun). Fyrir „30 000“ kemur		40 000
54.	—	14. —	B. XI. 4. (Fornleifafélagið). Fyrir „15 000“ kemur		25 000
55.	—	14. —	B. XI. 5. (Sögufélagið). Fyrir „20 000“ kemur		30 000
56.	—	14. —	B. XI. 7. Nýr liður: Til Hins íslenzka fornritafélags vegna útgáfu Landnámu		60 000
57.	—	14. —	B. XI. 22. Nýr liður: Til dr. Jóns Dúasonar til útgáfu rita hans		60 000
58.	—	14. —	B. XI. 34. Nýr liður: Til héraðsskjalasafns Þingeyinga til kaupa á mikrofilmum, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar		10 000
59.	—	14. —	B. XI. 38. (Menningarsaga Norðurlanda). Fyrir „30 000“ kemur		50 000
60.	—	14. —	B. XI. 39. (Íslenzka stærðfræðifélagið). Fyrir „10 000“ kemur		20 000
61.	—	14. —	B. XI. 40. (Æviskrár Dalamanna). Fyrir „10 000“ kemur		15 000
62.	—	14. —	B. XI. 41. Nýr liður: Til útgáfu tónverka Jónasar Tómassonar		10 000
63.	—	14. —	B. XXXVI. (Róbert A. Ottósson). Liðurinn fellur niður.		
64.	—	14. —	B. XXXVII. Nýr liður: Til Vísindasjóðs		200 000
65.	—	14. —	B. XXXVIII. 9. Nýr liður: Til Leikfélags Höfðakaupstaðar		8 000

66.	Við 14. gr.	B. XXXVIII. 18. Nýir liðir:			
		a. Til Leikfélags Reyðarfjarðar			8 000
		b. Til Leikfélags Hornafjarðar			8 000
67.	— 14. —	B. XL. 5. (Tónlistarfélag Ísafjarðar).			
		Fyrir „20 000“ kemur			30 000
68.	— 14. —	B. XL. 6. Liðurinn orðist svo:			
		Til tónlistarkennslu á Siglufirði			20 000
		Bæjarstjórn Siglufjarðar skiptir upphæðinni milli tónlistarskóla Siglufjarðar og tónskóla Siglufjarðar.			
69.	— 14. —	B. XL. 13. (Tónlistarskóli Keflavíkur).			
		Fyrir „10 000“ kemur			20 000
70.	— 14. —	B. XL. 15. c. Nýir liðir:			
		a. Til lúðrasveitar Sandgerðis			10 000
		b. Til lúðrasveitar Akraness			10 000
71.	— 14. —	B. XL. 20. Nýr liður:			
		Til söngfélagsins Heklu			10 000
72.	— 14. —	B. XLI. (Söng- og tónlistarnám erlendis).			
		Fyrir „78 000“ kemur			120 000
73.	— 14. —	B. XLI. Nýr liður:			
		Til tónleikahalds íslenzkra tónlistarmanna erlendis, eftir ákvörðun menntamálaráðs			30 000
74.	— 14. —	B. LXIII. 2. (Listasafn Einars Jónssonar). Nýr liður:			
		Viðhald og endurbætur			100 000
75.	— 14. —	B. LXVIII. (Steinunn Ólafsdóttir).			
		Fyrir „12 000“ kemur			18 000
76.	— 15. —	XII. (Kristileg æskulýðsstarfsemi).			
		Fyrir „20 000“ kemur			40 000
77.	— 16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).			
		Fyrir „3 320 000“ kemur			3 580 000
78.	— 16. —	A. 16. Liðurinn orðist svo:			
		Til leiðbeiningar og tilrauna með æðarvarp eftir ráðstöfun Búnaðarfélags Íslands			30 000
79.	— 16. —	A. 22. a. (Fyrirhleðslur). Nýr liður:			
		Í Kotá í Öræfum			90 000
80.	— 16. —	A. 22. b. (Fyrirhleðslur). Nýr liður:			
		Í Ytri-Tunguá í Hörgárdal			80 000
81.	— 16. —	A. 23. Liðurinn orðist svo:			
		Til sjóvarnargarða:			
		1. Akranes	100 000		
		2. Álftanes	100 000		
		3. Bessastaðatjörn	300 000		
		4. Borgarfjörður eystra	25 000		
		5. Borgarnes	50 000		
		6. Búðardalur	30 000		
		7. Eyrarbakki	50 000		
		8. Flateyri	300 000		
		9. Grenivík	50 000		
		10. Ólafsvík	50 000		
		11. Seltjarnarnes	100 000		
		12. Siglufjörður	100 000		
		13. Vestmannaeyjar	250 000		
					1 505 000
82.	— 16. —	A. 27. a. (Skógrækt, laun).			
		Fyrir „633 120“ kemur			669 932

83. Við 16. gr. A. 44. b. 7. (Bændaskólinn á Hvanneyri, til tilrauna).
Fyrir „80 000“ kemur 110 000
84. — 16. — A. 45. j. (Bygging húsmæðraskóla).
Fyrir „380 000“ kemur 600 000
85. — 16. — A. 52. Nýr liður:
Til landþurrkunar á Stokkseyri 20 000
86. — 16. — B. 1. Nýr liður:
Til námskeiða í meðferð fiskileitartækja 35 000
87. — 16. — B. 2. (Til alþjóðahafrannsókna).
Fyrir „190 500“ kemur 215 500
88. — 16. — B. 4. (Haf- og fiskirannsóknir).
Fyrir „525 000‘ kemur 750 000
89. — 16. — B. 14. a. 1. (Fiskmat, laun).
Fyrir „977 150“ kemur 981 825
90. — 16. — C. 2. (Iðnaðarmálastofnunin).
Fyrir „885 000“ kemur 1 085 000
91. — 16. — C. 4. (Iðnlánasjóður).
Fyrir „1 377 500“ kemur 2 000 000
92. — 16. — C. 7. (Iðnskóli í Reykjavík).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000
93. — 16. — C. 8. Nýr liður:
Styrkur til byggingar iðnskóla á Akureyri 100 000
94. — 16. — C. 10. Nýr liður:
Til vörusýninga og vörukynningar erlendis 50 000
95. — 16. — C. 13. Nýr liður:
Vegna norræns yrkiskennaramóts 16 000
96. — 16. — E. I. 1. b. (Iðnaðardeild, til hagnýtra rannsókna).
Fyrir „86 000“ kemur 186 000
97. — 17. — I. 3. Nýr liður:
Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi Vestmannaeyjakaupstaðar 150 000
98. — 17. — I. 4. Nýr liður:
Til jarðhitaborana í Ólafsfirði samkv. lögum nr. 98/1940 85 000
99. — 17. — V. 6. Nýr liður:
Til Björgunarfélags Vestmannaeyja til kaupa á björgunar- og öryggistækjum 200 000
100. — 17. — V. 8. Nýr liður:
Til sjómanna- og gestaheimilis Siglufjarðar, byggingarstyrkur 75 000
101. — 17. — V. 9. Nýr liður:
Til Sjálfsbjargar, Akureyri, byggingarstyrkur 75 000
102. — 17. — V. 10. (Barnaverndarfélag Akureyrar).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000
103. — 17. — V. 11. Nýir liðir:
a. Til barnaheimilissjóðs Hafnarfjarðar, byggingarstyrkur 20 000
b. Til Blindrafélagsins í Reykjavík, byggingarstyrkur 50 000
c. Til sjómannaheimilis templara, Vestmannaeyjum, byggingarstyrkur 75 000
104. — 17. — V. 13. (Kvenréttindafélag Íslands).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
105. — 17. — V. 14. g. Nýr liður:
Til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra 25 000

106. Við 18. gr. VI. Nýir liðir:
a. Til greiðslu uppbóta á lífeyri og eftirlaun skv. 23. gr. 2 300 000
b. Til uppbóta á eftirlaun eftirlaunaþega búsettra erlendis 140 000

107. — 20. — Út. VII. 2. Nýr liður:
Til byggingar hjúkrunarkvennaskóla 250 000

108. — 20. — Út. IX. Liðurinn orðist svo:
Til flugvallagerðar og flugöryggistækja:

1.	Reykjavíkurflugvöllur	1 800 000
2.	Öryggisþjónustan	2 000 000
3.	Ísafjörður	1 200 000
4.	Akureyri	900 000
5.	Raufarhöfn	120 000
6.	Egilsstaðir	300 000
7.	Norðfjörður	300 000
8.	Vestmannaeyjar	500 000
9.	Flugbrautalýsing	300 000
10.	Vinnuvélar	300 000
11.	Ýmsar framkvæmdir	1 000 000
		8 720 000

109. — 20. — Út. XII. 5. Nýir liðir:
a. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum 200 000
b. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra 600 000

110. — 20. — Út. XVII. (Lögreglustöð í Reykjavík).
Fyrir „760 000“ kemur 1 000 000

111. — 20. — Út. XXII. Liðurinn orðist svo:
Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, þar af 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi 14 000 000

112. — 22. — XXIII. (Landgræðslusjóður).
Fyrir „20 aurum“ kemur: 30 aurum.

113. — 22. — XXXVIII. Nýr liður:
Að selja flugskýli flugmálastjórnarinnar á Ísafirði við því verði og greiðslukjörum, sem ríkisstjórnin telur hagstæð. Andvirði skýlisins verði varið til flugvallagerðar við Ísafjörð.

114. — 22. — XXXIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

115. Á eftir 22. gr. koma tvær nýjar greinar:
a. (23. gr.) Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt frá 1. febr. 1960 að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrisgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slíka uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr Lífeyrissjóði ljós-

mæðra og Lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

b. (24. gr.) Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1960 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 175. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jónasi Péturssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir D. 11 komi nýr liður:
Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.

Ed. 176. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn lét í ruslakörfuna fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Alþýðuflokksins og lagði fram nýtt fjárlagafrumvarp, þegar Alþingi kom saman um mánaðamótin janúar og febrúar.

Í hinu nýja frumvarpi var gert ráð fyrir nýjum almennum söluskatti, er næmi 280 millj. króna. Segir þar orðrétt:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða."

Litlu síðar lagði ríkisstjórnin fram frumvarp sitt um efnahagsmál, — gengisfellingarfrumvarpið, — sem varð að lögum 19. f. m.

Í athugasemdum við það frumvarp var talað um hinn væntanlega nýja söluskatt. Og í umræðum var gert ráð fyrir, að hann yrði að vísu almennur, en lágt hundraðsgjald. Ekki sást eða heyrðist, að reiknað væri með honum til dýrtíðaraukningar. Hreinar upplýsingar fengust engar um álagningu hans aðrar en þær, sem telja mátti að væru í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins og áður eru nefndar, að ekki væri áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi.

Svo liðu dagar og vikur. Loks hinn 9. þ. m. leggur ríkisstjórnin fram frumvarp þetta um nýja söluskattinn.

Ekki vil ég fullyrða, hvort það er af ásetningi gert að leggja efnahagsaðgerðafrumvörpin fram á strjálingi, til þess að eigi sé hægt að fá heildaryfirlit fyrr en eftir á, eða að smíði þeirra gengur svona treglega, nema hvort tveggja sé. Hitt er augljóst, að það er ámælisvert, að Alþingi skuli ekki hafa fengið til meðferðar

samtímis allar aðalefnahagsmálatillögur ríkisstjórnarinnar eða a. m. k. greinilegar og sannar upplýsingar um tillögur þær, sem á að leggja fram. Afstaða til eins getur þar oltið á því, hvað öðru líður.

Nú kemur í ljós, að frumvarpið um söluskattinn er miklu harkalegra en ætla mátti að það yrði, eftir því sem orð höfðu um það fallið, og var þó að vísu ekki búizt við góðu.

Söluskatturinn — eða réttara sagt söluskattarnir, eins og þeir eiga að verða, þegar til kemur, valda mikilli dýrtíðaraukningu hjá almenningi.

Þrátt fyrir þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hún ætlaði sér ekki að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, hyggst hún nú — þegar til kastanna kemur — meira en tvöfalda hann. Samkv. núgildandi lögum ber að greiða í söluskatt 7.7% „af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.“ Við þennan skatt á að bæta 8.8%, svo að álagið verður 16.5%.

Eftir að gengisfellingarfrumvarpið varð að lögum og lánavextirnir voru hækkaðir, hafa menn dag eftir dag verið að fá steina dýrtíðarinnar úr ýmsum áttum í höfuðið, og þó eiga nærri því allar afleiðingar þeirrar lagasetningar eftir að sýna sig og bitna á mönnum. Þær eru bara yfirvofandi enn þá, undan þeim er ekki enn farið að svíða. Verði hækkun söluskatts af innflutningi að lögum, bætast þar vænir hnöllungar í grjótflugið. Það munar um minna en 8.8% til viðbótar á hið nýja gengisfellingarverð allrar erlendrar vöru. Þessi skatthækkun er að vísu talin eiga að vera til bráðabirgða fyrir líðandi ár. En hver býst við öðru en framlengingu slíkra ákvæða? Engar líkur eru til, að ríkisstjórnin um næstu áramót telji sig mega missa þær 180 milljónir króna, sem áætlað er að þessi skattauki geri á heilu ári.

Ofan á verð erlendu vörunnar á svo enn að koma á síðasta sölustigi 3% söluskattur, sem einnig leggst á sölu innlendrar vöru svo og „vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta“.

Þessi skattur er svo víðtækur, að hann verður bæði almenningi og skattheimtumönnum hvimleiður og dýr.

Fólk á að greiða skattinn af nálega öllu, sem það kaupir: raforku, vatni frá hitaveitum, kjöti, fiski, grænmeti o. s. frv. Engin matvæli undanskilin, nema nýmjólk. Aldrei hefur það áður þekkzt á Íslandi, að ríkissjóði væri aflað tekna með því að leggja skatt á það, sem þjóðin framleiðir sér til matar, svo sem: kjöt, fisk, mjólkurvörur og grænmeti. Sannarlega er hér ný efnahagsmálastefna og ófyrirleitin komin til sögunnar. Jafnvel gjafir eru skattskyldar.

Með þessu gerist ríkisstjórnin lík Þorsteini matgoggi, sem skáldið Jón Thoroddsen segir frá að sat við dyrnar og tók toll af hverjum diski, sem inn var borinn, eftir að hafa gleypt í sig óheyrilegan grautarskammt og tæmt feiknastórt trog hlaðið kynstrum af þorramat.

Allir seljendur (og auðvitað þiggjendur gjafa líka) eru innheimtumenn ríkisins á þessum skatti. Það eru þeir án alls endurgjalds og að sjálfsögðu skyldugir til að standa skil á innheimtufénu. Skatturinn eys úr pyngju kaupandans, en jafnframt verður hann samvizkusömum seljanda fyrirhafnar- og kostnaðarsamur.

Ríkið sjálft mun líka verða að verja miklu fé til eftirlits og umsjónar með því, að söluskattslögunum verði hlýtt, — og eftirlitið og umsjónin getur þó aldrei komið að fullu haldi. Skatturinn fullheimtist aldrei, af því að svo auðvelt er til undanbragða í sambandi við hann. Þeir heiðarlegu — og þeir, sem ekki eiga annars kost — gera að sjálfsögðu full skil, en hinir sleppa. Samkvæmt áðurfenginni reynslu verður langt frá því, að ríkið fái hvern pening, sem almenningur borgar í þennan skatt. Sumir, sem taka á móti, stinga í sína vasa hluta af skattpíningsfénu.

Það er hlálegt, að sú stjórn, sem segist vilja afnema tekjuskatt — að meira eða minna leyti — vegna þess, að hann náist ekki réttlátlega sökum skattsvika, vill taka upp þennan almenna, afsleppa söluskatt í staðinn.

Skattur þessi stóreykur þá dýrtíð og kreppu, sem núverandi stjórnarflokkar eru

með áðurgerðum ráðstöfunum búnir að tryggja að yfir þjóðina skellur á næstu vikum og mánuðum með sívaxandi þunga.

Skatturinn eykur skriffinnskuna í þjóðfélaginu í stórum stíl, og hann hefur í framkvæmd — í fáum orðum sagt — viðsjálastar fylgjur skatta.

Ég ræði ekki einstök atriði frumvarpsins frekar og geri ekki ráð fyrir að flytja við það breytingartillögu, af því að undir breytingar, sem máli skipta, var ekki tekið af meiri hluta fjárhagsnefndar, og vitað er, að stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar eru ráðnir í því að fallast ekki á breytingar, sem efnislega þýðingu hafa.

Eitt vil ég þó taka fram. Ég er því samþykkur, að tiltekinn hluti af söluskatti gangi til sveitarfélaga. Í frumvarpi þessu er tekið fram, að ríkissjóður skuli greiða til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einn fimmta hluta af þeim sölusköttum, sem þar um ræðir. Ég hef lengi litið svo á, að rétt væri, að ríkið léti hluta af slíkri tekjuöflun sinni sveitarfélögunum í té.

Hins vegar teldi ég fjarstæðu — og verr farið en heima setið — ef fé því, sem sveitarfélögin þannig fengju, yrði úthlutað til þeirra eftir þeim skiptareglum, sem jöfnunarsjóður fylgir og ber að fylgja samkv. núgildandi lögum sínum. Ekkert hefur fengizt upplýst um það, hvernig lögum sjóðsins verður breytt í þessu sambandi, og ekki heldur, hverjar breytingar eru fyrirhugaðar á útsvarslögunum, sem þó er talað um að eigi að breyta á þessu þingi. Þetta eru dæmi um vinnubrögðin hjá stjórnarflokkunum og að Alþingi fær ekki að vita mikilsverð atriði, sem afstaða til mála getur oltið á.

Ég er á móti þessu frumvarpi í heild, og þó að í því sé framangreint ákvæði um stuðning við sveitarfélögin, — óljóst og óskilgreint, — breytir það ekki þeirri afstöðu minni.

Ég tel, að með fjárlagafrumvarpinu nýja og efnahagsmálalöggjöfinni, sem Alþingi hefur þegar afgreitt, sé stofnað til svo mikillar tekjuöflunar fyrir ríkið, að það ætti að geta staðið af vænni fúlgu til sveitarfélaganna á þessu ári af söluskatti sínum, þótt þetta frumvarp verði ekki að lögum enda eru þeir söluskattar, sem frumvarpið felur í sér, svo mikil skattpíning fyrir almenning í ofanálag, að hlutdeild í þeim fyrir sveitarfélögin er of dýru verði keypt — og kemur í bakseglin.

Talið er, að ársálögur í heild af völdum efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar — þar með taldir söluskattar þessa frumvarps — muni verða yfir 1100 milljónir króna, og er þá búið að draga frá hækkun fjölskyldubóta og lækkun tekjuskatts, eins og sú lækkun hefur verið boðuð. Einnig er þá frá dreginn hluti sveitarfélaga af fyrirhuguðum sölusköttum.

Þetta er mikill byrðarauki fyrir 170 þúsund manna þjóð. Það er von, að almenningur kvíði komandi dögum og hreyfi mótmælum.

Að þessum aðgerðum standa menn, sem lofuðu þjóðinni í síðustu alþingiskosningum stöðvun verðbólgu og dýrtíðar án nýrra álagna. Þetta voru að sjálfsögðu blekkingaloforð, — gátu ekki verið annað — þó að margir kjósendur vöruðust það ekki.

En með þessum hrottalegu álögum og ráðstöfunum eru ekki aðeins loforðin að engu höfð, heldur skotið langt yfir mark: voði kallaður yfir þjóðina, nauðsynlegt framtak hennar lamað og fátæktinni boðið heim til almennings.

Ég þykist hafa fært gild rök fyrir því, að rangt er að gera frumvarp þetta að lögum — og legg til, að efri deild felli það.

Alþingi, 12. marz 1960.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 177. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 14. gr. A. XIV. 2. (Íþróttasjóður).
   Fyrir „1 520 000“ kemur 2 000 000
2. — 19. — 2.
   Fyrir „23. gr.“ kemur: 24. gr.
3. — 22. — XIV. (Bátasmíðar innanlands).
   Fyrir „4 millj. kr.“ kemur: 10 millj. kr.

Sþ. 178. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
   Fyrir „70 000 000“ kemur 72 000 000
2. — 2. — 2. (Vörumagnstollur).
   Fyrir „31 000 000“ kemur 33 000 000
3. — 2. — 3. (Verðtollur).
   Fyrir „355 000 000“ kemur 365 000 000
4. — 2. — 12.
   a. Við a. (Söluskattur af innfluttum vörum).
   Fyrir „154 000 000“ kemur 157 000 000
   b. Við b. Fyrri málsl. orðist svo:
   Af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi.
5. — 2. — 14. (Innflutningsgjald).
   Fyrir „119 000 000“ kemur 122 000 000
6. — 3. — A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun, tekjur).
   Fyrir „163 464 321“ kemur 176 064 321
7. — 3. — A. Sundurliðun. 3. II. 5. (Áfengisverzlunin, útsvar).
   Fyrir „7 150 000“ kemur 7 750 000
8. — 3. — A. Sundurliðun. 4. I. (Tóbakseinkasalan, tekjur).
   Fyrir „107 826 000“ kemur 110 976 000
9. — 3. — A. Sundurliðun. 4. II. 3. (Tóbakseinkasalan, útsvar).
   Fyrir „4 900 000“ kemur 5 050 000

Sþ. 179. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðublandalagsins gerðu fyrirvara með svofelldri bókun:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins óska að taka fram, að þótt þeir séu meðflutningsmenn að útgjaldatillögum nefndarinnar við 2. umr., telji þeir sig óbundnda um afstöðu til einstakra tillagna og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við fjárlagafrv., sem kunna að fela í sér breytingar á tillögum nefndarinnar. Munu þeir gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum álitum.“

Tillögur til breytinga á tekjubálki frv. eru fluttar af meiri hl. nefndarinnar.

Nefndin hefur eingöngu miðað athugun sína við fjárlagafrv. það, sem lagt var fyrir Alþingi í lok janúarmánaðar og vísað til fjárveitinganefndar 8. febr. s. l. Nefndin hefur haldið 34 fundi um málið og haft til meðferðar um 370 erindi frá ráðuneytum, stofnunum og einstaklingum. Nefndin hefur að venju notið mikilvægrar aðstoðar ýmissa embættismanna og hefur rætt við forstöðumenn flestra hinna umfangsmestu ríkisstofnana.

Þar sem ekki var auðið að hefja athugun fjárlagafrv. fyrr en mánuður var liðinn af fjárhagsárinu, taldi nefndin miklu varða að hraða störfum eftir föngum, hefur enda athugun málsins tekið mun skemmri tíma í nefndinni en venja er. Hefur því mun minni tíma verið varið til viðræðna við ýmsa aðila, en vinnubrögð í nefndinni að öðru leyti verið með eðlilegum hætti.

Svo sem lýst var af fjármálaráðherra í framsöguræðu hans um fjárlagafrv., eru veigamiklar breytingar í frv., miðað við fjárlög ársins 1959. Eru breytingar þessar að langmestu leyti afleiðingar löggjafarinnar um efnahagsmál og þeirri breyttu skipan, sem fyrirhuguð er á tryggingamálum og skattamálum. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að útgjöld ríkissjóðs verði á árinu 1960 um 430 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1959. Orsök þessarar miklu hækkunar er ekki aukin þensla í ríkiskerfinu, heldur hitt, að ríkissjóður tekur nú við niðurgreiðslum þeim á vöruverði, sem áður hvíldu á útflutningssjóði, stórfelld hækkun verður á framlagi til almannatrygginga til hagsbóta fyrir þá, sem miður eru settir efnalega, og loks veldur gengisbreytingin óhjákvæmilega verulegri útgjaldaaukningu.

Við afgreiðslu fjárlaga 1959 voru ýmsir útgjaldaliðir lækkaðir um nær 50 millj. kr. Meiri hl. þessara lækkana var á ýmsum fjárfestingarliðum. Var þá tekið fram, að þær lækkanir gætu ekki orðið varanlegar. Einn þáttur efnahagsráðstafana núverandi ríkisstjórnar er óhjákvæmileg takmörkun fjárfestingar bæði opinberra aðila og einkaaðila. Tillögur nefndarinnar og fjárlagafrv. í heild markast af þessari óhjákvæmilegu nauðsyn, en hins vegar taldi nefndin þó ekki verða hjá því komizt að hækka ýmis fjárfestingarframlög, svo sem nánar verður gerð grein fyrir í nál. þessu, og ekki nú hægt að komast undan ýmsum fjárveitingum, sem felldar voru niður eða lækkaðar á s. l. ári. Miðað við fjárlög 1959 er því um allverulegar hækkanir á ýmsum fjárfestingarliðum að ræða.

Mjög hefur verið sótt á nefndina um stóraukin útgjöld, bæði til fjárfestingar og annarra mála, sem flest eru þörf og nauðsynleg. Hefur meiri hluti nefndarinnar lagt áherzlu á að spyrna, svo sem auðið var, fótum gegn auknum útgjöldum og því ekki talið sér fært að taka upp nema lítinn hluta þeirra óska um fjárframlög, sem fram hafa verið bornar. Útgjaldatillögur þær, sem meiri hl. n. stendur að, valda aðeins tæplega 1.8% hækkun á fjárlagafrv.

Óhjákvæmileg forsenda fjármálalegs jafnvægis í þjóðfélaginu er að halda útgjöldum ríkissjóðs innan þeirra marka, sem gjaldgeta þjóðarinnar leyfir. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er stefnt að slíku jafnvægi. Brýn nauðsyn er því að taka alla þætti ríkisútgjaldanna til gaumgæfilegrar athugunar og gæta þess vandlega, að útþenslan í ríkisútgjöldum leiði ekki til verðbólgu.

Það er álit meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga verði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar. Tillögur um það efni verða ekki fram bornar án rækilegrar athugunar og undirbúnings, sem fjárveitinganefnd er ekki unnt að framkvæma á fáum vikum. Því miður hafa flestar sparnaðarráðstafanir á undanförnum árum ekki borið mikinn

árangur, og er því mikilvægt, að málin verði nú tekin föstum tökum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjármálaráðherra í framsöguræðu hans fyrir fjárlagafrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlagafrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjármálaráðherra í þessu efni.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar og sértillögum meiri hl. hennar. Rétt er að taka sérstaklega fram, að nefndin hefur ekki orðið við neinum óskum um fjölgun starfsmanna hjá ríkisstofnunum.

Um 3. gr.

Tekin er upp ný áætlun um útgjöld og tekjur pósts og síma. Hefur nánari athugun leitt í ljós, að gengisbreytingin hefur enn meiri áhrif á afkomu þessarar stofnunar en gert var ráð fyrir í frv. Útgjaldahækkun stofnunarinnar er ætlunin að mæta með hækkun á seldri þjónustu, og er heildarafkoma pósts og síma áætluð um 103 þús. kr. betri en í frv.

Lagt er til að hækka framlag til gæzluvistarsjóðs um 500 þús. kr. Í undirbúningi er ný löggjöf um meðferð drykkjusjúklinga. Er ljóst, að óumflýjanlegt er að verja auknu fé í þessu skyni.

Um 10. gr.

Samkvæmt ósk utanríkisráðuneytisins eru launagreiðslur til sendiráðsins í London hækkaðar um 35 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til upplýsinga- og kynningarstarfsemi um 200 þús. kr. Nefndinni hafa nú sem fyrr borizt ýmsar styrkbeiðnir, sem réttmætt er að sinna, en eðlilegast að afgreiða með fjárveitingu af þessum lið, enda utanríkisráðuneytið líklegast til að geta metið það, hvort tiltekin starfsemi horfi landi og þjóð til gagns á þessu sviði.

Tillag til Sameinuðu þjóðanna er talið verða að hækka um 195 þús. kr. í samræmi við skyldu Íslands til hlutdeildar í útgjöldum samtakanna.

Utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt nefndinni, að hluti Íslands af byggingarkostnaði skrifstofubyggingar Atlantshafsbandalagsins, sem nú verði að greiða, sé rúmar 59 þús. kr.

Framlag Íslands til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er talið verða að hækka um 25 þús. kr.

Vegna skuldbindinga Íslands í sambandi við hlutdeild í tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna telur viðskiptamálaráðuneytið óumflýjanlegt að hækka þann lið um 154800 kr.

Framlög til ENEA og OSP eru ofreiknuð í frv. um 161134 kr.

Um 11. gr.

Lagt er til að hækka framlag til löggæzlu á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum um 60 þús. kr. Er framlag þetta nú óeðlilega lágt, miðað við sambærilega staði, en nauðsynlegt er að taka löggæzlustyrkina til heildarendurskoðunar.

Dómsmálaráðuneytið er nú að gera sérstakar ráðstafanir til að undirbúa umbætur á skipan fangelsismála. Er lagt til að veita 75 þús. kr. í þessu skyni.

Fyrirhugað er að hefja að nýju starfrækslu vinnuhælis að Kvíabryggju. Er samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins lagt til að veita 500 þús. kr. til rekstrar hælisins.

Fjárveiting til áfengisvarnaráðs hefur verið óbreytt, frá því að ráðið hóf starfsemi sína. Starf ráðsins er nú orðið svo umfangsmikið, að talið er rétt að leggja til að hækka framlag til þess um 55 þús. kr.

Um 12. gr.

Lagt er til að hækka framlag til landspítalans um 1024003 kr. Í okt. 1959 hófu tveir stúdentar nám í rannsóknadeild spítalans með leyfi heilbrigðismálaráðuneytis-

ins. Laun þeirra eru alls 79005 kr., og er óumflýjanlegt að áætla fyrir þeirri greiðslu. Þá ónýttust aðrar aðalvélar röntgendeildar spítalans s. l. haust. Nýjar vélar hafa þegar verið pantaðar og munu kosta 445 þús. kr. Loks er talið óhjákvæmilegt að veita 500 þús. kr. til kaupa á ýmiss konar áhöldum í viðbyggingu spítalans, sem ráðgert er að fullgera á þessu ári. Fyrir er í frv. 500 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Í fjárlögum 1959 voru veittar 375 þús. kr. til kaupa á röntgenvélum fyrir Vífilsstaðahæli. Í frv. eru 375 þús. aftur áætlaðar til þessara kaupa, en vegna gengisbreytingar þarf að veita 350 þús. kr. til viðbótar.

Í marz 1959 var verðskrá Rannsóknarstofu háskólans hækkuð um 15% til að standa straum af kostnaði við að ráða að stofnuninni lækni, rannsóknarkonu og ritara. Starfsfólk þetta hefur þegar verið ráðið og því óumflýjanlegt að gera ráð fyrir launum þess, 184297 kr.

Í frv. er svo sem áður lagt til að greiða sjúkrahúsum kaþólskra í Reykjavík og Hafnarfirði rekstrarstyrk, 10 kr. á legudag. Sanngjarnt þykir að greiða St. Franciskus-sjúkrahúsinu í Stykkishólmi sama styrk, og eru áætlaðar 100 þús. kr. til að mæta þeim kostnaði.

Lagt er til að hækka styrk til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs um 50 þús. kr. gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins. Hefur nefndin náð samkomulagi við Tryggingastofnunina um þá tilhögun.

Um 13. gr.

Ákveðið hefur verið að færa milli launaflokka þrjá birgðaverði og einn aðalverkstjóra hjá vegagerðinni. Starf þessara manna er nú orðið svo umfangsmikið, að þessi breyting er eðlileg. Hækkun launa af þessum sökum er 50831 kr.

Skipt er til nýrra akvega sömu fjárhæð og veitt var á s. l. ári, að viðbættum 500 þús. kr., sem veittar eru til að færa Þingvallaveg úr Almannagjá í samræmi við þál. frá 30. maí 1958.

Benzínfé til millibyggðavega er 1.3 millj. kr. hærra nú en í fjárlögum 1959.

Þá eru á 20. gr. veittar 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, sem ráðgert er að nefnd sú, er Alþingi kýs til úthlutunar á atvinnuaukningarfé, skipti milli héraða til þeirra vegabóta, sem brýnastar eru í þágu framleiðslu og afkomuöryggis.

Til nýrra brúa er lagt til að veita 1325000 kr. hærri fjárhæð en s. l. ár.

Til samgöngubóta á landi er því lagt til að veita 7125000 kr. hærri fjárhæð en 1959.

Lagt er til að hækka um 20% liðinn til fyrrverandi vegaverkstjóra til samræmis við ákvæði í 23. gr. frv.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til hafnargerða um 1.2 millj. kr.

Í vetur urðu miklar skemmdir á hafnargarðinum í Ólafsfirði af völdum ofviðris. Hliðstæðar skemmdir á hafnarmannvirkjum hafa áður verið bættar án mótframlags. Er lagt til að hækka framlag til hafnarbótasjóðs um 450 þús. kr. til þess að gera sjóðnum kleift að hlaupa hér undir bagga.

Vegna efnahagsráðstafana er óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu til viðhalds mannvirkja á Reykjavíkurflugvelli um 120 þús. kr.

Í samræmi við hækkun annarra námsstyrkja er lagt til að hækka um 60 þús. kr. fjárveitingu til að styrkja námsmenn í ýmsum greinum flugþjónustu.

Endurskoðaðar hafa verið kostnaðaráætlanir um alþjóðaflugþjónustuna með hliðsjón af gengisbreytingunni og hækkar kostnaðarhluti Íslands um 244908 kr.

Nauðsynlegt er talið að heimila Veðurstofunni að ráða einn veðurfræðing, en aðrar launagreiðslur lækka, svo að útgjaldaauki er aðeins um 31 þús. kr.

Veðurþjónusta vegna millilandaflugs hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af gengisbreytingu.

Um 14. gr.

Lagt er til að hækka námsstyrki og námslán um 1970000 kr. Hækkar þá þessi liður alls um tæpar 3.6 millj. frá fjárlögum 1959. Á s. l. ári var ákveðin sérstök upphæð til læknanema við skyldunám í sjúkrahúsum. Rétt þykir að veita verkfræðinemum, sem eru á mælinganámskeiði vissan tíma, nokkurt aukaframlag á sama hátt.

Lagt er til að hækka um 3 millj. kr. framlag til byggingar nýrra skólahúsa. Áður hafði fjárveiting til skólabygginga í frv. verið hækkuð um 5.9 millj. frá fjárlögum 1959. Fjárveiting til skólabygginga hækkar því um 8.9 millj. kr. auk fjárveitinga til byggingar iðnskóla í Reykjavík.

Skógargirðing um hið myndarlega skóglendi við Eiðaskóla þarfnast mjög endurnýjunar, og enn fremur hefur reynzt óumflýjanlegt að leggja nýja vatnsleiðslu að skólanum. Er lagt til að veita 40 þús. kr. til þessara framkvæmda.

Talin er brýn nauðsyn að hafa lærða hjúkrunarkonu í skólahverfinu að Laugarvatni. Hefur skólastjóraráðið s. l. haust ráðið hjúkrunarkonu að skólunum. Þykir rétt að viðurkenna þessa nauðsyn og að ríkið greiði laun hjúkrunarkonunnar.

Bygging útihúsa á Laugarvatni var á sínum tíma viðurkennd falla undir lögin um fjármál skóla. Hluti ríkissjóðs í mannvirki þessu mun vera rúm 1 millj. kr., og er lagt til að veita 222 þús. kr. sem lokagreiðslu.

Lagt er til að hækka um 150 þús. kr. fjárveitingu til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum.

Hagur íþróttasjóðs er orðinn mjög bágborinn. Áætlar íþróttanefnd ríkisins fjárþörf sjóðsins um 15 millj. kr. samtals til að geta greitt það framlag til íþróttamannvirkja og veitt aðra þá þjónustu, er lög sjóðsins heimila. Ekki þykir verða hjá því komizt að létta eitthvað þennan bagga, og er því lagt til að hækka fjárveitingu til sjóðsins í 2 millj. kr.

Lagt er til að hækka styrk til ÍSÍ um 25 þús. kr., fjárveitingu til ferðakennslu í íþróttum um 20 þús. kr., fjárveitingu til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar um 10 þús. kr. og til Axels Andréssonar um 4 þús. kr.

Fjárveiting til fyrrverandi barnakennara er hækkuð um 15 þús. kr.

Lagt er til að veita Frjálsíþróttasambandi Íslands 15 þús. kr. styrk vegna ráðstefnu norrænna forustumanna í frjálsum íþróttum, sem halda á hér á landi í sumar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til barnaverndarráðs um 40 þús. kr.

Starfsemi Skáksambands Íslands er bæði mikil og kostnaðarsöm. Er lagt til að hækka styrk sambandsins um 20 þús. kr.

Þjóðskjalasafnið fær nú til afnota í landsbókasafnshúsinu sal þann, sem náttúrugripasafnið áður hafði á neðri hæð hússins. Þarf að gera ýmsar lagfæringar á salnum og kaupa safnhirzlur. Er heildarkostnaður áætlaður um 700 þús. kr., en lagt er til að veita nú 300 þús. kr. til þessara framkvæmda.

Lagt er til að hækka um 10 þús. kr. framlag til þjóðminjasafns til örnefnasöfnunar.

Lagt er til að hækka styrki til Fornleifafélagsins og Sögufélagsins um 10 þús. kr. til hvors vegna hækkaðs prentkostnaðar.

Fornritaútgáfan er nú að undirbúa vandaða útgáfu á Landnámu. Er lagt til að veita félaginu 60 þús. kr. aukastyrk í þessu skyni.

Lagt er til, að Jón Dúason fái að halda þeim styrk til útgáfu rita sinna, er hann hafði í fjárlögum 1959.

Vegna gengisbreytingar er lagt til að veita héraðsskjalasafni Þingeyinga 10 þús. kr. viðbótarstyrk til kaupa á mikrofilmum.

Talið er óumflýjanlegt að hækka um 20 þús. kr. framlag til útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda.

Útgjöld Íslenzka stærðfræðifélagsins eru að mestu í erlendum gjaldeyri, og er af þeim sökum lagt til að hækka styrk þess um 10 þús. kr.

Lagt er til að hækka styrk til útgáfu á æviskrám Dalamanna um 5 þús. kr. og veita útgáfufélaginu Sunnustef á Ísafirði 10 þús. kr. vegna útgáfu tónverka Jónasar Tómassonar. Er slík útgáfa kostnaðarsöm, en markaður lítill.

Niður fellur styrkur til Kristjáns Geirmundssonar, 10 þús. kr., þar eð hann mun ráðinn fastur starfsmaður að náttúrugripasafninu.

Þá hefur dr. Róbert A. Ottósson tjáð nefndinni, að styrkur til hans, 8 þús. kr. vegna rannsókna á íslenzkri kirkjutónlist, megi niður falla.

Lagt er til að veita 200 þús. kr. til Vísindasjóðs.

Lagt er til að veita þremur leikfélögum 8 þús. kr. styrk hverju.

Lagt er til að veita 20 þús. kr. til tónlistarkennslu á Siglufirði, er skiptist milli tveggja skóla þar, og enn fremur hækka um 10 þús. kr. styrki til Tónlistarfélags Ísafjarðar og tónlistarskóla Keflavíkur.

Lagt er til að veita tveimur lúðrasveitum styrk, 10 þús. kr. hvorri, og söngfélaginu Heklu 10 þús. kr. styrk til söngkennslu.

Tvær umsóknir hafa borizt nefndinni frá íslenzkum tónlistarmönnum um styrk til hljómleikahalds erlendis. Nefndin telur, að rétt geti verið að veita slíka aðstoð, en telur eðlilegast, að menntamálaráði verði falið að meta það, og leggur til, að veittar verði 30 þús. kr. í þessu skyni.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til söng- og tónlistarnáms erlendis um 42 þús. kr. með hliðsjón af gengisbreytingunni.

Talið er óumflýjanlegt að gera ýmsar endurbætur á listasafnshúsi Einars Jónssonar, og er lagt til að veita 100 þús. kr. til þessara endurbóta.

Um 15. gr.

Lagt er til að hækka framlag til kristilegrar æskulýðsstarfsemi um 20 þús. kr.

Um 16. gr.

Felld er niður úr fjárlagafrv. fjárveiting til sýningarreita í jarðrækt og námskeiða, 500 þús. kr. Af þessari fjárveitingu hefur verið kostuð ýmis fræðslustarfsemi, og auk þess telur tilraunaráð jarðræktar ekki hægt að hætta alveg þessari tilraunastarfsemi. Er lagt til að hækka framlag til Búnaðarfélags Íslands um 260 þús. kr. til þess að standa straum af þessari starfsemi.

Lagt er til að hækka um 16 þús. kr. framlag til tilrauna og leiðbeininga með æðarvarp.

Ytri-Tunguá í Hörgárdal og Kotá í Öræfum valda nú miklum skemmdum á löndum allmargra býla. Er lagt til að veita alls 170 þús. kr. til að girða fyrir spjöll þessi, gegn framlagi að ⅛ hluta frá bændum þeim, sem hlut eiga að máli.

Lagt er til að greiða að hálfu laun skógræktarráðunauts eins og laun héraðsráðunauta.

Talið er nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til tilrauna við bændaskólann á Hvanneyri um 30 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til sjóvarnargarða um 213 þús. kr.

Lagt er til að veita 20 þús. kr. til landþurrkunar á Stokkseyri, svo sem gert hefur verið undanfarin ár.

Vegna gengisbreytingar þarf að hækka framlag til Alþjóðahafrannsóknaráðsins una um 225 þús. kr.

Við endurskoðun fjárlagafrv. láðist að hækka fjárveitingu til haf- og fiskirannsókna vegna efnahagsaðgerðanna. Er talið nauðsynlegt að hækka fjárveitinguna um 225. þús. kr.

S. l. ár var efnt til námskeiða í meðferð fiskileitartækja með góðum árangri. Efna þarf til slíkra námskeiða einnig í ár, og er lagt til að veita 35 þús. kr. í þessu skyni.

Iðnaðarmálastofnun Íslands missir á þessu ári 200 þús. kr. framlag, sem stofnunin hefur undanfarið fengið frá ECA. Verður að hækka framlag til stofnunarinnar sem þessu nemur.

Nefnd sú, sem iðnaðarmálaráðherra hefur skipað til þess m. a. að gera tillögur um fjáröflun til iðnlánasjóðs, hefur lagt til, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði hækkað í 2 millj. kr. Er lagt til að verða við þeim tilmælum.

Lagt er til að hækka styrk til byggingar iðnskóla í Reykjavík um 100 þús. kr. og veita 100 þús. kr. til byggingar iðnskóla á Akureyri.

Lagt er til að veita 50 þús. kr. til þess að stuðla að þátttöku íslenzkra aðila í vörusýningum erlendis og vörukynningu.

Norrænir yrkiskennarar efna til móts hér í sumar, og er lagt til að veita 16 þús. kr. til að standast ýmsan kostnað af þessu móti.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans til hagnýtra rannsókna og iðnaðarrannsókna um 100 þús. kr.

Um 17. gr.

Síðastliðin tvö ár hafa verið veittar 150 þús. kr. hvort skipti til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum gegn a. m. k. jafnháu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað. Enn er mikið ógert í þessu efni, og er lagt til að veita 150 þús. kr. einnig á þessu ári.

Undanfarin ár hefur verið unnið að jarðhitaborunum í Ólafsfirði fyrir um 350 þús. kr. Enn hefur ríkissjóður ekki greitt neitt af þessum kostnaði, svo sem lög þó gera ráð fyrir. Er lagt til að greiða nú 85 þús. kr. af þeim hluta kostnaðarins, sem ríkinu er ætlað að bera.

Starfsemi Björgunarfélags Vestmannaeyja er einstæð á sínu sviði. Hefur félagið nú starfað um 40 ára skeið. Félagið þarf nú að afla sér nýrra og dýrra tækja og er lagt til að veita því í viðurkenningarskyni 200 þús. kr. til kaupa á björgunartækjum.

Lagt er til að veita nokkrum samtökum, sem öll vinna að merkilegum félagsmálum, dálitla byggingarstyrki til þess að þoka áleiðis byggingum, sem þau eiga í smíðum fyrir starfsemi sína. Er hér um að ræða Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri, sem er að koma upp vinnuheimili, Blindrafélagið í Reykjavík, sem á dvalarheimili í smíðum, Barnaverndarfélag Akureyrar og barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar, sem eru að ljúka byggingu dagheimila fyrir börn, og samtök templara í Vestmannaeyjum og Siglufirði, sem eru að byggja sjómannaheimili.

Lagt er til að hækka styrk til Kvenréttindafélags Íslands um 10 þús. kr. og veita Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, 25 þús. kr. rekstrarstyrk.

Um 18. gr.

Erlendis munu vera búsettir 11 eftirlaunaþegar, flest ekkjur. Kemur gengisbreytingin illa niður á þessu fólki, og því þykir rétt að leggja til að greiða því uppbætur, er nemi 50%, og er þá eigi bætt skerðingin, sem varð vegna 55% yfirfærslugjaldsins.

Um 20. gr.

Mikil nauðsyn er að ljúka þeim áfanga í byggingu hjúkrunarkvennaskólans, sem nú er tekinn í notkun. Er lagt til að verja 250 þús. kr. í þessu skyni.

Skólahús garðyrkjuskólans á Reykjum er orðið svo illa farið, að talið er óumflýjanlegt að hefjast handa um byggingu nýs skólahúss. Er lagt til að veita 200 þús. kr. til byrjunarframkvæmda.

Lagt er til að veita 600 þús. kr. til framkvæmda á Hvanneyri svo sem á s. l. ári. Vatnsleiðslu mun nú verða að endurnýja, og kostar sú framkvæmd að minnsta kosti 500 þús. kr.

Mikilvægt er að geta sem fyrst hafizt handa um byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík. Er lagt til að hækka fjárveitinguna um 240 þús. kr.

Atvinnuaukningarfé er aukið um 4 millj. kr., er varið sé til samgöngubóta á landi, svo sem að er vikið í athugasemdum við 13. gr.

Um 22. gr.

Sjóflugi til Ísafjarðar er nú hætt að mestu og því engin not fyrir sjóflugskýlið þar. Er lagt til að heimila sölu á skýlinu og verja andvirðinu til flugvallargerðarinnar þar.

Til þess að stuðla að skipasmíði innanlands er talið nauðsynlegt að hækka ríkisábyrgðarheimild vegna skipasmíðastöðvanna í 10 millj. kr.

Um 23. gr.

Í grein þessari er lagt til að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 20% uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. Er gert ráð fyrir, að útgjöld af þessum sökum geti numið um 2.3 millj. kr.

Tekjur:

Meiri hl. n. hefur endurskoðað tekjuáætlun frv. og stuðzt í því efni bæði við reynslu s. l. árs og greiðslujafnaðaráætlun þá, sem gerð hefur verið fyrir yfirstandandi ár.

Mikil óvissa er um innflutning á þessu ári og ýmis önnur atriði, sem áhrif hafa á afkomu ríkissjóðs. Ljóst er, að innflutningur hlýtur að minnka, þar eð gjaldeyristekjurnar leyfa ekki þann innflutning, sem verið hefur undanfarin ár, og efnahagsaðgerðirnar beinast einmitt að því marki að koma á jafnvægi í utanríkisviðskiptunum.

Meiri hl. n. leggur til að hækka áætlun frv. um tekjur af ýmsum núgildandi tekjustofnum um 20 millj. kr. Eru þá allir tekjuliðir í hámarki og sumir ríflega það, miðað við þær gjaldeyristekjur, sem talið er auðið að verja til innflutnings á þessu ári eftir greiðslujafnaðaráætluninni. Er þá ekkert eftir skilið utan fjárlagaáætlunar til að mæta umframgreiðslum, sem alltaf hljóta að verða einhverjar, og er aðeins svo langt gengið í trausti þess, að takast muni að takmarka umframgreiðslur svo sem var gert varðandi rekstrarútgjöld ríkissjóðs á s. l. ári. Voru þó áætlaðar þá um 15 millj. kr. til að mæta umframgreiðslum, en nú er sú upphæð mun lægri.

Að auki er lagt til að hækka áætlaðar nettótekjur af tóbaki og áfengi um 15 millj. kr. Ætti tóbakseinkasalan að geta skilað þeim tekjum án verðhækkunar af þeim sökum, en verð áfengis mun þurfa að hækka nokkuð.

Það er skoðun meiri hl. n., að fjárlög verði að afgreiðast raunverulega greiðsluhallalaus, og hefur afstaða meiri hl. til afgreiðslu mála í n. mótazt af þeirri nauðsyn.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hl. n. um tekjubálk frv., mundi niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda	kr.	25 233 594
÷ Lækkun gjalda	—	282 634
Hækkun gjalda alls	kr.	24 950 960

Hækkun tekna	kr.	35 000 000
+ Greiðsluafg. í frv.	—	1 831 832
Tekjuauki alls	kr.	36 831 832
Niðurstöðutölur:		
Inn	kr.	1 499 704 500
Út	—	1 487 823 628
Greiðsluafgangur	kr.	11 880 872

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni, auk endurskoðunar á 18. gr. frv., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 13. marz 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Ed. 180. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðu til þessa frv. Meiri hl. n. (ÓB, MJ og JÞ) mælir með samþykkt frv., en undirritaður og KK hafa lýst sig andvíga því og skila sérálitum.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er lögfest ein hin gífurlegasta skattheimta óbeinna álaga, sem sögur fara af í þessu landi. Í fyrsta lagi er söluskattur á nær allar innfluttar vörur hækkaður um 114%, eða úr 7.7% miðað við tollverð í 16.5%. Í öðru lagi er lagður nýr almennur söluskattur á því nær allar seldar vörur, seld verðmæti og endurgjöld fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu. Nemur skattprósentan 3% á þennan þátt skattstofnsins.

Samkvæmt upplýsingum þeirra hagfræðinga, sem verið hafa ríkisstjórninni til ráðuneytis um undirbúning þessarar skattheimtu, er áætlað, að 16.5% söluskattur í tolli verði innheimtur af innflutningi að andvirði 2040 millj. kr., þegar tollar og 10% álagning hafa verið lögð við innkaupsverð og farmgjöld. Samkvæmt því verður upphæð þessa hluta söluskattsins 336.6 millj. kr., miðað við eins árs innheimtu. Almenni 3% skatturinn er á sama hátt áætlaður af grunni, sem nemur 5767 millj. kr., og mundi samkvæmt því verða 173 millj. kr. á ári. Alls verður söluskattur því, miðað við þessar áætlanir, 507.6 millj. kr. Til samanburðar er rétt að íhuga, að á s. l. ári var söluskattur til ríkissjóðs áætlaður 151400000 kr. og til útflutningssjóðs um 70 millj. kr., eða samtals 221400000 kr. Hækkun söluskatts til ríkissjóðs nemur því 356.2 millj. kr. á ári, en heildarhækkun verður 286.2 millj. kr., ef einnig er tekinn til frádráttar sá hluti, sem áður rann í útflutningssjóð, sem í raun réttri er þó villandi.

Þessi nýja skattheimta, sem óumdeilanlega nemur 286.2 millj. kr. á ári, þegar fullt tillit hefur verið tekið til þess, að sá innlendi söluskattur, sem áður var í

gildi, hefur verið felldur niður, er rökstudd með því, að ríkissjóður þarfnist slíkra tekna á móti væntanlegri niðurfellingu tekjuskatts á svokallaðar almennar launatekjur og á móti því framlagi, sem bæjarfélögunum er nú ætlað. Þessi rökstuðningur er fráleitur og fær ekki staðizt. Í framlögðu fjárlagafrv. er tekju- og eignarskattur áætlaður 70 millj. kr. Lækkun frá fjárlagafrv. því, sem fyrrv. fjármálaráðherra lagði fram í nóv. s. l., er því 60 millj. kr. Hluti sveitarfélaga af söluskatti gæti orðið 70 millj. kr. á ári, en verður þó aðeins 53 millj. á þessu ári. Hin nýja skattheimta nemur því 170 millj. kr. umfram rýrðar tekjur ríkissjóðs vegna tekjuskattslækkunar og niðurfellingar gamla söluskattsins og hækkaðra útgjalda vegna greiðslunnar til sveitarfélaganna. Við þetta er þó það að athuga, að útgjöld sveitarfélaga munu sem bein afleiðing efnahagsaðgerða þeirra, sem núv. ríkisstjórn er að framkvæma, hækka meira en nemur hluta þeirra af söluskattinum, og er því fráleitt að draga hluta þeirra frá, þegar þungi hinnar nýju skattheimtu er metinn. Eftir stendur þá aðeins, að lækka á tekjuskatt um 60 millj. kr., en heimta í þess stað 286.2 millj. kr. nýjan árlegan skatt af almennri neyzlu, þjónustu og vörukaupum, skatt, sem leggst á almenning án alls tillits til efna og ástæðna.

Auðsætt er, að þessi nýja skattheimta leiðir af sér stórfellda vöruverðshækkun í landinu og þrengir mjög kosti launamanna umfram það, sem þegar er orðið með gengisfellingunni, vaxtahækkuninni og margvíslegum hækkunum ýmissa gjalda og skatta. Þannig verður **verðhækkun** á erlendum vörum í smásölu um eða yfir 14%, miðað við tollverð, og allur söluskatturinn verður almennt nokkuð yfir 20% af tollverði allra erlendra vara, sem skattskyldar eru, en það er langsamlega mestur hluti innflutningsins og þ. á m. allar erlendar neyzluvörur almennings. Það varpar og nokkru ljósi á það, hve gífurlega skattheimtu hér er um að ræða, að söluskatturinn einn nemur skv. þessu frv. hærri upphæð en allir tollar og skattar ríkissjóðs árið 1956 og um ⅔ af öllum áætluðum tollum og sköttum samkv. því fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, sem fyrrv. fjmrh., Guðm. Í. Guðmundsson, lagði fyrir Alþingi 20. nóv. s. l. Svarar skatthæðin 507 millj. kr. til ríflega 14000 kr. álaga á hverja 5 manna fjölskyldu á móti 6000 kr. áður.

Rétt er að taka fram, að allar þessar tölur eru byggðar á þeim áætlunum, sem starfsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gert um það, hve miklu mætti ná í ríkissjóð með þessum hætti, og mun óhætt að fullyrða, að þær áætlanir eru gerðar af mikilli varúð. Hinu er algerlega sleppt, sem þó er fullvíst og viðurkennt af þeim embættismönnum, sem vegna starfa sinna að skattheimtu eru þessum málum gagnkunnugastir, að gífurlegir möguleikar til undandráttar og skattsvika verða samfara hinum almenna söluskatti. Má því með vissu ætla, að sú upphæð, sem almenningur greiðir, verði ótöldum tugmilljónum hærri en sú, sem endanlega kemst til skila í ríkissjóð. Er reynslan af þeim söluskatti, sem í gildi hefur verið, ólygnust um þetta.

Af því, sem hér hefur verið rakið, ætla ég, að augljóst sé, að þetta frv., ef samþykkt verður, leiði af sér nýja flóðbylgju dýrtíðar í kjölfar þeirrar, sem þegar er skollin yfir vegna gengisfellingarinnar, vaxtahækkunarinnar og stórfelldra hækkana á margvíslegum sköttum og tollum, sem núv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir, og að allar fullyrðingar um, að hér sé aðeins um „tilflutning á gjaldheimtu að ræða", eins og hv. fjármálaráðherra o. fl. hafa reynt að halda fram, eru hreinar blekkingar. Í því sambandi skal þess getið, að hagstofustjóri hefur í viðtali við fjhn. skýrt frá því, að í þeim útreikningum, sem birtir voru í sambandi við frv. til l. um efnahagsmál, þ. e. gengislækkunarfrumvarpið, og þar sem fullyrt var, að efnahagsaðgerðir þær, sem ríkisstj. ætlaði að framkvæma, hefðu aðeins í för með sér 13% verðlagshækkun, hafi ekkert tillit verið tekið til hins nýja söluskatts, en kjaraskerðingu af völdum hans hefur hagstofustjóri metið 3%, að því er hann tjáir fjhn., eða jafnmikla og áður hefur verið fullyrt að heildarkjaraskerðingin vegna efnahagsaðgerðanna næmi.

Um einstök atriði frv. skal hér ekki fjölyrt, þótt ærin tilefni séu þar til gagnrýni. Skal þó drepið á nokkur atriði.

1. Ákvæðin um hinn almenna söluskatt eru sögð byggð á því, að skatturinn sé aðeins lagður á einu sinni, þ. e., á síðasta stig framleiðslu eða þjónustu. Með ákvæðum 3. mgr. 3. gr. frv. og fleirum er þessi regla brotin, en þar er ákveðið, að umbúðir, hjálparefni og óvaranlegar rekstrarvörur skuli ekki skattfrjálsar, þótt um sé að ræða sölu til framleiðenda, sem nota þær í atvinnuskyni. Verður ekki betur séð en að þetta leiði af sér tvöföldun skattsins á nokkurn hluta andvirðis flestra eða allra innlendra framleiðsluvara og einnig skattheimtu af hluta andvirðis vara, sem framleiddar eru til útflutnings.
2. Skv. 2. lið 6. gr. frv. er nýmjólk undanþegin söluskatti, nema um veitingasölu sé að ræða. Allar aðrar landbúnaðarvörur eru hins vegar skattskyldar og ekki aðeins einu sinni, heldur að því er varðar sumar vörur að nokkru tvískattaðar. Þessi skattheimta er í raun réttri þverbrot á nýgerðu samkomulagi bænda og neytenda um verðlag búvara.
3. Undantekningarákvæði 6. gr. frv. um skattskyldu rekstrarvara útflutningsins sýna, að ráð er fyrir því gert, að fjölmargar rekstrarvörur hans verði skattskyldar, þ. á m. sumir stærstu kostnaðarliðir, svo sem olíur, viðgerðir og fæði skipverja, enn fremur veiðarfæri að nokkru.
4. Skv. 1. lið 7. gr. er öll vinna við húsa- og mannvirkjagerð, sem ekki er unnin á byggingarstað, skattskyld, þ. á. m. vinna á hvers konar verkstæðum, sem framleiða hluta til húsbygginga, svo sem hurðir, glugga, innréttingar, framleiðsla steypustöðva og steinsteypuverkstæða, hitunarkerfa, raftækja o. s. frv. Þessi ákvæði draga úr eðlilegri þróun í mannvirkja- og húsagerð, sem stefnir sífellt meira að því að framleiða meira af byggingavinnu á verkstæðum og í verksmiðjum, þ. á m. *húshluta*.
5. Í 3. lið 7. gr. er akstur leigubifreiða undanþeginn söluskatti, en hins vegar ekki þjónusta strætisvagna og langferðabifreiða, en það er einmitt sú þjónusta af þessu tagi, sem efnaminnsta fólk notar umfram aðra.
6. Í 8. gr. og víðar eru lagðar margháttaðar skyldur á hendur þeim, sem reka söluskattskylda starfsemi, sem leiða af sér mjög aukna vinnu og skriffinnsku í fyrirtækjum og verzlunum og hljóta að ýta á kröfur um rýmkaðar álagningarreglur og leiða þannig til enn frekari verðhækkana en beint leiðir af skattlagningunni.
7. Í 25. gr. frv. er fjármálaráðherra veitt vald til að meta sakir í brotamálum varðandi þessa löggjöf og ákveða refsingar samkv. því mati sínu. Með þessu ákvæði er honum fengið vald, sem dómstólum einum ber að hafa.
8. Í heild er fjármálaráðherra með tugum heimilda í þessu frv. fengið nær algert einræðisvald um skattheimtuna og alla framkvæmd hennar. Býður slíkt heim hlutdrægni og mismunun og hefur í för með sér fullkomna óvissu um framkvæmdaatriði, sem miklu skipta.
9. Augljóst er og staðfest af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í viðræðum við fjhn., að framkvæmd þessarar nýju skattheimtu hefur í för með sér gífurlega aukið mannahald og kostnað í skattheimtukerfinu. Þó er upplýst, að ekki hefur verið á neinn hátt, áður en í flutning þessa frv. var ráðizt, reynt að gera sér grein fyrir, hve víðtækan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð hér er um að ræða. Einnig er upplýst, að ekkert liggur fyrir um það, að hið fyrirhugaða afnám nokkurs hluta tekjuskattsins spari nokkurn kostnað í innheimtukerfinu. Er því sýnt, að hér er stofnað til nýs innheimtu- og skriffinnskubákns.

Þeirri gífurlegu nýju skattheimtu, sem með frv. þessu er fyrirhuguð, og því flóði dýrtíðar, sem af henni leiðir, er skellt yfir almenning í landinu í skjóli þess, að lögbannað hefur verið, að launamenn fái aukna dýrtíð borna uppi að nokkru með verðlagsuppbótum á laun. Söluskatturinn er auk þess lagður algerlega jafnt á brýnustu nauðþurftir sem óþarfa eyðslu og kemur því harðast niður á þeim, sem sízt skyldi, þeim, sem áður höfðu ekki meira en til hnífs og skeiðar. Hann er því einn óréttlátasti skattur, sem hugsazt getur, og þó alveg sérstaklega við þær aðstæður,

sem nú hafa skapazt eftir gengisfellinguna og eftir afnám vísitölunnar. Auk þess er löggjöfin sjálf illa undirbúin, felur í sér miklar hættur á gerræði, skattsvikum og hvers kyns spillingu. Loks er stofnað til víðtækrar skriffinnsku, bæði í hvers konar atvinnurekstri og verzlun og í skattheimtukerfi ríkisins, sem reynast mun almenningi og þjóðinni allri dýr áður en lýkur.

Ég er andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 13. marz 1960.

Björn Jónsson.

Ed. 181. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (BjörnJ).

1. Við 3. gr. 3. málsgrein falli niður.
2. Við 4. gr.
   a. e-liður falli niður.
   b. Orðin „og samkomuhúsa“ í i-lið falli niður.
   c. j-liður falli niður.
3. Við 6. gr.
   a. 2. liður orðist svo:
      Innlendar landbúnaðarvörur.
   b. 3. liður orðist svo:
      Hvers konar umbúðir um framleiðsluvörur, svo sem fiskumbúðir, kjötpokar, dósir til niðursuðu og niðurlagningar og aðrar umbúðir iðnaðarvara.
   c. 4. liður orðist svo:
      Hvers konar veiðarfæri, þó ekki sporttæki.
   d. 14. liður orðist svo:
      Heimilisnotkun á eigin framleiðsluvörum.
4. Við 7. gr.
   a. 1. liður orðist svo:
      Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur bæði til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, og vinnu við framleiðslu og aðvinnslu byggingarvara í verksmiðjum, verkstæðum og starfsstöðvum.
   b. 3. liður orðist svo:
      Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða, strætisvagna og langferðabifreiða.
   c. Orðin „og samkomuhúsa“ í 4. lið falli brott.
   d. 10. liður orðist svo:
      Sala vatns til hvers konar þarfa svo og raforku.
5. Við 25. gr. Síðari málsgr. falli brott.
6. Við 26. gr. Orðin „ef málum út af þeim er vísað til dómstólanna“ falli brott.

Sþ. **182. Breytingartillögur** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, GH).

1.	Við 2. gr.	3. (Verðtollur).		
		Fyrir „355 000 000“ kemur		410 000 000
2.	— 2. —	12. a. (Söluskattur af innfluttum vörum).		
		Fyrir „154 000 000“ kemur		174 000 000
3.	— 2. —	14. (Innflutningsgjald).		
		Fyrir „119 000 00“ kemur		140 000 000
4.	— 12. —	IX. (Læknisbústaðir og sjúkrahús).		
		Fyrir „2 850 000“ kemur		3 350 000
5.	— 13. —	A. II. a. (Nýir akvegir).		
		Fyrir „15 980 000“ kemur		22 770 000
6.	Við 13. gr.	A. II. c. (Endurbygging þjóðvega).		
		Fyrir „800 000“ kemur		3 300 000
7.	— 13. —	A. III. (Brúargerðir).		
		Fyrir „9 955 000“ kemur		14 940 000
8.	— 13. —	A. IV. (Endurbygging gamalla brúa).		
		Fyrir „1 425 000“ kemur		2 925 000
9.	— 13. —	A. V. (Fjallvegir).		
		Fyrir „760 000“ kemur		1 500 000
10.	— 13. —	A. VI. 2. (Kaup á vegavinnuvélum).		
		Fyrir „950 000“ kemur		1 950 000
11.	— 13. —	A. VI. Nýir (rómv.) liðir:		
		a. Til að gera steynsteypta þjóðvegi		5 000 000
		b. Til millibyggðavega (vegasjóðs)		3 500 000
		c. Til brúasjóðs		1 500 000
12.	— 13. —	C. VIII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur).		
		Fyrir „12 205 000“ kemur		15 565 000
13.	— 14. —	A. XIV. 2. (Íþróttasjóður).		
		Fyrir „1 520 000“ kemur		2 500 000
14.	— 15. —	IX. (Kirkjubyggingasjóður).		
		Fyrir „500 000“ kemur		850 000
15.	— 16. —	A. 5. C. a. (Stofnkostnaður vélasjóðs).		
		Fyrir „475 000“ kemur		650 000
16.	— 16. —	A. 6. b. Nýr stafliður:		
		Til kaupa á jarðræktarvélum		3 000 000
17.	— 16. —	A. 7. (Verkfæranefnd ríkisins).		
		Fyrir „200 000“ kemur		250 000
18.	— 16. —	A. 14. Nýr töluliður:		
		Framlag til Búnaðarbanka Íslands		13 900 000
19.	— 16. —	A. 24. b. (Sandgræðslustöðvar).		
		Fyrir „1 680 000“ kemur		2 000 000
20.	— 16. —	A. 24. g. (Áburðardreifing úr flugvél).		
		Fyrir „380 000“ kemur		500 000
21.	— 16. —	A. 41. (Nautgriparæktarsambönd).		
		Fyrir „285 000“ kemur		450 000
22.	— 16. —	B. 7. (Fiskimiðaleit).		
		Fyrir „1 760 000“ kemur		3 000 000
23.	— 16. —	B. 8. (Nýjar síldveiðiaðferðir).		
		Fyrir „2 090 000“ kemur		2 500 000

24.	Við 16. gr.	B. 9. (Síldarleit og fiskirannsóknir). Fyrir „2 200 000“ kemur		3 400 000
25.	— 16. —	B. 13. (Fiskveiðasjóður). Fyrir „2 000 000“ kemur		6 000 000
26.	— 16. —	C. 4. (Iðnlánasjóður). Fyrir „1 377 500“ kemur		3 500 000
27.	— 16. —	D. IX. (Raforkusjóður). Fyrir „14 250 000“ kemur		21 000 000
28.	— 16. —	D. XI. (Nýjar raforkuframkvæmdir). Fyrir „10 000 000“ kemur		15 000 000
29.	— 17. —	I. 3. (Vatnsveitur). Fyrir „570 000“ kemur		1 000 000
30.	— 20. —	Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins). Fyrir „1 800 000“ kemur		2 200 000
31.	— 20. —	Út. V. (Ræktun á jörðum ríkisins). Fyrir „190 000“ kemur		250 000
32.	Við 20. gr.	Út. VII. I. (Ríkisspítalarnir). Fyrir „4 503 000“ kemur		6 500 000
33.	— 20. —	Út. IX. Liðurinn orðist svo: Til flugvallagerðar og flugöryggistækja.		
		1. Reykjavíkurflugvöllur	1 800 000	
		2. Öryggisþjónustan	2 000 000	
		3. Ísafjarðarflugvöllur	1 200 000	
		4. Akureyrarflugvöllur	900 000	
		5. Egilsstaðaflugvöllur	600 000	
		6. Vestmannaeyjaflugvöllur	600 000	
		7. Norðfjarðarflugvöllur	800 000	
		8. Flugbrautalýsing	300 000	
		9. Vinnuvélar	300 000	
		10. Raufarhafnarflugvöllur	120 000	
		11. Kópaskers- og Þórshafnarflugvellir	400 000	
		12. Patreksfjarðarflugvöllur	300 000	
		13. Hólmavíkurflugvöllur	400 000	
		14. Þingeyrarflugvöllur	300 000	
		15. Vopnafjarðarflugvöllur	300 000	
				10 320 000
34.	— 20. —	Út. XI. (Sjúkraflugvellir). Fyrir „492 100“ kemur		650 000
35.	— 20. —	Út. XXII. (Atvinnu- og framleiðsluaukning). Fyrir „10 000 000“ kemur		17 500 000
36.	— 20. —	Út. XXIX. Nýr liður: Til kaupa á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar, fyrsta framlag		5 000 000

Sþ. 183. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

varðandi allsherjarafvopnun.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að gefnu tilefni að minna á ályktun sína frá 13. apríl 1954 um að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun og

felur ríkisstjórninni að ljá því máli fyllsta stuðning sinn á alþjóðavettvangi, að nú þegar sé hafizt handa um algera afvopnun allra þjóða og henni hraðað svo sem frekast má verða.

Greinargerð.

Æðstaráð Sovétríkjanna sneri sér 15. febrúar til Alþingis með áskorun um að leggja tillögum ráðsins um allsherjarafvopnun lið sitt. Eru tilmæli þessi birt hér á eftir sem fylgiskjal I.

Það ætti engri þjóð að vera það ljúfara og skyldara en oss Íslendingum að ljá allsherjarafvopnun lið vort. Hefur Alþingi áður samþykkt þingsályktun sama efnis þann 13. apríl 1954, og er hún prentuð hér sem fylgiskjal II.

Tilgangur þessarar tillögu er því að ítreka fyrri samþykkt Alþingis og fela ríkisstjórninni að ljá á alþjóðavettvangi tillögum sovétstjórnarinnar um allsherjarafvopnun lið sitt sem og hverri annarri tillögu, er að því miðar að koma fram afvopnun allra þjóða sem fyrst.

Tilvera mannkynsins og allar hinar glæsilegu vonir, sem vér mennirnir nú getum gert oss um framtíð vora eftir nýjustu sigra vísindanna, byggjast á því, að það takist að hindra kjarnorkustyrjöld og koma yfirleitt í veg fyrir styrjaldir, en róttækasta og öruggasta aðferðin til þess er allsherjarafvopnun og bann við vopnum og vopnaframleiðslu.

Afvopnun mundi um leið gerbreyta efnahagslífi þjóðanna, og mætti samstundis útrýma mörgu af því versta böli, sem nú er til á jarðríki, ef það fé, sem nú fer til vígbúnaðar, væri notað í því skyni beinlínis.

Á síðustu ellefu árum er talið, að notuð hafi verið til vígbúnaðar um ein trilljón dollara. Árleg vígbúnaðarútgjöld heimsins eru talin 100 milljarðar dollara. Á tíu árum, frá 1949 til 1959, hafa 15 ríki Atlantshafsbandalagsins hækkað árleg vígbúnaðarútgjöld sín úr 19 milljörðum dollara upp í 60 milljarða.

En það svelta í heiminum um 1200 milljónir manna, samkvæmt skýrslum Sameinuðu þjóðanna, — svelta frá vöggu til grafar. Ef vígbúnaðarútgjöld heimsins væru minnkuð um þriðjung til helming og fé, sem sparaðist, væri notað til að seðja hungur hinna sveltandi, þá mundi enginn maður þurfa að svelta í heiminum.

Helmingur mannkynsins er enn ólæs og óskrifandi, — hálfur annar milljarður manna. Það mætti byggja handa þeim skóla, kenna þeim öllum að lesa og skrifa fyrir nokkurn hluta þess fjár, sem heimurinn hefur eytt í vígbúnað undanfarinn áratug.

Það mætti breyta Sahara-eyðimörkinni í blómlega byggð, gera lönd norðurheimskautsins gróðursæl og hlý fyrir hluta þeirra fjárhæða, er nú fara til vígbúnaðar.

Ótrúlega hraðar framfarir bíða mannkynsins, ef tekst að binda enda á allan vígbúnað, — og um leið væri mannkynið losað við einn versta vágest sinn frá upphafi vega: styrjaldir og óttann við þær.

Alþingi ber að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að losa þjóð vora og allar aðrar þjóðir endanlega við styrjaldir og vígbúnað: skapa varanlegan frið á jörðu.

Fylgiskjal I.

Ávarp frá Æðstaráði Ráðstjórnarríkjanna til þjóðþinga og ríkisstjórna allra landa.

Æðstaráð Ráðstjórnarríkjanna hefur ákveðið að beina til þjóðþinga og ríkisstjórna allra landa heims ávarpi um sérstaklega mikilsvert málefni, er varðar hagsmuni alls mannkyns.

Æðstaráðið hefur samþykkt að minnka enn til mikilla muna herstyrk Ráðstjórnarríkjanna án þess að bíða eftir alþjóðasamkomulagi um afvopnun. Gefin hafa verið

út lög þess efnis, að heraflinn skuli enn minnkaður um þriðjung eða 1200000 manns. Dregið verður úr vopnabúnaði her og flota svo og hernaðarútgjöldum ríkisins.

Þegar lög þessi, sem samþykkt voru í dag, hafa verið framkvæmd, þá mun liðstyrkur landhers og flota nema alls 2423000 manna.

Við viljum minna yður á það, að þegar afvopnunarumræðurnar fóru fram árið 1956, þá lögðu Bandaríkin, Bretland og Frakkland fram tillögur þess efnis, að Ráðstjórnarríkin og Bandaríkin skyldu fækka í her sínum niður í 2500000 manns. Við minnum einnig á, að ráðstjórnin gekk að þessum tillögum þeirra, auðvitað á þeirri forsendu, að þetta yrði ekki nema fyrsta skrefið á afvopnunarleiðinni. En óðar en Ráðstjórnarríkin samþykktu þessar tölur, voru þær felldar einmitt af þeim, sem stungið höfðu upp á þeim.

Síðan eru liðin þrjú ár, án þess að nokkrir samningar hafi náðst við vesturveldin. Og þá er spurningin, hvað næst beri að gera. Ríkisstjórn vor hefur hvað eftir annað að undanförnu minnkað herafla sinn og hermálaútgjöld með einhliða ákvörðun. Hún hefur nú afráðið að stíga enn eitt slíkt djarflegt og göfugmannlegt skref: að draga enn úr herafla sínum til mikilla muna og án frekari tafar.

Þegar Æðstaráð Ráðstjórnarríkjanna samþykkti lög um að draga enn að nýju til muna úr herafla landsins, lét það stjórnast af raunsýnu mati á þeirri stöðu alþjóðamála, sem nú er að skapast. Það er staðreynd, að dregið hefur mjög úr streitunni ríkja í millum. Friðarhorfurnar hafa batnað til muna. Sú óhrekjanlega staðreynd, að friðsamleg sambúð ríkja mismunandi þjóðfélagsskipulags er orðin sögulegur veruleiki, jafnframt því að hún er beinlínis lífsnauðsyn með tilliti til núverandi þróunarskeiðs mannlegs samfélags, er að festa æ dýpri rætur í meðvitund þjóðanna og hugum stjórnmálamanna og þjóðaleiðtoga.

Fundir og kynni þjóðaleiðtoga eru nú að verða áhrifamikil aðferð til að draga úr viðsjám og leysa úr flóknustu alþjóðavandamálum. Heimsókn N. S. Krústjovs, forsætisráðherra Ráðstjórnarríkjanna, til Bandaríkja Norður-Ameríku og fundir hans og Dwights Eisenhowers forseta hafa orðið upphaf að nýjum þætti í alþjóðasamskiptum, — þætti friðsamlegra samningagerða til lausnar alþjóðlegum vandamálum, sem eru leifar frá síðari heimsstyrjöldinni eða hafa komið upp síðan, á tímabili vígbúnaðarkeppninnar og kalda stríðsins.

Eina færa leiðin til lausnar deilumálum er leið samningagerða. Þetta er ein af þeim meginniðurstöðum, sem viðurkenndar eru og skjalfestar í hinni sameiginlegu sovézk-bandarísku yfirlýsingu 27. september 1959. Með einlægni sinni, hispursleysi og hreinskilni í framsetningu skoðana sinna og jákvæðri afstöðu til gagnkvæmra hagsmunamála gáfu forsætisráðherra Ráðstjórnarríkjanna og forseti Bandaríkjanna fordæmi, sem fylgja skyldi, ef menn æskja þess í raun og veru að bæta, svo að um muni, stöðu mála á alþjóðavettvangi.

Æðstaráð Ráðstjórnarríkjanna lætur í ljós þá von, að þessi jákvæða afstaða til úrlausnarefnanna megi einnig eiga sér stað á þeirri ráðstefnu stjórnarleiðtoga, sem nú hefur loks orðið að samkomulagi, að boðað skuli til.

Þjóðirnar gera sér vonir um, að þessi ráðstefna æðstu þjóðaleiðtoga megi leiða til nýrra jákvæðra breytinga á sviði alþjóðasamskipta og stuðla að lausn afvopnunarvandamálsins.

Í ávarpi sínu 31. október 1959 til allra þjóðþinga heims skoraði Æðstaráð Ráðstjórnarríkjanna á þjóðþingin og einstaka þingmenn í öllum löndum að nota sér nú hina hagkvæmu stöðu alþjóðamála til að gera allt, sem unnt væri, í því skyni að losa þjóðirnar undan hinni hræðilegu plágu vígbúnaðarkeppninnar og leiða mannkynið fram á braut ævarandi friðar.

Jafnframt því, að við leiðum í gildi lög þessi um nýja meiri háttar minnkun á herafla Ráðstjórnarríkjanna, viljum við láta í ljós þá von, að þjóðþing og ríkisstjórnir annarra landa muni einnig fyrir sitt leyti taka upp svipaða stefnu.

Það er nú orðið tímabært að láta raunverulegar afvopnunarframkvæmdir taka

við af eintómu tali um afvopnun. Því aðeins verður unnt að framkvæma hið mikla verkefni, sem fulltrúar allra landa greiddu samhljóða atkvæði á fundi Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna eigi alls fyrir löngu, þar sem forsætisráðherra Ráðstjórnarríkjanna talaði fyrir munn ráðstjórnarinnar og lagði fram megindrætti áætlunar um almenna og algera afvopnun.

Aldrei áður í sögu mannkynsins hafa vígbúnaðarkeppni og stríðshyggja falið í sér slíka hættu sem nú, er herir búnir ógurlegustu gereyðingartækjum standa hvorir andspænis öðrum. Þessir málavextir eru þess eðlis, að óskynsamlegt athæfi og illviljað ráðabrugg einstakra stjórnmálamanna gæti orðið til þess að steypa heiminum út í hyldýpi nýrra styrjaldarógna.

Nútímavopnum eru engin takmörk sett í eyðingarmætti sínum og langdrægni. Ein vetnissprengja megnar að afmá af yfirborði jarðar merkilegustu stöðvar heimsmenningarinnar. Það þarf ekki nema fáar vetnissprengjur til að leggja í rústir heil ríki. Og birgðir kjarnorku- og vetnissprengna í heiminum fara sívaxandi.

Vígbúnaðarkeppnin meinar miklum fjölda manna að vinna friðsamleg störf, þar sem þeir verða að taka þátt í herþjónustu eða starfa að framleiðslu eyðingartækja. Bezti hluti mannfélagsins — milljónir verkamanna, verkfræðinga, vísindamanna, starfsams hæfileikafólks, sem notað gæti sköpunargáfur sínar þjóðum heimsins til gagns, — sóar nú starfsorku sinni í það að búa til æ hryllilegri morðvopn. Því meira fé sem kostað er til vígbúnaðarkeppninnar, því meira sem framleitt er af byssum, skriðdrekum, eldflaugum og öðrum vopnum, því þyngri verða skattabyrðarnar, sem á þjóðirnar eru lagðar. Stöðvun vígbúnaðarkeppninnar mundi gera það fært að auka mjög fjárveitingar til íbúðabygginga, heilsuverndar og uppeldismála, til þess að auka tekjur vinnandi fólks og aðstoða vanþróuð lönd.

Framkvæmd hinnar miklu áætlunar um almenna og algera afvopnun, sem Ráðstjórnarríkin hafa lagt fram, mundi losa um feikileg efnahagsleg og andleg verðmæti, sem nota mætti til þess að skapa mönnum samboðna tilveru.

Á undanförnum fjórum árum hefur herstyrkur Ráðstjórnarríkjanna verið minnkaður um samtals 2140000 manna með einhliða ákvörðunum, og nú ætlum við enn að minnka hann um 1200000.

Á þessum árum hafa Ráðstjórnarríkin kvatt að fullu heim herafla sinn frá alþýðulýðveldinu Rúmeníu, dregið til muna úr herstyrk sínum í Austur-Þýzka lýðveldinu og alþýðulýðveldinu Ungverjalandi og lagt niður herstöðvar á landsvæði annarra ríkja.

Ráðstjórnarríkin lækka reglulega frá ári til árs fjárframlög sín til varnarmála. Árið 1960 eiga þessi útgjöld að nema 12.9% af heildarútgjöldum fjárlaganna. Tilsvarandi tala var 19.9% árið 1955.

Við trúum því fastlega, að þessi samþykkt Æðstaráðs á lögum um nýja meiri háttar fækkun í her Ráðstjórnarríkjanna muni reynast mikilsvert framlag til batnandi samkomulags á vettvangi alþjóðamála.

Nú, er fram eiga að fara milliríkjaviðræður um almenna og algera afvopnun, ber að telja það sérstaklega mikilsvert, er einstök ríki hefja raunverulegar einhliða aðgerðir í afvopnunarátt, til þess fallnar að efla gagnkvæmt traust og stuðla að góðum árangri viðræðnanna. Slíkar aðgerðir eru því nauðsynlegri sem enn eru til öfl í heiminum, er þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur um að draga úr viðsjám, reyna að viðhalda vígbúnaðarkeppninni og kalda stríðinu, sem öllum þjóðum er viðurstyggð.

Verið er að endurvígbúa Vestur-Þýzkaland, en í því felst stórhætta fyrir friðinn í Evrópu og öllum heimi. Í ýmsum löndum heyrast enn opinskáar kröfur um, að haldið sé áfram að framfylgja aflsmunarstefnunni, sem er þó löngu gjaldþrota orðin.

Allt þetta sýnir, að þeir, sem vilja í einlægni varðveita þjóðirnar frá ógnum nýrrar styrjaldar, mega ekki slá slöku við í tilraunum sínum að koma á afvopnunar-

sáttmála. Þjóðþingin og einstakir þingfulltrúar geta gert mikið í þessu efni. Það er skylda þeirra gagnvart þjóðum sínum að grípa sérhvert tækifæri til að stuðla að afléttingu kalda stríðsins og lausn afvopnunarmálsins.

Æðstaráð lýsir yfir þeirri von sinni, að þessi nýja fækkun í her Ráðstjórnarríkjanna megi verði öðrum löndum fordæmi, einkum þeim, sem mestan herstyrk hafa.

Æðstaráð skorar á þjóðþing og ríkisstjórnir allra landa heims að svara þessu nýja friðarfrumkvæði Ráðstjórnarríkjanna með því að gera raunhæfar ráðstafanir í þá átt að draga úr herafla sínum, létta herútgjaldabyrðunum af þjóðum sínum, leysa mannkynið undan óttanum við nýja styrjöld og tryggja frið í öllum heimi.

Æðstaráð Sambands sósíalískra ráðstjórnarlýðvelda

Kreml í Moskvu,

15. janúar 1960.

Fylgiskjal II.

Þingsályktun um áskorun á Sameinuðu þjóðirnar varðandi allsherjarafvopnun.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hætta fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út.

Samþykkt á Alþingi 13. apríl 1954.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um radiostefnuvita í Hafnarfirði.


Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta setja upp radiostefnuvita í Hafnarfirði.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur innsiglingarvitinn í Hafnarfirði komið að harla litlum notum, vegna þess að byggingar hafa svo mjög þrengt að honum, að erfitt er að greina ljós hans frá öðrum. Er hin mesta þörf á, að úr þessu verði bætt, enda hafa komið fram um það óskir frá sjómönnum og slysavarnafélögum. Sjómenn telja, að til mikilla bóta væri, að í Hafnarfirði yrði staðsettur radiostefnuviti, sem gæfi ákveðið hljóðmerki í innsiglingarstefnu til Hafnarfjarðar, en önnur merki til beggja hliða við rétta stefnu. Hljóðmerki þessi mundu heyrast í venjulegum útvarpstækjum. Innsiglingin til Hafnarfjarðar er bein og krókalaus, og gæti radiostefnuviti því að þessu leyti bætt úr annmörkum hins gamla ljósvita. Þar að auki hagar svo til, að sé innsiglingarstefnan til Hafnarfjarðar framlengd út Faxaflóa, nemur hún laust við Garðskaga, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Radiostefnuviti fyrir innsiglinguna til Hafnarfjarðar yrði því jafnframt til mikils öryggis skipum, sem sigla fyrir Garðskaga, þar sem stjórnendur þeirra gætu í dimmviðri stuðzt við hljóðmerki hans.



Nd. 185. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. marz.)

1. gr.

Töluliður 2 í 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Fyrir orðin „til ársloka 1960“ í 3. málsgr. 6. gr. laganna komi: til ársloka 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda við úttekt jarðabóta vorið 1960.

Sþ. 186. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Björn Jónsson, Garðar Halldórsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað í landinu, svo fljótt sem við verður komið, á grundvelli laga frá 1957, um lax og silungsveiði, X. kafla, 82.—91. greinar.

Greinargerð.

Þegar Ísland byggðist, voru hér öll vötn full af fiski. Alla tíma síðan hefur veiði vatnafiska verið mikilsverður þáttur í atvinnu þjóðarinnar og fært kenni mikla björg. En fiskiföngin gengu til þurrðar, eins og við var að búast. Margra alda ofveiði hefur fyrir löngu gengið allt of nærri fiski í ám og vötnum, laxi og silungi.

Afskipti ríkisvaldsins af þessum málum hafa hingað til aðallega beinzt að því að takmarka veiði, þ. e. friða vötn fyrir ofveiði. Og er það góðra gjalda vert, það sem það nær. Nú opnast augu manna betur og betur fyrir því, að fiska má einnig rækta og ala upp, kynbæta tegundir og dreifa beztu stofnum á stöðvar, þar sem þeir voru ekki til áður, og eru sumar þjóðir komnar langt í þeim efnum. Vafalaust er þarna mikilsvert mál á ferð, að vísu enn á tilraunastigi á ýmsan hátt. En erlend reynsla og tilraunir munu þó geta gefið okkur Íslendingum margar góðar bendingar, þó að hér verði að sjálfsögðu að byggja aðallega á innlendri reynslu og tilraunastarfsemi.

Verkefni fiskeldisstöðva geta verið margþætt. Má þar aðeins nefna sem dæmi: útvegun hrognafiska og hængja, klakstarfsemi, uppeldi seiða, unz þau eru það vaxin, að þau eru komin yfir mesta vanhaldatímann, úrval beztu fiskstofna til ræktunar, uppeldi fisks í smávötnum, unz þeir hafa náð frálagsþroska, tilraunir með fóðurgjöf í ætissnauð vötn, áburðardreifingu í vötn til að auka þar gróður og smádýralíf, er fiskar eta, o. fl. o. fl.

Líklegt er og raunar nokkurn veginn víst, að fiskrækt verði innan fremur skamms tíma jafnsjálfsögð og kvikfjárrækt er nú, sem komin er fyrir löngu að mestu í stað villidýraveiða áður fyrr. Svipað mætti segja um ræktun alls konar matjurta og fóðurs, sem komið hefur í stað frumstæðari hátta manna við að notfæra sér jarðargróðann.

Í fjárlagafrumvarpi þessa árs áætlar ríkisstjórnin 100 þús. kr. til undirbúnings framkvæmda við fiskeldisstöð og sýnir þannig, að hún hefur í hyggju að ýta því máli áleiðis. Hins vegar liggur ekkert fyrir um vilja Alþingis nú um þetta. Við flm. teljum nauðsynlegt, að þingviljinn komi í ljós, svo að fremur sé hægt að taka föstum tökum á þessu mikilsverða máli og hrinda því áleiðis til framkvæmda eins fljótt og tök eru á.

Fylgiskjal.

Tillögur veiðimálastjóra til landbúnaðarráðuneytisins um, að ríkið reisi fullkomna tilraunaeldisstöð.

Aðdragandi.

Fram undir byrjun síðustu heimsstyrjaldar hafði slepping klaks (kviðpokaseiða) í veiðivötn, þ. e. ár og vötn, verið aðalfiskræktaraðgerðin víða um lönd og þá einnig hér á landi. Það var skoðun manna, að frjóvgun hrogna í náttúrunni væri mjög óveruleg, en á hinn bóginn frjóvguðust nær öll hrogn í klakhúsinu, þegar fiskur væri kreistur í klak. Væri því skortur á seiðum í veiðivötnum, en úr

því mætti bæta með því að sleppa í þau kviðpokaseiðum. Rannsóknir, sem gerðar voru erlendis á áratugnum fyrir styrjöldina, leiddu í ljós, að skoðanir manna á frjóvgun hrogna í náttúrunni voru rangar. Það kom sem sagt í ljós, að jafnan frjóvguðust hrogn álíka vel í náttúrunni og í klakhúsinu. Þessi niðurstaða olli miklum breytingum erlendis hvað fiskræktaraðgerðir snertir. Í stað þess að klekja út hrognum eingöngu var nú farið að ala upp seiði og sleppa þeim stálpuðum í ár og vötn. Af því leiddi, að fiskræktin varð umsvifameiri en áður og mun kostnaðarsamari, en árangur var óvefengjanlegur, þegar rétt var á haldið. Athygli manna í fiskrækt beindist einnig meira en áður að því að bæta lífsskilyrði fyrir fisk í veiðivötnunum og líta á hverja á og hvert vatn sem sérvandamál, í stað þess að áður var jafnan notað sama úrræði til úrbóta, sem sé að sleppa kviðpokaseiðum.

Á árunum eftir stríðið var klakið sú fiskræktaraðgerðin, sem hér var aðallega viðhöfð, og er hún hér enn notuð að verulegu leyti, um aldarfjórðungi eftir að hún var dæmd að mestu úr leik í öðrum löndum. Þegar ég hóf starf mitt sem veiðimálastjóri árið 1946, var mér ljóst, að gera yrði hið fyrsta breytingar á þessu og taka upp fiskeldi og sleppa stálpuðum seiðum í veiðivötnin í stað kviðpokaseiða. Reisa þyrfti fiskeldisstöðvar, sem yrðu mörgum sinnum dýrari í byggingu og rekstri heldur en klakhúsin höfðu áður verið. Var því augljóst, að ekki yrði auðvelt að koma upp slíkum stöðvum af fjárhagslegum ástæðum. Ég hóf þegar að kynna mönnum hinar nýju skoðanir á fiskræktarmálum, og tóku flestir þeim fálega, eins og við mátti búast, þar sem um nýjung var að ræða, er byggðist á skoðunum, sem brutu algerlega í bága við þáverandi álit manna hér.

Eldisstöð í sameign.

Á árunum 1947 og 1948 höfðu Rafmagnsveita Reykjavíkur og Stangaveiðifélag Reykjavíkur uppi ráðagerðir um að byggja sitt hvort klakhúsið. Lagði ég þá til við þessa aðila, að þeir í félagi við ríkið kæmu upp fyrirmyndar klak- og eldisstöð, og tóku þeir því furðu vel. Ríkið hafði byggt klakhús við Laxá í Þingeyjarsýslu hjá Brúum á grundvelli klaksjóðslaganna frá 1937, og var það rekið 1943 og 1944, en þá var rekstri þar hætt vegna vandræða, sem orsökuðust af krapamyndunum í klakvatninu. Var því æskilegt, að ríkið kæmi sér upp klakstöð, sem jafnframt væri eldisstöð í stað stöðvarinnar að Brúum.

Vann ég með öðru á árunum 1948—50 að ýtarlegri áætlun um klak- og eldisstöð í sameign ofangreindra aðila og lagði fram í maí 1950 áætlun um fyrirkomulag og útbúnað stöðvar, sem staðsett yrði við Elliðaár. Sigurður Ólafsson, verkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, gerði áætlun um byggingar- og rekstrarkostnað stöðvarinnar. Á næstu árum var haldið áfram með frekari undirbúning. Tillaga um sameignarsamning, sem ríkið gat fyrir sitt leyti fallizt á, var gerð, en hann fékkst aldrei samþykktur af öllum aðilum, og féll því málið niður.

Eldisstöð við Elliðaár.

Þegar útséð var um, að nokkuð yrði úr samvinnu ofangreindra aðila, hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur að undirbúa fiskeldi á eigin vegum, og gerði ég í febrúar 1953, samkvæmt ósk Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, áætlun um fyrirkomulag lítillar eldisstöðvar við Elliaðaár. Hóf Rafmagnsveitan síðan laxaeldi og silunga og hefur haldið því áfram til þessa. Hefur stöðin alið laxaseiði og selt þau sumargömul úr eldi.

Eldisstöðvar fyrir regnbogasilung.

Á árunum fyrir heimsstyrjöldina og eftir hana hafa nokkrir Íslendingar kynnzt fiskeldi í Danmörku, en þar hefur eldi silungs verið búgrein frá því fyrir síðustu aldamót. Danir hafa alið mest regnbogasilung í eldisstöðvum og slátrað honum til sölu á erlendum markaði, þegar hann hefur náð söluhæfri stærð. Hafa Danir

hagnazt vel á fiskeldinu. Árið 1950 var hafizt handa um að koma upp eldisstöð að Laxalóni í Mosfellssveit að fyrirmynd Dana með eldi matfisks fyrir augum. Var í því sambandi regnbogasilungur fluttur til landsins. Hófst eldi í stöðinni 1951. Annarri stöð af sama tagi var komið upp að Þórsbergi við Hafnarfjörð 1954.

Eldistilraunir í einkastöð.

Þar sem á árunum 1950—55 hafði verið komið upp þrem eldisstöðvum hér á landi og útlit var fyrir, að fleiri bættust í hópinn, þar sem nokkrir aðilar höfðu uppi ráðagerðir um að reisa eldisstöðvar, þá var ástæða til að vera bjartsýnn um, að á næstu árum mundu rísa upp margar eldisstöðvar á landinu, sem síðar yrðu færar um að taka upp sum þeirra verkefna, sem fyrirhugaðri eldisstöð ríkisins, Rafmagnsveitunnar og Stangaveiðifélagsins var ætlað að sinna. Fyrir önnur verkefni, sem sé tilraunastarfsemi í þágu fiskeldis og fiskræktar, mætti væntanlega fá aðstöðu í einhverri eldisstöðinni, en með því móti hefði verið vel fyrir málum séð, og ríkið hefði komizt hjá að leggja fram háa fjárhæð til byggingar eldisstöðvar. Af þeirri ástæðu lagði ég til í bréfi til hins háa ráðuneytis, dags. 22. apríl 1955, að ríkið styrkti eldisstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur með 100 þúsund króna óafturkræfu framlagi gegn því, að Veiðimálastofnunin fengi aðstöðu til þess að gera tilraunir í eldisstöðinni. Stangaveiðimenn voru reiðubúnir að leggja fram jafnháa upphæð til styrktar eldisstöð Rafmagnsveitunnar. Þetta mál náði ekki fram að ganga, þar sem fé var aldrei veitt í nefndu skyni.

Í framhaldi af ofanrituðu lagði ég til árlega í tillögum um fjárveitingu til veiðimála síðan 1956, að sérstök upphæð yrði veitt til eldistilrauna og tilrauna með fiskræktaraðferðir. Á fjárlögum fyrir 1958 voru veittar 20 þúsund krónur í þessu skyni og 25 þúsund krónur 1959. Þessar upphæðir eru svo lágar, að erfitt er að hefja tilraunir að gagni fyrir þær. Samanlagðar gera þær ekki betur en að nægja til kaupa á áhöldum í sambandi við einföldustu tilraunir. Fyrir velvilja Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra og góða fyrirgreiðslu Erics Mogensens umsjónarmanns var kleift að hefja fóðrunartilraunir í eldisstöð Rafmagnsveitunnar við Elliðaár vorið 1958 og halda þeim áfram síðastliðið sumar.

Tilraunastöð ríkisins.

Þróun eldismálanna hefur verið mjög hæg síðustu 5 ár. Ein eldisstöð bættist í hópinn á árinu 1959, og hinar hafa lítið vaxið þessi ár. Sú von mín, að einkastöðvar mundu færar um nú á undangengnum árum að gegna fyrirhuguðu verkefni eldisstöðvar, er ríkið stæði að eða ætti, sem sé að gera tilraunir í og til seiðaframleiðslu til sölu, hefur brugðizt, og er ekki von um, að úr þessu rætist verulega á næstu árum, þó að stækkun eldisstöðvar Rafmagnsveitunnar standi fyrir dyrum. Til þess að koma eldismálum okkar í viðunandi horf á næstu árum virðist mér ekki vera um annað að ræða en að ríkið reisi nú á næstu 4 árum fullkomna tilraunaeldisstöð samkvæmt heimild í 82. grein laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. Geri ég það hér með að tillögu minni, að svo verði gert. Skal nú gerð grein fyrir verkefnum slíkrar tilraunaeldisstöðvar og fleiru, er hana varðar.

Verkefni tilraunaeldisstöðvar.

Helztu verkefni tilraunaeldisstöðvar ríkisins verði:

1. Gera tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó.
2. Taka þátt í að reyna nýjar fiskræktaraðferðir.
3. Kenna hirðingu og fóðrun fisks í eldi.
4. Framkvæma kynbætur á laxi og silungi.
5. Sjá um útvegun og eldi á heppilegum stofnum lax og silungs til þess að sleppa í ár og vötn og til notkunar í öðrum eldisstöðvum.
6. Framleiða fisk til sölu á erlendum markaði.

Á síðustu árum hafa komið fram erlendis margar nýjungar í fiskrækt, og er útlit fyrir, að svo muni halda áfram. Nýjust þeirra er eldi lax og silungs í sjóblönduðu vatni og í sjó, sem gefið hefur sérlega góða raun vestan hafs. Margar nýjungar eru líklegar til þess að geta komið okkur að miklu gagni, en um gildi þeirra við íslenzkar aðstæður verður ekki sagt með vissu, fyrr en þær verða reyndar hér af vísindalegri nákvæmni. Hlutverk tilraunaeldisstöðvar verður m. a. að reyna þessar aðferðir, eins og fram kemur hér að ofan, enda mun engin önnur eldisstöð fær um að taka að sér að sinna þessu verkefni, svo að vel fari.

Þýðing tilraunaeldisstöðvar.

Tilraunaeldisstöð eins og sú, sem hér um ræðir, mun hafa grundvallarþýðingu fyrir fiskræktina í landinu svo og eldi alifisks til útflutnings. Stórauka má lax- og silungsveiðina til hagsbóta fyrir veiðibændur og til þess að gefa mun fleiri stangaveiðimönnum tækifæri til þess að veiða heldur en nú er. Sleppa þarf laxaseiðum af göngustærð, 10—15 cm að lengd, í árnar í stórum stíl, og ala má upp laxaseiði í stöðuvötnum með tiltölulega litlum tilkostnaði. Tilraunaeldisstöðin getur orðið mönnum hvatning til þess að hefja fiskeldi sjálfir, auk þess sem hún mun veita mönnum hvers konar upplýsingar og fræðslu um fiskeldi. Má vænta þess, að upp muni rísa á landinu á næsta mannsaldri fjöldi eldisstöðva, sem framleiði matfisk til útflutnings og muni færa þar með þjóðarbúinu verulegan gjaldeyri. Er laxarækt í eldisstöðvum, þar sem seiðin eru alin upp í göngustærð og sleppt svo í sjó, sérstaklega arðvænleg. Er líklegt, að fá megi allt að 1.3 milljón króna virði af laxi á hektara af eldistjörnum hér sunnan- og vestanlands, þegar sjóblanda er notuð sem eldisvatn. Laxinn er veiddur, þegar hann kemur aftur fullþroska úr sjó. Getur hann gengið rakleitt upp í eldistjarnirnar, ef rétt er um búið.

Undirbúningur og bygging tilraunaeldisstöðvar.

Nauðsynlegt er að ætla nær tvö ár til þess að undirbúa byggingu tilraunaeldisstöðvar og tvö ár til þess að byggja stöðina og íbúðir fyrir starfsfólk og nema. Ef hafizt yrði handa nú þegar um undirbúning að stöðinni, ætti honum að vera lokið að mestu seint á árinu 1961. Seinni hluta sumars 1961 yrði byrjað á að byggja klakhús og undirbúa að byggja nokkrar eldistjarnir. Klak yrði fengið í klakhúsið þá um haustið. 1962 yrði unnið að aðalframkvæmdunum og þeim síðan lokið fyrir árslok 1963. Þegar 1962 væri byrjað að ala seiði, og hæfist þannig nokkur rekstur í stöðinni eins fljótt og hægt er. Ætla má, að undirbúningskostnaður á þessu ári yrði nál. 100 þúsund krónur. Á næsta ári þyrfti væntanlega 5 hundruð þúsund krónur og það sem á vantar af byggingarkostnaði að helmingi hvort árið 1962 og 1963, en alls mundi stöðin kosta 3 til 4 milljónir. Nokkurt fé þarf að ætla stöðinni í rekstrarkostnað fyrstu 3—4 árin, en úr því ætti hún að geta staðið undir sér sjálf.

Stofnun fiskræktarsjóðs.

Kostnaður við byggingu tilraunaeldisstöðvar mun vaxa mörgum í augum. Þeir menn eru vafalaust til, sem telja litla ástæðu til, að ríkissjóður leggi beint fram fé til byggingar stöðvarinnar, þó að hann hafi veitt fé til þess að koma upp tilraunastöðvum í öðrum greinum. Í þessu sambandi skal á það bent, að nauðsynlegt er að finna leið til þess að leysa fjárhagsvandræðin, sem fiskræktarmálin hafa verið og eru í, með því að finna þeim fastan tekjustofn. Stofna þyrfti fiskræktarsjóð, sem hefði það hlutverk að styrkja fisrækt og fiskeldi og skyld mál. Ef slíkur sjóður yrði stofnaður, gæti það verið fyrsta verkefni hans að styrkja byggingu tilraunaeldisstöðvar eða standa algerlega undir byggingarkostnaðinum. Þess skal getið, að stangaveiðimenn hafa lagt til, að tekna yrði aflað í fiskræktarsjóð með því að leggja 0.75% á selda raforku frá vatnsaflsstöðvum.

Staðsetning tilraunaeldisstöðvar.

Um staðsetningu tilraunaeldisstöðvar er það helzt að segja, að hún mun bezt staðsett í nánd við Reykjavík. Í því sambandi hef ég athugað aðstæður fyrir slíka stöð í Kollafirði, og eru þær að flestu leyti hagkvæmar. Þar má t. d. hafa eldistjarnir fyrir ferskt vatn, sjóblöndu og sjó. Fleiri staðir koma vafalaust til greina, og þarf staðsetning stöðvarinnar nánari athugunar við. Heimildar hins háa ráðuneytis er þörf til þess að semja um leigu eða kaup á landrými undir stöðina svo og vatnsréttindi. Kostnaður við leigu eða kaup á landi undir stöð er ekki talinn með í hinni lauslegu áætlun um kostnaðinn við að koma upp tilraunaeldisstöð hér að framan.

Lokaorð.

Um þörfina fyrir tilraunaeldisstöð hér á landi munu margir efast, eins og reyndar alltaf er, þegar nýjungar koma fram. Við getum í því sambandi litið til Dana og sannfærzt af reynslu þeirra um nauðsyn tilraunaeldisstöðvar. Í Danmörku hefur silungseldi verið búgrein síðan fyrir aldamótin síðustu. Það var fyrst 1953, að Danir komu sér upp tilraunaeldisstöð eftir margra ára bollaleggingar og vangaveltur. Stöðin hefur þegar gert mikið gagn fyrir silungseldið í Danmörku, m. a. með því að lyfta hulu leyndar um aðferðir við silungseldið. Þessi leynd hafði komið í veg fyrir eðlilegar framfarir í eldismálum Dana í áratugi. Er erfitt að gera sér grein fyrir, hve miklu meira gagn tilraunaeldisstöðin í Danmörku hefði getað unnið fiskeldinu þar, ef hún hefði lengri starfstíma að baki. Hvílíkt óhemju gagn gæti því ekki tilraunastöð orðið hinu nýhafna fiskeldi á Íslandi, ef hafizt yrði handa um að koma henni upp nú þegar? Þegar til kastanna kemur, þá getur starfsemi fyrirhugaðrar tilraunaeldisstöðvar haft úrslitaþýðingu um það, hve ört og vel fiskeldi breiðist út hér á landi og hve arðvænlegt það verður.

Reykjavík, 6. janúar 1960.

Þór Guðjónsson.

Ed. 187. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um söluskatt.

Frá fjármálaráðherra.

Við 3. gr. Orðið „umbúða“ í 3. málsgr. falli burt.

Ed. 188. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 6. gr.
   a. Töluliður 11 orðist svo:
      Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, enn fremur bækur frumsamdar á íslenzku.
   b. Á eftir tölulið 15 komi nýr töluliður, er verður töluliður 16, svo hljóðandi:
      Nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra.
2. Við 17. gr. Inn í greinina bætist svofelld málsgrein, er verði 2. málsgrein:
   Eigi má álagning í heildsölu og smásölu hækka vegna söluskatts af innfluttum vörum.

Ed. 189. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Á eftir 23. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Söluskattur af sölu, afhendingu eða þjónustu, sem látin er í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, skal renna í sérstakan sjóð. Fé hans skal lána til byggingar veitinga- og gistihúsa. Sjóðurinn skal vera í umsjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Í reglugerð skulu settar nánari reglur um lán úr sjóðnum.

Nd. 190. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þó standa allir nefndarmenn að breytingartill. við frumvarpið á þingskjali 169. SB, BF og GuðlG skila sameiginlega nefndaráliti, en HV og undirritaður gefa út sitt nefndarálitið hvor.

Víðtæk tryggingalöggjöf, sem tryggir aldraða, sjúka og þá, er misst hafa fyrirvinnu sína, er aðalsmerki hvers þjóðfélags. Þau réttindi, sem tryggingar veita hverju sinni, hljóta undir venjulegum kringumstæðum að miðast að verulegu leyti við efnahagsástand landanna og getu þeirra, sem undir útgjöldum tryggginganna standa.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er það m. a. tekið fram, að aukning sú á bótagreiðslum almannatryggginganna, sem frumvarpið boðar, sé einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar séu í efnahagsmálum. Þetta skil ég þannig, að ýmis ákvæði frumvarpsins um bótagreiðslur séu til bráðabirgða og borin fram til þess að mæta erfiðleikum hjá fólki, er sérstaklega verður fyrir barðinu á efnahagsaðgerðum þeim, sem verið er að framkvæma. Þannig er þessu sennilegast farið um ákvæði frumvarpsins um greiðslu fjölskyldubóta með 1. barni, sem kosta munu tryggingarnar um 62.4 millj. kr. á ári og í þetta skiptið á að greiða úr ríkissjóði alveg. Bætur með 2. barni kosta 36.4 millj. kr., eða samtals 98.8 millj. kr. árlega. Undir venjulegum kringumstæðum er þörfin fyrir fjölskyldubætur með 1. barni ekki knýjandi, en vegna þess að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar lenda með hvað mestum þunga á unga fólkinu, sem nú er að byggja yfir sig og stofna sín heimili, þá tel ég ekki óeðlilegt, að fjölskyldubætur séu greiddar um sinn með 1. barni, eða jafnlengi og það ástand varir, sem þetta gerir nauðsynlegt.

Helztu breytingar í frumvarpinu frá gildandi lögum um bótagreiðslur almannatryggginganna eru þær að auka fjölskyldubætur, sem fyrr segir, og enn fremur elli- og örorkulífeyri og aðrar bætur lífeyristryggginganna. Þá eru dánarbætur hækkaðar og samræmdar þannig, að sömu bætur verða greiddar vegna dauðaslyss, hvort sem það verður á sjó eða landi. Um þessar meginbreytingar er ekki ágreiningur í nefndinni, nema hvað HV vill ganga enn þá lengra í hækkunarátt. Hins vegar legg ég til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar

BREYTINGAR:

1. Framan við 2. gr. bætis ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Fyrir orðið „Heimilt“ í 3. málsl. 1. málsgr. 10. gr. laganna komi: Skylt.
2. 2. málsgrein 5. gr. falli niður.

3. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
1. og 2. málsgr. 22. gr. laganna falli niður.

Fyrir þessum breytingartillögum mun ég gera grein í framsögu.
Með þessum breytingum legg ég til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 14. marz 1960.

Jón Skaftason.

Ed. 191. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. Ed., 14. marz.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 1. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnum eftirtalinna samtaka neytenda: Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur.
Hagstofustjóri skal vera nefndinni til aðstoðar.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum um slíkan verðlagsgrundvöll, þá skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.
Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.

Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum framleiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda samkvæmt 3. gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers árs framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sex manna nefnd.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 3. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 4. gr.

6. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 9. gr.), svo hljóðandi:

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna hækkunar á kaupi, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr., 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 10. gr.), svo hljóðandi:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

8. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 11. gr.), svo hljóðandi:

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsgr. þessarar gr.

10. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra, ásamt 3. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947, 1.—2. og 4.—6. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, inn í lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. og 2. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947 og 3. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga.

Ed. 192. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, Landssamband íslenzkra útvegsmann einn, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi einn og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi einn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kosningin gildir til þriggja ára.

Nefndin kýs sér formann, varaformann og ritara. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu dveljast á Siglufirði eða nálægum stöðum um síldveiðitímann á sumrin, en í Reykjavík eða nálægum verstöðvum, á meðan síldveiðin stendur yfir á öðrum tíma árs við Vestur- og Suðurland. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað. Skrifstofur nefndarinnar skulu vera á Siglufirði og í Reykjavík, og getur nefndin ráðið tvo framkvæmdastjóra til að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði, sbr. þó 11. gr.

2. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd hefur með höndum úthlutun útflutningsleyfa, síldarsöltunarleyfa og löggildir söltunarstöðvar.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Enginn má bjóða til sölu, selja, eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi eða verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum, að ísaðri og frystri síld undanskilinni, til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd úthlutar söltunarleyfum til saltenda. Síldarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til þess að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Til söltunar fyrir innanlandsmarkað þarf leyfi síldarútvegsnefndar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlítir eigi þeim fyrirmælum síldarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun og söltun síldarinnar, og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi aðila rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma. Allir síldarsaltendur skulu skv. ákvörðun nefndarinnar sækja árlega um söltunarleyfi fyrir ákveðinn tíma. Allir saltsíldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að síldarsöltuninni verði hagað

eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um framleiðslumagn skal senda nefndinni daglega.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra manna, sem nú skipa síldarútvegsnefnd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem felur í sér nokkrar breytingar á skipan síldarútvegsnefndar, miðar fyrst og fremst að því að tryggja síldarsaltendum aðild að nefndinni, en það hafa þeir ekki, eins og lögin kveða á um skipan nefndarinnar nú. Þá er í frumvarpi þessu um nokkrar aðrar breytingar að ræða, sem telja verður rétt að gerðar séu, en þær eru um atriði í lögunum, sem nú eru úrelt og samrýmast ekki framkvæmdinni.

Svo sem kunnugt er, eru nú starfandi sölusamtök framleiðenda um sölu á öllum greinum sjávarútflutningsframleiðslunnar nema saltaðri síld, en hún hefur um alllangan tíma verið í höndum síldarútvegsnefndar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er um skipan nefndarmanna, er það hending, hvort nokkur síldarsaltandi á sæti í nefndinni. En það verður að teljast óeðlilegt, að framleiðendur, sem eiga ef til vill mest undir framkvæmd nefndarinnar komið, hafi ekki aðstöðu til þess að taka virkan þátt í sölumeðferðinni og gæta hagsmuna sinna.

Félög síldarsaltenda eru nú tvö starfandi í landinu: Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Bæði félögin, ásamt Fiskifélagi Íslands á nýloknu fiskiþingi, hafa einróma samþykkt að óska eftir því, að sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld o. fl., komi sem fyrst til framkvæmda.

Ed. 193. Frumvarp til laga [88. mál]

um söluskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 164 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar.

Ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar taka ekki til hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, og skulu seljendur slíkra verðmæta ávallt innheimta söluskatt af þeim, nema þau séu sérstaklega undanþegin skatti skv. ákvæðum 6. eða 7. gr. þessara laga.

Sþ. 194. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þar sem fram hafa verið lögð á Alþingi að þessu sinni tvö fjárlagafrumvörp, þykir 1. minni hl. fjárveitinganefndar rétt að minnast þeirra beggja að nokkru, enda eru þau gott dæmi um þá algeru stefnubreytingu, er orðið hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á yfirstandandi Alþingi.

Í útvarpsræðu, er fyrrverandi fjármálaráðherra, Guðmundur Í Guðmundsson, flutti fyrir síðustu kosningar, lýsti hann því yfir, að fjárlagafrumvarp það, er hann legði fram á Alþingi að kosningum afstöðnum, yrði greiðsluhallalaust og spár um erfiðleika í fjármálum þjóðarinnar væru ástæðulausar og aðeins gerðar af vondum hug. Sömu sögu sögðu stjórnarliðar um afkomu atvinnuveganna í kosningabaráttunni. Útflutningssjóður stóð betur en nokkru sinni fyrr samkv. þeirra frásögn. Verðbólgan var stöðvuð án nýrra skatta. Óbreytt ástand var kjörorðið, að viðbættu því, að leiðin til *bættra lífskjara* væri að kjósa stjórnarflokkana. Út á þessi loforð tókst stjórnarliðum að ná naumum meiri hluta á Alþingi í kosningunum s. l. haust og mynda þá ríkisstjórn, er nú mótar stefnuna í málefnum þjóðarinnar. Með myndun hennar varð sú breyting á, að ráðherrum var fjölgað og Sjálfstæðisflokkurinn tók opinberlega þátt í stjórnarstörfum í staðinn fyrir að láta Alþýðuflokkinn annast þau fyrir sig, enda voru kosningar afstaðnar og nú óhætt að ganga til þeirra verka, er að var stefnt.

Stöðvunarstefnan, sem á s. l. ári þótt „fögur hugsjón", heyrist nú ekki lengur nefnd, enda hafði hún nú lokið hlutverki sínu: Dregið hefur verið úr áhrifavaldi landsbyggðarinnar með breyttri kjördæmaskipun, lækkað kaup, dregið úr uppbyggingu úti um landsbyggðina og skilað stjórnarliðum meiri hluta á Alþingi. Meðan forsvarsmenn þessarar stefnu prédikuðu, að málefni þjóðarinnar yrðu leyst í framtíðinni á sama hátt og gert var 1959, notuðu mennirnir, sem eiga peninga eða hafa ráð á þeim, „svikalognið", er skapað hafði verið í efnahagsmálum, til að byggja hvert stórhýsið af öðru, svo sem sjá má í höfuðborg landsins, og munu þau verða eitt af því, er kemur til með að minna á þetta blekkingartímabil í sögu þjóðarinnar. Þá var stefnubreytingin í efnahagsmálum boðuð með 2—3 mánaða fyrirvara, og gafst þá gott tækifæri fyrir þá fjársterku til að búa sig undir það, sem koma átti. Munu slíks fá dæmi með öðrum þjóðum eða jafnvel engin, að gerbylting í efnahagskerfi hafi verið boðuð með svo löngum fyrirvara.

Fyrsti þáttur í störfum hinnar nýju ríkisstjórnar, er tók við völdum í byrjun þessa Alþings, var sá, að hún hafði að engu fjárlagafrumvarp það, er fyrrv. ríkisstjórn hafði samið og hælt sér af, sem fyrr greinir. Enginn fékkst til að mæla fyrir því. Afdrif þess urðu í stuttu máli þau, að það hafnaði í bréfakörfunni ásamt kosningaloforðum núverandi stjórnarflokka um „óbreytt ástand" og stöðvun verðbólgu án nýrra skatta. Hætt var að tala um leiðina til bættra lífskjara, en í þess stað, að þjóðin lifði um efni fram og því yrði að breyta.

Þegar núverandi forsætisráðherra kynnti ríkisstjórn sína á fyrsta degi þessa þings, gaf hann yfirlýsingu um, að fjármálaástand þjóðarinnar væri alvarlegt, en skýrði það ekki nánar á Alþingi. En hann fór sama dag á fund í stjórnmálafélaginu „Verði", á fyrsta degi ríkisstjórnarinnar, og sagði sínu fólki, að ástandið í efnahagsmálum væri iskyggilegra en menn grunaði og miklir erfiðleikar væru fram undan, þar sem nú skorti 250 millj. kr., er afla þyrfti með nýjum álögum á þjóðina, svo að vel væri séð fyrir atvinnulífinu og fjármálum ríkissjóðs. Brá þjóðinni mjög í brún, er þessi tíðindi bárust, enda voru henni þá í fersku minni fullyrðingar stjórnarliða um „hreint borð" í efnahagslífinu og góða afkomu í hvívetna.

Fleiri tíðindi gerast nú von bráðar. Það kom næst, að ríkisstjórnin ákvað að senda Alþingi heim eftir fárra daga setu. Til þess að stjórnin mætti koma þessum vilja sínum í framkvæmd, sameinaði hún í eitt frumvarp mörg lagafrumvörp til framlengingar á eldri tekjustofnum. Á þann hátt tókst henni að komast fram hjá eðlilegri málsmeðferð á Alþingi og notaði vald sitt á annan hátt, svo sem hún taldi sér fært.

Ríkisstjórnin beitti fyrir sig sem ástæðu fyrir þingfrestuninni, að hún þyrfti tíma og næði til þess að gera tillögur um nýtt efnahagskerfi, og til þess að faðerni á því yrði ekki í efa dregið, ákvað hún, að sem fæstir kæmu þar nærri, og vildi því losna við sitt eigið stuðningslið á Alþingi auk stjórnarandstöðunnar. Var þingmönnum þannig meinað að vinna að þingstörfum, eftir að ríkisstjórnin hafði barið þennan vilja sinn fram.

Þegar þinghlé hafði verið gert, bárust þær fréttir einar af ríkisstjórninni, að hún hefði dregið feld yfir höfuð sér og hugsaði sitt ráð, svo að engin vanhugsun né skekkja yrði í útreikningum. Þingmönnum bárust ekki frekari fréttir af tillögum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, fyrr en þeir mættu til þings að nýju.

Hin nýja stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur m. a. komið fram í eftirfarandi:

1. Fjárlagafrumvarpið hækkar frá fjárlögum 1959 um á fimmta hundrað milljóna króna.
2. Í lögum um efnahagsmál er breytt gengisskráningu íslenzkrar krónu, svo að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um 50—78%, og afnumdar sérbætur á útflutningi, en þeim þætti uppbótakerfisins þó haldið og við hann aukið, er að niðurgreiðslu snýr, og uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur eiga að haldast.
3. Stórfelld vaxtahækkun hefur verið ákveðin og starfsemi banka og sparisjóða gerð mjög ófrjáls, þar sem af þeim er tekinn helmingur af sparifjáraukningu og ákvörðunarréttur um heildarútlán. Hluti af sparifé sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga úti um land er dreginn til Reykjavíkur í stað þess að nota það sem aflgjafa í atvinnulífi og til uppbyggingar á heimastöðum.
4. Lagðir eru á stórfelldir nýir skattar, svo sem söluskattur, innflutningsgjald af benzíni, aukatekjur stórhækkaðar o. s. frv.

Það eru þrjú meginatriði í þessari nýju efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, og verður hér nokkuð að þeim vikið.

1. Hún á að skapa samdrátt og kyrrstöðu í uppbyggingu atvinnu- og viðskiptalífs þjóðarinnar, sem bezt sést á því, að þrátt fyrir fólksfjölgun tveggja síðustu ára og aukna framleiðslu á að draga stórlega úr innflutningi til landsins frá því, sem hann var 1958, og á sama tíma er talað um að gefa 60% af innflutningi frjálsan. Slíkur samdráttur er að okkar dómi óframkvæmanlegur án þess að skapa algert vandræðaástand, og við munum ekki viðurkenna hann í okkar tillögum, en glöggt er, hvað þeir vilja.

Í meira en þrjá áratugi hefur íslenzka þjóðin unnið að því af kappi að byggja upp land sitt og rækta það. Hefur þjóðfélagið í heild lagt þar mikið til með framlögum til framkvæmda, hagkvæmum framkvæmdalánum o. fl. Þessi stefna hefur gert þjóðina athafnameiri en ella. Þjóðin hefur lagt hart að sér í uppbyggingu, enda er þátttaka almennings í atvinnulífinu meiri hér en gerist með öðrum þjóðum. Almenn velmegun er því meiri og færri auðmenn og fátæklingar. Vegna þeirrar bjartsýni og þess þróttar, sem uppbyggingarstefnan hefur skapað, hefur þjóðinni tekizt að ryðja sér braut frá fátækt til bjargálna á örstuttum tíma og aukið framleiðslu sína jafnt og þétt.

Þessu framfaratímabili skal nú lokið samkv. stefnu ríkisstjórnarinnar. Dregið skal stórlega úr stuðningi við uppbygginguna: vextir hækkaðir, lánstími styttur, fjárframlög minnkuð, auðmenn og braskarar geta einir lagt í fjárfestingu. Hugtak eins og jafnvægi í byggð landsins á nú að tilheyra fortíðinni, en upp tekin sú regla að nota fjármagnið þar, sem það borgar sig bezt í augnablikinu.

2. Því virðast engin takmörk sett, hvað ríkisstjórnin leyfir sér að leggja á almenning af nýjum álögum.

Þegar forsætisráðherra skýrði frá því á Varðarfundinum 20. nóv. s. l., að nú þyrfti að leggja á þjóðina 250 millj. kr. nýjar álögur vegna ríkissjóðs og atvinnuveganna, þótti bæði honum og þjóðinni allri að vonum nóg um. En hvað hefur gerzt síðan? Eru það aðeins 250 millj. kr., sem á almenning hafa verið lagðar í nýjum álögum? Það skal nú athugað nokkru nánar.

Álögur þær, er á almenning voru lagðar með breytingu á gengisskráningu og vaxtahækkun, munu nema a. m. k. um 650 millj. kr., þegar frá er dregið það, sem gengur inn og út í dæminu vegna atvinnuveganna og til fjölskyldubóta.

Dæmið verður þannig:

Nýju söluskattarnir á ári a. m. k. 370 millj. að frádregnum 20% til bæjar- og sveitarfélaga	296 millj. kr.	
Hækkun á verðtolli og öðrum tekjum í sambandi við gengislækkunina (áætlun ríkisstjórnarinnar)	156 — —	
Skattar látnir renna í ríkissjóð nú, sem áður runnu í útflutningssjóð, nettó (áætlun ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv.)	113 — —	
		565 millj. kr.
Lækkanir ríkisstjórnarinnar á sköttum til ríkissjóðs:		
1. Lækkun á tekjuskatti (skv. áætlun ríkisstjórnarinnar)	73 millj. kr.	
2. Brottfall söluskatts á innlendri framleiðslu og þjónustu, er rann til ríkissjóðs	35 — —	
		108 millj. kr.
Nýjar álögur til ríkissjóðs		457 millj. kr.
Álögur vegna gengisbreytingar og vaxtahækkunar a. m. k.		650 — —
Álögur samtals a. m. k.		1107 millj. kr.

Þjóðin spyr: Er þörf á þessum álögum öllum? Svarið er á næsta leiti: Yfirlýsing forsætisráðherrans um 250 millj. í nóv. s. l. Það er þörfin. En það skulu menn íhuga, að hér er það að gerast, að ríkisstjórnin er að koma á nýrri skipan efnahagsmálanna, þar sem auðurinn á að ráða uppbyggingunni og fátæktin að vera skömmtunarstjóri. Þessara ráðstafana er sem sé alls ekki þörf til að jafna halla í þjóðarbúskapnum, en á hinn bóginn á að gera þær til þess að gerbreyta uppbyggingu þjóðfélagsins.

3. Stefna ríkisstjórnarinnar er að auka vald hennar og draga það úr höndum Alþingis. Ber þar fyrst að nefna þingfrestunina, sem gerð var til að komast hjá eðlilegri meðferð þingmála, eins og t. d. með bráðabirgðalögum um búvöruverð, og til að fá næði til að fullmóta stefnuna í efnahagsmálum að þingmönnum fjarverandi.

Ríkisstjórnin hefur látið gefa sér heimild til að ákveða, hvenær útflutningssjóður skuli lagður niður, og þar með vald til að afnema lög, sem Alþingi eitt á að gera, — enn fremur til að ákveða lánstíma og vaxtakjör fjárfestingarsjóða, eins og ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, byggingarsjóða sveitanna og ríkisins og margra annarra slíkra stofnana. Þetta var gert með lítilli lagagrein í óskyldum lögum.

Sama stefna er uppi í frv. um söluskatt. Þar fær ráðherra vald til að ákveða eftirgjöf og jafnvel sektir í sambandi við framkvæmd þeirrar löggjafar. Þá hefur ríkisstjórnin látið þinglið sitt samþykkja heimild sér til handa til að ákveða álagningu á tóbaksvörur. Sú hugkvæmni ríkisstjórnarinnar að láta setja fé til framkvæmda í samgöngum á landi á 20. gr. fjárlaga er af sama toga spunnin. Hér er verið að komast fram hjá löglega kosnum þingmönnum kjördæmanna til réttmætra áhrifa og þannig

meina þeim að gegna störfum, sem þeir eru kosnir til. Sækir hér ört og óhugnanlega í átt til einræðis.

Þessar skýringar munum við láta nægja um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Skal þá vikið að fjárlagafrv.

Það vekur allmikla undrun, að ekki er sjáanlegt, að gerð sé nokkur tilraun til sparnaðar í ríkisrekstrinum, þrátt fyrir öll gífuryrði stjórnarliða frá fyrri árum um það, að auðvelt væri að koma sparnaði við, ef ekki skorti réttsýni og kjark.

Í þessu sambandi þykir rétt að minna á orð fyrrv. fjármálaráðherra, Guðmundar Í. Guðmundssonar, í fjárlagaumræðum 20. apríl s. l. Þá sagði hann:

„En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, þá er það sannfæring mín, að mikið megi niður færa og mikið megi spara í ríkisbákninu. Það hefur verið minnzt á utanríkismálin í þessu sambandi og fækkun sendiráða. Á það atriði var líka minnzt í fyrrv. ríkisstjórn. Ég benti á, að sá sparnaður, sem mér fyndist liggja beinast við að gera og nauðsynlegt er að koma á, sé samfærsla hinna tveggja sendiráða, sem við höfum í París. Sú samfærsla er nauðsynleg, hún er sjálfsögð."

Hvað gerði fyrrv. ríkisstjórn til þess að koma sparnaðarvilja sínum fram? Aldrei hefur verið meiri þörf en nú á að draga úr kostnaði við utanríkisþjónustu, þar sem útgjöld á þeim lið fjárlaga hækka á 8. millj. kr. frá síðustu fjárlögum.

Núverandi formaður fjárveitinganefndar sagði þann 20. okt. 1958 m. a. þetta: „Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum."

Stjórnarliðið hefur nú aðstöðu til þess að koma sparnaðarvilja sínum í framkvæmd, og nú bíðum við og sjáum, hvað gerist.

Fjárveitinganefnd hefur unnið ötullega að fjárlagaafgreiðslunni, og henni hefur ekki veitt af þeim tíma, er hún hefur haft til verksins. Henni barst ekki tekjuáætlunin frá ríkisstjórninni fyrr en eftir hádegi s. l. laugardag, svo að sýnt er, að ekki var hraðinn meiri þar. Þá hefur nefndinni ekki tekizt enn að fá frá ríkisstjórninni sundurliðun á niðurgreiðslum yfirstandandi árs eða hvernig séð verði fyrir fjárútvegun til niðurgreiðslna á áburði og fóðurbæti, sem landbúnaðarráðherra lýsti yfir við setningu búnaðarþings að upp yrðu teknar, eða til útflutningsuppbóta vegna landbúnaðarvara. Það hefur ekki heldur tekizt að útvega sundurliðun á umframeyðslu s. l. ár á fé til flugvallagerða, sem nam þó um 6 millj. kr. eða litlu einu lægri fjárhæð en þá var varið á fjárlögum til þeirra framkvæmda. Þá virðist erfitt að fá nægjanlegar upplýsingar um þróun efnahagsmála s. l. ár. Má það þó merkilegt teljast, þar sem allar aðgerðir í efnahagsmálum nú voru a. m. k. í upphafi taldar standa í sambandi við þróun þeirra þá. Þó er það upplýst, að útflutningsbirgðir jukust í landinu yfir 80 millj. kr., en staða okkar út á við er talin hafa versnað um rúmar 90 millj. kr. Ekki er hér um mikið bil að ræða óbrúað, ef birgðaaukning hefði ekki átt sér stað.

Ekki tókst í fjárveitinganefnd að fá tekjur ríkissjóðs af innflutningi 1958 útreiknaðar, miðað við núverandi gengisskráningu, þótt eftir því væri óskað. En eðlilegt var að setja myndina upp á þann hátt einnig.

Sú venja hefur verið viðhöfð í fjárveitinganefnd, að nefndin samþykki heildarfjárhæð til verklegra framkvæmda, svo sem til vega, brúa, hafna o. fl. Síðan hefur hlutaðeigandi embættismanni verið falið að gera tillögur um skiptingu á fjárhæðinni. Þingmenn hlutaðeigandi kjördæmis hafa svo gert í samráði við embættismennina breytingar á skiptingu innan síns kjördæmis, ef þeir hafa óskað.

Nú var þessu hagað á annan veg. Embættismennirnir voru látnir skipta þeirri upphæð, sem í fjárlagafrumvarpinu fólst, án þess að nefndin hefði samþykkt, hverju skipta ætti. Tillögur embættismannanna voru svo lagðar fyrir þingmenn hlutaðeigandi kjördæma. Því var lýst yfir af hálfu meiri hluta fjárveitinganefndar, að þar sem allir þingmenn kjördæmisins væru á eitt sáttir um skiptinguna, mundi meiri hlutinn gera þá skiptatillögu að sinni. Hins vegar tók meiri hlutinn upp

sem sína tillögu skiptatillögur frá einum af 5 þingmönnum sama kjördæmis, og jafnvel voru tillögur frá varaþingmanni, sem hættur var þingstörfum, teknar fram yfir tillögur þingmanna kjördæmisins og vegamálastjóra. Í öðru tilfelli fóru stjórnarstuðningsmenn með sínar tillögur beint í fjárveitinganefnd, án þess að þær hefðu hlotið afgreiðslu hjá þingmönnum hlutaðeigandi kjördæmis sameiginlega. Á þessi sýnishorn er bent hér, svo að þjóðinni verði það betur ljóst en orðið er, hvaða samstarfshneigð gekk stjórnarliðum til með sameiningu kjördæmanna.

Eins og fram kemur í áliti meiri hluta fjárveitinganefndar, stöndum við, fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd, að flutningi á útgjaldatillögum fjárveitinganefndar með þeim fyrirvara, að við erum óbundnir af fylgi við einstakar tillögur.

Um verklegar framkvæmdir er það að segja, að við lögðum til í nefndinni að hækka stórlega framlag til vega, brúa og hafna. Tillögur þessar voru felldar, og flytjum við tillögur um breytingar á þessum liðum. Þróunin hefur færzt ískyggilega í það horf, að þessir liðir dragist aftur úr í fjárlögum, og viljum við ekki una því.

Eins og fyrr er greint í nefndaráliti okkar, eru tekjur fjárlagafrv. óraunhæft áætlaðar. Enda þótt við séum fylgismenn þeirrar stefnu í fjárlagaafgreiðslu að áætla tekjur varlega, munum við ekki geta viðurkennt þá tekjuáætlun, sem meiri hlutinn gerir að þessu sinni, sem raunhæfa. Þar er verið að leyna tekjum í stórum stíl.

Ef innflutningur ársins 1958 er tekinn til samanburðar og reiknað með núverandi gengisskráningu, kemur í ljós, að tekjur til ríkissjóðs af þeim tekjustofnum, er þá giltu, eru mun hærri en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. fjárveitinganefndar. T. d. munu eftirtaldir tekjuliðir fjárlaga gefa þær tekjur, er hér greinir, miðað við sama innflutning og þá var:

		Tillögur stjórnarliða	
	1958	1960	Mismunur
Vörumagnstollur	36.3 millj.	33 millj.	3.3 millj.
Verðtollur	461.3 —	365 —	96.3 —
Innflutningsgjald	164.3 —	122 —	42.3 —
Söluskattur	195.9 —	157 —	38.7 —
			Alls 210.3 millj.

Ekki er hægt að gera sér grein fyrir tekjum af tekjuskatti, þar sem boðað frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Hins vegar orkar það varla tvímælis, að fyrirhugaður söluskattur mun reynast drjúgum meiri tekjulind en áætlað er.

Um 2. gr.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, leggjum við til, að þessar breytingar verði gerðar á 2. gr. fjárlaga:

Verðtollur verði	410 millj. kr.
Innflutningsgjald verði	140 millj. kr.
Söluskattur verði	174 millj. kr.

Um tillögur þær, sem við flytjum til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs, er þetta að segja í heild: Þær eru flestar miðaðar við þá höfuðstefnu okkar að halda áfram efnahagsuppbyggingu um land allt.

Um 12. gr.

Til læknabústaða og sjúkrahúsa leggjum við til að verði varið 3 350 000 kr., en það er 500 þús. kr. hækkun. Þörfin, eins og nú er, er talin vera 5 millj. kr., og er hér reynt að koma lítils háttar til móts við hana.

Um 13. gr.

Við leggjum til, að eftirtaldir liðir verði sem hér segir:

Til nýrra akvega	22 770 000 kr.
Til brúargerða	14 940 000 —
Til fjallvega	1 500 000 —

Þá munum við enn á ný freista þess, að hækkun sú, sem varð á benzíngjaldi, verði látin ganga til samgangna á landi. Við leggjum því til, að eftirtaldar fjárveitingar verði teknar upp í 13. gr. fjárlaga:

Til endurbyggingar þjóðvega verði	3.3	millj.
Til endurbyggingar gamalla brúa verði	2.925	millj.
Til brúasjóðs verði	1.5	millj.
Til steinsteyptra vega verði	5	millj.

Þá leggjum við einnig til, að framlag til hafnargerða hækki í 15 565 000 kr. Er hér aðeins gert ráð fyrir hækkaðri fjárveitingu vegna verðhækkana af völdum efnahagsráðstafana, þó að frekari fjárveitinga væri þörf.

Við gerum ekki tillögur um að skipta þessu framkvæmdafé nú, heldur gerum ráð fyrir, að fjárveitinganefnd geri það fyrir 3. umræðu fjárlaga.

Mikla nauðsyn ber til, að vegagerð ríkisins hafi nokkurt fé til vélakaupa. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 950 þús. kr. Við leggjum til, að þessi liður verið 1 950 000 kr.

Um 14. gr.

Fjárþörf íþróttasjóðs hefur farið sívaxandi, mun nú vera um 15 millj. kr. Við leggjum til að hækka þennan lið í 2.5 millj. kr. Tillagan bætir úr brýnustu þörf sjóðsins.

Um 15. gr.

Til kirkjubyggingasjóðs var greidd þrjú síðustu ár aukafjárveiting að fjárhæð 325 þús. kr. á ári. Gert er ráð fyrir, að hún falli nú niður. Fjárþörf sjóðsins er mikil. Við leggjum til, að hann fái að halda svipaðri fjárveitingu og hann hafði á s. l. ári og fjárveitingin verði 850 þús. kr.

Um 16. gr.

Stjórn vélasjóðs fór fram á það við ríkisstjórnina s. l. sumar að fá hækkað framlag til stofnkostnaðar vegna endurbóta og byggingar verkstæðishúss, svo að starfsskilyrði yrðu viðunandi. Við viljum nú taka þessa ósk til greina og leggjum því til, að liðurinn verði 650 þús. kr.

Niður var fellt úr fjárlögum í fyrra framlag til kaupa á jarðræktarvélum. Þá var til nokkurt geymslufé, nú er það þrotið. Við leggjum til, að liðurinn verði tekinn upp að nýju og verði 3 millj. kr.

Verkfæranefnd ríkisins sækir um fjárveitingu til húsbygginga og áhaldakaupa. Við leggjum til, að tekin verði upp 50 þús. kr. fjárveiting til áhaldakaupa, þar sem nefndin yrði að hætta við fyrirhuguð áhaldakaup, ef fjárveiting fæst ekki, og liðurinn verði 250 þús. kr.

Þingmenn Framsóknarflokksins í efri deild hafa lagt fram frv. til laga um, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á erlendum lánum, er tekin hafa verið vegna ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja. Við leggjum því til, að fé verði veitt til þess á fjárlögum 1960, að fjárhæð 13.9 millj. kr.

Þá leggjum við til, að hækkuð verði fjárveiting til sandgræðslustöðva vegna verðhækkana og liðurinn verði 2 millj. kr.

Einnig leggjum við til, að fjárveiting til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél verði aukin. Þessar tilraunir hafa heppnazt vel, og teljum við, að nauðsyn beri til að halda þeim áfram með eðlilegum hraða. Tillaga okkar er, að liðurinn verði 500 þús. kr.

Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnkostnaðar tilraunabúa til afkvæmarannsókna gerði búnaðarmálastjóri tillögu um að varið yrði 450 þús. kr. Við tökum þessa tillögu upp. Hér er um nauðsynlegar tilraunir að ræða og mikið hagsmunamál fyrir landbúnaðinn. Fjárhagur þessara tilraunastöðva er það veikur, að starfsemi þeirra gæti verið hætta búin, ef eðlileg aðstoð bærist ekki frá ríkisvaldinu.

Fiskifélag Íslands sótti um 3 millj. kr. til fiskimiðaleitar. Við gerum þá tillögu að okkar. Sýnt var fram á í greinargerð Fiskifélagsins, að sú fjárhæð mundi aðeins nægja til 66 daga úthalds, miðað við þá leigu, er var á skipum til fiskimiðaleitar s. l. ár. Ljóst er, að fiskimiðaleitin verður hverfandi, ef fjárhæðin verður ekki nema rúmlega helmingur af því, sem farið er fram á, þar sem ⅔ úthaldstímans fara í siglingar. Árangur hefur oft orðið mikill af fiskimiðaleitinni, og er því illa farið, ef þjóðin þarf að skera hér við nögl sér.

Fiskifélagið sækir um framlag til síldarleitar og fiskirannsókna að fjárhæð 3.4 millj. kr. Tökum við þær tillögur upp. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvað síldveiði byggist orðið mikið á vísindalegri þekkingu og síldarleit. Því fjármagni er vel varið, er til þeirrar starfsemi gengur. Beiðni Fiskifélagsins er vel rökstudd og því ástæða til að verða við henni.

Einnig er sótt um, að fjárveiting til að gera tilraunir með síldveiðiaðferðir verði hækkuð í 2.5 millj. kr., og gerum við hana að tillögu okkar. Árangur hefur komið greinilega í ljós af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið í þessa átt. Okkur er búin sú hætta að dragast aftur úr öðrum þjóðum, ef fjármagn skortir til þessara tilrauna, og má slíkt ekki henda.

Við leggjum til, að framlag til fiskveiðasjóðs hækki í 6 millj. kr. Það er hækkun um 4 millj. Fiskveiðasjóður fær að vísu auknar tekjur vegna gengisbreytingarinnar. En fjárþörf hans vex þó mun meira vegna skipainnflutningsins, svo að sjóðinn mun nú skorta um 30 millj. kr. til að geta sinnt þeim verkefnum, sem vitað er um. Þessi fjárhæð bætir að vísu að litlu leyti úr þörfum sjóðsins, en það verður að telja eðlilegt, að aukin sé aðstoð ríkisvaldsins við atvinnuvegina: landbúnað, sjávarútveg og iðnað, þegar álögur á almenning hækka eins gífurlega og nú er.

Einnig er lagt til, að framlag til iðnlánasjóðs verði hækkað í 3.5 millj. kr. Sjóður þessi er mjög févana, en þörfin mikil og vaxandi. Er þetta því áfangi á réttri leið.

Ekki hefur fjárveitinganefnd tekizt að fá upplýst enn, hvernig séð verður fyrir fjármagni til framkvæmda í raforkumálum á yfirstandandi ári. Mjög hefur dregið úr þeim framkvæmdum á s. l. ári. Við leggjum til, að framlag til raforkusjóðs hækki í 21 millj. kr. og til nýrra raforkuframkvæmda í 15 millj. kr.

Um 17. gr.

Framlag til vatnsveitna hefur verið um nokkurt árabil 600 þús. kr., en lenti undir niðurskurðarhnífnum s. l. ár. Fjárþörf þeirra mun vera a. m. k. þreföld sú fjárhæð, er frv. gerir ráð fyrir. Til stórra vandræða horfir í kauptúnum, ef ekki verður hægt að bæta úr aðkallandi vatnsveituframkvæmdum. Mikil nauðsyn er því að ríkissjóður styðji þarna að með fjárframlögum. Við leggjum til, að til vatnsveitna verði varið 1 millj. kr.

Um 20. gr.

Til bygginga og ræktunar á jörðum ríkisins tökum við upp tillögur hlutaðeigandi ráðuneytis, enda bera þær með sér, að þeim fjárhæðum er að mestu leyti ráðstafað. Tillögur okkar eru, að til bygginga á jörðum ríkisins verði varið 2.2 millj. kr. og til ræktunar 250 þús. kr.

Fjárveiting til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana var lækkuð á s. l. ári.

Byggingarframkvæmdir á viðbótarhúsnæði við landsspítalann hafa nú staðið yfir um nokkurt árabil. Er nú svo komið, að með auknu fjárframlagi í ár mætti ná þar nokkrum áfanga. Um nauðsyn þess, að svo mætti verða, þarf ekki að ræða, þegar fremstu vísindamönnum okkar á sviði læknavísinda eru búin þau skilyrði að verða

að framkvæma skurðaðgerðir á stað, sem var ætlað að vera inngangur, og þeir eiga varla aðgang að stofu til fataskipta.

Við leggjum til, að þessi fjárveiting hækki um 2 millj. kr. og verði 6.5 millj. kr.

Þá leggjum við til, að fé til flugvallagerðar og öryggistækja hækki í 10320000 kr., og gerum við tillögur um skiptingu þess. Sömuleiðis leggjum við til, að fjárveiting til sjúkraflugvalla hækki og verði 650 þús. kr.

Framlag til atvinnu- og framleiðsluaukningar var á fjárlögum ársins 1957 15 millj. kr. Það var lækkað niður í 10 millj. kr. árið 1959. Það má öllum ljóst vera, að með engu móti er hægt að gera ráð fyrir, að 10 millj. kr. muni nægja til þessara mála á árinu 1960, ef nokkurt tillit á að taka til þarfa. Við leggjum til, að fjárveiting þessi hækki í 17.5 millj. kr.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um kaup á hentugu skipi til síldarrannsókna og síldarleitar. Væntanlega mundi skipið einnig annast aðra fiskileit og fiskirannsóknir. Það verður að teljast mikil nauðsyn að eignast slíkt skip, búið öllum nútímatækjum. Við leggjum því til, að veittar verði sem fyrsta framlag 5 millj. kr. í þessu skyni.

Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur til, að fjárveiting til atvinnu- og framleiðsluaukningar (20. gr. XXII) hækki úr 10 í 14 millj. og skuli 4 millj. ganga til samgöngubóta á landi eftir ákvörðun 5 manna þingkjörinnar nefndar.

Svo sem fram kemur í tillögum okkar, teljum við brýna þörf á að hækka vega- og brúafé meira en þetta, og væri því þessi hækkun spor í rétta átt. En við mótmælum harðlega þeirri aðferð, er hér á við að hafa, að taka ákvörðunarréttinn um, til hvers fénu verður varið, úr höndum Alþingis, og að ekki þurfi einu sinni að leita tillagna vegamálastjóra um skiptinguna. Er þetta spor ríkisstjórnarinnar eitt af mörgum í einræðisátt.

Eru tillögur okkar um hækkaðar fjárveitingar til vega og brúa miðaðar við, að þessi fjárhæð gangi þar inn í.

Samkvæmt okkar sérstöku tillögum, sem lýst hefur verið, og að meðtöldum tillögum fjárveitinganefndar verður niðurstaða á sjóðsyfirliti þessi:

Tekjur og aðrar innborganir:

Inn:	
Samkv. fjárlagafrv.	1 464 704 500
Hækkunartillögur meiri hl. fjvn.	35 000 000
Hækkunartillögur okkar	80 000 000
	1 579 704 500
Út:	
Samkv. fjárlagafrv.	1 462 872 668
Hækkunartillögur fjvn.	24 950 960
Hækkunartillögur okkar	80 674 900
	1 568 498 528
Greiðslujöfnuður	11 205 972
	1 579 704 500

Við viljum að lokum taka þetta fram:

Útgjaldatillögur þær, sem við flytjum, eru við það miðaðar að nota svo mikið sem unnt er af því fjármagni, sem af þjóðinni verður tekið samkv. tillögum stjórnarliðsins, til uppbyggingar og eflingar atvinnulífsins, og að Alþingi, en ekki ríkisstjórnin, ráðstafi fénu, að sjálfsögðu sé þó viðhöfð eðlileg varasemi um áætlanir og séð fyrir óhjákvæmilegum umframgreiðslum, en við það eru tillögur okkar miðaðar.

Í lok nefndarálits okkar framsóknarmanna í fjárveitinganefnd við 2. umræðu fjárlaga 1959 sögðum við þetta:

„Með þessari afgreiðslu efnahagsmálanna er til þess stofnað, að þegar dregur að lokum ársins, rís geigvænleg verðbólgualda. Því fer svo víðs fjarri, að ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar séu heilbrigðar aðgerðir gegn þeirri óheillaþróun, að þær geta ekki meira en (ef þær þá geta það — eins og til virðist ætlazt — skapað svikalogn, sem boðar meira óveður — eftir stutta stund — en nokkru sinni kom áður.

Við mótmælum öllum tillögum slíkra aðgerða.“

Þjóðin ætti ekki að vera í vafa um það nú, hverjir skýrðu henni rétt frá því, sem þá var að gerast og fram undan var í efnahagsmálunum. Því miður lét þjóðin stjórnarliða blekkja sig í kosningunum s. l. sumar. Þess vegna er þjóðarskútan nú stödd í því hafróti í efnahagsmálunum, að ekki verður séð fyrir, hvert það kann að bera hana. Eitt er henni nauðsynlegt. Það er að halda vöku sinni og láta ekki blekkjast á ný, svo að hún geti, þegar óveðri slotar, hafið þar uppbyggingu, sem nú er horfið frá, og sótt fram til bættra lífskjara.

Alþingi, 15. marz 1960.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Garðar Halldórsson.

Sþ. 195. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1.	Við	11. gr.	A. 9. b. Liðurinn orðist svo: Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	1 965 500
2.	—	13. —	A. II. a. (Nýir akvegir). Fyrir 15 980 000 kemur	20 774 000
3.	—	13. —	A. II. c. (Endurbygging þjóðvega). Fyrir „800 000“ kemur	1 600 000
4.	—	13. —	A. III. (Brúargerðir). Fyrir 9 955 000 kemur	12 942 000
5.	—	13. —	X. (Malbikun vega í kaupstöðum). Fyrir „95 000“ kemur	1 000 000
6.	—	13. —	C. VIII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur). Fyrir „12 205 000“ kemur	15 867 000
7.	—	13. —	F. VII. 3. (Sjókortagerð). Fyrir „275 000“ kemur	400 000
8.	—	16. —	A. 6. b. Nýr stafliður: Til kaupa á nýjum jarðræktarvélum	2 500 000
9.	—	16. —	A. 43. Nýr liður: Til Baldvins Jónssonar til tilrauna með fiðurplokkunarvél	60 000
10.	—	16. —	B. 7. (Leit nýrra fiskimiða). Fyrir „1 760 000“ kemur	3 500 000
11.	—	16. —	B. 8. (Nýjar síldveiðiaðferðir). Fyrir „2 090 000“ kemur	4 000 000
12.	—	17. —	III. 7. (Orlofsheimili verkalýðssamtakanna). Fyrir „475 000“ kemur	1 000 000

13.	Við 17. gr.		V. 11. Nýr liður:	
			Til Blindrafélagsins í Reykjavík, byggingarstyrkur ...	500 000
			Til vara	300 000
14.	— 19.	—	4. Nýr liður:	
			+ 10% lækkun að meðaltali á öllum liðum 10. og 11. greinar fjárlaganna (stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar, dómgæzlu, lögreglustjórnar, tolla- og skattstofnana)	14 654 450
15.	— 20.	—	Út. XII. 5. (Kennaraskóli Íslands).	
			Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
16.	— 20.	—	Út. XXIX. Nýr liður:	
			Til kaupa á nýju dýpkunarskipi til afnota fyrir vitamálastjórnina	5 000 000
17.	— 22.	—	XXVIII. (Sanddæluskip). Liðurinn fellur niður.	

Sþ. 196. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Afgreiðsla fjárlaga hefur að þessu sinni verið með þeim óvenjulega hætti, að eftir að ríkisstjórnin lagði fram sitt upphaflega fjárlagafrumvarp, ákvað hún að gera svo stórar og margvíslegar breytingar á hinum veigamestu þáttum fjárhagskerfis landsins, að fjárlagaáætlanir hennar voru dregnar til baka án þess að hljóta nokkra meðferð Alþingis á s. l. ári. Nýtt fjárlagafrumvarp var svo lagt fyrir Alþingi í janúarlok, er þing hóf störf að nýju eftir hið óvenjulanga þinghlé í desember og janúar.

Hið nýja frumvarp var, svo sem boðað hafði verið, samræmt hinum nýju fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar, að svo miklu leyti sem þær voru ljósar, en á því var nokkur skortur í ýmsum efnum og er raunar um sumt enn.

Þegar nýja frumvarpið birtist, kom fram í tölum þess ýmislegt, sem ekki var í samræmi við nein gildandi lög. Síðan hafa raunar verið lögð fyrir þingið nokkur lagafrumvörp frá stjórninni til að undirbyggja þær tölur, er kastað hafði verið fram í fjárlagafrumvarpinu. En ekki hafa þau öll verið í samræmi við það, sem fjárlagafrv. boðaði.

Sem dæmi um slíkt misræmi má nefna, að í greinargerð fjárlagafrumvarpsins hins síðara segir svo orðrétt um söluskatt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi ...“. En í lagafrumvarpi því um söluskatt, sem ríkisstjórnin leitar nú eftir að fá lögfestingu á, er gert ráð fyrir að hækka gildandi söluskatt af innflutningi um 8.8%, þannig að heildarsöluskattur af innflutningi innheimtur við tollafgreiðslu verði 16.5%. En þrátt fyrir þessa hækkun, sem lofað var að ekki skyldi verða, áforma stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd nú að lauma allri þessari skattviðbót inn í texta frumvarpsins um söluskatt án þess að breyta þar nokkurri tölu um áætlaðar tekjur af hinni nýju skattheimtu. Það er þó staðfest af opinberum aðilum, að hinn nýi 8.8% söluskattur eigi samkvæmt innflutningsáætlun stjórnarinnar sjálfrar að leggjast á rösklega tveggja milljarða skattstofn og mundi því nema um 170 millj. kr., miðað við heilt ár. Á þeim 3 ársfjórðungum, sem eftir eru þessa árs, yrði þessi skattur því um 130 millj. kr. Hér hefur því annað tveggja skeð, að stjórnin hefur litla nákvæmni við haft við áætlanir sínar í upphafi eða hún ætlar að næla sér í drjúglegt skotsilfur fyrir hugsanlegum umframgreiðslum.

Enn hafa ekki verið sýndar á Alþingi neinar tillögur um breytingu á tekju-

skatti. Hins vegar stendur í fjárlagafrumvarpinu áætlunartala um tekjur ríkissjóðs af þeim skatti og er í algeru ósamræmi við núgildandi skattalög.

Meðan svo stendur, að verulegur hluti tekna ríkissjóðs er áætlaður ýmist eftir frumvörpum, sem óséð er, hvort samþykkt verða, eða eftir hugarórum stjórnarinnar, sem aldrei hafa verið svo mikið sem sýndir á þingskjali, þykir Alþýðubandalaginu ekki ástæða til að leggja fram sérstakar tillögur um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins við þessa umræðu, en það miðar tillögur sínar við, að fjárlagaafgreiðslan verði hallalaus.

Með sérstöku tilliti til þess, hve stórkostlegt bil reynist vera milli þess, sem ríkisstjórnin hefur fullyrt í fjárlagafrumvarpi, og hins, sem hún gerir að tillögu sinni í söluskattsfrumvarpi, hlýtur Alþýðubandalagið að krefjast þess, að endanleg afgreiðsla fjárlaga fari ekki fram, fyrr en sýnt er, hverjar verða tillögur stjórnarinnar um breytingu á tekjuskatti.

Fjárlög ársins 1959 nema 1033 millj. kr. í tekjur og gjöld. Í frumvarpi þessa árs er niðurstaðan 1464 millj. kr. og á þó greinilega eftir að hækka í meðferð þingsins. Þessi hækkun nemur um 42%.

Það er ekki nýtt á okkar landi, þótt fjárlög hækki frá ári til árs. En hér er þó hækkunarskrefið miklum mun risalegra en venja er til, og veldur þar um mestu gengisfelling sú, sem ríkisstjórnin fékk samþykkta nú í febrúarmánuði. Tekna ríkissjóðs er næstum eingöngu aflað með sköttum á þjóðfélagsþegnana og nú að langmestu í einhvers konar vöruverðsálagningu. Hækkun fjárlaga hlýtur því að koma svo að segja öll fram í vaxandi dýrtíð. Nú er það ekki heldur nýlunda, þótt vöruverð fari hér hækkandi. En það, sem nýtt er og sérstakt við alla þá fjármálalöggjöf, sem nú er framkvæmd og í ríkum mæli miðar að dýrtíðarhækkun, er ráðstöfun stjórnarvaldanna til þess að halda kaupgjaldi öllu óbreyttu og lögbanna verðlagsuppbætur á laun. Stjórnarráðstafanirnar skipa öllum þorra landsmanna þannig að draga saman seglin um útgjöld og spyrja engan, hvort hann geti þetta að skaðlausu.

Á sama tíma og ráðherrar gefa út sínar tilskipanir um þetta með lagaboðum, verður vart talið, að til of mikils sé mælzt, þótt Alþingi gefi þeim hinum sömu samdráttarboðendum í stjórnarráðinu fyrirmæli um að spara svo sem 10% af útgjöldum stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar og nokkurra stofnana, er heyra beint undir ráðuneytið. Af hálfu Alþýðubandalagsins er gerð tillaga um þetta.

Alþýðubandalagið telur, að svo vel og örugglega hafi þjóðinni miðað í framfaraátt á undanförnum árum með aukinni framleiðslu og vaxandi þjóðartekjum, að ástæðulaust og óverjandi sé að láta hinar brýnustu nauðsynjaframkvæmdir dragast saman. Þannig hlýtur það að átelja þá stefnu ríkisstjórnarinnar að ætla að minnka þjóðvegalagningu, brúargerðir og hafnarframkvæmdir um fast að þriðjungi með því að veita í krónum talið sömu eða næstum sömu upphæð til þessara framkvæmda nú og í fyrra þrátt fyrir dýrtíðarvöxtinn. Vera má, að einhverjar framkvæmdir ríkisins mættu dragast saman að skaðlitlu, en um vegi, brýr og hafnir gegnir allt öðru máli, og gerir Alþýðubandalagið tillögur um þessa liði og miðar við, að framkvæmdir haldist svipaðar og á fyrra ári.

Um þær tillögur, sem fjárveitinganefnd hefur borið fram sem heild, er vert að taka það fram, að Alþýðubandalagið styður flestar þeirra, þótt það sé óskuldbundið um stuðning við einstakar tillögur. Varðandi nokkrar þeirra skal þó fram tekið, að af Alþýðubandalagsins hálfu var þegar í nefndinni lýst andstöðu við þær, svo sem t. d. tillögurnar um framlög til byggingar Atlantshafsbandalagsins í París og endurreisn skuldafangelsisins á Kvíabryggju.

Um þær breytingartillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta tekið fram:

Við 11. gr.

Ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli eru ætlaðar nærri 4 millj. kr. af ríkisfé. Ekki hefur lögregla þessi þó reynzt þess megnug að vernda landsmenn þar fyrir

„verndurunum“ og engin von til, að fjármunir ríkissjóðs muni nokkru sinni til þess hrökkva að breyta þeirri staðreynd. Á hinn bóginn hefur nú orðið veruleg fækkun í her þeim, er lögregla þessi hafði við að stríða, og því þykir sanngjarnt að líta svo á, að fækka megi í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli um helming.

Við 13. gr.

Gerð er tillaga um, að nýbygging þjóðvega, brúargerðir og hafnar- og lendingabætur hækki í framlagi um 30%. Vitað var, áður en nýi söluskattsaukinn kom til sögunnar, að hækkun allra þessara liða yrði í framkvæmd eitthvað yfir 20%. Með 30% hækkun á framlagi til þeirra yrði því lítið meira en haldið í horfinu um þessar framkvæmdir og þó því aðeins, að ekki verði kaupbreytingar á árinu, sem ólíklegt má þó teljast.

Lagt er til, að framlag til endurbyggingar gamalla þjóðvega verði tvöfaldað, enda er víða svo komið, að það veldur óeðlilegum kostnaði að láta slíka endurbyggingu dragast svo mjög sem hún hlýtur að gera með óbreyttu framlagi á þessum lið. Kemur þar hvort tveggja til, að snjómokstur er víða óskaplegur á gamalruddum vegum eða vegum sokknum í mýrlendi, og einnig hitt, að þar sem umferð er mest á þjóðvegunum, er viðhald þeirra bæði mjög kostnaðarsamt og auk þess ófullnægjandi, og verður því ekki komizt hjá að endurbyggja slíka vegarkafla úr varanlegu efni.

Upphæð sú, sem veitt er til steypu eða malbikunar gatna í kaupstöðum og verzlunarstöðum er svo lág, að hún kemur að engu gagni, og með tilliti til allra þeirra þarfa, sem að kalla einmitt í þessu efni, er lagt til, að til þessa verði varið 1 millj. kr.

Þá er lagt til, að framlag til sjókortagerðar verði hækkað um 125 þús. kr., sem er nokkru lægri upphæð en vitamálastjórnin hefur sýnt fram á að til þyrfti að koma, til þess að vel væri séð fyrir þessari starfsemi, sem nýkomin er í hendur hérlendra aðila. Enginn getur efazt um nauðsyn nákvæmrar sjókortagerðar hjá eyþjóð með ört vaxandi sjósókn og siglingar.

Við 16. gr.

Sýnt er, að með hækkandi vélaverði hrökkva fyrningarsjóðir ræktunarsambandanna hvergi til að endurnýja hvað þá að auka jarðvinnsluvélakost landsmanna. Ef ekki er að gert í þessu efni, mun ræktun landsins dragast saman, en það kallar beint á innflutning landbúnaðarafurða. Ekki verður séð, að slík þróun sé æskileg. Hér er gerð tillaga um, að 2½ millj. kr. verði af opinberri hálfu lögð fram til að bæta að nokkru þá verðhækkun, sem ella mundi á skömmum tíma drepa í dróma allar meiri háttar framkvæmdir í ræktun.

Baldvin Jónsson hefur með hugviti og mikilli tilraunastarfsemi sinni smíðað mjög vel nothæfar vélar til dúnhreinsunar, og eru vélar hans víða í notkun, sumar á stórum fiðurhreinsunarstöðvum. Nú er hann að vinna að vél, er reyti fiður af fugli, en mjög víða er fugl nú hamflettur til matar, svo að ekki notast að fiðrinu. Væri það hinn mesti fengur, ef til kæmi fiðurplokkunarvél, er leyst gæti hlutverk sitt sómasamlega. Hér er því lagt til, að veittar verði 60 þús. kr. til þessara tilrauna.

Leit að nýjum fiskimiðum hefur þegar fært þjóðinni ómetanlegan feng. Til þeirrar starfsemi er of lítið fé lagt, og væri hyggilegt að auka þá starfsemi til mikilla muna. Er hér gerð tillaga um að tvöfalda framlag til hennar.

Svipuðu máli gegnir og um síldveiðitilraunir við Suður- og Suðvesturland að hausti og vetri. Sýnilegt, er, að nú er í þeim efnum að nást árangur, sem líklegt er að verða muni á komandi árum með drýgstu tekjugjöfum þjóðarinnar. Nú virðist aðeins vanta dálítinn herzlumun til að koma síldveiðum í vörpu og nót af tilraunastigi á þessum slóðum og í byrjun að nýjum, arðvænlegum atvinnuþætti. Til að flýta þeirri þróun er lagt til, að framlag í þessu skyni verði um það bil tvöfaldað.

Við 17. gr.

Gerð er tillaga um, að framlag til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna verði hækkað upp í 1 millj. kr. Er það rúmlega tvöföldun frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hækkunartillaga þessi er miðuð við að bæta að nokkru það, sem framlag þetta var rýrt á síðustu fjárlögum, svo og verðhækkanirnar, sem nú eru til komnar.

Blindrafélagið, sem er samtök blinda fólksins sjálfs, á nú vist- og vinnuheimili í smíðum og hefur sýnt mikinn dugnað við þá framkvæmd. Með sæmilega myndarlegu framlagi ríkisins á þessu og næsta ári mundi félagið komast í hið nýja hús sitt og bæta mjög alla aðstöðu félaga sinna bæði til dvalar og vinnu. Hér er gerð tillaga um að veita hinu blinda fólki 500 þús. kr. byggingarstyrk, en varatillaga gerð um 300 þúsundir.

Við 19. gr.

Lagt er til, að stjórnarráðið, utanríkisþjónustan, dómgæzlan, lögreglustjórnin svo og tolla- og skattastofnanirnar spari að meðaltali tíunda hluta af áætluðum útgjöldum sínum. Er hér um sýnu minni sparnað eða samdrátt að ræða en hvert og eitt heimili hins óbreytta þjóðfélagsþegns stendur frammi fyrir að lögfestum efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. En engu að síður sparar samþykkt og framkvæmd þessarar tillögu ríkinu útgjöld, sem nema hátt á 15. millj. króna.

Við 20. gr. Út.

Kennaraskólabyggingin nýja er nú svo á vegi stödd, að hún verður nothæf á komandi hausti, ef framlag til hennar verður hækkað dálítið. Húsnæðisþrengsli skólans nú eru hins vegar slík, að mál er að linni. Er hér því gerð tillaga um 1 millj. kr. hækkun.

Um nokkurra ára skeið hefur verið á 22. gr. fjárlaga ákvæði, sem heimilar ríkisstjórninni að kaupa nýtt sanddæluskip til almennra hafnarframkvæmda í landinu. Þrátt fyrir heimildina hefur ekkert gerzt í máli þessu, og vita- og hafnarmálastjórnin er þess varbúin að leggja til hin nauðsynlegustu tæki til að framkvæma dýpkanir í höfnunum. Þetta á raunar ekki einasta við um dæludýpkanir, heldur og um mokstur að verulegu leyti. Dýpkunarskipið Grettir er ærið fornlegt og gerist nú slitið og er ólíklegt til að endast til stórátaka um langan aldur hér eftir. Það kunna að vera áhöld um, hvort hyggilegra er að kaupa til hinna almennu hafnargerða moksturs- eða dæluskip fyrr, og skal það mat lagt á vald viðkomandi stofnunar. Hitt er greinilegt, að ekki verður hvort tveggja vanrækt öllu lengur, án þess að hafnargerðirnar bíði við það alvarlegt tjón, og því er hér lagt til, að 5 millj. kr. verði lagðar fram til kaupa á dýpkunarskipi og framkvæmdin þar með ákveðin á þessu ári, en tilsvarandi ákvæði þá fellt út af heimildargrein.

Alþingi, 15. marz 1960.

Karl Guðjónsson.

Nd. 197. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar hefur rætt þetta stjórnarfrumvarp á nokkrum fundum. Forstjóri Tryggingastofnunarinnar, Sverrir Þorbjarnarson, og ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, Hjálmar Vilhjálmsson, hafa mætt á

nokkrum fundum nefndarinnar og gefið nefndinni og einstökum nefndarmönnum ýmsar upplýsingar um tryggingamálin og framkvæmd þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar, stjórnarstuðningsmennirnir, þeir Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, vilja samþykkja frumvarpið með þremur smábreytingum, en telja sig ekki hafa svigrúm til að geta fylgt þeim margvíslegu breytingartillögum mínum við frumvarpið, sem ég gerði grein fyrir í nefndinni. — Jón Skaftason mun hins vegar vera samþykkur ýmsum breytingartillögum mínum, en hann skilar sérstöku nefndaráliti, og þar mun hann gera nánari grein fyrir afstöðu sinni til frumvarpsins og breytingartillagna, er fyrir liggja við það.

Efni frumvarpsins er úr þremur þáttum spunnið. Það byggist í fyrsta lagi á frumvarpi til laga, er samið var af milliþinganefnd, sem skipuð var á miðju ári 1958 og átti að endurskoða ákvæði tryggingalaganna um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþega.

Í öðru lagi byggist efni þessa frumvarps á frumvarpi sömdu af annarri milliþinganefnd, er hóf störf í ársbyrjun 1959 og átti að endurskoða þau ákvæði III. kafla tryggingalaganna, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar.

Bæði þessi frumvörp milliþinganefndanna eru birt sem fylgiskjöl með stjórnarfrumvarpinu ásamt athugasemdum, er þeim fylgdu.

Þriðji efnisþáttur stjórnarfrumvarpsins er hugsaður sem **eins konar sárabætur** vegna hinna þungu búsifja, sem landsmenn verða fyrir vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Þetta er berum orðum játað í athugasemdum eða greinargerð frumvarpsins um efnahagsmál. En þar segir svo á bls. 9: **„Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér vegna hækkaðs verðlags** .... leggur ríkisstjórnin til, að mjög mikil (svo) hækkun sé gerð á bótum almannatrygginga, sérstaklega á fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri.“

Í áróðursriti því sem ríkisstjórnin gaf út og dreifði um landsbyggðina, á kostnað ríkissjóðs, er þetta **sárabótasjónarmið** einnig játað berum orðum, því að þar segir á bls. 19 og 20:

„Slík hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi **afar þungbær.** Af þeim ástæðum telur ríkisstjórnin **óhjákvæmilegt,** að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin og þá fyrst og fremst á lífskjör barnafjölskyldna og aldraðs fólks.“

Þannig játar ríkisstjórnin, að efnahagsmálaráðstafanir hennar hljóti að verða „öllum almenningi afar þungbærar“ og þess vegna sé „óhjákvæmilegt“ að hlaupa eitthvað undir baggann með barnafjölskyldum og öldruðu fólki.

Þetta er hverju orði sannara. Það hefði auðvitað verið óframkvæmanlegt með öllu fyrir aldrað fólk og öryrkja að komast af í hraðvaxandi dýrtíð, ef ekki hefðu verið gerðar neinar lagfæringar á hinum smánarlega lága elli- og örorkulífeyri, sem nú hefur miklu minni kaupmátt en upphaflega, þegar tryggingarnar hófu göngu sína. Þó verður að játa, að sumar aðrar bótagreiðslur tryggingarinnar hafa samt dregizt enn meira aftur úr.

Þetta var þá líka fyrir löngu játað af flestum, eins og m. a. sést greinilega á því, að á seinustu tveimur árum störfuðu tvær milliþinganefndir að endurbótum á tryggingalöggjöfinni með það fyrir augum að bæta hlut bótaþega.

Víst eru þær breytingar, sem í þessu frumvarpi felast, flestar eða allar til bóta. En þegar á það er litið, að þær breytingar, sem nú verða gerðar, eiga ekki aðeins að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur gengið í tryggingamálum á undanförnum árum, heldur einnig að mæta þeirri dýrtíðarholskeflu, sem nú er að falla yfir þjóðina vegna aðgerða stjórnarvalda, þá verður ekki annað sagt en að hér sé um engar gagngerðar breytingar að ræða í tryggingamálum okkar.

Þetta blasir strax við í 2. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir því, að landinu verði framvegis sem hingað til skipt í tvö verðlagssvæði og að bætur allar og iðgjöld

verði yfirleitt fjórðungi lægri á öðru verðlagssvæði en á því fyrsta. Á fyrsta verðlagssvæði með hærri bæturnar eru kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, en til annars verðlagssvæðis með lægri bæturnar teljast allir aðrir staðir á landinu.

Þetta ákvæði get ég með engu móti fellt mig við, tel það úrelt, hafi það þá nokkurn tíma átt rétt á sér, — og ranglátt er það í alla staði, eins og nú er komið.

Ég legg því til, að sú meginbreyting verði nú gerð á fyrirkomulagi almannatrygginganna, **að allt landið verði eitt verðlagssvæði.**

Þegar þetta ákvæði var upphaflega tekið inn í tryggingalöggjöfina, var kaupgjald yfirleitt hæst í Reykjavík, nokkru lægra í öðrum kaupstöðum og mun lægra í hinum smærri kauptúnum og í sveitum.

Nú er þetta breytt orðið, þakkað veri kjarajöfnun verkalýðssamtakanna. Nú er sama kaup greitt um allt land, og atvinnuleysistryggingum hefur verið komið á.

Sé litið á hina hlið málsins, hvort fólk geti e. t. v. komizt af með minni bætur út um land, því að þar sé ódýrara að lifa, þá mæla einnig flest rök gegn því, að svo geti verið. Yfirleitt hlýtur vöruverð að vera hærra, en ekki lægra, á öðru verðlagssvæði en á því fyrsta, og mundi því eðlilegra, að þar væru greiddar hærri bætur, ef landinu væri á annað borð skipt í tvö verðlagssvæði.

Ákvæðið um að skipta landinu í tvö verðlagssvæði er að finna í 10. gr. laganna um almannatryggingar, og legg ég til, að sú grein laganna falli niður.

Vænti ég, að háttvirtir alþingismenn fallist nú á, að þessi breyting sé réttmæt, og styðji hana því með atkvæði sínu.

Í þriðju grein stjórnarfrumvarpsins er lagt til, að árlegur ellilífeyrir verði 14400 kr. fyrir einstakling á fyrsta verðlagssvæði, en 10800 kr. á öðru verðlagssvæði. Þetta gerir, eins og menn sjá, 1200 kr. á mánuði á fyrsta verðlagssvæði og 900 kr. á mánuði á öðru verðlagssvæði.

Hjónum er ætlaður 10% lægri lífeyrir en tveimur einstaklingum, þ. e. 25920 kr. á fyrsta verðlagssvæði, en 19440 kr. á öðru.

Tillaga mín er sú, **að einstaklingslífeyrir verði 16000 kr. á ári, hvar sem er á landinu, og að hjón fái tvöfaldan einstaklingslífeyri, 32000 kr.**

Þetta tel ég lágmark þess, sem hugsanlegt sé að nokkur maður geti dregið fram lífið á, miðað við núverandi dýrtíð. En þar sem vitað er, að verðlag í landinu fer stórhækkandi á næstu vikum og mánuðum, yrðu þessar lífeyrisgreiðslur ófullnægjandi með öllu skömmu eftir samþykkt laganna, nema jafnframt sé ákveðið, að þær skuli fylgja vísitölu framfærslukostnaðar. — Það tel ég líka sjálfsagt að þær geri og legg því til, að á nefndar grunnupphæðir ellilífeyris og örorkubóta komi ávallt **full vísitala framfærslukostnaðar.** Vænti ég, að þingmenn fallist á, að með þessu fyrirkomulagi sé gerð tilraun til að tryggja, að aldrað fólk og öryrkjar njóti þeirra bóta, sem ákveðnar eru með lagasetningunni, nokkru lengur en ella mundi. Og sé breytingin því til bóta. Að öðrum kosti yrði mjög svo tjaldað til einnar nætur með kaupmátt ellilífeyris og örorkubóta með tilliti til þess, hversu verðlag allt er nú á hverfanda hveli í landi voru.

Í bókinni Félagsmál á Íslandi, sem gefin var út af félagsmálaráðuneytinu árið 1942, segir allýtarlega frá úthlutun ellilauna og örorkubóta samkvæmt lögunum um alþýðutryggingar frá 1936. En þá höfðu sveitarstjórnirnar, en ekki Tryggingastofnunin, úthlutun ellilauna og örorkubóta. Er í bók þessari margoft vikið að því, að úthlutun beri að haga svo, að sá, sem ellilaun fær, þurfi ekki að verða jafnframt styrkþegi sveitarinnar. Á bls. 95 segir svo: „Skal haga úthlutuninni svo, að gamalmenni eða öryrki, sem styrks nýtur, þurfi ekki fyrirsjáanlega að njóta almenns framfærslustyrks.“ — Þetta ákvæði var sett inn í lögin 1937.

Af framansögðu sést, að sveitarstjórnir ákveða í fyrsta lagi, hverjir af umsækjendum skuli fá ellilaun eða örorkubætur, og í öðru lagi, hve háar upphæðir hverjum umsækjanda eru úthlutaðar. Aðeins er það fyrirskipað, að þær megi ekki vera svo lágar, að umsækjandinn þurfi fyrirsjáanlega að leita almenns framfærslustyrks að auki.

Svona var þetta sem sé, áður en Tryggingastofnunin fékk þessi mál í sínar hendur.

En nú er öllum kunnugt, að ellilífeyrir og örorkubætur hafa verið svo lágar upphæðir um mjög mörg ár, að óumflýjanlegt hefur verið, að flestir elli- og örorkulífeyrisþegar yrðu jafnframt opinberir styrkþegar. Þetta er ljótur blettur á tryggingunum og gagnstætt anda þeirra og tilgangi. Fullur ellilífeyrir verður að vera svo hár, að lífeyrisþeginn þurfi ekki jafnframt að vera styrkþegi.

Daggjald á elliheimili hér í Reykjavík mun nú vera 85 kr., og kostar þá ársdvölin 31000 kr. Sé ellilífeyririnn nú ákveðinn 14400 kr., nægir hann sem sé ekki til greiðslu á dvalarkostnaðinum, þó að heimildin um 100% álag sé notuð til fulls. Ellilífeyrisþeginn verður því styrkþegi jafnframt. Til þess að hjá því verði komizt, legg ég til, að ellilífeyririnn verði nú ákveðinn 16000 kr., og getur þá smáupphæð orðið afgangs lífeyrisþegum til eigin nota, ef 100% hækkunarheimildin er notuð. — Hér er því farið eins hóflega í sakirnar og mögulegt er, til þess að því takmarki verði náð, sem tryggingunum var í öndverðu sett, að því er viðvíkur öldruðu fólki og öryrkjum.

Nú er vaxandi dýrtíð fram undan. Heyrzt hefur, að nýir samningar um hækkun daggjalda á elliheimilum séu hafnir. Með þessa vitneskju í huga ber ég fram tillögu um vísitöluuppbót á ellilífeyri og örorkubætur. Verði hún felld, er ellilífeyrisþeginn orðinn styrkþegi, áður en varir.

Í 4. gr. frumvarpsins er heimild til að greiða eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Þeim, sem framkvæma skulu tryggingarnar, hlýtur að vera illa við slíkar heimildir. Þær setja þá margoft í mikinn vanda. — Ég legg til, að **skylt** verði að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% lífeyris viðkomandi bótaþega.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákveðið, að árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skuli vera 2600 kr., en það jafnframt tekið fram, að við ákvörðun fjölskyldubóta skuli þó ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eigi framfærsluskyldan föður utan hennar.

Þetta er tæpast réttlátt, þar sem fjölskyldubæturnar munu vera hugsaðar sem sárabætur vegna kjaraskerðingar af völdum efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar. Þær afleiðingar bitna á öllum. Þess vegna legg ég til, að fjölskyldubæturnar nái til allra barna. Hef ég séð ástæðu til að taka það skýrt fram, að börn örorku- og ellilífeyrisþega eigi einnig rétt á fullum fjölskyldubótum.

Í stjórnarfrumvarpinu er árlegur barnalífeyrir ákveðinn 7200 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 5400 kr. á öðru verðlagssvæði.

Upphaflega var barnalífeyrir ⅔ af fullum ellilífeyri, en hvað eftir annað var hann ekki hækkaður, þegar lögin voru endurskoðuð. Hefur barnalífeyririnn því um mörg undanfarin ár aðeins verið helmingur af elli- og örorkulífeyri. Þessu hlutfalli er enn haldið í stjórnarfrumvarpinu — barnalífeyririnn ákveðinn 7200 kr., þ. e. helmingur af 14400 kr.

Ég legg til, að barnalífeyririnn verði 9600 kr., sem er ⅔ af ellilífeyrinum, eins og hann er ákveðinn í stjórnarfrumvarpinu. Verði hann þannig færður til síns fyrra hlutfalls við ellilífeyrinn, eins og hann hefur verið fram til þessa. Hann skal og greiddur, ef faðirinn eða móðirin er látin.

Í 7. gr. frumvarpsins eru ákvæði um árleg mæðralaun. Skulu þau með einu barni vera 1400 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 1050 kr. á öðru. Með tveimur börnum skulu þau skv. frumvarpinu vera 7200 kr. á fyrsta og 5400 kr. á öðru verðlagssvæði. Með þremur börnum og fleiri skulu greidd mæðralaun, er nemi fullum lífeyri, þ. e. 14400 kr. á fyrsta verðlagssvæði, en 10800 kr. á öðru.

Út frá sömu viðmiðun og með hliðsjón af þeirri tillögu minni, að fullur ellilífeyrir verði 16000 kr., legg ég til, að mæðralaun með einu barni verði 2000 kr., með

tveimur börnum 8000 kr. og með þremur börnum eða fleiri verði þau 16000 kr. eða fullur lífeyrir samkvæmt tillögu minni.

Samkvæmt frumvarpinu er fæðingarstyrkur ákveðinn 2160 kr., en með tilliti til fyrirsjáanlegra hækkana á sjúkrahúsdaggjöldum legg ég til, að hann verði 2500 kr.

Ekkjubætur eru í frumvarpinu ákveðnar 1440 kr. mánaðarlega í 3 mánuði eftir lát eiginmanns. Ég legg til, að ekkjubæturnar verði 1600 kr. með sama hætti, og er það hlutfallslega sama hækkun og ég geri um flestar bótagreiðslur aðrar.

Samkvæmt frumvarpinu á ekkja, sem hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, enn fremur rétt á bótum 9 mánuði í viðbót, 1080 kr. mánaðarlega. Ég legg til, að þessi greiðsla verði 1200 kr. jafnlangan tíma.

Þá legg ég til, að eftir 9. gr. frumvarpsins komi ný grein, er orðist svo:

„22. gr. laganna falli niður".

Þessi tillaga er um það, **að hin illræmdu og ranglátu skerðingarákvæði skuli nú niður felld.**

Ekki náðist samkomulag um þessa tillögu fremur en hinar. Er þó haft við orð, að hún sé þarflaus, þar sem skerðingarákvæðin eigi nú að falla niður í lok þessa árs, ef ekkert sérstakt komi til. En jafnframt hefur þó heyrzt talað um nýja endurskoðun tryggingalaganna, og væri ekki óhugsandi, að hún væri m. a. hugsuð til að framlengja skerðingarákvæðin. Ef ríkisstjórnin ætlar hins vegar að fella skerðingarákvæðin niður frá og með ársbyrjun 1961, getur það ekkert stórvandamál talizt, hvernig eigi að standa straum af þeim auknu útgjöldum, sem af þessu leiði fyrir tryggingarnar síðari hluta þessa árs. Virðist svo sem ríkissjóður hafi þá aldrei getu til að standast þau útgjöld, sem af afnámi skerðinganna leiðir, ef ekki einmitt nú, þegar hundruðum milljóna í nýjum sköttum er hellt yfir þjóðina. Það væri a. m. k. í algerri andstöðu við hátíðleg loforð og svardaga stjórnarflokkanna fyrir kosningar, ef þeir víkja sér nú undan því að afnema skerðingarákvæðin. Að minnsta kosti mundi það vel fallið til að vekja tortryggni, ef skerðingarákvæðin fást ekki niður felld nú með þeim víðtæku breytingum, sem nú eru þó á þeim gerðar.

Við 10. gr. frumvarpsins geri ég þá aðalbreytingu, að skylt sé að greiða örorkulífeyrisþega, sem stundi nám meira en 6 mánuði á ári, tvöfaldar örorkubætur. Þetta munu tryggingarnar hafa gert í ýmsum tilfellum, og þykir réttara, að öryrkjum sé það kunnugt, að þeir eigi þennan möguleika til að standast kostnað af námi til þess þar með að gera sig hæfari til starfa í þágu þjóðfélagsins.

Miklar og margvíslegar vonir voru bundnar við starfsemi tryggginganna, þegar þær tóku til starfa. Ekki voru þessar glæstu vonir hvað sízt bundnar við þá margþættu **heilsuverndar- og heilsugæzlustarfsemi, sem ákveðið var að hefja með lagasetningunni um almannatryggingar.**

Kaflinn um heilsugæzlu í tryggingalöggjöfinni var glæsilegt nýmæli Hann var saminn á grundvelli þeirra skoðana nútíma læknisvísinda, að miklu væri þýðingarmeira að geta komið í veg fyrir sýkingu og sjúkdóma en að gera það að uppistöðu í starfi lækna og allrar heilbrigðisþjónustunnar að eltast við sjúkdómana og glíma við þá á síðara stigi.

En hér urðu menn fyrir miklum vonbrigðum. Kaflinn um heilsugæzlu kom aldrei til framkvæmda, og árið 1955 var það glapræði framið að fella þennan merkasta kafla almannatryggingalaganna alveg niður.

Ég er einn hinna mörgu, sem aldrei hafa getað sætt sig við, að heilsugæzlu- og heilsuverndarstarfseminni skuli þannig hafa verið vikið til hliðar. Þess vegna legg ég til, að í stað IV. kafla laganna (Sjúkratryggingar, 44.—58. gr.) komi nýr kafli, Heilsugæzla, með 24 greinum, samhljóða þeim, sem niður voru felldar árið 1955.

Við 20. gr. frumvarpsins geri ég þá breytingartillögu, að sjúkradagpeningar séu jafnt greiddir kvæntum manni og giftri konu, án tillits til þess, hvort hún telst fyrirvinna heimilis eða ekki. — Af svipuðum ástæðum legg ég til, að 6. málsgr. 53. gr. laganna falli niður.

Þá legg ég enn fremur til, að 2. málsgr. 76. gr. laganna verði niður felld, þar

sem hún hefur oft og mun jafnan gefa tilefni til misnotkunar. Er líklegt, að þeim skattleysingjum, sem í grein þessari er heimilað að ýta iðgjaldagreiðslum sínum yfir á sveitarsjóð, geti nú fjölgað allverulega.

Margoft hefur komið fyrir, að bótaþegar almannatrygginga hafa verið krafðir um skatta til hins opinbera. Þetta tel ég fjarstæðu hina mestu og legg því til, að á eftir 23. gr. frumvarpsins komi ný grein, er undanskilji allar bætur almannatrygginganna skattgreiðslu til ríkis eða sveitarfélags.

Seinasta breytingartillaga mín er við 25. gr. frumvarpsins og er á þá leið, að fjölskyldubætur skuli greiðast frá 1. marz þessa árs. Verður að teljast eðlilegt, að þessar bætur vegna vaxandi dýrtíðar af völdum gengislækkunarlaganna skuli greiðast frá næstu mánaðamótum eftir gildistöku laganna.

Breytingartillögur þær, sem hér hefur verið vikið að, hefi ég borið fram á þingskjali 171, og mun ég skýra þær nánar í framsögu.

Alþingi, 15. marz 1960.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 198. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Endurskoðunin skal beinast að því að gera utanríkisþjónustuna ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Núgildandi lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis voru sett árið 1941, vegna þess að Danir gátu ekki lengur farið með utanríkisþjónustu fyrir Ísland, eftir að Danmörk hafði verið hernumin. Lögin bera þess mjög svip, að þau eru sett í skyndi sem bráðabirgðaráðstöfun, og hefur vafalaust verið til þess ætlazt, að fullkomnari löggjöf yrði sett um þessi mál síðar. Af því hefur hins vegar ekki orðið til þessa.

Í lögum þessum er það lagt í vald ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvar Ísland skuli hafa sendiráð. Slíkt var ekki óeðlilegt á stríðsárunum, þegar oft þurfti að taka skyndilega ákvarðanir vegna þess ástands, sem þá ríkti. Á venjulegum tímum er það hins vegar eðlilegt, að það sé bundið í lögum, hvar Ísland hafi sendiráð.

Afleiðing þessa ákvæðis er m. a. sú, að Ísland hefur nú orðið fleiri sendiráð en eðlilegt getur talizt og meira að segja tvö sendiráð í einni höfuðborginni (París). Kostnaður við sendiráðin er líka orðinn meiri en hófi gegnir, eins og sést á því, að í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1960, sem enn liggur fyrir Alþingi, er kostnaðurinn við utanríkisþjónustuna áætlaður yfir 22 millj. kr.

Tilgangurinn með tillögu þessari er sá að láta fara fram athugun á því, hvernig draga megi úr þessum kostnaði og tryggja þjóðinni samt viðunanlega þjónustu á þessu sviði. Lagt er til, að þessi athugun verði gerð í samráði við alla þingflokkana, þar sem æskilegt er að hafa sem víðtækast samstarf um utanríkismálin, þótt leiðir skiljist um önnur mál. Með slíku samstarfi verður það líka bezt tryggt, að meiri festa myndist í skipun þessara mála og hún gerð sem óháðust þeim breytingum, er hljóta að verða öðru hverju á stjórn ríkisins.

Nd. 199. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Bjarnasyni, Birgi Finnssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Á undan 1. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. B. 76 orðist svo:
   Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
2. Á eftir B. 77 komi nýr liður:
   Djúpvegur: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg nálægt botni Ísafjarðar.
3. Í stað orðanna „að Litlanesi“ í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes út fyrir Hörgsnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
4. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
   a. *Bitrufjarðarvegur:* Af Strandavegi í botni Bitrufjarðar yfir Bitrufjarðarháls að Kleifum í Gilsfirði.
   b. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi við Hvalsá um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg nálægt Valshamri.
5. Í stað orðanna „með álmu frá Melum í Norðurfjarðar“ í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.
6. Á eftir B. 86 komi nýr liður:
   Gilsstaðavegur: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
7. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
8. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
9. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
   a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungavíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
   b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungavík um Skálavík ytri að Meiri-Bakka.
10. Á eftir B. 101 komi nýr liður:
    Klúkuvegur: Af Hjarðardalsvegi í Valþjófsdal upp dalinn, yfir Klúku og á Ingjaldssandsveg á Sandsheiði.
11. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
12. Við B. 115 bætist: með álmu af veginum ofan Bjarngötudals niður Skógardal um Móberg að Melanesi.

Ed. 200. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1957.

Frá Sigurvin Einarsyni, Kjartani J. Jóhannssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Á undan 1. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. Á eftir B. 76 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Vesturlandsvegi á Hrísholsmelum um Hafrafell að Borg.

3. B. 77 orðist svo:
Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes og Djúpadal, um Grónes og Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
4. Á eftir B. 82 komi nýr liður:
Trékyllisheiðarvegur: Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.
5. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
6. Á eftir B. 106 komi nýr liður:
Hokinsdalsvegur: Af Arnarfjarðarvegi nálægt Dynjanda um Mosdal hjá Laugabóli til Hokinsdals.
7. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Stapadals.
8. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.
9. B. 116 orðist svo:
Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
10. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
11. Á eftir B. 117 komi nýr liður:
Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Heggsstaði að Siglunesi.

Sþ. 201. Fyrirspurn [96. mál]

til ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslu fóðurbætis og áburðar.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað ætlar ríkisstjórnin að greiða mikið niður verð fóðurbætis og áburðar?

Nd. 202. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið koma nýir töluliðir:
1. Á eftir A. 14 kemur nýr liður:
Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ingólfsfjalls um nýbýlahverfið, fram hjá Hvammi, Gljúfri og Sogni á Suðurlandsveg hjá Gljúfurholti.
2. Á eftir A. 19 kemur nýr liður:
Búrfellsvegur: Af Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell, Hæðarenda og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
3. Á eftir A. 32 kemur nýr liður:
Urriðafossvegur: Af Suðurlandsbraut skammt frá Þjótanda um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.

Sþ. **203. Breytingartillögur** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 og við brtt. á þskj. 174.

I. Frá *Alfreð Gíslasyni lækni.*

1. Við 10. gr. II. 2. Liðurinn orðist svo:
   Sendiráðið í Stokkhólmi 578 250
2. Við 10. gr. II. 3. Liðurinn orðist svo:
   Sendiráðið í London 975 750
3. Við 10. gr. II. 6. Liðurinn orðist svo:
   Sendiráðið í Osló 528 000
4. Við 10. gr. II. 9. Liðurinn orðist svo:
   Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC 584 025

II. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*

1. Við brtt. 174,23. 4. (Við 13. gr. A. II. c. — Fróðárhreppsvegur).
   Fyrir „200 000“ kemur 300 000
2. Við brtt. 174,23. 5. (Við 13. gr. A. II. c. — Heydalsvegur).
   Fyrir „200 000“ kemur 300 000
3. Við brtt. 174,23. 5. (Við 13. gr. A. II. c. — Millibyggðavegir).
   Nýr liður:
   Vesturlandsvegur í Gilsfirði 300 000

III. Frá *Halldóri E. Sigurðssyni* og *Ásgeiri Bjarnasyni.*

1. Við brtt. 174,24. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
   a. Við 4. Nýr liður:
      Norðurá hjá Króki 700 000
   b. Við 5. Nýr liður:
      Haukadalsá í Dalasýslu 500 000
2. Við brtt. 174,27. 1. (Við 13. gr. C. VIII. — Akranes).
   Fyrir „900 000“ kemur 2 300 000
   Til vara 1 500 000
3. Við brtt. 174,27. 37. (Við 13. gr. C. VIII. — Ólafsvík).
   Fyrir „300 000“ kemur 500 000

IV. *Frá Alfreð Gíslasyni lækni.*

Við 14. gr. A. II. a. (Íslenzkir námsmenn).
Fyrir „4 625 000“ kemur 5 400 000

V. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni, Garðari Halldórssyni* og *Birni Jónssyni.*

Við 14. gr. B. LXXIX. Liðurinn orðist svo:
Til Matthíasarfélagsins á Akureyri til þess að kaupa húsið Sigurhæðir og koma þar upp minjasafni um skáldið 75 000

VI. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Karli Guðjónssyni.*

1. Við 16. gr. A. 17. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).
   Fyrir „475 000“ kemur 620 000
2. Við 16. gr. A. 18. (Fyrirhleðsla í Kaldaklifsá. Svarðbælisá og Laugará).
   Fyrir „142 500“ kemur 185 000

3. Við 16. gr. A. 19. (Fyrirhleðsla í Miðskálaá og Írá).
Fyrir „35 000“ kemur 45 000

VII. Frá *Alfreð Gíslasyni lækni.*
Við 17. gr. II. 1. b. (Útrýming heilsuspillandi húsnæðis).
Fyrir „3 800 000“ kemur 8 000 000

VIII. Frá *forsætisráðherra.*
Við 20. gr. Út. III. Nýr liður:
Til byggingar stjórnarráðshúss 1 000 000

IX. Frá *Jóhanni Hafstein.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að veita allt að 150 þús. kr. styrk til viðhalds á gamla stúdentagarðinum.

X. Frá *Garðari Halldórssyni, Birni Jónssyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XXXVII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarkaupstað allt að 3 millj. kr. lán til vegarlagningar fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Nd. 204. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1960.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Alfreð Gíslason. Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:
1. Að hlutast til um, að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum.
2. Að láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina.

Greinargerð.

Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Öxarfirði, er eitt af lengstu og mestu vatnsföllum landsins. Hún á upptök sín í norðanverðum Vatnajökli og fellur til

sævar í Öxarfirði. Langt er síðan byrjað var að mæla vatnsmagn árinnar á ýmsum tímum árs, og á grundvelli þeirra mælinga voru einnig fyrir löngu gerðir lauslegir útreikningar um fallorku hennar. Fyrir nokkrum árum var á vegum raforkumálastjórnarinnar hafin ýtarleg rannsókn virkjunarskilyrða, og hefur henni verið haldið áfram. Af upplýsingum, sem fyrir liggja, mun mega ráða, að hagkvæmt sé og hlutfallslega ódýrt að virkja ána í tveim orkuverum, öðru við Dettifoss og hinu við Vígabergsfoss, a. m. k. 300—400 þús. kw. samtals. Til samanburðar má geta þess, að hér er um að ræða 4—5 sinnum meiri orku en fást mun úr Soginu fullvirkjuðu. Líkur benda til, að varla muni annars staðar á landinu hægt að framleiða svo mikið orkumagn á lægra verði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að nú sé tímabært að hefjast handa um að gera fullnaðaráætlun um orkuver við Jökulsá og stofnkostnað þeirra. Framkvæmd þeirrar stórvirkjunar, sem hér er um að ræða, tekur langan tíma. Ekki mun verða í hana ráðizt fyrst um sinn, nema fyrir liggi, að hægt sé að koma raforkunni í verð, um leið og hún verður til staðar. Af þessu leiðir, að þegar til virkjunarframkvæmda kemur, þarf jafnframt að stofna til útflutningsvöruframleiðslu í stórum stíl, sem rekin yrði í sambandi við orkuvinnsluna, og tryggja þeirri framleiðslu markað. Athugun á möguleikum í þessu sambandi þarf að fara fram, og æskilegt er, að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir samtímis fullnaðaráætlun um virkjunina — ef unnt er — eða sem allra fyrst að henni lokinni.

Rétt er að hafa það í huga, að jafnframt því sem virkjun Jökulsár gæti orðið undirstaða mikils vaxtar í atvinnulífi, mundi með henni skapast öflugur raforkuvarasjóður fyrir núverandi og fyrirhugaðar orkuveitur á Norður- og Austurlandi, en rafmagnsnotkun á þessu svæði er nú nálægt 20 þús. kw. samtals og fer að sjálfsögðu vaxandi.

Nánar í framsögu.

Sþ. 206. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 og við brtt. á þskj. 174.

I. Frá *Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni*.
Við 12. gr. XXVII. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss að Selfossi 500 000

II. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni*.
Við brtt. 174, 22. (Við 13. gr. A. II. a.).
1. Við tölul. 43. Nýr liður:
Króksfjarðarnesvegur 30 000
2. Við tölul. 45. (Gufudalsvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 70 000
3. Við tölul. 49. (Rauðasandsvegur).
Fyrir „45 000“ kemur 75 000
4. Við tölul. 52. (Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
5. Við tölul. 53. (Bíldudalsvegur á Mikladal).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
6. Við tölul. 55. (Suðurfjarðavegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000
7. Við tölul. 56. (Dalahreppsvegur).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
8. Við tölul. 58. (Ingjaldssandsvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

9. Við tölul. 59. Nýr liður:
Ísafjarðarvegur (Breiðadalsheiði) 150 000
10. Við tölul. 62. (Snæfjallastrandarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
11. Við tölul. 63. (Ögurvegur).
Fyrir „575 000“ kemur 700 000
12. Við tölul. 65. (Reykjarfjarðarvegur).
Fyrir „525 000“ kemur 700 000
13. Við tölul. 65. Nýr liður:
Selstrandarvegur 100 000
14. Við tölul. 66. (Strandavegur).
Fyrir „115 000“ kemur 200 000

III. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundsyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Birni Pálssyni.*
Við brtt. 174, 22. 84. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:
Siglufjarðarvegur ytri 800 000

IV. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 174, 22. (Við 13. gr. A. II. a.).
1. Við tölul. 102. Nýr liður:
Bakkafjarðarvegur 30 000
2. Við tölul. 104. Nýr liður:
Hellisheiðarvegur 200 000
3. Við tölul. 106. Nýr liður:
Jökulsárhlíðarvegur 30 000
4. Við tölul. 107.
a. Fyrir „Kirkjubæjarvegur“ kemur: Hróarstunguvegir.
b. Nýr liður:
Fellavegur efri 25 000
5. Við tölul. 109. Nýr liður:
Hjaltastaðavegur 20 000
6. Við tölul. 112. Nýr liður:
Seyðisfjarðarvegur eystri 20 000
7. Við tölul. 115. Nýr liður:
Norðurbyggðavegur í Skriðdal 35 000
8. Við tölul. 117. Nýr liður:
Vaðlavíkurvegur 15 000
9. Við tölul. 118. Nýr liður:
Vattarnesvegur 15 000
10. Við tölul. 120. Liðurinn orðist svo:
Stöðvarfjarðarvegur 270 000
11. Við tölul. 122. Í stað liðarins koma nýir liðir:
a. Breiðdalsvegur 60 000
b. Breiðdalsvegur syðri 30 000
c. Breiðdalsvíkurvegur 30 000
d. Norðurdalsvegur 30 000

V. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við brtt. 174,24. 7. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýir liðir:
1. Holtsá á Barðaströnd 440 000
2. Sunnudalsá í Trostansfirði 480 000
3. Reykjarfjarðará á Ströndum 335 000

VI. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Birni Pálssyni.*
Við brtt. 174,24. 15. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýr liður:
Jökulsá eystri hjá Merkigili, Skagaf. 400 000

VII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 174,24. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
1. Við tölul. 19. Nýr liður:
Fjarðará í Loðmundarfirði 200 000
2. Við tölul. 20. Nýr liður:
Selá hjá Starmýri 250 000

VIII. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við brtt. 174,27. (Við 13. gr. C. VIII.).
1. Við tölul. 11. Nýr liður:
Brjánslækur 50 000
2. Við tölul. 13. Nýr liður:
Drangsnes 100 000

IX. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Birni Pálssyni.*
Við brtt. 174,27. 27. (Við 13. gr. C. VIII. — Hofsós).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000

X. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 174,27. 30. (Við 13. gr. C. VIII. — Höfn í Hornafirði).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

XI. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við brtt. 174,27. (Við 13. gr. C. VIII.).
1. Við tölul. 34. Nýr liður:
Króksfjarðarnes 30 000
2. Við tölul. 38. (Patreksfjörður).
a. Fyrir „100 000“ kemur 200 000
b. Nýr liður:
Reykjanes í Reykhólasveit, ferjubryggja (endurveiting) 150 000
3. Við tölul. 48. (Suðureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
4. Við tölul. 50. (Tálknafjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

XII. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Ferjubryggjur:
1. Óspakseyri í Strandasýslu 100 000
2. Mýri á Snæfjallaströnd 100 000
3. Reykjanes í Barðastrandarsýslu 100 000

XIII. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 14. gr. B. XL. 8. (Tónlistarskóli Hafnarfjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 40 000

XIV. Frá *Karli Kristjánssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 16. gr. A. 3. (Búnaðarfélagið). Nýr liður:
Til sama vegna leiðbeiningarstarfs við tamningu og þjálfun hrossa 100 000
Til vara 50 000

XV. Frá *Garðari Halldórssyni, Ásgeiri Bjarnasyni* og *Ágúst Þorvaldssyni.*
Við 16. gr. A. 11. (Tilraunaráð búfjárræktar).
Fyrir „200 000“ kemur 400 000
Til vara 300 000

XVI. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við brtt. 174,81. 10. (Við 16. gr. A. 23. — Sjóvarnargarður í Ólafsvík).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

XVII. Frá *Geir Gunnarssyni.*
1. Við 16. gr. D. X. 3. (Jarðhitadeild).
Liðurinn orðist svo:
Annar rannsóknarkostnaður, þar af til jarðhitarannsókna á Reykjanesskaga 1 500 000 kr. 1 850 000
2. Við 17. gr. V. 11. Nýr liður:
Til barnaheimilissjóðs Hafnarfjarðar, byggingarstyrkur .. 60 000
Til vara 40 000

XVIII. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Birni Pálssyni*
Við brtt. 174,108. 3. (Við 20. gr. Út. IX. — Flugvallagerð).
Nýr liður:
Siglufjörður 300 000

XIX. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Birni Pálssyni, Garðari Halldórssyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 20. gr. Út. XII. 5. Nýr liður:
Til byggingar vélakennsluverkstæðis á Hólum í Hjaltadal 250 000

XX. Frá *Sigurvin Einarssyni.*
Við 20. gr. Út. XIII. Liðurinn orðist svo:
Til bygginga á prestssetrum 2 115 000
Þar af 500 þús. kr. til prestsseturshúss á Brjánslæk.

XXI. Frá *Sigurvin Einarssyni, Bjarna Guðbjörnssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að taka innlent lán, að upphæð 6 millj. kr., til vegagerðar í þeim byggðarlögum á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra, og skal þessu fé skipt milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

Nd. 207. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haldið 4 fundi um frumvarpið og fengið á því ýmsar skýringar hjá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sverri Þorbjörnssyni, og Hjálmari Vilhjálmssyni ráðuneytisstjóra.

Meir hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins lítt breytts, en minni hlutinn mun skila séráliti og breytingartillögum. Um brtt. á þskj. 169 er nefndin þó öll sammála.

Umrætt frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar felur í sér meiri hækkun bóta til þeirra, sem trygginganna njóta, en áður hefur átt sér stað í einum áfanga. Kemur einkum tvennt til. Í fyrsta lagi höfðu bótagreiðslur trygginganna á síðustu árum ekki hækkað í samræmi við vaxandi dýrtíð, og í öðru lagi ber að líta á hækkun þeirra nú sem veigamikinn þátt þeirra efnahagsráðstafana, er gerðar hafa verði af hæstvirtri ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar.

Um fyrra atriðið er það að segja, að hinn 16. júlí 1958 skipaði þáverandi ráðherra tryggingarmála nefnd, samkv. þingsályktun samþykktri 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. Nefndin samdi frumvarp, sem gerði ráð fyrir, að elli-, örorku- og barnalífeyrir hækkaði um sem næst 20% frá því, sem verið hafði, og enn fremur áttu aðrar bætur að hækka verulega.

Útgjaldaaukning trygginganna samkv. till. þessarar nefndar nemur 33.8 millj. kr. og skiptist samkv. 24. gr. l. nr. 24/1956 þannig:

Ríkissjóður	33%	kr. 11154000.00
Hinir tryggðu	33%	— 11154000.00
Sveitarsjóðir	19%	— 6422000.00
Atvinnurekendur	15%	— 5070000.00
	100%	Kr. 33800000.00

Er hér, eins og áður segir, um 20% hækkun að ræða miðað við árið, en vegna betri afkomu trygginganna árin 1958 og 1959 en áætlað var mun þessi hækkun ekki koma öll fram í iðgjöldum til trygginganna á þessu ári.

17. gr.		Til félagsmála		320 455 129
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		27 935 841
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		318 900 000
		Rekstrarafgangur		127 183 014
		Samtals	. . .	1 500 203 000

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 373 019 986
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	116 832 082
		Greiðslujöfnuður	10 950 932
		Samtals	1 500 803 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1960 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

V. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1959 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

X. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XI. Að lána eða ábyrgjast lán að upphæð 1.2 millj. kr. til útsölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

XII. Að ábyrgjast allt að 7.5 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til aukningar á geymslurými fyrir bræðslusíld hjá verksmiðjunum á Raufarhöfn, svo og til byggingar löndunarbryggju þar á staðnum og uppsetningar nýrra löndunartækja.

XIII. Að ábyrgjast allt að 1.4 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp viðbótartækjum við soðvinnslustöð verksmiðjanna á Siglufirði.

XIV. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XV. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. (Endurveiting.)

XVI. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XVIII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XIX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XXI. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1961.

XXII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting).

XXIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXIV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXV. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XXVI. Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi. (Endurveiting.)

XXVII. Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.

XXVIII. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

XXIX. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XXX. Að taka að sér að greiða eftirstöðvar af svonefndum þurrafúalánum og gefa útvegsmönnum eftir kröfurnar.

XXXI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XXXII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.

XXXIII. Að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst.

XXXIV. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXXV. Að taka erlent lán að upphæð allt að 1.2 millj. dollara, eða jafnvirði í annarri mynt, til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

XXXVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 1.8 millj. kr. lán til Skipasmíðastöðvarinnar Dröfn í Hafnarfirði til endurbóta á dráttarbraut.

XXXVII. Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 3 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXXVIII. Til þess að stuðla að því, að framvegis verði haldið uppi gistihúsrekstri að Hótel Borg í Reykjavík, að falla frá innheimtu stimpil- og þinglestursgjalda í sambandi við kaup h.f. Hótel Borg á húseigninni ásamt fylgifé. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir niðurfelling gjaldanna, er hún telur nauðsynleg, þar á meðal að gjöldin skuli kræf, ef hætt verður að nota fasteign þessa sem gistihús.

XXXIX. Að selja flugskýli flugmálastjórnarinnar á Ísafirði við því verði og greiðslukjörum, sem ríkisstjórnin telur hagstæð. Andvirði skýlisins verði varið til flugvallagerðar við Ísafjörð.

XL. Að ábyrgjast fyrir Þorvald Guðmundsson forstjóra allt að 20 millj. króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til þess að reisa gistihús í Reykjavík. Eigi má þó ábyrgðarfjárhæð fara fram úr 80% af stofnkostnaði. Enn fremur er það skilyrði sett, að ríkissjóður fái 1. veðrétt í byggingunni ásamt húsbúnaði og aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLI. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

XLII. Að hefja byggingu æfingarskóla fyrir Kennaraskóla Íslands í samvinnu við Reykjavíkurbæ, þannig að ríkissjóður greiði ⅗ kostnaðarins, en Reykjavíkurbær ⅖ hluta.

23. gr.

Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt frá 1. febr. 1960 að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrisgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slíka uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1960 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 216. Frumvarp til laga [88. mál]

um söluskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 164 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar.

Ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar taka ekki til hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, og skulu seljendur slíkra verðmæta ávallt innheimta söluskatt af þeim, nema þau séu sérstaklega undanþegin skatti skv. ákvæðum 6. eða 7. gr. þessara laga.

4. gr. hljóðar svo:

Til skattskyldrar sölu og þjónustu telst meðal annars:

a. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin pöntunarfélög, lausaverzlun, tilboðasöfnun, sala vara í umboðssölu og sala við frjáls uppboð. Einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki til neytenda.
b. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru, sem láta á eða látið hefur verið í té.
c. Sala eða önnur afhending vara, vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru, sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun.
d. Sala eða önnur afhending vara, vinnu eða þjónustu annarra aðila, sem stunda sjálfstæða starfsemi.
e. Úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, hvort sem um er að ræða vöru, vinnu eða þjónustu, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.
f. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi sem ekki er sérstaklega undanþegin, kvikmyndaleiga, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðsla farartækja, fyrirgreiðsla ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.
g. Leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
h. Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum.
i. Sala hvers konar vátrygginga, sem lög nr. 20/1954 taka til, þó ekki líftrygginga.
j. Innflutningur vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum, innflutningssöluskatti, innflutningsgjaldi, ef það er á vörunni, og viðbætt 10% áætlaðri álagningu. Skatt þennan skal greiða við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um skattskyldu.

6. gr. hljóðar svo:

Undanþegin söluskatti er sala eftirtalinna vara og verðmæta:

1. Vörur, sem seldar eru úr landi.
2. Nýmjólk, nema um veitingasölu sé að ræða.
3. Fiskumbúðir og kjötpokar.
4. Fiskinet, fiskilínur, önglar og öngultaumar, þó ekki sporttæki.
5. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
6. Beitusíld.
7. Tilbúinn áburður, annar en í smásöluumbúðum.
8. Grasfræ.
9. Fóðurvörur.
10. Flugvélaeldsneyti.
11. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
12. Fasteignir, skip, flugvélar og flugvélavarahlutir.
13. Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.
14. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
15. Vörur, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.

7. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.
2. Vinna við skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir.
3. Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.
4. Húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
5. Útfararþjónusta.
6. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana.
7. Sala fasteigna, skipa, flugvéla, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta.
8. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta, eftir því sem ráðherra ákveður.
9. Sala listamanna á eigin verkum.
10. Sala neyzluvatns.
11. Póst- og símaþjónusta, svo og þjónusta banka og sparisjóða.

Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.

15. gr. hljóðar svo:

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á framtali. Enn fremur er skattyfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verzlunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja skattþegn og ábyrga forstöðumenn skattskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar svo og að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugeymsluhúsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með viskiptum hlutaðeigenda.

Þá hafa skattstjórar og skattanefndir rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim, er hafa keypt af söluskattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um meðlimi sína og atvinnu veirra.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skattstjóra og skattanefnda eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra, skattanefnd eða starfsmönnum þeirra í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og unnt er að veita.

17. gr. hljóðar svo:

Greiða skal 7% — sjö af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —. Gjaldskyldan tekur einnig til gjafa, sýnishorna og þess háttar.

Undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum eru vörur þær, sem 2. gr. tollskrárlaganna tekur til, einnig viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis og flugvélavarahlutir.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnháan söluskatt og af innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

19. gr. hljóðar svo:

Söluskattur af innflutningi svo og söluskattur skv. j-lið 4. gr. nýtur sömu lögverndar og aðflutningsgjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga um tollskrá o. fl. (lög nr. 90/1954 og síðari breytingar á þeim) og ákvæði laga um tollheimtu og tolleftirlit (lög nr. 68/1956) eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

a. Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1960 skal, til viðbótar 7% söluskatti skv. III. kafla laganna, greiða 8% — átta af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og skulu ákvæði III. kafla laga þessara gilda um þennan viðbótarskatt. Af viðbótarskatti þessum skal ríkissjóður greiða ⅕ hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni viðbótarsöluskatt skv. a-lið bráðabirgðaákvæða þessara, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara. Sama gildir um skatt skv. j-lið 4. gr., þegar hann kemur til framkvæmda, sbr. d-lið hér á eftir.

c. Ákvæði um iðgjaldaskatt í 14. gr. laga nr. 4/1960 skulu halda gildi sínu til 31. desember 1960, og gilda ákvæði síðasta málsliðar 28. gr. laga þessara um skatt þennan. Til sama tíma skal eigi greiða söluskatt skv. II. kafla laga þessara af þeim iðgjöldum, sem greiddur er af iðgjaldaskattur.

d. Skattheimta skv. II. kafla laganna kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. apríl 1960, og er frestað til sama tíma afnámi III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 að því er varðar söluskatt af innlendri framleiðslu og þjónustu o. fl., enn fremur er frestað til sama tíma afnámi 13. gr. laga nr. 4/1960.

Ákvæði síðasta málsliðar 28. gr. gilda einnig um gjöld skv. bráðabirgðaákvæðinu í þessum staflið.

e. Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu verður skattskyld samkvæmt lögum þessum, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Nd. 217. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 25. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Allir úrskurðir, sem fjármálaráðherra kveður upp samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu birtir opinberlega.

Nd. **218. Nefndarálit** [88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um þetta frv., og varð ég ásamt Skúla Guðmundssyni, 1. þm. Vestur-Norðlendinga, í minni hluta gegn frv. og gef hér út nefndarálit sem 2. minni hluti.

Í nefndaráliti flokksbróður míns í Ed., Björns Jónssonar, 2. minni hl. fjárhagsnefndar þar, var gerð svo skýr grein sérstaklega fyrir hinum fjármálalegu hliðum þessa máls, að ekki gerist þörf að endurtaka neitt af því. Ég mun því einbeita mér að tveim mikilvægum atriðum þessa frv.

1. Þetta frv. og sá söluskattur, sem með því er lagður á almenning, er ósvífnasta og ranglátasta árás, sem gerð hefur verið með slíkri skattlagningu um áratuga skeið.

Ber þar tvennt til:

Annars vegar er nú lagt á allar hinar brýnustu lífsnauðsynjar daglegs lífs, sem aldrei áður hafa verið tollaðar í manna minnum, fisk og kjöt og hvers konar fæði og skæði og annað, er maðurinn þarfnast til lífs síns.

Og í öðru lagi er þetta allt lagt á almenning bótalaust. Hingað til hefur — í 20 ár — alþýða manna fengið það upp bætt að miklu leyti með sjálfkrafa vísitöluhækkun á kaupgjaldi, ef lagður hefur verið söluskattur eða aðrar álögur á lífsnauðsynjar hennar. Og hafi verið um að ræða álögur á brýnustu lífsnauðsynjar alþýðu manna, fisk og kjöt og brauð og annað, sem þyngst vó í hinni gömlu vísitölu, er miðaðist við nauðþurftir manna 1939, þá fékk einmitt hinn fátækasti hluti almennings, sá, er sízt mátti við álögunum, að fullu bættan skaðann í sjálfkrafa kauphækkun.

Vísitala á kaupgjald var því hið þarfasta aðhald að yfirstétt og valdhöfum þessa lands um að varast hækkanir á þessum lífsnauðsynjum. Valdhafarnir fengu þá slíkar aðgerðir aftur í höfuðið og urðu því að hyggja á önnur ráð, ef þeir vildu ekki beinlínis skipuleggja verðbólgu, sem þeir að vísu oftast kusu að gera.

Þær álögur á almenning, sem í þessum söluskatti felast, koma hins vegar algerlega bótalaust niður á alþýðu manna og þyngst á þeim, sem bágast eiga, fyrst búið er að afnema vísitölu á kaupgjald með ákvæðum gengislækkunarlaga Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, sem rufu samninga verkamanna og atvinnurekenda. Það kemur því nú þegar í ljós, að afturhald landsins gengur á lagið, strax og það er búið að brjóta niður þann varnarvegg gegn dýrtíðinni, er vísitalan var almenningi, og leggur nú miskunnarlaust álögur á allar lífsnauðsynjar og skeytir engu, þótt þyngst komi niður þar, sem sízt skyldi.

Vegna þeirrar beinu og hatrömmu lífskjaraskerðingar, sem í þessu frv. felst og gerir það ólíkt öllum öðrum fyrri lögum um söluskatt og aðrar álögur, af því að aðstæður eru nú breyttar sökum afnáms vísitölu á kaup, þá ber að fella þetta frv.

2. En í öðru lagi er auðheyrt á þeim yfirlýsingum, sem fjármálaráðherra gaf við 1. umræðu þessa máls í Nd., að álagning þessa söluskatts er beinlínis upptaka nýrrar stefnu í fjármálum, sem tilkomin er undir erlendum áhrifum og á að framkvæmast með sérstakt takmark fyrir augum.

Fjármálaráðherra lýsti yfir því, að stefna yrði að því að innlima Ísland í einhvert fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu, hann var óviss í hvert þeirra, meðan ekki væru þau sameinuð, en í innlimunarstefnunni sjálfri var hann ákveðinn.

Fjármálaráðherra lýsti enn fremur yfir því, að þar sem stefnt væri að slíkri innlimun, þá gæti fjáröflun ríkisins ekki gerzt í eins ríkum mæli og hingað til með tollum á aðflutta vöru, sem vér Íslendingar hingað til höfum getað notað til þess að leggja hærri tolla á miður nauðsynlegan varning og hlíft þannig alþýðu manna við álögum á lífsnauðsynjar. En auðvitað hafa slíkir tollar á aðfluttar vörur haft

sömu áhrif og verndartollar fyrir íslenzkan iðnað, en stefnan hjá auðvaldi Vesturlanda er nú að brjóta niður alla slíka tolla smátt og smátt til þess að sameina mörg lönd í eitt fríverzlunarsvæði með niðurrifnum tollmúrum. En í staðinn er ætlun þessa auðvalds að koma á almennum söluskatti eins og þeim, sem hér er lagt til, í öllum skattlöndum auðjöfranna.

Og þessa stefnu vestræns auðvalds áleit fjármálaráðherra að taka skyldi upp hér til þess að gera Ísland hæft til innlimunar í „fríverzlunarsvæði", sem í raun inni yrði hinn tilvaldi vettvangur voldugra auðhringa til þess að brjóta niður allan sjálfstæðan iðnað hinna smáu þjóðlanda. En með því yrði raunverulega atvinnulíf sjálfstæðra landa eins og Íslands lagt undir alræði slíkra voldugra auðjöfra og lífsafkoma vor gerð leiksoppur í hendi þeirra.

Það er því ótvírætt, að í álagningu þessa söluskatts nú felst, ólíkt því, sem áður var um slíkar álögur, sérstök stefna, sem beinist að afnámi efnahagslegs sjálfstæðis Íslands. En það hefur verið einn höfuðtilgangur allrar þjóðfrelsisbaráttu vorrar að skapa þjóð vorri slíkt efnahagslegt sjálfstæði, sökum þess að það er grundvöllur pólitísks sjálfstæðis vors. Með stefnu þeirri, sem upp er tekin með álagningu þessa söluskatts, er því beinlínis höggvið að rótum sjálfstæðis Íslands, því að ekki mun það neinum efa bundið, að í yfirlýsingu fjármálaráðherra um hið sérstaka, annarlega tilefni þessa söluskatts fylgir hugur máli.

Þá lýsti fjármálaráðherra og yfir því, að stefna skyldi að því að draga úr beinum sköttum. En þeir hafa hingað til þótt skatta réttlátastir, ef þeir hafa fyrst og fremst og helzt einvörðungu verið lagðir á gróða og háar tekjur auðfélaga og einstaklinga.

Það er og vitað, að háir, beinir skattar af þessu tagi hafa verið útlendum auðmönnum þyrnir í auga og bægt þeim frá því að reyna að beina fjármagni sínu til Íslands til þess að ná tökum á íslenzku atvinnulífi og fá aðstöðu til að arðræna þjóð vora.

Samkvæmt yfirlýsingu ráðherra við álagningu þessa söluskatts og stefnu þeirri, sem með honum er mörkuð, er því beinlínis verið að undirbúa það að draga lokur frá hurðum íslenzks þjóðarbús og hleypa erlendum auðhringum inn í landið, en granda efnahagslegu sjálfstæði Íslands.

Það er ljóst af því, hvernig þessu frv. var fylgt úr garði af fjármálaráðherra, að með því á að taka upp þá stefnu að gera söluskatt -- jafnan, þungan nefskatt á vörur, einnig brýnustu lífsnauðsynjar — að höfuðstefnu um fjáröflun, en hverfa meir og meir brott frá beinum sköttum og lúxustollum eða álögum af því tagi, sem almenningi yrði eigi eins þungbært.

Verði ei á að ósi stemmd, þá mun því söluskattur, ranglátur nefskattur, almenningi þungbær, en auðvaldi hentugur, meir og meir ryðja sér til rúms og skerða lífskjör alþýðu, meðan hún ekki hefst að með almennum mótaðgerðum.

Það er því jafnt frá hagsmunasjónarmiði íslenzkrar alþýðu sem frá sjónarmiði efnahagslegs sjálfstæðis Íslands nauðsynlegt að fella þetta frv. Sú þjóð, sem á uppruna sinn að þakka andspyrnu frjálsra manna gegn álögum ágengrar yfirstéttar, á ekki að láta véla sig undir síþyngdar álögur á alþýðu, innlendu og erlendu auðvaldi til framdráttar, né láta grafa undan efnahagslegu sjálfstæði sínu og innlima sig í valdakerfi voldugra erlendra auðjöfra.

Ég legg því til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 21. marz 1960.

Einar Olgeirsson.

Nd. 219. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Skúla Guðmundssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Birni Pálssyni.

1. Við 6. gr.
   a. Á eftir „Nýmjólk“ í 2. tölul. komi: kjöt og fiskur.
   b. Á eftir 12. tölul. komi nýr töluliður:
      Dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar.
   c. Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
      Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Við 17. gr. Við 2. málsgr. bætist:
   Enn fremur dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands.

Nd. 220. Frumvarp til laga [99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu, að ákvæðin í alþjóðasamningi, er gerður var í London 24. janúar 1959, milli Íslands, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Ráðstjórnarríkjanna, Sambandslýðveldis Þýzkalands, Spánar og Svíþjóðar, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, skuli ganga í gildi. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja frekari reglur, er þurfa þykir, til þess að framfylgja samningi þessum.

Samningurinn er prentaður í þýðingu á íslenzku með lögum þessum ásamt viðbæti.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja ákvæði í reglugerð í samræmi við samninginn.

2. gr.

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, og ákvæðum samningsins, varða sektum frá 500.00 til 20 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FISKVEIÐAR Á NORÐAUSTURHLUTA ATLANTSHAFS.

London, 24. janúar 1959.

Ríki þau, sem eru aðilar að samningi þessum, hafa í því skyni að tryggja verndun fiskstofna og hagnýtan rekstur fiskveiða á norðausturhluta Atlantshafs og aðliggjandi hafsvæðum, vegna sameiginlegra hagsmuna sinna orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Svæði það, sem samningur þessi nær til (og hér eftir nefnist „samningssvæðið") skal ná til hafsvæða

   a. innan þess hluta Atlantshafs og Íshafs og aðliggjandi hafa, er liggja norðan við 36. gráðu norðurbreiddar og milli 42. gráðu vesturlengdar og 51. gráðu austurlengdar að undanteknu
      i. Eystrasalti og Beltunum sunnan og austan við línur dregnar milli Hasenörehöfða og Gniben-odda, milli Korshage og Spodsbjerg og milli Gilbjerghöfða og Kullen, svo og
      ii. Miðjarðarhafi og aðliggjandi hafsvæðum þangað sem skerast 36. breiddargráða og vesturlengdarbaugurinn 5° 36′.

   b. á Atlantshafi norðan 59. gráðu norðurbreiddar og milli 44. og 42. gráðu vesturlengdar.

2. Samningssvæðinu skal skipt í svæði, og eru mörk þeirra greind í viðbæti við samning þennan. Gera má breytingar á svæðum þessum í samræmi við ákvæði 4. liðs 5. greinar samnings þessa.

3. Í samningi þessum merkja eftirtalin orð það, sem hér segir:
   a. „Skip" merkir hvert það skip eða bát, sem notað er til fiskveiða eða hagnýtingar afla og skráð er á

THE NORTH-EAST ATLANTIC FISHERIES CONVENTION

London, January 24, 1959.

The States Parties to this Convention Desiring to ensure the conservation of the fish stocks and the rational exploitation of the fisheries of the North-East Atlantic Ocean and adjacent waters, which are of common concern to them; have agreed as follows:

Article 1

1. The area to which this Convention applies (hereinafter referred to as „the Convention area") shall be all waters which are situated
   a. within those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longetude, but excluding
      i. the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbierg and from Gilbierg Head to the Kullen, and
      ii. the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° latitude and the meridian of 5° 36′ west longetude.
   b. within that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude.
2. The Convention area shall be divided into regions, the boundaries of which shall be those defined in the Annex to this Convention. The regions shall be subject such alterations as may be made in accordance with the provisions of paragraph 4. of Article 5 of this Convention.
3. For the purposes of this Convention

   a. the expression „vessel" means any vessel or boat employed in fishing for sea fish or in the treatment of

landsvæði samningsríkis, eigendur búsettir þar, eða ber fána þess og

b. „Landsvæði“ merkir í sambandi við sérhvert samningsríkjanna

i. landsvæði innan samningssvæðisins eða liggjandi að því, sem samningsríki hefur á hendi alþjóðleg samskipti fyrir.

ii. landsvæði önnur, utan samningssvæðisins og eigi aðliggjandi, sem samningsríki hefur á hendi alþjóðleg samskipti fyrir, enda tilkynni samningsríkið það skriflega, annaðhvort við undirskrift samnings þessa, fullgildingu eða aðildaryfirlýsingu eða síðar, að samningurinn nái til þessara landsvæða, og stíli yfirlýsinguna til ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (sem hér eftir nefnist ríkisstjórn Bretlands) og

iii. hafsvæði innan samningssvæðisins, þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu yfir fiskveiðum.

sea fish which is registered or owned in the territories of, or which flies the flag of any Contracting State; and

b. the expression „territories“, in relation to any Contracting State, extends to

i. any territory within or adjacent to the Convention area for whose international relations the Contracting State is responsible;

ii. any other territory, not situated within the Convention area or adjacent to it, for whose international relations the Contracting State is responsible and for which such State shall have made known, by written declaration to the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland (hereinafter referred to as the Government of the United Kingdom), either at the time of signature, of ratification, or of adherence, or subsequently, that this Convention shall apply to it:

iii. the waters within the Convention area where the Contracting State has exclusive jurisdiction over fisheries.

2. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa nokkur áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir samningsríkja að því er snertir víðáttu fiskveiðilögsögu.

Article 2

Nothing in this Convention shall be deemed to affect the rights, claims, or views of any Contracting State in regard to the extent of jurisdiction over fisheries.

3. gr.

1. Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi er hér með stofnuð (og nefnist hér eftir fastanefnd). Starfar hún að framkvæmd samnings þessa.
2. Hverju sambandsríki er heimilt að tilnefna tvo fastafulltrúa í fastanefndina og auk þeirra þá sérfræðinga og ráðgjafa þeim til aðstoðar, er þurfa þykir.

Article 3

1. A North-East Atlantic Fisheries Commission (hereinafter referred to as the Commission) is hereby established and shall be maintained for the purposes of this Convention.
2. Each Contracting State may appoint as its Delegation to the Commission not more than two Commissioners and such experts and advisers to assist them as that State may determine.

3. Fastanefnd kýs sér forseta og tvo varaforseta, og þurfa þeir eigi að vera úr hópi fastafulltrúa, sérfræðinga þeirra eða ráðgjafa. Nú er fastafulltrúi kjörinn forseti og leggur hann þá niður starf sitt sem fastafulltrúi lands síns, enda er viðkomandi ríki heimilt að tilnefna annan fastafulltrúa í hans stað.

4. Skrifstofa fastanefndar er í London.

5. Fastanefnd kemur saman til fundar á ári hverju í London, nema hún afráði annað, og velur hún sjálf fundartíma. Þó ber formanni svo fljótt sem auðið er að kveðja til fundar á þeim stað og tíma, er hann ákveður, ef fastafulltrúi samningsríkis krefst þess og hlýtur í því efni stuðning fastafulltrúa frá þremur ríkjum öðrum.

6. Fastanefnd skipar framkvæmdastjóra og annað starfslið hvenær sem er eftir því sem þörf krefur.

7. Fastanefnd er heimilt að stofna nefndir í tilteknu skyni eftir því, sem henni þykir með þurfa.

8. Fastafulltrúar hvers samningsríkis ráða einu atkvæði í fastanefnd, og fer annar hvor þeirra með það. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé sérstaklega kveðið á um. Nú skiptast atkvæði jafnt um málefni, er hlítir einföldum meirihluta, og skoðast tillagan þá felld.

9. Fastanefnd setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði þessarar greinar, og kveður í þeim á um kjör forseta og varaforseta og kjörtíma þeirra.

10. Ríkisstjórn Bretlands boðar til fyrsta fundar fastanefndar svo skjótt, sem fært er eftir að samningur þessi er genginn í gildi. Hún sendir samnings-

3. The Commission shall elect its own President and not more than two Vice-Presidents who need not be chosen from the Commissioners or their experts or advisers. If a member of a Delegation has been elected President he shall forthwith cease to act as a member of that Delegation, and if a Commissioner has been elected the State concerned shall have the right to appoint another person to serve in his place.

4. The Office of the Commission shall be in London.

5. Except where the Commission determines otherwise, it shall meet once a year in London at such time as it shall decide: provided, however, that upon the request of a Commissioner of a Contracting State and subject to the concurrence of a Commissioner of each of three other Contracting States, the President shall, as soon as practicable, summon a meeting at such time and place as he may determine.

6. The Commission shall appoint its own Secretary and may from time to time appoint such other staff as it may require.

7. The Commission may set up such Committees as it considers desirable to perform such functions as it may determine.

8. Each Delegation shall have one vote in the Commission which may be cast only by a Commissioner of the State concerned. Decisions shall be taken by a simple majority except where otherwise specifically provided. If there is an even division of votes on any matter which is subject to a simple majority decision, the proposal shall be regarded as rejected.

9. Subject to the provisions of this Article, the Commission shall draw up its own Rules of Procedure, including provisions for the election of the President and Vice-Presidents and their terms of office.

10. The Government of the United Kingdom shall call the first meeting of the Commission as soon as practicable after the coming into force of

ríkjum bráðabirgðadagskrá eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fundardag.

11. Fundargerðir fastanefndar, tillögur og ályktanir skulu sendar svo fljótt sem auðið er öllum samningsríkjum á ensku og frönsku.

this Convention, and shall communicate the provisional agenda to each of the other Contracting States not less than two months before the date of the meeting.

11. Reports of the proceedings of the Commission shall be transmitted and proposals and recommendations shall be notified as soon as possible to all Contracting States in English and in French.

4. gr.

1. Samningsríkin bera hvert um sig kostnað fastafulltrúa, sérfræðinga og ráðgjafa, er þau hafa tilnefnt.
2. Fastanefnd semur á ári hverju áætlun um útgjöld sín.
3. Nú nemur fjárhagsáætlun einhvers árs £200 eða minna fyrir hvert samningsríki, og deilist þá kostnaðurinn jafnt milli þeirra.
4. Fari kostnaðaráætlun einhvers árs fram úr £200 fyrir hvert samningsríki, skal fastanefndin reikna framlag hvers ríkis um sig eftir þessari reglu:
   a. Frá heildarupphæðinni skal fyrst draga upphæð, er nemur £200 fyrir hvert samningsríki.
   b. Afgangnum skal skipt í jafna hluti jafnmarga og nemur tölu þátttakenda í svæðanefndum.
   c. Hvert samningsríki greiðir síðan £200 að viðbættum hlutum, er svara til tölu þeirra svæðanefnda, er það á sæti í.
5. Fastanefnd skal tilkynna hverju samningsríki, hvaða upphæð því er gert að greiða samkvæmt 3. og 4. lið þessarar greinar, og ber samningsríkinu síðan svo fljótt sem auðið er að inna hina tilkynntu greiðslu af hendi.
6. Framlög ber að greiða í mynt þess lands þar sem skrifstofa fastanefndar hefur aðsetur, nema fastanefnd

Article 4

1. Each Contracting State shall pay the expenses of the Commissioners, experts and advisers appointed by it.
2. The Commission shall prepare an annual budget of the proposed expenditures of the Commission.
3. In any year in which the annual budget amounts to £200 or less for each Contracting State, the total sum shall be shared equally between Contracting States.
4. In any year in which the annual budget exceeds £200 for each Contracting State, the Commission shall calculate the payments due from each Contracting State according to the following formula:
   a. from the budget there shall be deducted a sum of £200 for each Contracting State;
   b. the remainder shall be divided into such number of equal shares as correspond to the total number of Regional Committee memberships;
   c. the payment due from any Contracting State shall be the equivalent of £200 plus the number of shares equal to the number of Regional Committees in which that State participates.
5. The Commission shall notify to each Contracting State the sum due from that State as calculated under paragraph 3. or 4. of this Article and as soon as possible thereafter each Contracting State shall pay to the Commission the sum so notified.
6. Contributions shall be payable in the currency of the country in which the Office of the Commission is located,

fallist á að taka við greiðslu í mynt, sem telja má að hún þurfi að nota til greiðslu kostnaðar hverju sinni, enda sé hámark slíkra greiðslna ákveðið árlega við samningu fjárhagsáætlunar.

except that the Commission may accept payment in the currencies in which it may be expected that expenditures of the Commission will be made from time to time, up to an amount established each year by the Commission when preparing the annual budget.

7. Á fyrsta fundi sínum ber fastanefnd að samþykkja fjárhagsáætlun um fyrsta fjárhagsár sitt og senda samningsríkjum afrit af henni ásamt tilkynningu um áætluð framlög þeirra samkvæmt 3. og 4. lið greinar þessarar.

7. At its first meeting the Commission shall approve a budget for the balance of the first financial year in which the Commission functions and shall transmit to the Contracting States copies of that budget together with notices of their respective contributions as assessed under paragraph 3. or 4. of this Article.

8. Að því er varðar síðari fjárhagsár, ber fastanefnd að leggja fyrir öll samningsríkin drög að fjárhagsáætlun ásamt skrá um niðurjöfnun eigi síðar en sex vikum fyrir þann ársfund fastanefndar, sem tekur fjárhagsáætlunina til umræðu.

8. In subsequent financial years, the Commission shall submit to each Contracting State drafts of annual budgets, together with a schedule of allocations, not less than six weeks before the annual meeting of the Commission at which the budgets are to be considered.

5. gr.

1. Fastanefnd stofnar svæðisnefnd fyrir hvern hluta, sem samningssvæðið skiptist í, og eru völd og skyldur nefndanna greindar í 6. grein samnings þessa.

2. Fastanefnd ákveður setu í öllum svæðanefndum. Þó hefur samningsríki, er strendur á að svæðinu eða stundar fiskveiðar þar, að sjálfsögðu rétt til setu í svæðisnefndinni. Nú stundar samningsríki á öðru svæði veiðar fisktegundar, sem einnig veiðist á svæðinu, og á það þá kost á setu í svæðisnefndinni.

3. Í samræmi við ákvæði 6. greinar samnings þessa, ber fastanefnd að ákveða starfssvið svæðanefnda og setja þeim fundarsköp.

4. Heimilt er fastanefnd hvenær sem er að breyta mörkum svæða

Article 5

1. The Commission shall establish a Regional Committee, with the powers and duties described in Article 6 of this Convention, for each of the regions into which the Convention area is divided.

2. The representation on any Regional Committee so established shall be determined by the Commission, provided, however, that any Contracting State with a coastline adjacent to that region, or exploiting the fisheries of the region, has automatically the right of representation on the Regional Committee. Contracting States exploiting elsewhere a stock which is also fished in that region shall have the opportunity of being represented on the Regional Committee.

3. Subject to the provisions of Article 6 of this Convention, the Commission shall determine the terms of reference of, and the procedure to be followed by, each Regional Committee.

4. The Commission may at any time alter the boundaries and vary the

þeirra, sem greind eru í viðbæti við samning þenna, svo og tölu þeirra. Til þessa þarf einróma samþykki allra fastafulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, enda berist eigi innan þriggja mánaða mótmæli þeirra samningsríkja, sem eigi hafa átt fulltrúa á fundinum eða eigi greiddu þar atkvæði.

number of the regions defined in the Annex to this Convention, provided this is by the unanimous decision of the Delegations present and voting and no objection is made within three months thereafter by any Contracting State not represented, or not voting, at the meeting.

6. gr.

1. Fastanefnd ber

   a. að fylgjast með fiskveiðum á samningssvæðinu,
   b. að athuga í ljósi þeirra tæknilegu upplýsinga, sem fáanlegar eru, hvaða ráðstafanir ber að gera til þess að vernda fiskstofna á svæðinu og tryggja hagnýtan rekstur fiskveiða þar.

   c. að athuga, að beiðni samningsríkis, þær tillögur, sem ríki, er ekki er aðili að samningi þessum, hefur gert til hennar um að hefja viðræður um verndun fiskstofna á samningssvæðinu eða hluta þess, og

   d. gera tillögur til samningsríkja um hvers konar ráðstafanir, sem frá greinir í 7. grein samnings þessa, byggðar á niðurstöðum vísindalegra rannsókna og athugana, að svo miklu leyti sem hægt er.

2. Svæðanefndum ber, að því er svæðin varðar, að endurskoða og athuga öll mál á sama hátt og greinir í 1. lið greinar þessarar um fastanefnd og samningssvæðið. Rétt er svæðisnefnd að bera fram tillögur um framkvæmdir varðandi sitt svæði, og ber henni að athuga þær tillögur þessa efnis, sem fastanefnd kann að vísa til hennar.

3. Rétt er svæðanefndum að gera drög að ályktunum til athugunar í fastanefnd og getur hún samþykkt slík drög með þeim breytingum, er henni þykir þurfa, í formi ályktana í

Article 6

1. It shall be the duty of the Commission:
   a. to keep under review the fisheries in the Convention area;
   b. to consider, in the light of the technical information available, what measures may be required for the conservation of the fish stocks and for the rational exploitation of the fisheries in the area;
   c. to consider, at the request of any Contracting State, representations made to it by a State which is not a party to this Convention for the opening of negotiations on the conservation of fish stocks in the Convention area or any part thereof; and
   d. to make to Contracting States recommendations, based as far as practicable on the results of scientific research and investigation, with regard to any of the measures set out in Article 7 of this Convention.
2. It shall be the duty of a Regional Committee to perform, in relation to its Region, functions of review and consideration similar to those described in paragraph 1. of this Article in relation to the Commission and the Convention area. A Regional Committee may initiate proposals for measures in relation to its region and shall consider any such proposals as may be remitted to it by the Commission.
3. A Regional Committee may prepare draft recommendations for consideration by the Commission, which may adopt any such draft recommendations, with any modifications

samræmi við ákvæði 7. greinar samnings þessa.

4. Rétt er svæðanefndum á hverjum tíma að skipa undirnefndir til þess að athuga tiltekin vandamál, er varða hluta svæðisins, enda gefi þær nefndinni skýrslu þar um.

7. gr.

1. Þær ráðstafanir varðandi markmið og tilgang samnings þessa, sem fastanefnd og svæðanefndir geta tekið til athugunar og fastanefnd getur gert ályktanir um til samningsríkja, eru þessar:

   a. ráðstafanir til ákvörðunar möskvastærðar á fiskinetjum.
   b. ráðstafanir til ákvörðunar á lágmarksstærð fisks, er skip mega hirða, afferma eða sýna eða bjóða til sölu.
   c. ráðstafanir til fiskveiðabanns á tilteknum tímum,
   d. ráðstafanir til fiskveiðabanns á tilteknum svæðum,
   e. ráðstafanir til ákvörðunar um veiðarfæri og áhöld aðrar en þær, er lúta að möskvastærð á fiskinetjum,
   f. ákvarðanir til úrbóta og aukningar á auðlindum hafsins, og geta til þeirra talizt tækniklak og flutningur lífvera og seiða.

2. Til viðbótar ráðstöfunum þeim, er greinir í 1. lið greinar þessarar, má gera ráðstafanir til þess að ákvarða heildarveiði eða heildarsókn á tilteknu tímabili, svo og allar aðrar ráðstafanir til þess að varðveita fiskstofna á samningssvæðinu. Tillögur, er að slíku lúta, skulu hljóta að minnsta kosti tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fastafulltrúa, er viðstaddir eru og atkvæði greiða, og síðan samþykki allra samningsríkja í samræmi við stjórnarskrárákvæði þeirra.
3. Ráðstafanir þær, er greinir í 1. og 2. lið greinar þessarar, mega ná til allra

it may consider desirable, as recommendations for the purpose of Article 7 of this Convention.

4. A Regional Committee may at any time appoint sub-committees to study specific problems affecting parts of the Region and to report thereon to the Regional Committee.

Article 7

1. The measures relating to the objectives and purposes of this Convention which the Commission and Regional Committees may consider, and on which the Commission may make recommendations to the Contracting States, are
   a. any measures for the regulation of the size of mesh of fishing nets;
   b. any measures for the regulation of the size limits of fish that may be retained on board vessels, or landed, or exposed or offered for sale;
   c. any measures for the establishment of closed seasons;
   d. any measures for the establishment of closed areas;
   e. any measures for the regulation of fishing gear and appliances, other than regulation of the size of mesh of fishing nets;
   f. any measures for the improvement and the increase of marine resources, which may include artificial propagation, the transplantation of organisms and the transplantation of young.
2. Measures for regulating the amount of total catch, or the amount of fishing effort in any period, or any other kinds of measures for the purpose of the conservation of the fish stocks in the Convention area, may be added to the measures listed in paragraph 1. of this Article on a proposal adopted by not less than a two-thirds majority of the Delegations present and voting and subsequently accepted by all Contracting States in accordance with their respective constitutional procedures.
3. The measures provided for in paragraphs 1. and 2. of this Article may

tegunda sjófiska og skelfiska, en eigi til spendýra í sjó. Þær geta og náð til allra tegunda veiða og til allra hluta samningssvæðisins.

8. gr.

1. Í samræmi við ákvæði greinar þessarar fallast samningsríkin á að framkvæma allar tillögur fastanefndar samkvæmt 7. grein samnings þessa, sem samþykktar eru með að minnsta kosti tveim þriðju atkvæða fastafulltrúa þeirra, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.
2. Áður en níutíu dagar eru liðnir frá því að samningsríki hefur verið tilkynnt ályktun slík, er um ræðir í 1. lið greinar þessarar, er því heimilt að mótmæla henni, og er því þá eigi skylt að framkvæma hana.
3. Nú eru mótmæli gerð innan níutíu daga tímabilsins, og er hverju öðru samningsríki heimilt að hafa uppi svipuð mótmæli áður en liðnir eru sextíu dagar, eða áður en liðnir eru þrjátíu dagar frá því það tók við tilkynningu um að annað samningsríki hefði mótmælt innan umræddra sextíu daga.
4. Nú mótmæla þrjú samningsríki eða fleiri gerðri ályktun, og eru þá öll samningsríkin laus undan skuldbindingu um að framkvæma ályktunina. Þó mega þau sín á milli, nokkur eða öll, fallast á að framkvæma hana.
5. Nú hefur samningsríki mótmælt ályktun, og er því hvenær sem er heimilt að taka mótmæli sín aftur. Ber því þá, í samræmi við ákvæði 4. liðs greinar þessarar, að framkvæma ályktunina innan níutíu daga eða frá þeim degi, er fastanefnd tiltekur samkvæmt 9. grein samnings þessa, hvort sem síðar verður.
6. Fastanefnd ber að tilkynna öllum samningsríkjum þegar í stað, er hún tekur við mótmælum eða afturköllun þeirra.

relate to any or all species of sea fish and shell fish, but not to sea mammals; to any or all methods of fishing; and to any or all parts of the Convention area.

Article 8

1. Subject to the provisions of this Article, the Contracting States undertake to give effect to any recommendation made by the Commission under Article 7 of this Convention and adopted by not less than a two-thirds majority of the Delegations present and voting.
2. Any Contracting State may, within ninety days of the date of notice of a recommendation to which paragraph 1. of this Article applies, object to it and in that event shall not be under obligation to give effect to the recommendation.
3. In the event of an objection being made within the ninety-day period, any other Contracting State may similarly object at any time within a further period of sixty days, or within thirty days after receiving notice of an objection by another Contracting State made within the further period of sixty days.
4. If objections to a recommendation are made by three or more of the Contracting States, all the other Contracting States shall be relieved forthwith of any obligation to give effect to that recommendation but any or all of them may nevertheless agree among themselves to give effect to it.
5. Any Contracting State which has objected to a recommendation may at any time withdraw that objection and shall then, subject to the provisions of paragraph 4. of this Article, give effect to the recommendation within ninety days, or as from the date determined by the Commission under Article 9 of this Convention, whichever is the later.
6. The Commission shall notify each Contracting State immediately upon receipt of each objection and withdrawal.

9. gr.

Allar ályktanir, sem um ræðir í 1. lið 8. greinar samnings þessa, skulu í samræmi við ákvæði þeirrar greinar teljast bindandi fyrir samningsríkin frá þeim degi, er fastanefnd tiltekur, enda sé hann eigi tiltekinn fyrr en þeim tíma lýkur, sem ætlaður er til mótmæla þeirra, er um getur í greininni.

Article 9

Any recommendation to which paragraph 1. of Article 8 of this Convention applies shall, subject to the provisions of that Article, become binding on the Contracting States from the date determined by the Commission, which shall not be before the period for objection provided in Article 8 has elapsed.

10. gr.

1. Rétt er samningsríki hvenær sem er, að tveim árum liðnum frá því er því var gert að framkvæma hvers konar ályktun, sem um ræðir í 1. lið 8. greinar samnings þessa, að tilkynna fastanefnd uppsögn á samþykki sínu við ályktunina. Verði slík uppsögn eigi afturkölluð, gengur hún í gildi að tólf mánuðum liðnum frá því hún var gerð, og er ályktunin eftir það eigi bindandi fyrir samningsríkið.

2. Nú hefur ályktun eigi lengur gildi gagnvart einhverju samningsríki samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og hefur hún þá eigi lengur gildi gagnvart nokkru því samningsríki, sem þess óskar frá þeim tíma að það tilkynnti uppsögn til fastanefndar.

3. Fastanefnd ber þegar eftir móttöku að tilkynna öllum samningsríkjum þær uppsagnir, sem henni kunna að berast samkvæmt þessari grein.

Article 10

1. At any time after two years from the date on which it has been required to give effect to any recommendation to which paragraph 1. of Article 8 of this Convention applies, any Contracting State may give the Commission notice of the termination of its acceptance of the recommendation and, if that notice is not withdrawn, the recommendation shall cease to be binding on that Contracting State at the end of twelve months from the date of the notice.
2. At any time after a recommendation has ceased to be binding on a Contracting State under paragraph 1. of this Article, the recommendation shall cease to be binding on any other Contracting State which so desires upon the date of notice to the Commission of withdrawal of acceptance of that recommendation by such other State.
3. The Commission shall notify all Contracting States of every notice under this Article immediately upon the receipt thereof.

11. gr.

1. Fastanefnd ber jafnan, þegar þess er kostur, að leita ráða hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu og samstarfs við það um framkvæmd nauðsynlegra rannsókna, svo að ályktanir þær, er hún gerir um vernd fiskstofna á á samningssvæðinu, séu, að svo miklu leyti sem fært er, byggðar á niðurstöðum vísindarannsókna og athugana. Í þessu skyni er henni heimilt að gera þá samninga eða það sam-

Article 11

1. In order that the recommendations made by the Commission for the conservation of the stocks of fish within the Convention area shall be based so far as practicable upon the results of scientific research and investigation, the Commission shall when possible seek the advice of the International Council for the Exploration of the Sea and the co-operation of the Council in carrying

komulag við Alþjóðahafrannsóknaráðið, sem henni þykir þurfa.

2. Heimilt er fastanefnd að leita samninga og halda uppi samstarfi við allar aðrar alþjóðastofnanir, sem hafa svipað markmið.

12. gr.

1. Skylt er samningsríkjum að beiðni fastanefndar að láta henni í té allar tölfræðilegar og líffræðilegar upplýsingar, sem fáanlegar eru og henni mega að gagni koma í samræmi við samning þenna.
2. Rétt er fastanefnd að birta skýrslur um starfsemi sína eða dreifa þeim á annan hátt. Nær þetta og til annarra upplýsinga um fiskveiðar á samningssvæðinu eða hluta þess eftir því, sem þurfa þykir.

13. gr.

1. Án þess að í bága brjóti við fullveldisréttindi samningsríkja yfir landhelgi eða innhöfum, er hverju þeirra skylt á sínu landssvæði og gagnvart eigin þegnum og skipum að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa og ályktunum fastanefndar, sem öðlazt hafa gildi gagnvart því, svo og að beita viðurlögum fyrir brot á þeim.
2. Ber hverju samningsríki að gefa fastanefnd árlega skýrslu um, hvað í slíku efni hefur verið aðhafzt.
3. Fastanefnd getur gert ályktanir með tveim þriðju hlutum atkvæða, annars vegar um innanlandseftirlit í samningsríkjunum og hins vegar um innanlands- og alþjóðaráðstafanir til

out any necessary investigations and, for this purpose, may make such joint arrangements as may be agreed with the International Council for the Exploration of the Sea or may make such other arrangements as it may think fit.
2. The Commission may seek to establish and maintain working arrangements with any other international organisation which has related objectives.

Article 12

1. The Contracting States undertake to furnish on the request of the Commission any available statistical and biological information the Commission may need for the purposes of this Convention.
2. The Commission may publish or otherwise disseminate reports of its activities and such other information relating to the fisheries in the Convention area or any part of that area as it may deem appropriate.

Article 13

1. Without prejudice to the sovereign rights of States in regard to their territorial and internal waters, each Contracting State shall take in its territories and in regard to its own nationals and its own vessels appropriate measures to ensure the application of the provisions of this Convention and of the recommendations of the Commission which have become binding on that Contracting State and the punishment of infractions of the said provisons and recommendations.
2. Each Contracting State shall transmit annually to the Commission a statement of the action taken by it for these purposes.
3. The Commission may by a two-thirds majority make recommendations for, on the one hand, measures of national control in the territories of the Contracting States and, on the other hand,

eftirlits á höfum úti, í því skyni að tryggja það, að samningi þessum sé framfylgt, svo og ráðstöfunum þeim, er í gildi eru samkvæmt honum. Fer um slíkar ályktanir eftir ákvæðum 8., 9. og 10. greinar.

national and international measures of control on the high seas, for the purpose of ensuring the application of the Convention and the measures in force thereunder. Such recommendations shall be subject to the provisions of Articles 8, 9 and 10.

14. gr.

Eigi ná ákvæði samnings þessa til fiskveiða, er eingöngu eru gerðar í vísindatilgangi og framkvæmdar á skipum, er samningsríki hafa löggilt í því skyni, né til fisks, er veiddur er á þann hátt. En eigi má selja, sýna eða bjóða slíkan fisk til sölu gagnstætt ákvæðum 1. liðs 8. greinar, ef þau gilda í viðkomandi samningsríki.

Article 14

The provisions of this Convention shall not apply to fishing operations conducted solely for the purpose of scientific investigation by vessels authorised by a Contracting State for that purpose, or to fish taken in the course of such operations, but in any of the territories of any Contracting State bound by a recommendation to which paragraph 1. of Article 8 applies, fish so taken shall not be sold or exposed or offered for sale in contravention of any such recommendation.

15. gr.

1. Samningur þessi liggur frammi til undirskriftar til 31. marz 1959. Ber samningsríkjum að fullgilda hann svo fljótt sem auðið er og afhenda fullgildingarskjölin ríkisstjórn Bretlands.
2. Samningur þessi gengur í gildi þegar öll ríki, sem hafa undirritað hann, hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín. Nú hafa þau eigi öll fullgilt hann áður en ár er liðið frá 31. marz 1959, en a. m. k. sjö þeirra hafa gert það, og er þeim þá heimilt að semja sín á milli með sérstakri bókun um dag, er samningurinn skuli ganga í gildi. Gengur hann þá í gildi gagnvart þeim ríkjum, er síðar fullgilda hann, frá þeim degi, er þau leggja fram fullgildingarskjöl sín.
3. Heimilt er öllum ríkjum, sem eigi hafa undirritað samning þennan, að gerast aðilar að honum eftir að hann er genginn í gildi í samræmi við ákvæði 2. liðs þessarar greinar. Aðild

Article 15

1. This Convention shall be open for signature until 31st March, 1959. It shall be ratified as soon as possible and the instruments of ratification shall be deposited with the Government of the United Kingdom.
2. This Convention shall enter into force upon the deposit of instruments of ratification by all signatory States. If, however, after the lapse of one year from 31th March, 1959, all the signatory States have not ratified this Convention, but not less than seven of them have deposited instruments of ratification, these latter States may agree among themselves by special protocol on the date on which this Convention shall enter into force; and in that case this Convention shall enter into force with respect to any State that ratifies thereafter on the date of deposit of its instrument of ratification.
3. Any State which has not signed this Convention may accede thereto at any time after it has come into force in accordance with paragraph 2. of this Article. Accession shall be ef-

gerist með skriflegri tilkynningu stílaðri til ríkisstjórnar Bretlands og gengur í gildi við móttöku. Öllum ríkjum, er aðilar gerast að samningi þessum, ber að framkvæma ályktanir þær, sem gilda gagnvart öllum öðrum samningsríkjum á þeim tíma, svo og þær ályktanir aðrar, sem þá eru í gildi gagnvart einhverju eða einhverjum samningsríkjanna, ef þær eru ekki sérstaklega undan þegnar í tilkynningu um aðild.

4. Ríkisstjórn Bretlands ber að tilkynna öllum ríkjum, er undirritað hafa samning þennan, svo og öðrum aðildarríkjum um öll fullgildingarskjöl, er fram eru lögð, og um aðildartilkynningar, sem hún hefur tekið við, svo og um ríki þau, er samningurinn nær til og frá hvaða tíma.

16. gr.

1. Ákvæði 5., 6., 7., 8. og 9. greinar samnings um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, svo og I., II. og III. viðbætir við þann samning, sem undirritaður var í London 5. apríl 1946, svo sem honum hefur verið breytt samkvæmt ákvæðum 10. liðs 12. greinar hans, skulu halda gildi sínu gagnvart öllum ríkjum, er standa að samningi þessum. En að því er hann varðar, skulu þau skoðast sem ályktanir gerðar og gildar án mótmæla samkvæmt samningi þessum frá og með þeim degi, er hann gengur í gildi, gagnvart viðkomandi ríki innan svæðis þess, er sá samningur (1946) nær til. Þó er öllum samningsríkjum heimilt á tveim árum hinum næstu eftir að samningur þessi gengur í gildi að leysa sig að öllu eða nokkru undan slíkum ályktunum með tólf mánaða uppsögn, stílaðri til ríkisstjórnar Bretlands. Nú hefur samningsríki tilkynnt uppsögn á hluta umræddrar ályktunar, og er hverju öðru samningsríki heimilt frá sama tíma að tilkynna undanþágu sína undan sama eða öðrum hluta

fected by means of a notice in writing addressed to the Government of the United Kingdom and shall take effect on the date of its receipt. Any State which accedes to this Convention shall simultaneously undertake to give effect to those recommendations which are, at the time of its accession, binding on all the other Contracting States as well as to any other recommendations which are, at that time, binding on one or more of the Contracting States and are not specifically excluded by the acceding State in its notice of accession.

4. The Government of the United Kingdom shall inform all signatory and acceding States of all ratifications deposited and accessions received and shall notify signatory States of the date and the States in respect of which this Convention enters into force.

Article 16

1. In respect of each State Party to this Convention, the provisions of Articles 5, 6, 7, 8 and 9 and Annexes I, II and III of the Convention for the Regulation of the Meshes of Fishing Nets and the Size Limits of Fish, signed at London, on 5th April, 1946, as amended by decisions made under paragraph 10. of Article 12 of that Convention, shall remain in force but shall be deemed for the purposes of the present Convention to be a recommendation made and given effect without objection under this Convention as from the date of its entry into force in respect of that State within the area covered by the 1946 Convention; provided that in the period of two years after the coming into force of this Convention, any Contracting State may, on giving twelve months' written notice to the Government of the United Kingdom, withdraw from the whole or any part of the said recommendation. If a Contracting State has, in accordance with the provisions of this Article, given notice of its withdrawal from

nefndrar ályktunar eða undan ályktuninni í heild.

2. Ákvæði samnings um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, sem gerður var í London 5. apríl 1946, skulu, nema að því leyti, er greinir í 1. lið þessarar greinar, hætta að ná til samningsríkja samnings þessa frá þeim tíma, er hann gengur í gildi gagnvart hverju þeirra.

a part of the said recommendation, any other Contracting State may, with effect from the same date, give notice of its withdrawal from the same or any other part of the said recommendation, or from the recommendation as a whole.

2. The provisions of the Convention for the Regulation of the Meshes of Fishing Nets and the Size Limits of Fish signed at London on 5th April, 1946, shall, save as provided in paragraph 1. of this Article, cease to apply to each Contracting State to this Convention as from the date of the entry into force of this Convention in respect of that State.

17. gr.

Eftir að tvö ár eru liðin frá því er samningur þessi gekk í gildi gagnvart samningsríki, er því heimilt að segja honum upp með tilkynningu stílaðri til ríkisstjórnar Bretlands. Gengur úrsögnin úr gildi tólf mánuðum eftir móttöku, og ber ríkisstjórn Bretlands að tilkynna öllum samningsríkjum þetta.

Article 17

At any time after two years from the date on which this Convention has come into force with respect to a Contracting State, that State may denounce the Convention by means of a notice in writing addressed to the Government of the United Kingdom. Any such denunciation shall take effect twelve months after the date of its receipt, and shall be notified to the Contracting States by the Government of the United Kingdom.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í London, 24. janúar 1959 í tveim eintökum, og er annað á ensku, hitt á frönsku. Eru báðir textar jafngildir og geymast í skjalasafni ríkisstjórnar Bretlands.

In witness thereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done in London this twenty fourth day of January nineteen hundred and fifty nine in two copies, one in the English language, the other in the French language. Both texts shall be deposited in the archives of the Government of the United Kingdom and shall be regarded as equally authentic.

Ríkisstjórn Bretlands ber að senda öllum ríkisstjórnum ríkja, er undirritað hafa samning þennan, eða gerzt aðilar að honum, staðfest eintök af báðum textum hans.

The Government of the United Kingdom shall transmit certified copies of both texts of this Convention in the two languages to all the signatory and acceding States.

Fyrir hönd Belgíu:

For Belgium:

Fyrir hönd Danmerkur:
B. Dinesen
Fyrir hönd Frakklands:
J. Chauvel

For Denmark:
B. Dinesen
For France:
J. Chauvel

Fyrir hönd Sambandslýðveldisins Þýzkalands:
Herwarth
Fyrir hönd Íslands:
H. G. Andersen
Fyrir hönd Írlands:
M. J. Gallagher
Fyrir hönd Hollands:
A. Bentinck
Fyrir hönd Noregs:
Klaus Sunnanå
Fyrir hönd Póllands:
Ludwik Milanowski
Fyrir hönd Portúgals:
Daniel Silva
com.
Mario Ruivo
Fyrir hönd Spánar:
Fyrir hönd Svíþjóðar:
Fyrir hönd Sambands sósialiskra ráðstjórnarríkja:
M. Suchorusjenko
Fyrir hönd Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:
R. G. R. Wall
A. J. Aglen
H. J. Johns

For the Federal Republic of Germany:
Herwarth
For Iceland:
H. G. Andersen
For the Republic of Ireland:
M. J. Gallagher
For the Netherlands:
A. Bentinck
For Norway:
Klaus Sunnanå
For Poland:
Ludwik Milanowski
For Portugal:
Daniel Silva
com.
Mário Ruivo
For Spain:
For Sweden:
For the Union of Soviet Socialist Republics:
M. Suchorusjenko
For the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland:
R. G. R. Wall
A. J. Aglen
H. J. Johns

VIÐBÆTIR

Svæði þau, er ákveðin eru með 1. grein samnings þessa, skulu vera þessi:

1. Svæði — Sá hluti samningssvæðisins, sem til suðurs takmarkast af línu dreginni frá skurðpunkti 59° n. br. og 44° v. l. beint austur að lengdarbaugnum 42° v. l., þaðan beint í suður að breiddarbaugnum 48° n. br., þaðan beint austur að lengdarbaugnum 18° v. l., þaðan beint norður að breiddarbaugnum 60° n. br., þaðan beint austur að lengdarbaugnum 5° v. l., þaðan beint norður að breiddarbaugnum 60° 30′ n. br., þaðan beint austur að lengdarbaugnum 4° v. l., þaðan beint norður að breiddarbaugnum 62° n. br., þaðan beint austur að strönd Noregs, þaðan norður og austur með Noregsströnd og strönd Ráðstjórnarríkjanna allt að lengdarbaugnum 51° a. l.

ANNEX

The regions provided for by Article 1 of this Convention shall be as follows:

Region 1 — The part of the Convention area bounded on the south by a line running from a point 59° north latitude 44° west longitude due east to the meridian of 42° west longitude; thence due south to the parallel of 48° north longitude; thence due east to the meridian of 18° west longitude; thence due north to the parallel of 60° north latitude; thence due east to the meridian of 5° west longitude; thence due north to the parallel of 60° 30′ north latitude; thence due east to the meridian of 18° west longitude; thence due north to the parallel of 62° north latitude; thence due east to the coast of Norway; thence north and east along the coast of Norway and along the coast of the Union of Soviet Socialist Republics as far as the meridian of 51° east longitude.

2. Svæði — Sá hluti samningssvæðisins, sem liggur norðan 48° n. br. og utan 1. svæðis.
3. Svæði — Sá hluti samningssvæðisins, sem liggur milli 36° og 48° n. br.

Region 2 — The part of the Convention area not covered by Region 1 and north of 48° north latitude.
Region 3 — The part of the Convention area between 36° and 48° north latitude.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. janúar 1959 var undirritaður í London alþjóðasamningur milli Íslands, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Ráðstjórnarríkjanna, Sambandslýðveldis Þýzkalands, Spánar og Svíþjóðar, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs. Er með frumvarpi þessu farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða með auglýsingu, að samningurinn skuli ganga í gildi.

Sþ. 221. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um fiskileit á Breiðafirði.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes til að kanna grundvöll fyrir niðursuðuverksmiðju í Stykkishólmi.

Greinargerð.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að mikinn hluta ársins er atvinna lítil í Stykkishólmi. Vélbátaútgerð hefur farið minnkandi, enda miklu lengri sókn á mið en frá verstöðvum vestar á Snæfellsnesi. Reynt hefur verið að tryggja jafna atvinnu með útgerð togarans Þorsteins þorskabíts, en framtíð þeirrar útgerðar er tvísín. Af þessum sökum er brýn þörf á aukinni fjölbreytni í atvinnulífi staðarins.

Síðastliðið haust hélt hreppsnefnd Stykkishólms fund, þar sem mættir voru atvinnurekendur staðarins, og var rætt um framtíð atvinnulífsins þar. Fundurinn samþykkti tillögu, þar sem farið var fram á þá leit að humar-, rækju- og smásíldarmiðum í Breiðafirði, sem þessi þáltill. fjallar um. Var helzt bent á þessa leið til þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins og tryggja atvinnu árið um kring í Stykkishólmi.

Nd. 222. Frumvarp til laga [101. mál]

um Reykjanesbraut.

Flm.: Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Nýjan veg skal leggja frá Álftanesvegamótum um Keflavík og Garð og til Sandgerðis.

2. gr.

Vegagerð þessa skal miða við, að samgöngur milli Reykjavíkur og Sandgerðis verði sem hagkvæmastar og öruggastar, og henni hagað með sérstöku tilliti til framtíðarnota Íslendinga af Keflavíkurflugvelli fyrir millilandaflug og innanlandsflug svo og annarrar starfsemi, sem þar kann að verða rekin.

3. gr.

Vegurinn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Framkvæmdir skal miða við, að vegurinn verði fullgerður á næstu 5 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

5. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 85 millj. kr. lán.

6. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Reykjanesbraut.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingi 1958—1959 flutti Ólafur Thors, þáverandi þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, tillögu til þingsályktunar um steinsteyptan veg frá Hafnarfirði til Sandgerðis. Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar sameinaðs þings. Nefndin skilaði ekki áliti um þingsályktunartillögu þessa, en að samkomulagi varð í nefndinni að leggja til við Alþingi, að tillaga þessi ásamt með tillögu frá 1. þm. Rangæinga, Ingólfi Jónssyni, um vegagerð úr steinsteypu, yrðu afgreiddar með samþykkt svofelldrar þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra útbúa fyrir næsta þing framkvæmdaáætlun um að steypa fjölförnustu þjóðvegi á næstu árum. Verði jafnframt gerðar tillögur um fjáröflun til framkvæmdanna og stefnt að því, að vegagerð með þessum hætti geti hafizt á næsta ári.“

Þann 30. jan. 1959 sendi vegamálastjóri fjárveitinganefnd umsögn sína um tillögu þessa.

Þar segir, að kostnaður við nauðsynlegar umbætur og steypt slitlag á Reykjanesbraut muni nema samtals 68.1 millj. kr., og sundurliðast hann þannig:

Endurbygging á 35 km vegarkafla kostar 21.3 millj. kr., og steypt slitlag á 40 km vegarkafla kostar 46.8 millj. kr.

Síðan þessi áætlun var gerð, hafa nokkrar verðhækkanir orðið af völdum efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, sem raska þessum útreikningi. Erfitt er að áætla, hversu þær hækkanir nema miklu, en sennilegast aldrei minna en 25%.

Reykjanesbraut hefur sérstöðu umfram aðra þjóðvegi landsins. Bæði er umferðin á þeim vegi sú mesta, sem þekkist hérlendis, þar sem um hann fara daglega a. m. k. 1000 bifreiðar, og svo er hitt atriðið, sem ræður hér mestu um, og það er, að augljóst er, að innan nokkurra ára verður Keflavíkurflugvöllur aðalflugvöllur landsmanna, a. m. k. fyrir millilandaflugið og sennilegast innanlandsflugið líka. Mjög er nú rætt um að leggja niður Reykjavíkurflugvöll, og yfirgnæfandi líkur eru til þess, að svo verði á næstu árum. Þá er ekki í önnur hús að venda en til Keflavíkurflugvallar fyrir flugfélögin íslenzku, enda ekki í kot vísað, þar sem ágætis aðstaða er fyrir hendi á allan hátt. Þá er ekki ósennilegt, að Keflavíkurflugvöllur verði alþjóðleg lendingar- og skiptistöð á alþjóðaflugleiðum, og er þá margra hluta vegna nauðsynlegt, að greiðfær og góður vegur tengi hann við höfuðborgina. Af framansögðu er ljóst, að Reykjanesbraut hefur algera sérstöðu meðal þjóðvega landsins og því sérstök nauðsyn á að hraða vegagerð þar.

Það er vitað, að hér er um alldýra framkvæmd að ræða, en ekki er til lítils að vinna. Auk þess, sem að framan er sagt, má telja þetta:

Á árinu 1957 nam viðhaldskostnaður á Reykjanesbraut 1.5 millj. kr., og hækkar sá kostnaður nú stórlega. Viðhaldskostnaður á steyptum vegi er að sjálfsögðu mun lægri.

Daglega aka a. m. k. 1000 bifreiðar um Reykjanesbraut 40000 km á dag. Væri

vegur þessi steyptur, er áætlaður sparnaður umferðarinnar heilt ár talinn 5840000 kr., og fer sú tala hækkandi með auknum bifreiðafjölda og hærri rekstrarkostnaði bifreiða.

Það er því ljóst, að fjárhagslega yrði mjög arðvænlegt að steypa veg þennan, enda er fyrir því erlend reynsla, að það borgi sig vel að setja varanlegt slitlag á vegi, þegar umferð á þeim hefur náð 200—300 bifreiðum á dag.

Reykjanesbraut hefur af orðsnjöllum mönnum verið nefnd „Ódáðahraun íslenzkra vega“. Lýsir sú nafngift betur en mörg orð fá gert ástandi þessa fjölfarnasta þjóðvegar landsins. Við svo búið má ekki lengur standa. Framkvæmd þessa lagafrumvarps er að vísu dýr, og eðlilegt verður að telja, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að taka lán til þessara framkvæmda, jafnframt því að fé sé veitt á fjárlögum til hennar.

Að endingu viljum við leyfa okkur að benda á hugmynd, sem fram kom í greinargerð Ólafs Thors, hæstv. forsætisráðherra, fyrir þáltill. hans um fjáröflun til þessarar vegagerðar, en þar segir svo:

„Vaxi mönnum í augum kostnaður við framkvæmd þessa, er engin fjarstæða að taka til athugunar, hvort rétt þætti að leggja skatt, er næmi örfáum krónum, á hverja bifreið, sem um veginn fer. Mundi með því móti auðið án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ferðamenn að afla ríkissjóði tekna, er nægðu til vaxtagreiðslu af stofnkostnaði og jafnvel að einhverju leyti til afborgana, sem þó ríkissjóður að eðlilegum hætti gæti staðið undir vegna sparnaðar á vegaviðhaldinu.

Telji menn rétt að leggja inn á þessa braut, mun að sjálfsögðu af því leiða, að sams konar gjöld verður að leggja á þá, sem ferðast um aðra steinsteypta vegi, sem í framtíðinni hljóta að verða lagðir hér á landi.“

Nánar í framsögu.

Sþ. 223. Fyrirspurn [102. mál]

til ríkisstjórnarinnar um málaleitan Nyasalandsmanna um að kæra Breta fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til málaleitunar Nyasalandsmanna um að kæra framferði Breta í Nyasalandi fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins, og hvað hefur hún aðhafzt í málinu?

Ed. 224. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 6. gr.
   a. Á eftir „Nýmjólk“ í 2. tölul. komi: kjöt og fiskur.
   b. Á eftir 12. tölul. komi nýr töluliður:
      Dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar.
   c. Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
      Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Við 17. gr. Við 2. málsgr. bætist:
   Enn fremur dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands.

3. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Allir, úrskurðir, sem fjármálaráðherra kveður upp samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu birtir opinberlega.

Ed. 225. Lög [88. mál]

um söluskatt.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 216 (sbr. 164).

Nd. 226. Frumvarp til laga [103. mál]

um búnaðarháskóla á Íslandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.
Búnaðarháskóli skal starfræktur á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.
Hlutverk Búnaðarháskóla Íslands er:
1. Að veita æðri menntun í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Sé kennslan byggð á vísindalegum grundvelli.
2. Að vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði landbúnaðarins.

3. gr.
Búnaðarháskólinn skal hafa öll þau afnot af jörð og búi á Hvanneyri, sem kennsla og rannsóknarstörf þarfnast.

4. gr.
Ráðherra skipar skólastjóra búnaðarháskólans.

5. gr.
Ráðherra skipar fasta kennara samkvæmt tillögum skólastjóra og kennararáðs. Skólastjóri ræður aukakennara og fasta aðstoðarmenn að fengnum tillögum kennararáðs og með samþykki ráðherra.

6. gr.
Fastakennarar skulu auk kennslustarfa annast rannsóknir í sérgreinum sínum. Starfstími þeirra er 11 mánuðir á ári.

7. gr.
Fastakennarar háskólans skulu ásamt skólastjóra mynda kennararáð.
Kennararáð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans innan þeirra marka, er reglugerð ákveður.
Úrskurði kennararáðs má áfrýja til ráðherra.

8. gr.
Skólastjóra er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að fela einstökum kennurum yfirumsjón með sérstökum greinum skólastarfsins.

9. gr.

Námstími við Búnaðarháskóla Íslands er 4 missiri, 3 vetur og 1 sumar. Meðan húsnæði og aðrar aðstæður skortir, er ráðherra heimilt að ákveða, að námstíminn verði aðeins 3 missiri, 2 vetur og 1 sumar, og eru þá nemendur teknir inn í skólann annað hvert ár.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir inngöngu í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf. Kennararáð getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
b. Að hann auk þess hafi stúdentspróf eða miðskólapróf og framhaldsmenntun í stærðfræði, íslenzku, dönsku og ensku, er svari sem næst til:
   í stærðfræði stúdentsprófs máladeildar,
   í dönsku stúdentsprófs,
   í íslenzku og ensku prófs úr 2. bekk menntaskóla.

11. gr.

Lokapróf búnaðarháskólans er kandídatspróf í búfræði. Gangi nemandi frá prófi eða standist það ekki, getur kennararáð heimilað honum að endurtaka það síðar.

Skólastjóri ræður prófdómara í samráði við kennararáð.

12. gr.

Nemendur skólans skulu í hvívetna gæta háttvísi og velsæmis í skóla sem utan hans. Skal í reglugerð setja ákvæði um hegðun nemenda og viðurlög við brotum.

13. gr.

Búnaðarháskólinn skal, eftir því sem fé er til veitt í fjárlögum, stofna og annast fræðilegt bókasafn um landbúnað. Skal það vera nemendum til afnota og til útlána fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn búnaðarháskólans og gefur út reglugerð um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum skólastjóra og kennararáðs.

15. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu Búnaðarháskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Eftirfarandi greinargerð fylgir frv.:

Með bréfi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, 26. febr. 1959, var skipuð þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri. Aðalefni bréfsins var á þessa leið:

„Búnaðarþing 1958 samþykkti ályktun þess efnis, að það teldi brýna þörf á, að kennsla í búvísindum hérlendis yrði efld og aukin frá því, sem nú er, og að stofnaður skyldi fullkominn búnaðarháskóli hér á landi og hann staðsettur á Hvanneyri.

Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd þriggja manna til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri — — —“

Í nefndina skipaði ráðherra þá Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal alþingismann og Guðmund Jónsson skólastjóra.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi, bæði á Hvanneyri og í Reykjavík, kynnt sér lög og reglugerðir búnaðarháskóla Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og fengið tillögur kennara við framhaldsdeild búnaðarskólans á Hvanneyri.

Nefndin var sammála um, að ekki væri ráðlegt að hafa fyrstu lög um búnaðarháskóla á Íslandi um of ýtarleg, heldur bæta þau og auka með reglugerðum, meðan starfsemin er í byrjun og nokkur reynsla fæst.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, að svo miklu leyti sem þeirra er þörf.

1. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við og er í samræmi við bréf menntamálaráðherra frá 26. febr. 1959.

2. grein.

Ætlazt er til, að búnaðarháskólinn hafi tvíþætt hlutverk: æðri kennslu í búvísindum og rannsóknir á því sviði.

3. grein.

Til þess að búfræðikennsla og rannsóknir á því sviði geti náð tilgangi sínum, er þörf á því að hafa til umráða nóg landrými, búfé og vélar. Allt þetta er fyrir hendi á Hvanneyri og þarf að vera til afnota fyrir háskólann.

4. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

5. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

6. grein.

Greinin ber með sér, að svo er til ætlazt, að kennarar skólans séu til þess hæfir að framkvæma rannsóknir og kennslustörf þeirra verði ekki meiri en svo, að tóm sé til slíks starfs. Starfstími kennaranna er langur, 11 mánuðir, enda er sumarið í flestum tilfellum hentugasti tími til rannsókna og tilrauna á sviði landbúnaðarins. Að sjálfsögðu verður að skapa starfsmönnum skólans launakjör í samræmi við lengd starfstíma þeirra.

7. grein.

Rétt þykir, að kennararáð aðstoði skólastjóra við meiri háttar ákvarðanir í málefnum skólans.

8. grein.

Þessi grein felur í sér ábendingu um það, að rétt geti verið að létta störfum af skólastjóra, en fela þau kennurum. Á þetta þó alveg sérstaklega við, ef sami maður fer einnig með stjórn bændaskólans.

9. grein.

Eins og stendur, er framhaldsnámið á Hvanneyri 2 vetur og 1 sumar. Hins vegar hafa allmargir hinna íslenzku búfræðikandídata að afloknu prófi farið til annarra landa (Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar) til meira náms í vissum sérgreinum landbúnaðarins. Hefur það tekið 1—2 ár. Komið gæti til greina að gera slíkt sérnám við erlendan búnaðarháskóla að skyldu. Ber þar hvort tveggja til, að það hefur almennt menntandi og þroskandi gildi að kynnast öðrum þjóðum,

svo og hitt, að því lengra sem farið er út í sérnám, því meiri ástæða er til að sækja það til annarra landa, þar sem allar aðstæður til vísindalegra rannsókna eru og munu ávallt verða mun betri en hér.

Hitt er þó lagt til í tillögum okkar, að lengja námið hér heima, strax og fært þykir vegna húsrýmis, kennslukrafta og rannsóknartækja. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir 3 vetrum og 1 sumri til kandídatsprófs í búfræði.

10. grein.

Fyrsta skilyrðið fyrir því að fá inngöngu í búnaðarháskólann er það að vera búfræðingur. Gert er ráð fyrir að taka ekki jafnaðarlega búfræðinga með lægra próf en 1. einkunn, þó geti kennararáð veitt undanþágu frá því, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Auk búfræðiprófs sé aðalkrafan sú, að umsækjandi sé stúdent. Heimilt sé þó að taka inn nemendur, sem auk miðskólaprófs hafi þá þekkingu í íslenzku, reikningi, dönsku og ensku, er lagagreinin segir til um. Er þessi krafa mjög sniðin eftir tilsvarandi ákvæðum í Danmörku og Noregi.

11. grein.

Í reglugerð þarf að kveða nánar á um það, hverjar reglur skulu gilda um endurtekningu prófa. Hins vegar má telja réttmætt að gefa kennararáði tækifæri til þess að hafa áhrif á það, á hvern hátt nemendum, sem falla eða ganga frá prófi, er leyft að taka það upp aftur. Er m. a. haft í huga, að hér er að ræða um heimavistarskóla, þar sem það er mikilvægt atriði, hverja framkomu nemendur hafa og hver áhrif þeirra eru á skólalífið.

12. grein.

Að sjálfsögðu verða nemendur að hafa fullt aðhald um það, að þeir ekki með gálauslegri framkomu spilli skólalífi og hafi áhrif til hins verra um álit stofnunarinnar út á við.

13. grein.

Mjög er það nauðsynlegt fyrir búnaðarháskóla að eiga stórt og vandað bókasafn, einkum um landbúnaðarvísindi. Væri og æskilegt að geta veitt búfræðimenntuðum mönnum utan stofnunarinnar aðgang að því.

14.—15. grein.

Þurfa ekki skýringa við.

Reykjavík, 29. janúar 1960.

Steingrímur Steinþórsson,
með fyrirvara, sjá sérstaka greinargerð.

Benedikt Gröndal. Guðmundur Jónsson.

Fylgiskjal I.

Greinargerð

frá minni hluta nefndar, er skipuð var 26. febr. 1959 til þess að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri.

Með bréfi, dags. 26. febr. f. á., skipaði þáverandi menntamálaráðherra þriggja manna nefnd. Nefndinni var falið að semja uppkast að frumvarpi um stofnun **búnaðarháskóla á Hvanneyri.** Nefnd þessi var skipuð þeim Benedikt Gröndal alþingismanni, Guðmundi Jónssyni skólastjóra á Hvanneyri. Þriðji maður nefndarinnar var sá, er þetta ritar, og var honum um leið falið að vera formaður nefndarinnar.

Ég leyfi mér að vísa til hinnar almennu greinargerðar, er frumvarpsuppkasti nefndarinnar fylgir um störf nefndarinnar.

Bréf menntamálaráðherra takmarkar störf nefndarinnar við það eitt að semja frv. til laga um **búnaðarháskóla á Hvanneyri.** Hefur nefndin starfað á þeim grundvelli. Hins vegar lýsti ég því yfir, áður en störfum nefndarinnar var langt komið, að ég væri því andvígur, að búnaðarháskóli yrði reistur á Hvanneyri. Ég teldi, að þá stofnun ætti að reisa sem deild við **Háskóla Íslands.** Ég tók fram, að ég mundi samkvæmt ósk ráðherra taka þátt í samningu frumvarps um búnaðarháskóla á Hvanneyri, en hins vegar í séráliti skýra mín sjónarmið og hvers vegna ég ekki gæti á það fallizt, að búnaðarháskóli yrði reistur þar. Þessi skoðun mín hefur þróazt um langan tíma. Sjálfur er ég Hvanneyringur, starfaði þar um tólf ára skeið sem nemandi, vinnumaður og kennari. Ég ann Hvanneyri og vil þeim stofnunum, sem þar eru, allt hið bezta, en þó því aðeins, að öruggt sé, að hægt verði að reisa þær stofnanir, sem þar eiga að vera, með þeim myndarskap, er staðnum og starfseminni hæfir. En ég óttast, að svo verði ekki, ef reisa skal þar búnaðarháskóla á næstu árum. Hætt er við, að hann verði reistur með hálfgerðum kotungsbrag, en ekki með þeirri reisn, sem slíkri stofnun hæfir og hún verður að hafa til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Tel ég þá verr farið en heima setið.

Búnaðarháskóli með vísindasniði kostar svo miklar fjárhæðir, að skiptir tugum milljóna króna í fyrsta áfanga. Það munu sumir kalla óþarfa varkárni af minni hálfu, en aðrir hræðslu og bleyðiskap að láta slíkt hafa áhrif á afstöðu mína til málsins, en ég játa hreinskilnislega, að þetta hefur að nokkru leyti mótað afstöðu mína, þótt fleira komi til, eins og síðar mun rakið.

Þegar rætt er um og gerðar áætlanir um að reisa jafnmikla og margþætta stofnun og búnaðarháskóli hlýtur alltaf að verða, er margs að gæta, ef vel á til að takast. Mistök á staðarvali fyrir slíka stofnun eða stórir gallar á staðsetningu fyrstu bygginga, sem reistar verða í fyrirhuguðu háskólahverfi, geta orðið mjög örlagaríkir síðar meir og þá valdið því, að seint eða aldrei sé hægt að ráða bót á þeim misfellum, sem orðið hafa, nema þá með svo miklum tilkostnaði, að telja má óviðráðanlegt. Þessu verður að gera sér ljósa grein fyrir strax við fyrstu umræður um þetta mál. Á Hvanneyri er stór bændaskóli, og er skólabúið starfrækt í þjónustu skólans. Ég hygg, að engum detti í hug að breyta þessu. En þeir, sem vilja reisa búnaðarháskóla á Hvanneyri, telja, að báðar skólastofnanirnar geti samhliða haft aðgang og not af skólabúinu. Þetta mun þó ýmsum vandkvæðum bundið, ef betur er að gáð, eins og nánar mun fram tekið síðar.

Hvanneyri er mikil jörð, og má miklu framfleyta á henni. Jörðin er þó að sumu leyti einhæf og sérstæð um margt, svo að hún líkist ekki nema að vissu leyti venjulegum bújörðum hér á landi. Mestu gæði jarðarinnar eru hinar ágætu flæðiengjar, allt frá Hvítárósi og að Ásgarðshöfða. Hins vegar er ræktunarlandið óþjált til ræktunar, mýraflóar mjög blandnir leir, sem gerir það að verkum, að framræsla er bæði dýr og erfið. Hvanneyrarflóinn er því sérstakur og einhæfur um margt og ekki eins og venjuleg mýrarjörð er hér á landi. Valllendismóar eru því nær engir nema þá úti í Kistu, yzt í Hvanneyrarlandi. Dálítið er af melum, en þó mjög takmarkað, sem hafa reynzt illa til ræktunar. Ég tel það því vöntun allmikla, að ekki skuli vera fjölbreyttari jarðvegur til umráða, þar sem tvær voldugar kennslu- og vísindastofnanir í þágu landbúnaðarins eiga að hafa aðsetur.

Þrátt fyrir þetta tel ég þó, að reisa megi búnaðarháskóla á Hvanneyri hvað landrými snertir. Ég lít svo á, að þá beri að reisa hann á Ásgarðshólum og til hans ætti fyrst og fremst að leggja Tungutún og land svo langt út eftir sem þarf, sem ég tel að í fyrsta áfanga þurfi að vera út að Ásgarðshöfða, en síðar meira, eftir því sem stofnunin vex og fleiri verkefni verða tekin til meðferðar.

Fari svo, að reistur verði búnaðarháskóli á Hvanneyri, yrði hann að vera undir annarri yfirstjórn en bændaskólinn. Ég tel það eitt meginatriði, sem ekki megi hvika frá. Ætti sami maður að stjórna báðum skólum og búinu, væri það of

mikið starf og hætt við því, að annar hvor skólinn eða báðir liðu við það. Eigi að gera ráð fyrir, að báðir skólarnir ættu að geta notað búið vegna kennslunnar, verður óumflýjanlegt að setja yfir það sjálfstæða stjórn, en láta það ekki vera undir stjórn annars hvors, skólastjóra bændaskólans eða rektors. Slíkt mundi valda árekstrum. Við það að taka búið undan stjórn skólastjóra bændaskólans er vegur þess skóla rýrður frá því, sem nú er.

Þá álít ég að ýmsu leyti varhugavert að hafa á sama stað, þótt í aðskildum byggingum væri að einhverju leyti, tvær jafnólíkar stofnanir, en þó skyldar, eins og bændaskóla og búnaðarháskóla. Það er grundvallareðlismunur á þessum tveimur skólum. Í bændaskóla á fyrst og fremst að kenna nemendum búskap og þau hagnýtu fræði, sem til þess þarf, að bóndinn sé sem færastur að gegna sínu mikilvæga hlutverki í þjóðfélaginu. Í búnaðarháskóla á hins vegar að kenna búvísindi, ekki aðeins hinn hagnýta þátt þeirra, heldur einnig grundvallarvísindi, en þau eru nánar tiltekið hinar fjölþættu greinar náttúrufræði og ýmis önnur raunvísindi. Séu stofnanir þessar á sama stað og kennaralið ef til vill að einhverju leyti hið sama, er hætt við, að ekki verði gerður nógu glöggur greinarmunur á kennsluaðferðum og uppbyggingu menntunar í báðum skólum. Einnig gæti skapazt afbrýðisemi milli nemenda beggja skólanna og jafnvel milli kennara bændaskólans og prófessora búnaðarháskólans. Slíkt yrði hin mesta ógæfa fyrir staðinn í heild.

Við að hafa stofnanirnar undir sömu stjórn og ef svo skólarnir eru jafnvel í sömu byggingu, þá verður lítt mögulegt að viðhafa aðrar skólareglur í búnaðarháskólanum en í bændaskólanum, en nemendur bændaskólans, sem eru yfirleitt 17—20 ára að aldri, þurfa að vera undir venjulegum skólaaga, en búnaðarháskólanemendur hljóta að krefjast sama frjálsræðis og aðrir háskólanemendur.

Eins og áður er að vikið, mundi uppbygging myndarlegs búnaðarháskóla á Hvanneyri kosta of fjár og verða ríkinu margfalt kostnaðarsamari en hún yrði með því að stofna kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands.

Í fyrsta lagi yrði að reisa mikið hús fyrir kennslustofur, vinnustofur (laboratories) og söfn. Að vísu þyrfti einnig slíkt húsnæði við háskólann, en hægt yrði jafnframt að nota það og ýmis kennslutæki fyrir kennslu í náttúruvísindum við aðrar deildir háskólans. Enn fremur mætti að verulegu leyti nota þau söfn, sem til eru í Reykjavík eða koma þarf upp þar.

Í öðru lagi þyrfti að byggja sérstaka heimavist með matstofu og öðrum nauðsynlegum útbúnaði fyrir nemendur búnaðarháskóla, ef hann yrði reistur á Hvanneyri, en við Háskóla Íslands mundu nemendur í búvísindadeild verða að sæta sömu kjörum og aðrir nemendur háskólans. Slík bygging mundi kosta margar milljónir króna.

Í þriðja lagi þyrfti ríkið að byggja myndarlega bústaði fyrir alla kennara og annað starfslið búnaðarháskólans. Fjöldi kennara yrði strax á fyrstu árum a. m. k. 10, og mundi kosta eigi minna en 5 milljónir króna að reisa hús yfir þá og til viðbótar 1—2 milljónir til að byggja yfir annað nauðsynlegt starfslið. Þetta fjármagn mundi ríkið spara að öllu leyti, ef búvísindin yrðu kennd við Háskóla Íslands.

Í fjórða lagi mundi skipulagning búnaðarháskólahverfisins, gatnagerð, frárennsli o. fl., kosta mjög mikið fé, en óhjákvæmilegt yrði að gera þau mannvirki strax í byrjun og ákveða þá um leið heildarskipulag háskólahverfisins allmörg ár fram í tímann.

Þá er mikið vafamál, ef reistur verður búnaðarháskóli að Hvanneyri, að unnt verði fyrst um sinn að fá þangað nógu færa kennslukrafta. Í okkar fámenna þjóðfélagi eru nú sem stendur varla nógu margir sérfróðir menn á sviði búvísinda til þess að veita fullkomna kennslu við búnaðarháskóla, og meiri hluti þeirra er búsettur í Reykjavík við embættisstörf þar. Það yrði óumflýjanlega hörð samkeppni um færustu mennina milli búnaðarháskólans annars vegar og Búnaðarfélags Íslands og búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hins vegar. Hverri stofnuninni

veitti bezt í því kapphlaupi, er ekki gott að segja, en ef einhver þeirra yrði undir í samkeppninni, þá yrði það alvarlegt áfall fyrir þá stofnun og þar með landbúnaðinn í heild.

Að öllu þessu athuguðu finnst mér sjálfsagt að koma upp kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands í mjög náinni samvinnu við atvinnudeild háskólans. Við tilraunastarfsemina þarf mjög færa og vel menntaða starfskrafta, og verða tilraunasérfræðingarnir með vaxandi starfsreynslu færustu sérfræðingar þjóðarinnar, hver í sinni grein, og jafnframt heppilegustu kennslukraftar fyrir búvísindadeild.

Sú þróun er nú meðal annarra þjóða að tengja sem mest kennslu í æðri búvísindum við rannsókna- og tilraunastarfsemi og jafnframt að láta námið fara fram við háskólana sjálfa í stað þess að hafa sjálfstæða búnaðarháskóla, sem oft voru nokkuð einangraðir. Þetta gildir í flestum löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Smáþjóð eins og Íslendingar hefur að mínum dómi alls ekki efni á að byggja og starfrækja fleiri en einn háskóla. Virðist eðlileg og sjálfsögð þróun hér á landi að efla Háskóla Íslands smám saman á þann veg, að hann veiti æðstu menntun í öllum greinum vísinda, bæði almennra hugvísinda og hagnýtra raunvísinda.

Landbúnaðurinn er elzti atvinnuvegur þjóðarinnar og hefur fóstrað þá menningu, sem þjóðin býr að til þessa, menningu, sem hefur verndað tungu vora og gert oss kleift að öðlast sjálfstæði. Er því fyllilega tímabært, að æðsta menntastofnun þjóðarinnar, Háskóli Íslands, taki að sér að veita menntun í æðri búvísindum, sem jafnast á við hliðstæða menntun hjá öðrum menningarþjóðum.

Enda þótt atvinnuhættir Íslendinga hafi breytzt mjög á síðari áratugum, er landbúnaðurinn enn einn aðalundirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og hlýtur að verða það um ókomnar aldir, ef hér á að haldast við sjálfstætt menningarþjóðfélag. Það er sjálfsögð krafa íslenzks landbúnaðar til þjóðfélagsins, að forvígismenn landbúnaðarins á sviði vísinda og félagsmála eigi kost á að hljóta eins fullkomna menntun og forvígismenn annarra stétta þjóðfélagsins, allt annað er lítilsvirðing við landbúnaðinn og mundi valda honum óbætanlegu tjóni í framtíðinni. Verður því að gera kröfur til þess, að þeir, sem stunda æðra nám í búvísindum, fái jafnmikla almenna menntun og aðrir háskólaborgarar og til viðbótar sem fullkomnasta háskólamenntun.

Með því skólakerfi, sem Íslendingar búa við nú, og við hina miklu atvinnumöguleika ungs fólks á sumrum, þá er gatan greið fyrir námfúsa og vel gefna unglinga til stúdentsprófs. Það er mikil hætta í því fólgin, ef reistur er búnaðarháskóli á Hvanneyri eða einhvers staðar annars staðar fjarri Háskóla Íslands og í engum tengslum við hann, að þá verði slík stofnun á ýmsan hátt af vanefnum gerð og njóti því ekki jafnmikils álits menntamanna þjóðarinnar eins og háskólinn og laði því síður að sér álitlegustu nemendur. Háskóli Íslands verður alltaf sterkari aðili en sjálfstæður búnaðarháskóli getur orðið.

Þá er það mikils virði fyrir nemendur í æðri búvísindum að sitja á bekk með og taka þátt í félagslífi jafnaldra sinna í öðrum deildum háskólans. Með því kynnast þeir betur þjóðfélaginu í heild, hugsun og viðhorfum hinna ólíku stétta og eiga kost á að víkka sjóndeildarhring sinn með því að eiga aðgang að þeim menningarstofnunum, sem háskólinn og höfuðborgin hafa upp á að bjóða, heldur en með því að vera einangraðir í hóp á námsárunum í búnaðarháskóla á Hvanneyri eða annars staðar fjarri háskólanum.

Búvísindadeild, hvort sem um sjálfstæðan búnaðarháskóla er að ræða eða búvísindadeild við háskólann, verður alltaf fámenn. Ég tel vafamál, að það þurfi að útskrifa meira en 6—10 búfræðikandídata árlega til þess að fullnægja þörf landbúnaðarins fyrir sérfræðimenntaða menn. Ef reiknað er með þriggja ára námi í búnaðarháskóladeild, mundi nemendafjöldi ekki verða nema 20—30. Kennslukostnaður stendur vanalega í öfugu hlutfalli við nemendafjölda og sérstaklega þegar um

nám í æðstu skólum er að ræða. Hlýtur þess vegna kostnaður á hvern nemanda í búnaðarháskóla, sem ekki er í tengslum við Háskóla Íslands, að verða geysimikill.

Verði sett á stofn kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands, þarf að tryggja þeirri deild landrými í nágrenni Reykjavíkur. Nú liggur fyrir, að auka þarf landrými fyrir búnaðardeild atvinnudeildar háskólans til þess að skapa þar meiri og betri tilraunaaðstöðu en nú er fyrir hendi, sem nægja muni um mörg ókomin ár. Sama land væri auðvelt og sjálfsagt að nota fyrir búvísindadeild háskólans. Má í því sambandi benda á, að Korpúlfsstaðir eru hentugasta landssvæðið í nágrenni Reykjavíkur fyrir þessa starfsemi. Uppbygging á þeim stað mun að sjálfsögðu kosta allmikið fé, en hún yrði litlu kostnaðarsamari, þótt búvísindadeild fengi þar aðstöðu ásamt búnaðardeild atvinnudeildarinnar, heldur en þótt staðurinn yrði byggður upp aðeins fyrir búnaðardeild atvinnudeildarinnar. Háskóli Íslands mun ætíð hafa notið fyllstu fyrirgreiðslu Reykjavíkur, og er því þess að vænta, að forráðamenn Reykjavíkur muni fúsir til að veita búvísindadeild háskólans og atvinnudeild aðstöðu á Korpúlfsstöðum, ef Alþingi álítur, að þetta stórmál verði bezt leyst fyrir hag landbúnaðarins og þjóðarinnar í heild með því að stofna kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands.

Verði stofnuð kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands, þarf mun fámennara fast kennslulið, þ. e. prófessora, en við sjálfstæðan búnaðarháskóla á Hvanneyri. Til þess að byrja með ætti að nægja deildarforseti og 1 eða 2 prófessorar að auki, sem gegndu fyrst og fremst kennslu. Sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar væru sjálfsagðir kennarar í sérgreinum sínum. Þeir eru fastráðnir embættismenn, og með einfaldri lagabreytingu má leggja þeim kennsluskyldu á herðar, en eftir atvikum veita þeim einhverja launhækkun jafnhliða. Enn fremur er völ á stundakennurum í Reykjavík í ýmsum greinum búvísindadeildar, t. d. í undirstöðuvísindum, svo sem almennri efnafræði, eðlisfræði, grasafræði, dýrafræði og jarðfræði. Einnig gætu starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og fleiri sérfræðingar, búsettir í Reykjavík, tekið að sér kennslu eftir atvikum í ýmsum sérgreinum. Á þennan hátt mundi kennslan verða miklum mun kostnaðarminni fyrir ríkið og jafnframt fullkomnari heldur en hún gæti orðið, ef fastráðnir búnaðarháskólakennarar önnuðust hana á Hvanneyri.

Ég hef hér að framan nefnt nokkur atriði, sem að mínum dómi eru rök fyrir því, að framhaldsnám búfræðinga beri að tengja við Háskóla Íslands, en ekki stofna sjálfstæðan búnaðarháskóla, sem ekki sé í neinum tengslum við æðstu menntastofnun vora. Einu vil ég þó enn bæta við.

Margir halda því fram, að það beri að forða nemendum við framhaldsnám í búfræði frá glaumi og gjálífi höfuðborgar vorrar, Reykjavíkur, með því að slík stofnun sé staðsett í sveit. Þetta eru að mínum dómi léttvæg rök og ég vil segja einskis virði. Sjálfsagt er, að venjulegir búnaðarskólar séu staðsettir í sveit. Nemendur þeirra eru flestir um eða innan við tvítugt og þess vegna enn í mótun bæði andlega og líkamlega, og er því sjálfsagt, að skólastaður þeirra sé í sveit, enda allt verklegt nám bundið við það. Hins vegar eru þeir fáu nemendur, er í framhaldsnám fara, eldri menn og þroskaðri, komnir yfir tvítugt. Að hætta sé á, að þeir glepjist svo við nám í Reykjavík, að þeim sé voði búinn, er að mínum dómi allt of mikið vantraust á æskumönnum úr sveitum hérlendis. Þeir, sem ekki væru færir um að rækja nám sitt á sæmilegan hátt, þótt skólastaður við framhaldsnám væri í Reykjavík, mundu aldrei verða líklegir til mikilla afreka sem forustumenn í landbúnaðarmálum.

Í septembermánuði 1954 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd til þess að athuga starfshætti framhaldsdeildarinnar á Hvanneyri og hvort ástæða væri til að breyta henni og fullkomna. Þessi nefnd náði ekki samkomulagi. Var það einkum staðarvalið fyrir skólann, sem var þess valdandi, að nefndin klofnaði, en þó einnig kröfur um undirbúningsmenntun nemenda og lengd námstíma.

Meiri hluti nefndarinar, þeir dr. Halldór Pálsson og Kristján Karlsson, skólastjóri á Hólum, skiluðu meirihlutaáliti, þar sem þeir lögðu til, að við Háskóla Íslands yrði stofnuð búvísindadeild. Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri var í minni hluta. Lagði hann til, að búnaðarháskóli yrði reistur á Hvanneyri. Ég leyfi mér að senda með þessari greinargerð minni — **merkt Fskj. I** — álit meiri hluta nefndarinnar. Þar er að finna ýmsar upplýsingar. Að vísu skal fram tekið, að aðstæður hafa að nokkru leyti breytzt á þeim árum, sem liðin eru síðan, en þó eru þar ýmsar upplýsingar um þetta mál, sem enn eru í fullu gildi. Þá sendi ég — **merkt Fskj. II** — minnihlutaálit Guðmundar Jónssonar.

Síðastliðið sumar var á vegum European Productivity Agency ráðstefna í París um búnaðarháskóla, skipulag þeirra og aðstöðu nemenda við slíkar stofnanir. Ólafur ráðunautur Stefánsson sótti ráðstefnu þessa sem fulltrúi Búnaðarfélags Íslands. Ég legg hér með skýrslu hans um þennan fund — **merkt Fskj. III.**

Verði frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, óska ég eftir, að þessi greinargerð mín verði prentuð sem fylgiskjal með því frumvarpi.

Reykjavík, 25. jan. 1960.

Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal II.

Í tilefni af greinargerð Steingríms Steinþórssonar búnaðarmálastjóra viljum við taka fram:

Það er alls ekki verkefni þessarar nefndar að ræða þá hlið málsins, sem Steingrímur fjallar um í greinargerðinni. Hún hefur verið og verður vafalaust rædd á öðrum vettvangi. Við teljum nefndina hafa unnið það starf, sem henni var falið, með samningu meðfylgjandi frumvarps og ástæðulaust fyrir hana að fara út fyrir þann verkahring.

Guðmundur Jónsson. Benedikt Gröndal.

Sþ. 227. Nefndarálit [42. mál]

um framlög til flótabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa, eins og venja er, unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög til flóabáta og vöruflutninga. Nefndin hefur notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Auknar og bættar samgöngur á sjó og landi eru mikilsverðar til að tryggja strjálbýlinu betri og öruggari efnahagslega afkomu. Á Alþingi hefur ávallt verið einhugur meðal þingmanna um eðlileg framlög á fjárlögum til að tryggja þessa þjónustu við strjálbýlið.

Þar sem vitað er, að ýmsar rekstrarvörur flóabáta, svo sem olíur, vélahlutir o. fl., hljóta óhjákvæmilega að hækka verulega á þessu ári, er það sameiginlegt álit nefndarinnar, að ekki verði hjá því komizt að koma til móts við eigendur bátanna með því að hækka framlögin á fjárlögum yfirstandandi árs að nokkru frá því, sem þau voru á s. l. ári.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Með hliðsjón af því, að nýtt og vandað skip, „Drangur“, hefur verið byggt fyrir Norðurland, er nefndin sammála um að mæla með því, að framlag til skipsins verði hækkað úr 450 þús. kr. í 660 þús. kr. Hafa hafnir á Norðurlandi fengið betri og öruggari þjónustu með nýja „Drang“.

Nefndin leggur til, að framlag til Strandabáts verði hækkað úr 100 þús. kr. í 160 þús. kr. með hliðsjón af því, að nú er fyrirhugað, að rekstrartími bátsins verði á þessu ári allt að 8 mánuðir, í stað 4 mánaða á undanförnum árum.

Enn fremur leggur nefndin til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði hækkað úr 7 þús. kr. í 8500 kr., að framlag til Hríseyjarbáts hækki úr 25 þús. kr. í 30 þús. kr. og til Flateyjarbáts á Skjálfanda úr 40 þús. kr. í 48 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur:

Lagt er til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkað úr 35 þús. kr. í 42 þús. kr. — og framlag til Mjóafjarðarbáts úr 87 þús. kr. í 90 þús. kr. — og þá ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og á s. l. ári.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlög vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði hækkað úr 225 þús. kr. í 270 þús. kr. — og framlög vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu hækki úr 100 þús. kr. í 120 þús. kr.

Á síðasta árs fjárlögum var veitt til Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts 400 þús. kr. framlag úr ríkissjóði, sem aðallega byggðist á þörfinni fyrir mjólkurflutninga til Vestmannaeyja. Skipaútgerð ríkisins hefur frá því í des. s. l. tekið að sér flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur með hinu nýja skipi sínu, „Herjólfi“ og annast þá jafnframt alla mjólkurflutninga fyrir Vestmanneyinga. Nefndin hefur fallizt á að mæla með því, að veittar verði 150 þús. kr. á þessu ári til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f naut framlags úr ríkissjóði á s. l. ári, að fjárhæð 650 þús. kr., vegna ferða „Akraborgar“. Nefndin leggur til, að rekstrarframlagið verði hækkað í 850 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að Mýrabát verði veitt framlag á þessu ári, að fjárhæð 4500 kr. í stað 3600 kr., sem báturinn fékk á s. l. ári.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Flateyjarbátur fékk á s. l. ári rekstrarframlag, að fjárhæð 170 þús. kr., og auk þess 65 þús. kr. vegna viðgerðar á bátnum (fyrri greiðsla). Nefndin leggur til, að rekstrarframlagið verði hækkað í 200 þús. kr., en af upphæðinni sé varið 20 þús. kr. til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Þá verði seinni greiðslan, 65 þús. kr., vegna viðgerðar á bátnum innt af hendi.

Stykkishólmsbátur naut á s. l. ári 500 þús. kr. rekstrarframlags og auk þess 75 þús. kr. upp í viðgerðarkostnað á bátnum. Nefndin leggur til, að rekstrarframlag bátsins á þessu ári verði ákveðið 660 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að framlag til Langeyjarnesbáts verði hækkað úr 25 þús. kr. í 30 þús. kr. og auk þess verði eiganda bátsins veitt 20 þús. kr. framlag vegna vélakaupa og til endurbyggingar á bátnum.

Vestfjarðasamgöngur:

Veitt var til Djúpbátsins 560 þús. kr. framlag á fjárlögum s. l. árs. Leggur nefndin til, að framlagið verði hækkað í 660 þús. kr. á þessu ári.

Þá leggur nefndin til, að sama framlag og greitt var á s. l. ári, 10 þús. kr., verði greitt á þessu ári til Arnarfjarðarbáts og Dýrafjarðarbáts. Framlag til Patreksfjarðarbáts hækki úr 3 þús. kr. í 3500 kr.

Nefndin leggur til, að þeir aðilar, sem hljóta véla-, viðgerða- eða byggingarstyrki, skuli skuldbinda sig til að taka ekki viðkomandi skip úr siglingum þeim, sem það er styrkt til, næstu fimm ár, nema styrkurinn verði endurgreiddur.

Samkvæmt framangreindum tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild kr. 4091500.00. Er það kr. 485900 hærri upphæð en greidd var í þessu skyni á fjárlögum s. l. árs.

Nefndin leggur til, að fjárhæðin skiptist eins og hér segir:

Norðurlandsbátur	kr.	660000.00
Strandabátur	—	160000.00
Haganesvíkurbátur	—	8500.00
Hríseyjarbátur	—	30000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	48000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	42000.00
Mjóafjarðarbátur	—	90000.00
Vöruflutningar á Suðurlandi	—	270000.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og til vöruflutninga til Öræfa	—	120000.00
Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	—	150000.00
H/f Skallagrímur — „Akraborg“	—	850000.00
Mýrabátur	—	4500.00
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	200000.00
Sami, vegna viðgerðar (síðari greiðsla)	—	65000.00
Stykkishólmsbátur	—	660000.00
Langeyjarnesbátur	—	30000.00
Sami, vegna vélakaupa og endurbyggingar báts	—	20000.00
Djúpbátur	kr.	660000.00
Dýrafjarðarbátur	—	10000.00
Arnarfjarðarbátur	—	10000.00
Patreksfjarðarbátur	—	3500.00
Samtals	kr.	4091500.00

Alþingi, 22. marz 1960.

Sigurður Ágústsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Einar Sigurðsson.
Ásmundur Sigurðsson.
Bjartmar Guðmundsson.
Sigurvin Einarsson.
Björn Pálsson.
Ólafur Jóhannesson.

Nd. 228. Frumvarp til ábúðarlaga. [104. mál]

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum land utan kaupstaða eða kauptúna með ákveðnum þinglýstum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, er hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem farin er í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin, telst þó eftir sem áður jörð eða lögbýli, þar til liðin eru 25 ár, frá því að hún fór síðast í eyði. Eftir þann tíma telst hún í flokki óbyggðra landa.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki nýbýlastjórnar sem lögbýli samkv. skilgreiningu laga nr. 48 1957, III. kafla, 14. gr.

Sama gildir um jarðarhluta, sem skipt er úr jörð og stofnað á honum til sjálfstæðs búrekstrar, þótt hann falli ekki undir ákvæði laga nr. 48/1957, enda hafi nýbýlastjórn ríkisins viðurkennt þennan jarðarhluta sem lögbýli.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega. Sami maður má heldur ekki samtímis hafa ábúð á tveimur jörðum eða fleiri, ef þær geta framfleytt til samans meira en 60 kúgildum eða hafi sjávargagn eða önnur hlunnindi, sem því svarar, enda geti sú jarðanna, sem minnst er, framfleytt meiri bústofni en 10 kúgildum. Heimild til slíkrar sameiningar skal því aðeins veitt, að úttektarmenn eða sveitarstjórn mæli með því og nýbýlastjórn ríkisins samþykki það, sbr. þó síðustu málsgr. 3. gr. og 11. gr., 4. málsgr. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt.

3. gr.

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar hana ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en tún jarðar fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélagið bíður hnekki af því, allt að dómi úttektarmanna, og getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgr. Nú byggir jarðareigandi ekki jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar, næst eftir að frestur er útrunninn, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórninni innan 6 daga að ráðstafa jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta það, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa áður fylgt, í ábúðarfæru ástandi og peningshús að minnsta kosti fyrir þá áhöfn, sem jörðin ber, er ábúandi tekur við henni, eða setji tryggingu fyrir, að svo verði gert, áður en ábúandi þarf að nota peningshúsin.

Sinni sveitarstjórn ekki boði jarðareiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkvæmt grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár, en skylt er honum að annast viðhald mannvirkja, svo sem girðinga, húsa, vatnsbóla og annars, er jörðinni tilheyrir, enn fremur að ganga þannig frá húsum og mannvirkjum, að hættulaust sé fyrir búfé.

Nú hefur jörðin verið í eyði í 3 ár og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðareiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina. Skal jörðin metin til slíkrar sölu af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor og hlutaðeigandi sýslumaður oddamann, og er hann formaður. Hafni þessir aðilar að kaupa samkvæmt þessu mati, er jarðareiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar að þessu gerðu, er landsdrottni ekki skylt að greiða af jörðinni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af hendi, svo sem vegagjöld, fjallskilagjöld og kostnað við fyrirskipaðar smalanir heimalanda. Má krefjast sölu slíkra jarða til greiðslu á skuldum af þessum sökum, ef vanskil hafa orðið í þrjú ár eða lengur.

4. gr.

Nú sinnir jarðareigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í 2. málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á henni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, enda leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd eða Landnám ríkisins heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, ef sami eigandi er að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda sýslumanni, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu. Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús, land til fiskreita og uppsátur í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið heitt vatn; námur, þar með talið byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur; svo og önnur verðmæt jarðarefni, sem geta ekki talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð; einnig

land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar svo og byggingarefni til heimilisnota og búsþarfa. Leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

7. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sömu leigu sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hana hæfilega og hvorugur aðila sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir fleiri en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvort tveggja eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja ævilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. málsgr.

Ekkja leiguliða hefur ábúðarrétt hans, þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð til ábúðar handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

Nú getur jörð framfleytt meira en 36 kúgildum að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunauta eða trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja ævilangt meira af jörðinni en sem því svarar.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs, frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

10. gr.

Landskuld samkvæmt 6. gr. skal jafnan miða við búrekstrargildi jarðar, sbr. 2. málsgr. 7. gr. Miða skal landskuld við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða þeirra hlunninda, sem jörðin gefur af sér, og greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert.

III. KAFLI

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús í íbúðarhæfu ástandi og peningshús í nothæfu lagi, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er þó landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, er ætla má að þurfi, til þess að jörðin verði nytjuð með venjulegum hætti, og ef peningshús fylgja fyrir ¾ þess búfjár, sem úttektarmenn meta að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt, og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef eigi má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annnarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki gerðar búhæfar, sbr. lög nr. 48 1957, 38. gr., svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitarþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á löndum til þess með þeim leigumála, sem þessir aðilar samþykkja.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt að endurbyggingu fullgerðri að hækka landskuld. Skulu úttektarmenn meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar, og miðast að því, er tekur til peningshúsa, við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhúsakost með hliðsjón af búsþörfum. Leiguliða er þó skylt að leggja til við endurbyggingu rif niðurlagðra húsa, gröft allan, þar með talið frárennsli og aðfærsla vatns til búsþarfa, svo og öflun og aðflutning á öllu byggingarefni endurgjaldslaust, enda dragast framlög þessi frá stofnverði því, sem leiga er metin eftir.

Nú er jörð á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og hefur verið tekin á áætlun um raforkuframkvæmdir, og er þá landsdrottni skylt að borga kostnað þann, er leiðir af heimtaug og raflögn í þau jarðarhús, sem raftaugar eru lagðar í, nema annað hafi verið tekið fram í byggingarbréfi.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við rætkun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt 11. gr., 1. málsgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og landsdrottinn vill ekki framkvæma aukningu þeirra samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og er leiguliða þá heimilt að gera hús, sem þörf krefur að dómi úttektarmanna. Þá skal landsdrottni, áður en bygging er hafin, gerður kostur á að kynna sér teikningar, sem byggt verður eftir. Verði þá ágreiningur við ábúanda um stærð þeirra eða fyrirkomulag, skal leitað álits viðkomandi héraðsráðunautar og byggingarfulltrúa, og með hliðsjón af umsögn þessara aðila úrskurða úttektarmenn, hvernig byggt skuli. Þegar bygging er fullgerð, skulu úttektarmenn meta húsagerðina til verðs að frádregnu tilskildu framlagi leiguliða og leiguliðabót, sem til verksins er lögð. Kveðja skal landsdrottin eða umboðsmann hans til að vera viðstaddan, þegar leitað er álits sérfræðinganna um matsgerðina og þegar úrskurður er felldur, og getur hann krafizt nægra sannanagagna um kostnaðinn að dómi úttektarmanna. Skal landsdrottni gerður kostur á að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt því mati. Nú greiðir lands-

drottinn leiguliða húsagerðarkostnaðinn, og má hann þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum þeirra sjóða Búnaðarbanka Íslands, er lán veita til byggingar sveitabýla. Skulu vextirnir reiknast á matsverð íbúðarhúss eftir vöxtum byggingarsjóðs, en á önnur penings- og útihús eftir vöxtum ræktunarsjóðs auk vátryggingargjalds af húsunum. Hafni landsdrottinn kaupum, er hann skyldur að veita leiguliða leyfi til að veðsetja jörðina til tryggingar þeim lánum, sem heimilt er að veita til byggingarinnar úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði í Búnaðarbanka Íslands. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar. Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu. Hafi landsdrottinn hafnað að innleysa húsin samkvæmt matinu, á leiguliði endurgjaldskröfu á landsdrottin fyrir húsin, er hann flyzt af jörðinni. Skal þá af úttektarmönnum metinn hæfilegur endingartími húsanna, og skiptist matsfjárhæðin á þann tíma, og á leiguliði endurgreiðslurétt fyrir þau ár, sem eftir eru af fyrningartímanum, er hann flyzt af jörðinni.

Nú er annar hvor aðili, landsdrottinn eða leiguliði, óánægður með úrskurðaða stærð og skipan húsanna, sem ákveðið er að reisa á jörðinni, og samkomulag næst ekki þar um, og getur þá hvor aðili um sig krafizt, að matið sé lagt í gerð, þannig að aðilar tilnefna sinn manninn hvor, en hlutaðeigandi sýslumaður tilnefnir oddamann, sem jafnframt er formaður gerðardómsins.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að dómi úttektarmanna. Skylt er landsdrottni að kaupa hús úr varanlegu efni, sem ekki er unnt að flytja af jörðinni, en séu þau ekki nauðsynleg vegna búrekstrar viðtakanda á jörðinni, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Nú nemur fjárhæð sú, sem landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, hærri fjárhæð en 4000 krónum, og á hann þá rétt til að greiða eftirstöðvar með jöfnum ársgreiðslum á þremur næstu árum að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðeigandi ekki skyldur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau séu rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir fyrningargjaldið af húsum landsdrottins, nefnist það leiguliðabót, og skal hún tilgreind í byggingarbréfi og hvernig hún skuli greidd. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera ⅓—⅔% af steinhúsum, en ¾—1½% af húsum úr öðru efni. Sýslumenn innheimta gjald þetta árlega á manntalsþingi fyrir allar jarðir, þegar ekki er öðruvísi um samið í byggingarbréfi. Leiguliðabót, sem ekki er innheimt sem að framan greinir, er í vörzlu leiguliða með 5% ársvöxtum frá eindaga, sem skal vera í lok hvers fardagaárs, þar til hann fer frá jörðinni og úttekt fer fram, þá skulu úttektarmenn meta ástand húsanna og gera á þau álag,

ef þau hafa hrörnað umfram eðlilega fyrningu. Nú hefur leiguliði gert meira en að varna eðlilegri fyrningu húsa, og ber honum þá að fá það greitt eftir mati úttektarmanna af þeirri leiguliðabót, er stendur inni hjá honum. Álag það, sem hér um ræðir, hefur lögtaksrétt. Leiguliðabót, sem innheimt er af sýslumanni á manntalsþingum, fylgir lögtaksréttur. Innheimtar fjárhæðir skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist Endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og landbúnaðarráðuneytisins. Hver jörð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar.

Er leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð, þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari reglur um sjóðinn að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu að áliti og mati úttektarmanna. Setur landbúnaðarráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefur leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn gera honum að bæta það, er vantar, svo að í lagi sé, og setja honum frest til, að úr sé bætt. Sé það vanrækt, varða vanefndir útbyggingu.

16. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi sé fylgt og jörðin setin yfirleitt.

17. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða, og skal eigandi bera kostnaðinn. Um aðrar tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum hvers konar geta aðilar komið sér saman um, enda skal þess þá getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalda gegn endurgreiðslu. Við sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjöld af sínum eignarhluta.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár gegn almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. málsgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, en jafnframt sé eðlilegt tillit tekið til framlags jarðareiganda til umbóta á jörðinni í tíð leiguliða, einnig búrekstrargildi jarðarinnar, þegar kaupin eru gerð, og breytingar, sem orðið hafa á verðgildi peninga, eftir að fasteignamat síðast fór fram.

IV. KAFLI
Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja jörðina og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þegar 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þegar sjö vikur eru af sumri, eða umboðsmaður hans, og hvorugur hefur gert ráðstafanir til að hagnýta hana, hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Verði tún eða engjar jarðarinnar fyrir ágangi af búfénaði fráfaranda á tímabilinu frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina, skal hann bæta viðtakanda það afraksturstjón, er af þessu kann að leiða, samkvæmt mati úttektarmanna. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorgur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni undan þeim búpeningi, sem fóðraður er aðallega á heyi, sem aflað er á jörðinni sjálfri. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa.

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda. Hann skal og hreinsa hús, hlöður og heystæði, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bætir hann viðtakanda eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, sellátur, uppsátur og fiskreitir eru á jörð eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða leigu eftir þau, 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá, og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðar jarðar sinnar, en það eru leiguliðanot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur felst í leiguliðanotum réttur til aðgerða, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar, annað tveggja tímabundið eða varanlega.

Teljast því til leiguliðanota öll hús og mannvirki svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin, og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstæður hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té landsnytjar heimilismönnum, sem vinna á búi hans. Enn fremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefur aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Skyldur er leiguliði að halda við húsum jarðar, þar með talið vatns-, hita- og raflagnir, eldunar-, hreinlætis- og hitunartæki, að þau eigi gangi úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við ræktun jarðar og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar-, ræktunar- og engjavega, sem jörð fylgja, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

Ef leiguliði vanrækir slíkt viðhald, situr illa ábúðarjörð sína að öðru leyti, svo að hún verður fyrir varanlegum skemmdum af þeim sökum, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema málsbætur séu, að bæta má fébótum og hann hafi lofað að bæta úr á næsta ári og setji tryggingu fyrir. Greini landsdrottin og leiguliða á um viðhald jarðar eða hvað telja skuli jarðníðslu, geta þeir lagt ágreining í gerð að undangenginni skoðun samkvæmt ákvæðum 16. gr.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefur leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber hon-

um þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldunum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hins vegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þar, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu, ef hann:

1. Brýtur ákvæði 15. gr.
2. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
4. Brýtur fyrirmæli 27. gr.
5. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.
6. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.
7. Brýtur fyrirmæli 44. gr.

Þá hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum, eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa viði úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliði halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir hvort tveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála, þannig að sannað verði.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, án þess að valdi ástæður, sem landsdrottinn á sök á, geldur hann landsdrottni jarðarafgjald næsta ár og ber alla ábyrgð á jörðinni, eins og hann sitji hana sjálfur, nema landsdrottinn leysi hann frá þeim skyldum. Nú hefur leiguliði sagt jörð lausri í tæka tíð, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann þá landsdrottni skaða þann, er af hefur hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefjast útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI
Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni eða umboðsmanni hans aðvart og krefst skoðunar á skemmdunum. Skoðun sé framkvæmd af héraðsráðunaut, sem skilar skriflegri skoðunargerð. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggi þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn ásamt héraðsráðunaut meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

Á sama hátt skal ábúandi tilkynna landsdrottni, ef skóga-, mosa- eða sinubruni verður, svo að land eða mannvirki spillist, ræktun, vegir, beitilönd, einnig ef hlunnindi verða fyrir skemmdum vegna umferðar óviðkomandi manna, þannig að verulegt tjón hljótist af, og skal skoðunargerð fara fram, eins og að framan greinir.

Leiguliði á sókn þess máls, nema öðruvísi semjist milli leiguliða og landsdrottins.

36. gr.

Nú verða verulegar breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist mjög, t. d. þannig, að tekjur af jarðarnytjum eða hlunnindum hverfa eða stóraukast frá því, sem áður var, án þess að einstök fyrirmæli þessara laga nái til þess, og getur þá hvor aðila krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af samningsbundnum leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa, síðan hann var gerður. Nú telur annar hvor aðili leigumála jarðar óviðunandi samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum, einnig þótt leigumáli hafi verið settur samkvæmt eldri gildandi ábúðarlögum.

VI. KAFLI
Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, sem rekur, og draga úr flæðarmáli, svo að eigi taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt ítak á reka er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga, sem lög ákveða. Gera skal hann landsdrottni strax aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, sem hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. KAFLI

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju eða öllu leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, á leiguliði rétt til þeirra framlaga, sem á framkvæmdirnar kunna að verða greiddar, samkvæmt ákvæðum sérstakra laga.

Til afgjaldsgreiðslu og við úttekt reiknast umbæturnar kostnaðarverði að frádregnum framlögum, sem á þær hafa verið greiddar. Vanræki leiguliði að framkvæma umsamdar umbætur, á landsdrottinn heimtingu á greiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta. Nú næst ekki samkomulag milli landsdrottins og leiguliða, hverjar jarðabætur skuli gerðar á leigujörð, og ræður þá landsdrottinn, enda kosti hann umbæturnar að öllu leyti sjálfur. Ákveði leiguliði að gera jarðabæturnar á sinn kostnað, er honum það heimilt, enda hafi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands áætlað framkvæmd þeirra, talið þær jörðinni og leiguliða nauðsynlegar og að þær stuðli að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffaldaða landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna að frádreginni fyrningu og jarðræktarframlögum.

41. gr.

Hafi leigujörð tún yfir 10 ha og leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti meira en nemur tvöföldu eftirgjaldi jarðarinnar, og skal hann þá jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu, rökstuddu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, og er leiguliða þá heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í 40. gr. og eftir mati sömu manna. Jarðareigandi á þó rétt til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirdóms, sbr. 53. gr.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum ræktunarsjóðs af kostnaðarverði jarðabótarinnar. Úttektarmenn skulu um hverja tegund jarðabótar leiguliða áætla hæfilegan endingartíma, sem jafnan skal vera 10—20 ár fyrir ræktun, fyrir opna skurði 6—20 ár og girðingar 6—10 ár. Skiptist matsfjárhæð á hinn metna endingartíma. Kemur þá til frádráttar sú fyrning, er fellur á þann tíma, sem leiguliði hefur haft umbótarinnar not, að

frádregnum jarðabótaframlögum. Nú telur leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að hann geti fullnýtt umbótina, og úttektarmenn telja honum ekki fært að greiða afgjaldshækkunina samkvæmt framansögðu, og er þá landsdrottni rétt að leita úrskurðar landnámsstjóra, hvort jörðin geti skipzt í tvö býli, gegn því að hann bæti leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðarinnar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

43. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í 6. lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, sem leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr., síðustu málsgr., og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. KAFLI

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefur ekki svarað kauptilboði innan missiris, og hefur leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn þá senda sveitarstjórn samrit af tilboði sína til ábúanda.

IX. KAFLI

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið. Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið. Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er metið til skatts í viðkomandi sýslu. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfarandi og viðtakanda.
2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og greiði sá, er krafizt hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor.

49. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn hæfilegu gjaldi.

50. gr.

Úttektarmenn skulu í starfi sínu gera sér glögga grein fyrir, hvað er eðlileg fyrning húsa og mannvirkja, sem á jörðinni eru, og hvað verði að teljast nauðsynlegt viðhald, sem leiguliða beri að inna af hendi, svo að eignin gangi ekki meira úr sér en fyrningin segir til um. Úttektarmenn skulu þá lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi jarðarhúsa og geta þeirra breytinga, er á þeim hafa orðið í ábúðartíð fráfarandi leiguliða. Á sama veg skulu þeir gera grein fyrir stærð túns, þar með talið nýræktir og beitiland, ef ræktað er, ræktunarástandi og öðru ásigkomulagi landsins, hvenær nýrækt var gerð og af hverjum. Sama gildir um girðingar, skurði, lokræsi, flóðgarða, vegi, brýr og önnur mannvirki, sem fylgdu jörðinni í hendur fráfarandi leiguliða eða gerð hafa verið í ábúðartíð hans og fylgja jörðinni.

Lýsing þessi skal bera það með sér, ef tún og engjar eða hús og önnur mannvirki hafa spillzt vegna skorts á nauðsynlegu viðhaldi, sömuleiðis ef leiguliði hefur bætt lönd og mannvirki jarðarinnar umfram viðhaldsskyldu hans.

Að þessum athugunum loknum og að fengnum upplýsingum og skilríkjum frá landsdrottni og leiguliða, er úttektarmenn telja sér þörf á við starf sitt, ber að meta viðskipti leiguliða við jörðina til tekna og gjalda svo og framlag landsdrottins, ef um það er að ræða, til umbóta á jörðinni, allt eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

Nú hefur fráfarandi gert þær jarðabætur á jörð, að úttektarmenn meta honum greiðslu úr hendi landsdrottins fram yfir það, sem álaginu nemur, og skal það þá staðgreitt að lokinni úttekargerð, nema aðilar semji um annað. Um húsabæur leiguliða sjá 13. gr.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Í úttektargerð skal þess sérstaklega getið, ef úttektarmenn telja hús jarðarinnar ekki fullgild jarðarhús og hvað á skorti í því efni.

51. gr.

Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að lokinni úttektargerð. En greiði hann eigi þegar álagið, skulu úttektarmenn gera lögtak í eigum fráfaranda til lúkningar álaginu. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar, nema öðruvísi hafi verið um samið.

52. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef leiguliðar óska þess og landsdrottinn samþykkir það, skipta í milli þeirra húsum og matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði, sömuleiðis túni, engi, skógi og hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á.

53. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstakur yfirúttektar- og virðingardómur. Skal hann þannig skipaður:

Sýslumaður skipar tvo menn í dóminn eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður dómsins. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í dóm tvo meðdómendur, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu.

Skylt er formanni dómsins að tilkynna gagnaðila, að krafizt hafi verið yfirmats, og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirdómendur eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 10000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um jarðir, sem byggðar hafa verið, meðan lög nr. 1 12. jan. 1884, lög nr. 87 19. júní 1933 og lög nr. 8 5. febr. 1951 voru í gildi, fer samkvæmt þeim lögum, eftir því sem við á, að því er tekur til ákvæða byggingarbréfa, sem út eru gefin undir þeim lögum, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum eða nýtt byggingarbréf er gefið út. Falla áðurgreind lög úr gildi, jafnóðum og leiguliðaskipti verða.

56. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 8 5. febr. 1951 svo og önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hefur óbundna afstöðu til málsins.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi skýringar við einstakar greinar og nefndarálit milliþinganefndar.

Skýringar við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um bygging jarða.

Um 1. grein.

Í þessari grein er skilgreint nokkru nánar en gert er í núgildandi lögum, hver skilyrði séu fyrir því, að sérmetin fasteign falli undir ákvæði laganna og teljist lögbýlisjörð.

Í fyrsta lagi verða landrými og búrekstrarskilyrði að vera þau, að jörðin framfleyti 10 kúgildum í stað 9 í gildandi lögum og að á jörðinni sé nauðsynlegur húsakostur, til þess að hægt sé að nytja jörðina.

Þá er í öðru lagi það skilorð sett, að hver lögbýlisjörð hafi þinglýst landamerki, með þeirri undantekningu þó, ef sameiginleg beitarlönd eru, að þá sé þó alltaf úrskipt tún, engi og ræktunarland.

Þá er í upphafi greinarinnar ákveðið, að þau lönd, sem eru innan skipulagðra svæða kaupstaða og kauptúna, teljist ekki lögbýli, heldur aðeins þær jarðir, sem eru utan þessara svæða, þó að þær séu í sama lögsagnarumdæmi.

Þá þótti nefndinni ástæða til, að tímatakmark yrði sett fyrir því, hve lengi eyðijörð skal halda lögbýlisréttindum, eftir að hús hennar eru fallin eða hafa verið rifin. Þetta tímatakmark er sett 25 ár, reiknað frá þeim tíma, er síðasti ábúandi flytur af jörðinni. Eftir þann tíma teljast slíkar jarðir í flokki óbyggðra landa.

Þá er einnig tekið upp, að lögbýli verði þau nýbýli, sem nýbýlastjórn hefur samþykkt eða kann að samþykkja samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1957, að því tilskildu, að landumráð geri mögulegt að framfleyta 10 kúgildum í stað 9 kúgilda, sem miðað er við í núgildandi lögum.

Um 2. grein.

Þessi grein er breytt að því einu, að hafi maður ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, þá er það því aðeins heimilt, að þær til samans framfleyti minni bústofni en 60 kúgildum í stað 46 í gildandi lögum, með þeim fyrirvara þó, að sú jörð, sem minni eða minnst er, nái ekki því lágmarksákvæði 1. greinar að framfleyta 10 kúgildum og sameiningin sé samþykkt af nýbýlastjórn eftir meðmælum sveitarstjórnar og að fenginni umsögn úttektarmanna.

Um 3. grein.

Að meginmáli er greinin eins og í gildandi lögum, en frestur fyrir jarðareiganda, hvenær hann skuli hafa byggt jörð, er styttur um einn mánuð og settur 15. febrúar í stað 15. marz, kröfur auknar um, að jörð fylgi leigufær hús, og ef jörð hefur ekki byggzt 3 ár í röð, þá ber landeiganda að bjóða jörðina, fyrst og fremst hreppnum eða Landnámi ríkisins, til kaups eftir mati, en rétt hafa þessir aðilar til að hafna kaupum, semjist ekki á grundvelli matsins.

Um 4. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, en Landnámi ríkisins gefinn hliðstæður réttur um að ganga í kaupin eins og hreppsnefndir nú hafa.

Um 5. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. grein.

Í greinina eru sett ákvæði um, hvað megi undanskilja leiguliðaafnotum. Er þar lagt til grundvallar það sjónarmið, að verðmæt efni jarðar, sem ekki endurnýja sig, megi undanskilja leigu og að landsdrottinn geti áskilið sér aðstöðu til að hagnýta þau efni með öðrum hætti, en leiguliða tryggðar bætur fyrir jarðrask og átroðning vegna þeirrar starfrækslu.

Um 7. grein.

Greinin er að mestu óbreytt, þarnast ekki skýringa.

Um 8. grein.

Greinin ekki breytt, þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI
Um ábúðartíma og eftirgjald.

Um 9. grein.

Næstsíðasti málsliður greinarinnar var tekinn upp í 6. grein, 10. grein í núgildandi lögum felld óbreytt inn í 9. grein, þar sem hún efnislega á heima.

Um 10. grein.

Ný grein. Þar er ákveðið, að landskuld skuli ákveðin með hliðsjón af búrekstrargildi jarðarinnar og ákvarðist við byggingu jarða í fríðu, en greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði í viðkomandi sýslu. Virðist, að á grundvöllur sé réttlátur gagnvart báðum aðilum. Ef afurðaverð er lágt, þá lækkar afgjaldið, hækki afurðaverð, hækkar afgjaldið að krónutölu.

III. KAFLI
Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

Um 11. grein.

Nokkrar breytingar eru lagðar til um skyldur landsdrottins, hver húsakostur skuli fylgja ábúð. Miðast hann við það lágmark, er telja verður nauðsynlegt, til þess að ábúandi geti séð fólki sínu og fénaði fyrir húsnæði, og að þau séu í því lagi, að ætla megi, að þau séu nothæf í 10 ár með eðlilegu viðhaldi. Það má telja, að samkvæmt núgildandi lögum séu minni kröfur um þetta gerðar, því að ⅔ hlutar landverðs að fasteignamati grundvalla vart þann húsakost, að búandi geti hafið búskap á jörð án þess að byrja strax á byggingum, sem getur verið lítt framkvæmanlegt fyrir þá, sem eru að hefja búskap.

Um 12. grein.

Í þessari grein er landsdrottni gefið val á því að kosta allar byggingar sjálfur með rétti til landskuldarhækkunar eftir mati úttektarmanna. Leiguliða má þó ekki gera að greiða meiri hækkun á landskuld en af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og í samræmi við, hvað jörðin framfleytir. Haldið er ákvæðum að mestu óbreyttum um vinnuframlag leiguliða, og má ekki reikna afgjaldshækkun af því.

Þá eru sett ákvæði um það, ef landsdrottinn vill ekki kosta endurbyggingu eða aukningu jarðarhúsa. Er leiguliða veittur réttur til að framkvæma það á sinn kostnað og tryggt annað tveggja, að hann fái húsagerðina strax greidda gegn landskuldarlækkun, en hafni landsdrottinn því, er hann skyldur að veita veðleyfi, og um það eru tekin upp óbreytt ákvæði um þetta eftir þeirri breytingu, er gerð var á ábúðarlögunum með lögum nr. 79 2. des. 1952. Í þriðja lagi er leiguliða tryggður endurkröfuréttur á landsdrottin, þegar hann fer frá jörð, eftir mati úttektarmanna, að frádreginni fyrningu þeirra ára, sem ábúandi hefur notað húsin.

Gagnvart ágreiningsatriðum varðandi þessa grein og matsgerðir, sem samkvæmt henni eru gerðar, er báðum aðilum gefinn réttur til að fá skipaðan gerðardóm til að gera endanlega út um ágreiningsatriðin.

Um 13. grein.

Fyrri hluta greinarinnar í núgildandi lögum er haldið óbreyttum. Lögð er sú skylda á landsdrottin að kaupa öll hús úr varanlegu efni, sem ábúandi á við brottför á jörð, en séu húsin ekki nauðsynleg vegna búrekstrar, skulu þau metast lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Þá þótti rétt, að allt að þriggja ára gjaldfrestur væri gefinn, ef matsfjárhæð fer yfir hina ákveðnu upphæð, sem í greininni getur. Séu ónauðsynleg hús flytjanleg, hvílir ekki kaupskylda á landsdrottni.

Um 14. grein.

Ákvæðum um leiguliðabót er haldið óbreyttum, að því er tekur til fjárhæða leiguliðabótar og ávöxtun hennar og réttar til þessarar séreignar jarðanna, þegar endurbyggt verður. Þar sem komið hefur fram, að mikill misbrestur hefur orðið á, að leiguliðabót hafi verið innheimt á öllum leigujörðum, þá þótti ástæða til að setja ákvæði um, að óinnheimt leiguliðabót mætti standa í vörzlu leiguliða á 5% ársvöxtum, þar til hann fer frá jörðinni, en hann verður þá að svara henni ásamt vöxtunum, hafi hann ekki gert framkvæmdir, sem leiguliðabótin á að ganga til, og að hann því hafi átt rétt til hennar að einhverju eða öllu leyti.

Um 15. grein.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum að öðru en því, að vanefndir eftir settan frest frá úttektarmönnum að bæta úr, ef hús ganga úr sér umfram eðlilega fyrningu, varða útbyggingu.

Um 16. grein.

Greinin er ekki breytt, þarfnast ekki skýringa.

Um 17. grein.

Vátrygging á öllum húsum er gerð að skyldu. Þar sem nú er hægt að fá tryggingu gegn tjóni á húsum af náttúruhamförum, þótti rétt, að á það væri bent, að aðilar geti komið sér saman um slíka tryggingu. Enn fremur eru sett ákvæði um, að ábúandi greiði tryggingu af eignarhluta sínum í húsum jarðar.

Um 18. grein.

Greinin heldur sér óbreytt, en tilgreint er nánar en gert er í núgildandi lögum, til hverra atriða skuli tekið tillit, þegar úttektarmenn meta kaupverð, er sala fer fram, samkvæmt ákvæðum greinarinnar.

IV. KAFLI

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

Um 19. grein.

Í greininni er leiguliða gert að skyldu að eiga lögheimili á jörð, sem hann tekur í ábúð. Hann verði að nytja jörðina og reka búskap á henni.

Um 20. grein.

Greininni er ekki breytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. grein.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að eigi er beit bönnuð á túni og engjum frá gróanda og þar til ábúandi fer frá jörð, en honum aftur gert að skyldu að bæta afraksturstjón, er af því hlýzt. Er þetta gert með tilliti til, að þegar tekin er upp beitirætkun og tún orðin stór á jörðum, geti vorbeit verið fráfaranda mjög nauðsynleg.

Um 22. grein.

Sú ein breyting er á greininni, að ekki þótti rétt að banna að flytja allan búfjáráburð af jörðinni. Áburð, sem verður til af fóðri, sem aflað er á sjálfri jörðinni, er eðlilegt að fráfarandi láti af hendi. Búrekstur getur verið með þeim hætti, að mikils fóðurs sé aflað með öðrum hætti eða keypt, og þykir því ekki sanngjarnt, að fráfarandi megi ekki selja eða flytja burt af áburði sem því fóðri svarar.

Um 23. grein.

Felld er niður skylda fráfaranda um að flytja áburð á tún, en lagt til, að það verði eftir samkomulagi milli viðtakanda og fráfaranda. Það er engan veginn undantekningarlaust, að viðtakandi telji sér hagkvæmt að nota búfjáráburð til yfirbreiðslu á tún, vilji fremur hagnýta hann í nýræktir, og þá er ástæðulaust að halda þessu skylduákvæði. Að öðru leyti eru ekki efnisbreytingar á greininni.

Um 24. grein.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 25. grein.

Hér er skilgreint nokkru nánar en í núgildandi ábúðarlögum, hvað felist í leiguliðanotum. Það er ekki óalgengt, að ábúendur hafa viljað telja til leiguliðanota verðmæti í jörð eða á, sem ekki er hægt að telja til afraksturs, er jörðin gefi af sér, án þess að verðmæti sjálfrar eignarinnar rýrni. Má þar benda á, að ekki er óalgengt, að leiguliðar telja sig hafa rétt að selja byggingarefni, svo sem möl og sand, en það getur ekki samrýmzt þeim forna almenna skilningi á orðinu leiguliðanot eða almennum skilningi um eignarrétt. Þótti því rétt að skilgreina með þeim hætti, sem gert er í upphafi greinarinnar, hvað leiguliðanot væru. Að öðru leyti hafa ekki verið gerðar breytingar á þessari grein.

Um 26. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að orðið „nokkrar“ er fellt niður í annarri málsgrein greinarinnar, þar sem eðlilegt þykir, að ábúandi hafi frjálsar hendur til að láta heimilismenn sína, er að búinu vinna, hafa afnot landsnytja, ef það þykir hentara en beinar kaupgreiðslur í peningum.

Um 27. grein.

Að efni er greinin ekki breytt, en ákvæði hennar gerð nokkru fyllri og að ágreining um jarðníðslu geta aðilar lagt í gerð, eftir að skoðunargerð hefur farið fram í samræmi við ákvæði 16. greinar.

Um 28. grein.

Greinin er ekki breytt frá gildandi lögum.

Um 29. grein.

Greinin er óbreytt.

Um 30. grein.

Greinin er eins og í gildandi lögum.

Um 31. grein.

Greinin er efnislega óbreytt, en teknar eru upp í greinina tilvísanir, þar sem ný ákvæði setja þau viðurlög, sem varða tapi á ábúðarréttinum.

Um 32. grein.

Greinin ekki breytt frá gildandi lögum.

Um 33. grein.

Efnislega er greinin eins og í núgildandi lögum. Þó er með greininni lögð sú skylda á ábúanda, sem flytur sig fyrirvaralaust af jörð, að hann ber alla ábyrgð á því, að meðferð jarðar næsta ár sé eins og hann hefði sjálfur setið jörðina og nytjað hana, nema landsdrottinn leysi hann frá umsjón jarðarinnar.

Um 34. grein.

Greinin er ekki breytt frá gildandi lögum.

V. KAFLI
Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

Um 35. grein.

Efnislega eru ekki gerðar aðrar breytingar á greininni en að héraðsráðunautar skuli framkvæma skoðunargerð, ef áföll verða af völdum náttúrunnar á jörð, og að héraðsráðunautar ásamt úttektarmönnum framkvæmi mat, ef krafizt er lækkunar á jarðarafgjaldi af þessum sökum.

Um 36. grein.

Efnislega er greinin eins og í núgildandi lögum, en krafan um endurskoðun leigumála er heimil, þó að hann hafi verið settur undir eldri lögum. Er það gert með tilliti til þess, að þær breytingar geta orðið á verðlagi, að eldri leigumálar verði úr hófi fram ósanngjarnir. Því er þetta ákvæði sett.

VI. KAFLI
Um reka á leigujörðum.

Um 37. grein.

Hér er gerð sú breyting, að ábúanda er gert að hirða allan reka og fær ⅓ hluta hans, í stað þess að áður fékk hann aðeins við þann, er var styttri en 4 álna, og einungis álnarkefli, ef um rekaítök var að ræða. Þó er gert ráð fyrir, að aðilum sé heimilt að semja á annan hátt, enda sé þess getið í byggingarbréfi.

Um 38. grein.

Greinin er óbreytt, enda fylgir hún mjög fornum lagafyrirmælum, sem ekki þótti ástæða til að breyta.

Um 39. grein.

Greinin er tekin óbreytt úr gildandi lögum.

VII. KAFLI
Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

Um 40. grein.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er ætlazt til, að leiguliði eigi rétt á þeim jarðræktarstyrk, sem á þessar umbætur er greiddur, en við afgjaldagreiðslur og úttekt reiknast umbæturnar á kostnaðarverði, að frádregnum framlögum, sem á þær eru greiddar.

Þá er landsdrottni veittur réttur að ráða, hverjar umbætur séu gerðar á leigujörð hans, ef hann kostar þær að öllu leyti sjálfur.

Heimild leiguliða til að gera jarðabætur, sem hann kostar, er háð því eina skilyrði, að héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telji þær ábúanda og jörðinni nauðsynlegar og að þær stuðli að því að hækka jörðina í verði. Nær það til jarðabóta, er gera þarf, til þess að jörðin nái 10 ha ræktunartakmarkinu.

Um 41. grein.

Þá er túnstærð er komin yfir 10 ha, skal ábúandi þó leita samkomulags um, að landsdrottinn kosti umbótina, en heimilt er honum að gera hana, neiti landsdrottinn, enda liggi fyrir skriflegt álit héraðsráðunautar með rökstuðningi fyrir því, að jarðabótin sé ábúanda nauðsynleg.

Hér er það sjónarmið haft að koma í veg fyrir, að landsdrottinn hefti framkvæmdir á jörð, sem hefur minni túnstærð en það lágmark, sem talið er að þurfi til þess að jörð sé byggileg, en þó haldið því, að leitað skuli samkomulags við landsdrottin, ef um kostnaðarsamari og stærri framkvæmdir er að ræða.

Um 42. grein.

Landsdrottni er veittur hliðstæður réttur til að gera og kosta sjálfur meiri háttar jarðabætur á leigujörð sinni og ábúanda er gefinn í 41. grein. En jafnframt er tryggð aðstaða leiguliða, ef sú framkvæmd spillir leiguliðanotum hans, meðan á verkinu stendur.

Í greininni er einnig ákveðið lágmarks- og hámarksákvæði fyrir fyrningartíma á ræktun, opnum skurðum og girðingum.

Telji leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að slíkar stærri umbætur séu fullnýttar, hefur landsdrottinn heimild til að skipta jörðinni í tvö býli, en er skyldur að bæta leiguliða, ef hann tapar nokkurs við landskerðinguna, og skal hann gera það með umbótum á ábúðarhluta leiguliða.

Um 43. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

VIII. KAFLI
Um kaupskyldu á leigujörðum.

Um 44. grein.

Greinin er samhljóða og í núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

IX. KAFLI
Um úttektir á leigujörðum.

Um 45. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 46. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 47. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 48. grein.

Það þótti eðlilegt, að kaup úttektarmanna og virðingar- og skoðunargerðir séu greiddar samkvæmt almennum kauptaxta viðkomandi sýslu.

Mat á húsum samkvæmt ákvæðum 13. greinar varðar báða aðila, og þótti því rétt, að báðir bæru kostnað af þeirri virðingu.

Um 49. grein.

Greinin er óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

Um 50. grein.

Í þessari grein eru tekin upp fyrirmæli, sem nánar ákveða en verið hefur, hvernig úttektir eiga að vera gerðar. Það má almennt segja, að úttektir hafa aðallega verið gerðar á húsum jarða, en um aðra meðferð og mannvirki jarða vísað til jarðabótaúttekta. En markmiðið við úttekt er að meta viðskipti leiguliða við jörðina sjálfa til tekna og gjalda, svo að það liggi skýrt fyrir, í hvaða ástandi hann skilar henni, og uppgjör milli landsdrottins og leiguliða á að koma skýrt fram í úttektargerðinni.

Um 51. grein.

Í þessari grein er því einu breytt, að lögtak má gera í eigum fráfaranda, þó að slíkar eignir séu annars staðar en á jörðinni sjálfri, er úttekt fer fram.

Um 52. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum að öðru leyti en því, að leiguliða er gefinn rétturinn að krefjast skiptanna, þar sem það getur verið honum meira hagsmunamál að fá skiptin fram heldur en landsdrottni.

Um 53. grein.

Á ákvæðum hennar er sú breyting gerð, að í hverri sýslu sé fastur yfirúttektar- og virðingardómur, skipaður þremur mönnum til 6 ára, og sýslumaður sjálfkjörinn í þann dóm sem oddamaður. Enn fremur að kveðja megi tvo sérfræðinga í dóminn, þegar ástæða er til, þá er fyrir koma verkefni, er sérþekkingar þarf til á sviði húsabóta eða jarðræktar. Er því eðlilegt, að jarðræktarráðunautur viðkomandi sýslu og byggingarfulltrúi séu kvaddir í yfirdóm vegna sérþekkingar sinnar, að því er varðar meðferð bygginga á jörðum og jarðirnar sjálfar.

X. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

Um 54. grein.

Sektarákvæði er hækkað úr 3000 kr. í 10000 kr.

Um 55. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nefndarálit.

Á Alþingi 1958 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlaga.

Flutningsmenn hennar voru alþingismennirnir Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson og Ásgeir Bjarnason.

Tillaga þessi var lögð fyrir sameinað þing og vísað til allsherjarnefndar. Tillögu þessa er að finna í máli nr. 41, á þingskjali 69, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ábúðarlögin og leggja síðan fram á Alþingi frumvarp til nýrra ábúðarlaga.“

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis sendi tillögu þessa til umsagnar nokkurra stofnana, þar á meðal Jarðeignadeildar ríkisins og Landnáms ríkisins. Þessir aðilar mæltu með samþykkt tillögunnar.

Tillaga frá allsherjarnefnd sameinaðs þings var samþykkt af Alþingi hinn 4. febr. 1959, þannig að kosin skyldi af sameinuðu Alþingi þriggja manna nefnd til að framkvæma endurskoðun á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951, og á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

Kosning nefndarinnar fór fram hinn 11. maí 1959, og kjörnir voru þessir menn í nefndina:

Jón Sigurðsson alþingismaður,
Ágúst Þorvaldsson alþingismaður,
Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

Samkvæmt því gefur landbúnaðarráðherra út skipunarbréf, dags. 21. maí 1959, og felur Jóni Sigurðssyni að kveðja nefndina saman til funda. Áður hafði forseti sameinaðs þings tilkynnt nefndarmönnum kosningu þeirra með bréfi, dags. 12. maí 1959.

Var þá ákveðið af nefndinni, að útvegaðar skyldu upplýsingar um löggjöf og meðferð þessara mála erlendis, einkum á Norðurlöndum, og þar sem Pálmi Einarsson átti að mæta á Nordisk Jordbruksforskeres kongress í Osló hinn 24. júní, var ákveðið, að hann skyldi leitast við að fá upplýsingar um þessi mál á Norðurlöndum. Hefur nefndin fengið í hendur ýmsar álitsgerðir milliþinganefnda í jarðeignamálum frá Noregi og norska löggjöf um óðalsrétt og ábúðarafnot, enn fremur hefur nefndin fengið til athugunar gögn þau, sem landnámsstjóri aflaði sumarið 1956 frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku um skipulag jarðeignamála í þessum löndum.

Nefndin var kvödd til fundar hinn 5. nóvember 1959. Á þeim fundi var Jón Sigurðsson kosinn formaður nefndarinnar og Pálmi Einarsson ritari.

Á þessum fyrsta fundi nefndarinnar voru lögð fram þau gögn, sem útveguð höfðu verið. Jafnframt var ákveðið að skrifa stjórnum allra búnaðarsambanda í landinu og óska eftir rökstuddum tillögum frá þeim um þau atriði, sem þær teldu sérstaka nauðsyn bera til að breyta í hinum tilgreindu lögum. Var óskað eftir, að nefndin fengi svör við þeim fyrirspurnum fyrir 15. desember.

Þá var ákveðið að hafa samband við Jarðeignadeild ríkisins og fá frá deildarstjóra upplýsingar um jarðeignir ríkisins og óska tillagna til breytinga um þau ákvæði umræddra laga, er taka til jarðeigna ríkisins og opinberra sjóða.

Hinn 3. desember hóf nefndin aftur fundarstörf, en nefndarmenn höfðu áður, hver fyrir sig, gert sér grein fyrir, hverra breytinga væri þörf, og lögðu tillögur sínar fram á fundinum.

Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar deildarstjóri og fulltrúi Jarðeignadeildar, þeir Sveinbjörn Dagfinnsson og Haukur Jörundsson.

Lýstu þeir því áliti sínu, að afgjöld jarða þyrftu að ákveðast þannig, að hugsanlegar breytingar á verðlagi á ábúðartímanum séu teknar til greina, þegar grundvöllur er lagður að ákvörðun jarðarafgjalds. Deildarstjóri gerði einnig grein fyrir afstöðu jarðeignadeildar til endurbyggingarskyldu þeirrar, sem er á ríkissjóð lögð í núgildandi löggjöf.

Það krefur meiri fjárframlög en verið hafa til umráða, ef fullnægja á þeirri skyldu á þeim jörðum, sem eru í lífstíðarábúð, en þær eru 420, og til þeirra jarða, sem eru í lausri ábúð, sem eru nú 78. Auk þess eru í óvissri leigu 26 jarðir. Samtals eru það því 524 jarðir, sem telja má að byggingarskylda hvíli á eftir núgildandi lögum. Hin síðustu ár hefur verulega áunnizt um uppbyggingu á ríkisjörðum, en einnig það atriði skapar ný fjárhagsvandamál, þegar ábúendaskipti verða á jörðunum.

Á undanförnum árum hafa margir leiguliðar á lífsábúðarjörðunum byggt fyrir eigið fé og fengið heimild til að setja jarðirnar að veði fyrir þeim lánum, er farið hafa til uppbyggingar á þeim, úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Koma þá fram sömu örðugleikar, ef ábúendaskipti verða á jörðunum. Nýir viðtakendur eru ekki þess umkomnir að kaupa byggingarnar, enda þótt á þeim hvíli hin hagstæðu lán þessara sjóða, enda hvílir kaupskyldan á landsdrottni samkvæmt 13. grein núgildandi laga. Þegar tíð ábúendaskipti eru á jörðum, getur það endurtekið sig, að einhverjar byggingar hafi verið gerðar á ábúðartímanum, sem eigi verður komizt hjá að kaupa.

Þá benti deildarstjórinn á, að í þessu sambandi væri nauðsynlegt að ákveða greiðslufrest í lögunum, því að eins og gildandi ákvæði eru, þá er ríkissjóður jafnan krafinn um staðgreiðslu á eignarhluta ábúanda, er hann fer frá jörð.

Varðandi erfðaábúðarjarðir hefur það verið hin almenna regla, að erfðaábúðarhafar, þar sem arftakar ekki taka við ábúðinni, selja viðtakanda hús og annað, er þeir eiga á jörð, en byggist slík jörð ekki strax, getur svo farið, að ríkið verði að leysa til sín þessar eignir erfðaábúðarhafa.

Að beiðni nefndarinnar kom á fund hennar forstöðumaður Búreikningaskrifstofu ríkisins, Eyvindur Jónsson. Var við hann rætt um ýmis atriði ábúðarlaganna, en einkum þó, hvernig mundi bezt fyrir komið í lögunum ákvæðum um leigumála á jörðum. Gaf hann nefndinni ýmsar ábendingar því viðkomandi.

Nefndin hefur, eftir því sem tök hafa verið á, reynt að afla sér upplýsinga um lögbýlisjarðir í landinu, hve margar þær hafa verið síðustu áratugi, enn fremur, hversu margir ábúendur hafa á þeim verið á hverjum tíma, enn fremur um, hversu margar jarðir hafa verið og eru í eyði af sérmetnum jörðum. Þá hefur nefndin gert sér grein fyrir ábúðarhreyfingum á síðustu árum og hver áhrif ábúðarfyrirkomulagið hefur haft á það, hvernig jarðir haldast í byggð. Hins vegar skortir mjög á, að fullnægjandi gögn séu fyrir hendi um öll þessi atriði, þar sem hvergi er aðgengilegt á einum stað frá ári til árs um eignar- og ábúðarbreytingar á jörðum, þegar undan eru skildar jarðir, sem komið hafa til skipta vegna nýbýlastofnana, svo

og um eyðijarðir fram til ársins 1952, en þá eru þær allar síðast skrásettar af Landnámi ríkisins.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur eftirfarandi yfirlit verið gert um sérmetnar, byggðar jarðir, sérmetnar eyðijarðir og heildartölu sérmetinna lögbýlisjarða frá 1922—1957, enn fremur um tölu ábúenda, og miðast þá búendatala við, að taldir eru þeir búendur, er sérrekstur hafa, en þar sem um félagsbúskap er að ræða, er það aðeins talið sem eitt bú. Væru aftur á móti allir samrekstraraðilar taldir, yrði búendatalan 1952 og 1957 um 400 fleiri en neðanskráðar tölur sýna.

Yfirlit um sérmetnar byggðar jarðir, eyðijarðir og búendur 1922—1957:

Ár	Sérmetnar byggðar jarðir	Eyðijarðir	Sérmetnar jarðir alls	Búendur alls
1922	6146			6852
1932	5736	497	6233	6193
1942	5862	646	6508	6341
1952	5368	1080	6448	6219
1957	5915	1130	7045	6418

Þessar tölur eru sambærilegar að öðru en því, að árin 1952 og 1957 eru ekki teknar með þær jarðir, sem eru innan takmarka þeirra staða, sem hafa kaupstaðarréttindi samkvæmt Fasteignabók II, útgefinni 1957.

Byggðum jörðum hefur fjölgað um 547 á fimm ára tímabilinu 1952—1957, en á sama tíma hefur eyðijörðum einnig fjölgað um 50 eða að meðaltali um 10 jarðir á ári. Heildaraukning sérmetinna jarða á sama tíma er 597 alls.

Nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að rannsaka, hvernig jarðir skiptast nú eftir eignar- og áburðarumráðum, þar sem ekki eru tiltækar upplýsingar um hinar árlegu hreyfingar viðkomandi sölum og ábúðarskiptum á jörðum, svo að þær megi telja fullábyggilegar. Þegar fasteignamat fór fram 1938—1944, skiptust eignarumráð á byggðum jörðum þannig:

Einkaeign	4872	jarðir	eða	83.0%
Kirkjujarðir	462	—	—	7.9%
Þjóðjarðir	230	—	—	3.9%
Jarðakaupasjóðsjarðeignir	97	—	—	1.7%
Jarðeignir stofnana og hreppa	201	jörð	—	3.5%
Samtals	5862	jarðir	eða	100.0%

Samkvæmt þessu voru þá opinberir aðilar eigendur að 17% af tölu hinna byggðu jarða, en í einkaeign voru þá 83% af jörðum í landinu.

Ábúðarumráðin á jörðunum skiptast á sama tíma þannig:

Einkaeign og sjálfsábúð	3168	jarðir	eða	54.0%
Leiguábúð	2234	—	—	38.1%
Að nokkru leyti sjálfsábúð	460	—	—	7.9%

Af þeim jörðum, þar sem nokkur hluti jarðanna er í leiguábúð og sjálfsábúð, koma fyrst og fremst til greina jarðir, sem eru í fjölskyldueign og aðeins einn eignaraðili býr á jörðinni allri.

Frá því 1944 hefur orðið nokkur breyting á þessum hlutföllum, sem fer í þá átt, að sjálfsábúðarjörðum fjölgar. Öll nýbýli, sem á þessu tímabili hafa verið stofnuð, eru einkaeign stofnenda, eykur það tölu sjálfsábúðarjarða. Enn fremur hefur það áhrif í sömu átt, að það eru hin síðustu ár fleiri leigujarðir, sem farið hafa í eyði, en sjálfsábúðarjarðir, þó að heildarhlutföllin milli einkaeignar og sjálfsábúðar móti einstaklingseignum og leiguábúð séu þannig, að fleiri fyrrverandi sjálfsábúðarjarðir hafi í eyði farið heldur en leigujarðir.

Samkvæmt heimildum frá Landnámi ríkisins var árið 1952 athugað, hvernig eignar- og ábúðarumráðum var háttað á 1024 eyðijörðum af 1080 jörðum, sem þá

voru í eyði. Fer hér á eftir yfirlit um eignar- og ábúðarumráðin, eins og þau voru, þá er jarðirnar fóru í eyði:

Einkaeign og sjálfsábúð	498	jarðir eða	48.6%
Einstaklingseignir, leiguábúð	313	jarðir eða	30.6%
Kirkjueignir	77	jarðir eða	7.5%
Hreppseignir	55	jarðir eða	5.3%
Þjóðjarðir	50	jarðir eða	4.9%
Jarðakaupasjóðsjarðir	5	jarðir eða	0.5%
Eign sérstakra sjóða	5	jarðir eða	0.5%
Ótilgreind eignaumráð	21	jörð eða	2.1%

Af þessum jörðum eru því leiguábúðarjarðirnar, þegar þær fara í eyði, 505 að tölu eða 49.3%, og þegar þess er gætt, að um helmingur eyðijarðanna hefur verið leigujarðir og að sjálfsábúðarjarðir í byggð eru þriðjungi fleiri en leigujarðir, verður að telja, að sjálfsábúðin gefi meira öryggi fyrir, að jarðirnar haldist í ábúð, heldur en leiguábúðin.

Hinar árlegu ábúðarhreyfingar verða ekki raktar hér ýtarlega. Frá því 1955 hafa þær þó verið athugaðar lauslega, og má áætla þær 250—300 á ári. Meiri hluti ábúendaskipta er með þeim hætti, að ættmenni taka við jörð af foreldri sínu eða öðru nánu skyldmenni, þegar í hlut eiga sjálfseignaraðilar og erfðaábúðarhafar, en á leigujörðum virðist engin föst regla ríkjandi þar um, þó virðist einnig í allmörgum tilfellum, að ábúð leigujarðar haldist í sömu ætt.

Í frumvarpi því, sem hér með fylgir, er kaflaskipting hin sama og í núgildandi lögum, og segja má, að grundvallarsjónarmið núgildandi laga haldi sér. Breytingarnar eru fyrst og fremst á þeim ákvæðum, sem vegna breyttrar aðstöðu og nýrra búnaðarhátta eru orðin úrelt. Í öðru lagi má á það benda, að jarðarnytjar, sem áður töldust til leiguliðanota, hafa ekki lengur leigugildi almennt, svo sem hagnýting torfs til bygginga. Aftur á móti er nú orðið mjög mikið verðmæti í sandi og möl sem byggingarefni. Jarðhiti og virkjun vatnsafls var ekki talið jörð til gildis 1884, er hin elztu ábúðarlög voru sett. Eru í frumvarpinu tekin upp ákvæði um, að hve miklu leyti þessi verðmæti falla undir notkunarrétt leiguliða, og þau undanskilin leiguliðanotum að öðru leyti en því, sem þeirra er þörf vegna búrekstrar á jörðinni. Þá eru tekin upp ný ákvæði um, að landskuld miðast við búrekstrargildi jarðarinnar og ákveðist með tölu búfjár eða annars afraksturs af jörðinni og peningagreiðsla ákveðist eftir verðlagsskrárverði þeirra afurða.

Húsaskylduákvæðin eru gerð nokkru fyllri, einkum þau ákvæði, er lúta að því, þegar endurreisa þarf hús jarðar á ábúðartímanum og auka við þau, en kröfur um jarðarhús úr hendi eiganda, þegar ábúð hefst, eru auknar, því að ákvæði um þetta atriði voru orðin áhrifalítil vegna hinna öru breytinga á verðlagi, frá því að lögin voru sett.

Nokkrar breytingar eru í frumvarpinu um kaup á húsum, er ábúandi fer frá jörð, og um greiðslufyrirkomulag leiguliðabótar. Skyldutrygging er ákveðin á jarðarhús í samræmi við aðra löggjöf þar um.

Þá er fastara en áður var kveðið á um, að leiguliði sé skyldur að reka sjálfur bú á jörðinni.

Um úttektir á jörðum eru sett nokkru fyllri ákvæði en í núgildandi lögum og um fyrningu jarðarbóta. Þá er sú breyting gerð um yfirúttekt, að í hverri sýslu skuli vera fastur úttektardómur. Er það gert með tilliti til þess, að meira samræmi fáist innan sýslu um úrskurði í ágreiningsmálum varðandi úttektir.

Að öðru leyti vísast til þeirra athugasemda, sem gerðar eru um einstakar greinar frumvarpsins.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Jón Sigurðsson. Pálmi Einarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 229. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Einari Ingimundarsyni, Birni Pálssyni og Gunnari Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 19. tölulið komi nýr töluliður:
   Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Bæjarvegur: Frá Hofsósi á Siglufjarðarveg hjá Mannskaðahóli.
2. Á eftir 21. tölulið komi nýr liður:
   Á eftir C. 40 komi nýr liður:
   Siglunesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Hóli við Siglufjörð um Nesskriður á Siglunes.

Nd. 230. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsagnir jarðeignadeildar ríkisins og biskups.

Lagaheimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hliðstæð öðrum heimildum, sem veittar hafa verið ríkisstjórn í sams konar málum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarps þessa, en telur rétt að kveða nánar en gert er í frumvarpinu á um það, hvernig skipað skuli í matsdóm, ef ekki er samkomulag aðila um verðmæti landsins. Einnig telur nefndin rétt að binda ekki söluheimildina við Heimaey eina, heldur nái hún einnig til úteyja, en svo nefnast einu nafni allar aðrar eyjar Vestmannaeyja en Heimaey.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að á frumvarpinu verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr.
   a. Úr 1. málsgr. falli niður orðin „á Heimaey".
   b. Í stað orðanna „skal það metið af dómkvöddum mönnum" í 2. málsgr. komi: skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann.
2. Úr fyrirsögn frumvarpsins falli niður orðin „á Heimaey".

Alþingi, 24. marz 1960.

Gunnar Gíslason, form. Einar Sigurðsson, fundaskr. Karl Guðjónsson, frsm.
Benedikt Gröndal. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 231. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá Birgi Finnssyni.

Við 23. gr. Í stað „kr. 7700.00" komi: kr. 11150.00, — og í stað „kr. 15400.00" komi: kr. 20350.00.

Nd. **232. Frumvarp til laga** [105. mál]

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

d-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði, ræktunarsjóði og raforkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánsstofnunum, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af óðalsréttarsamningi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að óðalsréttarsamningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja. Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

3. gr.

Niðurlag 10. gr. laganna, orðin „og færast ekki sem fylgifé þess“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 11. gr. laganna komi:

Við skipti má eigi skerða ræktað land óðalsjarðar, nema um sé að ræða túnauka, fráskilinn heimatúni. Komi hlunnindi til skipta, skal óðalsjörðin ávallt halda að minnsta kosti ⅗ hlutum þeirra. Um reka fer þó eftir fjörumáli, sem hverjum jarðarhluta tilheyrir, ef hann kemur til skipta.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, Ræktunarsjóði Íslands og raforkusjóði samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Fylgja skulu beiðninni um lán teikningar af hinni fyrirhuguðu byggingu, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, og byggingarvottorð um framkvæmd verks-

ins frá byggingarfulltrúa viðkomandi héraðs. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni úttekt og möt samkvæmt þeim reglum, er um þessi lán gilda á hverjum tíma.

6. gr.

8. málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt 53. gr. ábúðarlaganna.

7. gr.

b-liður 19. gr. laganna orðist svo:

Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt, hafi óðalsréttarhafi veitt þeim þann rétt með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni, ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir.

9. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem ekki eru óðalsjarðir, en hafa annað tveggja:

a. Verið samfellt í ábúð eða eign sömu ættar í samtals 75 ár eða lengur og eru enn í eign hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eign eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.

b. Verið ráðstafað til erfingja ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkvæmt 30. gr.

10. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Jörð, sem um ræðir í 26. gr. a-lið, má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmennum frágengnum, þ. e. niðjum þeirra af ættinni, er höfðu umráð jarðarinnar síðustu 75 árin af því tímabili, er um ræðir í 26. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkvæmt 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur

fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, sem nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára, frá því að hann fékk viðbótarlandið.

11. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, frá því að aðalfasteignamat fór fram. Seljandi getur enn fremur krafizt hækkunar á söluverði fasteignar, ef tekjur af veiðiréttindum, jarðhita eða öðrum hlunnindum svo og tekjur af malarnámi, er jörðinni fylgja, hafa hækkað að mun, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

Mat á umbótum og auknum hlunnindatekjum skal framkvæmt af úttektarmönnum. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum.

Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

12. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn skulu halda skrá yfir allar ættarjarðir innan síns lögsagnarumdæmis og færa þær í sérstaka bók samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, séu þær ekki óðalsjarðir. Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, með aðstoð fróðustu manna og beztu heimilda, sem föng eru á, gera skrá yfir þær jarðir í hreppnum, sem falla undir a- og b-liði 26. gr., ásamt greinargerð fyrir ábúð eða eignarhaldi hlutaðeigandi ættar á hverri jörð um sig síðastliðin 75 ár.

Þegar hreppstjóri skrásetur ættarjörð, skal hann jafnframt gera lýsingu af jörðinni, svo sem fyrir er mælt í 3. gr. um skrásetningu óðalsjarða, sbr. 3. málsgr. hennar, eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við jarðareiganda eða ábúanda. Leita skal staðfestingar jarðareiganda á, að skýrsla hreppstjóra sé rétt. Skrásetningu þessa og annað, er henni tilheyrir, skal hreppstjóri færa í úttektar- og virðingarbók hreppsins.

Skrásetning ættarjarðar ásamt greinargerð og jarðarlýsingu skal gera í tvíriti og færa á þar til gerð eyðublöð, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Skal annað eintakið varðveitt á skrifstofu sýslunnar. Hitt eintakið skal sýslumaður senda Búnaðarfélagi Íslands, eftir að hann hefur fullvissað sig um, að ekkert sé við það að athuga.

Nú verður ágreiningur um, hvort jörð sé ættarjörð. Skal sýslumaður þá rannsaka málavexti og fella því næst úrskurð í málinu. Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

Hreppstjórar skulu endurskoða árlega skrána yfir ættarjarðir í hreppnum og fella niður eða bæta við jörðum, eftir því sem tilefni er til. Tilkynna skal sýslumanni allar slíkar breytingar.

13. gr.

Aftan við 1. málsgr. 34. gr. laganna komi:

Heimilt er þó að byggja slíkar jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því.

14. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að

fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Við ákvörðun jarðarafgjalds skal jafnframt miða við þá tölu búfjár eða það magn afurða, er þarf til að greiða eftirgjaldið, er leigusamningurinn er gerður, og miðað við verðlag þess árs. Eftirgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert, sbr. 10. gr. ábúðarlaga.

Nú leggur landsdrottinn fram fé til umbóta á jörðinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til íbúðarhúsa greiðist sömu vextir og af lánum hjá byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum ræktunarsjóðs, eins og þessir vextir eru á hverjum tíma.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skylt er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu á eignum landsdrottins greiðir hann að sínum hluta.

15. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna orðist svo:

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

16. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Þurfi að byggja jörð, sem er í erfðaábúð, til bráðabirgða (sbr. 46. gr., 6. lið), fer um upphæð jarðarafgjalds eftir samkomulagi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

17. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlags ríkissjóðs. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið ákvarðast samkvæmt ákvæðum 35. gr. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru þrjú ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

18. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú verður jörð fyrir skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og fer þá um það samkvæmt 35. gr. ábúðarlaga.

19. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru í erfðaábúð, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum, og fer um það samkvæmt ákvæðum 13., 50. og 53. gr. ábúðarlaganna.

20. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem eru í erfðaábúð, að skipta þeim milli barna sinna. Skal erfðaábúandi tilkynna það landsdrottni og leita samþykkis hans á skiptingunni.

Tryggt skal, að hvert býli hafi að minnsta kosti þá lágmarksstærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu (sbr. 14. gr. laga nr. 48/1957) að dómi nýbýlastjórnar, enda samþykki hún skiptinguna. Við skipti skal ekki skerða tún heimajarðar, ef

unnt er (sbr. 28. gr. laga nr. 48/1957), og að öðru leyti fer um skiptinguna samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Leigumáli á úrskiptu býli skal ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. gr. þessara laga.

Ef búrekstraraðstaða á heimajörðinni breytist verulega við slíka skiptingu, getur ábúandi krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar að undangengnu mati úttektarmanna.

21. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd eða sýslunefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er í erfðaábúð, og skulu þá þessir aðilar snúa sér til nýbýlanefndar viðkomandi sýslu, sem skal rannsaka allar aðstæður og gefur viðkomandi aðilum rökstutt álit um málið. Að svo búnu getur sýslunefnd eða hreppsnefnd, ef þeim þykir ástæða til, sent álit nýbýlanefndar og tillögur sínar um skiptingu jarðarinnar til nýbýlastjórnar ríkisins.

Verði skipti ákveðin á jörðinni, skulu þau fram fara samkvæmt ákvæðum 43. gr., eftir því sem við getur átt.

Ábúandi á rétt á því, að ættingjar hans, er hann kýs til, sitji fyrir ábúð á hinu úrskipta landi.

Nú taka aðrir, ábúanda óskyldir, ábúð á hinu úrskipta landi, og skal þá sá, er hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans fá fullar bætur fyrir það, sem hið úrskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, en taka skal tillit til eðlilegrar fyrningar á jarðabótum.

Um lækkun á jarðarleigu hans í þessu sambandi gilda ákvæði síðustu málsgr. 43. gr.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, er verða til við skiptingu eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38. og 46. gr., 9. lið. Þó skulu ákvæði 43. gr. gilda um þá jarðarhluta, sem ráðstafað er á þennan hátt innan ættar ábúanda.

22. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni í byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Beiðni um veðleyfi skulu fylgja teikningar, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, áritaðar yfirlýsingu úttektarmanna viðkomandi hrepps, að byggingarnar séu við hæfi, miðað við hagfelldan búrekstur á jörðinni.

Sé um jarðabætur að ræða, skal lögð fram með beiðninni yfirlýsing héraðsráðunautar um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og líkleg til að stuðla að aukinni arðgæfni í búrekstri á jörðinni.

Jarðeignadeild ríkisins getur krafizt þess af veðleyfisbeiðanda, að hann leggi fram ábyrgð hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps fyrir því, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra umbóta, er úttektarmenn og héraðsráðunautur telja hagkvæmar og nauðsynlegar fyrir búrekstur á jörðinni.

23. gr.

Töluliður 2 í 46. gr. laganna orðist svo:

Erfðaréttur erfist til barna þess hjónanna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum, og á sama hátt fá kjörbörn erfðaábúðarrétt, sbr. 19. gr.

24. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verði:

Um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og 47. gr. orðist svo:

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfðaeða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 3 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

25. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi og framlögum þeim, er ríkið kann að hafa lagt til umbóta á jörðinni, eftir að fasteignamat fór fram, en að frádregnu fasteignamatsverði þess, sem ábúandi kann að eiga í jörðinni, er salan fer fram.

Nú fylgir jörð, sem selja á samkvæmt 47. gr., veiðiréttur, er gefur eða líkur eru til að gefi leigutekjur, sem um munar, og er þá jarðareiganda heimilt að fá hann sérmetinn af dómkvöddum mönnum, og kemur það mat til viðbótar fasteignamatsverði, að svo miklu leyti sem veiðiréttirinn kann að verða hærra metinn heldur en í gildandi fasteignamati.

Hið sama skal gilda, vilji ríkissjóður neyta forkaupsréttar, eftir að jörð hefur verið gerð að ættaróðali.

Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær eru gerðar að ættaróðulum,, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

26. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. Sama gildir um önnur atriði, sem ekki er sagt fyrir um á annan veg í lögum þessum.

27. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

28. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 26. febr. 1946, lög nr. 16 22. febr. 1950 og lög nr. 4 14. marz 1955 svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 116 30. des. 1943, og gefa lögin út svo breytt.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hefur óbundna afstöðu til málsins.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi skýringar við einstakar greinar og nefndarálit milliþinganefndar.

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. grein.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð sé á þessari grein, felur í sér nokkra rýmkun á því, hverjar veðskuldir megi hvíla á jörð, sem gera á að ættaróðali. Þó að veðdeildarlán í Búnaðarbanka Íslands og lán tekin í raforkusjóði hvíli á jörð, sem gera á að ættaróðali, er ekki eðlilegt, að þau hindri, að jörð verði gerð að óðali, þar sem þau lán eru veitt til eða í sambandi við uppbyggingu og framkvæmdir, sem miða að því að gera jörðina búhæfari og öruggari í rekstri.

Um 2. grein.

Greinin helzt óbreytt eins og hún er í gildandi lögum.

Um 3. grein.

Greinin er efnislega um öll aðalatriði óbreytt. Hins vegar eru sett inn í greinina nokkru fyllri og ákveðnari ákvæði um skrásetningu ættaróðala og um það, hverjar upplýsingar skuli skrásettar varðandi jörðina sjálfa í óðalsréttarsamningi.

Þá þótti eðlilegt, að samrit óðalsréttarsamnings verði sent Búnaðarfélagi Íslands, samhliða sem því er tilkynnt, að jörðin hafi hlotið óðalsréttindi.

Þá er gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands geri fyrirmynd í samráði við landbúnaðarráðuneytið um, hvernig óðalsréttarsamningur skuli gerður.

Misbrestur mun hafa verið á því fram að þessu, að Búnaðarfélagi Íslands hafi verið tilkynnt um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðulum, og því er ætlazt til, að ríkara verði eftir því gengið, að skrásetningu verði komið í lag.

Um 4. grein.

Greinin er óbreytt eins og í gildandi lögum.

Um 5.—9. grein.

Þessar greinar eru óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 10. grein.

Felld eru niður ákvæði um þær fylgifjárupphæðir, sem urðu til samkvæmt 17. grein jarðræktarlaga frá 1936, þar sem þau ákvæði um fylgifé jarða eru þegar úr lögum numin með ákvæðum nýrri jarðræktarlaga, nr. 45 frá 17. maí 1950.

Um 11. grein.

Það þótti rétt að ákveða nokkru nánar um framkvæmd þess, ef óðalsjörð kemur til skipta í tvö eða fleiri býli innan ættar.

Samkvæmt lögum nr. 48/1957 er svo ákveðið, að eigi má skerða tún jarðar, sem lætur af hendi land til nýbýlastofnunar, niður fyrir 10 ha, og við framkvæmd þeirra laga hefur jafnan verið reynt að skerða ræktað land aðaljarðarinnar sem

minnst, þó að ræktun jarðar sé komin yfir 10 ha. Þykir rétt, að þeirri reglu sé haldið, einnig um skiptingu óðalsjarða.

Hið sama gildir um hlunnindi, að ekki þykir rétt, að svo langt sé gengið í skiptum á þeim, að hver úrskiptur hlutur hlunninda verði það lítill, að það þykir ekki svara kostnaði að nytja hann sérstakan. Með tilliti til þess er ákvæðið sett, að upphaflega óðalið haldi minnst ⅔ hlunninda, komi þau til skipta.

Hins vegar þótti eðlilegast, að um rekaréttindi færi eftir því fjörumáli, sem hver jarðanna fær við skiptin.

Um 12. grein.

Með lögum nr. 16 22. febr. 1950 var gerð sú breyting, að rýmkaðar voru láns- og veðsetningarheimildir. Er þeim ákvæðum haldið hér, með þeim viðauka þó, að að heimilar séu einnig lántökur og veðsetning í veðdeild Búnaðarbanka Íslands og raforkusjóði. Þessi rýmkun lánaákvæðanna er nauðsynleg, til þess að þessar jarðir verði ekki verr settar en einstaklingseignarjarðir, að því er tekur til uppbyggingar og arðgæfra endurbóta, sem slík lán eru veitt til. Lánafjárhæðir og að hvaða marki megi veðbinda fyrir þessum lánum er ætlazt til að fylgi lánareglum þessara sjóða á hverjum tíma.

Síðari málsgrein greinarinnar er færð til samræmis við þær kröfur, sem gilda á hverjum tíma í lánareglum viðkomandi sjóða.

Um 13. grein.

Greinin er óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 14. grein.

Breyting er gerð við 7. málsgrein 14. greinar. Í henni felst það eitt, að ágreiningur falli undir úrskurð yfirúttektardóms, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi því til ábúðarlaga, sem nefndin hefur þegar afhent til landbúnaðarráðherra. Þar er gert ráð fyrir, að kvaddir séu til sérfróðir meðdómendur, ef ástæða þykir til, og þykir því ekki nauðsyn, að í þessum lögum sé ákvæði um sérstaka skipun í dóminn, að því er tekur til þess ágreinings, er hér um ræðir.

Um 15. og 16. grein.

Báðar þessar greinar eru óbreyttar frá því, sem þær eru í núgildandi lögum.

Um 17. og 18. grein.

Þessar greinar eru ekki breyttar frá því, sem þær eru í gildandi lögum.

Um 19. grein.

Breyting sú, sem gerð er á b-lið þessarar greinar, er sú, að óðalsréttarhafi gefi út yfirlýsingu um, að kjörbörn fái óðalsrétt. Með því ætti að vera tryggt, að eigi rísi ágreiningur um, að ættleiðingunni fylgi einnig þessi réttur.

Um 20. grein.

Efnisbreytingar eru ekki gerðar á grein þessari. Fyrri málsgreinin er óbreytt úr lögunum, og síðari málsgreinin er sú breyting eða viðauki, sem við hana var gerður með lögum nr. 4 14. marz 1955.

Um 21.—24. grein.

Engar breytingartillögur eru gerðar við þessar greinar, sem því halda sér óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 25. grein.

Greinin helzt óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 26. grein.

Greinin er tekin upp í heild með þeim áorðnu breytingum, sem við hana voru gerðar með lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Um 27. grein.

Greinin er hér tekin upp í heild ásamt með þeim áorðnu breytingum, sem við hana eru gerðar með lögum nr. 4 frá 14. marz 1955 og lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Um 28. grein.

Greinin haldist óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 29. grein.

Tveir fyrstu málsliðir greinarinnar eru teknir upp óbreyttir, eins og þeir eru í lögum nr. 4 frá 14. marz 1955. Hinn hluti greinarinnar er óbreyttur. Gildandi ákvæði þessarar greinar eru hér tekin upp í heild úr lögum nr. 116/1943 og lögum nr. 14/1955.

Um 30.—32. grein.

Þessum greinum hefur ekki verið breytt í frumvarpinu frá því, sem þær eru í gildandi lögum.

Um 33. grein.

Þessari grein er breytt, sérstaklega með tilliti til þess, að skráningu ættarjarða verði komið í betra horf, því að eins og skýrt er frá í nefndarálitinu, þá eru 9 sýslur, sem enga tilkynningu hafa sent Búnaðarfélagi Íslands um, hverjar jarðir séu ættarjarðir í viðkomandi sýslum.

Það ætti að vera yfirleitt auðveldast fyrir hreppstjóra að afla þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, til þess að skráning verði gerð. Er því tekið upp það ákvæði, að þeir skuli annast skráningu og gera lýsingu af viðkomandi jörðum og fá staðfestingu jarðareiganda á bæði skráningu jarðarinnar og lýsingu hennar, þegar hún er skrásett. Gert er ráð fyrir, að þetta sé fært í virðingar- og úttektarbækur viðkomandi hrepps. Er gert ráð fyrir, að jarðarlýsing sé gerð á eyðublöðum í formi, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera, enda sé um það haft samráð við landbúnaðarráðuneytið.

Þá er það gert að skyldu, að þess sé getið í afsals- og veðmálabókum, ef jörð er ættarjörð, því að nauðsynlegt er, að fram komi á veðbókarvottorðum, ef jörð er ættarjörð.

Um 34. grein.

Í breytingu þeirri, sem gerð er við þessa grein, felst sú undantekning, að heimild er veitt að byggja jarðir, sem eru í almannaeign, í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því. Þetta er gert með tilliti til að fyrirbyggja, að synja þurfi hæfum aðila, er vill taka jörðina í ábúð, af þeim ástæðum einum, að hann óskar ekki, að ábúðarréttindi hans falli undir ábúðarlög.

Um 35. grein.

Frá því hin fyrstu erfðaábúðarlög voru sett, hefur verið haldið því ákvæði, að landskuld skuli vera á erfðaábúðarjörðum 3% af fasteignamati lands og jarðarhúsa að viðbættu álagi, sem kann að fylgja jörð, og leigur af kúgildum, reiknað með sömu prósenttölu af verðlagsskrárverði.

Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að afgjaldið er fastbundin fjárhæð, eins og hún reiknast samkvæmt þessu, þegar ábúðarsamningur er gerður. Sú breyting, sem hér er gerð, felst í því, að landskuld og leigur skulu ákveðast í fríðu og miðast við það magn búfjárafurða eða tölu búfjár, er að verðgildi nemur 3% af fasteignamati jarðar og húsa svo og álagi, enn fremur sama prósenttala af verðlagsskrárverði kúgilda.

Afgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði hvers fardagaárs eða gangverði í viðkomandi sýslu. Áhrif verðlagsbreytingar verka því á þann hátt, að landsdrottinn fær eðlilega hlutdeild, ef verðlag hækkar á afurðum þeim, er jörðin gefur af sér, og ábúandinn fær tryggingu gegn því að þurfa að svara óeðlilega hárri peningagreiðslu í landskuld, ef framleiðsla sú, er jörðin gefur, verðfellur.

Eðlilegt þykir, að af beinum framlögum landsdrottins til umbóta á jörðinni sé svarað sömu vöxtum, er greiddir verða af þeim lánum, sem veitt eru til viðkomandi framkvæmda.

Um 36. grein.

Breytingin felst í því, að áskilið er, að leiguliðabót greiðist einnig af framlögum þess opinbera, sem beint eru lögð fram af því til annarrar mannvirkjagerðar á jörðinni en húsabótanna.

Um 37. grein.

Þar sem það er ekki í öllum tilfellum sýslumaður, sem sér um byggingu viðkomandi jarða, þá er upphafi greinarinnar breytt og ákvæðið nær til allra erfðaábúðarjarða, er ráðstafa þarf til bráðabirgða, og þykir ekki eðlilegt í því sambandi að binda, hvert afgjald skuli vera, því að ávinningur getur verið, að jörð sé setin og nytjuð, meðan hún ekki kemst í varanlega erfðaábúð aftur.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 38. grein.

Á þessari grein er sú ein breyting gerð, sem leiðir af þeirri breytingu, sem gerð er á 35. grein.

Um 39. grein.

Þar sem um þessi atriði eru ýtarleg ákvæði sett í frumvarpi til nýrra ábúðarlaga, þykir sjálfsagt, að um mat og breytingar á afgjaldi undir þeim kringumstæðum, er greinin gerir ráð fyrir, fari eftir 35. grein ábúðarlaga.

Um 40. grein.

Það þykir ekki ástæða til annars en að úttekt fari fram samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga, þar sem í frumvarpi til nýrra ábúðarlaga hafa verið tekin upp fyllri ákvæði en verið hafa um úttektir á jörðum.

Um 41. og 42. grein.

Þessar greinar haldast óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 43. grein.

Breytingar þær, sem gerðar eru á þessari grein, eru afleiðing þess, að lögin nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, kveða á um, hvernig stofnun lögbýlisjarða og skipting jarða fer fram. Þykir því ekki ástæða til sérákvæða um það, með hverjum hætti skipting skal gerð, og eðlilegt, að nýbýlastjórn samþykki skiptinguna eins og aðrar skiptingar lögbýlisjarða, enda sé leigumáli ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. greinar þessara laga.

Um 44. grein.

Hið sama gildir um 44. grein og 43. grein. Henni er breytt með tilliti til nýrra ákvæða laganna nr. 48/1957, þar sem vænta má, að öll uppbygging býla á grundvelli ákvæða þessarar greinar komi til að falla undir fjárhagsaðstoðarákvæði landnámslaganna og er því háð því, að Landnám ríkisins geri eða samþykki skipulagstillögur um stofnun býlanna. Er því gert ráð fyrir, að frumathugun sé gerð af nýbýlanefndum, en formenn þeirra eru héraðsráðunautar, hver í sínu umdæmi.

Um 45. grein.

Upphaf greinarinnar, þ. e. a. s. fyrsta málsgrein hennar, er óbreytt frá því, sem hún er í lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Sett eru skilyrði fyrir veðleyfisveitingu, að teikningar séu samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins og staðfestar af úttektarmönnum, að þær séu við hæfi, en sé um aðrar framkvæmdir að ræða, skal leyfisbeiðni fylgja umsögn héraðsráðunautar um nauðsyn framkvæmdarinnar.

Þá þykir ástæða til, að hreppsnefnd tryggi, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, gangi til þeirra umbóta, sem veðleyfi er veitt til að framkvæma.

Um 46. grein.

Sú ein breyting er í greininni gerð, að 2. liður er færður til samræmis við breytt ákvæði 19. greinar.

Um 47. grein.

Þar sem XI. kafli í núgildandi lögum er því nær samhljóða lögum nr. 4 26. febr. 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, þá er meginmál þeirra laga með nokkrum breytingum tekið inn í þetta frumvarp og fyrirsögn kaflans breytt í samræmi við það. Mundu þau lög því falla úr gildi að því gerðu.

47. grein er tekin óbreytt upp úr lögum nr. 4 26. febr. 1946.

Um 48. grein.

Meginmál greinarinnar er samhljóða 2. grein laga nr. 4 26. febr. 1946, að jarðirnar skuli selja fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi, en þeim ákvæðum við bætt, að hafi landsdrottinn lagt fram fé til umbóta, bætist fjárhæð þess við kaupverðið, en frá skal dreginn eignarhluti ábúanda, er kann að felast í fasteignamatsverði. Séu sérstaklega arðgæf hlunnindi, sem gefið hafa leigutekjur, sem um munar, getur landsdrottinn látið meta, að hve miklu leyti jarðarverð á að hækka þeirra vegna.

Gagnkvæm ákvæði eru sett, vilji ríkissjóður síðar neyta forkaupsréttar.

Um 49. og 50. grein.

Greinarnar eru óbreyttar, eins og þær eru í gildandi erfðaábúðarlögum.

Um 51. grein.

Það eru tekin af tvímæli um það í 2. málsgrein greinarinnar, að ákvæði ábúðarlaga gilda um öll þau atriði, sem ekki er sagt fyrir á annan veg í frumvarpi þessu.

Um 52. og 53. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nefndarálit.

Endurskoðun sú, sem hér liggur fyrir, á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðul og erfðaábúð, er framkvæmd af ábúðarlaganefnd samkvæmt því, sem fyrir var mælt í þingsályktunartillögu sameinaðs Alþingis frá 4. maí 1959 og fyrir nefndina var lagt með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 21. maí 1959.

Lög um ættaróðul og erfðaábúð tóku gildi í árslok 1943, og er því sú reynsla, sem fengin er af framkvæmd þeirra, eigi svo mikil, að fyllilega verði um það dæmt, hver áhrif þau kunni að hafa í ábúðar- og jarðeignamálum hér á landi.

Breytingar eru gerðar á lögunum af Alþingi, fyrst með lögum nr. 16 22. febr. 1950 og aftur með lögum nr. 4 14. marz 1955, og einnig er með lögum nr. 4 26. febr. 1946 breytt ákvæðum XI. kafla laganna um sölu jarða í erfðaábúð, þar sem þau lög eru um sölu þjóð- og kirkjujarða, sem taka einnig til þeirra jarða í eign hins opinbera, er leigðar hafa verið á erfðaábúð.

Við athugun þeirra laga og með hliðsjón af hinum beinu tengslum þeirra við erfðaábúðarlögin varð því að ráði að fella þau inn í erfðaábúðarlögin, og er svo gert í meðfylgjandi frumvarpi.

Tillögur þær til breytinga, sem hér eru gerðar við lögin, hafa ekki í för með sér breytingu á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem þessi löggjöf var reist á í byrjun.

Eftir aldamótin eða frá 1906 er tekin upp sú stefna að styðja að aukinni sjálfsábúð í landinu. Með eflingu sjálfsábúðarinnar kom í ljós, að umbætur urðu meiri

á þessum jörðum heldur en á þeim, er voru í leiguábúð. Hins vegar skapaðist nýtt vandamál í sambandi við ábúðarskipti milli ættliða, erfiðleikar fyrir afkomanda að taka við sjálfsábúðinni og leysa út meðarfa sína. Þessu fylgdi aftur, að jarðirnar eru seldar hæstbjóðanda utan ættar, og við það fluttist fjármagnið oftast burt úr viðkomandi sveit, sem í jörðina hafði verið lagt. Sjálfsábúðin ein saman reyndist ekki þess megnug að tryggja það, að jarðirnar héldust í ættum í fleiri ættliði.

Með því að grundvalla óðalsrétt, taka upp sérréttindi ættarjarða og ákveða, að opinberar eignir séu leigðar í erfðaábúð, er tilraun gerð til að treysta ættartengsl kynslóðanna við jarðir þær, er falla undir þessi ábúðarform. Þá er og að því stefnt að fyrirbyggja, að jarðir séu seldar innan ættar við verði, sem liggur yfir búrekstrargildi þeirra á hverjum tíma.

Það sjónarmið liggur til grundvallar óðalsréttarhugtaki laganna, að jörðin verði ekki einkaeign einstaks aðila, heldur sjálfseignarstofnun í ævarandi umráðum þeirrar ættar, er óðalsréttinn hefur að lögum.

Það er ljóst, að eftir aðeins hálfan annan áratug er ekki að fullu komið í ljós, hver árangur verður af framkvæmd laganna. Enn þá eru það ekki margar sjálfseignarjarðir, sem gerðar hafa verið að óðalsjörðum. Þegar jarðir hafa verið seldar úr opinberri eign til ábúenda eftir þjóðjarðasölulögunum frá 1946, er skylda að gera þær að óðalsjörðum. Með þeim hætti hafa því óðalsjarðir grundvallazt á þessu tímabili. Skrásetning þessara ættaróðala á að fara fram, þegar salan er þinglesin. Nokkuð mun á það bresta, að Búnaðarfélagi Íslands hafi verið tilkynnt, er jarðir verða að óðulum með þessum hætti. Í fjórum sýslum er ekkert ættaróðal skráð, og í níu sýslum er engin jörð skráð sem ættarjörð. Samkvæmt skráningu Búnaðarfélags Íslands hefur félagið fengið tilkynningu um 79 ættaróðul og 234 ættarjarðir. Munu ættarjarðir vera vantaldar, því að í öllum sýslum eru einhverjar jarðir, sem haldizt hafa í ætt 75 ár eða lengur.

Jarðeignir hins opinbera hafa verið settar í erfðaábúð á undanförnum árum í samræmi við ákvæði laganna.

Ábúðarumráðum er þannig farið á jarðeignum ríkisins árið 1959:

Jarðir leigðar í erfðaábúð	220
Jarðir leigðar í lífstíðarábúð	420
Jarðir leigðar í lausri leigu	78
Jarðir í eyði	173
Jarðir í óvissri leigu	26
Samtals:	917

Við endurskoðun laganna hafa fyrst og fremst verið teknir til athugunar ágallar, er fram hafa komið við framkvæmd laganna. Í öðru lagi er samræmi komið á, að því er viðkemur ákvæðum nýrra laga, svo sem lög nr. 48/1957 og lög nr. 4/1946, og felldar inn þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum sjálfum 1950 og 1955.

Þar sem breytingar þær, sem hér eru lagðar til, eru meira samræming heldur en grundvallarbreytingar, þótti ekki ástæða til að endursemja lögin í heild, og er því frumvarpið byggt upp sem frumvarp til breytinga á hinum eldri lögum, en gert ráð fyrir því með bráðabirgðaákvæðum, að þær skuli felldar inn í lögin frá 1943 og þau gefin út í heild, eins og þau verða, eftir að breytingar hafa verið samþykktar, og með tilliti til, að inn í þau eru felld þjóðjarðasölulögin frá 1946, þá verði fyrirsögn þeirra: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Reykjavík, 29. febrúar 1960.

Jón Sigurðsson. Pálmi Einarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 233. Frumvarp til laga [106. mál]

um ferskfiskeftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.

Eftirlit þetta tekur enn fremur til búnaðar og þrifa fiskiskipa, að því er varðar geymslu fisks í veiðiför, svo og útbúnaðar og þrifa fiskmóttökuhúsa í landi.

Á því sviði, sem að framan er lýst, fer Ferskfiskeftirlitið með þau störf, er fiskmatsstjóra eru falin í lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat o. fl.

2. gr.

Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir.

3. gr.

Yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins skal vera í höndum nefndar, er nefnist Fiskmatsráð.

Í ráðinu eiga sæti 6 menn, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
2. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega.
3. Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sameiginlega.
4. Framkvæmdastjórnar Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, og Útvegsbanka Íslands, sameiginlega.

Fimmti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjötti forstöðumaður Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Takist ekki aðilum þeim, sem samkvæmt tölulið 2—4 hér að framan ber að tilnefna fulltrúa sameiginlega, að koma sér saman um val fulltrúa, þá skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, varamenn fiskmatsstjóra og forstöðumanns Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands án tilnefningar.

4. gr.

Verkefni Fiskmatsráðs, auk þess, sem um getur í 3. gr. laga þessara eru:

1. *að* endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat.
2. *að* úrskurða um ágreining, er rísa kann vegna framkvæmdar fiskmats, meðan fyrrnefnd lagaendurskoðun stendur yfir.
3. *að* vinna að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
4. *að* skipuleggja í samvinnu við Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og láta framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávarafla.

5. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um allt, er varðar framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga þessara skal stofnaður sjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn Fiskmatsráðs. Tekjur sjóðsins skulu vera útflutningsgjald af sjávarafurðum, er nemi 1‰ af fob-andvirði þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið í sjávarútvegsmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna nefndar, sem ráðuneytið skipaði 15. september 1958 til að athuga gaumgæfilega, hvort rétt sé að taka upp mat á nýjum fiski o. fl. í því sambandi.

Tillögur nefndarinnar og greinargerð með þeim eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Það er alkunna meðal allra þeirra, sem fást við verkun fisks og verzlun með fiskafurðir, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hefur í mörgum greinum hrakað undanfarin ár. Það kemur greinilega fram af nefndarálitinu, sem fyrr er getið, að nefndin telur ástæðnanna til þessarar þróunar einkum vera að leita í hrakandi gæðum hráefnisins, sem til vinnslunnar fer, en ekki í göllum á vinnslunni sjálfri.

Afleiðingar þessarar þróunar má greina í erfiðleikum á að nýta hagstæða markaði, sem heimta góða vöru gegn háu verði.

Hér eiga hlut að máli allar greinar fiskiðnaðarins, en saltfisk- og skreiðarframleiðslan hafa þó orðið einna harðast úti, enda er alsiða, að það bezta úr aflanum sé fryst, en það sem af gengur saltað eða hengt upp.

Þessi þróun er iskyggileg á sama tíma og aðrar þjóðir, keppinautar um markaði, gera stórfelldar ráðstafanir til að bæta söluvörur sínar með góðum árangri.

Hér er því brýn nauðsyn að spyrna við fótum, ef ekki á verr að fara um gróna markaði fyrir íslenzkan fisk.

Áður en sú þróun hófst, sem hér að framan er lýst, var fiskur, sem unninn var hér á landi, nær eingöngu bátafiskur og að mun stærri hluta en nú, fiskur veiddur á línu.

Netjafiskurinn var veiddur í bómullar- eða hampnet og aflamagnið, sem hver bátur bar að landi, sæmilega viðráðanlegt.

Þegar nælon netin komu til sögunnar, reyndust þau svo miklu veiðnari en bómullar- og hampnetin, að netjaveiðar jukust almennt á kostnað línuveiðanna. Jafnframt tóku netjabátar að hafa miklu fleiri net í sjó en áður gerðist. Þannig mun það ekki sjaldgæft, að bátar leggi um það bil helmingi fleiri net í sjó en þeir komast yfir að draga á einum degi, og komi síðan naumast með yngri fisk en tveggja nátta að landi.

Orsök þessarar þróunar má fyrst og fremst rekja til þess, að eftirspurn eftir vinnslufiski hefur verið meiri en framboðið og alltof lítill verðmunur gerður á fiski eftir gæðum. Þannig er verðmunur á tveggja nátta netjafiski og bezta línufiski tíðast enginn. Þróunin í veiðunum hefur því gengið í þá átt að koma með sem mest aflamagn að landi, en minna skeytt um aflagæðin.

Um öll þessi vandamál fjallaði nefndin, sem fyrr er getið. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að gæðaflokkun á fiski samhliða raunhæfum verðmismun gæðaflokka væri það mark, sem stefna beri að.

Gæðaflokkun án raunhæfs verðmunar telur nefndin tilgangslitla, enda myndi slík flokkun lítil áhrif hafa til hins betra á gæði aflans.

Hitt gerði nefndin sér ljóst, að á gæðaflokkun eru ýmis vandkvæði í framkvæmd, einkum hvað snertir bátafiskinn, ekki sízt vegna hins gífurlega fiskmagns, sem oft berst á land í verstöðvunum á skömmum tíma.

Eftirlit með meðferð aflans telur nefndin hins vegar þegar framkvæmanlegt, enda meðferðinni oft á tíðum í ýmsu ábótavant, en slíkt eftirlit er á valdi hins opinbera samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um þetta efni.

Í samræmi við þetta, er meginefni frumvarpsins, að komið verði á eftirliti með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, en jafnframt, að gæðaflokkun á ferskum fiski verði upp tekin þegar, er skilyrði leyfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meðan Ferskfiskeftirlitið er mótað í framkvæmd, virðist hagkvæmast, að það starfi eftir þeim heimildum, sem fiskmatsstjóra eru fengnar í gildandi lögum um fiskmat.

Þá er gert ráð fyrir, að lög þessi sem önnur lög um fiskmat verði endurskoðuð innan tveggja ára með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá verður fengin.

Um 2. gr.

Greinin hefur þegar verið skýrð hér að framan.

Um 3. gr.

Skipan Fiskmatsráðs er við það miðuð, að þar eigi sæti fulltrúar hinna ýmsu aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu máli.

Þessi aðferð er viðhöfð til að koma á samstöðu um þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem ráðið mun beita sér fyrir.

Um 1. tl. 4. gr.

Að undanförnu hafa verið uppi meðal manna, sem stunda fiskvinnslu og verzlun með fiskafurðir, mjög háværar raddir um, að gagnger endurskoðun þurfi fram að fara á gildandi lögum og reglugerðum um fiskmat.

Fiskmatsráð verður, eins og skipan þess er áformuð, að teljast mjög vel til þess fallið að annast a. m. k. hina tæknilegu hlið slíkrar endurskoðunar.

Aðrar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Um frekari greinargerð fyrir efni frumvarpsins vísast til fylgiskjals, sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

Tillögur og greinargerð Ferskfisknefndar um eftirlit með nýjum fiski.

Ferskfisknefnd var skipuð með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 15. sept. 1958. Verkefni nefndarinnar skyldi vera „að athuga gaumgæfilega, hvort rétt sé að taka upp mat á nýjum fiski, hvernig því yrði fyrir komið, kostnað við framkvæmd þess og hvaða aðilar eigi að bera kostnaðinn."

Er nefndin hóf fundahöld seint í september, kom brátt í ljós, að nefndarmenn töldu óvarlegt að stofna til mats og verðflokkunar á nýjum fiski, án rækilegs undirbúnings. Þar sem fyrirsjáanlegt var, að þótt nefndin lyki störfum í skyndi, yrði undirbúningstími fyrir vertíðarbyrjun mjög skammur, lagði nefndin til í bráðabirgðaálitsgerð, dags. 18. nóv., að hún skilaði ekki endanlegu áliti til ráðuneytisins fyrr en í vertíðarlok. Auk þess lagði nefndin til, að yfir vertíðina yrði starfrækt eftirlit

í tilraunaskyni með gæðum og meðferð vinnslufisks og útbúnaði og þrifum báta undir yfirstjórn nefndarinnar, og yrði það eftirlit kostað af framleiðendum. Féllst ráðuneytið á þetta sjónarmið.

Með starfrækslu tilraunaeftirlitsins hugðist nefndin vinna tvennt: Í fyrsta lagi vænti hún þess, að eftirlitið mundi með áróðri og leiðbeiningum hafa nokkur áhrif til hins betra á meðferð og gæði aflans. Í öðru lagi gerði nefndin ráð fyrir, að með tilraunaeftirlitinu mundu fást margháttaðar upplýsingar, er að gagni mundu koma, er nefndin í vertíðarlok svaraði þeim spurningum, er ráðuneytið lagði fyrir hana.

Í stuttu máli telur nefndin, að nokkur árangur hafi orðið af tilraunaeftirlitinu, einkum að því leyti, að blóðgun aflans batnaði til muna og goggstungum fækkaði frá því sem áður hefur verið. Þrif á lestum báta voru og mun betri en áður. Hefur Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri SÍF, tjáð formanni nefndarinnar, að þessi árangur hafi komið greinilega fram í betri niðurstöðum af mati á saltfiski frá vertíðinni en veðurfar og aðrar aðstæður gáfu tilefni til. Eftirlitið orkaði hins vegar ekki að hafa nein áhrif á netjafjöldann, sem bátar lögðu í sjó.

Nefndinni er því ljóst, af fenginni reynslu, að eftirlit, sem byggist á áróðri og leiðbeiningum og framkvæmt er af algerlega valdalausum eftirlitsmönnum, hlýtur að hafa takmörkuð áhrif. Þótt slíkt eftirlit nái í byrjun nokkrum árangri, kemur fyrr eða síðar að því, að það hættir að vinna á, þótt enn sé mörgu ábótavant.

Nefndin hefur haldið 20 fundi á starfstímabilinu, safnað margvíslegum gögnum og leitað álits fjölda aðila og stofnana um verkefni hennar almennt og einstaka þætti þess.

Nefndarmenn eru sammála um, að gæði fiskaflans, sem landað er til vinnslu, hafi verið í afturför á undanförnum árum og að aðalorsök þessarar þróunar sé óhófleg netjanotkun hjá miklum hluta bátaflotans. Nefndarmenn eru líka sammála um, að flokkun aflans eftir gæðum og raunhæfur munur á því verði, sem borgað er fyrir gæðaflokkana, sé öruggasta leiðin til þess að snúa þessari þróun við. Meðan hins vegar sá háttur er hafður á, að sama verð er borgað fyrir línufisk og einnar og tveggja nátta netjafisk, telur nefndin, að ekki sé um raunhæfan verðmismun að ræða, og flokkun fiskaflans undir þeim skilyrðum sé tilgangslaus og jafnvel óframkvæmanleg. Nefndinni er líka ljóst, að flokkun aflans í gæðaflokka er lítt framkvæmanleg, nema með góðri samvinnu við áhafnir skipanna. Hæpið er, að skipshafnir hefðu áhuga fyrir flokkuninni, nema verðmunur milli flokka væri svo mikill, að þær sæu sér hag í því að koma sem mestum hluta aflans í fyrsta flokk.

Nefndin telur því að stefna beri að mati á nýjum fiski, en álítur jafnframt, að raunhæfur verðmunur á gæðaflokkum fiskaflans verði að koma samtímis því að mat er fyrirskipað. Nefndin telur einnig, að þótt mat á aflanum komi ekki strax til framkvæmda, verði hægt að ná verulegum árangri í auknum fiskgæðum með því að lagfæra ýmsa þá ágalla, sem nú eru á meðferð aflans frá því hann kemur í skip og þar til hann fer í vinnslu.

Nefndin leggur því til, að eftirlitið, sem rekið var á s. l. vetri, verði endurvakið í aukinni og endurbættri mynd og framkvæmd þess verði falin sjálfstæðri stofnun, er hafi hliðstæð völd og Fiskmat ríkisins. Eftirlitið framkvæmi mat á nýjum fiski, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Í lögum og reglugerðum um framkvæmd fiskmats og skipaeftirlits eru ítarleg ákvæði um útbúnað fiskiskipa og fiskgeymslna í landi, svo og um alla meðferð aflans. Eru öll þessi ákvæði við það miðuð, að fiskur spillist ekki í veiðiferð, og hann sé ekki skemmdur með rangri meðferð. Í þessum ákvæðum er að finna flest þau fyrirmæli, sem Ferskfiskeftirlitinu eru nauðsynleg til þess að vinna eftir. Verður því í fyrstu atrennu óþarft að semja reglugerð um framkvæmd eftirlitsins með ferskum fiski, nægjanlegt er, að Alþingi eða ríkisstjórn feli Ferskfiskeftirlitinu framkvæmd ofangreindra reglugerðaratriða. Nefndinni er ljóst, að öll þessi reglugerðarákvæði þarf að endurskoða. Sum þeirra má trúlega fella niður, en án efa þarf líka að bæta

öðrum nýjum við, eftir því sem nauðsyn þeirra kemur í ljós. En nefndin leggur áherzlu á, að þessari endurskoðun verði ekki hraðað úr hófi fram og ítarleg athugun og rannsókn á öllum nýmælum fari fram áður en þau hljóta staðfestingu.

Hér fara á eftir tillögur nefndarinnar um helztu atriði varðandi verksvið Ferskfiskeftirlitsins, yfirstjórn þess og kostnað af rekstri þess.

Tillögur um ferskfiskeftirlit.

1. Komið verði á eftirliti með meðferð nýs og ísaðs fisks, sem ætlaður er til vinnslu, svo og gæðum hans. Framkvæmd eftirlitsins verði falin sjálfstæðri stofnun, er verði óháð núverandi Fiskmati ríkisins, þ. e. útflutningsmatinu.
2. Verkefni eftirlitsins verði í aðalatriðum:
   a) Að líta eftir, að haldin séu ákvæði í gildandi lögum og reglugerðum um aðgerð fisks og geymslu, útbúnað fiskiskipa og fiskgeymslna í landi o. fl.
   b) Að líta eftir, að fylgt verði nýjum reglugerðarákvæðum, er síðar kunna að verða sett og miða að bættri meðferð aflans.
   c) Að flokka nýjan fisk eftir gæðum, þegar skilyrði eru til að framkvæma slíka flokkun.
3. Yfirstjórn eftirlitsins verði í höndum ráðs, er hér verður nefnt Fiskmatsráð. Leggur nefndin til, að ráðið verði skipað 8 mönnum, eins og hér segir: 1 fulltrúi frá sölusamtökum fiskframleiðenda, 2 frá útvegsmönnum, 1 frá Landsbankanum, 1 frá Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, 1 frá samtökum sjómanna, 7. fulltrúinn verði fismatsstjóri, en sjávarútvegsmálaráðuneytið skipi þann 8., og verði hann formaður ráðsins.

   Verkefni ráðsins verði í höfuðdráttum sem hér segir:
   a) Það ráði yfirmann Ferskfiskeftirlitsins, að fengnu samþykki viðkomandi ráðuneytis.
   b) Það sjái um fjárreiður Ferskfiskeftirlitsins og skipuleggi og fylgist með störfum þess meðan það er að þróast.
   c) Það endurskoði öll lög og reglugerðir um fiskmat innan tveggja ára og skeri úr, eftir ákvörðun ráðherra, um grundvallarágreining, er rísa kann vegna framkvæmda fiskmats, meðan endurskoðunin stendur yfir.
   d) Það vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð aflans, enn fremur skipuleggi það og framkvæmi hvers kyns áróður, til þess að auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun.

      Það hlutist og til um, að kennsla í fiskvinnslu verði hafin nú þegar í Sjómannaskólanum og hún verði síðar gerð að skyldunámsgrein.
   e) Það skipuleggi í samvinnu við Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð aflans.
4. Kostnaður af Ferskfiskeftirlitinu greiðist úr sérstökum sjóði, er hafi tekjur af útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Sjóðnum sé ráðstafað af Fiskmatsráði eða öðrum aðila, er Alþingi felur vörzlu hans.
5. Öll mál varðandi ferskfiskeftirlit, þar með talin lög og reglugerðir, er sett kunna að verða vegna starfsemi þess, skulu endurskoðuð að tveggja ára reynslutímabili loknu.

Greinargerð.

1. *Um skipulag Ferskfiskeftirlitsins.*

Í tillögunum hér að framan er gert ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið verði sjálfstæð stofnun, óháð Fiskmati ríkisins. Ýmsir nefndarmenn eru þó á þeirri skoðun, að stefna beri að sameiningu þessara stofnana. Hins vegar hefði þurft að gera veigamiklar breytingar á Fiskmati ríkisins, til þess að samkomulag næðist um, að Ferskfiskeftirlitið yrði nú þegar hluti af því. Ljóst er, að Ferskfiskeftirlitið, komist það á,

verður lítt formað fyrst í stað, og er ósennilegt, að það taki skemmri tíma en eitt til tvö ár þar til það er komið í fastar skorður. Nefndin telur því, að meðan þetta þróunartímabil stendur yfir, geti verið heppilegt, að Ferskfiskeftirlitið sé sjálfstætt. Í tillögunum er gert ráð fyrir, að öll málefni varðandi Ferskfiskeftirlitið verði endurskoðuð að liðnu tveggja ára reynslutímabili. Einnig er í tillögunum gert ráð fyrir, að Fiskmatsráð endurskoði lög og reglugerðir um fiskmat innan tveggja ára. Eðlilegt virðist, að, einn liður í þessari endurskoðun verði rækileg athugun á sameiningu eftirlitsins og fiskmatsins.

Í tillögunum er gert ráð fyrir að yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins verði í höndum átta manna ráðs. Er það von nefndarinnar, að þetta ráð geti orðið eins konar samnefnari þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta við fiskmat og eftirlit, og það geti stuðlað að því, að meiri friður skapist um þessi mál en verið hefur. Eru tillögur nefndarinnar um hverjir skuli eiga aðild að ráðinu miðaðar við þetta sjónarmið. Það er hugmynd nefndarinnar, að ráðið þurfi ekki að koma saman oftar en einu sinni í mánuði, en að það ráði sér framkvæmdastjóra til þess að annast dagleg störf. Heppilegt gæti verið, að þessi framkvæmdastjóri yrði sá starfsmaður Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem vinnur að verkefnum varðandi bætta meðferð og verkun aflans.

Við framkvæmd eftirlitsins á s. l. vetri olli það eftirlitsmönnum erfiðleikum, er þeir voru að vanda um fyrir skipshöfnum bátanna, að meðferð aflans í landi og frágangur á aðgerðarhúsum og fiskmóttökuhúsum var oft á tíðum á engan hátt í samræmi við þær kröfur, er eftirlitsmennirnir gerðu til bátanna og áhafna þeirra, og bentu skipshafnirnar eðlilega á þetta misræmi. Það gildir sama um meðferð aflans í landi og í skipum og bátum, að til eru reglugerðir, er kveða á um lágmarkskröfur, en þeim er ekki framfylgt. Það er því tilætlun nefndarinnar, að útbúnaður og þrif aðgerðarhúsa og fiskgeymslna svo og öll meðferð aflans í landi þar til hann fer í vinnslu, sé háð eftirliti hins væntanlega Ferskfiskeftirlits.

2. *Meðferð aflans og geymsla.*

Þótt afturför sú, sem átt hefur sér stað í gæðum aflans, sem lagður er á land til vinnslu, sé fyrst og fremst að kenna óhóflegri netjanotkun hjá bátaflotanum, er meðferð hans eftir að hann kemur í skip í ýmsu ábótavant. Það er því miður alltof algengt, að fiski sé spillt með goggstungum í bol og ófullnægjandi blóðgun. Eins er útbúnaður og þrif á lestum veiðiskipa og fiskmóttaka í landi hvergi nærri sem skyldi. Óhægt er um vik fyrir vinnslustöðvarnar að kippa þessu í lag, meðan eftirspurn eftir vinnuafli og hráefni er meiri en framboðið. Óttinn við það, að verkamaður hafi vistaskipti, sé hann ávíttur, eða bátur leggi upp afla annars staðar, ef fiskgæðum er mótmælt, er þungur á vogarskálunum.

Nefndin telur, að skeytingarleysi um meðferð aflans sé oft á tíðum því að kenna, að menn átti sig ekki á, hve mikli verðmæti eru í húfi, enda þurfi að stórauka fræðslu um fiskvinnslu og vöruvöndun almennt og þó einkum í skólum landsins. Hún hefur því lagt til, að nú þegar verði hafin kennsla í fiskvinnslu í Sjómannaskólanum, og sú kennsla verði síðar gerð að skyldunámsgrein. Jafnframt telur nefndin, að stefna beri að kennslu í þessum greinum miklu víðar, t. d. verknámsbekkjum gagnfræðaskólanna.

Við umræður um meðferð aflans og geymslu hafa komið fram raddir um það innan nefndarinnar, að fyrirskipa bæri ísun alls afla strax og hann kemur í skip, jafnt hvort um er að ræða afla dagróðrabáta eða skipa, sem hafa lengri útivist. Nefndarmenn voru allir sammála um það, að brýna nauðsyn beri til að auka ísnotkun, bæði í veiðiskipum og í fiskgeymslum í landi. Hins vegar er ísframleiðsla svo ófullnægjandi enn sem komið er, að fara verður varlega í að gefa út fyrirskipanir, sem óframkvæmanlegar eru.

Í norskum reglum um ferskfiskmat er kveðið svo á, að fiskur, sem selja á nýjan

eða frosinn, skuli helzt slægður innan 1 klst. frá því hann kemur í skip. Í heitara veðri en + 5°C má fiskur ekki liggja óslægður lengur en 4 klst. Einnig er tekið fram, að sé fiskur geymdur lengur en 6 klst. um borð í bát og hitastigið sé hærra en + 8°C, skuli setja hreinan ís undir og yfir fiskinn.

Gildar ástæður eru fyrir því, að við þurfum að gera meiri og strangari kröfur um ísun en Norðmenn. Hér á landi er afli dagróðrabáta ekki slægður um borð á vetrarvertíð og lítt hugsanlegt, að breyting verði á í því efni í náinni framtíð. Átufullur netjafiskur, sem kominn er að goti, er eitt vandmeðfarnasta hráefni, sem hér þekkist, og þó eru til dæmi þess, að slíkum fiski hafi verið landað til vinnslu 36 klst. gömlum í skipi, óaðgerðum og óísuðum. Í fiskmóttökum í landi hefur hiti í kösum af óaðgerðum fiski iðulega verið mældur + 10—12°C. Nefndin hefur látið gera allmargar ísunartilraunir með slægðan og óslægðan fisk á sínum vegum. Staðfestu þær það, sem áður var vitað, að bæta má til muna fiskgæði hjá dagróðrabátum á netjavertíð, ef aflinn er ísaður strax um borð, þótt ekki sé hann slægður. Það er rannsóknarefni, sem taka þarf til athugunar hið allra fyrsta, hve langt er rétt að ganga í því að ísa afla dagróðrabáta. Nefndin vill í þessu sambandi benda á, að rækileg ísun aflans er öruggasta leiðin til þess að koma í veg fyrir hinar hvimleiðu slagvatnsskemmdir.

3. *Rannsóknir og tilraunir.*

Nefndin telur, að nauðsynlegt verði að stofna til víðtækra rannsókna og tilrauna samfara því eftirliti, sem hér um ræðir. Til fróðleiks má geta þess, að í Kanada starfar einn maður að rannsóknum og tilraunum í sambandi við eftirlit og mat á fiski á móti hverjum 2½ matsmönnum í verstöðvunum. Verkefni þessara manna er fyrst og fremst að fylgjast með öllu hreinlæti með gerlatalningu á þvottavatni og frystum afurðum. Fá þau frystihús, sem uppfylla ströngustu kröfur eftirlitsins, sérstakan stimpil á framleiðslu sína, en þau, sem aðeins uppfylla lágmarkskröfur, fá hann ekki. Hefur vöruvöndun í frystihúsum í Kanada aukizt til mikilla muna við þessar aðgerðir. Búast má við, þegar keppinautar okkar taka upp starfshætti sem þessa og auglýsa þá, að þess sé skammt að bíða, að markaðslönd okkar geri kröfur um mesta leyfilegan gerlafjölda í frystum afurðum. Rannsóknir í sambandi við hreinlæti í frystihúsum hér á landi þarf því að auka til muna frá því sem nú er.

Á s. l. vetrið hóf Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands athuganir á afurðamagni og afurðagæðum, sem fá má úr hráefni af mismunandi gæðaflokkum. Þótt útvegsmönnum sé vel ljós sá munur, sem er á magni og gæðum afurða úr misgóðu hráefni, eru þær tölur, sem nefndar eru oft á tíðum ágizkanir einar. Er mikil nauðsyn, að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um þessi mál, því að á þeim hljóta að byggjast þær tilraunir, sem gerðar eru til þess að fá fram meiri verðmun á hráefninu eftir gæðum en hingað til.

Hér hafa aðeins verið nefnd tvö dæmi um rannsóknir og tilraunir, sem framkvæma þarf samfara því eftirliti, sem hér er fjallað um. Er það mjög til athugunar, að Fiskmatsráð kosti t. d. 2 fasta starfsmenn á Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands til þess að vinna að athugunum af þessu tagi.

4. *Mat á ferskum fiski.*

Í tillögunum gerir nefndin ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið veiti aðstoð sína við mat eða flokkun á ferskum fiski, þegar skilyrði eru fyrir hendi. Nefndin hefur á mörgum fundum rætt um það, hvernig megi framkvæma flokkun á nýjum fiski í gæðaflokka. Skiptir miklu máli, að þessu verki sé þannig fyrir komið, að ekki þurfi óhóflegan mannafla til þess að framkvæma það. Nefndin telur, að það sé skilyrði fyrir því, að flokkun sé gerleg, að hún hefjist um borð í skipunum, þannig að þar sé fiskinum skipt í a) lifandi blóðgaðan fisk og b) fisk, sem er dauður, þegar blóðgun fer fram. Frekari flokkun fari síðan fram í landi og verði hún í aðalatriðum þannig:

1. flokkur. Góður línufiskur, vel með farinn netjafiskur, lifandi blóðgaður, og annar sambærilegur fiskur.
2. flokkur. Fiskur, blóðgaður dauður, en að öðru leyti sæmileg vara og vel með farinn, og annar sambærilegur fiskur.
3. flokkur. Verksmiðjufiskur.

Nefndin lítur þannig á, að sú skilgreining á fiskgæðum, að netjafiskur sé einnar, tveggja eða þriggja nátta sé mjög villandi, eins og nú er háttað málum, og flokkun geti einvörðungu byggzt á raunhæfu ástandi fisksins.

5. *Takmörkun á netjanotkun.*

Nefndin hefur á mörgum fundum rætt um, hvaða ráð séu tiltæk til þess að takmarka netjafjölda, er bátar hafa í sjó. Telur nefndin, að tilgangslaust sé að setja allsherjarreglur um netjafjölda að svo komnu máli, enda mundi reynast mjög erfitt að framfylgja þeim. Vænlegri leið til árangurs telur nefndin staðbundnar samþykktir sjómanna og útgerðarmanna um takmörkun netjafjölda. Gerir nefndin ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið gæti aðstoðað við að fylgja eftir slíkum samþykktum.

Nefndin telur nauðsynlegt að skapa betri skilyrði fyrir línuútgerð, svo að hún verði samkeppnisfærari við netjaveiðarnar en nú er. Telur hún, að nauðsynlegt sé, að fá aflétt þeim ákvæðum um róðrabann á sunnudögum, sem nú ná til línuveiða, en ekki netjaveiða. Einnig telur nefndin, að til greina komi að greiða niður beitu og friða ákveðin svæði fyrir netjaveiðum, sem línubátar einir hafa aðgang að.

6. *Kostnaður og fjöldi eftirlitsmanna.*

Á þessu stigi málsins er erfitt að segja fyrir með nokkurri nákvæmni, hve mikið Ferskfiskeftirlitið muni kosta í rekstri. Laun eftirlitsmanna verða vitaskuld stærsti kostnaðarliðurinn og er því hendi næst að reyna að gera sér grein fyrir, hve margir þeir þurfa að vera. Við Ferskfiskeftirlitið á s. l. vetri störfuðu 12 menn óskiptir og 5 menn, sem höfðu eftirlitsstörfin í hjáverkum. Eftirlitið var einvörðungu starfrækt yfir vertíðarmánuðina og aðallega í verstöðvum á Suður- og Suðvesturlandi. Heildarkostnaður var kr. 450 000.00. Lauslega áætlað mundi sams konar eftirlit, væri það starfrækt allt árið og yfir allt landið, kosta kr. 2 250 000.00, og er þá gert ráð fyrir 10 ársmönnum og að auki 15 mönnum, sem aðeins yrðu í starfi yfir vetrarvertíðina.

Með hliðsjón af því, að Ferskfiskeftirlitið verður fyrst í stað lítt formað og hlýtur að eiga fyrir sér alllangt þróunartímabil, telur nefndin, að nægjanlegt verði að áætla rekstrarkostnaðinn fyrst í stað kr. 1 500 000.00 á ári, enda verði mannaráðningum stillt í hóf meðan aflað er reynslu um fyrirkomulag og mannaþörf.

Til samanburðar má geta þess, að nefndin hefur látið áætla heildarkostnað landsmanna af fiskmati og eftirliti, öðru en lýsismati og síldarmati, eins og hann er nú, og reyndist hann vera um það bil kr. 5 000 000.00 á ári, og eru þá talin bæði útgjöld þess opinbera og matskostnaður, sem greiddur er af framleiðendum. Í þessa áætlun vantar þó greiðslu einstakra frystihúsa til matsmanna, er starfa hjá þeim. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi starfa þar 16 fastráðnir eftirlitsmenn við ferskfiskeftirlit en þeir ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum. Í Kanada er varið sem samsvarar 1% af framleiðsluverðmæti fiskiðnaðarins í eftirlit og mat á ferskum fiski og fiskafurðum.

Nefndin hefur rætt nokkuð um, hver eigi að bera kostnaðinn af Ferskfiskeftirlitinu. Eru nefndarmenn sammála um, að ekki verði hægt að hafa sama hátt á og gert var á s. l. vertíð, þ. e. að sölusamtökin beri kostnaðinn. Kemur nefndin ekki auga á aðra hentugri leið en þá, að lagt verði sérstakt útflutningsgjald á freðfisk, saltfisk og skreið til greiðslu á þessum kostnaði. Nefndin vill þó leggja til, að fiskur, sem saltaður er um borð í skipunum og landað erlendis, verði undanþeginn þessu gjaldi.

Það er ljóst, að miklu máli skiptir, að hæfir menn veljist til starfa við Ferskfiskeftirlitið. Eins er nauðsynlegt, að starfskraftar þessara manna nýtist sem bezt. Eins og að framan greinir er mannaþörf Ferskfiskeftirlitsins miklu meiri á vetrarvertíð en á öðrum tímum árs. Nefndinni er því ljóst, að æskilegt væri, að til starfa hjá Ferskfiskeftirlitinu ráðist einkum menn, sem gegnt geta saltfisk-, skreiðar- og jafnvel síldarmatsstörfum utan vertíðar. Ef þessi háttur yrði hafður á, mundu mats- og eftirlitsgreinarnar styrkja hverja aðra og hæfari menn veljast til matsstarfa en ella yrði. Er vonandi, að þá mundi taka fyrir þann flótta hæfra manna frá matsstörfum, sem nú er farið að bera á, sökum ótryggrar atvinnu.

Reykjavík, 21. desember 1959.

Þórður Þorbjarnarson, (Sign.)	Jóhann J. E. Kúld, (Sign.) með fyrirvara.	Bergsteinn Á. Bergsteinsson, (Sign.) með fyrirvara.
Margeir Jónsson. (Sign.)	Jón Axel Pétursson. (Sign.)	Ólafur Guðmundsson. (Sign.)

Fyrirvari Bergsteins Á. Bergsteinssonar.

Að því er varðar skipan meðlima væntanlegs „Fiskmatsráðs“ samkv. tillögum þessum óskar fiskmatsstjóri, B. Á. Bergsteinsson, að gera á undirskrift sinni eftirfarandi fyrirvara:

Svo sem hér er lagt til, verður skipað í ráðið á eftirfarandi hátt:

Einn fulltr. frá öllum sölusamtökum fiskframleiðenda sameiginlega.
Tveir — — félagssamtökum útvegsmanna.
Einn — — sjómannasamtökum.
Einn — — Landsbanka Íslands.
Einn — — Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands.
Einn — verði fiskmatsstjóri útflutningsmatsins.
Einn — er ráðherra skipi og verði hann formaður.
Samtals 8 fulltrúar.

1. Væri hér aðeins um að ræða stjórn og rekstur á eftirliti eða mati á ferskum fiski, er gengur kaupum og sölum innanlands og til vinnslu, mætti telja þessa skipan eðlilega, þannig að útvegsmenn og aðrir framleiðendur mynduðu þá meirihluta þessa ráðs, svo sem hér virðist vera, enda ekki óeðlilegt, að mats- og verðflokkun á ferskum fiski til vinnslu innanlands væri framkvæmd og borin uppi samkv. samkomulagi og með tilkostnaði þessara aðila, þ. e. seljenda og kaupenda fisks á innlendum markaði.

Þó mætti vekja athygli á, hvort eðlilegt væri að í slíku ráði ættu sæti 3 fulltrúar fiskseljanda, þ. e. 2 frá útvegsmönnum og 1 frá sjómönnum, en aðeins einn frá sölusamtökum, þ. e. framleiðslufyrirtækjum, er kaupa fiskinn til vinnslu og flytja hann út fullunninn.

2. Hins vegar er gert ráð fyrir því í þessum tillögum, að „Fiskmatsráð“ hafi bein afskipti af útflutningsmatinu, samanber „endurskoðun laga og reglugerða“ svo og „skeri úr um grundvallarágreining, er rísa kann vegna framkvæmda fiskmats“.

Það mun öllum vera ljóst, sem til þessara mála þekkja, að ef um ágreining vegna framkvæmda fiskmats til útflutnings er að ræða, stendur sá ágreiningur milli hins opinbera fiskmats ríkisins annars vegar og útvegsmanna og framleiðenda hins vegar. Svo sem kunnugt er, var stofnað til opinbers fiskmats til útflutnings á Íslandi í þeim tilgangi að óvilhallur og óháður aðili dæmdi þar um gæði alls fisks eða fiskafurða til útflutnings, og þannig hefur og er starfsemi hins opinbera og óháða fiskmats rekin.

3. Samkv. framansögðu get ég ekki fallizt á að starfsemi fiskmats ríkisins við-

komandi mati á fiski til útflutnings, verði sett undir ákvörðunarvald ráðs, sem í eiga sæti a. m. k. helmingur fulltrúa fiskseljenda.

Í þessu sambandi óska ég að taka fram, að ég er síður en svo mótfallinn ráði eða nefnd í þessum málum og tel að slík stofnun geti unnið gott starf og þarft. Hins vegar er það mitt álit, að eigi að halda framvegis þeirri grundvallarreglu, að hið opinbera útflutningsmat eigi áfram að vera óháð og hlutlaus stofnun, væri ekki einungis rétt, heldur bezt fyrir alla aðila, þar með taldir framleiðendur, að ráð eða nefnd, sem áhrif hefði á framkvæmd útflutningsmatsins, væri ekki skipuð að meiri hluta eða að jöfnu frá samtökum fiskseljenda.

Ég álít, að ráð eða nefnd skipuð í þessu augnamiði, sem hér um ræðir, ætti að vera skipað í með eftirfarandi fyrir augum:

a. Opinberir aðilar, sem kunnáttu og áhrifavald hafa um eftirfarandi:
   Fiskverkun, utanríkisverzlun, fjármál lánstofnana atvinnuveganna.
b. Frá framleiðendum:
   Kunnáttumenn um fiskverkun og fisksölumál.

Virðingarfyllst,

B. Á. Bergsteinsson.

Fyrirvari Jóhanns J. E. Kúld.

Við undirskrift á tillögum Ferskfisknefndar til ríkisstjórnar, vil ég undirritaður nefndarmaður taka þetta fram.

1. Í tillögum um ferskfiskeftirlit, 3. lið, þar sem talað er um fulltrúa frá samtökum sjómanna í Fiskmatsráð, þá miða ég við, að sá fulltrúi verði tilnefndur sameiginlega af Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, enda engir aðrir aðilar til, sem geta farið með umboð sjómannastéttarinnar allrar.

2. Í greinargerð nefndarinnar, í síðari málsgrein 5. liðar, þar sem nefndin telur að nauðsynlegt sé að fá aflétt þeim ákvæðum um róðrarbann á sunnudögum, sem ná til línuveiða en ekki netjaveiða, þá vil ég taka fram eftirfarandi.

Ég tel að stefna beri markvisst að því að banna allar veiðar innan íslenzkrar landhelgi á helgum dögum, og að ekki verði leyfilegt að hafa net liggjandi í sjó á þeim dögum. Reynsla Norðmanna af slíkri tilhögun bendir til þess, að hér sé um beint hagsmunamál að ræða, þar sem komið hefur í ljós, að fiskur helzt lengur á veiðisvæðum, þar sem slík tilhögun er viðhöfð, og veiði verður betri og jafnari.

Jóhann J. E. Kúld.

Nd. 234. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 127 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

1. málsl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:

allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga samkvæmt fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

25. gr. hljóðar svo:
Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.

26. gr. hljóðar svo:
Aftan við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.
Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

27. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.
Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. málsl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Nd. 235. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við 16. gr. Greinin orðist svo:
3. mgr. 36. gr. orðist svo:
Dagpeningar eru kr. 68.00 og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri.

Nd. 236. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar eftir gildistöku laga þessara, og skal þá full vísitöluuppbót koma á ellilífeyrinn.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 6. og 7. mgr. 17. gr. komi:
   Barnalífeyrir skal vera ⅔ af fullum ellilífeyri.

Ed. 237. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 127 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:
76. gr. 2. mgr. orðist svo:
Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 11150.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 20350.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 5300.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

24. gr. hljóðar svo:
1. málsl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:
allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga samkvæmt fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

25. gr. hljóðar svo:
Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.

26. gr. hljóðar svo:
Aftan við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.
Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

27. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.
Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. málsl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Nd. 238. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Gunnar Gíslason.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn.

Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem veitt var slátrunarleyfi haustið 1959 og óska að fá það framlengt, Enn fremur öðrum lögskráðum samvinnufélögum bænda, ef fyrir liggja skriflegar áskoranir frá minnst 40 skattframtalsskyldum sauðfjáreigendum á verzlunarsvæði umsækjenda, að félaginu verði veitt slátrunarleyfi.

Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt þeim verzlunum slátrunarleyfi, sem skilyrði hafa til slátrunar. Veiting slátrunarleyfa er bundin því skilyrði, sem gildandi lög og reglugerðir setja um sláturhús, verzlun með kjöt og kjötmat.

Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., er framleiðsluráði ekki heimilt að veita slátrunarleyfi samvinnufélagi, sem stofnað er á viðskiptasvæði, þar sem annað samvinnufélag er fyrir og slátrunarleyfi hefur. Hins vegar heimila lögin, að við hliðina á samvinnufélagi megi veita öðrum aðilum slátrunarleyfi, svo fremi að þeir fullnægi skilyrðum laga og reglugerða, sem þar að lúta.

Það er álit flm. þessa frv., að það sé ekkert óeðlilegra að veita t. d. tveimur samvinnufélögum á sama viðskiptasvæði slátrunarleyfi heldur en slíkt leyfi sé veitt samvinnufélagi og kaupmanni eða samvinnufélagi og hlutafélagi, sem starfa á sama svæði. Flm. telur því réttast, að ákvæðum 10. gr. framleiðsluráðslaganna, sem fjalla um slátrunarleyfi, sé breytt í það horf, sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Nd. 239. Lög [41. mál]

um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 191.

Nd. 240. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og samninginn, sem löggilda á. Einnig hefur nefndin farið yfir skýrslu þeirra manna, sem mættu við samningsgerðina fyrir Íslands hönd, en það voru þeir Hans G. Andersen sendiherra, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri og Jón Jónsson deildarstjóri.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. marz 1960.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Karl Guðjónsson. Pétur Sigurðsson.

Sþ. 241. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	11. gr.	A. 14. (Til fangahjálpar). Fyrir „60 000“ kemur	210 000
2.	—	12. —	IV. A. 3. (Landsspítalinn). Nýr liður: Til blóðsegavarna	100 000
3.	—	13. —	A. II. a. 84. Textinn orðist svo: Siglufjarðarvegir ytri og fremri, eftir nánari ákvörðun samgöngumálaráðherra.	
4.	—	13. —	C. IX. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „2 450 000“ kemur	3 950 000
5.	—	13. —	F. I. (Ferðaskrifstofan). ÷ Tekjur. Fyrir „1 200 000“ kemur	950 000
6.	—	14. —	A. VI. j. (Menntaskólinn á Laugarvatni, húsgagnakaup). Liðurinn fellur niður.	
7.	—	14. —	A. XI. 8. f. (Héraðsskólinn á Laugarvatni). Nýr liður: Til húsgagnakaupa vegna mötuneytis	100 000
8.	—	14. —	A. XII. Nýr liður: Til framkvæmda á Rafnseyri	500 000
9.	—	14. —	A. XVI. Liðurinn orðist svo: Styrkur til náms- eða hælisvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstigum, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annars staðar að	120 000
10.	—	14. —	A. XXVII. Nýr liður: Til viðgerða á gamla stúdentagarðinum	150 000
11.	—	14. —	A. XXX. (Lektorar í íslenzku). Fyrir „75 000“ kemur	100 000
12.	—	14. —	B. I. 6. (Landsbókasafnið). Nýr liður: Vegna flutnings safnsins og kaupa á safnhirzlum	300 000

13. Við 14. gr. B. II. 4. (Þjóðskjalasafnið, flutningur).
Liðurinn fellur niður.
14. — 14. — B. III. 10. (Örnefnasöfnun).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000
15. — 14. — B. III. 11. (Þjóðfræðasöfnun).
Fyrir „40 000“ kemur 30 000
16. — 14. — B. XI. 40. (Norræna menningarmálanefndin).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
17. — 14. — B. XVI. Nýr liður:
Vegna þátttöku í alþjóðlegri listsýningu í Feneyjum .. 50 000
18. — 14. — B. XL. 6. (Tónlistarkennsla á Siglufirði).
Fyrir „20 000“ kemur 25 000
19. — 15. — IX. (Kirkjubyggingasjóður).
Fyrir „500 000“ kemur 800 000
20. — 16. — A. 17. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).
Fyrir „475 000“ kemur 575 000
21. — 16. — A. 21. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu í Kotá í Öræfum 90 000
22. — 16. — A. 22. b. (Kotá).
Liðurinn fellur niður.
23. — 16. — A. 23. 10. (Sjóvarnargarður í Ólafsvík.)
Fyrir „50 000“ kemur 75 000
24. — 16. — B. 6. (Alþjóðahvalveiðiráð).
Fyrir „12 450“ kemur 21 368
25. — 16. — B. 11. (Hlutatryggingasjóður).
Fyrir „2 200 000“ kemur 3 300 000
26. — 16. — E. VI. Nýr liður:
Til tækninýjunga 135 000
27. — 17. — I. 3. (Vatnsveitur).
Fyrir „570 000“ kemur 670 000
28. — 17. — I. 7. (Samband ísl. sveitarfélaga).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000
29. — 17. — V. 16. (Blindrafélagið).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
30. — 17. — V. 21. (Neytendasamtökin).
Fyrir „35 000“ kemur 45 000
31. — 18. — II. a.
a. Niður fellur þessi liður:
Jónína Stefánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
b. Eftirfarandi liðir breytast:
1. Eiður Sigurjónsson, fyrrv. kennari.
Fyrir „2 861.00“ kemur 5 000.00
2. Helgi Jónasson, fyrrv. héraðslæknir.
Fyrir „6 858.00“ kemur 16 858.00
3. Ingólfur Þorvaldsson, fyrrv. sóknarprestur.
Fyrir „7 630.00“ kemur 10 860.00
4. Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri.
Fyrir „5 961.00“ kemur 10 000.00
5. Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður.
Fyrir „8 012.00“ kemur 10 000.00
6. Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður.
Fyrir „4 006.00“ kemur 6 000.00
7. Þórarinn Grímsson, fyrrv. símastjóri og vitavörður.
Fyrir „7 923.00“ kemur 10 000.00

c. Við bætast í stafrófsröð:

1.	Aðalheiður Nielsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	5 000.00
2.	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. héraðslæknir	10 000.00
3.	Ásmundur Guðmundsson, fyrrv. biskup	5 000.00
4.	Björg Karlsdóttir, fyrrv. símstjóri	6 000.00
5.	Böðvar Magnússon	10 000.00
6.	Guðmundur Jónsson, fyrrv. garðyrkjumaður	5 000.00
7.	Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	5 000.00
8.	Halldór Kristinsson, fyrrv. héraðslæknir	4 000.00
9.	Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	6 000.00
10.	Hólmfríður Sigurðardóttir	6 000.00
11.	Jakob Einarsson, fyrrv. sóknarprestur	13 000.00
12.	Jón Bóasson, fyrrv. póstur	6 000.00
13.	Jón Hallgrímsson, fyrrv. starfsmaður áfengisverzlunarinnar	8 000.00
14.	Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	6 000.00
15.	Jónas Bjarnason, verkstjóri	6 000.00
16.	Kjartan Ólafsson	36 000.00
17.	Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	8 000.00
18.	Ólafía Jónsdóttir, fyrrv. forstöðukona	6 000.00
19.	Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri	14 000.00
20.	Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari	5 000.00
21.	Sigurður Þorvaldsson, fyrrv. barnakennari	6 000.00
22.	Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8 000.00
23.	Sveinbjörn Jónsson, fyrrv. barnakennari	5 000.00
24.	Sveinn Víkingur, fyrrv. biskupsritari	10 500.00
25.	Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir	5 000.00
26.	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
27.	Þorvarður Þormar, fyrrv. sóknarprestur	10 500.00

32. Við 18. gr. II. b.

a. Niður falla þessir liðir:
Anna Stefánsdóttir.
Arndís Sigurðardóttir.
Guðríður Ólafsdóttir.

b. Eftirfarandi liður breytist:
Magdalena Ásgeirsdóttir.
Fyrir „1 562.00“ kemur 6 000.00

c. Við bætast í stafrófsröð:

1.	Ágústa Sigurðardóttir	10 000.00
2.	Anna Gunnlaugsson	8 000.00
3.	Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6 000.00
4.	Guðrún Einarsdóttir	14 000.00
5.	Hjaltlína Guðjónsdóttir	15 000.00
6.	Helga Pétursdóttir	15 000.00
7.	Henny Kristjánsson	6 000.00
8.	Ingibjörg I. Briem	6 000.00
9.	Ingibjörg Högnadóttir	6 000.00
10.	Jóhanna Þorsteinsdóttir	9 000.00
11.	Jóhanna Þorvaldsdóttir	10 000.00
12.	Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6 000.00
13.	Kristbjörg Sveinsdóttir	7 000.00
14.	Kristín Guðlaugsdóttir	12 000.00
15.	Lára Bjarnadóttir	8 000.00
16.	Málfríður Bjarnadóttir	4 000.00

		17. María Pétursdóttir	14 000.00
		18. Nikólína Jóhannsdóttir	6 000.00
		19. Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4 000.00
		20. Ólöf Sigvaldadóttir	10 000.00
		21. Sigríður Björnsdóttir	8 000.00
		22. Sigríður Eiríksdóttir	8 000.00
		23. Sólveig P. Sandholt	8 000.00
		24. Steinunn Briem	15 000.00
		25. Sveinbjörg Kristinsdóttir	10 000.00
		26. Torfhildur Magnúsdóttir	6 000.00
		27. Una Jóhannesdóttir	18 000.00
		28. Valgerður Björg Björnsdóttir	15 000.00
		29. Þóra Magnúsdóttir	8 000.00
		30. Þuríður Helgadóttir	6 000.00
33.	Við 19. gr.	1. Nýr liður: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	5 000 000
34.	— 20. —	Út. XIV. (Byggingar á prestssetrum). Fyrir „1 615 000“ kemur	1 865 000
35.	— 20. —	Út. XVI. (Útihús á prestssetrum). Fyrir „684 000“ kemur	734 000
36.	— 20. —	Út. XXVII. Nýr liður: Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum	330 000
37.	— 22. —	XXIII. Liðurinn orðist svo: Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.	
38.	— 22. —	XXXV. Nýr liður: Að verja allt að 6 millj. kr. til samgöngubóta á Mýrdalssandi.	
39.	— 22. —	XLII. Nýr liður: Að gefa Rauða Krossi Íslands eftir skuld, að upphæð 45 þús. kr., vegna kaupa á dieselljósasamstæðu hjá sölunefnd varnarliðseigna árið 1953.	

Sþ. 242. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *Einari Olgeirssyni.*

Við 10. gr. II. 9. (Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Birni Pálssyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*

Við 13. gr. A. III. 15. (Brúargerðir). Nýr liður:
Jökulsá eystri hjá Merkigili, Skagaf. 400 000

III. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*

Við 13. gr. B. II. (Flóabátar og vöruflutningar).
Fyrir „3 605 600“ kemur 4 091 500

IV. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Birni Pálssyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 27. (Hafnarmannvirki, Hofsós).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 260 000“ kemur 2 500 000
Til vara 2 000 000

VI. Frá *Jóni Þorsteinssyni.*
Við 17. gr. III. 5. Nýr liður:
Til Alþýðusambands Íslands til að kosta sérfræðilega rannsókn á kaupmætti launa og kjarabreytingum og framtíðaráhrifum efnahagsviðreisnarinnar á hag launþega 80 000

VII. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 17. gr. III. 7. (Orlofsheimili verkalýðssamtakanna).
Fyrir „475 000“ kemur 750 000

VIII. Frá *Jóni Þorsteinssyni.*
Við 18. gr. II. a. (Eftirlaun og styrktarfé embættis- og starfsmanna).
Liðurinn fellur niður.

IX. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni, Gunnari Jóhannssyni, Birni Pálssyni* og *Garðari Halldórssyni.*
Við 20. gr. Út. XIII. 7. Nýr liður:
Til byggingar vélakennsluverkstæðis á Hólum í Hjaltadal 250 000

Sþ. 243. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 15. (Leyfisgjöld).
Fyrir „52 000 000“ kemur 53 000 000
2. — 12. — XXII. (Umbúðasmíði).
Fyrir „30 000“ kemur 36 000
3. — 14. — B. LXXIII. Nýr liður:
Laun þjóðgarðsvarðar 60 050
4. — 22. — XIII. Nýir liðir:
   a. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri vegna leigu á skipum til síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum.
   b. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, enda verði umbæturnar gerðar í samráði við ríkisstjórnina.

5. Við 22. gr. XXXVI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðsson h/f á Ísafirði vegna byggingar nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
6. — 22 — XLI. Nýr liður:
Að verja allt að 3.5 millj. króna af andvirði eigna Fiskiðjuvers ríkisins til að fullgera og búa tækjum þann hluta Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, sem ætlaður er fyrir tilraunir með nýjar og endurbættar vinnsluaðferðir, prófun tækja og kennslu fyrir verkstjóra og matsmenn í fiskiðnaði.
7. — 22 — XLII. Nýr liður:
Að kaupa bókasafn séra Helga Konráðssonar prófasts fyrir allt að 250 þús. kr., enda náist samkomulag við aðila í Skagafirði um að greiða allt að ⅔ hlutum af andvirði safnsins og um ráðstöfun þess til fræðiiðkana á þann hátt, sem ríkisstjórnin telur viðunandi.

Sþ. 244. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lán allt að 400 þús. dollara til að reisa hraðfrystistöð í Hollandi, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur viðunandi.

Sþ. 245. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Garðari Halldórssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).

1. Við 86. Nýr liður: Ólafsfjarðarvegur	50 000
2. Við 87. Nýr liður: Hrísavegur	45 000
3. Við 88. (Hörgárdalsvegur ytri). Fyrir „70 000“ kemur	100 000
4. Við 94. (Búðardalsvegur eystri). Fyrir „40 000“ kemur	90 000
5. Við 95. (Bárðardalsvegur vestri). Fyrir „45 000“ kemur	90 000
6. Við 96. (Út-Kinnarvegur). Fyrir „10 000“ kemur	40 000
7. Við 97. (Austurhlíðarvegur). Fyrir „25 000“ kemur	50 000

8. Við 98. (Tjörnesvegur og Þingeyjarsýslubraut milli byggða).
   Fyrir „225 000“ kemur 250 000
9. Við 100. (Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur).
   Fyrir „400 000“ kemur 500 000
10. Við 102. Liðurinn orðist svo:
    Langanesvegur utan Heiðar (Skoruvíkurvegur) 50 000

II. Frá *Garðari Halldórssyni* og *Ágúst Þorvaldssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. (Endurbygging þjóðvega).
Fyrir „800 000“ kemur 1 500 000

III. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Garðari Halldórssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. d. (Millibyggðavegir).
   a. Við 8. (Múlavegur).
      Fyrir „300 000“ kemur 400 000
   b. Við 11. (Tjörnesvegur).
      Fyrir „200 000“ kemur 300 000
   c. Við 12. Liðurinn orðist svo:
      Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar (Hálsavegur) 200 000
2. Við 13. gr. A. III. 18. (Brúargerðir).
   Nýr liður:
   Sandá í Þistilfirði 300 000
3. Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarmannvirki).
   a. Við 3. (Akureyrardráttarbraut).
      Fyrir „500 000“ kemur 550 000
   b. Við 16. (Flatey á Skjálfanda).
      Fyrir „50 000“ kemur 75 000
   c. Við 28. (Húsavík).
      Fyrir „325 000“ kemur 375 000
   d. Við 36. (Ólafsfjörður).
      Fyrir „300 000“ kemur 350 000
   e. Við 55. (Þórshöfn).
      Fyrir „325 000“ kemur 375 000
4. Við 14. gr. B. LXXX. Liðurinn orðist svo:
   Til Matthíasarfélagsins á Akureyri til kaupa á íbúðarhúsi þjóðskáldsins 70 000

IV. Frá *Garðari Halldórssyni, Ásgeiri Bjarnasyni* og *Ágúst Þorvaldssyni.*
Við 16. gr. A. 11. (Tilraunaráð búfjárræktar).
Fyrir „200 000“ kemur 400 000
Til vara 300 000

V. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Garðari Halldórssyni.*
1. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
   Að ábyrgjast lán, allt að 600 þús. kr., til að koma upp aðstöðu til síldarbræðslu í fiskimjölsverksmiðjunni á Þórshöfn.
2. Við 22. gr. XXII. Liðurinn orðist svo:
   Að heimila ríkisútvarpinu að verja allt að 1.5 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi.

VI. Frá *Garðari Halldórssyni, Birni Jónssyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XXXVII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarkaupstað allt að 3 millj. kr. lán til vegarlagningar fyrir Ólafsfjarðarmúla.

VII. Frá *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XLII. Nýr liður:
Að verja 15 millj. kr. til að leysa úr fjárþörf byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbanka Íslands vegna umsókna um lán, er bankanum höfðu borizt fyrir s. l. áramót, út á framkvæmdir, er þegar voru gerðar.

Sþ. 246. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, GH).*
Við 2. gr. 12. a. (Söluskattur af innfluttum vörum).
Fyrir „157 000 000“ kemur 168 000 000

II. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun. 2. Eignabreytingar landssímans IV. Nýr liður:
Til póst- og símahúss í Hafnarfirði 2 000 000
Til vara 1 000 000

III. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).
1. Við 43. Nýr liður:
Króksfjarðarnesvegur 30 000
2. Við 45. (Gufudalsvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 70 000
3. Við 49. (Rauðasandsvegur).
Fyrir „45 000“ kemur 75 000
4. Við 52. (Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
5. Við 53. (Bíldudalsvegur á Mikladal).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
6. Við 55. (Suðurfjarðavegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000
7. Við 56. (Dalahreppsvegur).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
8. Við 58. (Ingjaldssandsvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
9. Við 59. Nýr liður:
Ísafjarðarvegur (Breiðadalsheiði) 150 000
10. Við 62. (Snæfjallastrandarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
11. Við 63. (Ögurvegur).
Fyrir „575 000“ kemur 700 000

12. Við 65. (Reykjarfjarðarvegur).
Fyrir „525 000“ kemur 700 000
13. Við 65. Nýr liður:
Selstrandarvegur 100 000
14. Við 66. (Strandavegur).
Fyrir „115 000“ kemur 200 000

IV. Frá *Skúla Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni, Birni Pálssyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 67. (Vatnsnesvegur).
Fyrir „160 000“ 220 000

V. Frá *Birni Pálssyni, Ólafi Jóhannessyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 76. (Reykjabraut).
1. Fyrir „35 000“ kemur 50 000
2. Nýr liður:
Bugsvegur 100 000

VI. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).
a. Við 102. Nýr liður:
Bakkafjarðarvegur 30 000
b. Við 104. Nýr liður:
Hellisheiðarvegur 200 000
c. Við 106. Nýr liður:
Jökulsárhlíðarvegur 30 000
d. Við 107.
1. Fyrir „Kirkjubæjarvegur“ kemur: Hróarstunguvegir.
2. Nýr liður:
Fellavegur efri 25 000
e. Við 109. Nýr liður:
Hjaltastaðavegur 20 000
f. Við 112. Nýr liður:
Seyðisfjarðarvegur eystri 20 000
g. Við 115. Nýr liður:
Norðurbyggðavegur í Skriðdal 35 000
h. Við 117. Nýr liður:
Vaðlavíkurvegur 15 000
i. Við 118. Nýr liður:
Vattarnesvegur 15 000
j. Við tölul. 120. Liðurinn orðist svo:
Stöðvarfjarðarvegur 270 000
k. Við tölul. 122. Í stað liðarins koma nýir liðir:
1. Breiðdalsvegur 60 000
2. Breiðdalsvegur syðri 30 000
3. Breiðdalsvíkurvegur 30 000
4. Norðurdalsvegur 30 000
2. Við 13. gr. A. II. d. (Millibyggðavegir).
a. Við 13. Nýr liður:
Hellisheiðarvegur 200 000

b. Við 14. (Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000
c. Við 15. (Austurlandsvegur austan Lagarfljóts).
Fyrir „600 000“ kemur 700 000
d. Við 15. Nýr liður:
Stöðvarfjarðarvegur (milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur) 200 000

VII. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við 13. gr. A. III. 7. (Brúargerðir). Nýir liðir:
1. Holtsá á Barðaströnd 440 000
2. Sunnudalsá í Trostansfirði 480 000
3. Reykjarfjarðará á Ströndum 335 000

VIII. Frá *Skúla Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Birni Pálssyni.*
Við 13. gr. A. III. 11. (Brúargerðir). Nýr liður:
Víðidalsá á Kolugljúfri (fyrri greiðsla) 400 000

IX. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
1. Við 19. Nýr liður:
Fjarðará í Loðmundarfirði 200 000
2. Við 20. Nýr liður:
Selá hjá Starmýri 250 000

X. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarmannvirki).
1. Við 11. Nýr liður:
Brjánslækur 50 000
2. Við 13. Nýr liður:
Drangsnes 100 000

XI. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 30. (Höfn í Hornafirði).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

XII. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Bjarna Guðbjörnssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarmannvirki).
1. Við 34. Nýr liður:
Króksfjarðarnes 30 000
2. Við 38. (Patreksfjörður).
a. Fyrir „100 000“ kemur 200 000
b. Nýr liður:
Reykjanes í Reykhólasveit, ferjubryggja (endurveiting) 150 000
3. Við 48. (Suðureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
4. Við 50. (Tálknafjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

XIII. Frá *Jóni Þorsteinssyni* og *Einari Ingimundarsyni.*
Við 14. gr. B. XI. 28. b. 5. Nýr liður:
Siglufjörður, íþróttahús 100 000

XIV. Frá *Geir Gunnarssyni:*
Við 14. gr. B. XL. 8. (Tónlistarskóli Hafnarfjarðar).
Fyrir „15 000“ kemur 40 000

XV. Frá *1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, GH).*
Við 16. gr. A. 6. b. Nýr stafliður:
Til kaupa á jarðræktarvélum 2 000 000

XVI. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 17. gr. V. 15. (Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000

XVII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán til þess að reisa síldarverksmiðju á Eskifirði, þó ekki yfir 85% af stofnkostnaði.
2. Að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán til þess að koma upp aðstöðu til bræðslu síldar í þeim kauptúnum sunnan Langaness, þar sem slík aðstaða er ekki fyrir hendi, þó ekki yfir 85% af stofnkostnaði.

XVIII. Frá *Sigurvin Einarssyni, Bjarna Guðbjörnssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að taka innlent lán, að upphæð 6 millj. kr., til vegagerðar í þeim byggðarlögum á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra, og skal þessu fé skipt milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

XIX. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni og Halldóri E. Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XL. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ásgeir Guðmundsson veitingamann í Búðardal allt að 160 þús. kr. lán til gistihúsbyggingar í Búðardal, þó ekki yfir 80% af stofnkostnaði. Það skilyrði er sett fyrir ábyrgðinni, að ríkissjóður fái 1. veðrétt í byggingunni ásamt húsbúnaði og aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XX. Frá *Birni Pálssyni, Jóni Þorsteinssyni, Ólafi Jóhannessyni, Skúla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.*
Við 22. gr. XL. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Snorra Arnfinnsson veitingamann á Blönduósi allt að 1200 þús. kr. lán til gistihúsbyggingar á Blönduósi, þó ekki yfir 80% af stofnkostnaði. Það skilyrði er sett, að ríkissjóður fái 1. veðrétt í byggingunni ásamt húsbúnaði og aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 247. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. (Áfengisverzlun ríkisins).
Aftan við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun 4. (Tóbakseinkasala ríkisins).
Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:
Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á tóbaki né annað, nema ákveðin séu í lögum.

II. Frá *Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 12. gr. XXVII. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss að Selfossi 500 000

III. Frá *2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).*
Við 13. gr. C. VIII. 34. (Kópavogur).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

IV. Frá *Unnari Stefánssyni.*
Við 13. gr. F. IX. Liðurinn orðist svo:
Til fegrunar í Hveragerði 80 000

V. Frá *2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).*
Við 14. gr. A. XXXV. Liðurinn orðist svo:
Til Ríkisútgáfu námsbóka, þar af 60 þús. kr. til handbóka fyrir kennara, að öðru leyti til greiðslu ⅓ kostnaðar útgáfunnar gegn ⅔ af námsbókagjaldi 1 410 000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. II. a. Við bætist í starófsröð:
Bjarni Bjarnason, fyrrv. skólastjóri 5000.00
2. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til byggingar lýsisgeyma og mjölhúss við síldarverksmiðju S. R. á Húsavík.

Sþ. 248. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um landsútsvör.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, sem miði að því, að fyrirtæki og stofnanir, er teljast reka þjónustustarfsemi, sem nái til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, bankar, útflutningssamtök, tryggingafélög, verzlunarstofnanir ríkisins o. fl., greiði hér eftir útsvör í sérstakan sjóð, sem skiptist milli sveitarfélaga í landinu.

Greinargerð.

Ýmsar ráðstafanir hafa á undanförnum árum verið gerðar til þess, að tekjur manna geti orðið sem jafnastar án tillits til þess, hvar á landinu þeir búa. Kemur þar hvort tveggja til, barátta verkalýðssamtakanna fyrir sama tímakaupi um land allt og ráðstafanir ríkisvaldsins og sveitarfélaga í atvinnumálum. Jafnrétti í launamálum er þó ekki einhlítt til þess, að samsvarandi stéttir deili sömu kjörum um land allt. Afkoma manna ræðst ekki af launanum einum saman, og jafnrétti um lögboðin útgjöld er stórum minna en um tekjur. Eigi ráðstafanir til jafnréttis landsbúa að vera raunhæfar, þurfa þær því einnig að taka til lögboðinna útgjalda. Skattar til ríkisins eru jafnir, hvar sem er á landinu, en útsvarsstigar mjög mismunandi og enda líka sú þjónusta, sem sveitarfélög veita.

Í dreifðum byggðum er ekki unnt að koma við ýmissi þjónustu, sem um er að ræða í þéttbýli, og fer þar því eðlilega saman minni þjónusta og lægri útsvör. Ekki stafa þó mismunandi útsvarsstigar af þessu einu saman, heldur kemur og til ójöfn aðstaða sveitarfélaga til þess að sjá fyrir fjárþörf sinni með öðru móti en útsvarsálagningu á einstaklinga. Að hve miklu leyti sveitarfélag getur hlíft við háum útsvarsstiga einstaklinga, ræðst ekki síst af fjölda fyrirtækja í sveitarfélaginu og afkomu þeirra. Hlutfallið milli þess fjár, sem hvert sveitarfélag fær annars vegar frá stofnunum og fyrirtækjum og hins vegar frá almenningi, ræður miklu um, hversu háan útsvarsstiga einstaklingar búa við, og þótt margt annað komi til, þá er misræmi í þessu hlutfalli milli sveitarfélaga ein aðalorsökin til mishárra útsvarsstiga á einstaklingum eftir því, hvar þeir búa. Eitt af því, sem raskar verulega þessu hlutfalli innbyrðis milli sveitarfélaga og veldur því, að útsvarsstigar á einstaklingum eru misháir, er það, að þau njóta ekki jafnt útsvara fyrirtækja, sem inna af hendi þjónustu, sem nær til landsins alls, heldur greiða þessi fyrirtæki samkvæmt núgildandi útsvarslögum útsvar þar, sem þau eru staðsett. Flm. þingsályktunartillögu þessarar telja óeðlilegt, að einstök sveitarfélög njóti ein útsvarsgreiðslna frá þessum landsfyrirtækjum, þar sem sú hækkun á þjónustugjaldi þeirra, sem af útsvarsálagningunni leiðir, er greidd af landsbúum öllum.

Sá háttur, sem nú er á hafður um útsvarsálagningu á landsfyrirtæki til einstakra sveitarfélaga, stuðlar að því, að landsmenn búi við misrétti um lögboðin útgjöld. Er því hér lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, sem miði að því, að áminnzt fyrirtæki og stofnanir greiði útsvör í sérstakan sjóð, sem skiptist milli allra sveitarfélaga í landinu. Telja flm., að lagasetning í þá átt mundi stuðla að því, að afkoma einstaklinga og sveitarfélaga verði sem jöfnust um land allt. Meðal þeirra stofnana, sem lagt er til að greiði útsvör í fyrrnefndan sjóð, eru bankar, en þeir hafa til þessa ekki þurft að greiða útsvör.

Fylgiskjal.

I. Ábending fulltrúafundar kaupstaða á Vestur-, Norður- og Austurlandi 15. og 16. sept. 1955 um tekjustofna bæjarfélaga:

.....

3. Lögð verði útsvör á ýmsar stofnanir, sem ekki eru bundnar við ákveðin sveitarfélög, svo sem ríkiseinkasölur, samvinnusambönd, tryggingafélög, sölusambönd, bankar o. s. frv.

Útsvör þessi renni í sérstakan sjóð, sem gangi til sveitar- og bæjarfélaga samkv. reglum, er þar um verða settar.

II. **Samþykkt fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi 12.—14. sept. 1958:**

1. A. Fulltrúafundur kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, haldinn á Sauðárkróki 12.—14. sept. 1958, telur, að ekki verði lengur komizt hjá, að endurskoða verði lögin um útsvör og önnur lög, sem snerta útsvör. Telur fundurinn eðlilegt, að ný útsvarslöggjöf feli í sér m. a. eftirfarandi:

A. Stofnanir, sem ekki eru í starfsemi sinni bundnar ákveðnum sveitarfélögum, svo sem ríkiseinkasölur, samvinnusambönd og bankar, skulu greiða útsvör, er renna skulu í sérstakan sjóð, sem gangi til að standa undir ákveðnum útgjöldum, sem nú hvíla á sveitarfélögum.

Sþ. 249. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um flugsamgöngur við Siglufjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Jafnframt því, sem nefndin afgreiddi þetta mál, þá kynnti hún sér, hvað liði framkvæmd þál. frá 5. maí 1959 um flugsamgöngur.

Í bréfi, sem nefndinni barst frá samgöngumálaráðuneytinu, er upplýst, að mál þetta er enn í athugun hjá flugráði og þess ekki að vænta, að þeirri athugun verði lokið fyrr en í fyrsta lagi í maímánuði n. k., og er það, eins og segir í bréfi ráðuneytisins, „m. a. sakir þess, að sú eina nýja flugvélategund, sem bezt virðist til innanlandsflugs fallin hér á landi og sparað gæti fé við byggingu flugvalla, er enn ekki fullreynd."

Alþingi, 28. marz 1960.

Benedikt Gröndal, form. Gunnar Gíslason, fundaskr., frsm. Björn Pálsson. Sigurður Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson. Pétur Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 250. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*

1. Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).

a. Við 45. (Gufudalsvegur).
Fyrir „10 000" kemur 65 000

b. Við 49. (Rauðasandsvegur).
Fyrir „45 000" kemur 70 000

c. Við 52. (Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns).
Fyrir „30 000" kemur 55 000

d. Við 53. (Bíldudalsvegur á Mikladal).
Fyrir „200 000" kemur 280 000

e. Við 55. (Suðurfjarðavegur).
Fyrir „20 000" kemur 45 000

f. Við 56. (Dalahreppsvegur).
Fyrir „30 000“ kemur 45 000
g. Við 59. (Flateyrarvegur).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
h. Við 60. (Suðureyrarvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000
i. Við 61. (Fjarðavegur).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000
j. Við 62. (Snæfjallastrandarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 140 000
k. Við 66. (Strandavegur).
Fyrir „115 000“ kemur 190 000

2. Við 13. gr. A. III. 10. Nýr liður:
Þrjár brýr í Kaldalóni 1 500 000
3. Við 13. gr. A. X. (Steyptir og malbikaðir vegir).
Fyrir „95 000“ kemur 800 000
4. Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarmannvirki).
a. Við 13. Nýr liður:
Drangsnes 200 000
b. Við 16. Nýr liður:
Flateyri 200 000
c. Við 26. Nýr liður:
Hnífsdalur 100 000
d. Við 31. (Ísafjörður).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
e. Við 38. (Patreksfjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 400 000
f. Við 47. (Súðavík).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000
g. Við 48. (Suðureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 400 000
h. Við 50. (Tálknafjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000
5. Við 18. gr. II. a. Við bætist í stafrófsröð:
Ólafur Ólafsson, fyrrv. skólastjóri 11 000.00
6. Við 22. gr. XXVI. Nýr liður:
Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar hæfilegan jarðbor, er notaður verði til jarðhitarannsókna á Vestfjörðum.
7. Við 22. gr. XXXV. Nýr liður:
Að taka 8 millj. kr. lán, er varið verði að jöfnu til hafnargerða í Bolungavík og Súgandafirði.
8. Við 22. gr. XL. Nýr liður:
Að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra útgerðarstöðvun á Vestfjörðum vegna niðurfellingar tegundabóta á steinbít.

II. Frá *Sigurvin Einarssyni, Bjarna Guðbjörnssyni, Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni, Halldóri Ásgrímssyni* og *Ólafi Jóhannessyni.*
Við 22. gr. XLII. Nýr liður:
Að greiða vinnslustöðvum úr ríkissjóði eða útflutningssjóði sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs, þó ekki hærri upphæð hlutfallslega en greidd var úr útflutningssjóði til slíkra uppbóta árið 1959, miðað við fiskmagn og fiskverð. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Sþ. **251. Breytingartillaga** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá *Sigurði Ágústssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni, Jóhanni Hafstein, Eggert G. Þorsteinssyni, Benedikt Gröndal, Einari Olgeirssyni, Eysteini Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*

Við 14. gr. B. LXI. Nýr liður:

Til Helga Hjörvar, til ritstarfa og viðurkenningar fyrir störf í þágu Alþingis um nær 50 ára skeið 20 000

Ed. **252. Nefndarálit** [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin er öll meðmælt því, að frumvarpið verði samþykkt, þó að nokkuð greini á í forsendum fyrir þeirri afstöðu.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpinu frá ríkisstjórninni, þegar hún lagði það fram, segir:

„Einn liður í ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru í efnahagsmálum þjóðarinnar, er aukning á bótagreiðslum almannatrygginganna.“

Í sambandi við þessar „ráðstafanir“, sem athugasemdirnar víkja að, svo sem: **gengisfellinguna miklu, viðbótarinnflutningsskattinn 8.8%, almenna söluskattinn 3%, vaxtahækkunina og annað, sem hleypir upp dýrtíðinni** í landinu nú og á næstu mánuðum fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar, hefur ríkisstjórnin talið, að þær breytingar á lögum almannatrygginganna, sem hún ætlar að stofna til á þessu þingi, muni komast langt í að vega móti dýrtíðarvextinum.

Stjórnin og stuðningslið hennar hefur meira að segja tilkynnt það hástöfum að undanförnu í gjallarhornum sínum, að þeir, sem þarfnist þess mest, fái skaða sinn af völdum dýrtíðarinnar bættan með auknum tryggingabótum.

Það liggur ljóst fyrir, þegar frumvarpið er athugað, að í tilkynningum gjallarhornanna hefur verið um miklar oftúlkanir að ræða.

Menn munu einnig komast að raun um þetta, hver á sínu heimili, þegar allir hinir mýmörgu draugar aukinna útgjalda eru komnir á framfæri heimilanna og heimta þar sinn skammt.

Hins vegar væri fjarstæða af hálfu þeirra, sem beitt hafa sér á móti kreppusköpunar-ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, að hindra framgang þessa bótafrumvarps, þó að það svari alls ekki til þess, sem stjórnin hefur viljað vera láta.

Almannatryggingar eru — og eiga að vera — traust og hlíf fólks, sem miður má sín efnalega sökum vanþroska, elli, slysa, sjúkdóma eða ómegðar.

Því betur sem almannatryggingum er fyrir komið, því mannúðlegra er þjóðfélagið og því minni hætta á, að nokkur verði að þjást vegna skorts, þó að óhöpp hendi.

Íslendingar hafa verið að byggja upp almannatryggingar sínar á undanförnum árum og miðað allvel í því. Framfarir á sviði atvinnumála hafa auðveldað þetta.

Vinstri stjórnin skipaði nefnd 1958 til þess að endurskoða vissa þætti löggjafarinnar um almannatryggingar í því skyni að auka þær.

Sú nefnd gerði tillögur um hækkun bóta, sem vafalaust hefðu náð fram að ganga, ef vinstri stjórnin hefði ekki í þeim svifum rofnað af öðrum ástæðum.

Enn fremur skipaði fyrrverandi stjórn aðra nefnd til þess að endurskoða í lögunum kaflann um slysabætur.

Sú nefnd skilaði áliti í nóv. s. l., svo sem greinir frá í athugasemdum með frumvarpinu.

Báðar þessar nefndir miðuðu, eins og fyrir þær var lagt, tillögur sínar við eðlilega þróun tryggginganna.

Þáttur núverandi ríkisstjórnar er sá einn að grípa tillögur nefndanna, hækka þær yfirleitt dálítið, bæta við þær „þriggjabarnakerfinu“ og taka þær síðan í heild til sinna þarfa við að draga úr áhrifum af sínum eigin óþurftarverkum í garð hlutaðeigandi bótaþega.

Breytingarnar á tryggingalöggjöfinni eru því að þessu sinni mestmegnis gerðar til að draga úr versnandi hag bótaþega og geta þar af leiðandi því miður ekki talizt til sannra framfara í tryggingamálum þjóðarinnar.

Aukning bótanna er gerð til að ganga upp í samhliða tilbúna kjaraskerðingu.

Mest vitnar ríkisstjórnin til þess, að hún auki fjölskyldubætur, enda er á þeim lið um hæstu fjárfúlgu til aukningar að ræða, en það stafar af því, að teknar eru upp fullar fjölskyldubætur með 1. og 2. barni. Kosta bæturnar með 1. og 2. barni, að talið er, í nýjum framlögum um 100 milljónir króna. Eitthvað er að orðið, þegar talið er nauðsynlegt að greiða fullar tryggingabætur með 1. og 2. barni. Enginn vafi er á því, að þær bætur falla ekki í hverju tilfelli í skaut þeirra, sem mesta þörf hafa og harðast verða leiknir af kjaraskerðingarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Það liggur í augum uppi, að útreikningar ríkisstjórnarinnar um áhrif fjölskyldubótahækkunarinnar á hag fólks til jafnaðar eru mjög ónákvæmir og villandi, af því að hækkunin verður hlutfallslega mest hjá þeim, er fæst börn eiga.

Með hækkun fjölskyldubótanna, eins og hún kemur niður, er því fremur ólánlega klórað í bakkann.

Reynslan á Alþingi því, er nú situr, hefur orðið sú, að það gagnar lítið, þó að stjórnarandstæðingar flytji breytingartillögur við frumvörp núverandi ríkisstjórnar. Þær eru felldar, hvernig sem þær eru.

Ég mun því ekki freista þess að flytja nema eina breytingartillögu. Sú breytingartillaga er miðuð við að tryggja það, að þau tryggingarumdæmi, sem þess óska, verði færð á milli verðlagssvæða. Eins og lagaákvæði þau hljóða, sem nú gilda, er heimilt að færa sveitarfélög milli verðlagssvæða, ef sveitarstjórnir fara þess á leit. En sá galli er á að færa sveitarfélag af öðru verðlagssvæði á fyrsta verðlagssvæði, að færslan hefur áhrif á útgjöld til tryggginganna fyrir öll sveitarfélög í tryggingarumdæmi þess. Þetta getur valdið því, að heimildin verði ekki notuð, þó að einstök sveitarfélög óski.

Aftur á móti eru ekki sömu annmarkar á um færslu tryggingarumdæma milli verðlagssvæða. Tel ég því rétt, að þeim sé algerlega í sjálfsvald sett, meðan verðlagssvæðin eru tvö, hvoru þau vilja heldur tilheyra.

Leyfi ég mér þess vegna að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Framan við greinina komi:

Aftan við 1. málsgr. 10. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Skylt er að færa tryggingarumdæmi milli verðlagssvæða, komi fram um það ákveðnar óskir frá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

Alþingi, 29. marz 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 253. Nefndarálit [65. mál]

um frv til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið upplýsingar varðandi það hjá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sverri Þorbjörnssyni. Nefndarmenn eru allir sammála um, að mikil bót sé að breytingum þeim, sem í frv. felast. Nefndarmenn telja, að fleiri breytingar á lögunum séu æskilegar. Meiri hl. nefndarinnar (PP, AuA, KJJ) vill þó samþykkja það óbreytt nú vegna þeirrar yfirlýsingar hæstvirts félagsmálaráðherra, að nefnd verði skipuð til að athuga lögin og gera tillögur um frekari breytingar og væri ætlazt til, að tillögur þeirrar nefndar gætu komið fyrir næsta þing. Minni hl. (KK og AGl) mun skila sérstökum nefndarálitum, þar sem þeir gera grein fyrir þeim brtt., sem þeir vilja leggja til að gerðar séu á frv. nú. Að öðru leyti mun nánari grein gerð fyrir frv. í framsögu.

Alþingi, 29. marz 1960.

Pétur Pétursson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusárós.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa byggingu brúar yfir Ölfusá á Óseyrarnesi og lagningu vegar, sem tengi Þorlákshöfn við þorpin Eyrarbakka og Stokkseyri og nærsveitir.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur á fjárlögum þessa árs aflað sér heimildar til að taka til hafnargerðar í Þorlákshöfn erlent lán að upphæð 45 milljónir króna, og mun tæknilegum undirbúningi verksins verða lokið næstu daga.

Hafnargerð í Þorlákshöfn er þjóðhagslega mikilvægt verkefni, vegna þess að hún skapar skilyrði til útgerðar, sem er líkleg til að færa þjóðarbúinu hreinar auknar tekjur vegna aukinnar framleiðslu útflutningsvara. Þorlákshöfn liggur betur en aðrar hugsanlegar verstöðvar við beztu fiskimiðum við landið, og þaðan er arðvænlegust útgerð 20—50 tonna báta, en af þeirri stærð eru til í landinu margir bátar án fullrar afkastagetunýtingar.

Bætt útgerðarskilyrði í Þorlákshöfn gera kröfu til mikillar fjárfestingar í fiskvinnslustöðvum, framleiðslutækjum svo og íbúðarhúsum vegna skorts á vinnuafli þar að óbreyttum aðstæðum. Þar eru nú búsettir aðeins rúmlega hundrað manns, en umhverfis höfnina er að mestu eyðisandur og klappir. Hins vegar eru nokkru austar á strandlengjunni í gróðursælum sveitum handan Ölfusár þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri með meira en þúsund íbúa, sem búið hafa við ónóga atvinnu heima fyrir vegna breyttra atvinnuhátta í héraði og erfiðra hafnarskilyrða.

Að óbreyttum samgönguaðstæðum þykir sennilegt, að með öruggri aðstöðu í Þorlákshöfn muni útgerð bátanna flytjast þangað, en leggjast algerlega niður frá

þessum þorpum. Í þeim eru nú fyrir hendi frystihús með 80 tonna vinnslugetu, geymslurými fyrir 500 tonn fisks, hjallarými, þurrkhús og önnur framleiðslutæki, ónotað íbúðarhúsnæði og mikið vinnuafl.

Er af þessu ljóst, að hagkvæmt muni að tengja hina nýju verstöð í Þorlákshöfn við þorpin á suðurströndinni og hina þéttu byggð í nærsveitum austan árinnar með beinu vegarsambandi. Slík samgöngubót mundi hvort tveggja í senn stórbæta skilyrði til áframhaldandi útgerðar frá Eyrarbakka og Stokkseyri vegna lendingaröryggis og minnka fjárfestingarþörf í Þorlákshöfn vegna í fyrsta lagi möguleika á hagnýtingu framleiðslutækja, sem fyrir eru á þessum stöðum, og í öðru lagi betri hagnýtingar vinnuafls með aukinni þátttöku íbúa þorpanna og nærsveita í framleiðslustörfum í Þorlákshöfn og skapa þannig þjóðhagslega hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta en ella gæti orðið.

Til viðbótar aukinni arðsemi við útgerð og aflavinnslu mundi beint vegarsamband yfir Ölfusárós hafa í för með sér verulegan sparnað vegna minni flutningskostnaðar. Stytzti vegur frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka nú er 50 km, en mundi verða 12 km með tilkomu nefndrar brúar. Flutningaleiðin frá Þorlákshöfn til verzlunarmiðstöðvar héraðsins, Selfoss, mundi styttast um fjórðung, eða úr 36 km í 24 km, og samsvarandi til annarra byggðarlaga austan árinnar. Hér er um að ræða mikilvæga hagkvæmni, því að um þessa einustu hafskipahöfn á allri suðurströnd landsins mun fara meginhluti vöruviðskipta héraðanna, bæði inn- og útflutningur, sem mun á næstu árum stóraukast með aukinni landbúnaðarframleiðslu, virkjun fallvatna og hveraorku til stóriðnaðar og hagnýtingu annarra náttúruauðlinda, sem er forsenda þeirrar skoðunar margra, að íbúafjöldi þessa héraðs muni á næstunni vaxa örar en í öðrum byggðarlögum landsins.

Fyrir því má fullvíst telja, að brú verði byggð á nefndum stað, en hins vegar álitamál, hvenær hagkvæmni og arðsemi slíkrar framkvæmdar verði talin nægileg til þess, að skynsamlegt sé að hefjast handa. Brú á Óseyrarnesi var tekin á brúalög árið 1953 og vegurinn að henni í tölu þjóðvega árið 1955. Vegamálaskrifstofan hefur gert nokkrar byrjunarathuganir á brúarstæðinu, og leiða þær í ljós, að undirstaða sé ákjósanleg, hraun þrjá metra undir venjulegu vatnsyfirborði, og að brúin þyrfti að vera 440 metra löng.

Við hin nýju viðhorf, sem nú skapast með tilkomu hafnar í Þorlákshöfn, er fullkomlega tímabært, að fram fari rannsóknir á tæknilegri hlið málsins og fjárhagslegri og annar nauðsynlegur undirbúningur, sem miði að því, að framkvæmdir geti hafizt í beinu framhaldi af þeim fyrsta áfanga, sem nú er fyrirhugaður af hinni mikilvægu hafnargerð í Þorlákshöfn, enda munu kostir hennar ekki njóta sín til fulls, fyrr en brú verður byggð á Ölfusárós, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ed. 255. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGl).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   10. gr. laganna falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   13. gr. orðist svo:
   Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára.
   Árlegur ellilífeyrir er kr. 14400.00 fyrir hvern einstakling, sbr. þó 23. gr. og 76. gr., 3. mgr.

Nú frestar maður töku ellilífeyris, og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður, án þess að hann taki lífeyrinn. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% af fullum lífeyri. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., svo hljóðandi:

14. gr. laganna orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar.

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Tryggingalæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

16. gr. orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru á fullu framfæri foreldranna.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 2600.00.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin 3 ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Börn örorku- og ellilífeyrisþega eiga rétt á fullum fjölskyldubótum.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

17. gr. orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn eða móðirin er látin eða annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, sem annast framfæri þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 7200.00.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

18. gr. orðist svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa eitt eða fleiri börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni kr. 1400.00.

Með tveim börnum kr. 7200.00.

Með þrem börnum kr. 14400.00.

7. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er orðist svo:

22. gr. laganna falli niður.

8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

a. Síðari málsliður 3. mgr. 23. gr. laganna falli niður.

b. Í stað „7%“ í 4. mgr. sömu lagagreinar komi: 10%.

c. Aftan við lagagreinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar örorkulífeyrisþegi nám meira en 6 mánuði á ári, og ber honum þá að fá tvöfaldar örorkubætur.

9. Við 16. gr. Orðin „allt að þremur“ falli niður.

10. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

39. gr. laganna falli niður.

11. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
    53. gr. laganna, 4. mgr., orðist svo:
    Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 30.00 á dag fyrir einhleypan karl eða konu, kr. 34.00 fyrir kvæntan karl eða gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 7.00 fyrir hvert barn á framfæri.
12. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
    59. gr. laganna, síðasta málsgrein, orðist svo:
    Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 10% lágmarksbóta.
13. Á eftir 22. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
    71. gr. laganna orðist svo:
    Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Ed. 256. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Grundvöllur að frumvarpi þessu var fyrst lagður með tillögum nefndar, sem skipuð var af framleiðsluráði landbúnaðarins 1952. Síðan hefur mál þetta nokkrum sinnum komið fyrir Alþingi og farið þar milli deilda án þess að fá fullnaðarafgreiðslu. Á þingi 1959 var frumvarpið samþykkt í Nd., en strandaði í Ed. Nú hefur landbn. Ed. haft það til meðferðar og athugunar á 3 fundum og sent það til umsagnar tilraunaráði jarðræktar, sem mælir með, að það verði samþykkt. Búnaðarþing 1959 mælti einnig með samþykkt þess.

Landbúnaðarnefnd telur, að mál þetta sé mikilsvert, og leggur til, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. marz 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.

Ed. 257. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til laga um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir er ræktað svo, að það nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.
2. Við 3. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo:
      Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

Nú verður kornræktarfélag ekki stofnað, og er þá heimilt að veita einstaklingi sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.

b. 3. tölul. orðist svo:
Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, er það semur um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.

c. Í stað orðanna „uppskeru þess og meðferð alla“ í 4. tölul. komi: uppskeru, meðferð alla og annað.

d. 5 tölul. orðist svo:
Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.

e. Í stað orðanna „Að samningsaðilum beri að skila aftur til þess aðila, er annast“ í 6. tölul. komi: Að samningsaðili skili aftur til þess er annast.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.
Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

4. Við 5. gr.

a. Í stað 1. málsl. 1. tölul. komi tveir málsl., svo hljóðandi:
Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á.

b. 2. tölul. orðist svo:
Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.

c. 3. tölul. orðist svo:
Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

5. Við 7. gr. Fyrri málsliður falli burt.
6. Við 8. gr. Í stað „50000.00“ komi: 100000.00.
7. Við 9. gr. Greinin falli burt.

Ed. 258. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á nokkrum fundum og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hlutinn mæla með samþykkt frumvarpsins, eins og það er. Fyrsti minni hl. nefndarinnar (KK) mun skila séráliti, en annar minni hluti æskir allmargra breytinga á frumvarpinu og flytur tillögur um þær á sérstöku þingskjali.

Það er athyglisvert, að þetta stjórnarfrumvarp er ekki byggt á neinni heildarendurskoðun tryggingalaganna, heldur styðst það að mestu við athugun nefnda á vissum atriðum aðeins tveggja kafla laganna af fimm. Önnur þessara nefnda var skipuð á miðju ári 1958 og falið að athuga möguleika á hækkun bóta lífeyristrygginganna, en hin nefndin var skipuð í ársbyrjun 1959 til þess að gera tillögur um hækkun slysabóta. Báðar skiluðu áliti, og er frumvarp það, sem hér er til athugunar, byggt á því í meginatriðum.

Engin sérstök endurskoðun fór fram á kaflanum um sjúkratryggingar né á I. og V. kafla laganna, og nákvæm athugun annarra ákvæða en bótaupphæða tveggja kafla var hvergi gerð á lögunum. Gætir þessara handahófskenndu vinnubragða allmjög í frumvarpinu, þótt hvergi komi þau skýrar í ljós en í ákvörðun sjúkradagpeninga. *Hefur svo óheppilega til tekizt við þann slumpareikning, að heimilt verður að greiða minni sjúkradagpeninga, eftir að frumvarpið verður samþykkt, en nú er leyfilegt.* Lágmarksupphæðin er með öðrum orðum lægri í frumvarpinu en sú, sem nú er í gildi. Ber að víta slík vinnubrögð, ekki sízt þegar um jafnviðkvæmt mál er að ræða og tryggingabætur eru.

Allir munu sammála um, að hækkun tryggingabóta sé brýn nauðsyn og hafi verið um langt skeið. Þær voru of lágar í upphafi, og síðan hafa þær þó rýrnað mikið. Kaupmáttur verkamannalauna er minni nú en 1947, en þó hefur kaupmáttur tryggingabóta minnkað miklu meir á sama tímabili. Þannig hefur, svo að dæmi sé nefnt, dagvinnukaup verkamanna hækkað um 155% frá janúar 1947, en slysadagpeningar einstaklinga aðeins um 80% og hjóna um 108%. Svipuð er útkoman, ef gerður er samanburður á bótaupphæðum hér og annars staðar á Norðurlöndum. T. d. nemur ellilífeyrir hér á landi aðeins 17% af launum verkamanna, en í Danmörku er hann 30.2%og í Svíþjóð 35% af launum verkamanna.

Flestar þær bótahækkanir, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu, eru drjúg spor í átt til leiðréttingar á því ranglæti, sem bótaþegar eiga við að búa. Er þá miðað við verðlag eins og það var, áður en efnahagsráðstafanir núverandi ríkisstjórnar fóru að segja til sín. Má sem dæmi nefna, að samkvæmt frumvarpinu hækkar ellilífeyrir einstaklinga úr 17% af verkamannakaupi upp í 28.8%, og er þá farið að nálgast hlutfallstölurnar í Danmörku (30.2%) og í Svíþjóð (35%). *Það gildir um þessa hækkun ellilífeyrisins sama og um flestar aðrar hækkanir frumvarpsins, að þær eru sómasamlegar því aðeins, að þær hverfi ekki strax í hít vaxandi dýrtíðar.*

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni kjaravernd bótaþeganna, og er það illa farið, því að mikil dýrtíðaraukning er nú fyrirsjáanleg. Ef kjarabæturnar eiga ekki að renna fljótlega út í sandinn, er því nauðsynlegt, að allar bótagreiðslufjárhæðir tryggingalaganna, eins og þær eru ákveðnar í frumvarpinu, verði grunnupphæðir, sem greiddar verði verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Í tryggingalögunum er fleira ranglátt í garð bótaþega en bæturnar sjálfar, og hefði þurft að kippa einhverju af því í lag, um leið og aðrar veigamiklar breytingar voru gerðar. Skerðingarákvæði 22. gr. laganna ættu þannig að hverfa sem fyrst. Þau eru úrelt og áttu aldrei að gilda nema fá ár, en þó dregst stöðugt úr hömlu að afnema þau. Þessi ákvæði eru bótaþegum til tjóns og raunar að ýmsu leyti viðsjál í félagslegu tilliti.

Þá er skipting landsins í tvö verðlagssvæði orðin á eftir tímanum. Kaupgjald hefur jafnazt mikið í landinu síðari árin, og mismunandi verðlag mun heldur ekki réttlæta skiptinguna lengur. Það er þess vegna ekki grundvöllur fyrir því, að menn greiði mishá iðgjöld og njóti mishárra tryggingabóta eftir því, hvar þeir búa á landinu, og fyllilega tímabært, að ákvæðið um tvö verðlagssvæði verði numið úr gildi.

Sú breyting á fjölskyldubótum er ráðgerð í frumvarpinu að greiða þær með hverju barni, einnig fyrsta og öðru. Mun ráðabreytni þessi sprottin af ótta ríkis-

stjórnarinnar við mikla lífskjaraskerðingu sem afleiðingu aðgerða hennar í efnahagsmálum. *Sé gert ráð fyrir því, að láglaunamaður í fullri atvinnu beri á komandi mánuðum og árum svo lítið úr býtum, að ekki nægi til framfæris honum, konu hans og einu barni, þá er nefnd breyting á fjölskyldubótum eðlileg og sjálfsögð.* Allar horfur eru á, að ótti ríkisstjórnarinnar sé ekki ástæðulaus og því þörf á þessari breytingu, hvort sem menn vilja kalla hana neyðarráðstöfun eða eitthvað annað.

Nokkrar breytingartillögur flyt ég við frumvarpið, og eru þær birtar á öðru þingskjali. Eru helztar þeirra efnislega á þessa leið:

1. Sjúkradagpeningar standi ekki í stað, heldur hækki eins og aðrar bætur.
2. Skipting landsins í tvö verðlagssvæði verði afnumin.
3. Skerðingarákvæði 22. gr. verði numin úr gildi.
4. Hjón fái ellilífeyri sem tveir einstaklingar.
5. Réttur til örorkulífeyris verði hinn sami, hvort sem örorkan er af völdum slyss eða sjúkdóms.
6. Slysa- og sjúkradagpeningar skulu greiddir fyrir öll börn í fjölskyldu.
7. Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum án undantekningar.
8. Allar bótagreiðslufjárhæðir laganna skulu vera grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Fyrir þessum tillögum svo og nokkrum öðrum, er ég flyt, mun ég gera nánari grein í framsögu.

Alþingi, 29. marz 1960.

Alfreð Gíslason, læknir.

Ed. 259. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og samninginn, sem löggilda á. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 30. marz 1960.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Sigurvin Einarsson.
Kjartan J. Jóhannsson.
Björn Jónsson.

Sþ. **260. Fjárlög** [42. mál]

fyrir árið 1960.

(Afgreidd 29. marz.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1960 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	72 000 000
2.	Vörumagnstollur	33 000 000
3.	Verðtollur	365 000 000
4.	Innflutningsgjald af benzíni	57 500 000
5.	Gjald af innlendum tollvörum	35 000 000
6.	Lestagjald af skipum	500 000
7.	Bifreiðaskattur	17 000 000
8.	Aukatekjur	22 300 000
9.	Stimpilgjald	34 000 000
10.	Vitagjald	3 400 000
11.	Útflutningsleyfagjöld	2 600 000
12.	Söluskattur:	
	a. Af innfluttum vörum	157 000 000
	b. Af vörusölu og þjónustu innanlands, og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi 280000000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 56000000	
		224 000 000
13.	Iðgjaldaskattur	9 000 000
14.	Innflutningsgjald	122 000 000
15.	Leyfisgjöld	53 000 000
16.	Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna	15 000 000
	Samtals ...	1222300000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans		6 900 000
2.	— áfengisverzlunar		154 500 000
3.	— tóbakseinkasölu		101 000 000
4.	— ríkisprentsmiðju		500 000
	Samtals ...	. . .	262 900 000
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur:		
	1. Seld frímerki og eyðublöð	26 500 000	
	2. Blöð og tímarit	1 400 000	
	3. Pósthólf	150 000	
	4. Endurgreiðsla fyrir erlenda böggla	1 700 000	
	5. Innheimta, sala orlofs- og sparimerkja	2 550 000	
	6. Vextir	400 000	
	7. Óvissar tekjur	600 000	
			33 300 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	1 600 000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	12 000 000	
	3. Önnur pósthús	8 000 000	
	4. Póstflutningar	8 800 000	
	5. Önnur gjöld	2 900 000	
			33 300 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		123 500 000
II.	Gjöld:		
	a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
	1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 3500000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 9300000		
	3. Stuttbylgju- og loftskeytastöðin í Reykjavík 3000000		
	4. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 36500000		
	5. Birgðahúsið 1350000		
	6. Ritsímastöðin á Akureyri 2300000		
	7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 1050000		
	8. Ritsímastöðin á Ísafirði 1400000		
	9. Ritsímastöðin Brú 750000		
	10. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum 1700000		
	11. Ritsímastöðin á Siglufirði 1250000		
	12. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva 14200000		
		76 300 000	
	b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	1 600 000	
	c. Viðbót og viðhald stöðva	7 600 000	
	d. Viðhald landssímanna	20 000 000	
	e. Framhaldsgjald	400 000	
	f. Ýmis gjöld	900 000	
	g. Fyrning á húsum og áhöldum	1 100 000	

3. gr.

	kr.	kr.
h. Vextir af lánum	1 650 000	
i. Almanna- og atvinnuleysistryggingar	740 000	
j. Endurnýjun og viðauki símakerfa og véla	6 310 000	116 600 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	6 900 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		4 150 000
II. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		900 000
III. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík og nágrenni (önnur greiðsla af fjórum)		4 000 000
IV. Til póst- og símahúss á Raufarhöfn		600 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	9 650 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		176 064 321
II. Gjöld:		
1. Laun	5 419 321	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	2 525 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	3 870 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	2 000 000	
5. Útsvar	7 750 000	21 564 321
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	154 500 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		110 976 000
II. Gjöld:		
1. Laun	1 455 519	
2. Annar rekstrarkostnaður	3 470 481	
3. Útsvar	5 050 000	9 976 000
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	101 000 000
5. Ríkisútvarpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	9 500 000	
b. Aðrar tekjur	6 945 000	16 445 000

		3. gr.	
		kr.	kr.
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Föst laun	4252600		
2. Aukavinna	1600000		
		5 852 600	
b. Útvarpsefni		3 250 000	
c. Skrifstofukostnaður		1 300 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		1 450 000	
e. Til útvarpsstöðva		2 125 000	
f. Til viðgerðarferða o. fl.		340 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		325 000	
h. Vegna höfundalaganna		850 000	
i. Óviss útgjöld		450 000	
j. Bifreiðakostnaður		220 000	
k. Fyrning á húsum og vélum		150 000	
			16 312 600
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			132 400
a. Tekjur		1 860 000	
b. Gjöld:			
1. Laun	498582		
2. Annar kostnaður	341418		
		840 000	
		1 020 000	
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	612000		
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	408000		
		1 020 000	
Aukið rekstrarfé Ríkisútvarpsins			132 400
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			5 750 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	408908		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	2470000		
		2 878 908	
2. Efnivörur		1 150 000	
3. Vélarekstur og viðhald		225 000	
4. Annar kostnaður		996 092	
			5 250 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	500 000

3. gr.

		kr.	kr.
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun	225000		
b. Annar kostnaður	535000		
		760 000	
÷ Tekjur af vörusölu		760 000	
8. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			4 410 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		821 867	
2. Vextir		550 000	
3. Fyrning		600 000	
4. Annar kostnaður		2 275 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar		163 133	
			4 410 000
9. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			14 259 000
II. Gjöld:			
1. Laun og skrifstofukostnaður		105 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		10 094 000	
3. Verkalaun		2 170 000	
4. Annar kostnaður		1 890 000	
			14 259 000
10. Innkaupastofnun ríkisins.			
I. Tekjur af vörusölu			745 000
II. Gjöld:			
1. Laun		428 589	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		90 000	
3. Annar kostnaður		226 411	
			745 000
11. Ríkisbú.			
a. Á Bessastöðum.			
1. Tekjur		639 000	
2. Gjöld		639 000	
b. Á Hvanneyri			
1. Tekjur		1 000 000	
2. Gjöld		1 000 000	
c. Á Hólum.			
1. Tekjur		500 000	
2. Gjöld		500 000	

3. gr.

	kr.	kr.
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	400 000	
2. Gjöld	400 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	850 000	
2. Gjöld	850 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	120 000	
2. Gjöld	120 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		50 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		1 800 000
4. Arður af hlutafjáreign		263 000
Samtals ...	. . .	2 293 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 13 700 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1960 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		9 850 875
2. Lán í dönskum krónum		2 247
3. Lán í dollurum		25 617
Samtals ...	. . .	9 878 739

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	189 210	
2. Risna	70 000	
		259 210
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		358 000
III. Bifreiðakostnaður		334 000
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum		467 000
V. Bessastaðakirkja		55 000
Samtals ...	. . .	1 473 210

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		10 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		50 000
Samtals ...	. . .	10 550 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	767410		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	150000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra 3000			
2. Húsaleiguuppbót 1260			
	4260		
d. Ríkisráð	11070		
		932 740	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	618680		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	812271		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	766236		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	771470		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	1601876		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun 588017			
b. Fálkaorðan 50000			
	638017		
f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	306368		
g. Utanríkisráðuneytið, laun	757557		
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	527646		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	391226		
j. Efnahagsmálaráðuneyti, laun	159520		
k. I. Hagstofan:			
1. Laun 1066071			
2. Útgáfa hagskýrslna 219000			
3. Annar kostnaður 500000			
	1785071		
II. Þjóðskráin:			
1. Laun 262948			
2. Annar kostnaður 478000			
	740948		
l. Aðrir starfsmenn, laun	194816		
m. Símakostnaður og burðargjöld	1550000		
n. Annar kostnaður ráðuneytanna	3150000		
o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	721000		
		15 492 702	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun	1290425		
b. Annar kostnaður	515000		
		1 805 425	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)	350000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	612000		

10. gr.

		kr.	kr.
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	385000		
		1 347 000	
			19 577 867
II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):			
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	813000		
b. Laun starfsfólks utan launalaga	213000		
c. Annar kostnaður	130500		
		1 156 500	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	838500		
b. Laun annarra starfsmanna	117000		
c. Annar kostnaður	234000		
		1 189 500	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1271000		
b. Laun annarra starfsmanna	327000		
c. Annar kostnaður	388500		
		1 986 500	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1138500		
b. Laun annarra starfsmanna	385500		
c. Annar kostnaður	238500		
		1 762 500	
5. Sendiráðið í París:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1942500		
b. Laun annarra starfsmanna	175500		
c. Annar kostnaður	400500		
		2 518 500	
6. Sendiráðið í Osló:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	874500		
b. Laun annarra starfsmanna	31500		
c. Annar kostnaður	150000		
		1 056 000	
7. Sendiráðið í Bonn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1061700		
b. Laun annarra starfsmanna	64500		
c. Annar kostnaður	214500		
		1 340 700	
8. Sendiráðið í Moskva:			
a. Laun samkv. launalögum	1378500		
b. Laun annarra starfsmanna	201000		
c. Annar kostnaður	418500		
		1 998 000	

10. gr.

		kr.	kr.
9.	Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:		
	a. Laun samkv. launalögum 751500		
	b. Laun annarra starfsmanna 186000		
	c. Annar kostnaður 230550		
		1 168 050	
10.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum 157500		
	b. Annar kostnaður 114000		
		271 500	
11.	Ræðismannsskrifstofan í Hamborg	186 000	
12.	Ferðakostnaður	450 000	
13.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins	1 260 000	
14.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins	1 820 000	
15.	Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi	400 000	
16.	Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	125 000	
17.	Til kjörræðismanna	40 000	
18.	Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	142 500	
19.	Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	404 550	
20.	Tillag til Sameinuðu þjóðanna (UN)	990 000	
21.	Tillag til Food and Agricultural Organization (FAO)	129 000	
22.	Tillag til Organization of the European Economic Cooperation (OEEC)	175 500	
23.	Tillag til Evrópuráðsins	232 500	
24.	Tillag til alþjóðahveitiráðsins	750	
25.	Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	690 690	
26.	Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	59 820	
27.	Tillag til tollanefndar Evrópu	2 250	
28.	Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna ...	304 800	
29.	Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga ...	20 043	
30.	Stofngjald og tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	89 500	
31.	Tillag til framleiðniráðs Evrópu (EPA)	73 710	
32.	Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	9 750	
33.	Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna	419 700	
34.	Tillag til European Nuclear Energy Agency	15 230	
35.	Tillag til Office of Scientific Personnel	14 676	
			22 503 719
	Samtals ...	. . .	42 081 586

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	791 163	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	310 000	
d. Annar kostnaður	291 000	
		1 402 163
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	939 085	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	355 000	
c. Annar kostnaður	157 000	
		1 451 085
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	827 079	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	105 000	
c. Annar kostnaður	152 000	
		1 084 079
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	1 162 014	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	335 000	
c. Annar kostnaður	783 000	
		2 280 014
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	834 682	
b. Aukavinna	170 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	406 600	
d. Annar kostnaður	244 000	
		1 655 282
6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	285 734	
b. Hiti, ljós og ræsting	116 000	
c. Annar kostnaður	243 000	
		644 734
7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	1 879 206	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun 5290202		
2. Annar kostnaður 4300000		
9590202		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins 1450000		
	8 140 202	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	175 000	
d. Viðhald embættisbústaða	337 500	
		10 531 908
8. Laun hreppstjóra		1 249 500
9. Lögreglukostnaður:		
a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
1. Laun lögregluþjóna 2156612		
2. Áhættuþóknun 129000		

11. gr.

		kr.	kr.
3. Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl.	465000		
4. Einkennisfatnaður og tryggingar	394000		
5. Bifreiðakostnaður	1030000		
6. Æfingaskáli og gufubaðstofa	40000		
7. Kostnaður vegna kvenlögreglu	35000		
8. Áhöld, námskeiðskostnaður o. fl.	105000		
		4 354 612	
b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:			
1. Laun lögregluþjóna	2132355		
2. Áhættuþóknun	140000		
3. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót	330000		
4. Einkennisfatnaður	280000		
5. Bifreiðakostnaður og tryggingar	576000		
6. Fæðisstyrkur lögreglumanna	327600		
7. Annar kostnaður	145000		
		3 930 955	
c. Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
1. Laun lögregluþjóna	581160		
2. Áhættuþóknun	42024		
3. Einkennisfatnaður og tryggingar	112000		
4. Álag á næturvinnu	52108		
		787 292	
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði		100 000	
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn		75 000	
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði		60 000	
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn		20 000	
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík		20 000	
i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað		20 000	
j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði		10 000	
k. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Skagaströnd		10 000	
l. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð		80 000	
m. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum		20 000	
n. Til löggæzlu í Grindavíkurhreppi		15 000	
o. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..		2 600 000	
p. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar		35 000	
q. Ýmis annar lögreglukostnaður		832 000	
r. Til löggæzlu í sveitum		400 000	
			13 369 859
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
1. Laun	392858		
2. Næturvinnuálag	55000		
3. Annar kostnaður	662000		
	1109858		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	554929		
		554 929	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
1. Laun	740930		
2. Næturvinnuálag	52113		

11. gr.

		kr.	kr.
3. Aukavinna	250000		
4. Annar kostnaður	1483000		
	2526043		
÷ Tekjur	412000		
		2 114 043	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaðar		122 000	
d. Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju		500 000	
e. Kostnaður við önnur fangahús		115 000	
f. Sjúkrakostnaður refsifanga		100 000	
			3 505 972
11. Til byggingar fangahúsa			475 000
12. Til undirbúnings nýskipunar fangelsismála			75 000
13. Kostnaður við sakamál og lögreglumál og málskostnaður		1 900 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður		250 000	
			1 650 000
14. Til fangahjálpar, samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra			210 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum			70 000
16. Laun sjó- og verzlunardómsmanna			160 000
17. Kostnaður við störf setu- og varadómara			220 000
18. Kostnaður við meðdómendur í einkamálum			50 000
19. Til útgáfu norræns dómasafns			40 000
20. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu:			
a. Varðskipið Þór		7 420 000	
b. Varðskipið Ægir		5 830 000	
c. Varðskipið Albert		3 555 000	
d. Varðskipið María Júlía		2 810 000	
e. Varðskipið Gautur		2 550 000	
f. Varðskipið Sæbjörg		2 010 000	
g. Fluggæzlan		3 800 000	
h. Leiguskip		560 000	
i. Kostnaður í landi og ýmis gæzla		2 060 000	
j. Varðskipið Óðinn		4 460 000	
		35 055 000	
÷ Tekjur		1 500 000	33 555 000
21. Bifreiðaeftirlit ríkisins:			
a. Laun		1 189 690	
b. Annar kostnaður		1 064 600	
		2 254 290	
÷ Tekjur		2 254 290	
22. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun		90 279	
b. Áhættuþóknun		5 417	
c. Annar kostnaður		150 000	
			245 696
23. Til húsameistara ríkisins:			
a. Laun		693 012	
b. Annar kostnaður		700 000	
		1 393 012	
÷ Tekjur af vinnu		300 000	
			1 093 012

11. gr.

		kr.	kr.
24.	Til bindindisstarfsemi:		
	a. Laun áfengisráðunautar	78 300	
	b. Til áfengisvarnaráðs (enda samþykki dómsmálaráðuneytið úthlutun fjárins)	700 000	
	c. Til Stórstúku Íslands	240 000	
	d. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:		
	1. Laun 53377		
	2. Ferðakostnaður 4650		
		58 027	
			1 076 327
25.	Til Íslandsdeildar norrænu lagamannasamtakanna styrkur vegna norræns lögfræðingamóts		50 000
	Samtals A. ...	. . .	76 144 631
	B. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).		
I.	Tollar:		
	a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	1. Laun 4739012		
	2. Lausavinna 620000		
	3. Húsaleiga, ljós og hiti 280000		
	4. Símakostnaður og burðargjöld 408000		
	5. Annar kostnaður 2100000		
		8 147 012	
	b. Tollgæzla:		
	1. Í Reykjavík:		
	a. Laun 3549228		
	b. Álag á næturvinnu 170000		
	c. Húsaleiga, ljós og hiti 582000		
	d. Símakostnaður 58000		
	e. Til kaupa á bifreið 140000		
	f. Annar kostnaður 1890000		
		6 389 228	
	2. Á Keflavíkurflugvelli:		
	a. Laun 636431		
	b. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót 90000		
	c. Einkennisfatnaður 77000		
	d. Hiti og ljós 12000		
	e. Fæðisstyrkur tollvarða 84000		
	f. Annar kostnaður 173000		
	g. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar 210000		
		1 282 431	
	3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
	a. Laun 1064670		
	b. Annar kostnaður 572000		
		1 636 670	
			17 455 341
II.	Skattar:		
	a. Ríkisskattanefnd:		
	1. Laun 385563		
	2. Annar kostnaður 160000		
		545 563	

11. gr.

		kr.	kr.
b.	Skattstofan í Reykjavík:		
	1. Laun	2473599	
	2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	865000	
	3. Tímavinna	1350000	
	4. Annar kostnaður	770000	
		5458599	
	÷ Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	644000	
			4 814 599
c.	Skattstofur utan Reykjavíkur		1 850 000
d.	Undirskattanefndir		1 575 000
e.	Yfirskattanefndir		650 000
f.	Millimatskostnaður		275 000
			9 710 162
III.	Eftirlit með sparisjóðum:		
a.	Laun		52 274
b.	Ferðakostnaður		5 000
			57 274
IV.	Eftirlit með opinberum sjóðum		19 000
V.	Kostnaður við embættiseftirlitsferðir		50 000
VI.	Framlag til skýrsluvéla (síðari greiðsla)		225 000
VII.	Innheimtulaun		400 000
	Samtals B. ...	. . .	27 916 777
	C. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		1 750 000
	Samtals C. ...	. . .	1 750 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt (heilbrigðismálaráðuneyti):

		kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:		
	a. Laun	216 199	
	b. Annar kostnaður	115 000	
			331 199
II.	Héraðslæknar:		
	1. Laun	4 748 583	
	2. Símakostnaður og burðargjöld	100 000	
			4 848 583
III.	Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð		72 450
IV.	Ríkisspítalar:		
	A. Landsspítalinn:		
	1. Laun:		
	a. Föst laun 10987068		
	b. Bifreiðastyrkir 192000		
	11179068		
	2. Matvörur 3312000		
	3. Ljósmæðraskólinn 212000		
	4. Til blóðsegavarna 100000		
	5. Annar kostnaður 9024003		
	23827071		
	÷ Tekjur 11954795		
	Rekstrarhalli ...	11 872 276	
	B. Fæðingardeild Landsspítalans:		
	1. Laun:		
	a. Föst laun 3890186		
	b. Bifreiðastyrkir 42000		
	3932186		
	2. Fæðiskostnaður 1035000		
	3. Annar kostnaður 3506000		
	8473186		
	÷ Tekjur 4355000		
	4118186		
	÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla 2745457		
	Rekstrarhalli ...	1 372 729	
	C. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands:		
	1. Laun 1138118		
	2. Fæðiskostnaður 103000		
	3. Annar kostnaður 565000		
	1806118		
	÷ Tekjur 300000		
		1 506 118	

12. gr.

		kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Föst laun 3853816			
b. Bifreiðastyrkur 33000			
	3886816		
2. Matvörur	1432000		
3. Annar kostnaður	3265000		
	8583816		
÷ Tekjur	3427000		
Rekstrarhalli ...		5 156 816	
E. Heilsuhælið í Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Föst laun 1300000			
b. Bifreiðastyrkir 24000			
	1324000		
2. Matvörur	547000		
3. Annar kostnaður	676000		
	2547000		
÷ Tekjur	1311000		
Rekstrarhalli ...		1 236 000	
F. Geðveikrahælið á Kleppi:			
1. Laun:			
a. Föst laun 6919277			
b. Bifreiðastyrkir 33000			
	6952277		
2. Matvörur	2567000		
3. Annar kostnaður	3380000		
	12899277		
÷ Tekjur	10530000		
Rekstrarhalli ...		2 369 277	
G. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
1. Laun	322209		
2. Matvörur	52000		
3. Annar kostnaður	108000		
	482209		
÷ Tekjur	13250		
Rekstrarhalli ...		468 959	
H. Fávitahælið í Kópavogi:			
1. Laun	2283224		
2. Matvörur	644000		
3. Annar kostnaður	745000		
	3672224		
÷ Tekjur	2980000		
Rekstrarhalli ...		692 224	

12. gr.

		kr.	kr.
I.	Blóðbankinn:		
	1. Laun 334050		
	2. Annar kostnaður 232000		
	566050		
	÷ Tekjur 251750		
		314 300	
			24 988 699
V.	Rannsóknarstofa háskólans:		
	1. Laun:		
	a. Föst laun 1585762		
	b. Bifreiðastyrkir 48000		
		1 633 762	
	2. Annar kostnaður	930 000	
		2 563 762	
	÷ Tekjur af rannsóknum	1 129 000	
			1 434 762
VI.	Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum ...		3 800 000
VII.	Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði og Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi, 10 kr. á legudag, allt að		825 000
VIII.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	a. Reykjavík	1 400 000	
	b. Aðrir kaupstaðir	220 000	
			1 620 000
	Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
IX.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		2 850 000
X.	Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík		1 425 000
XI.	Til héraðshjúkrunarkvenna		35 000
XII.	Embætti skólayfirlæknis:		
	a. Laun	92 323	
	b. Annar kostnaður	31 000	
			123 323
XIII.	Til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum nr. 36/1950		40 000
XIV.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum sóttvarnarlaga, nr. 34 12. apríl 1954		50 000
XV.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttalaga, nr. 10/1958		25 000
XVI.	Til lækningaferða sérfræðinga		30 000
XVII.	Til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
XVIII.	Til námsferða héraðslækna og annarra embættislækna eftir úthlutun landlæknis		50 000
XIX.	Til norrænu lyfjaskrárnefndarinnar		11 625

12. gr.

		kr.	kr.
XX.	Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum		200 000
XXI.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XXII.	Til umbúðasmíði vegna fatlaðra		36 000
XXIII.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum landlæknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins		150 000
XXIV.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra (áætlað)		813 000
XXV.	Matvælaeftirlitið:		
	1. Laun	132 651	
	2. Annar kostnaður	265 000	
			397 651
XXVI.	Tillag til World Health Organization		227 700
XXVII.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		285 000
XXVIII.	Til Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur		100 000
	Samtals ...	. . .	44 803 992

13. gr.

Til samgöngumála, veðurþjónustu o. fl. er veitt (samgöngumálaráðuneyti):

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun	1 987 408	
	2. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	1 315 000	
		3 302 408	
	÷ Fært á ýmis verk af ferðakostnaði og launum verkfræðinga	1 000 000	
		2 302 408	
	3. Annar skrifstofukostnaður	1 000 000	
			3 302 408
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Grindavíkurvegur	150000	
	2. Eyrarfjallsvegur	40000	
	3. Kjósarskarðsvegur	120000	
	4. Skorradalsvegur	110000	
	5. Mófellsstaðavegur	50000	
	6. Lundarreykjadalsvegur	40000	
	7. Skálpastaðavegur	55000	
	8. Flókadalsvegur	70000	
	9. Reykdælavegur	95000	
	10. Hálsasveitarvegur	40000	
	11. Svínadalsvegur	60000	
	12. Melasveitarvegur	20000	
	13. Hvalfjarðarvegur	250000	
	14. Hvítársíðuvegur	90000	
	15. Þverárhlíðarvegur	90000	
	16. Varmalandsvegur	50000	
	17. Ferjubakkavegur	70000	
	18. Álftanesvegur	25000	
	19. Grímsstaðavegur	20000	
	20. Hraunhreppsvegur	200000	
	21. Sauravegur	50000	
	22. Hítarnesvegur	20000	
	23. Hnappadalsvegur (Hlíðarvegur)	20000	
	24. Kolviðarnesvegur	35000	
	25. Skógarnesvegur	25000	
	26. Lýsuhólsvegur	30000	
	27. Ólafsvíkurvegur	80000	
	28. Útnesvegur	150000	
	29. Eyrarsveitarvegur	280000	
	30. Framsveitarvegur	100000	
	31. Borgarlandsvegur	30000	
	32. Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	100000	
	33. Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110000	

		13. gr.	
		kr.	kr.
34.	Miðdalavegur	20000	
35.	Hörðudalsvegur	15000	
36.	Haukadalsvegur	80000	
37.	Laxárdalsvegur	60000	
38.	Vesturlandsvegur í Svínadal	180000	
39.	Lauga- og Sælingsdalsvegur	15000	
40.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	185000	
41.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	60000	
42.	Staðarhólsvegur	30000	
43.	Heydalsvegur	150000	
44.	Reykhólavegur	115000	
45.	Gufudalsvegur	10000	
46.	Bæjarnes- og Svínanesvegur	20000	
47.	Fjarðarhlíðarvegur	90000	
48.	Barðastrandarvegur	190000	
49.	Rauðasandsvegur	45000	
50.	Örlygshafnarvegur	135000	
51.	Kollsvíkurvegur	60000	
52.	Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns	30000	
53.	Bíldudalsvegur á Mikladal	200000	
54.	Tálknafjarðarvegur	110000	
55.	Suðurfjarðavegur	20000	
56.	Dalahreppsvegur	30000	
57.	Vestfjarðavegur	500000	
58.	Ingjaldssandsvegur	100000	
59.	Flateyrarvegur	200000	
60.	Suðureyrarvegur	150000	
61.	Fjarðavegur	100000	
62.	Snæfjallastrandarvegur	100000	
63.	Ögurvegur	575000	
64.	Vatnsfjarðarvegur	20000	
65.	Reykjarfjarðarvegur	525000	
66.	Strandavegur	115000	
67.	Vatnsnesvegur	160000	
68.	Hlíðardalsvegur	40000	
69.	Vesturárdalsvegur	80000	
70.	Austursíðuvegur	80000	
71.	Fitjavegur	45000	
72.	Borgarvegur	25000	
73.	Vatnsdalsvegur að austan	230000	
74.	Svínadalsvegur	30000	
75.	Skagastrandar- og Skagavegur	60000	
76.	Reykjabraut	35000	
77.	Svartárdalsvegur	145000	
78.	Skagavegur	25000	
79.	Reykjastrandarvegur	60000	
80.	Skagafjarðarvegur	180000	
81.	Efribyggðarvegur	120000	
82.	Hólavegur	230000	
83.	Hofsósvegur	100000	

13. gr.

		kr.	kr.
84.	Siglufjarðarvegir ytri og fremri, eftir nánari ákvörðun samgöngumálaráðherra	500000	
85.	Ólafsfjarðarvegur eystri	60000	
86.	Múlavegur	300000	
87.	Svarfaðardalsvegur	100000	
88.	Hörgárdalsvegur ytri	70000	
89.	Djúpadalsvegur	100000	
90.	Svalbarðsstrandarvegur	60000	
91.	Fnjóskadalsvegur eystri	250000	
92.	Fnjóskadalsvegur vestri	120000	
93.	Vegir í Grýtubakkahreppi	80000	
94.	Bárðardalsvegur eystri	40000	
95.	Bárðardalsvegur vestri	45000	
96.	Út-Kinnarvegur	10000	
97.	Austurhlíðarvegur	25000	
98.	Tjörnesvegur og Þingeyjarsýslubraut milli byggða	225000	
99.	Hólsfjallavegur	85000	
100.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur	400000	
101.	Öxarfjarðarheiðarvegur vestan heiðar	15000	
102.	Langanesvegur utan heiðar	40000	
103.	Sandvíkurheiði	190000	
104.	Vopnafjarðarvegir	200000	
105.	Jökuldalsvegur efri	70000	
106.	Jökuldalsvegur eystri	90000	
107.	Kirkjubæjarvegur	85000	
108.	Upphéraðsvegur	115000	
109.	Hróarstunguvegur eystri austan Lagarfljóts	40000	
110.	Borgarfjarðarvegur	80000	
111.	Hólalandsvegur	40000	
112.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri	90000	
113.	Fjarðarheiðarvegur	150000	
114.	Austurlandsvegur	270000	
115.	Skógavegur	100000	
116.	Mjóafjarðarvegur	80000	
117.	Eskifjarðarvegur	30000	
118.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi	75000	
119.	Fáskrúðsfjarðarvegur	140000	
120.	Stöðvarfjarðarvegur	110000	
121.	Stöðvarfjarðarvegur milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur	200000	
122.	Breiðdalsvegir	100000	
123.	Berufjarðarvegur	95000	
124.	Geithellnavegur	95000	
125.	Lónsheiðarvegur	270000	

13. gr.

		kr.	kr.
126. Almannaskarðsvegur	135000		
127. Suðursveitarvegur	140000		
128. Öræfavegur	80000		
129. Síðu- og Fljótshverfisvegur	75000		
130. Landbrotsvegur syðri	185000		
131. Meðallandsvegur	200000		
132. Skálavegur	175000		
133. Út-Landeyjavegur	15000		
134. Rangárvallavegur efri	80000		
135. Gunnarsholtsvegur	80000		
136. Landvegur	60000		
137. Þykkvabæjarvegur	50000		
138. Heiðarvegur	320000		
139. Hamravegur	20000		
140. Ásvegur	20000		
141. Langholtsvegur	70000		
142. Laugardalsvegur	280000		
143. Grafningsvegur	30000		
144. Sólheimavegur	70000		
145. Þorlákshafnarvegur	100000		
146. Þingvallavegur vestan Almannagjár	500000		
		16 480 000	
b. Viðhald		50 000 000	
	7. Norðfjörður	300 000	
	8. Vestmannaeyjar	500 000	
	9. Flugbrautalýsing	300 000	
	10. Vinnuvélar	300 000	
	11. Ýmsar framkvæmdir	1 000 000	
			8 720 000

20. gr.

		kr.	kr.
XI.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000
XII.	Til sjúkraflugvalla		492 100
XIII.	1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	300 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	4. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
	5. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	2 000 000	
	6. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum	200 000	
	7. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
			4 095 000
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		144 000
XVI.	Útihúsa á prestssetrum		734 000
XVII.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		513 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XIX.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		200 000
XX.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000
XXI.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		342 000
XXII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000
XXIII.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, þar af 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		14 000 000
XXIV.	Til byggingarsjóðs Listasafns Íslands		500 000
XXV.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		342 000
XXVI.	Til aukningar landhelgisgæzlu		8 750 000
XXVII.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVIII.	Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum		330 000
XXIX.	Til að byggja eina hæð ofan á Arnarhvál		500 000
XXX.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXXI.	Til kaupa á jarðbor fyrir Norðurland		1 000 000
	Samtals ...	. . .	117 462 082

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 222 300 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		262 900 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 293 000
5. gr.	Óvissar tekjur		13 700 000
	Samtals ...	. . .	1 501 203 000

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 500 203 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	1 501 803 000

firlit.

irlit.

21. gr.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		9 878 739
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 473 210
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		10 550 000
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		42 081 586
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	76 144 631	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	27 916 777	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 750 000	105 811 408
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		44 803 992
3. gr.	A.	Vegamál	90 964 408	
—	B.	Samgöngur á sjó	19 341 500	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	26 144 921	
—	D.	Flugmál	9 513 984	
—	E.	Veðurþjónusta	4 481 307	
—	F.	Ýmis mál	4 114 825	154 560 945
4. gr.	A.	Kennslumál	166 582 572	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	12 563 918	179 146 490
5. gr.		Kirkjumál		13 392 206
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	79 501 732	
—	B.	Sjávarútvegsmál	19 748 389	
—	C.	Iðnaðarmál	4 403 000	
—	D.	Raforkumál	36 561 664	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	8 796 523	149 011 308
7. gr.		Til félagsmála		320 665 129
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		28 447 147
9. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		323 900 000
		Rekstrarafgangur		117 480 840
		Samtals	. . .	1 501 203 000

yfirlit.

		kr.
	Út:	
—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 383 722 160
	Aðrar útborganir:	
0. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	117 462 082
	Greiðslujöfnuður	618 758
	Samtals	1 501 803 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1960 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

V. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1959 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

X. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XI. Að ábyrgjast fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lán allt að 400 þús. dollara til að reisa hraðfrystistöð í Hollandi, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur viðunandi.

XII. Að lána eða ábyrgjast lán að upphæð 1.2 millj. kr. til útsölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

XIII. Að ábyrgjast allt að 7.5 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til aukningar á geymslurými fyrir bræðslusíld hjá verksmiðjunum á Raufarhöfn, svo og til byggingar löndunarbryggju þar á staðnum og uppsetningar nýrra löndunartækja.

XIV. Að ábyrgjast allt að 1.4 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp viðbótartækjum við soðvinnslustöð verksmiðjanna á Siglufirði.

XV. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri vegna leigu á skipum til síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum.

XVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, enda verði umbæturnar gerðar í samráði við ríkisstjórnina.

XVII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til byggingar lýsisgeyma og mjölhúss við síldarverksmiðju S. R. á Húsavík.

XVIII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XIX. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. (Endurveiting.)

XX. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XXI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XXII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XXIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XXIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XXV. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1961.

XXVI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting).

XXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXVIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XXX. Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi. (Endurveiting.)

XXXI. Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.

XXXII. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

XXXIII. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XXXIV. Að taka að sér að greiða eftirstöðvar af svonefndum þurrafúalánum og gefa útvegsmönnum eftir kröfurnar.

XXXV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XXXVI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.

XXXVII. Að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst.

XXXVIII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXXIX. Að taka erlent lán að upphæð allt að 1.2 millj. dollara, eða jafnvirði í annarri mynt, til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

XL. Að verja allt að 6 millj. kr. til samgöngubóta á Mýrdalssandi.

XLI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 1.8 millj. kr. lán til Skipasmíðastöðvarinnar Dröfn í Hafnarfirði til endurbóta á dráttarbraut.

XLII. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðsson h/f á Ísafirði vegna byggingar nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLIII. Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 3 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLIV. Til þess að stuðla að því, að framvegis verði haldið uppi gistihúsrekstri að Hótel Borg í Reykjavík, að falla frá innheimtu stimpil- og þinglestursgjalda í sambandi við kaup h.f. Hótel Borg á húseigninni ásamt fylgifé. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir niðurfelling gjaldanna, er hún telur nauðsynleg, þar á meðal að gjöldin skuli kræf, ef hætt verður að nota fasteign þessa sem gistihús.

XLV. Að selja flugskýli flugmálastjórnarinnar á Ísafirði við því verði og greiðslukjörum, sem ríkisstjórnin telur hagstæð. Andvirði skýlisins verði varið til flugvallagerðar við Ísafjörð.

XLVI. Að ábyrgjast fyrir Þorvald Guðmundsson forstjóra allt að 20 millj. kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til þess að reisa gistihús í Reykjavík. Eigi má þó ábyrgðarfjárhæð fara fram úr 80% af stofnkostnaði. Enn fremur er það skilyrði sett, að ríkissjóður fái 1. veðrétt í byggingunni ásamt húsbúnaði og aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLVII. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

XLVIII. Að verja allt að 3.5 millj. króna af andvirði eigna Fiskiðjuvers ríkisins til að fullgera og búa tækjum þann hluta Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, sem ætlaður er fyrir tilraunir með nýjar og endurbættar vinnsluaðferðir, prófun tækja og kennslu fyrir verkstjóra og matsmenn í fiskiðnaði.

XLIX. Að hefja byggingu æfingarskóla fyrir Kennaraskóla Íslands í samvinnu við Reykjavíkurbæ, þannig að ríkissjóður greiði ⅗ kostnaðarins, en Reykjavíkurbær ⅖ hluta.

L. Að gefa Rauða Krossi Íslands eftir skuld, að upphæð 45 þús. kr., vegna kaupa á dieselljósasamstæðu hjá sölunefnd varnarliðseigna árið 1953.

LI. Að kaupa bókasafn séra Helga Konráðssonar prófasts fyrir allt að 250 þús. kr., enda náist samkomulag við aðila í Skagafirði um að greiða allt að ⅔ hlutum af andvirði safnsins og um ráðstöfun þess til fræðiiðkana á þann hátt, sem ríkisstjórnin telur viðunandi.

23. gr.

Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt frá 1. febr. 1960 að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrisgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slíka uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1960 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 261. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá Birni Jónssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 17. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svofelld:
Ákvæði þessarar greinar um hæð bóta skulu taka til þeirra bótaskyldu banaslysa, er urðu á árinu 1959.

Nd. 262. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leitað umsagnar biskups Íslands, Æskulýðssambands Íslands og Æskulýðsráðs Reykjavíkur, sem allir mæla eindregið með samþykkt frv. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts, en minni hl. mun skila séráliti og breytingartillögu.

Alþingi, 30. marz 1960.

Benedikt Gröndal, form. Alfreð Gíslason, frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr.

Björn Fr. Björnsson.

Nd. 263. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1960.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Alfreð Gíslason. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 264. Frumvarp til laga [73. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Þeir, sem öðlazt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 265. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það og er sammála um nauðsyn þess fyrir Húsavíkurkaupstað að ná eignarhaldi á túninu. Leggur nefndin því einróma til, að frumvarpið verði samþykkt. Nefndin hefur einnig athugað framkomna breytingartillögu við frumvarpið þess efnis, að andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju. Tekur nefndin sem heild ekki afstöðu til þeirrar tillögu.

Alþingi, 30. marz 1960.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.

Alfreð Gíslason. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 266. Frumvarp til laga [110. mál]

um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar skv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Sveitarstjórinn í Garðahreppi hefur með bréfi, dags. 21. þ. m., sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því f. h. hreppsnefndar Garðahrepps, að frv. til laga um löggildingu verzlunarstaðar við Arnarnesvog verði flutt á yfirstandandi þingi.

Svæði það, sem hreppsnefndin ráðgerir sem verzlunarsvæði við Arnarnesvog (Silfurtún og nágrenni), hefur byggzt mjög upp á undanförnum árum og verður orðið að einu þéttbýli innan örfárra ára.

Íbúatala innan takmarka verzlunarsvæðisins, eins og það er ráðgert, mun vera tæp 700.

Fylgiskjal.

Sveitarstjórinn í Garðahreppi

Garðahreppi, 21. marz 1960.

Hr. alþingism.
Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Garðahrepps hefur undirrituðum verið falið að annast nauðsynlegan undirbúning að breytingu á skráningu hreppsins, þannig að hann verði framvegis skráður kauptúnshreppur.

Í því sambandi þarf að fá flutt á Alþingi frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Arnarnesvog í Garðahreppi, og sný ég mér því til yðar, hr. alþingismaður, með ósk um, að þér flytjið á yfirstandandi þingi frumvarp þess efnis.

Takmörk hins fyrirhugaða verzlunarsvæðis hefur hreppsnefndin samþykkt að verði þannig:

„Að norðan: Arnarnesvogur. Að vestan: Úr Arnarnesvogi meðfram austur- og norðurbrúnum Gálgahrauns og Garðahrauns í Engidal að vörðu á hraunbrúninni við veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Þaðan bein lína í Hádegishól. Þaðan bein lína að markalínu Hofstaða og Silfurtúns, þar sem hún kemur að Vífilsstaðavegi. Síðan eftir þeim mörkum að Arnarneslæk og meðfram Arnarneslæk til sjávar."

Er það ósk mín, fyrir hönd hreppsnefndar Garðahrepps, að þér gerið það, sem unnt er, til að flýta máli þessu svo, að öruggt sé, að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,

Þórður Reykdal.

Ed. 267. Lög [99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959,, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 220.

Ed. 268. Lög

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 237 (sbr. 127).

Nd. 269. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til að aðstoða við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

Æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar skal ráðinn til allt að 3 ára í senn, og skal hann hafa sömu laun og sóknarprestar.

Laun æskulýðsfulltrúa svo og ferðakostnaður vegna starfa hans skulu greidd úr prestakallasjóði.

Nd. 270. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum, en eigi orðið sammála. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en ég flyt á þingskjali 269 breytingartillögu þess efnis, að laun æskulýðsfulltrúa, sem biskupi er samkv. frumvarpinu heimilað að ráða, verði greidd úr prestakallasjóði, en ekki úr ríkissjóði, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á því er hin brýnasta þörf, að þjóðfélagið láti sér annara en fram til þessa um menningarlega aðbúð æskulýðsins og tryggi svo sem unnt er, að hamlað sé gegn óhjákvæmilegum spillingaráhrifum í okkar borgaralega þjóðfélagi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt, að fé, sem þjóðin vill verja í þessu skyni, sé

sérstaklega beint til þjóðkirkjunnar, svo sem gert væri með samþykkt þessa frumvarps, heldur eigi sú starfsemi að vera í höndum almennra félagssamtaka og bæjar- og sveitarfélaga, þannig að tryggt sé, að starfsemin sé almenn og almenningur geti á hverjum stað og tíma haft áhrif á það, hverjir fara með stjórn þessara mála, og veitt með því það aðhald, sem þörf er á, þegar ráðstafað er almannafé.

Óski þjóðkirkjan að láta æskulýðsstarfsemi meir til sín taka en verið hefur til þessa, tel ég, að hún hafi til þess eigið fé, sem nota bæri í þessu skyni, en skv. lögum um prestakallasjóð er m. a. ætlazt til þess, að fé úr honum sé varið til menningarstarfsemi. Hef ég því leyft mér að flytja breytingartillögu við frumvarpið í þá átt, en í prestakallasjóði munu nú vera um 2 millj. kr. Með vaxtatekjum sjóðsins ætti að vera séð fyrir launum æskulýðsfulltrúa þess, sem þjóðkirkjan óskar eftir, án þess að ríkissjóði aukist greiðsluskylda vegna nýs embættis, á sama tíma sem hert er sultarólin að allri alþýðu manna.

Alþingi, 31. marz 1960.

Geir Gunnarsson.

Ed. 271. Frumvarp til laga [51. mál]

um kornrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. marz.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

   Nú verður kornræktarfélag ekki stofnað, og er þá heimilt að veita einstaklingi sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.

6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hliti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn, ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
2. Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 100000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Ed. 272. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

6. gr. laga nr. 46/1954 I. töluliður orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10 000 kr. skattgjaldstekna greiðist ..... 5 %

— 10 000— 30 000 kr.	greiðist	500 kr.	af	10 000 kr.	og	10 %	af	afgangi
— 30 000— 50 000 —	—	2 500 —	—	30 000 —	—	15 %	—	—
— 50 000— 70 000 —	—	5 500 —	—	50 000 —	—	20 %	—	—
— 70 000— 90 000 —	—	9 500 —	—	70 000 —	—	25 %	—	—
— 90 000—110 000 —	—	14 500 —	—	90 000 —	—	30 %	—	—

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

2. gr.

10. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

a-liður, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1959, fellur niður og breytast greinarliðir samkvæmt því.

k-liður (verður j-liður), síðasti málsliður 2. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b, orðist þannig:

Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15 000 kr.

k-liður (sem verður j-liður) 3. mgr. sbr. lög nr. 36/1958. 4. gr. b. orðist þannig:

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

l-liður (verður k-liður) orðist svo:

Kostnaður við stofnun heimils skal dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema kr. 20 000.00. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

3. gr.

11. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Séu tekjurnar meiri en 10 þús. kr. er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

4. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 5. gr. b., orðist svo:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin, annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta hjónin krafizt þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, ákvað hún „að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.“

Með bréfi, dags. 8. janúar 1960, skipaði fjármálaráðherra eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða öll gildandi lög um tekju- og eignarskatt:

Björn Ólafsson, fyrrv. ráðherra, sem er formaður nefndarinnar.
Gísla Jónsson, alþingismann.
Jón Þorsteinsson, alþingismann.
Ólaf Björnsson, alþingismann.
Sigurð Ingimundarson, alþingismann.
Svavar Pálsson, endurskoðanda.

Enn fremur var ákveðið, að Sigtryggur Klemensson, ráðuneytisstjóri, skuli taka sæti í nefndinni, þegar fjallað er um þau atriði, er varða framkvæmd skattamála.

Vegna hins víðtæka verkefnis nefndarinnar var ljóst, að ekki yrði unnt að leggja fyrir Alþingi, er nú situr, nema nokkrar breytingar á skattalögunum, er helzt væru aðkallandi. Ein af þessum breytingum var fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Er gerð grein fyrir þeirri breytingu og öðrum breytingum, sem standa í sambandi við hana, í eftirfarandi athugasemdum. Að öðru leyti mun nefndin halda áfram heildarendurskoðun sinni á lögunum með það fyrir augum að geta afhent tillögur sínar nógu tímanlega fyrir næsta Alþingi.

Hér fara á eftir athugasemdir um hverja grein:

Um 1. gr.

Breytingar þær, sem hér eru gerðar á skattstigum, og ákvæði 12. gr. um skattfrjálsan tekjufrádrátt, miða að lögfestingu þeirrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Við ákvörðun á skattfrjálsum tekjum þótti sjálfsagt að taka verulegt tillit til fjölskylduframfæris. Með tilliti til þessa þótti ekki fært að afnema með öllu tekjuskatt af einstaklingum með hærri tekjur en 50 þús. Skattfrjálsar tekjur hjóna verða

70 þús., og síðan hækka skattfrjálsar tekjur um 10 þús. fyrir hvert barn. Hjón með tvö börn verða þá skattfrjáls, þó að þau hafi 90 þús. kr. tekjur, og hjón með 4 börn fá skattfrjálsar 110 þús. kr. Það má því segja, að tekjuskattur sé algerlega afnuminn af venjulegum launatekjum, nema að því leyti, er nauðynlegt þótti til jöfnunar á aðstöðu manna vegna mismunandi framfærslubyrði.

Í núgildandi lögum eru skattstigar tveir, fyrir einstaklinga og fyrir hjón. En þar sem nú er gert ráð fyrir, að skattar af venjulegum launatekjum séu að mestu afnumdir og skattfrjáls frádráttur vegna barna verði tvöfaldaður, þótti ekki ástæða til þess að hafa nema einn skattstiga.

Skattstigar þeir, sem nú er lagt til að falli niður, risu mjög hægt af fyrstu 40 þús. kr. skattskyldra tekna, og var það nauðsyn vegna þess, að persónufrádráttur var í algeru ósamræmi við framfærslukostnað og þurftartekjur skattlagðar. Nú verður tekjuskatti aðeins haldið við á hátekjum, og þótti því rétt að láta skattstigana rísa í fyrstu nokkuð örar en áður var, en að öðru leyti er skattstiginn mjög svipaður þeim eldri. Vegna hins ríflega skattfrjálsa frádráttar lækka þó skattar af öllum tekjum mjög verulega. Má því ætla, að breytingin, ef samþykkt verður, nái þeim tilgangi, sem m. a. er til ætlazt, að óhófleg skattlagning dragi ekki úr vilja manna til framtaks og vinnusemi.

Um 2. gr.

1. a-liður.

Á Alþingi 1959 var samþykkt að undanþiggja skatti atvinnutekjur, er skattþegn hefur aflað sér með eftir- nætur- og helgidagavinnu við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar.

Tilgangur þessa lagaákvæðis mun hafa verið sá, að koma í veg fyrir, að menn af skattaástæðum yrðu ófúsir til þess að vinna slíka yfirvinnu. Þar sem nú er ákveðin stórfelld lækkun á tekjuskatti almennt er eigi jafnmikil ástæða til þess og áður að veita nefnda undanþágu frá skattskyldu.

Það hefur ennfremur komið í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Oft er mjög erfitt að greina milli venjulegrar dagvinnu og yfirvinnu, auk þess sem erfitt er að skilgreina hvað séu „bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa“ eins og í lögunum segir. Mörg fyrirtæki framleiða jöfnum höndum fyrir innlendan og erlendan markað, þannig að ókleift virðist að aðgreina að hve miklu leyti yfirvinna, sem unnin er hjá slíkum fyrirtækjum, sé í þágu útflutnings eða framleiðslu fyrir innlendan markað. Má þar til nefna sláturhúsin sem dæmi. Af þessum ástæðum er lagt til, að a-liður 10. gr. verði felldur niður.

Tekið skal fram, að skattfríðindin, sem felld eru niður samkvæmt þessum lið, gilda ekki um tekjur, sem aflað er á árinu 1959 og þá að sjálfsögðu ekki heldur um tekjur, sem aflað er 1960.

2. k-liður, 2. og 3. málsgr.

Frádráttur samkvæmt þessum lið hefur verið miðaður við persónufrádrátt, sem nú er í lögum, en er nú tilgreindur með ákveðinni fjárhæð, sökum þess að persónufrádrátturinn fyrir einstaklinga og hjón skv. 12. gr. fellur nú niður.

3. l-liður. Sama skýring og við k-lið.

Um 3. gr.

Breytingin á 2. málsgr. er gerð vegna hækkunar á frádrætti fyrir skylduómaga. Breytingin á 4. málsgr. er afleiðing af breytingu á 6. gr.

Um 4. gr.

Með þessari breytingu á 12. gr. laga nr. 46/1954 er persónufrádráttur felldur niður, en frádráttur fyrir börn og skylduómaga er hækkaður úr kr. 4500.00 upp í kr. 10000.00 fyrir barn. Enn fremur fellur niður ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu.

Nd. **273. Frumvarp til laga** [112. mál]

um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað ákvæða 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaga, nr. 66/1945, skal útsvörum jafnað niður samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að þau ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 10. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði 3. gr. d. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

3. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá með þeim frávikum, sem hér greinir:

a. Heimilt er að véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi metið framtalið gilt.
b. Víkja má frá ákvæðum skattalaga
um sérstakan frádrátt frá tekjum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1958,
um tapsfrádrátt á milli ára og
um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum.
Frávik samkv. þessum staflið gjaldanda í óhag má þó eigi meira vera en það var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959.
c. Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu skv. b-lið 28. gr. útsvarslaganna.
d. Heimilt er að leggja útsvör á veltu samkvæmt ákvæðum 5.—7. gr. laga þessara.

4. gr.

Að loknum leiðréttingum niðurjöfnunarnefndar samkv. 3. gr., skal útsvörum jafnað niður samkv. reglum þeim, sem um getur í 5.—12. gr. laga þessara.

5. gr.

Í Reykjavík skulu útsvör vera sem hér segir:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af	25— 35 þús. kr.	greiðast	940.00 kr.	af	25 þús. kr.	og	19 % af afg.
—	35— 45 — —	—	2 840.00 —	—	35 — —	—	21 % — —
—	45— 60 — —	—	4 940.00 —	—	45 — —	—	23 % — —
—	60—100 — —	—	8 390.00 —	—	60 — —	—	25 % — —
—	100 þús. kr. og þar yfir	—	18 390.00 —	—	100 — —	—	30 % — —

Frá útsvari eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

2. Félög.

Af	1—75	þús.	kr.		greiðast	200	kr.	af	1	þús. kr. og 20 % af afg.
—	75	þús.	kr.	og þar yfir	—	15 000	—	—	75	— — — 30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðast:

Af	40—	70	þús.	kr.	greiðast	100	kr.	af	40	þús. kr. og	5 ‰ af afg.
—	70—100	—	—		—	250	—	—	70	— — —	6 ‰ — —
—	100—150	—	—		—	430	—	—	100	— — —	7 ‰ — —
—	150—200	—	—		—	760	—	—	150	— — —	8 ‰ — —
—	200—250	—	—		—	1 180	—	—	200	— — —	9 ‰ — —
—	250	þús.	kr.	og þar yfir	—	1 630	—	—	250	— — —	10 ‰ — —

c. Um útsvör á veltu fer skv. því, sem hér segir:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%, en þó hvergi hærri hundraðshluti, miðað við tegund verzlunar eða þjónustu, en hann var árið 1959.

6. gr.

Í öðrum kaupstöðum skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar:

Af	15—20	þús.	kr.		greiðast	200	kr.	af	15	þús. kr. og	16 % af afg.
—	20—30	—	—		—	1 000	—	—	20	— — —	23 % — —
—	30—40	—	—		—	3.300	—	—	30	— — —	24 % — —
—	40—50	—	—		—	5 700	—	—	40	— — —	25 % — —
—	50—60	—	—		—	8 200	—	—	50	— — —	26 % — —
—	60—70	—	—		—	10 800	—	—	60	— — —	27 % — —
—	70—80	—	—		—	13 500	—	—	70	— — —	28 % — —
—	80—90	—	—		—	16 300	—	—	80	— — —	29 % — —
90	þús.	kr.	og	þar yfir	—	19 200	—	—	90	— — —	30 % — —

Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. a. 1.

2. Félög:

Af	1—75	þús.	kr.		greiðast	200	kr.	af	1	þús. kr. og 20 % af afg.
—	75	þús.	kr.	og þar yfir	—	15 000	—	—	75	— — — 30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðist:

Af	25— 50 þús. kr.	greiðast	100	kr. af	25	þús. kr.	og	5 ‰	af afg.
—	50—100 — —	—	225	— —	50	—	— —	8 ‰	— —
—	100—200 — —	—	625	— —	100	—	— —	12 ‰	— —
—	200 þús. kr. og þar yfir	—	1 825	— —	200	—	— —	15 ‰	— —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu og má eigi hærri vera en hér segir:

Allt að 3%: Lyfjaverzlun, olíuverzlun, kvikmyndahús, barar, billiardstofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, skartgripaverzlanir, gleraugnaverzlanir, hljóðfæraverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir, sælgætis- og efnagerðir.

Allt að 2%: Iðnaður alls konar, þar með talin vinnsla sjávarafurða, nýlenduvöruverzlun og önnur smásöluverzlun, sem ekki er áður talin, matsala, gistihúshald, farm- og fargjöld, umboðs- og heildverzlun og annað ótalið.

7. gr.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem talin eru í 5.—6. gr., skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. 8. gr. 2. mgr.

a. Útsvar af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af	3— 4 þús. kr.	greiðast	200	kr. af	3	þús. kr.	og	7 %	af afg.
—	4— 5 — —	—	270	— —	4	—	— —	8 %	— —
—	5— 7 — —	—	350	— —	5	—	— —	9 %	— —
—	7—10 — —	—	530	— —	7	—	— —	10 %	— —
—	10—15 — —	—	830	— —	10	—	— —	11 %	— —
—	15—20 — —	—	1 380	— —	15	—	— —	12 %	— —
—	20—25 — —	—	1 980	— —	20	—	— —	13 %	— —
—	25—30 — —	—	2 630	— —	25	—	— —	14 %	— —
—	30—35 — —	—	3 330	— —	30	—	— —	15 %	— —
—	35—40 — —	—	4 080	— —	35	—	— —	16 %	— —
—	40—50 — —	—	4 880	— —	40	—	— —	18 %	— —
—	50—60 — —	—	6 680	— —	50	—	— —	20 %	— —
—	60—70 — —	—	8 680	— —	60	—	— —	22 %	— —
70	þús. kr. og þar yfir	—	10 880	— —	70	—	— —	25 %	— —

Frá útsvari eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga er veittur fjölskyldufrádráttur kr. 500.00 fyrir konu og sama upphæð fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri gjaldanda.

2. Félög.

Af	1—75 þús. kr.	greiðast	200	kr. af	1	þús. kr.	og	20 %	af afg.
—	75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000	— —	75	—	— —	30 %	— —

b. Útsvar af hreinum eignum greiðist:

Af	10—	40	þús.	kr.	greiðast	10	kr.	af	10	þús.	kr.	og	2 ‰ af afg.
—	40—	70	—	—	—	70	—	—	40	—	—	—	3 ‰ — —
—	70—	100	—	—	—	160	—	—	70	—	—	—	4 ‰ — —
—	100—	150	—	—	—	280	—	—	100	—	—	—	5 ‰ — —
—	150—	200	—	—	—	530	—	—	150	—	—	—	6 ‰ — —
—	200	þús.	kr.	og	þar yfir —	830	—	—	200	—	—	—	8 ‰ — —

c. Leggja má útsvar á veltu samkvæmt ákvæðum 5. gr. c. eða 6. gr. c., enn fremur er heimilt að leggja veltuútsvar á andvirði seldra búsafurða hjá bændum.

8. gr.

Í kaupstöðum, sbr. 6. gr., er heimilt að jafna niður útsvörum samkv. 5. gr. a—b, enda skerðist þá ekki heildarfjárhæð útsvaranna svo, að þess vegna komi til greina aukaframlag, samkv. 2. gr. 2. mgr.

Sama gildir um önnur sveitarfélög, sbr. 7. gr. Þeim er og heimilt að jafna niður útsvörum, samkv. reglum 6. gr., ef fullnægt er ákvæði 1. mgr., um heildarfjárhæð útsvaranna.

9. gr.

Lækka skal útsvar gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 5.—8. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

a. Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
b. Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun, eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
c. Uppeldis- og menningarkostnað barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör, samkvæmt 5.—9. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um og skal þá niðurjöfnunarnefnd lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

11. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 krónum eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

Útsvari, sem eigi nær 200 krónum, skal sleppt.

12. gr.

Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum, jafnt við félagsmenn sem utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, þó ekki af arði af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta niðurjöfnunarnefndum (skattayfirvöldum) í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlar niðurjöfnunarnefnd viðskiptin og arð af þeim. Áætlanir nefndarinnar og útsvarsálagningu má kæra eftir almennum reglum, þar á meðal áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði laga nr. 46 13. júní 1937, 41. gr. 1. mgr. 2.—3. tl.

Ákvæði til bráðabirgða.

A. Hvergi mega heildarútsvör á árinu 1960 vera hærri en þau voru á árinu 1959 að viðbættum fimmtungi af meðaltalsfjárhæð útsvara síðustu þrjú árin, en að frádregnu framlagi Jöfnunarsjóðs á árinu 1960, nema til komi samþykki ráðuneytisins, ef um kaupstað er að ræða, og sýslunefndar, að því er hreppa snertir.

B. Við álagningu útsvara 1960 skal leyfa til frádráttar tekjum útsvör, sem voru álögð 1959 og greidd sveitarsjóði að fullu fyrir 1. maí 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 7. des. 1959, skipaði fjármálaráðherra, sem einnig fer með þann þátt félagsmála, sem varðar tekjustofna sveitarfélaga, eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni: Birgi Finnsson alþm., Guðlaug Gíslason alþm., Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og Tómas Jónsson, varaformann Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er ritari nefndarinnar.

Áformuð er mikil breyting á lagaákvæðum um tekjuskatt, sem komi til framkvæmda nú þegar á þessu ári. Af því leiðir að óhjákvæmilegt er að gera einnig nú þegar breytingar á ákvæðunum um niðurjöfnun útsvara, sem meðal annars tryggi það, að sveitarfélögin gangi ekki lengra en góðu hófi gegnir í því að taka til sín í útsvörum þær lækkanir, sem verða á tekjuskattinum. Nefndinni var þegar ljóst, að verkefni hennar var umfangsmeira en svo, að hún gæti skilað viðunandi fullnaðartillögum um tekjustofna sveitarfélaganna, sem leggja mætti fyrir Alþingi nú þegar. Þar við bætist, að nauðsyn er á samstarfi þessarar nefndar við nefnd þá, sem vinnur að endurskoðun skattalaganna, en sú nefnd mun ekki skila fullnaðartillögum fyrr en síðar á þessu ári. Það varð því að ráði að fresta afgreiðslu endanlegra tillagna að svo stöddu, en leggja þess í stað fram frumvarp það, sem hér liggur fyrir um bráðabirgðabreytingu á gildandi ákvæðum um álagningu útsvara og nauðsynlegar breytingar á gildandi ákvæðum um jöfnunarsjóð.

Að vísu er gert ráð fyrir því, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, gildi aðeins um álagningu útsvara á þessu ári, en með því, að nú verður ekki fullyrt, að fullnaðar endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga verði lokið og ný lög sett um næstu áramót. Þykir rétt að haga bráðabirgðalöggjöf þessari á þann hátt, að ekki þurfi að setja lög að nýju, þó að fullnaðarlöggjöf um þessi efni verði ekki sett fyrir næstu áramót.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau, að lögbinda reglur um álagningu útsvaranna. Lagt er til að lögfestar verði þrenns konar reglur. Í fyrsta lagi reglur fyrir Reykjavík, í öðru lagi reglur fyrir aðra kaupstaði og í þriðja lagi reglur fyrir hreppana. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að kaupstöðunum sé heimilt með vissum skilyrðum að jafna niður útsvörum, samkv. reglum þeim, er gilda fyrir Reykjavík og hreppum sé, að fullnægðum sömu skilyrðum, heimilt að jafna niður útsvörum efti rreglum þeim, sem gilda fyrir Reykjavík, eða reglum þeim, sem gilda fyrir kaupstaðina.

Í sjálfu sér er það ekki nýmæli, að útsvörum verði jafnað niður eftir föstum reglum. Það mun hafa verið gert í flestum sveitarfélögum um langt árabil. Nú þegar lagt er til, að slíkar reglur verði lögboðnar, er því í raun og veru um að ræða samræmingu á þessum reglum, sem hafa verið býsna frábrugðnar í hinum ýmsu sveitarfélögum. Einkum hafa þessar reglur verið breytilegar um veltuútsvörin, enda eru ákvæði frumvarpsins um það mjög rúm, sjá 6. gr. c. Miðað við heildarfjárhæð útsvara hafa veltuútsvör verið frá ca. 8% (á Akureyri) og upp yfir 20% í ýmsum kaupstöðum (í Reykjavík 1959 ca. 14%).

Það er aðalregla samkvæmt frumvarpinu að miða við hreinar tekjur og eignir

samkv. skattskrá en frá því eru veigamiklar undantekningar, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að takmörk verði sett fyrir því, hve há útsvörin mega vera, en jafnframt gert ráð fyrir aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði, eftir nánar settum reglum, ef upphæð útsvara samkv. fjárhagsáætlun fæst eigi sé farið eftir reglunum.

Nefndin mun vinna áfram að samningu frumvarps um tekjustofna sveitarfélaga og mun hafa um það verkefni samstarf við nefnd þá, sem vinnur að athugun á lögum um tekju- og eignarskatt. Gert er ráð fyrir því, að endanlegar tillögur nefndarinnar um tekjustofna sveitarfélaganna verði fullgerðar síðar á þessu ári.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Eins og áður segir, er hér lagt til, að nú þegar verði aðeins gerðar nokkrar breytingar á gildandi ákvæðum um niðurjöfnun útsvara. Samkvæmt því er lagt til að 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaganna, gildi ekki framvegis um niðurjöfnun útsvara. Í stað þess fari um niðurjöfnun útsvaranna eftir ákvæðum þessa frumvarps.

Ekki er gert ráð fyrir, að ákvæði þessi gildi til frambúðar, þar eð unnið er áfram að endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem væntanlega gæti orðið lokið fyrir næsta Alþingi.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. svara efnislega til 3. gr. útsvarslaganna. Regla núgildandi laga um það, að útsvör megi ekki nokkru sinni vera hærri en meðaltal útsvara 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema til komi samþykki sýslunefndar eða ráðuneytisins, gildi um niðurjöfnunina á þessu ári, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða A.

Lagt er til, að hækkun útsvaranna verði takmörkuð með sérstökum hætti, sjá 10. gr. 2. mgr. Sú takmörkun, sem hér er um að ræða, kann að leiða til þess í sumum sveitarfélögum, að útsvörin verði eigi nægileg til þess, að þau hrökkvi fyrir áætluðum útgjöldum á árinu, og er þá gert ráð fyrir, að sá halli verði jafnaður með aukaframlagi úr jöfnunarsjóði, sbr. annað frumvarp frá nefndinni um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 3. gr. d.

Um 3. gr.

Höfuðbreytingin, sem lagt er til að gerð verði, er í því fólgin, að útsvör verði nú lögð á eftir lögfestum reglum í stað núgildandi ákvæða um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, sjá 4. gr. útsvarslaganna.

Í aðalatriðum skal miða útsvörin við hreinar tekjur og eign, samkv. skattskrá, en veigamiklar undantekningar eru þó frá þessari reglu.

Í fyrsta lagi má véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi ekki gert það. Samkv. framkomnum tillögum um afnám tekjuskatts á almennar launatekjur fjölgar skattleysingjum í landinu um tugi þúsunda. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að flestir þeirra greiði nokkuð útsvar, sem nú skal álagt eftir lögfestum reglum og miðað við hreinar tekjur þeirra. Það er ástæða til þess að ætla, að skattayfirvöldin muni ekki endurskoða framtöl þeirra, sem fyrirsjáanlegt er að verða skattlausir, með eins mikilli nákvæmni og nauðsyn krefur vegna útsvaranna. Það er því óhjákvæmilegt, að heimila þeim, sem annast álagningu útsvara að véfengja framtöl og áætla tekjur, þó að skattayfirvaldið hafi ekki gert það.

Í öðru lagi, þykir ekki fært að binda niðurjöfnunarnefndir skilmálalaust við frádrátt, samkvæmt skattalögum, sbr. b-lið greinarinnar. En til þess er ætlað, að niðurjöfnunarnefndir, sem veittu umræddan frádrátt á síðasta ári, kippi ekki að sér hendinni, en veiti slíkan frádrátt framvegis.

Í þriðja lagi, er aftur á móti lagt til, að útsvör næst liðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, að svo miklu leyti, sem þau hafa verið greidd fyrir áramót (fyrir

1. maí að því er varðar útsvarið 1959). Þetta ákvæði er mjög mikilsvert með tilliti til innheimtu útsvaranna. Lausleg athugun hefur sýnt, að vegna þessa ákvæðis lækka útsvörin hér í Reykjavík um ca. 19—20%. Hliðstæð lækkun mun einnig verða af þessum sökum á útsvörum annarra sveitarfélaga. Þetta nýmæli er álitið framkvæmanlegt m. a. vegna þess, að nú er sveitarfélögunum ætluð veruleg fjárhæð af söluskattinum, eða 56 millj. króna, samkv. fjárlagafrumvarpinu fyrir yfirstandandi ár. Útsvör munu hafa verið alls ca. 425 millj. í landinu á árinu 1959 og ættu þá að geta lækkað í ca. 370 millj. króna á árinu 1960 vegna þessa framlags, ef ekki kæmi til aðrar hækkanir.

Í fjórða lagi, þykir verða að gera ráð fyrir veltuútsvari á þessu ári, eins og tíðkað hefur verið í öllum kaupstöðum og fleiri sveitarfélögum um langt skeið.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Reglur þær, sem lagt er til, að gildi fyrir Reykjavík eru reglur þær, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur notaði við niðurjöfnun útsvara árið 1959.

Athuganir, sem fram hafa farið, hafa leitt í ljós, að þrátt fyrir frádrátt greiddra útsvara, muni reglur þessar gefa áætlaða útsvarsupphæð á þessu ári.

Reglur Reykjavíkur um niðurjöfnun útsvara á árinu 1959 fylgja frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Um 6. gr.

Reglurnar um útsvörin í kaupstöðunum utan Reykjavíkur eru samdar í samráði við stjórn kaupstaðasambandsins á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi. Leggur stjórn sambandsins til, að reglur þessar verði lögfestar, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Athuganir, sem gerðar hafa verið á útsvarsbyrðinni í hinum ýmsu kaupstöðum hafa leitt í ljós, að reglur þessar muni yfirleitt gefa heildarfjárhæð útsvara mjög nærri því, sem áætlanir kaupstaða gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Reglur þær, sem lagt er til að gildi fyrir önnur sveitarfélög en þau, sem 5. og 6. gr. tekur til, eru samdar að tilhlutan stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga með aðstoð fimm starfandi hreppsnefndaroddvita sem stjórn sambandsins kvaddi sér til aðstoðar við samningu þeirra. Oddvitar þessir voru þeir Ágúst Þorvaldsson, alþm., oddviti Hraungerðishrepps, Bjartmar Guðmundsson, alþm., oddviti Aðaldælahrepps, Garðar Halldórsson, alþm., oddviti Öngulsstaðahrepps, Páll Björgvinsson, oddviti Hvolhrepps og Snæbjörn Thoroddsen, oddviti Rauðasandshrepps. Reglur þær, sem að undanförnu hefur verið fylgt í sveitum og smærri kauptúnum við niðurjöfnun útsvara, eru mjög margbreytilegar og lítið samræmi í þeim innbyrðis. Verður því útsvarsstiginn að vera tiltölulega hærri í þessum flokki, en í kaupstöðunum þar sem reglurnar eru þar nú þegar meira samræmdar útsvarstiga Reykjavíkur, sem í flestum eða öllum kaupstöðum og mörgum kauptúnum hefur verið notaður árum saman með einhverjum frávikum. Þess ber og að gæta, að í sveitum er yfirleitt á lægri tekjur að leggja en í kaupstöðum, og því verður bæði að byrja stigann neðar þar, og að hafa hann tiltölulega þyngri á tekjum 25—60 þúsund krónum, en hann er í kaupstöðum.

Að því var stefnt, að stiginn yrði svo hár, að öruggt mætti telja að allar sveitarstjórnir í þessum flokki næðu þeirri útsvarsupphæð sem lögð var á s. l. ár og munu því margar hreppsnefndir þurfa að færa útsvörin mikið niður að útreikningi loknum.

Rétt þykir að benda á það, að ástæður fyrir því að fjölskyldufrádráttur er hafður annar í sveitum en kaupstöðum eru aðallega tvær. Önnur sú, að ná verður

útsvari af lægri tekjum í sveit en í kaupstað, samkvæmt því sem áður segir, og má því frádrátturinn ekki eyða útsvarinu eins langt upp og hinn stighækkandi persónufrádráttur gerir í kaupstaðastiganum. Hin er sú, að í sveitum létta börn tiltölulega fljótt nokkuð undir við sumarstörf, og því er ekki eins mikil ástæða til að hafa eins mikinn frádrátt þeirra vegna þar og í kaupstöðum.

Vitað er, að sums staðar hefur tíðkast sú álagningaraðferð að leggja lágt veltugjald á umsetningu búanna hjá bændum og er ekki að svo stöddu talið rétt að afnema heimild til þess, ef einnhverjar sveitarstjórnir vildu halda þeirri reglu áfram.

Um 8. gr.

Sumir kaupstaðir og ýmis stærri sveitarfélög, jafnvel þó ekki sé um kauptún að ræða, hafa jafnað niður útsvörum eftir reglum þeim, sem notaðar hafa verið í Reykjavík. Þykir því rétt að heimila sveitarfélögum yfirleitt að jafna niður útsvörum samkvæmt 5. gr. Á sama hátt virðist eðlilegt, að hreppar fái og heimild til að jafna niður, samkv. reglum 6. gr., um kaupstaðina, ef henta þætti.

Þann fyrirvara verður þó að hafa á því, að sveitarfélag noti heimild þessarar greinar, að það þurfi ekki á aukaframlagi að halda, þó að það noti heimildina.

Um 9. gr.

Lagt er til, að útsvar, sem lagt er á, samkv. reglum 5.—8. gr. skuli lækkað, ef fyrir hendi eru einhverjar þær ástæður, sem um ræðir í a—c-lið þessarar greinar.

Um 10. gr.

Þar eð útsvör verða samkvæmt frumvarpi þessu álögð eftir föstum reglum miðað við hreinar tekjur, eignir og veltu er augljóst að samanlögð upphæð þeirra getur orðið annaðhvort hærri eða lægri en upphæð útsvara hefur verið ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal þá leiðrétta hvert einstakt útsvar hlutfallslega unz náð er upphæð útsvaranna samkvæmt fjárhagsáætlun. Frá þessari reglu er þó undantekning, ef útsvörin samkv. reglunum reynast ekki nógu há, því að þá má ekki hækka útsvörin um meira en 30%, sjá 2. mgr. Í slíkum tilvikum skortir sveitarfélagið tekjur.

Ef rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv. um Jöfnunarsjóð, leiðir ekki til ráðstafana í sambandi við rekstur sveitarfélagsins, sem lækkuðu svo útgjöld þess, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum verður að gera ráð fyrir sérstöku aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði svo sem með þarf til að jafna hallann, sbr. frumvarpið um Jöfnunarsjóð sveitarfélags.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að samvinnufélög greiði útsvör af veltu eða umsetningu, jafnt vegna félagsmanna og utanfélagsmanna, sbr. 5. gr. c. og 6. gr. c. Samkvæmt núgildandi lögum er hinsvegar ekki heimilt að leggja útsvar á veltu eða umsetningu vegna félagsmanna. Reyndin hefur þó sumstaðar orðið sú, að kaupfélög t. d. hafa greitt útsvör, álögð á heildarumsetningu þeirra og eru þá félagsmannaviðskipti ekki undan tekin.

Enn fremur er lagt til með frumvarpsgrein þessari að úr gildi verði fellt það sérákvæði um útsvarsskyldu samvinnufélaga, að þau greiði því aðeins útsvör af skiptum sínum, að þau viðskipti hafi borið arð á síðasta útsvarsári, og megi útsvarið ekki nema hærri fjárhæð en arðinum, sbr. dóm Hæstaréttar 29. nóv. 1955. Hinsvegar hefur verið talið heimilt að leggja útsvör á viðskipti kaupmanna (og hlutafélaga), svonefnt veltuútsvar, enda þótt þau viðskipti hafi engum arði skilað.

Um 13. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að samvinnufélag greiði veltuútsvar með sama hætti og aðrir, sjá 5.—7. gr. frumvarpsins. Af því leiðir að fella verður úr gildi ákvæðin um útsvarsgreiðslu samvinnufélaga og um samvinnuskatt í 41. gr. samvinnufélaganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þó að gert sé ráð fyrir takmörkun á útsvarsfjárhæðum með reglum þessa frumvarps um álagningu útsvara ber að gæta þess, að reglur þessar munu víða reynast það rúmar, að mikil hækkun gæti orðið á útsvörunum, ef ekki væru látin haldast svipuð ákvæði um hækkun útsvara og gilt hafa til þessa, sbr. 3. gr. útsvarslaganna. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að ákvæði þessi haldist, þó með þeirri breytingu, að væntanlegt framlag úr Jöfnunarsjóði verði dregið frá hámarki því, sem sveitarstjórnum hefur verið leyfilegt að nota, án samþykkis ráðuneytisins eða sýslunefndar.

Ákvæði B-liðs þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Reglur um álagningu útsvara í Rvík 1959.

Tekjur:

Tekjur til útsvars eru hreinar tekjur til skatts, samkv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 36/1958 og 40/1959. Hefur því við ákvörðun útsvara verið leyfður allur sá frádráttur, sem heimilaður er eftir þeim lögum, þar með talinn fæðis- og hlífðarfatakostnaður sjómanna á fiskiskipum, ferðakostnaður þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, kostnaður við stofnun heimilis, námskostnaður hjá gjaldanda og 50% frádráttur af tekjum giftrar konu, sem hún aflar með vinnu sinni utan heimilis, enda er hjónum ávallt gert að greiða útsvar sem einum gjaldþegn. Þegar gift kona vinnur að atvinnurekstri með manni sínum, er veittur frádráttur allt að kr. 7 700.00. Einstæð foreldri eða aðrir einstaklingar, sem halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, fá dregið frá tekjum sínum kr. 7 700.00 og auk þess kr. 1 766.00 fyrir hvern ómaga á heimilinu. Frádráttur samkv. 7. mgr. 8 gr. laganna er þó ekki heimilaður, né sérstakar fyrningaafskriftir, né færsla á tapi milli ára. Til tekna eru ekki taldir, fremur en til skatts, vextir af skattfrjálsri innstæðu né sá eignarauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

1. Einstaklingar.

Af	25—	35	þús.	kr.	greiðast	940	kr.	af	25	þús.	kr.	og 19 % af afg.
—	35—	45	—	—	—	2 840	—	—	35	—	—	— 21 % — —
—	45—	60	—	—	—	4 940	—	—	45	—	—	— 23 % — —
—	60—	100	—	—	—	8 390	—	—	60	—	—	— 25 % — —
—	100	þús.	kr.	og þar yfir	—	18 390	—	—	100	—	—	— 30 % — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

Frekari frádráttur á útsvari er veittur þeim gjaldendum, sem á hefur fallið kostnaður vegna veikinda eða slysa, enn fremur, ef starfsorka þeirra er skert vegna örorku eða aldurs.

2. Félög.

Af	1—75	þús.	kr.	greiðast	200	kr.	af	1	þús. kr. og	20 % af afg.
—	75	þús.	kr. og þar yfir	—	15 000	—	—	75	— — —	30 % — —

II. Eign.

Eign til útsvars er skuldlaus eign til skatts samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, en reglur laga um afskriftir eigna ekki taldar bindandi, sbr. 4. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör.

Af eignum greiðist útsvar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af	40— 70	þús.	kr.	greiðast	100	kr.	af	40	þús. kr. og	5 ‰ af afg.
—	70—100	—	—	—	250	—	—	70	— — —	6 ‰ — —
—	100—150	—	—	—	430	—	—	100	— — —	7 ‰ — —
—	150—200	—	—	—	780	—	—	150	— — —	8 ‰ — —
—	200—250	—	—	—	1 180	—	—	200	— — —	9 ‰ — —
—	250	þús.	kr. og þar yfir	—	1 630	—	—	250	— — —	10 ‰ — —

III. Umsetning.

Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er gert að greiða útsvar af umsetningu þeirra, en umsetning telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkvæmt 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkvæmt lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins er ákveðin í hundraðshlutum af umsetningu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu, svo sem hér segir:

Allt að 0.5%: Nýlenduvöruverzlun.

Allt að 0.6%: Kjöt- og fiskverzlun, fisk- og kjötiðnaður.

Allt að 0.8%: Verzlun, ót. a.

Allt að 0.9%: Bóka- og ritfangaverzlanir.

Allt að 1.0%: Iðnaður, ót. a., ritfangaverzlun, matsala, landbúnaður.

Allt að 1.1%: Lyfja- og hreinlætisvörur, farm- og fargjöld, ót. a., smjörlíkisgerðir.

Allt að 1.3%: Olíusala.

Allt að 1.6%: Gleraugnaverzlun, sportvöruverzlun, skartgripaverzlun, hljóðfæraverzlun, tóbaks- og sælgætisverzlun, kvikmyndahús, sælgætis- og efnagerð, öl- og gosdrykkjagerð, gull- og silfursmíði, útgáfustarfsemi, fjölritun.

Allt að 2.0%: Hvers konar persónuleg þjónusta, myndskurður, listmunagerð, blómaverzlun, leigur, umboðslaun, farmgjöld tankskipa, fornverzlun, ljósmyndun, hattasaumastofur.

Allt að 3.0%: Barar, billjarðstofur, söluturnar, verzlanir opnar til kl. 23.30.

IV. Lækkun.

Útsvör samkvæmt I.—III. lið hér á undan eru lækkuð um 6.3%, tugir og einingar felldar niður, þannig að öll útsvör standa á heilum hundruðum. Ekki er lagt á lægra útsvar en 400 kr.

V. Viðurlög.

Nú berst nefndinni framtal gjaldanda eftir að framtalsfrestur er liðinn, og bætir þá nefndin allt að 25% við tekjur, eignir og umsetningu, áður en útsvarið er ákveðið.

Nd. **274. Frumvarp til laga** [113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅕ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10, 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl. svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þenna hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftirá.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um efirlit með sveitarfélögum.
c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögum frá 1960, 2. gr. 2. mgr.
e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr. skal greitt misserislega eftir á, fyrir 15. júlí og 15. janúar ár hvert.

Nú er sveitarfélag í vanskilum með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins eftir því, sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67, 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og VII. kafli framfærslulaga nr. 80, 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959 og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 7. des. 1959, skipaði fjármálaráðherra, sem einnig fer með sveitarstjórnarmál, er varða tekjustofna sveitarfélaga, eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaganna: Birgi Finnson, alþm., Guðlaug Gíslason, alþm., Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóra, sem er formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og Tómas Jónsson, varaformann Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er ritari nefndarinnar.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er gert ráð fyrir því, að verulega upphæð af söluskatti, sem innheimtur verður til ríkisins, skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Er því óhjákvæmilegt að gera nú þegar gagngerðar breytingar á gildandi lagaákvæðum um Jöfnunarsjóðinn.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að Jöfnunarsjóður greiði árlega framlag til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra, þó þannig, að ekkert sveitarfélag geti fengið hærra framlag en nemur ákveðnum hundraðshluta útsvara þar næsta ár á undan. Í öðru lagi er lagt til, að jöfnun framfærslukostnaðar, samkv. VII. kafla framfærslulaga nr. 80/1947, verði felld niður. Þessi ákvæði eru þegar orðin úrelt, en nú þegar gert er ráð fyrir mjög auknum bótum almannatrygginga, virðist enn minni ástæða til þessarar jöfnunar en áður var.

Þó að með frumvarpi þessu sé lagt til, að sett verði sjálfstæð löggjöf um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, er gert ráð fyrir því, að ákvæði þau, sem þetta frumvarp hefur að geyma, verði felld inn í löggjöfina um sveitastjórnarmál, sem unnið er að endurskoðun á. Þá verður einnig að líta á þetta frumvarp sem bráðabirgða-

lausn, þar eð ætla verður, að ýmsar breytingar verði gerðar á þessum ákvæðum í sambandi við lokatillögur um þessi efni.

Hér fara á efir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960, er lagt til, að fimmtungur söluskattsins renni til Jöfnunarsjóðsins, þó eigi lægri fjárhæð en nú er á fjárlögum eða 56 millj. króna á ári.

Um 2. gr.

Lagt er til, að tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr., verði úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra með þeirri takmörkun, að ekkert sveitarfélag geti þó fengið meira framlag en nemur 50% álagðra útsvara síðasta ár. Slík takmörkun er nauðsynleg vegna þess, að ella þyrftu sum sveitarfélög ekki að leggja á útsvör eða þá svo óveruleg útsvör, að óeðlilegt mætti kallast.

Þá er einnig lagt til, að því fjármagni, sem ekki kemur til úthlutunar samkv. þessari gr. frumvarpsins, vegna nefndrar takmörkunar, verði varið til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem Jöfnunarsjóður verður að bera samkv. ákvæðum 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæði a- og b-liðs þarfnast ekki skýringar, þar eð þessi ákvæði eru samhljóða gildandi lögum, sjá 11. gr. laga nr. 67/1945, 2. og 3. tl.

Þar eð í ráði er að setja lög um bráðabirgðabreytingu útsvarslaganna, sbr. annað frumvarp frá nefndinni, þar sem álagning útsvara verður bundin með lögfestum reglum, svo að ekki er öruggt, að öll sveitarfélög fái að leggja á útsvör, sem að fullu hrökkva fyrir útgjöldum þeirra, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði til þess að jafna hallann, en um þetta fjallar d-liður greinarinnar, sjá nánar athugasemdir við 5. gr. frv.

Að sjálfsögðu gæti skerðingarákvæði 2. gr. á almennu framlagi til sveitarfélaganna eigi gilt um aukaframlag það, sem hér um ræðir.

Um 4. gr.

Eðlilegt virðist að gera ráð fyrir því, að heimilt sé að ráðstafa framlagi Jöfnunarsjóðs til lúkningar vanskilaskuldum hlutaðeigandi sveitarfélags, vegna ríkisábyrgða, án þess að til komi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Um 5. gr.

Aukaframlag samkv. 3. gr. d. á að sjálfsögðu ekki að veita fyrr en rannsókn hefur leitt í ljós, að hjá slíku framlagi verði ekki komizt. Félagsmálaráðuneytið hlutast eðlilega til um, að slík athugun fari fram, þegar beiðni berst um aukaframlag.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því, að aukaframlag verði ekki veitt nema gerðar hafi verið þær lagfæringar á rekstri sveitarfélagsins, sem rannsóknin gefur tilefni til, t. d. niður hafi verið felld úgjöld, sem telja má óþörf, eða tekjustofnar sveitarfélagsins fullnýttir, þar á meðal t. d. álag á útsvör, samkv. gildandi reglum um útsvör, svo sem lög leyfa.

Um 6.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði:

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að skerðing á framlagi til sveitarfélaga verði miðuð við útsvör ársins á undan. Þar eð slíkt framlag, sem gert er ráð

fyrir í frumvarpi þessu, er nýmæli, svo að sveitarfélög fá nú verulegan tekjuauka, sem lækkar útsvörin í mörgum sveitarfélögum hlutfallslega mjög mikið, yrði lækkunin á útsvörum þeirra nú á fyrsta ári óeðlilega mikil ef ekki væri í fyrstu skipti miðað við lægri hundraðshluta en gert er ráð fyrir, þegar framlegið hefur valdið lækkun útsvaranna.

Sþ. 275. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Pétur Pétursson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa smíði björgunar- og gæzluskips fyrir Breiðafjörð.

Greinargerð.

Síðan land byggðist, hefur útgerð verið mikil við Breiðafjörð og þá sérstaklega á norðanverðu Snæfellsnesi. Hin síðari ár hafa verstöðvar þar verið í örum vexti. Níu fiskvinnslustöðvar eru starfræktar á Hellissandi, Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, og vélskipaútgerð hefur vaxið mjög mikið síðustu árin, enda margir góðir og stórir fiskibátar bætzt í fiskiskipaflotann. Nokkuð hefur áunnizt í hafnarbótum í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík síðasta áratuginn, þó að enn vanti mikið á, sérstaklega í Ólafsvík, að þeir mörgu fiskibátar, sem þar eru, hafi viðunandi afgreiðsluskilyrði. Í Rifi á Snæfellsnesi eru ein beztu skilyrði hér á landi til útgerðar. Vinna verður markvíst að því, að stórt átak verði framkvæmt þar í hafnarmálunum. Það mun sannast, að Rifshöfn hefur án efa skilyrði til að verða ein stærsta og ef til vill bezta fiskibátahöfn landsins.

Með víkkun landhelginnar 1952 í 4 sjómílur jukust verulega aflabrögð í verstöðvum við Breiðafjörð, og enn varð þess vart eftir 1. sept. 1958, er fiskveiðilögsagan var ákveðin 12 sjómílur, að meira fiskmagn gekk á grunnmið og línu- og netaveiðar voru stundaðar á vetrarvertíðinni 1959 og á yfirstandandi vetrarvertíð með betri árangri en áður hefur þekkzt í sögu fiskveiðanna við Breiðafjörð.

Skefjalaus ágangur togveiðiskipa, sérstaklega erlendra, á fiskimið Breiðfirðinga við Snæfellsnes hefur oft valdið sjómönnum frá verstöðvum við Breiðafjörð vandkvæðum og fjártjóni. Nýverið ollu brezkir togarar stórvægilegum skemmdum á þorskanetum þriggja fiskibáta frá Ólafsvík, og nam skaðinn mörg hundruð þúsundum króna. Þegar þetta er haft í huga, — hættan, sem vofir yfir sjómönnum okkar í samskiptum við hina erlendu veiðiþjófa, og hin brýna þörf á aðstoð við hinn ört vaxandi fiskiskipaflota, — má öllum alþm. vera ljóst, að mikil þörf er á björgunar- og gæzluskipi fyrir Breiðfirðinga.

Íbúar Breiðafjarðarbyggða og Breiðfirðingar búsettir í Reykjavík hafa haft og hafa ríkan áhuga á þessu máli, og með rausnarlegri gjöf, sem þau hjónin Svanhildur Jóhannsdóttir og og Þorbjörn Jónsson í Reykjavík stofnuðu Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar með, var söfnunarstarfið hafið. Hafa þegar safnazt 700—800 þús. kr. í þessu skyni, og söfnunin er í fullum gangi.

Íslendingar hafa hin síðari ár eignazt mörg góð björgunar- og gæzluskip, m. a. með samstarfi fólks í hinum einstöku byggðum og ríkisvaldsins. Á Breiðafjarðarsvæðinu er brýnt verkefni óleyst í þessum efnum, og ber að vænta þess, að hæstv. Alþingi sýni málinu vinsemd og skilning.

Nd. 276. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960).

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan selur framleiðsluvörur sínar innanlands á kostnaðarverði, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði, enda selji hún áburðinn á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóða 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

Heimilt er þó verksmiðjustjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að ákveða tillag í fyrningarsjóð, þannig að samanlagðar fyrningarafskriftir véla eða húsa, sem orðin eru ónýt og brotavirði þeirra verði jafn hátt kostnaðarverði sams konar eigna, er afla þarf í þeirra stað.

b. Til varasjóðs allt að 3%af kostnaðarverði framleiðslunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarsala ríkisins hættir þar með störfum. Eignum hennar skal varið til þess að auka húsnæði búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans vegna jarðvegsrannsókna og búa hana tækjum til efnagreininga, sérstaklega með hliðsjón af ákvörðun á áburðarþörf lands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á hagkvæmara og ódýrara fyrirkomulagi en verið hefur við verzlun með tilbúinn áburð.

Það er ástæðulaust að láta sérstakt ríkisfyrirtæki vera millilið um sölu framleiðsluvara Áburðarverksmiðjunnar h/f og því síður ástæða til að halda slíku fyrirtæki við til þess eins að flytja inn áburð. Kostnaður við rekstur Áburðarsölu ríkisins árið 1959 var kr. 674 441.91, en brúttótekjur það sama ár voru kr. 1 015 032.00.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að verzlun með tilbúinn áburð sé öll hjá sama aðila til að tryggja, að alltaf séu til hæfilegar birgðir af réttum tegundum áburðar, þegar til hans þarf að taka.

Um 1. gr.

Í samræmi við framanritað gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan annist sjálf sölu framleiðsluvara sinna til kaupenda á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Í 2. mgr. er ríkissjórninni síðan heimilað að veita verksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Áburður þessi skal sömuleiðis seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Með þessu móti yrði unnt að minnka verulega milliliðakostnað við áburðarverzlun.

Mál þetta hefur verið rætt við Áburðarverksmiðjuna h/f og er hún fús til að taka þessa verzlun að sér.

Um 2. gr.

Upphaflegt kostnaðarverð áburðarverksmiðjunnar var um 130 millj. króna. Endurnýjunarverð verksmiðjunnar nú er 245 millj. króna og þá ekki tekið tillit til hækkana, sem leiðir af lögunum um efnahagsmál.

Vegna þessa er nauðsynlegt að rýmka fyrningarheimildir verksmiðjunnar, eins og greinin gerir ráð fyrir.

Um 3. gr.

Jafnframt því sem frumvarp þetta fengi lagagildi, mundi Áburðarsala ríkisins hætta störfum.

Eignum áburðarsölunnar verður hvorki betur né eðlilegar varið en til að efla jarðvegsrannsóknir í landinu og þá sérstaklega með það fyrir augum að nýta tilbúinn áburð betur en nú er gert.

Á s. l. ári keyptu bændur hér á landi áburð fyrir nál. 80 millj. króna. Þessi fjárhæð verður án efa mun hærri í ár, bæði vegna stækkunar ræktaðs lands og vegna nokkurrar hækkunar áburðarverðs.

Betri þekking á hvaða áburður og hvaða magn áburðar hæfir á hverjum stað, mundi nýta þessa miklu fjármuni mun betur en nú er gert.

Fyrir það fé, sem Áburðarsala ríkisins á, er unnt að reisa rannsóknarstofur og önnur þau húsakynni, sem slíkri starfsemi eru nauðsynleg, sbr. greinargerð dr. Björns Jóhannessonar, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir. Vel menntaða starfsmenn skortir hins vegar ekki á þessu sviði.

Landbúnaðarráðuneytið mundi að sjálfsögðu fara með yfirstjórn þessara framkvæmda.

Fylgiskjal.

Jarðvegsrannsóknir: Þörf fyrir bætta vinnuaðstöðu.

Áður en vikið verður að starfsaðstöðu er rétt að gera stutta grein fyrir helztu viðfangsefnum jarðvegsrannsókna.

1. Jarðvegskortagerð og almennar jarðvegsrannsóknir.

Þessar rannsóknir hafa grundvallarþýðingu fyrir hvers konar notkun jarðvegs og skipulag byggða. Þær skila að vísu ekki árangri að kvöldi vinnudags, en það væri áreiðanlega rangt að sinna þeim ekki fyrir þær sakir. Fyrir nokkrum árum var hér á ferð búnaðarmálastjóri frá Suður Englandi. Ég sagði honum frá viðleitni okkar að gera jarðvegskort af landinu. Hann mælti þá strax og hiklaust: „Jarðvegskort eru mikilvægari fyrir landbúnaðinn en nokkurt annað hjálpargagn. Ég óska ykkur til hamingju með að hafa ráðist á þetta viðfangsefni. Ég vildi aðeins óska, að við í Englandi hefðum sinnt þessum málum meira en raun ber vitni.“

Geta má þess, að lokið er útivinnu við jarðvegskortagerð á svæðinu milli Þjórsár og Ytri-Rangár og í Eyjafirði, en í Borgarfirði er hún komin nokkuð áleiðis. Hins vegar er ekkert fé handbært til að prenta kort af þessum svæðum.

2. Gróðurkort og afréttarrannsóknir.

Undirritaður og samstarfsmenn hans hófu undirbúning að þessum rannsóknum árið 1953, og er nú að koma greinilega í ljós, hve brýnar þær eru. Víða er nú orðið svo þröngt í sumarhögum (dæmi: afréttir Austur-Skagfirðinga, Fljótshlíðinga og Eyfellinga), að fallþungi dilka er stórum minni en eðlilegt er að krefjast. Skynsamleg eða hagfelldasta lausn þessa vandamáls er óhugsandi nema fyrir liggi rannsóknir á afréttarlöndunum samhliða rannsóknum á möguleikum til aukningar á sumarhögum fyrir sauðfé.

Gefið hefur verið úr gróðurkort af Gnúpverjaafrétti, og kort af Biskupstungnaafrétti er fullgert til prentunar.

Einn starfsmaður jarðvegsrannsókna, Ingvi Þorsteinsson, er nú við framhaldsnám varðandi haglendi við Montana Háskóla í Bandaríkjunum; hann hlaut styrk frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (F. A. O.) til þessa náms.

3. Rannsóknir varðandi efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar.

Á s. l. ári keyptu íslenzkir bændur tilbúinn áburð fyrir nálega 80 milljónir króna, og hækkar sú krónutala væntanlega allverulega við fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir. Er naumast óvarlegt að áætla, að á yfirstandandi ári muni áburðarkaup að meðallagi nema um 15.000.00 krónum á hvern bónda í landinu. Það skiptir því ekki litlu máli, að áburðurinn — að þetta mikla fjármagn — sé réttilega notaður, en vitað er að á þessu eru miklir misbrestir. Bændur hafa því eðlilega lagt mikla áherzlu á að fá auknar leiðbeiningar um notkun áburðarins. *En hvorki þeir né ríkisvaldið hafa gert sér ljóst, að slík þjónusta verður ekki innt af hendi nema:*

a. að framkvæmdar hafi verið nauðsynlegar rannsóknir til að sannreyna gildi þeirra efnagreiningaaðferða og vinnubragða, sem helzt kemur til greina að nota og
b. að skapa viðhlítandi vinnuaðstöðu í rannsóknastofum og í héraði til að framkvæma þjónustuna.

Því miður krefjast þessar forsendur sérfræðiþekkingar, peninga og tíma. En um það er ekki að fást. *Án þessara forsendna verður umrædd þjónusta ekki látin í té svo að í lagi sé.*

Rétt er að gera í stuttu máli grein fyrir því, hvernig þessi mál horfa í dag.

Sérfræðiþekking.

Auk undirritaðs vinnur nú dr. Bjarni Helgason, jarðvegsfræðingur, að jarðvegsrannsóknum við Atvinnudeildina, en Ingvi Þorsteinsson er við framhaldsnám eins og fyrr var getið. Dr. Bjarni er bersýnilega mjög dugandi starfsmaður og vel að sér, og er íslenzkum landbúnaði happ í að fá slíkan starfsmann. Menntun íslenzkra búfræðikandidata er nefnilega ekki við það miðuð, að þeir verði færir um að vinna sem vísindamenn á sviði jarðvegsfræði, og því eru vandfundnir hér á landi vel hæfir menn til sjálfstæðra rannsókna í þessari fræðigrein. Búfræðikandidatar eru hins vegar fyrst og fremst þjálfaðir sem ráðunautar, og er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa hæfa menn við leiðbeiningastörfin. En eftir atvikum í íslenzku þjóðfélagi má segja, að jarðvegsrannsóknir hafi allvel hæfu starfsliði á að skipa, og er þá miðað við, að dr. Bjarni Helgason verði ráðinn til frambúðar að Búnaðardeild. Ef hæft starfslið er ekki fyrir hendi, er þýðingarlítið og oftast unnið fyrir gýg að veita miklu fé til rannsókna. En að því er tekur til jarðvegsrannsókna virðist mér sem skortur á hæfu starfsliði sé ekki til fyrirstöðu í þessu efni.

Starfsaðstaða í dag.

Vinnuskilyrði eru ófullnægjandi, jafnvel fyrir þær rannsóknir sem nú er unnið að, og þau eru algjörlega ónóg fyrir almenna efnagreiningaþjónustu vegna áburðar-

þarfar. Jarðvegsrannsóknir hafa nú aðeins um 100 fermetra gólfrými fyrir rannsóknastofur, teikniherbergi, skrifstofur og sýnishornageymslur.

Leiðbeiningaþjónustan.

Á Búnaðarþingi 1957 flutti undirritaður erindi um framkvæmd leiðbeiningaþjónustu vegna áburðarnotkunar og birtist það í Búnaðarritinu næsta ár. Í samræmi við það fyrirkomulag, sem þar er lýst, hefur verið gerð tilraun með framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í Hraungerðishreppi, og sams konar tilraun er hafin í Gnúpverjahreppi:

1. Svokölluð Áburðarbók hefur verið samin og gefin út af Búnaðarfélagi Íslands, en þessi bók er ómissandi við nefnda þjónustu.
2. Gerð hafa verið kort af túnum í umræddum hreppum; túnunum er síðan skipt í spildur eða vinnueiningar.
3. Héraðsráðunauturinn, Kristinn Jónsson á Selfossi, hefur haft samvinnu við Búnaðardeild um framkvæmd umræddra tilrauna, og hann hefur séð um töku jarðvegssýnishorna.
4. Sýnishornin eru efnagreind á rannsóknastofu jarðvegsrannsókna, og niðurstöðurnar síðan sendar Kristni Jónssyni.
5. Kristinn Jónsson, eða héraðsráðunautur í umræddri sveit, ráðleggur síðan bændunum um áburðarnotkun á grundvelli efnagreininganna og þeirra upplýsinga, sem lesa má af Áburðarbókinni.

Bændur í Hraungerðishreppi telja sér talsverðan hag að þessum leiðbeiningum, og skortir þó enn mikið á, að nægar rannsóknir hafi verið gerðar til að meta réttilega gildi efnarannsóknanna.

En með þessum tilraunum er vegurinn varðaður. Á þennan eða mjög áþekkan hátt verður að framkvæma leiðbeiningaþjónustuna. Árangurinn úr Hraungerðishreppi spyrst, og kröfur bænda um slíka þjónustu verða æ háværari. En meðan ekki er séð fyrir betri vinnuaðstöðu fyrir jarðvegsrannsóknir er ókleift að sinna eða verða við slíkum kröfum. Það er nú bændanna og ríkisvaldsins að svara þeirri spurningu, hvort koma eigi slíkri þjónustu á laggirnar, þannig að unnt sé að veita hana almennt og á viðhlítandi hátt. Ef þessir aðilar svara spurningunni játandi, þá hefur slíkt svar því aðeins raunhæft gildi, að þessir aðilar, annar hvor eða báðir, leggi að mörkum nægilegt fé til sköpunar nauðsynlegrar vinnuaðstöðu á rannsóknastofu og í héraði.

4. Hver er „nauðsynleg rannsóknaaðstaða“?

Sé miðað við næstu 10 ár, tel ég að vinnurými jarðvegsrannsókna megi ekki áætla minna en 700 m² gólfflöt. Þar af eru 400 m² áætlaðir í rannsóknastofur, teikniherbergi, bókaherbergi, skrifstofur fyrir starfslið og kaffiherbergi. 300 m² eru áætlaðir fyrir geymslur og grófvinnuherbergi (þurrkun, mölun og meðferð sýnishorna).

Reiknað er með, að slík bygging yrði reist á landi því, sem Rannsóknaráð ríkisins og Raforkumálaskrifstofan hafa fengið til umráða í austanverðu Keldnaholti. Eru helzt fyrirhugaðar einnar hæðar byggingar, en þeim fylgir sá kostur, að hægt yrði að taka byggingar í notkun fyrr og með minni byrjunar tilkostnaði en ef um væri að ræða fleiri hæða byggingar.

Kostnaður 700 m² rannsóknabyggingar er lauslega áætlaður 3 milljónir króna, og eru þá meðtaldar innréttingar í rannsóknastofur. Hins vegar er hér ekki talinn með kostnaður vegna vatns- og skolpleiðslna, rafleiðslna né vegagerðar og lóðavinnu.

Allmikið af tækjum þyrfti að kaupa og leggja sérstök leiðslukerfi fyrir loft, vatn og rafmagn. Á þessu stigi málsins er mjög erfitt að áætla kostnað vegna slíks útbúnaðar og tækjakaupa, en ekki er ósennilegt, að hann yrði nálægt 1 milljón króna.

Þá yrði brýn nauðsyn að reisa lítið gróðurhús vegna jarðvegsrannsókna, búið hitunar- og ljósakerfi, ásamt geymsluhúsi. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður kr. 500 000.00.

Heildarkostnaður er þannig áætlaður fjórar og hálf milljón króna, og er þá miðað við væntanlegt verðlag eftir að fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir hafa gengið í gildi.

Á meðan stæði á byggingum og undirbúningi á Keldnaholti yrði að vinna í núverandi húsnæði jarðvegsrannsókna. Möguleikar eru á að bæta við það einni lítilli rannsóknastofu, sem nú er notuð til skordýrarannsókna, en slíka vinnu má framkvæma hvar sem vera skal, því að hún útheimtir ekki önnur tæki en smásjár og stækkunargler.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Björn Jóhannesson.

Ed. 277. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Var leitað umsagnar landlæknis, sem eigi sá sér fært að mæla með frumvarpinu, og verður gerð nánari grein fyrir afstöðu landlæknis í framsögu.

Að vandlega athuguðu máli varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmanna (AuA) var fjarstaddur, er málið var afgreitt, og annar (KJJ) hefur fyrirvara um afstöðu sína.

Alþingi, 1. apríl 1960.

Pétur Pétursson, form.	Alfreð Gíslason, frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag.

Greinargerð.

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem liggur fyrir Hvalfjörð, er (að undanskildum fjallvegi um Uxahryggi) eini tengiliður milli alls vegakerfis á Suður- og Suðvesturlandi annars vegar og Vestur-, Norður- og Austurlandi hins vegar. Á þessum vegi byggjast allar samgöngur á landi milli þriggja landsfjórðunga og Reykjavíkur ásamt Suðurlandi. Um þennan veg fara miklir farþega- og vöruflutningar, og fer

sú umferð vaxandi ár frá ári. Auk þess er stöðugt verið að taka í umferð stærri og þyngri bifreiðar, sem þurfa betri og sterkari vegi.

Þrátt fyrir þetta er Hvalfjarðarvegur einn veikasti hlekkurinn í vegakerfinu umhverfis landið. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra eru enn 20.5 km af veginum ólagðir, en notazt við ruddan og mjög ófullkominn veg. Er þetta sérstaklega bagalegt um vetur, þegar skriðuföll eru tíð og snjóþyngsli. Er þá slysahætta mjög mikil, en kostnaður við að halda veginum opnum gífurlegur.

Fjárveitingar til Hvalfjarðarvegar hafa verið mjög af skornum skammti, miðað við mikilvægi hans. Í fyrra var opnaður nýr kafli hjá Bjarteyjarsandi, og var að honum mikil bót. En við þá framkvæmd safnaðist skuld svo mikil, að fjárveiting líðandi árs rennur öll til greiðslu hennar. Eru því horfur á, að ekkert verði unnið við Hvalfjarðarveg fram yfir viðhald á þessu ári.

Búast má við, að leiðin fyrir Hvalfjörð styttist um 20—25% hvað aksturstíma snertir, þegar upphleyptur vegur kemur fyrir þá 20 km ruðninga, sem nú er notazt við. Rétt væri að athuga, hvort hugsanlegt er að stytta leiðina enn til muna, t. d. með brúargerð yfir fjörðinn í Þyrilsnes.

Sökum þess, hverjar fjárhagshorfur eru varðandi Hvalfjarðarveg, væri eðlilegt, að ríkisstjórnin aflaði nokkurs lánsfjár til að bæta þennan burðarás í vegakerfi landsins. Þyrfti að stefna að því að ljúka lagningu vegarins sem allra fyrst og gera hann allan þannig úr garði, að hann verði viðunanleg undirstaða fyrir varanlegt slitkerfi, t. d. með steinsteypu eða malbikun, strax og unnt er að ráðast í slíka framkvæmd.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjarðasvæðinu með þyrilvængju.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka fyrir næsta þing, hvort ekki muni hagkvæmt að hafa þyrilvængju staðsetta á Vestfjörðum til að annast daglega fólksflutninga og póstflutninga um Vestfjarðasvæðið.

Skal einkum við það miðað, að þyrilvængjan hagi ferðum sínum á þann hátt, að farþegar og póstur komist sem fljótast um Vestfjarðasvæðið, og að farþegar eigi jafnframt sem auðveldast með framhaldsflug frá Ísafirði og þaðan út um byggðir Vestfjarða.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur Flugfélag Íslands haft sjóflugvél — Katalínuflugbát — í förum milli Reykjavíkur og Vestfjarða.

Flesta daga vikunnar, þegar flugfært hefur verið, hefur vélin flogið til Ísafjarðar, en auk þess haft viðkomustaði einu sinni í viku eða svo á Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri eða á Hólmavík. Að þessu hefur verið ómetanleg samgöngubót. En nú hyggst Flugfélagið hætta rekstri sjóflugvéla, og horfir því illa um flugsamgöngur við Vestfirði, eins og nú standa sakir.

En eins og kunnugt er, er nú verið að byggja flugvöll á Skipeyri við Skutulsfjörð, rétt hjá Ísafjarðarkaupstað. Standa vonir til, að flug landflugvéla um Ísafjarðarflugvöll geti hafizt í júní- eða júlímánuði í sumar. Þar með verður samgönguvandamál Ísafjarðar væntanlega leyst á farsællegan hátt.

En hvað um aðra staði á Vestfjörðum, sem þó hafa notið flugsamgangna við Reykjavík oftast vikulega, eins og fyrr segir, meðan sjóflugvélanna naut við?

Að því er þá staði snertir, eru horfurnar hvergi nærri góðar. Allt útlit er fyrir, að flugsamgöngur leggist niður fyrst um sinn næstu árin til allra annarra staða á Vestfjörðum en til Ísafjarðar.

Rætt hefur verið um flugvallargerð annaðhvort í Dýrafirði eða í Önundarfirði, og á þeim stöðum báðum eru skilyrði góð til flugvallagerðar. En flugvellir eru dýr mannvirki og þess vegna fullhætt við, að mörg ár liði, þar til komið væri viðhlítandi flugvallakerfi um alla Vestfirði. Ýmsir mundu jafnvel örvænta um, að það kæmi nokkurn tíma.

Hins vegar þurfa þyrilvængjurnar enga flugvelli, og er það einn af þeirra mörgu kostum. Í rauninni lenda þær hvar sem er á sléttlendi, en þar, sem þeim er búinn sérstakur lendingarstaður, er það venjulega steinsteypt hella hringlaga, 15—20 metrar í þvermál og þannig ekki stærri en lítill húsgrunnur.

Flutningsmaður þessarar tillögu átti þess kost á síðastliðnu hausti að fljúga með þyrilvængju milli Brussel og Kölnar. Hafði hún viðkomu með póst og farþega í fjölda smábæja milli hinna stóru flugvalla þessara borga. Og þannig eru þyrilvængjur nú mikið notaðar á meginlandi Evrópu til póst- og farþegaflutninga milli aðalflugvalla álfunnar. Þykir flug með þeim í góðviðrum hin mesta lystisemd sökum þess, hve lágt þær fljúga að jafnaði, svo að auðvelt er að grannskoða þau landsvæði, sem yfir er farið. Um flughæfni þyrilvængjanna í miður góðu veðri þarf hins vegar ekki að fjölyrða, þar sem kunnugt er, að þær eru mikið notaðar við björgunarstörf, oft við hin erfiðustu skilyrði.

Ástæðulaust er líka að fara mörgum orðum um það, hvílíkt hagræði það væri Vestfirðingum, ef þyrilvængja færi hringflug um Vestfjarðakjálkann á degi hverjum, eða þótt ekki væri nema annan hvern dag, með póst og farþega og stæði síðan í beinu sambandi við stærri flugvél, er héldi uppi flugferðum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

Í þessu sambandi skal það fram tekið, að það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu, að sams konar fyrirkomulag ætti engu síður við á Austfjörðum með Egilsstaðaflugvöll sem miðpunkt og tengilið við Reykjavík. Færi vel á því, að sú hlið málsins yrði athuguð jafnframt af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í flugmálum.

Nánar verður gerð grein fyrir hugmynd þeirri, sem í tillögu þessari felst, í framsögu.

Nd. 280. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlastjórn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsbyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum (sbr. 26. gr.). Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkvæmt 41. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með VI. kafla laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 28. maí 1957 er nýbýlastjórn ríkisins lögð sú skylda á herðar að vinna eftir föngum gegn

því, að byggðar jarðir fari í eyði, eins og því miður hafa verið allmikil brögð að í sumum héruðum landsins á undanförnum árum. Má þó áreiðanlega fullyrða, að mjög hefur þyngzt fyrir fæti í þeim efnum, frá því að lögin voru sett árið 1957, og gildir það einkum um byggingar. Styrkur og lán til ræktunar hefur síðustu árin verið það ríflegt, að möguleikarnir á því að auka ræktun hafa verið miklir alls staðar þar, sem verkfæri hafa fengizt til. Skortur á ræktunarmöguleikum hefur því engan veginn verið nein aðalástæða til þess, að jarðir fara í eyði og fólki fækkar í mörgum byggðarlögum. Allt öðru máli er að gegna um byggingarnar. Kostnaðurinn við þær hefur vaxið svo stórkostlega, að bændum er það víða mjög um megn að komast frá þeim kostnaði. Gildir það ekki síst um íbúðarhúsin, en til þeirra hefur byggingarsjóður veitt hæst 75 þús. kr. lán á hús, sem er oft ekki nema 25—40% alls byggingarkostnaðar. Þegar lögin voru til meðferðar á Alþingi 1957, lýsti flutningsmaður þessa frumvarps allrækilega þeirri nauðsyn, að meiri aðstoð yrði veitt við byggingarnar, en fékk því eigi framgengt þá. Nauðsyn þess hefur mikið vaxið síðan, og því er þetta litla frumvarp flutt.

Á mörgum jörðum, sem enn eru í byggð, er allt eins mikil þörf á aðstoð við íbúðarhúsabyggingar og á nýbýlum. Er því eðlilegt, að nokkuð af því fé, sem ætlað er til þess að varna því, að jarðir fari í eyði, sé notað til þeirrar aðstoðar.

Nánar í framsögu.

Nd. 281. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um Reykjanesbraut.

Frá Benedikt Gröndal.

1. gr. orðist svo:

Leggja skal tvöfalda akbraut milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og nýjan veg frá Álftanesvegamótum um Keflavík og Garð til Sandgerðis.

Nd. 282. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega og sent það til umsagnar þeirra aðila, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við lagasetningu um þessi efni. Hafa nefndinni borizt umsagnir um frv. frá eftirtöldum aðilum: landlækni, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, læknadeild Háskóla Íslands, Félagi læknanema, og enn fremur hefur nefndinni borizt umsögn um frv. frá stúdentaráði Háskóla Íslands.

Allir þessir aðilar tjáðu sig mótfallna því nýmæli í frv., að læknakandidatar skyldu skyldaðir til þess að ljúka framhaldsnámi sínu við sjúkrahús hér á landi. Skoðanir voru einnig mjög skiptar um það ákvæði frumvarpsins, að landlæknir skyldi ráðstafa námsvist kandidata á sjúkrahúsum hérlendis. Landlæknir sjálfur taldi ástæðulaust að leggja slíka skyldu á sig og lagði til, að í staðinn yrði sett í frumvarpið heimild til ráðherra um að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.
2. 3. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Guðl. Gíslason, Jón Skaftason.

Nd. 283. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta hefur þá breytingu eina í för með sér frá gildandi ákvæðum í lögum nr. 12/1952, að ráðherra er heimilað, að fengnum till. Tryggingastofnunar ríkisins, að veita lán úr erfðafjársjóði til byggingar elliheimila, en þó því aðeins, að fjárhagur sjóðsins leyfi.

Vitað er, að stundum er erfitt fyrir vistmenn á elliheimilum, sem nokkra starfsgetu hafa, að vinna sökum skorts á húsnæði. Hljóta lánveitingar samkv. frv. þessu, ef að lögum verður, að vera bundnar því skilyrði, að séð verði fyrir hentugum vinnustofum fyrir vistmenn í þeim elliheimilisbyggingum, sem lán kunna að fá úr sjóðnum, en sá er einmitt annar aðaltilgangur laga nr. 12/1952 að koma upp vinnustofum fyrir gamalmenni.

Að þessu athuguðu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. apríl 1960.
Guðl. Gíslason. Jón Skaftason.

Sigurður Bjarnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.

Sþ. 284. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks

fyrirkomulags. Skal ríkisstjórnin hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og möguleikar eru á.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni hefur verið flutt á Alþingi nokkrum sinnum áður, en ekki hlotið lokaafgreiðslu:

Á Alþingi árið 1937 fluttu þeir Jóhann G. Möller og Thor Thors tillögu svipaðs efnis og þá, er hér að ofan greinir. Skyldi samkvæmt henni skipuð 5 manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Tillaga þessi var samþykkt og nefndin kosin samkvæmt henni. En við það sat. Nefndin hélt aðeins einn fund, og engar tillögur komu frá henni.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, sem nú er flutt, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að gera beri tilraun til að koma því á frekari rekspöl. Hagsmunaárekstrar eru tíðir milli vinnuveitenda og verkalýðs í hinu íslenzka þjóðfélagi. Efnahags- og afkomugrundvöllur þjóðarinnar verður við þessar deilur ótraustari. Engra úrræða má því láta ófreistað til þess að sætta vinnu og fjármagn, koma á friði milli þeirra, sem stjórna atvinnutækjunum, og þeirra, sem vinna við þau. Mjög líklegt verður að telja, að stórt spor væri stigið í þá átt með því að gera verkamennina, sjómennina eða iðnaðarmennina að meðeigendum og meðstjórnendum í atvinnufyrirtækjunum, þar sem því verður við komið. Að því takmarki stefnir þessi tillaga.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi tillögu þeirra Jóhanns G. Möllers og Thors Thors árið 1937, var því skipulagi greinilega lýst, sem hér er um að ræða. Leyfa flutningsmenn þessarar tillögu sér að prenta þann kafla greinargerðar þeirrar upp hér á eftir. En þar var komizt að orði á þessa leið:

„Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnaríhlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna, heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hlutöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytztu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1. að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;
2. að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum;
3. að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því: a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því: b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefur verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í átttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar, ef ekki fjendur verkamanna. Það er því ekki að ófyrir-

synju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri, enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó að það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins væri hægt að stíga með framkvæmd þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags.“

Nd. 285. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Einar Sigurðsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar eru í Reykjavík, á Akureyri og að Laugarvatni. Stofna skal menntaskóladeild við alþýðuskólann á Eiðum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskólanna greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með stofnun menntaskóla á Akureyri var fyrst stigið spor í þá átt að flytja menntaskólana út á landsbyggðina, eins og áður fyrr tíðkaðist. Síðan var settur menntaskóli að Laugarvatni fyrir Suðurlandsundirlendið. Á Vestfjörðum var einnig gerð tilraun með menntaskóladeild við gagnfræðaskólann á Ísafirði, og gafst hún að allra dómi vel, en var lögð niður af ástæðum, sem ekki verða raktar hér.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að fyrir Austfirði verði komið upp menntaskóla að Eiðum.

Eins og nú er ástatt, verða Austfirðingar að sækja framhaldsmenntun sína annaðhvort til Akureyrar eða Suðurlands. Er það ærið kostnaðarsamt fyrir nemendur og aðstandendur þeirra.

Nú stendur fyrir dyrum að halda áfram að byggja nýjan, stóran menntaskóla í Reykjavík. Skoðanir manna eru skiptar um það, hvort heppilegt sé að hafa skóla mjög stóra, og munu fleiri vera þeirrar skoðunar, að það sé ekki ákjósanlegt. Og enginn vafi leikur á því, að svo bezt helzt jafnvægi í byggð landsins, að einstökum héruðum sé ekki mismunað um skör fram, að því er snertir aðstöðu til menntunar. Hvert hérað á að hafa sínar menntastofnanir, ef skilyrði eru til þess og önnur aðstaða. Við Eiðaskóla er aðstaða til þess að koma á fót menntaskóla án verulegs kostnaðar í bili, en sá skóli er samkvæmt lögum nr. 36/1917 rekinn algerlega á kostnað ríkissjóðs.

Úr Austfirðingafjórðungi sækja árlega um 50 nemendur framhaldsnám á Norður- og Suðurlandi.

Við framsögu mun nánari grein gerð fyrir máli þessu.

Nd. 286. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

Nefndarmennirnir HV og JSk hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til frumvarpsins.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er komið verulega til móts við þær óskir forráðamanna sveitarfélaganna, sem margoft hafa verið fram bornar, að sveitarfélögin fái nýjan tekjustofn.

Talið er, að kaupstaðir og stærri hreppsfélög muni skv. frv. geta fengið úr Jöfnunarsjóði um 10—12% viðbót við tekjur af útsvörum, en önnur sveitarfélög geta fengið á þessu ári allt að 35%, sbr. ákvæði til bráðabirgða, en eftir það allt að 50%, sbr. 2. gr. frv.

Breytingartillaga sú, sem nefndin flytur, kveður á um það, að ekki sé hægt að taka framlög Jöfnunarsjóðs upp í gamlar vanskilaskuldir sveitarfélaganna. Hins vegar er að sjálfsögðu opið eftir sem áður að semja um greiðslu á slíkum skuldum.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Sigurður Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.	

Ed. 287. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og l. nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Munu tveir nm., þeir BjörnJ og KK, skila sérálitum, en undirritaðir þrír nm. mæla með því, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. hljóði svo:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 288. Frumvarp til laga [49. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í Húsavíkurlandi. Andvirði túnsins verði óskilorðisbundin eign Húsavíkurkirkju.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 289. Breytingartillögur [117. mál]

við till. til þál. um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjarðasvæðinu með þyrilvængju.

Frá Einari Sigurðssyni.

1. Við tillgr.
   a. Á eftir orðinu „Vestfjörðum“ komi: og Austfjörðum.
   b. Fyrir orðin „og póstflutninga um Vestfjarðasvæðið“ komi: póstflutninga og sjúkraflutninga um Vestfjarðasvæðið og Austurland.
   c. Fyrir orðið „farþegar“ komi: sjúklingar, farþegar.
   d. Á eftir orðunum „fljótast um Vestfjarðasvæðið“ komi: og Austurland.
2. Við fyrirsögn. Fyrir orðið „Vestfjarðasvæðinu“ komi: á Vestfjörðum og Austurlandi.

Nd. 290. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: Á Hvalbak ..... ljósviti — hljóðviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umhverfis Hvalbak eru aflasæl og fjölsótt fiskimið. Einnig er skerið á siglingaleið annarra skipa en fiskiskipa. Það ber því brýna nauðsyn til að reisa vita á skerinu til öryggis. Einnig er nauðsynlegt að hafa þar hljóðvita vegna hinna tíðu þokuveðra fyrir Austfjörðum.

Hvalbakur mun vera nokkru hærri yfir sjó en Faxasker við Vestmannaeyjar og mun stærri um sig. Mun sjór ganga yfir skerið í aftökum. Reynslan hefur sýnt, að tök eru á að byggja vitahús, sem standa af sér sjóganginn. Meðan enginn viti er á skerinu, verður siglingaleið í námunda við það ætíð hættuleg. Það ber því að leggja mikla áherzlu á að reisa þar vita.

Það eru nú orðin um 80 ár síðan fyrst var byggður viti á Íslandi. Miklar framfarir hafa orðið í þeim málum, og er nú hægt að hafa vita á stöðum, þar sem ófært var talið áður. Má sem dæmi nefna vitann á Þrídröngum við Vestmannaeyjar, sem orðið hefur að miklu liði að dómi sjómanna. Líkt yrði með vita á Hvalbak. Hann yrði að ómetanlegu gagni.

Í framsögu mun verða gerð nánari grein fyrir máli þessu.

Sþ. 291. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um aukna tæknimenntun.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram athugun á því, með hverjum hætti hægt væri að auka alls konar tæknikennslu í skólum landsins og að öðru leyti möguleika á því að auka tæknimenntun þjóðarinnar.

Greinargerð.

Þörf þjóðfélagsins fyrir tæknimenntaða menn fer sívaxandi. Atvinnuvegirnir verða fjölbreyttari og þurfa að verða miklum mun fjölbreyttari en þeir eru nú. Þessi þróun krefst fleiri manna með sérþekkingu. Vér erum enn þá skammt á veg komnir í þessum efnum og verðum því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Góð lífsafkoma þjóðarinnar byggist á því, að vér höfum á að skipa nægilegum fjölda tæknimenntaðra manna. Þær þjóðir heimsins, sem fram úr skara, hafa einmitt lagt sérstaka áherzlu á tæknimenntun þjóðanna.

Í framtíðinni bíða óteljandi verkefni. Fiskiðnaðurinn þarf að taka miklum framförum og verða miklum mun fjölbreyttari. Nýjar iðngreinar þurfa að ryðja sér til rúms. En þetta verður ekki hægt, nema því aðeins að þjóðfélagið hafi yfir að ráða mönnum, sem til brunns hafa að bera þekkingu til þess að byggja frá grunni þessar iðngreinar og koma upp nýjum. En á það skortir mikið, og þess vegna er þessi tillaga fram borin.

Nd. 292. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar eftirlitsmönnum opinberra sjóða. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað síðari málsliðar komi:

Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

Alþingi, 5. apríl 1960.

Jón Pálmason, form., frsm.	Einar Sigurðsson, fundaskr.	Karl Guðjónsson, með fyrirvara.
Ágúst Þorvaldsson.	Benedikt Gröndal.	

Fylgiskjal.

EFTIRLITSNEFND OPINBERRA SJÓÐA

Reykjavík, 31. marz 1960.

Með bréfi, dags. 23. þ. m., hafið þér, háttv. alþm., f.h. landbn. Nd. Alþingis farið fram á að fá umsögn eftirlitsmanna opinberra sjóða um meðlagt frv. á þskj. 134, um heimild til að selja tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Eftirlitsnefnd hafa á liðnum árum borizt nokkrar slíkar beiðnir. Hefur þeim jafnan fylgt mat dómkvaddra manna og stundum tilboð um hærra verð en matsmenn höfðu ákveðið. Nefndin hefur jafnan, að þeim upplýsingum fengnum og öðrum, er hún hefur getað aflað sér, veitt samþykki sitt til sölu. Eru nefndinni ljósir þeir erfiðleikar, sem á því eru fyrir sjóðina sem landeiganda að uppfylla þær skyldur, sem inna ber af höndum gagnvart leiguliða, og því ekki talið annað fært en samþykkja sölu, þegar um það verð var að ræða, sem sanngjarnt mátti telja á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um eftirlit með opinberum sjóðum er sala því aðeins heimil, að eftirlitsmenn hafi **mælt** með henni og **samþykkt söluverð jarðanna.** Hér kemur aðeins fyrra atriðið til greina, þar sem ekkert liggur fyrir um söluverð umræddra jarða og annað, er þeim fylgir.

Nefndin ályktar að mæla með, að heimild til sölu verði veitt, en geymir sér rétt til samþykktar á söluverði þeirra.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að síðari málsl. 1. gr. frv. orðist svo:

Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs Kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

Andrés Eyjólfsson. Sigfús Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar Nd.

Ed. 293. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1960.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Alfreð Gíslason. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 294. Frumvarp til laga [123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Einari Jónssyni bónda, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að Einari bónda Jónssyni, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi, en Hellnahóll er ríkiseign.

Hellnahóll er ein af svonefndum Holtshverfisjörðum, en hefur ekki verið sérstök ábýlisjörð um margra áratuga skeið. Hefur Einar Jónsson haft jörðina á leigu s. l. 26 ár og óskar þess nú að fá hana keypta. Hagar jarðanna Moldnúps og Hellnahóls liggja saman. Hafa þeir verið ræstir fram og eru innan sama framræslukerfis. Nokkuð af högum Hellnahóls hefur verið ræktað, og það land er innan túngirðingar Moldnúpsins. Saman eru þessar jarðir mjög sæmilegt býli, en Hellnahóll lítil jörð og með ólíkindum, að í ábúð komist ein sér.

Sýnast flest rök og öll aðstaða hníga að því, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til sölunnar, og þess vænzt, að Alþingi sjái sér fært að samþykkja frv.

Fylgiskjal.

ODDVITI VESTUR-EYJAFJALLAHREPPS

Seljalandi, 20. febr. 1960.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. jan. s. l. „að mæla með því, að Einar Jónsson, bóndi á Moldnúpi, fengi keypta kirkjujörðina Hellnahól í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Telur hreppsnefndin, að jörðin sé svo lítil, að hún byggist tæplega sem sjálfstætt býli. Auk þess hefur jörðin verið í ábúð Einars í s. l. 26 ár og hann bætt hana nokkuð með framræslu og ræktun.“

Ólafur Kristjánsson,
oddviti.

Sþ. 295. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um starfsfræðslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að starfsfræðsla verði upp tekin í skólum landsins.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur verið tekinn upp svokallaður starfsfræðsludagur í nokkrum stærstu kaupstöðum landsins. Var fyrst efnt til þessarar nýbreytni í Reykjavík, en síðan fylgdi Akureyri í kjölfarið.

Á þessum starfsfræðsludögum hefur unglingum gefizt tækifæri til þess að koma á fund fulltrúa frá hinum ýmsu starfsgreinum og leita þar upplýsinga um hvers konar atvinnugreinar og starfsemi, sem til greina kemur að velja sér að lífsstarfi. Tilgangurinn með þessu fræðslustarfi er að auðvelda æskunni að velja sér lífsstarf við hæfi hvers einstaks og jafnframt að glæða áhuga hennar fyrir þátttöku í aðalbjargræðisvegum þjóðarinnar.

Starfsfræðsludögunum hefur verið tekið fádæma vel. Þúsundir unglinga hafa sótt þá, og meðal þeirra hefur ríkt mikill áhugi fyrir að hagnýta sér fræðslu þeirra.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að hér sé um merkilega nýjung að ræða, sem geti verið mjög gagnleg, ekki aðeins fyrir unglingana, heldur fyrir helztu bjargræðisvegi landsmanna, sem skortir árlega vinnuafl til þess að geta rekið framleiðslutæki sín. Fyllsta ástæða er því til þess, að starfsfræðslan verði ekki bundin við einn eða tvo daga á ári, heldur verði hún tekin upp í skólum landsins. Mundu þar fyrst koma til greina unglingaskólar og framhaldsskólar.

Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Brýna nauðsyn ber til þess, að þjóðin hagnýti starfskrafta sína eins vel og mögulegt er.

Aukning framleiðslunnar, hagkvæmni í vinnubrögðum og þróttmikil þátttaka unga fólksins í helztu framleiðslugreinunum er beinlínis frumskilyrði þess, að þjóðin geti haldið áfram að bæta lífskjör sín og skapa sér bjarta og farsæla framtíð. Starfsfræðslan getur átt verulegan þátt í að stuðla að þessu. Þess vegna er eðlilegt, að hinn íslenzki skóli taki hana upp. Sú nýbreytni þyrfti engan eða sáralítinn kostnað að hafa í för með sér.

Sþ. 296. Fyrirspurn [125. mál]

til dómsmálaráðherra um Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

1. Hver er ástæðan fyrir því, að dómsmálaráðherra hefur sagt Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra upp starfi sem ritstjóra Lögbirtingablaðs, er hann hefur gegnt

í meira en 17 ár, og einnig Baldri Öxdal fulltrúa í ríkisbókhaldinu, sem annast fjárreiður blaðsins, án þess að nokkru sinni hafi verið að störfum þeirra fundið?
2. Hverjar hafa verið árlegar greiðslur fyrir þessi störf síðastliðin fimm ár?
3. Hefur verið ráðinn starfsmaður eða starfsmenn í þeirra stað og þá hver eða hverjir og fyrir hvaða greiðslur?
4. Hverjir starfa við útgáfu Stjórnartíðinda, og hverjar hafa verið greiðslur til þeirra hvers um sig síðastliðin fimm ár? Var þeim sagt upp starfi um leið?

Sþ. 297. Þingsályktun [18. mál]

um flugsamgöngur við Siglufjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 18.

Ed. 298. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyting á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn hefur á skömmum tíma hækkað tolla og skatta til ríkissjóðs, aðra en tekju- og eignarskatt, um meira en 500 milljónir króna, jafnframt því sem hún hefur ýtt af stað mestu skriðu almennra verðhækkana, sem sögur fara af, með gengisfellingu og hækkun vaxta.

Allur meginþungi þeirra álaga, sem í þessum aðgerðum felast, leggst á almenna neyzlu landsmanna og kemur því af mestu afli niður á hina almennu launamenn, sem að undanförnu hafa barizt í bökkum með árstekjur frá 50 til 70 þús. kr.

Til mótvægis hinum nýju álögum og verðhækkunum hefur ríkisstjórnin boðað, að þeim, sem við erfiðust kjör búa, yrðu tryggðar slíkar hagsbætur, „að hægt væri með sanngirni að ætlast til þess, að almennt kaupgjald haldist óbreytt“, eins og hv. forsætisráðherra orðaði það, er hann mælti fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál hinn 5. febrúar s. l. Orðrétt sagði hann þá enn fremur: „Í öðru lagi verða gerðar róttækar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum verðbreytinga, sem af leiðréttingu gengisskráningarinnar leiðir, á lífskjör almennings. Með þessum og öðrum ráðstöfunum verður leitazt við að dreifa byrðunum sem réttlátast á þegna þjóðfélagsins.“

Hinar „róttæku“ ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í þá átt að draga úr afleiðingum eigin verka í efnahagsmálunum eru nú ljósar orðnar, og er þar í fyrsta lagi um að ræða fjölskyldubæturnar, sem jafnt eru látnar ná til fjölskyldna með almennar launatekjur og hinna, sem mest bera úr býtum. Þar er því ekki um neina tekjutilfærslu að ræða, sem stuðli að því að „dreifa byrðunum sem réttlátast“, þar sem fjölskyldustærð ein fyrir sig er enginn mælikvarði á efnalega afkomu.

Í öðru lagi er svo tekjuskattslækkunin, en um hana fjallar þetta frv. Eins og það er úr garði gert, felur það í sér nýjan tekjuskattstiga og nýjar frádráttarreglur. Frádráttarreglurnar tryggja afnám tekjuskatts á 50 þús. kr. hreinar tekjur einstaklinga, hjón með 70 þús. kr. og síðan hækkandi um 10 þús. kr. fyrir hvert barn. Síðan er skattstiginn fyrir þá, sem eru það tekjuháir, að þeir verða ekki skattfrjálsir skv. þessum frádráttarreglum, lækkaður stórlega og skattgreiðendum tryggð þeim mun meiri lækkun sem tekjur þeirra eru hærri. Þetta er sú meginregla, sem lögfesta

á með frv. Þannig fá verkamenn og aðrir með hliðstæðar tekjur almennt eftirgefinn skatt innan við 2 þús. kr., en fyrir hátekjumenn getur eftirgjöfin numið tugum þúsunda fyrir hvern einstakan. Sýnir flokkun skattgreiðenda í Reykjavík, sem fylgir hér sem fskj. og miðuð er við tekjuframtöl s. l. árs, glögglega, að bróðurpartur eftirgjafarinnar kemur í hlut þeirra, sem hafa tekjur langt ofan við verkamannalaun.

Þannig fá 1924 hæstu gjaldendur í Reykjavík eftirgefinn skatt, sem nemur 18505956 kr. eða að meðaltali 9620 kr. á mann, en 229 hæstu gjaldendur fá eftirgefnar 3722772 kr. eða að meðaltali 16256 kr. á mann. Á hinn bóginn fá 2596 lægstu gjaldendur eftirgjöf, sem nemur 199466 kr. eða að meðaltali 76 kr. á mann, og 15890 gjaldendur af 26813 alls fá eftirgjöf að upphæð 20350301 kr. eða að meðaltali 1280 kr. á mann.

Auðsætt er, að hinn nýi tekjuskattstigi tryggir þeim, sem tekjuháir eru, mjög ríflegar bætur fyrir þær verðhækkunar- og skattabyrðar, sem á hafa verið lagðar, og í ýmsum tilfellum stórfelldan hagnað, miðað við afkomu þeirra áður. Hins vegar eru bæturnar aðeins mjög smávægilegur hluti á móti hinum nýju álögum fyrir hinn almenna launamann og niður í ekki neitt fyrir hina tekjulægstu.

Sú meginbreyting, sem nú er verið að framkvæma í skattamálum, að auka um milljónahundruð söluskatt á almenna neyzlu og þjónustu og fella því sem næst niður stighækkandi tekjuskatt á einstaklinga, leiðir augsýnilega til stórhrakandi lífskjara láglaunamanna, en hins vegar batnandi afkomu hinna bezt launuðu. Þessi breyting kemur þó alveg sérstaklega hart niður á láglaunafólki nú, þegar hinar víðtækustu aðgerðir eru jafnframt framkvæmdar í þá átt að hækka allt verðlag í landinu meira en dæmi eru áður til með gengisfellingu og um leið er lögfest bann við verðlagsuppbótum á laun. Þessi breyting er því ekki „róttæk breyting" til þess að jafna byrðum þjóðfélagsþegnanna, eins og boðað hefur verið, heldur þveröfugt. Hún er markviss aðgerð til þess að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu í samræmi við þá stefnu núv. ríkisstjórnar að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Tekjuskattur á þurftarlaun er að vísu afnuminn með þessu frv., og væri það að sjálfsögðu fagnaðarefni, ef ekki kæmi fleira til og þá fyrst og fremst það, að alla eftirgjöfina verða láglaunamenn að greiða sjálfir margfalda í formi söluskatts á allar nauðsynjar sínar og einnig bróðurpartinn af eftirgjöfinni til hátekjumannanna.

Svo rífleg er tekjuskattseftirgjöfin til hátekjumanna, að segja má, að komizt sé langleiðina að því yfirlýsta takmarki stjórnarflokkanna að afnema með öllu tekjuskatt á einstaklinga, og virðist harla sennilegt, að það verði næsta skrefið og þá jafnvel að afnema um leið skatta á félög. Tekjuskattur einstaklinga var á s. l. ári álagður 139.7 millj. kr., en verður 22.5 millj. eftir breytinguna. Þessar 22.5 millj. kr., sem eftir verða, jafnast á 15000 gjaldendur, og koma því til jafnaðar 1500 kr. á hvern skattgreiðanda. Þegar þess er gætt, að skatturinn kemur nú á þá eina, sem hafa mjög lífvænlegar tekjur eða meira, verður sannarlega ekki sagt, að þar sé um þungar álögur að ræða.

Tvær meginröksemdir hafa verið færðar fram fyrir því, að hagkvæmt væri að afnema tekjuskatta með öllu. Í fyrsta lagi sú, að álagning hans og innheimta væri óhæfilega kostnaðarsöm fyrir hið opinbera, og í öðru lagi, að samfara þessum skatti væru slík óviðráðanleg skattsvik í frammi höfð, að þau sköpuðu hið mesta óréttlæti og misrétti milli manna, væri því ekki um annað að ræða en gefast upp fyrir þessum vandamálum og taka annað kerfi — söluskattskerfið — í staðinn. Reyndar verður ekki séð, að söluskattskerfið ráði neina bót á þessum vandamálum, því að vafalaust verður það sízt kostnaðarminna og býður ekki síður upp á undanbrögð og svik. En kjarni málsins er sá, að bæði kostnaðarhlið skattheimtunnar og skattsvikin eru sjálfskaparvíti, sem ráða hefði mátt bót á, ef vilji hefði verið fyrir hendi. Enginn vafi er á, að hvort tveggja mætti gera í senn: að draga úr kostnaði með því að gera allt kerfið einfaldara í sniðum en verið hefur og skapa aðhald gagnvart skattsvikum. En aldrei hefur verið gerð nein gangskör að þessu, enda þótt á sé að

byggja langri reynslu annarra þjóða, sem tekizt hefur að leysa þessi vandamál að verulegu leyti.

Það er vel rökstudd skoðun fjölmargra, sem skyn bera á skattamál, að vel væri fært að lækka skattstiga mjög verulega, jafnvel frá neðsta þrepi til hins hæsta, en ná samt til hins opinbera hærri heildarupphæðum en áður. En slíkt gæti aðeins orðið með virku skattaeftirliti, sem aldrei hefur verið til hér á landi. Jafnframt mætti draga svo úr margs konar tilgangslausri skriffinnsku í skattakerfinu, að framkvæmd öll yrði ódýrari.

Með þessu frv. er á engan hátt ráðizt að þeim vandamálum, sem notuð hafa verið sem átyllur fyrir því, að afnema bæri tekjuskattinn. Þrátt fyrir skattlækkunina verður allur kostnaður við álagningu hinn sami og áður. Hvert framtal, jafnt þeirra, sem skattfrjálsir verða, og hinna, sem skatt eiga að greiða, verður að endurskoðast eins og áður, m. a. vegna ákvæða tryggingarlaga, svo sem ákvæðanna um skerðingu lífeyris vegna tekna, greiðslu tryggingariðgjalda skattleysingja o. s. frv. og síðast, en ekki sízt, vegna þess, að álagning útsvara er byggð á störfum skattstjóra og skattanefnda. Við bætist svo geysileg skriffinnska og umsvif vegna hins nýja almenna söluskatts. Sparnaður verður því enginn, en kostnaður mjög vaxandi.

Skattsvik í tekjuskattskerfinu verða að sjálfsögðu jöfn og áður, þar sem ekkert er aðhafzt til að kveða þau niður, og söluskatturinn nýi býður upp á nýtt athafnasvið að þessu leyti. Misréttið og ranglætið, sem af þessu leiðir, heldur áfram að dafna. Hvorugri röksemdinni, sem notuð hefur verið gegn stighækkandi tekjuskatti, verður því beitt þessu frv. til framdráttar, eins og það er úr garði gert.

Að því leyti, sem þetta frv. felur í sér afnám tekjuskatts á þurftarlaun, er ég því meðmæltur, enda hefur afnám hans að því marki ætíð verið stefnumál Alþýðubandalagsins. Enn ríkari ástæður en áður knýja nú á um slíka breytingu, þar sem þegar hefur verið lögfestur annar skattur enn þungbærari þeim, sem slík laun hafa. Hins vegar tel ég hina gífurlegu eftirgjöf á tekjuskatti af hálaunum fráleita, á sama tíma og þrengdur er kostur hins almenna launamanns á öllum sviðum, og því fremur sem engar tilraunir eru gerðar til þess að hindra skattsvik.

Vissulega hefði það ekki verið ofætlun þeirrar nefndar, sem ríkisstjórnin hefur skipað til þess að semja þetta frv. og setið hefur að störfum mánuðum saman, að undirbúa viðhlítandi breytingar á framkvæmdakafla laganna, sem tryggt hefði, að hátekjumönnum og auðfélögum tækist ekki framvegis jafnt og hingað til að falsa framtöl sín og smeygja sér þannig undan lögmætum og eðlilegum greiðslum til ríkisþarfa. Einnig hefði henni borið að fullgera víðtækar tillögur í þá átt að tryggja einfaldari og samræmda framkvæmd laganna og draga úr algerlega óþarfri skriffinnsku. Brýna nauðsyn bæri til að breyta þessu frv. í framangreinda átt, en afgreiðsluhraði málsins er meiri en svo, að slíkt sé á færi einstakra þm. eða nefndarhluta nú.

Alþingi, 5. apríl 1960.

Björn Jónsson.

Fylgiskjal.

Flokkun skattgreiðenda í Reykjavík og tekjuskattur þeirra.

1. Samkv. skattskrá 1959.

Af	nettótekjum	undir	20 000	greiddu	2 596	gjaldendur	samt.	tsk.	199 466	kr.
—	—	20 000—	30 000	—	2 746	—	—	—	606 139	—
—	—	30 000—	40 000	—	3 134	—	—	—	2 103 424	—
—	—	40 000—	50 000	—	2 857	—	—	—	3 689 194	—
—	—	50 000—	60 000	—	3 438	—	—	—	6 424 245	—
—	—	60 000—	70 000	—	3 619	—	—	—	9 208 880	—

Af nettótekjum	70 000—	80 000	greiddu	3 062	gjaldendur	samt.	tsk.	10 371 239 —
— —	80 000—	90 000	—	2 120	—	—	—	9 887 554 —
— —	90 000—	100 000	—	1 353	—	—	—	8 915 186 —
— —	100 000—	120 000	—	1 235	—	—	—	12 209 949 —
— —	120 000—	150 000	—	470	—	—	—	7 696 070 —
— —	150 000—	200 000	—	152	—	—	—	4 351 500 —
— —	200 000	og yfir	—	67	—	—	—	3 703 341 —
			Samtals	26 813			Samtals	79 366 187 kr.

2. Áætlað 1960.

Af nettót.	50 000 til	60.000	er áætlað,	að 1 841	gjaldendur	greiði	samt. í tsk.	689 479 kr.
— —	60 000 -	70 000 -	—	- 977	—	—	— - —	1 191 549 —
— —	70 000 -	80 000 -	—	- 1 499	—	—	— - —	1 324 797 —
— —	80 000 -	100 000 -	—	- 2 043	—	—	— - —	3 101 841 —
— —	100 000 -	120 000 -	—	- 1 181	—	—	— - —	2 858 248 —
— —	120 000 -	150 000 -	—	- 464	—	—	— - —	2 457 878 —
— —	150 000 -	og yfir -	—	- 201	—	—	— - —	4 332 969 —
			Samtals	8 206			Samtals	15 956 761 kr.

Ed. 299. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, og látið er í veðri vaka af þeim, er að því standa, að vafasamt sé, að ákvæði þess verði látin gilda nema til bráðabirgða, af því að ríkisstjórnin hafi í síðastliðnum janúarmánuði skipað nefnd til að „endurskoða öll gildandi lög um tekju- og eignarskatt". Muni sú nefnd halda áfram heildarendurskoðun skattalaganna með það fyrir augum að afhenda heildartillögur, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Kunni þá að verða breytt því, er nú á að samþykkja.

Fjárhagsnefnd efri deildar hélt tvo fundi um frumvarpið. Á þeim fyrri mætti skattstjórinn í Reykjavík og veitti nefndinni ýmsar upplýsingar. Enn fremur lét hann Skattstofuna gera ýmsa útreikninga, er gagnrýnendur frumvarpsins töldu nauðsynlega til glöggvunar á málinu. Voru þeir útreikningar lagðir fram á síðari fundinum.

Fjárhagsnefndin klofnaði. Meiri hl. nefndarinnar, stjórnarstuðningsmennirnir þrír (JÞ, MJ og ÓB) virtust telja frumvarpið harla gott. Við, hinir tveir (KK og BjörnJ), höfðum margt við það að athuga og skilum sérálitum hvor í sínu lagi.

Ef talað var í nefndinni um víðtækari breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt en í frumvarpinu felast, vék meiri hlutinn sér undan að ganga inn á þær með skírskotun til þess, að allt þvílíkt yrði að sjálfsögðu athugað af hinni stjórnskipuðu nefnd og væri eðlilegt, að þetta biði, þar til heildarathugun skattamálanefndarinnar væri um garð gengin.

Ekki vildi meiri hlutinn heldur fallast á neinar breytingar, sem hreyft var af minnihlutamönnum nefndarinnar, þó að þær væru innan ramma frumvarpsins.

Vafalaust tel ég því, að stjórnarflokkarnir ætla sér í þessu máli, eins og áður afgreiddum efnahagsmálum á þessu þingi, að beita meirihlutavaldi tilhliðrunarlaust.

Þegar slíkur einræðisandi er ríkjandi, hefur flutningur breytingartillagna ekkert úrslitagildi.

Hins vegar brýtur einræðisandinn skip sín, fyrr en hann varir, hjá lýðræðissinnaðri þjóð eins og Íslendingar eru.

Efnahagsaðgerðir þess anda verða aðeins til bráðabirgða, hvort sem hann vill eða vill ekki.

Það virðist vera sameiginlegt álit hjá meiri hluta Alþingis nú, að rétt sé að stefna að því að afnema beina skatta og heimta öll gjöld til þarfa ríkisins með óbeinum sköttum. Hverfa frá því að láta menn bera byrðar samfélagsins að verulegu leyti eftir því, hve sterkir þeir eru, og eftir því, hve mikið þeir bera úr býtum í samfélaginu. Um þetta álit hafa á síðustu missirum sameinazt „í einingu andans og bandi friðarins" annars vegar Alþýðuflokkurinn, sem taldi sig eitt sinn málsvara alþýðunnar og nefndi sig hennar nafni, og hins vegar Sjálfstæðisflokkurinn, sem Alþýðuflokkurinn til skamms tíma kallaði auðvaldsflokk.

Þessi skattastefna um algert afnám beinna skatta er að mínu áliti mjög varhugaverð. Hún er andstæð mikilsverðri bræðralagshugsjón og hæfir ekki öðrum en kaldrifjuðum auðvaldssinnum.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, færir skattamálin drjúgan spöl í átt þeirrar stefnu. En ekki er — eins og sakir standa — gerlegt að leggjast á móti frumvarpinu í heild, af því að **búið er** að leggja á fólkið í landinu óbeina skatta úr hófi fram. Og þó að lækkun tekjuskattsins samkv. frumvarpinu segi afar lítið — og hjá mörgum alls ekki neitt — til mótvægis þeim ókjörum, sem gengisfellingin, hækkun söluskattanna, okurvextirnir, lánsfjárkreppan og annað þess kyns veldur almenningi, þá væri ekki rétt að banda hönd gegn því litla, sem þar er innan um og saman við hart leiknu fólki til hagsbóta.

Hitt er svo annað mál, að með hagsbótum þessum flýtur hlutdrægni, sem illt er að þola. Henni er hrært saman við.

Ríkisstjórnin hefur lagt á það mikla áherzlu, að lækkun tekjuskattsins sé einn liðurinn í „viðreisnarkerfi" sínu og hann mjög áhrifamikill fyrir almenning. Hún segist „afnema skatt á almennar launatekjur". Þetta túlkar hún og stuðningslið hennar sem stórkostlega réttlætisráðstöfun og efnahagslega „sárabót" fyrir almenning.

En hver verður reyndin?

Tekjuskattur er að vísu, samkv. frumvarpinu, numinn af almennum launatekjum með því að hækka persónufrádrátt þannig, að einhleypur maður hefur 50 þús. kr. skattfrjálsar, hjón 70 þús. kr. skattfrjálsar fyrir sig og 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri þeirra.

En um leið og þetta er gert, fær hátekjufólkið miklu meiri skattalækkanir en þeir, sem hafa almennar tekjur og minna en það.

Ríkisstjórnin gumar af því hástöfum, að tekjuskattslækkunin sé „sárabætur" handa því fólki, sem hefur almennar launatekjur og minna — og þarfnast, eins og gefur að skilja, „sárabótanna" mest vegna lífskjaraskerðingarinnar af völdum hennar. En um leið drepur stjórnin og þinglið hennar tittlinga framan í hátekjumennina og stingur að þeim margfalt hærri bótum.

Hér skulu nefnd dæmi þessu til sönnunar:

	Nettó-tekjur kr.	Skattur var kr.	Skattur verður kr.	Lækkun kr.
Einhleypur	50 000	2 131	0	2 131
—	75 000	6 049	2 000	4 049
—	100 000	12 645	5 500	7 145
—	150 000	28 971	17 500	11 471
—	200 000	48 530	32 500	16 030

Hjón með 2 börn	50 000	343	0	343
— — - —	75 000	2 484	0	2 484
— — - —	100 000	6 928	500	6 428
— — - —	150 000	21 876	7 500	14 376
— — - —	200 000	40 511	20 500	20 011
Hjón með 3 börn	50 000	236	0	236
— — - —	75 000	1 949	0	1 949
— — - —	100 000	5 706	0	5 706
— — - —	150 000	20 018	5 500	14 518
— — - —	200 000	38 369	17 500	20 869

Beri menn nú saman t. d. hjónin með tvö börn, sem hafa 50 þús. kr. nettótekjur, þau fá í „sárabætur“ 343 kr. skatt felldan niður, og hjónin með tvö börn, sem hafa 150 þús. kr. nettótekjur, þau fá 14376 kr. bætur, eða yfir fjörutíu sinnum meira en hin og í öfugu hlutfalli við þörfina, eins og hver maður getur skilið.

Þannig er réttlæti þessara ráðstafana.

Enn er eitt, sem tekur þó fram úr öllu öðru í frumvarpi þessu. Fyrsta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir því, að skattgjaldstekjur, sem eru fram yfir 110 þús. kr., séu algerlega skattfrjálsar. Skattlagningin á ekki að ná hærra en í 110 þús. kr. skattgjaldstekjur (þ. e. 110 þús. kr. tekjur, þegar búið er að draga persónufrádráttinn frá).

Sá gróðapeningur, sem er þar fyrir ofan, á að vera yfir skattlagningu hafinn.

Hér má segja, að stjórnarflokkarnir nái sér fullkomlega á strikið!

Þarna er svo langt gengið, að ég á — þrátt fyrir allt — bágt með að trúa, að leiðrétting fáist ekki á því, og geri þess vegna tilraun til að flytja svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað „90000—110000“ í síðustu talnalínu skattstigans komi: 90 þús. kr. og þar yfir.

Alþingi, 6. apríl 1960.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 300. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Einar Sigurðsson, Ásmundur Sigurðsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á komandi sumri fari fram leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu sumri kastaði norska hafrannsóknarskipið Johan Hjort, að beiðni Austfirðinga, rækjuvörpu í tilraunaskyni út af Austurlandi og fékk þar strax rækju. Var aflinn talinn mikill eftir ástæðum og rækjan góð.

Áhugamenn eystra og fiskifræðingar hafa áhuga á því, að gerð verði rækileg leit að rækju eystra.

Hér er um stórmál að ræða. Rækjuveiðar á djúpmiðum eru stundaðar við Noreg með góðum árangri. T. d. má nefna, samkvæmt upplýsingum, sem flm. hafa borizt, að árið 1954 hófust rækjuveiðar á djúpmiðum við Rogaland að ráði og hafa aukizt svo stórkostlega, að árið 1958 tóku 200 skip þátt í þeim veiðum.

Það gæti orðið mikil lyftistöng atvinnulífi á Austurlandi, ef góð rækjumið reyndust þar eystra. Það sýnir dæmið frá Noregi og raunar reynslan hér á landi, þar sem rækjuveiðar hafa verið stundaðar.

Er það skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til, að nú í sumar fari fram ýtarleg leit að rækjumiðum fyrir Ausurlandi.

Nd. 301. Frumvarp til laga [127. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Stofnaður skal sjóður, er ber nafnið **lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis.** Skal sjóðnum varið til að veita námslán íslenzkum stúdentum og öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. ákvæðum þessara laga.

Menntamálaráð Íslands fer með stjórn sjóðsins.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt íslenzkum stúdentum eða öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. reglum, sem sjóðsstjórnin setur, en þurfa samþykki menntamálaráðherra. Þessar reglur skal endurskoða árlega.

Hver námsmaður skv. 1. mgr. þessarar gr. skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, skv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri stofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr. Afborganir af námslánum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renna einnig í sjóðinn.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stuðningur við íslenzka námsmenn erlendis er veittur á fjárlögum í 14. gr. A. II. a (áður 14. gr. B). Er þar um að ræða óafturkræfa styrki og námslán, sem greiðast að námi loknu, eftir þar til settum reglum.

Árin 1952—1959 hafa eftirtaldar upphæðir verið veittar á fjárlögum í þessu skyni: 1952—1958 1 275 þús. kr. hvert ár, en árið 1959 2 000 þús. kr. Var sú hækkun gerð í framhaldi af því, að 1958 var lagt 30% yfirfærslugjald á gjaldeyri til námsmanna og vegna fjölgunar námsmanna erlendis. Enn fremur setti menntamálaráðuneytið þá reglur um úthlutun 5 allt að 20000 kr. árlegra styrkja til námsmanna erlendis, er veittir skyldu til 5 ára. 1959 var ákveðið að fjölga þessum styrkjum í 7 og heimilað að veita þá hvort heldur væri til náms erlendis eða við Háskóla Íslands. Nú er gert ráð fyrir því, að þessir styrkir geti hækkað í allt að 30000 kr. vegna gengisbreytingarinnar.

Af upphæð þeirri, sem veitt hefur verið til námsmanna erlendis, hefur verið varið til námslána svo sem hér segir: 1952 275 þús. kr., 1953—1958 400 þús. kr. hvert ár, en árið 1959 er hlutur námslánanna ekki ákveðinn, heldur gert ráð fyrir því, að fénu sé skipt milli námsstyrkja og námslána eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráð.

Í árslok hvers árs 1952—1959 hafa útistandandi námslán menntamálaráðs numið þeirri upphæð, sem hér segir:

1952	254	þús. kr.
1953	639	þús. kr.
1954	1 049	þús. kr.
1955	1 420	þús. kr.
1956	1 820	þús. kr.
1957	2 175	þús. kr.
1958	2 669	þús. kr.
1959	4 081	þús. kr.

Árið 1956 var byrjað að greiða af lánunum og var menntamálaráði heimilað að lána það fé út aftur.

Reglur þær, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráð um úthlutun námsstyrkja og námslána, eru endurskoðaðar árlega, áður en úthlutun fer fram. Fara hér á eftir þær reglur, sem giltu við úthlutun árið 1959:

1. Styrkir eru fyrst og fremst veittir til þess náms erlendis, sem ekki er hægt að stunda á Íslandi. Þó er vikið frá þeirri meginreglu, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef um úrvalsnemendur er að ræða. Styrkir eru ekki veittir háskólakandídötum.
2. Þeir, sem ekki hafa hafið nám erlendis, þegar úthlutun fer fram, koma ekki til greina fyrr en á næsta ári.
3. Námsmenn, sem uppfylla sett skilyrði, fá lán á fyrsta námsári erlendis. Á öðru námsári er þeim ætlaður hálfur styrkur og hálft lán, en fullur styrkur á þriðja og fjórða námsári.
4. Gagnvart þeim, sem áður hafa hlotið styrk frá menntamálaráði, gilda sömu reglur og verið hafa. Þeir, sem dveljast erlendis við nám fjögur ár eða lengur, hljóta styrki samtals í 2½ ár og lán í 1½. Þeir, sem hlotið hafa styrki og lán fjórum sinnum, fá framhaldslán, ef um langt nám er að ræða.
5. Þeir, sem eru aðeins þrjú ár við nám erlendis, fá samtals 1½ styrk og 1½ lán.
6. Nám, sem tekur tvö ár eða skemmri tíma, er yfirleitt ekki styrkt.
7. Styrkir og lán eru mishá eftir dvalarlöndum, með hliðsjón af dvalarkostnaði. Er við það miðað, að fjárhagsstuðningurinn samsvari nokkurn veginn þriggja mánaða yfirfærslu. Að þessu sinni fá námsmenn í Bandaríkjunum og Kanada kr. 13 000.00, í Sviss kr. 11 000.00, í Frakklandi og Ítalíu kr. 9 000.00, í Bret-

landi, Sviþjóð og Finnlandi kr. 8 000.00, í Vestur-Þýzkalandi kr. 7 500.00, og í Danmörku, Noregi, Austurríki, Spáni og Hollandi kr. 6 500.00.

8. Ekki eru veittir styrkir eða lán til þeirra námsmanna, sem njóta sambærilegs styrks frá öðrum opinberum aðilum.
9. Nemendur í þeim löndum, sem hafa svonefnd námslaunakerfi (Austur-Þýzkaland o. fl.), hljóta hálfan styrk eða lán.
10. Námsmenn, sem stunda nám skemur en sjö mánuði á ári, fá í hæsta lagi hálfan styrk eða lán. Hið sama gildir um þá, sem njóta styrks frá öðrum opinberum aðilum, en þó ekki svo mikils, að rétt þyki að fella niður með öllu styrkveitingu til þeirra.
11. Um verkfræðistúdenta gilda þessar reglur: Þeir, sem lokið hafa fyrrihlutaprófi við háskólann hér, fá styrk í tvö ár og hálft lán þriðja árið. Verkfræðistúdentar, sem stunda nám erlendis í námsgreinum, sem hægt hefði verið að ljúka í fyrrahlutaprófi við verkfræðideildina hér, eiga því aðeins kost á láni strax, að þeir hafi hlotið I. einkunn í stærðfræðigreinum við stúdentspróf. Aðrir verkfræðinemar fá ekki lán eða styrk, fyrr en þeir hafa tekið próf, sem eru hliðstæð við fyrrihlutapróf verkfræðideildarinnar hér.
12. Lyfjafræðingar, sem tekið hafa próf hér, áður en þeir hófu framhaldsnám erlendis, fá hálfan styrk og hálft lán fyrra árið og styrk síðara árið.
13. Þegar hjón sækja og bæði teljast verðug styrks, fá þau til samans 1½ styrk eða lán.

Með tilliti til gengisbreytingarinnar í febrúarmánuði s. l., gekkst ríkisstjórnin fyrir því, að upphæð sú, sem veitt er á fjárlögum 1960 til stuðnings við íslenzka námsmenn erlendis, var hækkuð mikið.

Alls eru nú áætlaðar 5 195 þús. kr. til námsstyrkja og námslána samanlagt í stað 2 millj. kr. árið 1959 og 1 275 þús. kr. 1958. Gert er ráð fyrir því, að styrkirnir hækki sem svarar til gengisfellingar íslenzku krónunnar, en auk þess verði námslánin aukin verulega. Áætlað er, að af fjárveitingu ársins 1960 sé hægt að verja 3 250 þús. kr. til námslána, eða átta sinnum hærri upphæð en árið 1958.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að námslánum til íslenzkra námsmanna erlendis verði komið á fastari grundvöll en verið hefur til þessa. Árlegt framlag ríkissjóðs til námslánasjóðsins er miðað við sömu upphæð og talið er fært að verja til námslána af fjárveitingu skv. 14. gr. A, II. a, á fjárlögum ársins 1960. Auk þess er gert ráð fyrir því, að afborganir af námslánum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renni í sjóðinn.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er tafla, sem gefur hugmynd um hag námslánasjóðsins og afkomu 20 ár fram í tímann, miðað við þær tekjur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hann hafi, og þau lánskjör, sem hann veitir. Vegna þess hve tiltölulega stuttur tími er ennþá liðinn frá því að farið var að veita námslán að nokkru ráði, myndi sjóðnum ekki verða fært að auka námslánin allra næstu árin að nokkru marki, að óbreyttu ríkisframlagi. Það er fyrst árið 1963 að þau gætu aukizt úr kr. 3 250 000.00 í kr. 3 500 000.00, árið 1964 í 3 750 000.00 og árið 1965 í kr. 4 000 000.00. Síðan myndu þau hins vegar geta aukizt um kr. 400 000.00 á hverju ári, þ. e. a. s. um kr. 2 000 000.00 á hverjum 5 árum, miðað við þær forsendur um lánskjör og ríkisframlag, vexti af eigin fé, fastan, árlegan kostnað vegna daglegs reksturs og afskriftir vegna tapa, sem áætlunin er byggð á, og nánar er gerð grein fyrir í skýringum með henni.

Eins og taflan sýnir ljóslega, batna möguleikar sjóðsins til útlána allhröðum skrefum á árunum 1965—1970, og það svo, að jafnvel mætti auka útlánin heldur meira en þar er gert ráð fyrir. Eftir 20 ár væri sjóðurinn orðinn þess megnugur að lána rúmlega þrefalt núverandi ríkisframlag árlega til námsmanna.

Að öðru leyti vísast til töflunnar sjálfrar og þeirra skýringa, sem henni fylgja.

Lánasjóður íslenzkra

	Lánað	Útistandandi			Gjöld			Tekj-	
								Vextir	Af-
		Af eldri lánum	Af yngri lánum	Samtals	Fastur kostnaður	Afskrifað	Samtals	Af eldri lánum	Af yngri lánum	Af eldri lánum
1960	3 250 000	3 866 473	3 250 000	7 116 473	50 000	–	50 000	41 457.93	–	141 299
1961	3 250 000	3 682 423	6 435 000	10 117 423	50 000	65 000	115 000	51 475.30	–	184 050
1962	3 250 000	3 434 211	9 620 000	13 054 211	75 000	65 000	140 000	67 490.26	–	248 212
1963	3 500 000	3 129 109	12 991 300	16 120 409	75 000	65 000	140 000	78 714.34	22 295.00	305 102
1964	3 750 000	2 775 496	16 480 200	19 255 696	75 000	70 000	145 000	85 014.61	64 655.50	353 613
1965	4 000 000	2 386 299	20 023 000	22 409 299	100 000	75 000	175 000	86 831.71	124 852.00	389 197
1966	4 400 000	1 980 158	23 701 100	25 681 258	100 000	80 000	180 000	83 520.46	202 370.00	406 141
1967	4 800 000	1 594 580	27 438 000	29 032 580	100 000	88 000	188 000	69 305.54	296 523.50	385 578
1968	5 200 000	1 236 837	31 219 000	32 455 837	150 000	96 000	246 000	55 810.31	384 160.00	357 743
1969	5 600 000	915 308	35 021 560	35 936 868	150 000	104 000	254 000	43 289.29	467 509.00	321 529
1970	6 000 000	632 982	38 815 300	39 448 282	150 000	112 000	262 000	32 035.78	548 525.60	282 326
1971	6 400 000	393 407	42 566 900	42 960 307	200 000	120 000	320 000	22 154.37	627 175.50	239 575
1972	6 800 000	217 994	46 240 100	46 458 094	200 000	128 000	328 000	13 769.24	703 321.50	175 413
1973	7 200 000	99 471	49 859 400	49 958 871	250 000	136 000	386 000	7 629.79	776 723.50	118 523
1974	7 600 000	29 459	53 449 300	53 478 759	250 000	144 000	394 000	3 481.48	848 239.00	70 012
1975	8 000 000	0	57 034 300	57 034 300	250 000	152 000	402 000	1 031.06	918 725.50	29 459
1976	8 400 000	–	60 643 800	60 643 800	250 000	160 000	410 000	0	989 040.50	0
1977	8 800 000	–	64 312 100	64 312 100	300 000	168 000	468 000	–	1 060 213.00	–
1978	9 200 000	–	68 014 700	68 014 700	300 000	176 000	476 000	–	1 133 443.50	–
1979	9 600 000	–	71 734 940	71 734 940	300 000	184 000	484 000	–	1 207 874.50	–
1980	10 000 000	–	75 464 000	75 464 000	300 000	192 000	492 000	–	1 282 922.90	–

Skýringar með áætlun um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Stofnfé.

Sjóðurinn tekur við þeim skuldabréfum fyrir námslánum, sem veitt voru til ársloka 1959, að upphæð kr. 4 007 772.00. Í reyndinni er sú upphæð nokkru hærri, eða kr. 4 081 458.75. Stafar það af því, að í áætluninni er af hagkvæmnisástæðum gert ráð fyrir því, að lán, sem veitt hafa verið á hverju ári, allt frá árinu 1952, hafi dreifzt jafnt á árganga. Ef svo hefði verið, væri nú búið að greiða inn heldur meira af gjaldföllnum lánum en raun ber vitni. Í framkvæmdinni hafa því, samkvæmt þeim mismun, sem þarna kemur fram, meiri hluti námslánanna verið veittur þeim námsmönnum, sem voru hálfnaðir með nám eða meira.

Gert er ráð fyrir því að árlega verði veitt til námslána af opinberri hálfu kr. 3 250 000.00, þ. e. sú upphæð, sem talið er að hægt verði að verja á yfirstandandi ári til námslána af heildarfjárveitingu samkvæmt fjárlagafrumvarpi því, er fyrir Alþingi liggur. Sú upphæð verði óbreytt á næstu árum, að óbreyttum aðstæðum.

Útlán.

Næstu þrjú árin verði ríkisframlaginu, kr. 3 250 000.00, varið til námslána. Í árslok 1962 verður því reiðufé sjóðsins komið upp fyrir kr. 400 000.00. Á árinu 1963 geta því námslánin aukizt um kr. 250 000.00 og um sömu upphæð næstu tvö árin þar á eftir, og verða kr. 4 000 000.00 á árinu 1965. Þá verður hins vegar farið að muna svo um afborganir og vexti, aðallega af lánum veittum fyrir 1960, að sjóðurinn þolir að auka námslánin um kr. 400 000.00 á hverju ári úr því, án þess að ríkisframlagið aukist. Í framkvæmdinni yrði útlánaaukningin sjálfsagt ekki alveg jöfn frá ári til árs. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að komast að því, hvað aukningin gæti orðið mikil að jafnaði, að kringumstæðum óbreyttum frá því, sem nú er.

Útistandandi í lok hvers árs eru veitt lán að frádregnum afborgunum og áætluðum töpum.

Í árslok 1960 er þá útistandandi yfirtekin skuldabréfaeign samkvæmt framansögðu af „eldri lánum“, þ. e. lánum, sem voru veitt fyrir árslok 1959 ..... kr. 4 007 772.00

÷ afborgað á árinu 1960 ..... — 141 299.00

kr. 3 866 473.00

+ áætluð námslán 1960 ..... — 3 250 000.00

Samtals kr. 7 116 473.00

námsmanna erlendis.

ur			Tekjur nettó	Eigið fé				
borganir								
Af yngri lánum	Ríkis-framlag	Tekjur alls		Frá fyrra ári	4½ % vextir	Samtals	Til næsta árs	
–	3 250 000	3 432 756.93	3 382 756.93	–	–	3 382 756.93	132 756.93	 1960
–	3 250 000	3 485 525.30	3 370 525.30	132 756.93	5 974.06	3 509 256.29	259 256.29	 1961
–	3 250 000	3 565 702.26	3 425 702.26	259 256.29	11 266.53	3 696 225.08	446 225.08	 1962
63 700	3 250 000	3 719 811.34	3 579 811.34	446 225.08	20 080.13	4 046 116.55	546 116.55	 1963
191 100	3 250 000	3 944 383.11	3 799 383.11	546 116.55	24 575.24	4 370 075.00	620 075.00	 1964
382 200	3 250 000	4 233 080.71	4 058 080.71	620 075.00	27 903.38	4 706 059.09	706 059.09	 1965
641 900	3 250 000	4 583 931.46	4 403 931.46	706 059.09	31 772.66	5 141 763.21	741 763.21	 1966
975 100	3 250 000	4 976 507.04	4 788 507.04	741 763.21	33 379.34	5 663 649.59	763 649.59	 1967
1 323 000	3 250 000	5 370 713.31	5 124 713.31	763 649.59	34 364.23	5 922 727.13	722 727.13	 1968
1 693 440	3 250 000	5 775 767.29	5 521 767.29	722 727.13	32 522.72	6 277 017.14	677 017.14	 1969
2 094 260	3 250 000	6 207 147.38	5 895 147.38	677 017.14	30 465.77	6 602 630.29	602 630.29	 1970
2 528 400	3 250 000	6 667 304.87	6 347 304.87	602 630.29	27 118.36	6 977 053.52	577 053.52	 1971
2 998 800	3 250 000	7 141 303.74	6 813 303.74	577 053.52	25 967.41	7 416 324.67	616 324.67	 1972
3 444 700	3 250 000	7 597 576.29	7 211 576.29	616 324.67	27 734.61	7 855 635.57	655 635.57	 1973
3 866 100	3 250 000	8 037 832.48	7 643 832.48	655 635.57	29 503.60	8 328 971.65	728 971.65	 1974
4 263 000	3 250 000	8 462 215.56	8 060 215.56	728 971.65	32 803.72	8 821 990.93	821 990.93	 1975
4 630 500	3 250 000	8 869 540.50	8 459 540.50	821 990.93	36 989.59	9 318 521.02	918 521.02	 1976
4 963 700	3 250 000	9 273 913.00	8 805 913.00	918 521.02	41 333.45	9 765 767.47	965 767.47	 1977
5 321 400	3 250 000	9 704 843.50	9 228 843.50	965 767.47	42 493.77	10 237 104.74	1 037 104.74	 1978
5 695 760	3 250 000	10 153 634.50	9 669 634.50	1 037 104.74	46 669.71	10 753 408.95	1 153 408.95	 1979
6 078 940	3 250 000	10 611 862.90	10 119 862.90	1 153 408.95	51 903 40	11 325 175.25	1 325 175 25	 1980

Í árslok 1961 verða útistandandi:

Af eldri lánum		—	3 866 473.00
÷ afborgað 1961		—	184 050.00
		kr.	3 682 423.00
+ áætluð námslán 1960	kr. 3 250 000.00		
÷ afskrifað, 2%	— 65 000.00		
		—	3 185 000.00
+ ný lán veitt 1961		—	3 250 000.00
		Kr.	10 117 423.00

o. s. frv.

Gjöld.

Mjög miklum erfiðleikum er bundið að áætla hinn fasta, árlega kostnað, sem óhjákvæmilegur verður vegna hins daglega reksturs. Fyrstu árin verður sá kostnaður væntanlega ekki ýkja mikill, en síðan hlýtur hann að aukast verulega. Lántakendur munu væntanlega skipta hundruðum innan fárra ára, og vinna í sambandi við innheimtu, tilkynningu gjalddaga, eftirlit með því, hverjir lántakenda brautskrást eða hætta námi og allan annan daglegan rekstur, verða mjög umfangsmikil. Virðist óhjákvæmilegt að stjórn sjóðsins ráði sérstakan starfsmann til þeirra starfa, er frá líður.

Í áætluninni er fasti kostnaðurinn við það miðaður, að fastur starfsmaður vinni sem svarar hálfum degi fyrstu 2—5 árin hér frá, en síðan verði ekki komizt af með minna en fullan starfstíma eins manns eða stúlku. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum skrifstofukostnaði. Eftir það er þessi kostnaðarliður hækkaður smátt og smátt upp í kr. 300 000.00, og er þá sérstaklega haft í huga að lögfræðileg aðstoð við innheimtu komi til skjalanna.

Árlega er afskrifuð og færð til gjalda 2% af þeirri upphæð, sem varið var til námslána næsta ár á undan, þ. e. kr. 65 000.00 árið 1961, eða 2% af kr. 3 250 000.00, kr. 70 000.00 árið 1964, eða 2% af kr. 3 500 000.00 veittum árið 1963, kr. 75 000.00 árið 1965, þ. e. 2% af kr. 3 750 000.00 veittum árið 1964, o. s. frv.

Enn fremur eru önnur 2% afskrifuð á þann hátt að hin afskrifaða og gjaldfærða upphæð er látin hafa bein áhrif á afborganirnar, þ. e. a. s. að af hverju 15 000 króna námsláni greiðist ekki inn nema 14 700.00. Þannig greiðast samkvæmt áætluninni 24 námslán af hverjum 25 að fullu að meðaltali.

Að sjálfsögðu er erfitt að áætla slík afföll fyrirfram, meðan engin reynsla er fengin. Í bókhaldi sjóðsins myndi slík föst afskrift af sjálfsögðu ekki vera framkvæmd, heldur aðeins þær lánsupphæðir, sem beinlínis töpuðust eða væru gefnar eftir. Í 20 ára áætlun verður hins vegar að gera ráð fyrir einhverjum töpum, þótt reynslan ein geti leitt í ljós hve mikil þau verða.

Tekjur sjóðsins, aðrar en ríkisframlag, eru vextir af útlánum, afborganir lána og vextir af reiðufé sjóðsins á hverjum tíma. Námslánin eru vaxta- og afborganalaus þar til þremur árum eftir að lántakandinn er brautskráður eða hættir námi, en síðan endurgreiðast þau með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Gert er ráð fyrir að meðalnámstími sé 5 ár og að námslánin dreifist jafnt eftir árgöngum.

Árið 1963 falla því í gjalddaga kr. (3 250 000.00 ÷ 65 000.00): 5 : 10 = 63 700.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á síðasta námsári veturinn 1959—1960. Árið 1964 verða afborganirnar kr. (3 250 000.00 ÷ 65 000.00) : 5 : 10 + (3 250 000.00 ÷ 65 000.00) : 5 : 10 · 2 = kr. 63 700.00 + 127 400.00 = kr. 191 100.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á öðru ári sjóðsins, og auk þess greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans. Árið 1965 verða afborganirnar kr. 3 185 000.00 : 5 : 10 + 3 185 000.00 : 5 : 10 · 2 + 3 185 000.00 : 5 : 10 · 3 = kr. 63 700.00 + 127 400.00 + kr. 191 100.00 = 382 200.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári sjóðsins, greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á öðru ári hans og enn fremur greiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans. Þannig eykst afborganaupphæðin frá ári til árs, eftir því sem lántakendum fjölgar og námslánin í heild aukast.

Vextir.

Vextir greiðast eftir á um leið og afborganir, í fyrsta skipti þremur árum eftir að lántakandi brautskráðist eða námi var hætt.

Árið 1963 falla því til vextir í fyrsta sinn, 3½% af einum fimmta hluta þeirrar upphæðar, sem lánuð var á fyrsta ári sjóðsins, að frádregnum þeim hluta hennar, sem afskrifaður var, sem sé kr. $3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} =$ kr. 22 295.00. Árið 1964 verður sú upphæð kr. $3\,185\,000.00 : 5 \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{9}{10}$ (einn tíundi hluti þess, sem lánaður var út á fyrsta ári, hefur þegar verið greiddur) + $3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 2 =$ kr. 20 065.50 + 44 590.00 = kr. 64 655.50. Árið 1965 verða vaxtatekjurnar af nýjum lánum: $3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{8}{10} \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} + 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{9}{10} \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 2 + 3\,185\,000.00 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot 3 =$ kr. 17 836.00 + kr. 40 131.00 + kr. 66 885.00 = kr. 124 852.00 o. s. frv.

Vextir og afborganir af eldri lánum er reiknað alveg á sama hátt.

Eigið fé.

Af nettótekjum fyrsta starfsárs (þar með talið ríkisframlag) eru kr. 3 250 000.00 lánaðar út, en afgangurinn, kr. 132 756.93, geymdur til næsta árs. Gert er ráð fyrir að það sé ávaxtað með 4½% vöxtum p. a., sem verða kr. 5 974.06 af framangreindri upphæð. Samtals verða því í sjóði í loks árs 1961:

Nettótekjur þess árs	kr.	3 370 525.30
Frá fyrra ári	—	132 756.93
Vextir þar af	—	5 974.06
	kr.	3 509 256.29
÷ veitt námslán	—	3 250 000.00
	Kr.	259 256.29

o. s. frv.

Þannig vex sjóðurinn smátt og smátt fyrst, en síðan hraðar, og er aukningin notuð til þess að auka útlánin eftir því, sem hægt er. Að vísu gæti útlánaaukningin orðið heldur meiri en gert er ráð fyrir í áætluninni, en ekki þykir ráðlegt að láta sjóðinn alveg skorta reiðufé, og því er aukningin frá ári til árs ekki höfð meiri en að framan getur.

Ed. 302. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Fyrir orðin „90 000—110 000“ komi: 90 000 og þar yfir.

Ed. 303. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. apríl.)

1. gr.

6. gr. laga nr. 46/1954 I. töluliður orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10 000 kr. skattgjaldstekna greiðist ..... 5 %

— 10 000—	30 000 kr.	greiðist	500 kr.	af	10 000 kr.	og	10 %	af	afgangi
— 30 000—	50 000 —	—	2 500 —	—	30 000 —	—	15 % —		—
— 50 000—	70 000 —	—	5 500 —	—	50 000 —	—	20 % —		—
— 70 000—	90 000 —	—	9 500 —	—	70 000 —	—	25 % —		—
— 90 000—110 000 —		—	14 500 —	—	90 000 —	—	30 % —		—

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

2. gr.

10. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

a-liður, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1959, fellur niður og breytast greinarliðir samkvæmt því.

k-liður (verður j-liður), síðasti málsliður 2. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b, orðist þannig:

Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15 000 kr.

k-liður (sem verður j-liður) 3. mgr. sbr. lög nr. 36/1958. 4. gr. b. orðist þannig:

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

l-liður (verður k-liður) orðist svo:

Kostnaður við stofnun heimils skal dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema kr. 20 000.00. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

3. gr.

11. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Séu tekjurnar meiri en 10 þús. kr. er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

4. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 5. gr. b., orðist svo:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin, annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta hjónin krafizt þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um nýjan landaurareikning.

Flm.: Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um nýjan landaurareikning, er byggður sé á verði þeirra afurða, er þjóðin framleiðir úr skauti náttúrunnar og seldar eru á innlendum og erlendum markaði. Sé við það miðað, að eftir verðbreytingum afurðanna framvegis fari breytingar á þeim verðmætum, sem á undanförnum árum hafa breyzt eftir framfærsluvísitölu.

Greinargerð.

Landaurareikningurinn gamli var byggður á verðlagi búpenings og afurða. Hann var í gildi um margra alda skeið og var notaður sem verðmælir í viðskiptum fólksins. Var sú ráðstöfun þrauthugsuð og viturleg, eins og margt í fari okkar forfeðra. En því miður var frá þessu horfið með vaxandi viðskiptum við aðrar þjóðir og það án þess að nokkuð kæmi í staðinn, er á viti væri byggt. Loks var svo að því horfið á Alþingi 1940 eftir kröfu embættismanna og verkalýðsfélaga að setja lög um framfærsluvísitölu, er miðast skyldi við allt verðlag allra þarfa mannanna á dýrasta stað á landinu, sjálfri höfuðborginni. Eftir breytingu þessarar vísitölu skyldi svo breytast með ákveðnu millibili og lengst af um hver mánaðamót allt kaupgjald og laun, sem síðan verkaði á allt verðlag í landinu, tolla, skatta og síðan gildi íslenzku krónunnar. Þessi endemis vitleysa hefur með nokkrum breytingum gilt í 20 ár og

haft í för með sér þær afleiðingar, að allt fjármálakerfi þjóðarinnar hefur síðustu 3 árin riðað á gjaldþrotabarminum. Hvaðeina í þjóðfélagi voru hefur skrúfað annað upp tönn fyrir tönn, eins og hjólatennur í „dunkrafti". Vegna þessa hefur gildi íslenzkra peninga fallið á ári hverju með mismunandi hraða, og hefur svo þing og stjórn eðlilega neyðzt til þess með nokkurra ára millibili að viðurkenna sannleikann með því að breyta opinberlega skráningu krónunnar.

Þegar þetta glæfraspil var fyrst upp tekið, þá benti ég á það, að ekkert þjóðfélag og allra sízt okkar fámenna og fátæka þjóð gæti þolað slíka aðferð. Alltaf síðan hef ég verið í orði og verki andvígur vísitöluskrúfunni. En allan tímann hefur ekkert tillit verið tekið til minna aðvarana. Loksins var reynslan orðin svo alvarleg eftir 20 ára kennslu, að núverandi ríkisstjórn sýndi þann manndóm að skera á hnútinn og banna það í sinni efnahagsmálalöggjöf að bæta upp laun og kaupgjald og fleira samkvæmt vísitölu. Hún var líka komin í þá aðstöðu að vera til þess neydd að taka þrotabúið til uppgerðar. Með þessu banni er mikið fengið, og vonandi verður meiri hluti á Alþingi Íslendinga aldrei framar svo gersneyddur heilbrigðri skynsemi að setja skrúfuna í gang á nýjan leik. En undan skrúfufarginu er þjóðin ekki að fullu laus, meðan því er haldið áfram að reikna út vísitölu á þeim fráleita grundvelli, sem gert hefur verið. Á meðan það er gert, má búast við, að áfram haldi meira og minna jag og stagl um meiri niðurgreiðslur á vöruverði eða einhverjar uppbætur beint eða óbeint. Þess vegna er nauðsynlegt að taka upp heilbrigðari aðferð, sem hægt er að láta gilda og standast, án þess að það hafi í för með sér glötun á fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Nú er það vitað og mætti vera kunnugt öllum mönnum, að grundvöllur allra okkar fjármála er sjálf framleiðslan. Arðurinn af henni er það verðmæti, sem þjóðin hefur til skiptanna sér til framfæris, menningar og framkvæmda. Þetta sáu okkar forfeður og breyttu í samræmi við það. Þess vegna tóku þeir upp landaurareikninginn, og þess vegna héldu þeir honum í gildi svo lengi sem raun varð á. Sömu aðferðina eigum við nútímamenn að taka upp með þeim breytingum, sem aðstaða nútímans gerir nauðsynlegar.

Á Alþingi 1936 flutti ég frumvarp um landaura og verðlagsskrár, er nota skyldi í viðskiptum þjóðarinnar. Voru þeir meðflutningsmenn Jón Sigurðsson og Jóhann Þ. Jósefsson. Þetta frumvarp náði ekki samþykki. Vísitöluskrúfan var þá þegar í undirbúningi. Nú vil ég ekki leggja í það eftir allt, sem síðan hefur gerzt, að semja frumvarp um þetta flókna vandamál, enda þótt mér séu aðalatriði þess ljós. Þess vegna ber ég fram þá tillögu, sem hér er flutt, og legg það til, að ríkisstjórnin láti eftir nákvæma athugun semja frumvarp um nýjan landaurareikning og leggi það fyrir næsta reglulegt þing. Vil ég mega vænta þess, að allir þeir menn, sem hafa opnað augun fyrir afleiðingum vísitöluskrúfunnar, ljái þessari tillögu sitt lið, svo að hún geti náð samþykki, áður en þingi slítur.

Ed. 305. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.

Jón Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 306. Breytingartillögur [126. mál]

við till. til þál. um leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi.

Frá Jónasi G. Rafnar.

1. Við tillögugr.: Fyrir orðið „Austurlandi“ komi: Austur- og Norðurlandi.
2. Við fyrirsögn: Fyrir orðið „Austurlandi“ komi: Austur- og Norðurlandi.

Nd. 307. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá fjármálaráðherra.

Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Framl. Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nd. 308. Frumvarp til laga [113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅛ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10, 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl. svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þenna hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftirá.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um efirlit með sveitarfélögum.
c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.

d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögum frá 1960, 2. gr. 2. mgr.
e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í sanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67, 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og VII. kafli framfærslulaga nr. 80, 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959 og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Sþ. 309. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um opinbert eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni einkafyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun á landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskileg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa slíka aðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamál í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú ætla með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar, sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í stað inn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Og er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna með hömlum á framboði eða framleiðslu dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölu-

svæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því hvarvetna látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og mikil efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum ástæðum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin kveðst stefna að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.

Nd. 310. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 2. gr. 3. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. 1. málsl. 4. málsgr. orðist svo:

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „leggur sjóðnum árlega til 3 250 þús. kr.“ komi: leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr.

Alþingi, 6. apríl 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Björn Fr. Björnsson. Alfreð Gíslason.

Geir Gunnarsson.

Nd. 311. Frumvarp til laga [127. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

Stofnaður skal sjóður, er ber nafnið **lánasjóður íslenzkra námsmenna erlendis.** Skal sjóðnum varið til að veita námslán íslenzkum stúdentum og öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. ákvæðum þessara laga.

Menntamálaráð Íslands fer með stjórn sjóðsins.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt íslenzkum stúdentum eða öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. reglum, sem sjóðsstjórnin setur, en þurfa samþykki menntamálaráðherra. Þessar reglur skal endurskoða árlega.

Hver námsmaður skv. 1. mgr. þessarar gr. skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, skv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri stofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr. Afborganir af námslánum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renna einnig í sjóðinn.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 312. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um strandferðaskip fyrir Vestfirði.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórninna að láta í samráði við Skipaútgerð ríkisins athuga möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga um alla Vestfirði á því, að smíðað yrði nýtt skip, sem annast mundi eingöngu ferðir til Vestfjarða með

farþega og vörur. Ef sú yrði niðurstaða þeirra athugana, sem hér er lagt til að fram fari, að smíðað yrði nýtt skip, kæmi mjög til álita að selja eitthvert þeirra skipa, sem nú eru í eigu Skipaútgerðarinnar, þar sem stærð þeirra er að ýmsu leyti óheppileg. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að með smíði nýs skips til Vestfjarðaferða skapist mjög aukið hagræði íbúum Vestfjarða til handa, og kostnaður við rekstur slíks skips ætti ekki að þurfa að verða meiri en Skipaútgerðin hefur nú af þessum ferðum, sem koma ekki að fullu gagni.

Nánar í framsögu.

Ed. 313. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögunum, nr. 93 31. des. 1953.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Kjartan J. Jóhannson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.

Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 314. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

d-liður 3. gr. orðist svo:
Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð skv. lögum um útsvör.

Nefndarmennirnir KK og AGl hafa þann fyrirvara, að þeir mæli með samþykkt þessa frumvarps sem löggjöf til bráðabirgða.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 315. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
F. R. Valdimarsson. Páll Þorsteinsson.

Ed. 316. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Auður Auðuns, form. Páll Þorsteinsson, frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr.
Friðjón Skarphéðinsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 317. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á einum fundi. Á fundinum voru mættir auk nefndarmanna Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra, form. nefndar þeirrar, er frumvarpið samdi, og Halldór Sigfússon skattstjóri.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir, sem mynda meiri hluta nefndarinnar í afstöðu til þessa máls, telja, að frumvarp þetta feli í sér verulegar lagfæringar á núverandi tekjuskattslögum og að með því sé stefnt í rétta átt við endurskoðun skattalöggjafarinnar í heild, og mæla með, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 318. Frumvarp til laga [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða

öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu um þær byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra, sem kosta samtals a. m. k. 75000 kr. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum þeim, sem fylgdu frumvarpi til laga um efnahagsmál, var gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í gjaldeyris- og innflutningsmálum. Var þar lýst þeim göllum, sem fylgja svo víðtækum gjaldeyris- og innflutningshöftum sem Íslendingar hafa nú búið við lengur en nokkur önnur þjóð í Vestur-Evrópu. Enn fremur var gerð grein fyrir því breytta viðhorfi í þessum efnum, sem hin nýja gengisskráning og yfirdráttarheimildir Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum skapa. Var talið, að við þessar nýju aðstæður mundi ekki þurfa að halda uppi innflutningshöftum, nema að því leyti, sem hin þýðingarmiklu viðskipti Íslands við jafnkeypisløndin í Austur-Evrópu gera slíkt óhjákvæmilegt.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru ákvæði um þær breytingar á gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma þá stefnu ríkisstjórnarinnar, sem að framan er lýst. Aðalbreytingin frá því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur til þessa, er sú, að innflutningur verður frjáls á öllum vörutegundum, sem eru ekki að miklu leyti fluttar inn frá jafnkeypislöndum. Innflutningur þeirra vöru, sem að miklu leyti er flutt inn frá þessum löndum, verður háður leyfum. Hann verður þó ekki takmarkaður frá jafnkeypislöndunum, þar eð leyfi til innflutnings frá þeim verða gefin út, eins og óskað verður eftir. Raunveruleg takmörkun innflutnings með innflutningsleyfum mun því aðeins eiga sér stað, að því er snertir innflutning fyrir frjálsan gjaldeyri á þeim vörum, sem annars eru að mestu leyti fluttar inn frá jafnkeypislöndum, en ekki er að öllu leyti hægt að fá þaðan. Þessi innflutningur mun hins vegar ekki nema meiru en 10—15% af heildarinnflutningi til landsins. Að því er snertir gjaldeyrisgreiðslur fyrir annað en innflutning, munu þær enn um sinn verða háðar leyfum að verulegu leyti. Ætlunin er hins vegar að setja um þær leyfisveitingar fastar reglur.

Þessi breyting gerir það að verkum, að hægt er að koma úthlutun leyfa fyrir á einfaldari og ódýrari hátt en verið hefur. Er í þessu frumvarpi lagt til, að úthlutunin verði falin þeim viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Þá er það nýmæli í sambandi við gjaldeyrismálin, að gert er ráð fyrir, að ekki megi semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Áður hefur þetta ákvæði aðeins gilt um opinbera aðila. Nauðsynlegt er, að ríkisstjórnin hafi fullt vald yfir því, hvaða skuldbindingar eru gerðar um gjaldeyrisgreiðslur fram í tímann. Gert er ráð fyrir, að reglur um lán til skemmri tíma en eins árs, en þar er fyrst og fremst um að ræða gjaldfrest til vörukaupa, verði settar í hinni almennu reglugerð um gjaldeyris- og innflutningsmál.

Auk gjaldeyris- og innflutningsmálanna fjallar þetta frumvarp einnig um veigamiklar breytingar á stjórn útflutnings- og fjárfestingarmála. Lagt er til, að Útflutningsnefnd sjávarafurða, sem stofnuð var 1957, verði lögð niður. Telur ríkisstjórnin fengna reynslu benda til þess, að heppilegast sé, að ráðuneyti fari með þessi störf undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, eins og tíðkaðist áður en útflutningsnefndin var stofnuð. Þá er gert ráð fyrir, að fjárfestingarhömlur þær, sem gilt hafa síðan 1947, verði afnumdar. Hins vegar verður skýrslusöfnun um fjárfestingu framvegis ekki aðeins látin ná til framkvæmda, sem hafnar eru, heldur einnig til fyrirhugaðra framkvæmda. Ríkisstjórninni verður þanig sköpuð aðstaða til þess að fylgjast nákvæmlega með fjárfestingarfyrirætlunum og fjárfestingarframkvæmdum.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin ákveði með reglugerð, að hve miklu leyti innflutningur og aðrar gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfum. Rétt þykir, að samráð sé haft við Seðlabankann, áður en sú reglugerð er gefin út, vegna þess sérstaka hlutverks, sem hann hefur í gjaldeyrismálum. Kveðið er á um þetta hlutverk í lögum um Landsbanka Íslands frá 1957, og gerir þetta frumvarp ekki ráð fyrir breytingum í því efni.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að úthlutun leyfa sé falin þeim viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Þó er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum úthlutun tiltekinna leyfa. Myndi þessi heimild fyrst og fremst verða notuð við úthlutun leyfa fyrir innflutningi á bílum. Vegna þess að innflutningur heimilisdráttarvéla verður nú frjáls, og ríkisstjórnin fær heimild til að fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa, verða lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla óþörf, og er gert ráð fyrir, að þau verði numin úr gildi.

Um 3. gr.

Þessi grein er samhljóða gildandi ákvæðum og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi ákvæði, nema hvað tekið er tillit til breytinga, sem leiða af Landsbankalögunum frá 1957 og ákvæðum 2. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Þessi grein gefur ríkisstjórninni heimild til þess að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra og erlendra peningaseðla og skiptimyntar og hvers konar skuldbindinga um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Þessi heimild kemur í stað laga nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, sem að miklu leyti eru orðin úrelt, og lagt er til að verði nú felld niður.

Um 6. gr.

Þessi grein, sem fjallar um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, er að mestu samhljóða gildandi lagaákvæðum.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um það, að ekki megi semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Tekur þetta einnig til greiðslufrests á vörum og þjónustu. Samkvæmt núgildandi lögum eru það aðeins opinberir aðilar, sem slíkt samþykki þurfa að fá. Það ákvæði (4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka o. s. frv.) myndi jafnframt falla niður.

Um 8. gr.

Hér eru greind þau ákvæði, sem ríkisstjórnin telur rétt að komi í stað laga nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. Aðalbreytingin er fólgin í því, að gert er ráð fyrir, að Útflutningsnefnd sjávarafurða verði lögð niður, og er ætlun ríkisstjórnarinnar að fela ráðuneyti verkefni hennar undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, eins og tíðkaðist áður en útflutningsnefndin var stofnuð. Þá er gert ráð fyrir, að samráð sé haft við Seðlabankann um veitingu útflutningsleyfa í jafnkeypisgjaldeyri umfram þær upphæðir, sem viðskipasamningar gera ráð fyrir. Er þetta í samræmi við ríkjandi venjur og eðlilegt með tilliti til hlutverks Seðlabankans í gjaldeyrismálum.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði gildandi laga um samningu áætlana um þjóðartekjur og skýrslna um fjárfestingu, en þau verkefni eru falin Framkvæmdabanka Íslands. Enn fremur eru ítrekuð ákvæði gildandi laga um skyldur byggingarnefnda og oddvita að gefa skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Er gert ráð fyrir, að þessar skýrslur verði nú að því leyti ítarlegri en áður, að þær nái ekki aðeins til framkvæmda, sem hafnar hafa verið, heldur einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa. Með þessu móti á að vera hægt að fylgjast nákvæmlega með fjárfestingarfyrirætlunum og fjárfestingarframkvæmdum.

Um 10. gr.

Innflutningsskrifstofan hefur innheimt 1% af leyfisfjárhæð, og hefur því gjaldi verið varið til þess að greiða kostnað af starfsemi skrifstofunnar og verðlagseftirlitsins.

Gert er ráð fyrir, að gjald verði enn greitt af leyfum, og megi það nema allt að 1% af leyfisfjárhæð. Skal allt að heimingi gjaldsins varið til að standa straum af kostnaði bankanna við úthlutun leyfa, en helmingi til að greiða kostnað af verðlagseftirlitinu.

Um 11., 12. og 13. gr.

Þessar greinar eru samhljóða gildandi lagaákvæðum, nema hvað viðurlög við brotum hækka.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að lögin taki gildi þann dag, sem sú reglugerð, sem 1. gr. getur um, er gefin út. Á þeim degi mundi Innflutningsskrifstofan og Útflutningsnefnd sjávarafurða hætta störfum og hin nýja skipan koma til framkvæmda.

Nd. 319. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 36 1958 og l. nr. 40 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var tekið til umræðu og afgreiðslu á fundi fjárhagsnefndar í morgun. Þar kom fram, að meiri hluti nefndarinnar, þ. e. fulltrúar stjórnarflokkanna, vill fylgja frv. óbreyttu, og af umræðum í nefndinni dreg ég þá ályktun, að engar breytingar fáist gerðar á frumvarpinu.

Í frv. þessu er mönnum svo ákaflega misjafnt skammtað, að ég get ekki mælt með því, að það verði samþykkt. En þar sem frv. felur þó í sér dálitlar uppbætur handa fólki, sem mjög þarf á slíku að halda vegna þeirra þungu byrða, sem aðrar ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar hafa á það lagt, mun ég ekki greiða atkvæði gegn málinu.

Eftir að Alþingi kom saman til framhaldsfunda seint í janúar í vetur, lagði ríkisstjórnin fram frumvarp sitt um efnahagsmál og alllöngu síðar frv. um söluskatt. Þingmenn stjórnarflokkanna samþykktu þessi frumvörp. Með þeirri lagasetningu og öðrum ráðstöfunum stjórnarinnar hafa verið lagðar þungar byrðar á allan þorra landsmanna, framkvæmdamöguleikar þeirra skertir stórkostlega og atvinnurekstur með ýmsu móti mjög torveldaður.

Í greinargerð með frumvarpinu um efnahagsmál var það boðað, að einnig yrðu gerðar „víðtækar ráðstafanir í félagsmálum og skattamálum“. Sagt var, að tilgangur þeirra ráðstafana væri sá „að dreifa byrðunum af þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verður að gera, sem réttlátast á þjóðarheildina“.

Þannig var stjórnarboðskapurinn í vetur. Og í framhaldi af þessu sagði stjórnin, að á tillögur þær, sem hún legði fyrir Alþingi, ætti að líta sem eina heild, þótt þær væru bornar fram í nokkrum frumvörpum.

Hér liggur nú fyrir eitt af þessum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Með því segist stjórnin ætla að fá það lögfest að fella niður tekjuskatt af „almennum launatekjum“. Hún túlkar frumvarpið þannig, að þetta sé megintilgangur þess. En við athugun á frv. kemur í ljós, að ákvæði þess, ef samþykkt verða, hafa margfalt meiri áhrif til lækkunar á skattgreiðslum annarra manna en þeirra, sem telja má að hafi „almennar launatekjur“ og þaðan af lægri. Þessu til sönnunar nægir að vísa til skýrslu um skattgreiðslur samkv. frumvarpinu, sem birt er á þingskjali 299 í nefndaráliti 2. minni hl. fjárhagsnefndar efri deildar (Karls Kristjánssonar, 1. þm. Norðurlandskjördæmis eystra). Þar kemur t. d. fram, að hjón, sem hafa 50 þús. kr. nettótekjur og 3 börn á framfæri, sleppa við tekjuskatt, sem nemur 236 kr., en önnur hjón, með 150 þús. kr. nettótekjur og jafnmörg börn á framfæri, fá 14518 kr. lækkun á tekjuskatti. Og hjón með 3 börn á framfæri og 200 þús. kr. nettótekjur fá 20869 kr. í skattlækkun.

Vegna þeirra miklu verðhækkana, sem ráðstafanir stjórnarinnar hafa lagt á almenning, er réttmætt að létta tekjuskatti af þeim, sem nú búa við sérstaklega

erfiðan hag, þótt hjá þeim sé ekki nema um tiltölulega litlar skattgreiðslur að ræða. En niðurfelling á tekjuskatti þeirra segir vitanlega mjög lítið á móti öllum þeim verðhækkunum á nauðsynjum, sem á þeim dynja um þessar mundir. Fyrir fáum árum var tekjuskattur af lágum tekjum lækkaður mjög verulega, svo að tekjuskattsgreiðslur fjölskyldumanna, sem hafa algengar verkamannatekjur eða lægri, hafa ekki verið tilfinnanlegar síðustu árin. Það er því mikil blekking, þegar því er haldið fram, að hægt sé að bæta meiri hluta landsmanna upp mikla kjaraskerðingu með afnámi eða lækkun á tekjuskattinum til ríkisins. Það eru slæm skipti fyrir fjölskyldumenn í lægri tekjuflokkunum að fá á sig söluskattinn, sem nýlega er búið að lögfesta, í staðinn fyrir þá lækkun á tekjuskatti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En eins og dæmin hér að framan sýna, eru það hátekjumennirnir, sem fyrst og fremst hafa hagnaðinn af skattalagabreytingu ríkisstjórnarinnar.

Samferða þessu frumvarpi inn í þingið var annað frv., einnig frá ríkisstjórninni. Það er um breytingu á útsvarslögum og er nú til athugunar hjá heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Það er, eins og þetta frv., einn þáttur í efnahagsmálatillögum stjórnarinnar, sem hún segir að verði að líta á sem eina heild.

Í útsvarslagafrumvarpinu birtist skattamálastefna stjórnarinnar, sú sama, sem fram kemur í þessu frumvarpi. Þar segir m. a., að greidd útsvör skuli draga frá tekjum manna, áður en útsvarsgreiðslur eru á þær lagðar. Það veldur mikilli lækkun á útsvörum hátekjumanna. Þeir fá þá tilslökun í ofanálag á tekjuskattslækkunina. Hjá tekjuhæstu mönnunum veltur þessi skatt- og útsvarslækkun á tugum þúsunda króna, þegar saman kemur. Þeir munu vera einu mennirnir, sem geta þakkað ríkisstjórninni fyrir viðskiptin, að loknum efnahagsmálaaðgerðum hennar.

En það er fleira í útsvarslagafrumvarpi stjórnarinnar. Þar er lagt til, að lögákveðið verði, að í sveitarfélögum utan kaupstaða skuli leggja 200 kr. tekjuútsvar á mann, sem hefur aðeins 3000 kr. nettótekjur yfir árið. Samkv. frumvarpinu eiga öldruð hjón, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrinn, en hann hefur nýlega verið ákveðinn 19440 kr. fyrir hjón á 2. verðlagssvæði, að borga af þessu kr. 1412.80 í tekjuútsvar. Skattanefndir munu nú meta fæði til tekna á um það bil 10 þús. kr. yfir árið. Maður, sem er aðeins matvinnungur, þ. e. hefur 10 þús. kr. nettótekjur, á samkv. frumvarpinu að borga 830 kr. í tekjuútsvar.

Slík ákvæði hafa aldrei áður verið í lögum. En nú flytur ríkisstjórnin frumvarp um að fá þetta í lög tekið.

Þannig eru aðferðir ríkisstjórnarinnar við að dreifa byrðunum sem „réttlátast á þjóðarheildina“ og að „vernda hagsmuni þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu“, eins og hún sagði í greinargerð með efnahagsmálafrumvarpi sínu. Hátekjumaður fær tugi þúsunda króna í lækkun á skatti og útsvari. Á sama tíma á að setja það nýmæli í lög, að skylt sé að leggja 918 kr. tekjuútsvar á einstaklings gamalmenni, sem ekki hefur aðrar tekjur en ellilífeyrinn sér til framfæris.

Þetta nefnir ríkisstjórnin réttlæti.

Í mínum augum er það ranglæti.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 320. Frumvarp til laga [113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅕ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör.
e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjónartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafli framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959, og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Ed. 321. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Fyrir „65/100“ í 1. tölulið 3. gr. laganna komi: 80/100.

Ed. 322. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 1959, um breyt. á l. nr. 19 1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason, frsm.

Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.

Ed. 323. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Jón Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 324. Lög [127. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 311.

Ed. 325. Lög [60. mál]

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 120.

Nd. 326. Frumvarp til laga [132. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 smálestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 25 smálestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 25—800 smálestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;

c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu og hafa starfað sem matreiðslumaður á farþega- eða flutningaskipi í sex mánuði og staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu og hafa unnið sem aðstoðarmatreiðslumaður í eitt ár, þar af sex mánuði á skipi, og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, ef þeir innan fimm ára krefjast viðurkenningar ráðuneytisins á rétti sínum til þessara starfa.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni Félags matreiðslumanna og Matsveinafélags S.S.Í.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Frv. samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1957—58, en var þá ekki afgreitt. Frumvarpinu fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Samband matreiðslu- og framreiðslumanna hefur á undanförnum þingum óskað eftir því við Alþingi, að lagt verði fram og samþykkt frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Á síðasta þingi sendum vér til hv. iðnaðarnefndar neðri deildar bréf með ósk um flutning slíks frv., en ekki varð úr því þá, að það yrði flutt.

Frv. það, sem vér sendum í fyrra, hefur verið endurskoðað af skólanefnd Matsveina- og veitingaþjónaskólans eftir ósk sambands vors.

Umsögn skólanefndar hefur oss borizt, og segir þar m. a.:

„Mál það, sem í bréfinu er greint frá“ (bréfi voru til skólanefndar), „ásamt tilvitnuðum gögnum öllum hefur skólanefndin tekið fyrir á nokkrum fundum sínum og er samþykk því, að sett verði lög um bryta og matreiðslumenn á fiskiskipum og farskipum, og eftir að hafa yfirlitið frv., er sambandið samdi, og norsku og dönsku lögin, leggur skólanefndin til, að hv. Alþingi verði sent frv. það, sem fylgir hér með, en það er frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.“

Samband vort leyfir sér hér með að senda hv. iðnaðarnefnd efri deildar frv. það, sem að framan er vitnað til, og er það eins og skólanefndin samdi það. Jafnframt leyfum vér oss að vænta þess, að hv. þingnefnd sjái sér fært að flytja það fyrir oss á Alþingi.

Um einstakar greinar frv. viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að skylt sé að hafa matreiðslumenn eða bryta á öllum vélknúnum skipum. Er hér um svipað efni að ræða og í norskum lögum, nema hvað lágmarkstala áhafnar er þar 10 manns.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar. Hvað 2. gr. viðkemur, er þar farið eftir norsku lögunum, en þó sniðið eftir íslenzkum aðstæðum.

Um 4. gr.

Það verður að telja nauðsynlegt fyrir bryta á skipi, að hann hafi starfað við matreiðslu á skipum, áður en hann fær réttindi til starfans, en slíka reynslu skortir þann matreiðslumann, sem eingöngu hefur starfað við iðn sína á veitingastöðum í landi, þó að langur starfstími sé að baki. Einnig verður að telja nauðsynlegt fyrir framreiðslumann að hafa fengið reynslu í matreiðslustörfum, áður en hann öðlast réttindi til brytastarfa, því að starf bryta útheimtir mikla þekkingu á meðferð og hagnýtingu hráefna og við innkaup varðandi fæðissölu. Gert er ráð fyrir, að við námskeið, sem stofnað verður til samkv. 3. gr., öðlist matreiðslumenn þá undirstöðuþekkingu í framreiðslu, sem bryta er nauðsynleg í starfi sínu.

Í dönskum og norskum lögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar, þegar frv. þetta var samið, er ekki gert ráð fyrir, að framreiðslumenn geti öðlazt réttindi til brytastarfa, en vegna reynslu í þessum efnum hér á landi verður að telja rétt að útiloka ekki þá frá starfinu, en að þeim sé veittur sá réttur að uppfylltum þeim skilyrðum, er b-liður 4. gr. segir til um.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar."

Nd. 327. Lög [111. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 303.

Nd. 328. Lög [113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 320.

Sþ. 329. Nefndarálit [82. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og kynnt sér ákvæði laga um landsdóm, nr. 11 20. okt. 1905, ásamt breytingum, sem á þeim lögum voru gerðar með lögum nr. 30 2. nóv. 1914. Er hún sammála um, að nauðsyn beri til að endurskoða lögin og breyta þeim á þá leið, að tryggt sé, að landsdómur sé til staðar samkv. 14. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin leggur því til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Gísli Guðmundsson, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.
Sigurður Bjarnason.	Hannibal Valdimarsson.	Pétur Sigurðsson.
	Björn Pálsson.	

Sþ. 330. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Greinargerð.

Fiskiðnaður Íslendinga fer vaxandi með ári hverju, og útfluttar sjávarafurðir eru langveigamesta gjaldeyrislind þjóðarinnar. Er talið, að 97% af útflutningnum séu fiskafurðir af ýmsu tagi og í ýmsu formi. Æ meira er nú að því stefnt að fullvinna fiskinn innanlands í nýtízku fiskiðjuverum, og er vart að efa, að sú þróun mun halda áfram að beinast í þá átt, að úr fiski og öðrum sjávarafurðum verði unnar fjölbreytilegri neyzluvörur en nú er. Má fullyrða, að fiskiðnaður er hér á landi sú atvinnugrein, sem nærtækast er að efla og mun að öðru jöfnu líklegust til þess að standast samkeppni við samkynja erlendan iðnað.

Það mun viðurkennt, að íslenzkur fiskur sé e. t. v. betri vara en sá fiskur, sem veiddur er á miðum annarra þjóða. Hins vegar er minna um það talað, að íslenzkur fiskiðnvarningur sé í nokkru betri en annarra þjóða, og kemur þar vafalaust til, að mjög brestur á, að ævinlega sé vandað til framleiðslunnar eins og unnt væri, ef allra nauðsynlegra skilyrða væri gætt. Er þar fyrst að telja, að í mörgum tilfellum skortir á um útbúnað vinnslustöðvanna sjálfra, og í öðru lagi hefur það orð legið á, að ekki væri gætt þeirrar nærfærni í meðferð fisksins, sem nauðsynleg er til þess, að hann reynist hæfur sem fyrsta flokks hráefni til vinnslu. Hefur þetta mál mjög verið til umræðu í blöðum og manna á meðal í vetur, enda nær einstakir atburðir, sem gerzt hafa í sumum verstöðvum, þar sem heilir bátsfarmar fisks hafa reynzt óhæfir til vinnslu sakir óvarlegrar meðferðar. Er þess að vænta, að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Ef Íslendingar ætla að verða fyrirmyndar fiskiðnaðarþjóð, verður það ekki betur gert en með því að sérmennta fólk í þessari iðngrein. Undirstaða allrar iðnþróunar eru vel menntir starfsmenn og sérfræðingar í hverri þeirri grein, er iðnaðinum lýtur. Þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðilega þekkingu eykst og stöðugt á öllum sviðum og þá ekki síður í fiskiðnaði en öðru.

Allvel er séð fyrir undirbúningsmenntun í hinum almennu iðngreinum með verklegri kennslu og skólagöngu í samtals allt að því fjögur ár. Einnig er vel að landbúnaði búið með starfrækslu búnaðarskólanna, sem veita bændaefnum og búnaðarráðunautum haldgóða þekkingu, sem að gagni má verða í störfum þeirra. Er kunnara en frá þurfi að segja, hve geysileg áhrif búnaðarskólarnir hafa haft á íslenzkan landbúnað, bæði til aukinnar framleiðslu, hagkvæmari vinnuaðferða og aukinnar vöruvöndunar.

Það hlýtur því að vekja furðu, að ekki skuli vera til í landinu skóli, sem sambærilegur sé búnaðarskólunum, er hafi það hlutverk að sérmennta þá, sem til forustu veljast á sviði fiskiðnaðar. Má það vart vansalaust heita, að svo illa sé búið að höfuðstoð íslenzkrar útflutningsframleiðslu. Úr þessu verður að bæta hið bráðasta, og er brýn þörf lagasetningar um þetta efni.

Flutningsmönnum þessarar tillögu er kunnugt, að yfirmatsmenn hafa rætt þetta mál í sinn hóp, en lítt eða ekki fylgt því eftir á opinberum vettvangi. Fiskmatsstjóri hefur átt frumkvæði að allmörgum námskeiðum fyrir fiskmatsmenn á undanförnum 12—13 árum, og hafa þau orðið til mikils gagns, svo langt sem þau náðu. En hér þarf meira til. Stofnun fasts skóla fyrir fiskmatsmenn og verkstjóra með fjölbreytilegum námsgreinum er brýnt hagsmunamál fiskiðnaðarins og allur frekari dráttur á málinu til óþurftar. Væri vel farið, að Alþingi hefði hér frumkvæði, og því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Sþ. 331. Frumvarp til fjáraukalaga [134. mál]

fyrir árið 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1957, eru veittar kr. 106 674 897.03 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	2 604 352.20
	en tekjur fóru kr. 1 956 271.08 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	4 998 413.10
	en tekjur fóru kr. 2 931 904.55 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	3 337 750.26
	en bruttótekjur urðu kr. 23 039 030.81 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	682 415.81
	en bruttótekjur urðu kr. 10 281 715.60 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	2 132 997.69
	en tekjur fóru kr. 1 224 473.71 umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	622 274.37
	af kr. 677 928.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Innkaupastofnun ríkisins	—	184 818.61
	af kr. 429 782.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

8.	Bessastaðabú	kr.	100 510.03
	af kr. 157 323.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Kópavogsbú	—	31 056.01
	af kr. 17 323.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Skólabúið á Hólum	—	354 330.34
	en tekjur fóru kr. 338 262.04 umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Skólabúið á Hvanneyri	—	220 187.47
	af kr. 226 195.08 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	15 269 105.89

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru	veittar	kr.	899 261.95
—	—	—	—	-	8.	—		—	—	—	530 974.11
—	—	—	—	-	10.	—		—	—	—	2 018 264.77
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	—	4 956 514.41
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	—	1 969 813.92
—	—	—	—	-	11.	—	D.	—	—	—	30 508.53
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	—	4 518 010.80
—	—	—	—	-	13.	—	B.	—	—	—	1 200 788.23
—	—	—	—	-	13.	—	C.	—	—	—	919 926.87
—	—	—	—	-	13.	—	D.	—	—	—	5 102 725.85
—	—	—	—	-	14.	—	B.	—	—	—	3 694 196.18
—	—	—	—	-	15.	—	A.	—	—	—	499 594.79
—	—	—	—	-	16.	—	A.	—	—	—	1 416 881.99
—	—	—	—	-	16.	—	B.	—	—	—	1 648 963.74
—	—	—	—	-	16.	—	D.	—	—	—	879 734.34
—	—	—	—	-	17.	—		—	—	—	4 073 005.51
—	—	—	—	-	18.	—		—	—	—	3 106 634.42
—	—	—	—	-	19.	—	1.	—	—	—	17 369 464.91
—	—	—	—	-	19.	—	3.	—	—	—	8 143 515.59

	Kr.	78 247 886.80
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	28 427 010.23
Inn fóru kr. 3 183 392.59 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	106 674 897.03

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1957. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1957 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1957.

Ed. **332. Frumvarp til laga** [135. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1957 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr.	648 800.000.00	kr. 655 130 878.61
2.	— — 3. — A. — ..	—	152 609 000.00	— 179 987 025.53
3.	— — 3. — B. — ..	—	10 000.00	— 19 206.64
4.	— — 4. — — ..	—	1 983 000.00	— 2 817 429.70
5.	— — 5. — — ..	—	5 750 000.00	— 10 667 476.89
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	2 450 000.00	— 62 480 076.21
	Greiðslujöfnuður	—	„	— 6 991 524.59
		Kr.	811 602 000.00	Kr. 918 093 618.17

	Útborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga ..	kr.	2 537 073.00	kr. 3 436 334.95
2.	— — 8. — — ..	—	940 060.00	— 1 471 034.11
3.	— — 9. — — ..	—	6 652 797.00	— 8 287 831.31
4.	— — 10. — I. — ..	—	11 580 433.00	— 13 217 494.64
5.	— — 10. — II. — ..	—	1 934 669.00	— 1 844 000.79
6.	— — 10. — III. — ..	—	9 452 892.00	— 9 924 763.34
7.	— — 11. — A. — ..	—	42 587 437.00	— 47 543 951.41
8.	— — 11. — B. — ..	—	3 295 062.00	— 2 461 563.64
9.	— — 11. — C. — ..	—	17 596 685.00	— 19 566 498.92
10.	— — 11. — D. — ..	—	900 000.00	— 930 508.53
11.	— — 12. — — ..	—	53 397 936.00	— 52 713 889.87
12.	— — 13. — A. — ..	—	70 148 407.00	— 74 666 417.80
13.	— — 13. — B. — ..	—	18 371 600.00	— 19 572 388.23
14.	— — 13. — C. — ..	—	18 208 887.00	— 19 128 813.87
15.	— — 13. — D. — ..	—	4 963 843.00	— 10 066 568.85
16.	— — 14. — A. — ..	—	13 266 230.00	— 13 245.129.01
17.	— — 14. — B. — ..	—	106 827 022.00	— 110 521 218.18
18.	— — 15. — A. — ..	—	9 796 497.00	— 10 296 091.79
19.	— — 15. — B. — ..	—	11 431 824.00	— 11 179 633.56
20.	— — 16. — A. — ..	—	67 045 536.00	— 68 462 417.99
21.	— — 16. — B. — ..	—	11 435 683.00	— 13 084 646.74
22.	— — 16. — C. — ..	—	3 830 000.00	— 3 830 000.00
23.	— — 16. — D. — ..	—	30 059 935.00	— 30 939 669.34
24.	— — 17. — — ..	—	100 764 721.00	— 104 837 726.51
25.	— — 18. — — ..	—	18 621 725.00	— 21 728 359.42
26.	— — 19. — 1. — ..	—	84 100 000.00	— 101 469 464.91
27.	— — 19. — 2 — ..	—	1 350 000.00	— 1 350 000.00
28.	— — 19. — 3. — ..	—	2 500 000.00	— 10 643 515.59
29.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	86 723 786.00	— 131 673 684.87
	Greiðslujöfnuður	—	1 281 260.00	— „
		Kr.	811 602 000.00	Kr. 918 093 618.17

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1957, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Nd. 333. Nefndarálit [76. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, hvarf nefndin að því ráði að fela 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. svo og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem Alþingi hafa borizt.

Að þeirri athugun lokinni varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Eins og tíðkazt hefur á nokkrum undanförnum þingum, hafa verið hafðar til hliðsjónar reglur þær, sem upphaflega voru settar af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti frá 17. marz 1955.

Í meðförum allsherjarnefnda beggja deilda hafa reglur þessar síðan verið gerðar nokkru fyllri, og reglu nr. 5, sem lýst er hér á eftir, um veitingu ríkisborgararéttar þeim Íslendingum, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, hefur síðan verið bætt við.

Reglurnar eru þannig:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfshæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 19 karlar og þær 13 konur, sem eru talin í töluliðum 1—32 í frv. þessu, og þeir 2 karlar og 6 konur, sem talin eru í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki. Sér nefndin sér því ekki fært að mæla með, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur að svo stöddu.

Alþingi, 19. apríl 1960.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.

Alfreð Gíslason. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 334. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Orðin „(Fær réttinn 29. apríl 1960)“ í 10. tölul. falli niður.
b. Fyrir „Magnússon, Jutta Wilhelmine, f. Henschel“ í 21. tölul. komi: Henschel, Jutta Wilhelmine.
c. Í greinina bætist í stafrófsröð:
   1. Carlsen, Emma Guðrún, húsmóðir á Selfossi, fædd á Íslandi 16. október 1922.
   2. Grünwald, Liesbeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 24. október 1913.
   3. Guðni Erlendsson, barn í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 29. ágúst 1950.
   4. Langfeldt, Hedwig Ella Adelheid, húsmóðir að Nesi í Selvogi, fædd í Þýzkalandi 23. september 1923.
   5. Sólveig María Björnsdóttir, Borgarnesi, fædd á Íslandi 9. desember 1927.
   6. Spitta, Jürg, sútari á Akureyri, fæddur í Þýzkalandi 30. nóvember 1936.
   7. Vigö, Sigrid Dagmar, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 27. júlí 1936.
   8. Whiles, Margaret Lilja, barn í Reykjavík, fædd í Bandaríkjum Norður-Ameríku 28. ágúst 1954.

Nd. 335. Frumvarp til laga [136. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans en 1. bekk verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristinfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

Menntamálaráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að orlofsári loknu að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Í reglugerð skal ákveða um skólalækningar, skólatíma og leyfi svo og almennar skólareglur.

17. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

18. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta ár eftir gildistöku laganna starfar ein bekkjardeild, síðan bætist við ein deild á ári, þar til kennsla er hafin í öllum ársdeildum skólans.

Fyrst um sinn, meðan því verður við komið, nýtur skólinn húsnæðis í húsakynnum gagnfræðaskólans á Ísafirði.

Greinargerð.

Allir þingmenn Vestfjarðakjördæmis standa að flutningi þessa frumvarps, en fullt samkomulag hefur orðið um, að málið verði flutt af Vestfjarðaþingmönnum, þeim er sæti eiga í neðri deild.

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: **„Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslenzk menning orðin einu víginu auðugri.“**

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst barátta fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdentana frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? **Slíkar menningarstöðvar**

mega eigi allar vera á einum stað. Menningarblóðið verður að renna um **allar** æðar þjóðlíkama vors."

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistulagur þar með.

Menn úr öllum stjórnmálaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á ný. Og á síðastliðnu ári heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngildi 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað liðinn vetur 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og hefur sú heimild nú verið veitt, sbr. fylgiskjal II.

Þetta er góð byrjun. En það, sem einu sini hefur gerzt, getur gerzt aftur.

Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn ærðu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. **Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.**

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga á menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri og nú er heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

Fylgiskjal I.

Í seinustu skýrslu gagnfræðaskólans á Ísafirði um skólaárið 1958—1959 er svo hljóðandi kafli um menntaskólamálið eftir skólastjórann, Guðjón Kristinsson:

„Svo sem fram kemur í fyrri skýrslum skólans, var starfrækt framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Ísafirði um þriggja vetra skeið, 1949—1952. Samsvaraði sú deild 1. bekk menntaskóla. Fór kennslan fram í samráði við menntaskólann í Reykjavík og síðar við menntaskólann á Akureyri. Því miður fékkst ekki leyfi til starfrækslu deildarinnar lengur en þessa þrjá vetur. Árangur hafði þó verið ágætur.

Á síðastliðnum vetri var málinu hreyft á ný í einu félagi hér í bænum, Oddfellowstúkunni Gesti. Var málið rætt þar, og niðurstöður þeirra umræðna urðu þær, að nokkur félög hér kusu nefnd til þess að vinna að framgangi málsins með það fyrir augum, að hér yrði á vetri komanda komið á fót framhaldsdeild og síðar menntaskóla fyrir Vestfirði. Í þessari nefnd áttu sæti: Björgvin Sighvatsson kennari, formaður fræðsluráðs Ísafjarðar, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, Matthías Bjarnason framkvæmdastjóri, Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri og Guðjón Kristinsson skólastjóri. Nefndin boðaði til almenns borgarafundar hér á Ísafirði í marzmánuði 1959. Ríkti mikill einhugur á þessum fundi, og var samþykkt einróma áskorun á ríkisstjórn og yfirstjórn fræðslumála, að hér yrði komið á fót framhaldsdeild (1. bekk menntaskóla) næsta haust. Var þingmönnum Vestfirðinga og fleiri aðilum skrifað og þeir beðnir að vinna að framgangi málsins. Mjög var liðið á þingtímann, þegar þetta var, svo að ekki varð úr því, að þingmenn flyttu frumvarp um þetta mál. En þess ber að geta, að þingmenn Vestfirðinga tóku þessu máli mjög vel.

Síðar var málið tekið upp í fræðsluráði Ísafjarðar og bæjarstjórn. Fræðsluráð skrifaði menntamálaráðuneytinu og fór fram á heimild til að starfrækja framhaldsdeild við skólann næsta vetur, 1959—1960. Svar við þeirri málaleitan barst ekki fyrr en í byrjun júlímánaðar. Var heimiluð starfræksla deildarinnar, en því aðeins, að nemendur væru minnst 15 að tölu. Þar eð svarið barst svona seint, kom í ljós, að allir þeir nemendur, sem landsprófi luku hér á Ísafirði og nágrenni, höfðu fengið skólavist í öðrum skólum næsta vetur. Taldi fræðsluráð því tilgangslítið að auglýsa eftir þátttöku. Greindi fræðsluráð menntamálaráðuneytinu frá þeirri ákvörðun. Jafnframt var þess óskað, að heimiluð yrði starfræksla framhaldsdeildar veturinn 1960—1961, og þess farið á leit, að ríkissjóður kostaði deildina að öllu leyti. Þegar þetta er ritað, hefur ekki borizt svar frá menntamálaráðuneytinu, en þess er að vænta, að heimild fáist. Enn fremur munu þingmenn Vestfirðinga beðnir að flytja frumvarp um þetta mál á Alþingi næsta haust, 1959, svo að lagaákvæði fáist fyrir starfrækslu slíkrar deildar og síðar fyrir menntaskóla hér, þegar aðstæður leyfa. Hér er vissulega um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla Vestfirðinga og knýjandi nauðsyn, að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er.“

Fylgiskjal II.

Eftirfylgjandi bréf, sem fyrir fáum dögum barst öllum þingmönnum Vestfjarða ásamt afriti af bréfi til menntamálaráðuneytisins um menntaskólamálið, sýnir vel þann áhuga, sem fyrir málinu er heima í héraði. Þess vegna þykir rétt að birta bréf þessi sem fylgiskjöl með frumvarpi til laga um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Bréf fræðsluráðs Ísafjarðar eru svo hljóðandi:

Fræðsluráð Ísafjarðar, Ísafirði.

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með sendi ég yður, herra alþingismaður, samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. apríl s. l.

.....

„II. Fræðsluráð skorar hér með mjög eindregið á alla þingmenn Vestfjarðakjördæmis, að þeir standi við yfirlýst loforð og flytji nú strax á yfirstandandi Alþingi

frumvarp til laga um stofnun menntaskóla fyrir Vestfirði, sem staðsettur verði á Ísafirði. — Jafnframt skorar fræðsluráð á sömu þingmenn, að þeir vinni að því, að óskir þess við menntamálaráðuneytið, sem felast í hjálögðu bréfi, nái fram að ganga.“

.....

Virðingarfyllst,

f. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,

Björgvin Sighvatsson,
formaður.

Fræðsluráð Ísafjarðar, Ísafirði.

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa menntamálaráðuneyti samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. þ. m.

„I. Lagt fram svo hljóðandi bréf frá menntamálaráðuneytinu, mótt. 28/3 1960:

„Ráðuneytið heimilar hér með, að kennslu 4. bekkjar bóknámsdeildar Gagnfræðaskóla Ísafjarðar verði hagað þannig skólaárið 1960—61, að svari til kennslu í 1. bekk menntaskóla, enda verði nemendur eigi færri en 15, og fullnægi þeir skilyrðum til slíks framhaldsnáms.

Þá ber að hafa fyllsta samráð við stjórnir menntaskólanna um próf, einkunnagjafir og annað, er að náminu lýtur.“

Í sambandi við framanritað bréf samþykkir fræðsluráð eftirfarandi:

Um leið og fræðsluráð Ísafjarðar þakkar háttvirtu menntamálaráðuneyti fyrir heimild þá, sem felst í bréfi þess, dags. 18. f. m., leyfir fræðsluráðið sér að ítreka fyrri samþykkt sína, sbr. bréf, dags. 8. júlí 1959, til menntamálaráðuneytisins þess efnis, að ríkissjóður greiði allan kostnaðinn, er leiða kann af starfrækslu deildarinnar. Þessi ósk er studd augljósum rökum, sem sé þeim, að fyllsta réttlæti mælir með því, að ríkisvaldið greiði kostnaðinn við menntaskólakennslu, sem fram fer á Ísafirði, eftir sömu reglum og gilda annars staðar um slíka kennslu, enda ástæðulaust að leggja frekar þann fjárhagsbagga á ísfirzka gjaldendur en íbúa þeirra byggðarlaga, þar sem ríkisvaldið starfrækir menntaskóla.

Einnig leyfir fræðsluráð Ísafjarðar sér að óska eftir því, að menntamálaráðuneytið heimili:

1. Að sömu reglur verði látnar gilda um próf við fyrirhugaða framhaldsdeild svo og um annað, er að náminu lýtur, eins og giltu síðustu 2 árin, sem slík framhaldsdeild var starfrækt við G. Í., það er, að skólanum sjálfum verði falið að annast prófin að öllu leyti — þó að því tilskildu, að fyrir liggi yfirlýsing frá menntaskóla um, að hann viðurkenni þau próf.
2. Að lágmarkstala nemenda í téðri deild verði t. d. 2 fyrstu árin ekki bundin við hærri tölu en 10 nemendur.

.....

Virðingarfyllst,

f. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,

Björgvin Sighvatsson,
formaður.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Nd. 336. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einnig hefur hún kynnt sér breytingartillögur við það, er henni bárust frá búnaðarþingi. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „land utan“ í 1. málsgr. komi: skipulagssvæða.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „hann nytjar hana ekki“ í 1. málsgr. komi: rekur ekki búskap á henni.
   b. Í stað orðanna „innan mánaðar“ í 4. málsgr. komi: fyrir 15. apríl.
   c. Á eftir orðunum „3 ár“ í 5. málsgr. komi: eða lengur.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsl. síðari málsgr. orðist svo:
   Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.
4. Við 7. gr. Orðin „leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörð er óbreytt“ í síðari málsgr. falli burt.
5. Við 13. gr. Síðasti málsl. fyrri málsgr. orðist svo: Fjárhæð þá, sem landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum, að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.
6. Við 22. gr.
   a. Í stað orðanna „Ef fráfarandi á fyrning heys“ komi: Ef fráfarandi á fyrningar heys.
   b. Aftan við greinina bætist: sbr. 3. grein.
7. Við 23. gr.
   a. 1. málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
      Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda.
   b. Aftan við síðari málsgr. komi: Sama gildir um veiðirétt.
8. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld og leigur og önnur afgjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.
   Nú hefur leiguliði eigi greitt afgjöldin 31. júlí, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöldin að fullu fyrir 1. nóv., næstan eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.
9. Við 42. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og skal hann um það leita samkomulags við leiguliða.
10. Við 51. gr. Greinin orðist þannig:
    Þegar ábúandi fer af leigujörð, skulu úttektarmenn meta þær umbætur, sem hann hefur gert á húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á leigutíma

sínum. Séu þessi mannvirki meira virði alls á jörðinni en þau voru, þá er ábúandi fluttist á hana, skal landsdrottinn greiða fráfaranda mismuninn og taka að sér þau lán, sem hann hefur gefið veðleyfi fyrir, ef einhver eru, til greiðslu mannvirkjanna. Séu mannvirkin minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörðinni, skal hann greiða landsdrottni mismuninn, og kallast það leiguliðabót. Sá mismunur, er greiðast skal og ekki eru skuldir fyrir, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á mannvirkjagerð.

Alþingi, 26. apríl 1960.

Jón Pálmason, form. Ágúst Þorvaldsson, frsm. Einar Sigurðsson, fundaskr.
Benedikt Gröndal. Karl Guðjónsson.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um sjálfvirka símstöð á Akranesi.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Landssími Íslands komi upp sjálfvirkri símstöð á Akranesi á næsta ári.

Greinargerð.

Undanfarin 2 ár hefur nýtt póst- og símahús verið í smíðum á Akranesi, sem væntanlega verður tekið í notkun í sumar. Er þar með bætt úr lélegum húsakosti og slæmum starfsskilyrðum um mörg undanfarin ár. Þess var vænzt, að sjálfvirk símstöð yrði jafnframt sett upp í húsið, en á henni bólar hvergi og ekki vitað með vissu, hvenær hún kemur.

Akranes er ört vaxandi bær og telur nú um 3800 íbúa. Þar er fjölþætt og þróttmikið atvinnulíf, og er slíku byggðarlagi eðlilega mikil nauðsyn á þeirri bættu þjónustu, sem sjálfvirk símstöð veitir.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti á fundi sínum þann 20. jan. s. l. sérstaka áskorun til landssímans um að hraða framkvæmdum í máli þessu. En þar sem nokkur dráttur er enn fyrirsjáanlegur, er rétt og nauðsynlegt, að leitað sé aðstoðar Alþingis, ef það mætti verða til þess að hraða málinu.

Nd. 338. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi fimm nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum. sem læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga.

Flm.: Jón Árnason, Sigurður Ágústsson, Alfreð Gíslason bæjarfógeti, Matthías Á. Mathiesen, Einar Ingimundarson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé hagkvæm aðstaða til þess á Akranesi að koma þar á fót framleiðslu steinsteyptra kerja til hafnabygginga víðs vegar um land.

Ef í ljós kæmi við slíka athugun, sem vænta má, að Akranes sé kjörinn staður til slíkra framkvæmda, mundi eðlilegt og hagkvæmt, að yfirstjórn hafnarmálanna hefði þessar framkvæmdir með höndum og sölu kerjanna.

Greinargerð.

Það er sennilegt, að engin þjóð, miðað við fólksfjölda, verji jafnmiklum fjármunum til hafnabygginga og Íslendingar. Á hverju ári er varið tugmilljónum króna í þessu skyni, og með tilliti til þeirrar aukningar, sem nú á sér stað á skipaflota landsmanna, er fullvíst, að ekki verður slakað á í þessum efnum.

Öll aðstaða til hafnarframkvæmda er hins vegar mjög mismunandi, og kemur þar margt til, t. d. hvort fyrir hendi er nærtækt gott byggingarefni, svo sem möl, grjót og sandur. Víðast hvar, þar sem ráðizt er í að byggja varanlegar hafnir, eru þær byggðar úr steinsteypu. Framkvæmdin við bygginguna er oftast sú, að strax og komið er út á nokkurt dýpi, eru steypt ker notuð. Verður þá að ráðast í dýrar framkvæmdir á hverjum stað, byggja undirstöður til þess að steypa kerin á og dráttarbrautir, sem þeim síðan er rennt eftir í sjó fram. Þennan kostnað mætti spara fyrir marga aðila með því að framleiða karin á einum stað, þar sem góð aðstaða væri fyrir hendi, og fleyta kerjunum síðan til hinna ýmsu hafna.

Það er mjög sennilegt, að Akranes sé kjörinn staður til slíkrar framleiðslu. Í því sambandi má benda á, að þar er sementsverksmiðjan staðsett og því ekki um neinn flutningskostnað að ræða á sementinu, en auk þess er þar nærtækt úrvals steypuefni, sandur og möl, sem skiptir miklu máli í þessu sambandi.

Það er skoðun okkar flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að hér sé um mikið fjárhagslegt hagsmunamál að ræða, og því brýn nauðsyn, að fullkomin rannsókn verði látin fram fara samkvæmt því, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir.

Ed. 340. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Sþ. 341. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsl.:

Ráðherra getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.

Sþ. **342. Fyrirspurnir.** [139. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslu á vöruverði.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Hvaða vörutegundir eru nú greiddar niður, og hve miklu nemur niðurgreiðslan á hverri vörutegund, miðað við kg eða lítra?
2. Hvað er áætlað, að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?

II. Til félagsmálaráðherra um framlag til byggingarsjóðs ríkisins.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Hvenær má vænta framlags þess til byggingarsjóðs ríkisins, sem ríkisstjórnin tilkynnti 21. febr. s. l. að hún mundi útvega sjóðnum til útlána?

III. Til fjármálaráðherra um vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hverju nemur nú samtals andvirði þeirra vara, sem keyptar hafa verið frá Bandaríkjunum samkvæmt sérstökum vörukaupasamningum (P. L. 480)?
2. Hve mikið af andvirðinu verður til útlána í landinu, og hve miklu hefur þegar verið ráðstafað og til hvaða framkvæmda?
3. Hve miklar vörukaupaheimildir eru ónotaðar, og hve mikið lánsfé fellur til samkvæmt þeim? Hefur ríkisstjórnin gert áætlanir um, hvernig því lánsfé verði varið?

IV. Til fjármálaráðherra um lántöku í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hve mikið af 6 millj. dollara láninu í Bandaríkjunum hefur nú verið tekið og notað, og hverju nemur sá hluti lánsins í íslenzkum krónum?

V. Til viðskiptamálaráðherra um reikninga ríkisins í Seðlabankanum.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvernig standa reikningar ríkisins við Seðlabankann, þegar viðskiptin samkvæmt efnahagslöggjöfinni hafa verið gerð upp?

VI. Til viðskiptamálaráðherra um lán út á afurðir.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvaða reglur um lán út á landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir hafa nú verið settar, og að hvaða leyti eru þær frábrugðnar þeim, sem giltu fyrir gengisbreytinguna?

VII. Til ríkisstjórnarinnar um sérstakar ráðstafanir eða fyrirætlanir í efnahagsmálum sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni og Sigurvin Einarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin nú eftir áramótin tekið ákvörðun um að auka uppbætur á sjávarafurðir ársins 1959 eða rekstrarstyrki til útgerðar á því ári, og ef svo er, hve mikið?
2. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að bæta úr erfiðleikum við sjávarsíðuna vegna niðurfalls sérbóta á einstakar fisktegundir, smáfisk og fisk veiddan á vissum tímum árs?
3. Ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir ráðstöfunum til að létta undir með þeim, sem eiga fiskiskip í smíðum erlendis eða skulda verulegan hluta af andvirði fiskiskipa í erlendum gjaldeyri?

VIII. Til ríkisstjórnarinnar um lánsfjármál stofnlánasjóða Búnaðarbankans.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Hefur byggingarsjóði sveitabæja verið útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?
2. Hvenær verða afgreidd lán úr sjóðnum út á íbúðarhús þeirra bænda, sem samkvæmt reglum bankans gátu fengið fyrstu útborgun lána á árinu 1959, en hafa ekki fengið hana enn þá?
3. Verður veðdeild Búnaðarbankans útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?
4. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að ræktunarsjóður geti veitt lán út á þær framkvæmdir ársins 1959, sem enn hafa ekki verið veitt lán út á, og út á framkvæmdir ársins 1960?

IX. Til heilbrigðismálaráðherra um framkvæmd laga nr. 36 4. apríl 1956, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá Daníel Ágústínussyni.

Hvað líður framkvæmd 2. efnismálsliðar 1. gr. laga nr. 36 4. apríl 1956, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953?

Nd. 343. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt efni þess á þrem fundum. Á fundunum mætti auk nefndarmanna Jónas Haralz ráðuneytisstjóri, og einn fundinn sat Gylfi Þ. Gíslason viðskiptamálaráðherra. Veittu þeir nefndinni upplýsingar og skýrðu einstakar greinar frumvarpsins.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Undirritaðir nefndarmenn telja, að verzlunarfrelsi það, sem stefnt er að með frumvarpinu, muni verða alþjóð til hagsbóta og sé því veigamikill þáttur í viðreisnaráformum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt, þar sem fjárfestingarhömlur eru felldar niður með frv., að felld séu úr gildi lagaákvæði, sem banna að nota íbúðarhúsnæði til annars en íbúðar og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 14. gr. Á eftir orðunum „fjárfestingarmála o. fl.“ bætist: lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Alþingi, 27. apríl 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Sþ. 344. Nefndarálit [38 mál]

um till. til þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um þáltill. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt hennar og telur eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að hrinda þessu máli í framkvæmd í samráði við félög launþega og vinnuveitenda. Leggur meiri hl. til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við félög launþega og vinnuveitenda að hefja nú þegar rannsókn á og gera tillögur um, hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Alþingi, 27. apríl 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.
Sigurður Bjarnason.	Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.

Sþ. 345. Þingsályktun [82. mál]

um endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 154.

Nd. **346. Frumvarp til laga** [140. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu — vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu frv. flutti Pétur Ottesen, þm. Borgfirðinga, á Alþingi árin 1956 og 1957. Náði það þá ekki fram að ganga. Um rök fyrir frv. leyfa flm. sér að vísa til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. Péturs Ottesens. En þar segir á þessa leið:

„Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skólastjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísafjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Munu þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað

héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslunefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhaldsskólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlazt né heldur mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skólahaldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsögðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum að því er héraðsskólana snertir — en 50—97% þegar húsmæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal það svo nefnt, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þess ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenzka skólakerfisins, að engin stæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla."

Ég hef, eins og frv. þetta ber með sér, tekið upp varatillögu þá, sem um ræðir í ályktuninni, bæði að því er tekur til framlags ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra skóla, sem þar um ræðir, viðhaldskostnaðar og rekstrarkostnaðar. Þá legg ég til, að sama gildi um húsmæðraskólana, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað. Húsmæðraskólar í kaupstöðum eru sóttir af nemendum víðs vegar að, eins og sveitaskólarnir.

Það má að sjálfsögðu með hliðsjón af þeirri þróun, sem orðið hefur í skólamálum hér á landi síðustu árin, færa fyrir því sterk rök, að ríkissjóður beri allan kostnað af rekstri þessara skóla. Þetta er nú gert að því er snertir Eiðaskólann. Er með þessu létt af Austfirðingafjórðungi öllum kostnaði við rekstur héraðsskóla. Sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli, en sá skóli er í næsta nágrenni við húsmæðraskólann á Varmalandi, sem Mýra- og Borgarfjarðarsýslur verða

að bera kostnað af á móti ríkinu. En þrátt fyrir þetta hef ég ekki í þessum tillögum mínum gengið lengra en svo, að áfram hvílir á sýslufélögum þeim, sem að héraðs- og húsmæðraskólunum standa, nokkur þungi af viðhaldi og rekstri þeirra. Er þá eðlilegt, að sýslufélög þessi hafi eftir sem áður í sinni hendi íhlutun um málefni skólanna, og verður að telja það undir öllum kringumstæðum hyggilegt.

Það eru færð fyrir því mjög skýr rök í greinargerð sýslufulltrúanna, að sýslufélög þau, er hér um ræðir, verði mjög hart úti og ósanngjarnlega, þegar þess er gætt, að nemendur úr öðrum sýslufélögum, sem engu þurfa til að kosta, eru í miklum meiri hluta í skólunum. Og eigi dregur það úr ósamræminu, að ríkið ber allan kostnað af hliðstæðum skólum, eins og að er vikið hér að framan.

Það mælir því öll sanngirni með því, að sú breyting verði hér á gerð, sem í frv. þessu felst. Mér hefur borizt bréf um þetta mál frá mjög merkum skólamanni, Þóri Steinþórssyni í Reykholti, þar sem hann mælir eindregið með fyrrnefndum tillögum og ræðir mál þetta nokkru nánar. Verður að því vikið í framsögu.“

Nd. 347. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv. Það hefur verið túlkað þannig af stjórninni og stuðningsflokkum hennar í umræðum og blaðagreinum, að með því væri létt höftum af þjóðinni, en henni veitt viðskipta- og framkvæmdafrelsi í staðinn.

Stóru orðin stjórnarinnar og flokka hennar um, að ákvæði frumvarpsins feli í sér aukið frelsi í viðskiptamálum, eru aðeins blekkingar. Það sést greinilega með samanburði á frumvarpinu við núgildandi lög um viðskiptamál.

Verzlunin við aðrar þjóðir byggist á útflutningi og sölu á framleiðsluvörum landsmanna. Í 8. gr. frv. er heimild handa ríkisstjórninni til að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar. Slík ákvæði hafa verið í lögum síðan 1940. Hér er því ekki um lagabreytingu að ræða.

Höftin á gjaldeyrisverzluninni eiga einnig að haldast. Samkv. 4. gr. frv. eiga allir þeir, sem eignast erlendan gjaldeyri fyrir útfluttar vörur eða á annan hátt, að selja bönkunum hann fyrir skráð kaupgengi. Fyrirmæli um þetta hafa lengi verið í lögum, og þeim á enn að halda í gildi.

Um vörukaup til landsins er það að segja, að skv. frumvarpinu eiga enn að haldast í lögum fyrirmæli, óbreytt að efni til, um vald ríkisstjórnarinnar til að takmarka vöruinnflutning til landsins. Í 1. gr. laga nr. 88 frá 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., sem nú gilda, segir svo:

„Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstjórnin hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.“

Í stað framangreindra fyrirmæla vill ríkisstjórnin fá lögfest eftirfarandi ákvæði, samkv. 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir:

„Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum.“

Hér er aðeins lítils háttar munur á orðalagi, en efnisbreyting er engin. Hér eftir sem áður á það að vera á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvort og að hve miklu leyti megi flytja vörur til landsins án innflutningsleyfa.

Frumvarpið hefur þannig ekki að geyma nein ákvæði um aukið frelsi viðkomandi verzlun með útfluttar og innfluttar vörur eða ráðstöfun á erlendum gjaldeyri. Hins vegar hafa miklar hindranir verið lagðar á veg þeirra, sem fást við verzlun og viðskipti, með öðrum ráðstöfunum á þessu þingi, svo sem með takmörkunum á útlánum og stórkostlegri vaxtahækkun. Almenn kjaraskerðing hlýtur líka að hafa þau áhrif, að vörukaup dragist saman, enda gerir ríkisstjórnin ráð fyrir, að svo fari. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó að stjórnin hafi í hyggju að gera breytingar á svonefndum frílista, en það hefur hún á valdi sínu án nokkurra lagabreytinga.

Samkvæmt frumvarpinu er það ætlun ríkisstjórnarinnar að fela nýjum aðilum úthlutun gjaldeyris-, innflutnings- og útflutningsleyfa. Innflutningsskrifstofan, útflutningsnefnd og úthlutunarnefnd jeppabifreiða eiga að hætta störfum, en í stað þeirra eiga Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, ríkisstjórnin sjálf og sérstakir trúnaðarmenn hennar að annast úthlutun leyfa. Ekkert er fram tekið í frumvarpinu um það, hve margir þeir „sérstöku trúnaðarmenn“ stjórnarinnar muni verða, og ekki, hvernig þeir verði valdir.

Eins og áður er gert ráð fyrir að innheimta 1% gjald af veittum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til greiðslu kostnaðar við úthlutun leyfa, og samkvæmt því er ekki búizt við, að framkvæmd haftanna verði kostnaðarminni en áður.

Í 7. gr. frv. segir, að ekki megi opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Nú eru það aðeins opinberir aðilar, sem þurfa að fá samþykki til lántöku í öðrum löndum.

Samkvæmt frumvarpinu á að fella niður núgildandi lagaákvæði um, að leyfi þurfi til stærri framkvæmda. En með lagasetningu á þessu þingi, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, hafa verið lagðar stórkostlegar hömlur á verklegar framkvæmdir hjá öllum þorra landsmanna, svo að á því sviði eru nú raunverulega strangari höft og meiri hindranir en nokkru sinni áður. Af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar og allar torvelda mjög nýjar framkvæmdir og framfarir, má nefna gengisbreytinguna og þær stórkostlegu verðhækkanir, sem henni fylgja, niðurskurð lánveitinga frá bönkunum og gífurlega vaxtahækkun; einnig fyrirætlanir stjórnarvaldanna um að sópa fé sparisjóða og innlánsdeilda um land allt inn í banka í Reykjavík, en þær stofnanir hafa gegnt þýðingarmiklu hlutverki hver á sínum stað með stuðningi við gagnlegar framkvæmdir. Allt miðar þetta að því að takmarka framkvæmdamöguleika almennings.

Það er stefna núverandi valdhafa að minnka framkvæmdirnar. En þeir vilja ekki gera það með þeim hætti að stöðva það, sem helzt má án vera, en styðja hitt, sem þarflegast er. Það sjónarmið á ekki lengur rétt á sér að þeirra áliti. Nú eru það peningarnir, sem eiga að ráða. Þeir aðilar einir, sem hafa umráð fjármuna, sem oftast eru að mestu leyti fengnir að láni hjá peningastofnunum þjóðarinnar, geta ráðizt í framkvæmdir og leggja þá yfirleitt fé í það, sem þeir telja ábatavænlegast fyrir sig, en ekki er ætíð það gagnlegasta fyrir þjóðfélagið. Hinir, og þeir eru margfalt fleiri, hafa ekki möguleika til framkvæmda.

Fjöldi manna um land allt, sem hafði í hyggju að afla sér atvinnutækja, sem þeir hafa brýna þörf fyrir, eða að ráðast í nauðsynlegar byggingar og aðrar framkvæmdir á þessu ári, hefur orðið að hverfa frá þeim fyrirætlunum, þar sem framkvæmdirnar eru þeim óviðráðanlegar vegna verðhækkananna miklu, lánsfjárhaftanna og vaxtaokursins.

Að sjálfsögðu eru takmörk fyrir því, hve miklum hluta þjóðarteknanna ár hvert er hægt að verja til verklegra framkvæmda og öflunar nýrra atvinnutækja. En því fé, sem til þess fer, þarf að verja þannig, að það komi að sem mestum og almennustum notum og dreifist sanngjarnlega til uppbyggingar og eflingar atvinnulífinu um land allt. Sé þessa ekki gætt, er stór hætta á því, að byggilegir staðir

leggist í auðn. Sú hætta vofir einmitt yfir nú, og gegn henni þarf að snúast til varnar í tíma.

Eins og áður er að vikið, eru engin fyrirmæli um aukið verzlunarfrelsi í þessu frumvarpi, en til þess ætlazt, að vald ríkisstjórnarinnar yfir viðskiptamálunum haldist óskert og óbreytt. Verður þá ekki séð, að ástæða sé til að eyða tíma þingsins í orðalagsbreytingar einar á lagafyrirmælum um þau efni. Hins er vissulega meiri þörf að taka til íhugunar, hvaða ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum sé nauðsynlegt og mögulegt að gera til tryggingar því, að framfarasókn þjóðarinnar geti haldið áfram.

Það er því tillaga mín, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli 4 manna nefnd, er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina, að undirbúa fyrir næsta þing lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endurnýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1960.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 348. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um orlof húsmæðra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 26. apríl 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Auður Auðuns, frsm.

Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason, með fyrirvara.

Sþ. 349. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og aflað sér umsagnar Fiskifélags Íslands og stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins um það.

Í lögum nr. 47/1946 er ríkisstjórninni heimilað „að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir“, eins og þar segir.

Lagaheimild þessi hefur ekki verið notuð, þótt hún hafi staðið í lögum um 14 ára skeið. Augljóst er, að það væri þjóðarbúskap okkar mjög hagkvæmt, ef

unnt væri að auka verðmæti síldaraflans með því að fullvinna stærri hluta hans í landinu, ekki sízt þegar slíkir markaðsörðugleikar steðja að um sölu mjöls, lýsis og soðkjarna sem nú er raun á.

Á hinn bóginn er nú margt breytt um framleiðslu og markað þeirrar vöru, er hér um ræðir, frá því að lög þessi voru samþykkt, og því þykir nefndinni rétt, að stofnkostnaður og rekstrargrundvöllur slíkrar verksmiðju sé athugaður á ný.

Nefndin telur vert að gera á tillögunni nokkra breytingu í samræmi við þetta og er sammála um að mæla með, að hún verði samþykkt með svo felldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. maí 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða.

Alþingi, 28. apríl 1960.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Karl Guðjónsson, frsm.
Jón Árnason.	Jónas G. Rafnar.	Ingvar Gíslason.
Guðlaugur Gíslason.	Daníel Ágústínusson.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 350. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr.

1. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:
   Til að mæta þessum útgjöldum greiði ríkissjóður kr. 1250000.00 á ári.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nánari reglur um styrkveitingar samkvæmt þessum ákvæðum skulu settar með reglugerð.

Nd. 351. Frumvarp til laga [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd. 28. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Aage Villum, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1924.
2. Anna Pálína Jónsdóttir, húsmóðir, Sauðhúsum í Dalasýslu, f. í Færeyjum 14. okt. 1929.
3. Berg, Malena Elina, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 20. sept. 1921 í Færeyjum.
4. Buhl, Kristian, fjósameistari á Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1930.
5. Carlsen, Emma Guðrún, húsmóðir á Selfossi, fædd á Íslandi 16. okt. 1922.
6. Christensen, Henning, mjólkurfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 22. apríl 1926.

7. Ferrua, Walter Teresio Ernesto, iðnverkamaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 19. ágúst 1933.
8. Gill, Frieda Emma, f. Ullrich, starfsstúlka á Þorsteinsstöðum í Skagafjarðarsýslu, f. 31. maí 1927 í Þýzkalandi.
9. Grünwald, Liesbeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 24. okt. 1913.
10. Guðni Erlendsson, barn í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 29. ágúst 1950.
11. Hansen, Verner Jakob, blikksmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1921.
12. Hautopp, Jörgen Rosleff, járnsmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. marz 1934.
13. Henschel, Jutta Wilhelmine, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 4. des. 1929.
14. Herrmann, Maria Erdmuthe, barnakennari í Selvogi, f. í Þýzkalandi 23. des. 1937.
15. v. Hoof, Allegonda, karmelnunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 27. febr. 1912.
16. Högnaberg, Peder Jakob, sjómaður í Keflavík, f. í Færeyjum 24. des. 1930.
17. Jacobsen, Sonja Johanna, húsmóðir, Þingholti, Búðum, Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 3. okt. 1933.
18. Jensen, Christian Frederik, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Danmörku 2. maí 1920.
19. Koeppen, Erwin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. febr. 1925.
20. Kudrawzew, Alvine, ekkja í Reykjavík, f. í Lettlandi 26. marz 1890. (Fær réttinn 21. ágúst 1960).
21. Kummer, Erling Reinhold, verkamaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1937.
22. Langfeldt, Hedwig Ella Adelheid, húsmóðir að Nesi í Selvogi, fædd í Þýzkalandi 23. sept. 1923.
23. Lervik, Magnar Kristoffer, matreiðslumaður, Galtafelli, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, f. í Noregi 10. jan. 1916.
24. Lindner, Friedrich Franz, húsgagnabólstrari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. sept. 1919.
25. Linke, Anni Karoline Wilhelmine, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 24. des. 1923.
26. Nielsen, Svend Erik Christian, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 21. júlí 1915.
27. Pedersen, Hans Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 12. des. 1908.
28. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. nóv. 1914.
29. Schwüchow, Werner Eric Hans, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 25. jan. 1932.
30. Schöttke, Hedwig Erna, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. marz 1915.
31. Simmers, Johannes Arnoldus, garðyrkjumaður í Sandgerði, f. í Hollandi 11. marz 1898.
32. Sólveig María Björnsdóttir, Borgarnesi, fædd á Íslandi 9. des. 1927.
33. Spitta, Jürg, sútari á Akureyri, fæddur í Þýzkalandi 30. nóv. 1936.
34. Splidt, Jens Albert, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. júlí 1922.
35. Splidt, Olna Maria Ketty, f. Hentze, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 3. okt. 1929.
36. Vigö, Sigrid Dagmar, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 27. júlí 1936.
37. Wagner, Ilse Inge, húsmóðir, Írafossi í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 24. marz 1930.
38. Walker, Donald Nutter, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 22. maí 1933.
39. Whiles, Margaret Lilja, barn í Reykjavík, fædd í Bandaríkjum Norður-Ameríku 28. ágúst 1954.
40. Wirkner, Christa Ingeburg, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 22. des. 1929.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 352. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 353. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um flóabát fyrir Breiðafjörð.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Benedikt Gröndal, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Daníel Ágústínusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa smíði á flóabát fyrir Breiðafjörð.

Greinargerð.

Í sambandi við störf samvinnunefndar samgöngumála um framlög til hinna ýmsu báta og skipa, sem annast flutninga með ströndum fram, bar á góma hina brýnu þörf fyrir stærra og traustara skip til að annast flutninga um Breiðafjörð í stað m/b „Baldurs“, sem mörg undanfarin ár hefur annazt þessa þjónustu. M/b „Baldur“ er gamalt skip, sem getur hvergi nærri annazt vöruflutninga að og frá Breiðafirði, svo að viðunandi sé. Sérstaklega gætir þess yfir vetrarmánuðina, þegar þörfin er brýnust fyrir flutninga. Á fundi nefndarinnar var mættur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, hr. Guðjón Teitsson, sem mælti eindregið með því, að stærra og heppilegra skip yrði smíðað til að annast þessa þjónustu fyrir Breiðafjarðarbyggðir. Hefur nefndinni borizt eftirgreint bréf frá forstjóranum, dags. 7. þ. m.:

„Með skírskotun til samtals við háttvirta nefnd staðfestist, að vér mundum telja heppilegt, að fengið yrði nýtt flóaskip fyrir Breiðafjörð í stað núverandi flóabáts, m/b „Baldurs“, og jafnframt teljum vér, að hið nýja skip ætti að leysa m/s „Skjaldbreið“ að mestu frá Breiðafjarðarferðum, en í staðinn ætti hún að geta farið nokkurn veginn hálfsmánaðarlegar ferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða, sem yrði mjög vel þegið af Vestfirðingum og hentaði skipinu betur,

því að satt að segja hafa verkefni þess í Breiðafjarðarferðum, ásamt m/b „Baldri", oftast verið allt of lítil. Hið nýja Breiðafjarðarskip yrði að vera sérstaklega byggt. Það yrði að hafa nokkurt farþegarúm í svefnklefum og e. t. v. varamöguleika fyrir svefnrúm í sal, t. d. með því að breyta sófum í svefnrúm, eins og gert er í m/s „Herjólfi".

Skipið yrði að vera eins grunnskreitt og fært þætti frá því sjónarmiði að vera þó traust og öruggt strandferðaskip á umræddri leið. Það yrði að hafa góðan búnað til lestunar og losunar vara, enda lítur út fyrir, að langmestur hluti skipsins yrði fyrir vöruflutninga."

Eins og um ræðir í bréfi forstjórans, er áríðandi, að væntanlegt skip verði byggt grunnskreitt, þar sem það þarf að annast flutninga á Hvammsfjörð, Gilsfjörð og á hafnir við norðanverðan Breiðafjörð, þar sem grunnsævi er mikið. Flutningsmenn telja sjálfsagt, að mál þetta verði undirbúið og framkvæmt í samvinnu við núverandi eigendur m/b „Baldurs".

Nánar í framsögu.

Sþ. 354. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um öflun lánsfjár vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri (Stráka-vegar).

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og enn fremur brtt. á þskj. 208 um hliðstæða fyrirgreiðslu varðandi Múlaveg og fengið ýtarlega áætlun frá vegamálastjóra um kostnað við framkvæmdir þessar.

Það er skoðun nefndarinnar, að umræddar vegagerðir hafi mjög mikla þýðingu fyrir atvinnulíf viðkomandi byggðarlaga. Áætlað er af vegamálastjóra, að þurfa muni um 16 millj. kr. til að ljúka lagningu Strákavegar og 7 millj. kr. til að ljúka lagningu Múlavegar. Þær lántökuupphæðir, sem tillögurnar gera ráð fyrir, nægja því engan veginn til þess að ljúka umræddum vegum, miðað við núverandi verðlag. Verður að telja mjög vafasamt, þótt lánsfé væri fáanlegt, að viðkomandi sveitarfélög gætu risið undir vaxtagreiðslum af slíkum lánum, enda liggur ekkert fyrir um það, að þau séu tilbúin að taka á sig slíkar kvaðir, miðað við þessar fjárhæðir og núverandi vaxtakjör.

Enda þótt nefndin telji á þessu stigi ekki auðið að mæla með lántöku vegna vega þessara, er nefndin sammála um nauðsyn þess að taka til sérstakrar athugunar, hvernig auðið sé að haga framkvæmdum og fjáröflun til veganna á þann hátt, að verkinu geti orðið lokið á sem skemmstum tíma.

Nefndin mælir því með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera framkvæmdaáætlun um lagningu vega fyrir Stráka við Siglufjörð og Ólafsfjarðarmúla með það fyrir augum að ljúka vegagerðum þessum svo fljótt sem auðið er.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um lagningu vega fyrir Stráka og Ólafsfjarðarmúla.

Alþingi, 28. apríl 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Daníel Ágústínusson.
Jónas G. Rafnar.	Guðl. Gíslason.	Halldór Ásgrímsson.
Jón Árnason.	Karl Guðjónsson.	Ingvar Gíslason.

Sþ. 355. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um stuðning ríkisins við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Greinargerð.

Gatnagerðin er sameiginlegt vandamál allra kaupstaða og kauptúna í landinu. Mjög óvíða hafa verið gerðar götur úr varanlegu efni. Fer ekki hjá því, að það setji svipmót sitt á marga kaupstaði og kauptún. Hinar lélegu malargötur, sem víðast hvar verður að notast við, valda því, að farartækin slitna miklu fyrr en ella og viðhald þeirra verður óeðlilega mikið. Jafnframt er varanleg gatnagerð mjög mikilvægt hreinlætis- og menningarmál fyrir bæina og hvetur íbúa þeirra til snyrtilegrar umgengni á lóðum og húsum.

Varanleg gatnagerð er dýr, og miðar því framkvæmdum hægt áfram. Bæjarfélögin búa yfirleitt við rekstrarfjárskort og hafa auk þess mörgum aðkallandi verkefnum að sinna í hafnarmálum, vega- og holræsagerð, vatnsveitum, skólamálum, sjúkrahúsmálum o. s. frv. Margar þessar framkvæmdir njóta meiri og minni stuðnings ríkisins.

Í fyrra hóf Samband ísl. sveitarfélaga forustu fyrir því, að kaupstaðir landsins sameinuðust um kaup á malbikunartækjum, sem þau rækju í félagi. Árið áður höfðu kaupstaðirnir við Faxaflóa hafið umræður um mál þetta, en létu þær niður falla, er umrædd samvinna um framkvæmd þessa máls var færð út á stærri vettvang. Eftir alllangan undirbúning var að fullu gengið frá stofnun sameignarfélagsins Malbiks þann 11. apríl s. l., og tóku þessir 9 kaupstaðir þátt í stofnun félagsins: Hafnarfjörður, Kópavogur, Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Akureyri, Húsavík og Neskaupstaður. Í lögum félagsins er svo gert ráð fyrir því, að öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins verði boðin þátttaka í félaginu, og er það í undirbúningi.

Í fyrra var bráðabirgðastjórn kjörin fyrir félagið. Hún vann að því að safna tilboðum í nauðsynleg tæki. Hagkvæmasta tilboðið nam um 2.8 millj. kr., sem verður eftir gengisbreytinguna um 4.3 millj. kr. Formaður félagsins, Ásgeir Valdimarsson bæjarverkfræðingur á Akureyri, fór í fyrrahaust til Danmerkur, Vestur-Þýzkalands og Bretlands til að kynna sér nánar þær vélar, sem álitlegastar voru taldar eftir tilboðunum. Í vetur leitaði stjórn félagsins til fjárveitinganefndar og fór fram á heimild handa ríkisstjórninni á 22. gr. fjárlaganna um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum á framannefndum malbikunartækjum Malbiks. Þetta náði ekki fram að ganga og mun fordæmið ekki hafa þótt heppilegt.

Allir sanngjarnir menn munu viðurkenna, að hér er um merkilegt framfaramál að ræða, sem vert er að njóti stuðnings ríkisins. Smávægileg upphæð hefur verið á fjárlögum undanfarin ár, en hún nær ekki þeim tilgangi, sem nauðsynlegt er. Í þessu sambandi er einkum vert að benda á það, að ráðgert er, að ríkið innheimti á þessu ári kr. 1.47 af hverjum benzínlítra, og er sú upphæð áætluð í heild kr. 74000000. Þar af eiga 14 aurar að fara í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga, sem gerir 7 millj. kr., og 19 aurar í brúasjóð, sem gerir 9.5 millj. kr., en 114 aurar renna í ríkissjóð, og er sú upphæð áætluð 57.5 millj. kr. Þannig er langmestur hluti benzínskattsins gerður að venjulegri tekjuöflun fyrir ríkissjóð, en ætti hins vegar allur að ganga til þess að byggja upp samgöngukerfi landsmanna, í hvaða mynd sem er. Það er mjög hætt við því, að varanlega gatnagerð verði aðeins á valdi hinna stærstu bæja að framkvæma, ef ekki kemur til öflugur

stuðningur ríkisvaldsins. Kauptúnin víðs vegar um landið og hinir smærri bæir þyrftu þó vissulega að fá aðstöðu til þess að gera götur úr varanlegu efni.

Við væntum því, að ljóst megi vera, að hér er um mikilvægt framfaramál að ræða, sem varðar stóran hluta þjóðarinnar, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Það er eðlilegast að koma fastri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf.

Verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt nú, yrði löggjöfin undirbúin fyrir þingið í haust og kæmi því um sama leyti og ráðgert er að sameignarfélagið Malbik byrji starfsemi sína.

Nd. 356. Frumvarp til laga [143. mál]

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna voru sett árið 1915 og hefur ekki verið breytt síðan. Samtök opinberra starfsmanna hafa þó aldrei fallizt á, að lagasetning þessi sé réttmæt, og hafa þau jafnan gert kröfu til þess, að lögin, sem kveða á um viðurlög við því, að opinberir starfsmenn geri verkfall, verði afnumin. Þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa oft samþykkt áskoranir á Alþingi um afnám laganna, og á síðasta þingi bandalagsins í des. 1958 var gerð eftirfarandi ályktun:

„19. þing B. S. R. B. telur óviðunandi, að opinberir starfsmenn hafi ekki samningsrétt um launa- og kjaramál sín til jafns við aðra launþega. Felur þingið bandalagsstjórn að vinna að því eftir mætti að ná þeim réttindum.“

Þessar réttindakröfur samtakanna hafa verið bornar fram á þeim tíma, þegar þau bjuggu þó við lögverndaðan rétt til visitöluuppbóta á laun, sem var nokkur vernd gegn kjararýrnun í vaxandi dýrtíð. Síðan hefur orðið gagnger breyting á aðstöðu opinberra starfsmanna í kjaramálum. Með þeim lögum, sem ríkisstjórnin fékk sett í febr. s. l., hafa visitöluuppbætur á laun verið bannaðar, og verða opinberir starfsmenn nú að bera þá stórfelldu kjaraskerðingu, sem fyrrgreind lög valda með verðhækkunum, er af þeim leiðir, án þess að þeir eigi þess nokkurn kost að fá kjör sín bætt með styrk samtaka sinna svo sem aðrar stéttir. Auk þess er það yfirlýst stefna núverandi stjórnarvalda, að kjarabætur, sem einstakir starfshópar kunna að ná fram, eigi ekki að leiða til sjálfkrafa kjarabóta hjá öðrum. Getur því hver starfsstétt einungis treyst á eigin kjarabaráttu, en þá kjarabaráttu er opinberum starfsmönnum meinað að heyja á sama grundvelli og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þeir eru því algerlega varnarlausir í þeirri óðaverðbólgu, sem nú hefur verið hrundið af stað, og telja flm. þessa frv. því, að það sé réttlætismál, að opinberir starfsmenn fái óheftan samningsrétt og verkfallsrétt til jafns við aðrar stéttir.

Nd. 357. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Boeskov, Jóhanne Cecilie, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd á Íslandi 12. júlí 1932.
2. Vågenes, Sigrid Haldis Åneland, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Noregi 25. jan. 1931. (Fær réttinn 25. maí 1960.)

Sþ. 358. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um auknar krabbameinsvarnir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og sent það til umsagnar landlæknis og Krabbameinsfélags Íslands. Mæla báðir aðilar með samþykkt tillögunnar, og eru álitsgerðir þeirra birtar sem fylgiskjöl. Allsherjarnefnd hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 28. apríl 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.
Björn Pálsson.	Pétur Sigurðsson.	Sigurður Bjarnason.
	Gísli Guðmundsson.	

Fylgiskjal I.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 20. apríl 1960.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 8. þ. m., sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um auknar krabbameinsvarnir.

Samkvæmt tillögunni virðist eiga að leggja meiri áherzlu á greiningu krabbameins, og er það vissulega einn mikilvægasti þátturinn í vörnum gegn þeim sjúkdómi. En ég get eigi látið hjá líða í þessu sambandi að minna á hina knýjandi nauðsyn þess, að komið verði sem fyrst upp sjúkrastofnunum þeim, sem verið er nú að reisa í landinu og munu vafalaust, er fram í sækir, hafa hina fullkomnustu aðstöðu til greiningar og læknismeðferðar á þessum sjúkdómi, hver í sínum verkahring. Á ég hér fyrst og fremst við sjúkrahúsin í Reykjavík, Landsspítalann, Bæjarsjúkrahúsið og viðbyggingu Landakotsspítalans. Er ömurlegt til þess að vita, að sjúklingar, sem finnast við slíka leit sem krabbameinsfélagið hefur stofnað til, verði ef til vill að bíða lengri eða skemmri tíma viðeigandi læknisaðgerða vegna sjúkrarúmaskorts.

Brýnasta verkefni í íslenzkum heilbrigðismálum nú er að ljúka byggingu þessara stofnana hið fyrsta og koma þeim í gagn. Til þess að svo megi verða, þarf meðal annars mikla fjölgun í hjúkrunarkvennastétt landsins, og er stækkun hjúkrunarkvennaskólans óhjákvæmilegt skilyrði hennar, enda margítrekað af hálfu heilbrigðisstjórnar og ýmsum öðrum aðilum.

Eigi má skilja þessi orð mín svo, að ég sé mótfallinn samþykkt tillögu um auknar varnir gegn krabbameini. Þvert á móti tel ég, að á því sviði megi ná góðum

árangri, og þess vegna er ég samþykkur því, að slíkar varnir séu efldar sem mest. En ég vil, að Alþingi sé ljóst, hvar skórinn kreppir einna mest að, þegar um heilbrigðismál er að ræða, og að ekki verði villzt á aðalatriðum og aukaatriðum.

Við tillöguna hef ég annars ekkert sérstakt að athuga.

Sig. Sigurðsson.

Allshn. sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. apríl 1960.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 8. þ. m. Voru kallaðir saman læknarnir í stjórn Krabbameinsfélags Íslands og Reykjavíkur til þess að ræða um svar við bréfi yðar. Voru allir sammála um stuðning við þingsályktunartillögu þá, sem fram er komin um auknar krabbameinsvarnir, og samþykkt, að bæði félögin geri sitt til þess að styðja ríkisstjórn og Alþingi, ef þessir aðilar taka upp baráttuna gegn krabbameini.

Greinargerðin frá Læknafélagi Reykjavíkur er í fullu samræmi við stefnu og starf krabbameinsfélaganna, og hafa félögin þegar hafizt handa um ýmislegt, sem þar er getið um. T. d. hefur skráning krabbameinssjúklinga farið fram á vegum Krabbameinsfélags Íslands síðan 1954, enda var það hið mesta nauðsynjaverk til þess að fá yfirlit yfir sjúkdóminn og útbreiðslu hans, svo að unnt væri að bera saman við önnur lönd.

Verkefnin eru mörg, sem fram undan liggja, svo að of langt yrði upp að telja, en þess má geta, að Krabbameinsfélag Íslands hefur nýlega hafizt handa um víðtækar rannsóknir á magakrabbameini, sem er allra krabbameina algengast hér á landi, einkum hvort útbreiðsla þess standi í sambandi við sérstakt mataræði, t. d. reyktan mat.

Þá er og mjög aðkallandi að sporna eftir mætti við aukningu lungnakrabbameins með því að vinna á móti sígarettureykingum. Á árunum 1932—50 fundust hér aðeins 12 lungnakrabbamein alls, en síðan 1956 hafa fundizt hér 6—8 á ári, og í s. l. viku fundust hér 3 lungnakrabbamein. Er því útlit fyrir, að lungnakrabbamein sé að fara hraðvaxandi, eins og búast má við samkvæmt því, sem reykingar hafa aukizt, einkum meðal unga fólksins.

Margt er það, sem gera þarf í þessum efnum til þess að veita krabbameininu viðnám, og fagnar Krabbameinsfélag Íslands því, að Alþingi skuli hafa fundið kvöð hjá sér til þess að taka þetta mál að sér. Er Krabbameinsfélag Íslands að sjálfsögðu tilbúið að veita þessu máli hvern þann stuðning, er það má, hvort heldur er með því að taka upp ný verkefni, eftir því sem ástæða þykir til, eða með því að vera Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar með þau verkefni, sem þessir aðilar kynnu að vilja taka að sér.

Erum vér að sjálfsögðu fúsir að ræða framkvæmd þessara mála við þing og stjórn, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Níels Dungal.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Ed. 359. Lög [73. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 264.

Nd. 360. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65/1958, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var flutt í byrjun þingsins. Í því er lagt til, að af þeim benzínskatti, 50 aurum á lítra, sem þá var látinn renna í útflutningssjóð, væru teknir 11 aurar af lítra og þeir lagðir í þann sjóð, sem kostar lagningu þjóðvega milli byggðarlaga. En frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni hækkun á benzínskattinum í heild.

Eftir að þetta frumvarp var fram borið, var sú breyting gerð á lagaákvæðum um benzínskatt, samkvæmt tillögu í efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar, að skatturinn var hækkaður um 34 aura á lítra. Er þessi hækkun ákveðin í lögunum um efnahagsmál, sem samþykkt voru á Alþingi 19. febr. s. l. Af þessari 34 aura hækkun fara 3 aurar í brúasjóð og aðrir 3 aurar í sjóðinn, sem kostar lagningu millibyggðavega, en 28 aurar í ríkissjóð. Þá var einnig samþykkt, að þeir 50 aurar á lítra, sem áður fóru til útflutningssjóðs, skuli nú greiðast í ríkissjóð. Þannig fær ríkissjóður nú 78 aurum meira í skatt af hverjum benzínlítra en hann áður hafði. Er vissulega sanngjarnt að nokkur hluti af þessum mikla tekjuauka ríkissjóðs af benzínskattinum verði látinn ganga til millibyggðaveganna.

Í sjóðinn, sem á að kosta lagningu þjóðvega milli byggðarlaga, greiðast nú 14 aurar af hverjum benzínlítra. Samkvæmt fjárlögunum er áætlað, að sú upphæð nemi samtals 6.5 millj. kr. á árinu 1960. Ákveðið er í fjárlögunum, að þessari fjárhæð verði varið til 16 millibyggðavega. Eru það þessir vegir:

Austurvegur.
Hvalfjarðarvegur.
Hellissandsvegur.
Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði).
Heydalsvegur.
Vestfjarðavegur.
Siglufjarðarvegur ytri (Strákavegur).
Múlavegur.
Norðurlandsvegur.
Fnjóskadalsvegur.
Tjörnesvegur.
Raufarhafnarvegur.
Sandvíkurheiðarvegur (Vopnafjarðarvegur).
Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts.
Austurlandsvegur austan Lagarfljóts.
Suðurlandsvegur (Mýrdalssandur).

Verði þetta frumvarp samþykkt, hækkar framlagið til millibyggðaveganna um 57%. Heildarfjárhæðin til þeirra mundi þá hækka yfir árið úr 6.5 millj. í 10.2

millj. kr. Er áreiðanlega full þörf fyrir þá hækkun, því að stór verkefni eru óleyst við lagningu þjóðveganna milli byggðarlaga.

Frumvarp þetta var tekið til afgreiðslu á fundi fjárhagsnefndar í gær. Þrír af nefndarmönnum (BK, JóhH og SI) greiddu atkvæði gegn því. Einn nefndarmaður (EOl) var ekki viðbúinn að taka afstöðu til málsins. Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Í frv. er lagt til, að af benzínskattinum verði framlagið til millibyggðaveganna aukið um fjárhæð, sem nemur 11 aurum af hverjum lítra. En eins og áður segir, var ákveðið í lögunum um efnahagsmál í febr. s. l., að þetta framlag skyldi hækka um 3 aura af hverjum lítra. Ég flyt því breytingartillögu við frumvarpið um, að framlagið til millibyggðaveganna verði aukið um 8 aura af hverjum benzínlítra. Minnkar þá hluti ríkissjóðs af benzínskattinum sem því nemur.

Vegna þess að ákvæðin um benzínskatt hafa nú verið tekin inn í lögin um efnahagsmál, flyt ég einnig breytingartill. við fyrirsögn frumvarpsins.

Það er því tillaga mín, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „14 aurar í sérstakan sjóð“ í 1. málsgr. 17. gr. laganna komi: 22 aurar í sérstakan sjóð.
2. Fyrirsögn frv. verði þannig:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Alþingi, 30. apríl 1960.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 361. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (SI) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. apríl 1960.

Einar Ingimundarson, form. Gunnar Jóhannsson, frsm. Björn Fr. Björnsson.

Alfreð Gíslason.

Nd. 362. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðuna til þessa frv. Meiri hlutinn vill samþykkja það, en ég er andvígur því.

Ríkisstjórnin fer með þessu frv. inn á mjög hættulega braut. Hún gefur innflutningsverzlunina að miklu leyti frjálsa, jafnhliða því sem hún með sérstökum

stjórnarráðstöfunum minnkar kaupgetuna í landinu. Og samtímis tekur hún 800 milljón króna lán til almennra vörukaupa án þess að gera sér nokkra raunhæfa grein fyrir, hvernig hægt sé að borga það lán til baka. Þessi stefna er ákveðin í samráði við volduga lánardrottna, Efnahagsstofnunina í París (OEEC) og Alþjóðabankann í Washington, og hvorugir aðilar, lánardrottnarnir né ríkisstjórnin, virðist gera sér áhyggjur út af því, hvernig efnahagslegu sjálfstæði Íslands reiði af, þegar lagt er út í þá fjárglæfra, sem slíkt lán til neyzluvörukaupa einna saman er. Virðist ríkisstjórnin helzt treysta á að geta skipulagt svo mikla minnkun kaupgetu í landinu, með öðrum orðum: slíkan skort á alþýðuheimilunum, að innflutningur minnki svo, að lánin verði ei notuð til fulls.

Sjávarútvegurinn, stöðugur rekstur hans og efling, hefur verið hin efnahagslega undirstaða íslenzks atvinnulífs. Þessi efnahagsundirstaða hefur verið allörugg, vegna þess að í fyrsta lagi hafa verið gerðir miklir og vaxandi viðskiptasamningar við hin kreppulausu sósíalistisku lönd, er tryggt hafa oss öruggan markað, — í öðru lagi hefur verið sæmilega unnið að markaðsöflun í auðvaldsheiminum — og í þriðja lagi hefur heimamarkaður vor verið mikill vegna mikillar kaupgetu almennings, er tryggt hefur sölu þess varnings, er þjóðin hafði ráð á að kaupa í vöruskiptum og öðruvísi.

Þetta öryggi verður með samþykkt þessa frv. að miklu leyti brotið niður:

Í fyrsta lagi minnkar kaupgeta innanlands, og þar með minnka einnig innkaup frá sósíalistisku löndunum, og þar sem verzlun við þau byggist á jafnvirðisviðskiptum, þá minnka einnig fiskkaupin frá þeirra hálfu.

Í öðru lagi flytur ríkisstjórnin beinlínis vörur yfir á frílista auðvaldslandanna, sem nema 13% af heildarkaupum frá sósíalistisku löndunum, svo að við má búast, að kaup frá þeim minnki beinlínis sem því hlutfalli samsvarar.

Í þriðja laga verða öll afskipti hins opinbera af því að tryggja sölu íslenzkra afurða til vöruskiptalanda miklu erfiðari, eftir að búið er að fylla heimamarkað vorn með erlendum lánsvörum, í stað þess að áður gat hann raunverulega alltaf tekið við.

Í þriðja lagi verða öll afskipti hins opinbera af því að tryggja sölu íslenzkra afstjórn meir og meir beint til auðvaldslandanna til þess að borga skuldir þær, sem landinu er steypt í þar, jafnvel þótt selja verði þær þar fyrir lægra verð en ella væri fáanlegt.

Afleiðingin af samþykkt og framkvæmd þessa frv. yrði því sú, að Ísland væri svipt því efnahagslega öryggi, sem það hefur notið um skeið: að geta alltaf selt þær afurðir, sem það getur aflað.

Ísland yrði eftir samþykkt þessa frv. að mestu háð öllum fallvaltleik auðvaldsmarkaða, undirorpið verðsveiflum þeirra, innlimað í það kreppukerfi kapitalismans, sem leiddi atvinnuleysi og neyð yfir þjóð vora á árunum 1930—1940.

En allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á Íslandi í viðskiptamálum í 30 ár, hafa miðazt við það að forðast þær skelfingar, er hinn „frjálsi, óhefti“ kapitalismi þá leiddi yfir þjóðina. Slíkar ráðstafanir hafa að vísu verið mjög gallaðar, oftast ófullkomnar og neikvæðar, stundum soramarkaðar spillingu helmingaskipta afturhaldsflokka, — en öðru hverju hefur undir áhrifum verkalýðshreyfingarinnar verið hægt að beita þeim til jákvæðrar nýsköpunar atvinnulífsins, svo sem á tímum nýsköpunarstjórnarinnar 1944—47 og vinstri stjórnarinnar 1956—58.

En raunhæfar ráðstafanir til að tryggja efnahagslegt öryggi Íslands samfara stórfelldri nýsköpun atvinnulífsins og þar af leiðandi aukinni framleiðslu og velmegun alþýðu mundu aðeins fást með áætlunarbúskap, er framkvæmdur væri undir sterkum áhrifum verkalýðshreyfingarinnar og með fullu valdi róttækrar ríkisstjórnar yfir utanríkisverzluninni.

Frv. þetta mundi því, ef að lögum yrði og stefna þess yrði framkvæmd, verða háskalegt efnahagslegu sjálfstæði Íslands, grafa grunninn undan öruggustu mörkuðum sjávarútvegsins, brjóta niður það afkomuöryggi, er alþýða Íslands hefur

notið um skeið, — en bjóða heim kreppu og atvinnuleysi og yfirráðum erlends auðvalds yfir landi voru, er til lengdar léti.

Ég legg því til, að frv. sé fellt.

Alþingi, 1. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 363. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um flugsamgöngur.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast við að fá fullnægjandi upplýsingar um það þegar á þessu ári, hvort De Haveland-Caribou-flugvélar, sem framleiddar hafa verið í Kanada á undanförnum árum, henti Íslendingum til innanlandsflugs betur en aðrar flugvélar, m. a. hvort þær geti orðið til almennari nota og sparað fjármagn í byggingu flugvalla.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, mun notkun sjóflugvéla í innanlandsflugi hér á landi falla niður með öllu innan skamms. Sú eina flugvél af þessari gerð, sem enn er hér í notkun til fólksflutninga, er orðin svo gömul, að hennar mun ekki njóta lengi við úr þessu. Hins vegar eru sjóflugvélar ekki lengur framleiddar í heiminum, svo að ekki verður um endurnýjun flugvéla af þeirri gerð að ræða.

Um leið og sjóflugvélar falla úr sögunni, skapast erfiðleikar í flugsamgöngum þeirra landshluta, sem enga eða ófullnægjandi flugvelli hafa fyrir þær flugvélar, sem nú annast innanlandsflug. Flugvellir fyrir Dakota- og Skymaster-flugvélar eru mikil mannvirki og dýr, og mun langur tími líða, þar til þeir verða komnir svo víða hér á landi, að flug með landflugvélum verði til jafnalmennra nota og flug með sjóflugvélum hefur verið fram að þessu í sumum landshlutum.

Á tveimur þingum, 1958 og 1959, voru samþykktar þingsályktunartillögur um flugsamgöngur. Sú fyrri var um það að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvernig flugsamgöngum Vestfirðinga verði hagkvæmast fyrir komið og hvort núverandi sjúkraflugvellir á Vestfjörðum geti fullnægt landflugvélum, svo að almenn not verði að flugsamgöngum þar vestra.

Síðari þingsályktunartillagan var áskorun til ríkisstjórnarinnar um það að láta fara fram athugun á nýjungum í smíði farþegaflugvéla, sem hentugar væru til innanlandsflugs hér á landi og sparað gætu fé við byggingu flugvalla.

Samkvæmt þessum þingsályktunartillögum létu fyrrverandi ríkisstjórnir, 1958 og 1959, athuga þetta mál. Fólu þær flugráði að kynna sér nýjungar á þessu sviði, er að gagni gætu komið fyrir Íslendinga. Nefnd frá flugráði, sem framkvæmdi þessa athugun, segir í skýrslu sinni til ríkisstjórnarinnar 15. nóv. 1958:

„Nú er t. d. byrjað að framleiða í Kanada flugvél af tegundinni De Haveland-Caribou, sem virðist vera hin ákjósanlegasta til notkunar á stuttar flugbrautir.“

Höfuðkostur þessarar flugvélar er talinn sá, að henni muni nægja flugbraut, sem að lengd er aðeins ⅓ til ½ þeirra flugbrauta, er núverandi landflugvélar okkar þurfa, og flytur hún þó 20—30 farþega.

Þessi mikli kostur flugvélarinnar mundi leysa mikinn vanda í innanlandsflugi Íslendinga, ef ekki kemur annað til, er hindrar notkun þessarar flugvélar hér á landi. Nefna má m. a. eftirfarandi:

1. Stórir og dýrir flugvellir yrðu óþarfir.
2. Koma mætti upp flugbrautum fyrir Caribou-flugvélar á ýmsum þeim stöðum í landinu, þar sem ekki er unnt að koma við flugbrautum fyrir aðrar farþegaflugvélar vegna landslags og staðhátta.
3. Mikill hluti núverandi flugbrauta fyrir sjúkraflugvélar fullnægði Caribou-flugvélum.
4. Innanlandsflug yrði að meiri og almennari notum.

Þar sem allmikil reynsla er nú fengin í Kanada á Caribou-flugvélum, er nauðsyn á því fyrir Íslendinga, að ekki dragist lengur að fá úr því skorið, hvort þessi tegund flugvéla er ákjósanlegri en aðrar flugvélar fyrir innanlandsflug hér á landi. Ef svo reynist, má ekki bíða þess allt of lengi að notfæra sér þá nýjung, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Ed. 364. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til laga um meðferð drykkjumanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið og leitaði umsagnar landlæknis, áfengisvarnaráðs, og AA-samtakanna um það.

Í umsögn landlæknis er greint frá því, að stjórnskipuð nefnd hafi á s. l. ári starfað að endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og þegar skilað heilbrigðisstjórninni tillögum sínum. Væntir landlæknir þess, að stjórnarfrumvarp, byggt á þeim tillögum, verði bráðlega lagt fyrir Alþingi, og fyrir því telur hann æskilegt, að frv. til laga um meðferð drykkjumanna á þingskjali 125 verði ekki afgreitt að svo stöddu.

Umsögn áfengisvarnaráðs er mjög í sama anda, en AA-samtökin taka það fram í sínu svari, að samkvæmt starfsreglum sínum taki þau „enga afstöðu til annarra málefna en sinna eigin“ og því geti þau ekki látið í té neitt álit á frumvarpinu.

Að fengnum þeim upplýsingum, að stjórnskipuð nefnd hafi þegar skilað tillögum, sem í ýmsum atriðum fari mjög í sömu átt og frumvarpið og séu jafnvel efnilega fyllri, leggur heilbrigðis- og félagsmálanefnd til, að þetta frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að stjórnskipuð nefnd hefur endurskoðað gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og afhent ríkisstjórninni breytingartillögur sínar, þykir deildinni ekki ástæða til að taka afstöðu til frumvarpsins að sinni. Í trausti þess, að tillögur frumvarpsins verði teknar til sérstakrar athugunar og málið á ný verði í heild lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Karl Kristjánsson. Jóhann Sigurðsson.

Nd. 365. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt, að lagt er til í því, að niður falli úr 6. gr. laganna 2. og 3. málsgrein, en í þessum málsgreinum segir:

„Óheimilt er að reisa ný minkabúr, eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim allt að 5 ár, eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1949.“

Ef þessi breyting á lögunum verður samþykkt, verður loðdýrarækt og loðdýraeldi, þar á meðal minkarækt og minkaeldi, heimilað hér á landi að fullnægðum þeim skilyrðum, sem lögin setja. Um það segir meðal annars svo í 3. gr. laganna:

„Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits Búnaðarfélags Íslands.“

Loðdýrarækt hefur ætíð verið arðbær atvinnugrein á Norðurlöndum og víðar um heim. Sérstaklega hefur þó minkaeldi verið arðvænt. Hér á landi hefur þó ekki eins vel tekizt til, og hefur minkaeldi verið bannað með lögum um skeið af ástæðum, sem naumast eru frambærilegar. Hér ætti að vera sérstaklega hagstætt að stunda þessa atvinnugrein sökum þess, að fiskmeti er hér nóg fyrir hendi, en það er aðallega notað til þess að fóðra minka, og hefur nú nokkur allra síðustu árin verið útflutningsvara í þessu skyni. Kaupa Norðurlandaþjóðirnar, einkum Svíar, hér fiskúrgang handa eldisdýrum sínum og fiskimjöl, þegar fiskúrgangurinn hefur ekki hrokkið til.

Vöxturinn í framleiðslu minkaskinna hefur verið ótrúlega mikill á undanförnum árum. Kanada- og Bandaríkjamenn standa þar fremstir, en Norðurlöndin eru einnig drjúg, og eru Svíar og Norðmenn næstir. Ekki er vitað um þessa framleiðslu í Sovétríkjunum. Svíar hafa t. d. fimmfaldað framleiðslu sína af minkaskinnum á s. l. fimm árum. Nemur nú útflutningur Svía og Norðmanna hvors um sig á ári um 500 millj. ísl. króna, og er það ¼ hluti af heildarútflutningi Íslendinga, slagar hátt upp í freðfiskútflutninginn, sem er langstærsti liðurinn í útflutningnum. Má af þessu marka, hve geysimikilvægt það væri fyrir landsmenn að hagnýta sér þá tekjulind, sem minkaeldi gæti verið. Það er engan veginn sagt, að Íslendingar gætu ekki komizt lengra í þessum efnum en þessar nágrannaþjóðir okkar, a. m. k. hafa þeir til þess miklu betri skilyrði, þar sem þeir hafa það mikilvægasta, fóðrið, í miklu ríkari mæli en þær.

Lauslega áætlað falla hér til í landinu árlega 150000 lestir af fiskúrgangi, sem hentugur er fyrir minkafóður, en það er úrgangur úr þorski og ýsu og öðrum slíkum fiski. Úrgangur úr karfa og öðrum feitum fiski er ekki nothæfur, þar sem hann gerir skinnin gráleit vegna fitunnar. Það væri auðvitað sjálfsagt að nota allan fiskúrganginn til fóðurs minka í landinu sjálfu, en til þess þyrfti sjálfsagt jafnmörg dýr og eru nú bæði í Svíþjóð og Noregi, eða um 2 millj. dýra.

Loðskinn hafa löngum verið eftirsótt tízkuvara hjá kvenþjóðinni og verða sjálfsagt um langan aldur. Nú er alltaf verið að ná lengra og lengra í því að kynbæta minkinn, og ganga hinar ótrúlegustu sögur um verð á hinum beztu skinnum. Hefur heyrzt talað um jafnvel 3000 krónur fyrir skinnið, ef til vill enn meira. Í þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, hefur 600 króna meðalverð fyrir skinnið verið lagt til grundvallar, sem virðist vera meðalverð hjá Norðmönnum. Það eru engar líkur til þess, að ekki verði áfram mikil eftirspurn eftir minkaskinnum.

Minkaeldi og allur aðbúnaður hefur tekið miklum framförum, síðan það var hér á landi. Nú er það eins og annað í atvinnuháttum menningarþjóða orðið mjög sjálfvirkt og krefst miklu minna mannahalds en áður. Aðbúnaður er einnig orðinn þannig, að telja má svo til útilokað, að dýr sleppi út. Þar sem minkaeldi er rekið af myndarskap, er ekki óalgengt, að menn hafi bú með 2000 dýrum. Það er á margan hátt hægt að standa að minkaeldi. Það getur verið sjálfstæður atvinnurekstur, en það getur líka verið haft til að styðja annan atvinnurekstur, eins og búskap. Algengt er í Noregi og víðar, að bændur hafi minkaeldi jafnframt búskap sínum og hafi af því góðar tekjur. Mikilvægasta breytingin frá fyrri tíð er fyrst og fremst kynbæturnar, frágangur búranna og frystitæknin. Nú er frystiklefi jafnsjálfsagður við minkabú og hlaðan á kúa- eða fjárbúinu. Hér skal svo ekki farið frekar út í, hve mikilvæg atvinnugrein þetta gæti verið fyrir bændur og vel fallin til þess að geta keppt við vinnumarkaðinn í bæjunum, en aðeins bent á, hve afraksturinn af mink er mikill borið saman við fóðurtilkostnað, sem er lauslega áætlað ekki nema 200 krónur á skinn.

Það er ekki ósjaldan talað um, að auka þurfi fjölbreytni útflutningsins, og er það hverju orði sannara. Það mundi að vísu kosta mikið að ætla að koma t. d. upp — segjum á næstu 5—10 árum — 1½—2 millj. minka í eldi, eins og Svíar og Norðmenn hafa til samans, en myndarlegt átak væri það og mikilvægt fyrir þjóðina efnahagslega. Jafngilti það 1000 millj. kr. auknum útflutningi. En það er ef til vill fátt, sem krefðist jafnlítils stofnkostnaðar, borið saman við afrakstur, eins og minkaeldi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og leyft verður aftur minkaeldi, þyrfti ríkisstjórnin að gera tillögur um stofnlán til minkabúa. Þar kæmi aftur mikið í aðra hönd: Atvinna fyrir fjölda manns, arðbær atvinnurekstur fyrir eigandann og mikilvæg gjaldeyrisöflun fyrir þjóðina í heild. Ríkissjóður mundi líka uppskera sinn hlut, þar sem þessi útflutningur eins og annar mundi gefa honum miklar tolltekjur. Þá mundi jafnmikilvægur atvinnuvegur, rekinn í jafnstórum stíl og hér er aðstaða til, bæta lífskjörin almennt í landinu.

Í þessu sambandi tekur varla að minnast á villiminkinn. Hann er staðreynd, sem ekki verður umflúin, og það er sjálfsagt að halda áfram að reyna að útrýma honum, enda þótt sú barátta kosti nú orðið á fjórðu milljón króna. Það er engin ástæða til þess að halda eftir reynslu nágranna okkar af minkaeldi, að svo til nokkur minkur sleppi út, eins og búið er orðið um búrin. Menn mega ekki halda, að verið sé að kaupa mink og ala hann til þess að sleppa honum lausum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, þyrfti ríkisstjórnin að senda 2—3 verkfræðinga til þess að kynna sér, hvernig minkabúrum og minkaeldi er bezt fyrir komið hjá öðrum þjóðum, og láta þá leiðbeina um byggingu búranna. Þá væri mikilvægt, að minkaframleiðendur mynduðu þegar með sér traustan félagsskap, til þess að tæknilegum og viðskiptalegum málefnum þeirra væri vel borgið.

Nd. 366. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsl.:

Ráðherra getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Ed. 367. Lög [75. mál]

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 185.

Nd. 368. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Sams konar frv. eða svipað hefur áður verið flutt á þingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Verður að viðurkenna, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða, þar sem eigi er talið ótvírætt um eignarrétt áburðarverksmiðjunnar samkvæmt 3. og 13. gr. áburðarverksmiðjulaganna. Í 3. gr. er svo ákveðið, að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. Í 13. gr. eru hins vegar ákvæði um, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og verksmiðjan skuli þá rekin sem hlutafélag. Eftir að þessi heimild var notuð, hafa komið fram á Alþingi nokkuð skiptar skoðanir um eignarréttinn að verksmiðjunni.

Meiri hl. fjárhagsnefndar telur rétt, að málið fái afgreiðslu á þinginu, og leggur til, að því sé **vísað til ríkisstjórnarinnar** til athugunar.

Alþingi, 2. maí 1960.

Birgir Kjaran, form. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr. — Jóhann Hafstein, frsm.

Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 369. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn voru fjarverandi.

Alþingi, 2. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form. — Jón Pálmason, fundaskr., frsm. — Pétur Sigurðsson.

Hannibal Valdimarsson. — Gísli Guðmundsson.

Ed. 370. Frumvarp til laga [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Aage Villum, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1924.
2. Anna Pálína Jónsdóttir, húsmóðir, Sauðhúsum í Dalasýslu, f. í Færeyjum 14. okt. 1929.
3. Berg, Malena Elina, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 20. sept. 1921 í Færeyjum.

4. Boeskov, Johanne Cecilie, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd á Íslandi 12. júlí 1932.
5. Buhl, Kristian, fjósameistari á Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1930.
6. Carlsen, Emma Guðrún, húsmóðir á Selfossi, fædd á Íslandi 16. okt. 1922.
7. Christensen, Henning, mjólkurfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 22. apríl 1926.
8. Ferrua, Walter Teresio Ernesto, iðnverkamaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 19. ágúst 1933.
9. Gill, Frieda Emma, f. Ullrich, starfsstúlka á Þorsteinsstöðum í Skagafjarðarsýslu, f. 31. maí 1927 í Þýzkalandi.
10. Grünwald, Liesbeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 24. okt. 1913.
11. Guðni Erlendsson, barn í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 29. ágúst 1950.
12. Hansen, Verner Jakob, blikksmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1921.
13. Hautopp, Jörgen Rosleff, járnsmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. marz 1934.
14. Henschel, Jutta Wilhelmine, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 4. des. 1929.
15. Herrmann, Maria Erdmuthe, barnakennari í Selvogi, f. í Þýzkalandi 23. des. 1937.
16. v. Hoof, Allegonda, karmelnunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 27. febr. 1912.
17. Högnaberg, Peder Jakob, sjómaður í Keflavík, f. í Færeyjum 24. des. 1930.
18. Jacobsen, Sonja Johanna, húsmóðir, Þingholti, Búðum, Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 3. okt. 1933.
19. Jensen, Christian Frederik, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Danmörku 2. maí 1920.
20. Koeppen, Erwin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. febr. 1925.
21. Kudrawzew, Alvine, ekkja í Reykjavík, f. í Lettlandi 26. marz 1890. (Fær réttinn 21. ágúst 1960).
22. Kummer, Erling Reinhold, verkamaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1937.
23. Langfeldt, Hedwig Ella Adelheid, húsmóðir að Nesi í Selvogi, fædd í Þýzkalandi 23. sept. 1923.
24. Lervik, Magnar Kristoffer, matreiðslumaður, Galtafelli, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, f. í Noregi 10. jan. 1916.
25. Lindner, Friedrich Franz, húsgagnabólstrari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. sept. 1919.
26. Linke, Anni Karoline Wilhelmine, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 24. des. 1923.
27. Nielsen, Svend Erik Christian, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 21. júlí 1915.
28. Pedersen, Hans Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 12. des. 1908.
29. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. nóv. 1914.
30. Schwüchow, Werner Eric Hans, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 25. jan. 1932.
31. Schöttke, Hedwig Erna, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. marz 1915.
32. Simmers, Johannes Arnoldus, garðyrkjumaður í Sandgerði, f. í Hollandi 11. marz 1898.
33. Sólveig María Björnsdóttir, Borgarnesi, fædd á Íslandi 9. des. 1927.
34. Spitta, Jürg, sútari á Akureyri, fæddur í Þýzkalandi 30. nóv. 1936.
35. Splidt, Jens Albert, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. júlí 1922.
36. Splidt, Olna Maria Ketty, f. Hentze, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 3. okt. 1929.
37. Vågenes, Sigrid Haldis Åneland, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Noregi 25. jan. 1931. (Fær réttinn 25. maí 1960).
38. Vigö, Sigrid Dagmar, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 27. júlí 1936.
39. Wagner, Ilse Inge, húsmóðir, Írafossi í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 24. marz 1930.
40. Walker, Donald Nutter, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 22. maí 1933.

41. Whiles, Margaret Lilja, barn í Reykjavík, fædd í Bandaríkjum Norður-Ameríku 28. ágúst 1954.
42. Wirkner, Christa Ingeburg, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 22. des. 1929.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 371. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um takmörkun á veiðitíma og netjanotkun fiskiskipa.

Flm.: Birgir Finnsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Einar Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt, að sett verði lög um takmörkun á veiðitíma og veiðarfæranotkun þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Að þeirri athugun lokinni verði undirbúin lagasetning um slíkar takmarkanir, og verði frumvarp um það efni lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að fiskveiðar í net eru nú stundaðar hér við land með þeim hætti, að ástæða er til að óttast, að vandræði geti hlotizt af, ef ekki er spyrnt við fótum.

Hin fullkomnu fiskleitartæki í svo að segja hverjum bát og nælonnetin hafa stóraukið aflamagnið, og nú er svo komið, að fiskurinn á hvergi griðland. Jafnframt hefur netjaúthaldið verið lengt á kostnað línuveiðanna.

Er það álit kunnugustu manna, að í þessu efni gæti meira kapps en forsjár, og er talið, að um hættu á ofveiði geti verið að ræða. Einkum eru netjaveiðarnar á hrygningarsvæðunum um hrygningartímann taldar viðsjárverðar í þessu tilliti.

Sá háttur, sem á er hafður við þessar veiðar, veldur því einnig, að aflinn, sem komið er með að landi með ærnum tilkostnaði, er oft gerður að lélegu eða ónothæfu hráefni til vinnslu. Netjafjöldinn, sem hver bátur á liggjandi í sjó, er svo mikill, að áhafnirnar komast ekki yfir að draga öll netin daglega, og einnig tíðkast það, að net séu látin liggja í sjó yfir helgidaga. Afleiðingin verður margra nátta sjódauður fiskur, sem oftast er erfitt að halda aðgreindum frá þeim fiski, sem innbyrtur er lifandi. Þetta hráefni er naumast hæft til annars en fiskmjölsvinnslu, þó að menn freistist til að salta það eða herða vegna þess, hve lítill verðmunur er á ferskfiski eftir gæðum. Blasir þarna við sú hætta, að ef þannig er haldið áfram, kunnum við að stórspilla aðstöðu okkar á fiskmörkuðunum.

Framanrituð tillaga til þingsályktunar er fram borin með það í huga, að þessi háskalega þróun verði stöðvuð og fundnar verði leiðir til úrbóta. Telja flutningsmenn það hægt, t. d. með því að takmarka veiðitíma þannig, að ekki megi hefja netjaveiðar fyrr en t. d. 15. marz eða 15. apríl, og jafnframt séu settar reglur, er komi í veg fyrir það, að net séu látin liggja í sjó meira en einn sólarhring í einu, ef veður hamlar ekki drætti. Loks verði takmarkaður sá netafjöldi, sem hverju skipi er leyfilegt að leggja í sjó í einu.

Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir nefndarskipun til að undirbúa þetta mál, en tillögumenn vilja benda á, að verði samþykkt frv. til laga um ferskfiskmat, sem nú liggur fyrir Alþingi, þá mætti fela fiskmatsráði þennan undirbúning í samráði við Fiskifélag Íslands og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Sþ. 372. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1960.

Magnús Jónsson, form.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.
Halldór Ásgrímsson.	Jón Árnason.	Guðl. Gíslason.
Daníel Ágústínusson.	Karl Guðjónsson.	Ingvar Gíslason.

Ed. 373. Lög [26. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 33.

Ed. 374. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Alfreð Gíslason.
Karl Kristjánsson.	Jóhann Sigurðsson.	

Ed. 375. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsögn landlæknis um það. Í þeirri umsögn segir svo: „Endurskoðun á löggjöf um hjúkrunarnám hefur verið á döfinni, þó að ekki sé henni lokið. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, felast engar aðkallandi breytingartillögur, og endurskoðun löggjafarinnar á miklu víðari grundvelli yrði að fara fram jafnt fyrir því, þótt það yrði samþykkt.“ Af þessum sökum lýsir landlæknir sig andvígan samþykkt frv.

Breytingarnar, sem felast í frv., eru vart umdeilanlegar, enda hefur enginn andmælt þeim. Um hitt kunna að vera skiptar skoðanir, hvort þær séu aðkallandi eða ekki. Trúlega er það þó ósk pilta þeirra, sem í hjúkrunarkvennaskólann ganga, að nafni skólans verði breytt hið bráðasta, — það er mjög óviðkunnanlegt að rangnefna stéttarfélag hjúkrunarfólks, svo sem gert er í lögunum. Þessu og öðru slíku má breyta nú, þótt aðrar breytingar og umdeilanlegri kunni að verða gerðar einhvern tíma síðar.

Skólanefnd hjúkrunarkvennaskólans mun að eigin frumkvæði fást við endurskoðun lagaákvæða um hjúkrunarnám. Veit enginn nú, hvort eða hvenær þeirri endurskoðun lýkur, en ósennilegt, að það verði á næstunni. Því getur biðin orðið löng með þær sjálfsögðu breytingar, sem í frv. eru, ef þær ættu ekki að lögfestast fyrr en allsherjar endurskoðun laganna er lokið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Tekur meiri hl. svipaða afstöðu til þess og landlæknir og mun skila séráliti, en minni hlutinn mælir hins vegar með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1960.

Alfreð Gíslason, frsm. Karl Kristjánsson.

Sþ. 376. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um afnám nauðungarvinnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu, sem gerð var á fertugasta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 25. júní 1957, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT
um afnám nauðungarvinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 40.

CONVENTION
Concerning the Abolition of Forced Labour.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the

sinn þann 5. júní 1957, og eftir að hafa haft til meðferðar málið um nauðungarvinnu, sem var fjórða mál á dagskrá þessa þings, og eftir að hafa athugað ákvæði samþykktarinnar frá 1930, um nauðungarvinnu; og eftir að hafa athugað, að samþykktin frá 1926, um þrælahald, kveður svo á, að allar nauðsynlegar ráðstafanir skuli gerðar til þess að varna því, að þvingunarvinna eða nauðungarvinna komist á það stig, að hún samsvari þrældómi, og að viðaukasamþykktin frá 1956 um afnám þrælahalds og þrælaverzlunar og þess skipulags og þeirrar venju, er líkist þrælahaldi, kveður svo á, að algerlega skuli afnumin þvingun vegna skulda og öll ánauð; og eftir að hafa athugað að samþykktin frá 1949, um kaupverndun, kveður svo á, að kaup skuli greitt reglulega og leggur bann við þeim hætti á kaupgreiðslum, er á nokkurn hátt skerðir rétt verkamanns til þess að skipta um húsbændur; og eftir að hafa ákveðið að samþykkja frekari tillögur varðandi afnám tiltekinna greina nauðungarvinnu, sem brjóta í bág við mannréttindi þau, er stofnskrá Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir og greind eru í hinni almennu mannréttindaskrá; og eftir að hafa ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar að alþjóðlegri samþykkt,

gerir þingið í dag, þann 25. júní 1957, eftirfarandi samþykkt, er vitna má til sem samþykktarinnar frá 1957, um afnám nauðungarvinnu.

1. gr.

Sérhvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir hjá sér samþykkt þessa, skuldbindur sig til að láta ekki viðgangast, heldur uppræta, hvers konar nauðungarvinnu:

a) er beitt sé með pólitískri þvingun, fræðslu, eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa eða láta í ljósi

Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fortieth Session on 5 June 1957, and

Having considered the question of forced labour, which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having noted the provisions of the Forced Labour Convention, 1930, and

Having noted that the Slavery Convention, 1926, provides that all necessary measures shall be taken to prevent compulsory or forced labour from developing into conditions analogous to slavery and that the Supplementary Convention on the Abolition of Slavery, the Slave Trade and Institutions and Practices Similar to Slavery, 1956, provides for the complete abolition of debt bondage and serfdom, and

Having noted that the Protection of Wages Convention, 1949, provides that wages shall be paid regularly and prohibits methods of payment which deprive the worker of a genuine possibility of terminating his employment, and

Having decided upon the adoption of further proposals with regard to the abolition of certain forms of forced or compulsory labour constituting a violation of the rights of man referred to in the Charter of the United Nations and enunciated by the Universal Declaration of Human Rights, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-fifth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-seven the following Convention, which may be cited as the Abolition of Forced Labour Convention, 1957:

Article 1

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to suppress and not to make use of any form of forced or compulsory labour—

a) as a means of political coercion or education or as a punishment for holding or expressing political views

stjórnmálaskoðun eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórnmálalegu, félagslegu eða efnahagslegu;
b) er beitt sé sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu;
c) er beitt sé til þess að aga verkalýðinn;
d) er beitt sé til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum;
e) er beitt sé til mismununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

2. gr.

Sérhvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir hjá sér samþykkt þessa, skuldbindur sig til að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að þegar í stað og til fullnustu verði afnumin nauðungarvinna eins og hún er skilgreind í 1. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

4. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er fullgildingar þeirra hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur samþykkt þessi í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

5. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Þess

or views ideologically opposed to the established political, social or economic system;
b) as a method of mobilising and using labour for purposes of economic development;
c) as a means of labour discipline;
d) as a punishment for having participated in strikes;
e) as a means of racial, social, national or religious discrimination.

Article 2

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to take effective measures to secure the immediate and complete abolition of forced or compulsory labour as specified in Article 1 of this Convention.

Article 3

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 4

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 5

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the exspiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International

háttar uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en að ári liðnu frá skrásetningu hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar senda honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

8. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 6

1. The Derector-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 7

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 8

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

9. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 5. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;

b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 9

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 5 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 10

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrædd. Fylgdu henni svo hljóðandi athugasemdir:

„Á árunum 1951—1953 starfaði nefnd, skipuð af framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að rannsókn á nauðungarvinnu. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að nauðungarvinna ætti sér stað í ýmsum aðildarríkjum ILO, enda þótt Vinnumálaþingið hefði þegar gert samþykktir sem fælu í sér bann við nauðungarvinnu, þ. á m. hina almennu samþykkt um þetta efni frá 1930, sem Ísland hefur fullgilt. Að fengnum upplýsingum nefndarinnar samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan uppkast að samþykkt og enn fremur uppkast að tillögu um breytingar á samþykktinni frá 1930. Var þetta mál rætt fyrst á þinginu 1956.

Þar var samþykkt að fresta breytingum á samþykktinni frá 1930, en jafnframt ákveðið að taka það mál á dagskrá þingsins áður langt liði.

Um áðurnefnt samþykktaruppkast urðu miklar umræður, einkum um það, hversu víðtæk samþykktin skyldi vera. Samþykkt var að um þetta atriði skyldu fara fram viðræður á milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna áður en gengið yrði frá uppkasti því, sem lagt yrði fyrir þingið 1957.

Mál þetta var svo til síðari umræðu á þinginu 1957 og var þá lagt fram nýtt uppkast að samþykkt. Þar er gert ráð fyrir banni við nauðungarvinnu, sem beitt er:

a. með pólitískri þvingun, fræðslu, eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa eða láta í ljósi stjórnmálaskoðanir eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórnmálalegu, félagslegu eða efnahagslegu;
b. sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu;
c. til þess að aga verkalýðinn;

d. til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum;
e. til mismununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

Í uppkasti því, sem gert var á þinginu 1956 var enn fremur ákvæði, er bann aði nauðungarvinnu, sem er afleiðing þess greiðslumáta að atvinnurekandinn frestar launagreiðslu til ákveðins dags eða fram yfir umsaminn tíma, svo að verkamaðurinn er sviptur möguleikanum til þess að hætta vinnunni, eða þar sem verkamenn eru látnir vinna af sér skuldir eða eru í ánauð. Þessu ákvæði var sleppt úr uppkastinu vegna andstöðu nokkurra ríkisstjórna.

Aftur á móti gerði þingið ályktun um þetta efni, sem fól í sér eindregna áskorun til aðildarríkjanna um að fullgilda samþykktina frá 1949 um vernd vinnulauna.

Á þinginu 1956 höfðu fulltrúar Danmerkur og Svíþjóðar borið fram tillögu um það, að í væntanlegri samþykkt yrði ákvæði um bann við notkun fangabúða og brottflutningi þjóðernisminnihluta þegar þessar þvingunarráðstafanir væru notaðar í stað nauðungarvinnu í pólitískum tilgangi.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafði borið fram í áðurnefndum umræðum við Alþjóðavinnumálastofnunina svo og óska ýmissa ríkisstjórna um niðurfellingu þessa ákvæðis tóku flutningsmenn tillögunnar hana aftur. Í þess stað fluttu þeir ásamt fulltrúum Noregs tillögu til ályktunar, þar sem athygli Sameinuðu þjóðanna er vakin á nauðsyn þess að athugað sé hvað hægt er að gera til þess að koma á raunhæfu banni gegn fangabúðum og brottflutningi þjóðernisminnihluta.

Það var skýrt tekið fram í nefndinni, sem fjallaði um þetta mál, að þessi samþykkt væri til uppfyllingar samþykktinni frá 1930 en væri ekki endurskoðuð útgáfa hennar.

Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina á þinginu 1957 greiddu 240 fulltrúar atkvæði með henni, enginn á móti, en einn sat hjá.

Alls hafa nú fimmtán aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fullgilt þessa samþykkt, þ. á m. Danmörk, Noregur og Svíþjóð og gengur hún í gildi 17. janúar 1959.

Nauðungarvinna eins og ræðir um í samþykkt þessari þekkist ekki hér á landi og er andstæð hugsunarhætti og réttlætiskennd íslenzku þjóðarinnar. Það virðist því rétt og æskilegt að Ísland sýni vilja sinn og afstöðu í þessu máli á alþjóðavettvangi með því að fullgilda þessa samþykkt."

Ed. 377. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1960.

Jón Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 378. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt, eins og það liggur fyrir á þskj. 338, með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 3. efnismálsgr. falli niður.

Alþingi, 3. maí 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Karl Kristjánsson. Jóhann Sigurðsson.

Nd. 379. Frumvarp til laga [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs

dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu um þær byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra, sem kosta samtals a. m. k. 75000 kr. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Nd. 380. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

1. málsl. 2. málsgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra.

Nd. 381. Frumvarp til ábúðarlaga. [104. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 228 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum land utan skipulagssvæða kaupstaða eða kauptúna með ákveðnum þinglýstum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, er hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem farin er í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin, telst þó eftir sem áður jörð eða lögbýli, þar til liðin eru 25 ár, frá því að hún fór síðast í eyði. Eftir þann tíma telst hún í flokki óbyggðra landa.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki nýbýlastjórnar sem lögbýli samkvæmt skilgreiningu laga nr. 48 1957, III. kafla, 14. gr.

Sama gildir um jarðarhluta, sem skipt er úr jörð og stofnað á honum til sjálfstæðs búrekstrar, þótt hann falli ekki undir ákvæði laga nr. 48/1957, enda hafi nýbýlastjórn ríkisins viðurkennt þennan jarðarhluta sem lögbýli.

3. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en tún jarðar fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélagið bíður hnekki af því, allt að dómi úttektarmanna, og getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgr. Nú byggir jarðareigandi ekki jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar, næst eftir að frestur er útrunninn, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórninni innan 6 daga að ráðstafa jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta það, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa áður fylgt, í ábúðarfæru ástandi og peningshús að minnsta kosti fyrir þá áhöfn, sem jörðin ber, er ábúandi tekur við henni, eða setji tryggingu fyrir, að svo verði gert, áður en ábúandi þarf að nota peningshúsin.

Sinni sveitarstjórn ekki boði jarðareiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkvæmt grein þessari fyrir 15. apríl, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár, en skylt er honum að annast viðhald mannvirkja, svo sem girðinga, húsa, vatnsbóla og annars, er jörðinni tilheyrir, enn fremur að ganga þannig frá húsum og mannvirkjum, að hættulaust sé fyrir búfé.

Nú hefur jörðin verið í eyði í 3 ár eða lengur og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðareiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina. Skal jörðin metin til slíkrar sölu af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor og hlutaðeigandi sýslumaður oddamann, og er hann formaður. Hafni þessir aðilar að kaupa samkvæmt þessu mati, er jarðareiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem

hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar að þessu gerðu, er landsdrottni ekki skylt að greiða af jörðinni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af hendi, svo sem vegagjöld, fjallskilagjöld og kostnað við fyrirskipaðar smalanir heimalanda. Má krefjast sölu slíkra jarða til greiðslu á skuldum af þessum sökum, ef vanskil hafa orðið í þrjú ár eða lengur.

6. gr. hljóðar svo:

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu. Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús, land til fiskreita og uppsátur í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið heitt vatn; námur, þar með talið byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur; svo og önnur verðmæt jarðarefni, sem ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð; einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

7. gr. hljóðar svo:

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sömu leigu sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hana hæfilega og hvorugur aðila sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

13. gr. hljóðar svo:

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að dómi úttektarmanna. Skylt er landsdrottni að kaupa hús úr varanlegu efni, sem ekki er unnt að flytja af jörðinni, en séu þau ekki nauðsynleg vegna búrekstrar viðtakanda á jörðinni, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Fjárhæð þá, sem landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum, að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðareigandi ekki skyldur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau séu rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

22. gr. hljóðar svo:

Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða

selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni undan þeim búpeningi, sem fóðraður er aðallega á heyi, sem aflað er á jörðinni sjálfri. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa, sbr. 3. gr.

23. gr. hljóðar svo:

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda. Hann skal og hreinsa hús, hlöður og heystæði, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bætir hann viðtakanda eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, sellátur, uppsátur og fiskreitir eru á jörð eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. Sama gildir um veiðirétt.

28. gr. hljóðar svo:

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld og leigur og önnur afgjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

Nú hefur leiguliði eigi greitt afgjöldin 31. júlí, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöldin að fullu fyrir 1. nóv., næstan eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.

42. gr. hljóðar svo:

Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og skal hann um það leita samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjaldið megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum ræktunarsjóðs af kostnaðarverði jarðabótarinnar. Úttektarmenn skulu um hverja tegund jarðabótar leiguliða áætla hæfilegan endingartíma, sem jafnan skal vera 10—20 ár fyrir ræktun, fyrir opna skurði 6—20 ár og girðingar 6—10 ár. Skiptist matsfjárhæð á hinn metna endingartíma. Kemur þá til frádráttar sú fyrning, er fellur á þann tíma, sem leiguliði hefur haft umbótarinnar not, að frádregnum jarðabótaframlögum. Nú telur leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að hann geti fullnýtt umbótina, og úttektarmenn telja honum ekki fært að greiða afgjaldshækkunina samkvæmt framansögðu, og er þá landsdrottni rétt að leita úrskurðar landnámsstjóra, hvort jörðin geti skipzt í tvö býli, gegn því að hann bæti leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðarinnar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

51. gr. hljóðar svo:

Þegar ábúandi fer af leigujörð, skulu úttektarmenn meta þær umbætur, sem hann hefur gert á húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á leigutíma sínum. Séu þessi mannvirki meira virði alls á jörðinni en þau voru, þá er ábúandi fluttist á

hana, skal landsdrottinn greiða fráfaranda mismuninn og taka að sér þau lán, sem hann hefur gefið veðleyfi fyrir, ef einhver eru, til greiðslu mannvirkjanna. Séu mannvirkin minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörðinni, skal hann greiða landsdrottni mismuninn, og kallast það leiguliðabót. Sá mismunur, er greiðast skal og ekki eru skuldir fyrir, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á mannvirkjagerð.

Sþ. 382. Fyrirspurnir. [148. mál]

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

I. Til menntamálaráðherra um athugun á þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk?

II. Til viðskiptamálaráðherra um gjaldeyrislántöku.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað er búið að nota mikið af heimildum þeim til gjaldeyrislántöku, sem ríkisstjórnin aflaði sér með efnahagslöggjöfinni í vetur?

III. Til menntamálaráðherra um athugun á aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélagsfræðum.

Frá Ólafi Björnssyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, er skipuð var samkvæmt þál. 22. marz 1956, um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum?

IV. Til félagsmálaráðherra um vexti af íbúðarlánum sparisjóða.

Frá Daníel Ágústínussyni.

Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera til hjálpar þeim mörgu húseigendum í kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um land, sem eiga föst húsnæðislán í sparisjóðum og verða nú að greiða af þeim 11% vexti?

Sþ. 383. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað um hana umsagnar margra aðila á sviði siglinga og utanríkisviðskipta. Kemur fram í álitsgerðum, að sum íslenzk skip hafi nægan flutning frá landinu, en önnur til landsins; að þörf sé umskipunaraðstöðu

á ýmsum höfnum til landsins til að hagnýta betur skipakostinn; að íslenzk skip geta ekki flutt íslenzkar afurðir til eins viðskiptalands vegna sérstakra lagaákvæða þar — og margt fleira, sem gefur ástæðu til að ætla, að sú athugun, er tillagan fer fram á, geti orðið mjög gagnleg.

Meiri hluti allsherjarnefndar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Sigurður Bjarnason.

Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara. Pétur Sigurðsson.

Sþ. 384. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég er síður en svo andvígur því í sjálfu sér, að komið sé á fót samstarfsnefndum launþega og atvinnurekenda. En slíkt samstarf verður að byggjast á samstarfsvilja beggja aðila í hverju fyrirtæki. Sé slíkur gagnkvæmur vilji ekki fyrir hendi, hef ég enga trú á, að samstarfið geti tekizt eða komið að gagni. Og það tel ég fráleitt, að ríkisvaldið geti eða eigi að hafa nokkur afskipti af slíku samstarfsfyrirkomulagi hjá atvinnufyrirtækjum. Þetta er og verður fyrst og fremst samkomulagsmál innan hvers atvinnufyrirtækis. En einnig gæti þó komið til mála, að heildarsamtök atvinnurekenda og launþega kæmu sér saman um einhverjar meginreglur fyrir samstarfsnefndir í atvinnulífinu.

Ekki er mér ljóst, hvernig framkvæmd skuli rannsókn sú, sem meiri hlutinn vill láta fram fara, og ríkisafskiptum af slíku samstarfsfyrirkomulagi er ég algerlega andvígur. Þess vegna legg ég til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 3. maí 1960.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 385. Frumvarp til laga [149. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi 1960.)

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur efnt til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fordæmi eru fyrir því, að vinningar í happdrættum, sem fram fara til styrktar líknarstarfsemi í alþjóðarþágu, séu með sérstökum lögum undanþegnir opinberum gjöldum. Má þar nefna happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, sbr. lög nr. 18/1959. Þar eð líkt er ástatt um starfsemi þá, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur með höndum, þykir ríkisstjórninni rétt að félagið verði sömu hlunninda aðnjótandi, að því er snertir happdrætti það, sem félagið hefur stofnað til á þessu ári.

Sþ. 386. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn skipafélaga þeirra innlendra, er aðallega annast vöruflutninga milli Íslands og annarra landa. Að fengnum þessum umsögnum og með tilliti til þess, að óvíst er, að hve miklu leyti gjaldeyrisyfirvöld láta notkun leiguskipa til sín taka framvegis, leggur minni hl. til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem skipafélög þau, er aðallega annast vöruflutninga milli landa, telja sér, eins og sakir standa, ekki þörf á ríkisaðstoð við skipulagningu flutninganna, en hins vegar enn óvíst, hvernig veitingu gjaldeyrisleyfa vegna skipaleigu verður hagað framvegis, telur deildin ekki að svo stöddu ástæðu til þeirrar athugunar, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1960.

Gísli Guðmundsson, frsm. Björn Pálsson.

Sþ. 387. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna alllengi til athugunar ásamt viðaukatillögu á þskj. 144 um veiðarfæralán úr fiskveiðasjóði, en viðaukatillaga þessi um veiðarfæralánin er, eins og aðaltillagan á þskj. 36, flutt af hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Minni hl. nefndarinnar telur rétt að samþykkja aðalefni tillögunnar eða réttara sagt tillagnanna á þskj. 36 og 144, en meiri hl. virðist þar vera á öðru máli og mun gera grein sérstaklega fyrir afstöðu sinni.

Auðsætt er, að fjárþörf fiskveiðasjóðs verður mjög mikil á þessu ári. Ekki er á þessu stigi hægt að segja um það með fullri nákvæmni, hver hún verður, en samkvæmt áætlun stjórnar sjóðsins eru líkur til, að hann muni skorta um 30 millj. kr. til að geta fullnægt hlutverki sínu á árinu. Samkvæmt skýrslum Skipaskoðunar ríkisins voru rúml. 50 stórir fiskibátar í smíðum erlendis um síðustu áramót, og gera má ráð fyrir, að þá hafi nokkuð á vantað, að búið væri að gera smíðasamn-

inga út á öll bátaleyfi, er veitt höfðu verið eða samþykkt á s. l. ári. Verð bátanna í ísl. krónum hefur nú hækkað mjög mikið vegna gengisbreytingarinnar og þar með þau lán, sem veita þarf út á þá úr sjóðnum. Sama er að segja um verð bátavéla, sem settar eru í notaða báta og sjóðurinn veitir lán til. Dýptarmælar og önnur hjálpartæki við veiðar hækka einnig í verði, en kostnaður við slík tæki er tekinn til greina, þegar veitt eru lán til endurbóta á fiskibátum. Nýsmíð báta innanlands er í vexti. Þá er þess að gæta, að sjóðnum er ekki aðeins ætlað að veita stofnlán til skipa, heldur einnig til að koma upp aðstöðu til að gera sjávarafla að markaðsvöru, og hefur hann reynt að sinna því verkefni eftir föngum, en vissulega væri þörf á að auka fremur en hitt þann þátt lánastarfseminnar frá því, sem nú er. Enn má nefna það, að afborganir og vextir af erlendum lánum sjóðsins hækka nú í ísl. krónum af sömu ástæðu og verð skipa, véla og tækja. Þess ber að geta, að tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi hækka vegna hinnar nýju gengisskráningar, en þó er sýnt, að sá tekjuauki hrekkur skammt til að vega á móti verðhækkunum innfluttra skipa, véla, tækja og efnis til nýsmíða innanlands. Skýrir þetta allt áætlun sjóðsstjórnarinnar um lánsfjárþörfina.

Minni hl. fellst á, að ástæða sé til að athuga möguleika til þess, að komið verði fastri skipan á veitingu lána til kaupa á verðmiklum veiðarfærum og þau lán aðgreind frá venjulegum rekstrarlánum. Þarf að athuga m. a., hvort hér gæti orðið um að ræða föst lán til lengri tíma en einnar vertíðar gegn veði í veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að fært sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum. Hins vegar telur minni hl. ekki ástæðu til að binda þessa athugun við fiskveiðasjóð sérstaklega.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið sagt, leggur minni hl. til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninnni:
   1. að beita sér fyrir því, að Fiskveiðasjóður Íslands fái á þessu ári það fjármagn til umráða, sem stjórn sjóðsins telur nauðsyn til bera að lána út samkvæmt lögum sjóðsins og starfsreglum;
   2. að láta athuga, hvort unnt sé að skipuleggja hjá einni eða fleiri lánsstofnunum veitingu fastra lána til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að fært sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum.
2. *Fyrirsögn tillögunnar* verði:
   Tillaga til þingsályktunar um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands og lán til veiðarfærakaupa.

Alþingi, 4. maí 1960.

Gísli Guðmundsson, frsm. Björn Pálsson. Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 388. Þingsályktun [24. mál]

um verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. maí 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða.

Sþ. 389. Þingsályktun [56. mál]

um endurskoðun laga um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 94.

Sþ. 390. Þingsályktun [85. mál]

um auknar krabbameinsvarnir.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 161.

Nd. 391. Frumvarp til laga [150. mál]

um Verzlunarbanka Íslands h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Verzlunarbanki Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verzlun landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. kr. Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. stórkaupmanna skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 5 millj. kr. og Kaupmannasamtök Íslands skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram með sama hætti 5 millj. kr. sem hlutafé, en ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins skulu hafa forgangsrétt til þess að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við núverandi hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins. Forgangsrétturinn gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr. Innan níu mánaða frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreind samtök þá eigi safnað tilskildu hlutfé, skal stjórn sjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

3. gr.

Heimili og varnarþing Verzlunarbanka Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

4. gr.

Verzlunarbanki Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins eignayfirfærsluna.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðiljaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almmenum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63, 21. júní 1957.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bankinn tekur þó ekki til starfa fyrr en samþykktir hans og reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra og helmingur lofaðs hlutafjár hefur verið greiddur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 26. febr. s. l. ritaði stjórn Verzlunarsparisjóðsins í Reykjavík viðskiptamálaráðherra bréf, þar sem þess var óskað, að ríkisstjórnin flytti frumvarp til laga þess efnis, að sparisjóðnum verði breytt í banka. Með því að starfsemi sparisjóðsins er orðin mjög umfangsmikil og svipaðs eðlis og bankanna, taldi ríkisstjórnin rétt að verða við þessum tilmælum. Hafa síðan farið fram viðræður milli forráðamanna sparisjóðsins og viðskiptamálaráðuneytisins um efni frumvarpsins. Hafa forráðamenn sparisjóðsins tjáð sig samþykka frumvarpinu í einstökum atriðum, eins

og það er hér flutt, en ákvæði þess eru að ýmsu leyti hliðstæð þeim, sem gilda um Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þessa að geta:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bankanum sé valið hlutafélagsform, enda hentar það bezt starfsemi slíkrar stofnunar, og er það félagsform einnig tíðkanlegt í nágrannalöndum um verzlunarbanka. Að sjálfsögðu mun núverandi stjórn Verzlunarsparisjóðsins hafa forgöngu um stofnun hlutafélagsins, enda er áskilið samþykki meiri hluta ábyrgðarmanna í 2. og 4. gr. frv.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er boðið, að hlutafé félagsins nemi eigi minna en 10 millj. kr. Um hugsanlega hlutafjáraukningu verða ákvæði í samþykktum félagsins. Í greininni er mælt fyrir um það, hversu haga skuli hlutafjársöfnun og um forgangsrétt ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu. Til skýringar skal þess getið, að ábyrgðarmennirnir tilheyra ýmist Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. stórkaupmanna annars vegar eða Kaupmannasamtökunum hins vegar. Ef einstakir ábyrgðarmenn neyta ekki forgangsréttar síns innan sex mánaða, hafa þau samtök, sem viðkomandi ábyrgðarmaður telst til samkv. skýrslum sparisjóðsins, ráðstöfunarrétt á því hlutafé. Ef félagsmenn samtakanna hafa ekki tök á eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé, skal bjóða út innanlands það, sem á vantar, sbr. lokaákvæði greinarinnar. Í samþykktum félagsins er heimilt að kveða á um forkaupsrétt og ráðstöfunarrétt á einstökum hlutabréfum, er aðiljaskipti kunna að verða að, sbr. 7. gr. frv.

Um 3. gr.

Þar sem talað er um útibú í greininni, er að sjálfsögðu bæði átt við útibú í Reykjavík og utan hennar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er því lýst, að Verzlunarbankinn á að koma að öllu leyti í stað Verzlunarsparisjóðsins, þ. á. m. er honum ætlað að taka við einstökum sjóðum sparisjóðsins, þar með talin inneign í tryggingarsjóði sparisjóða og innstæður í Seðlabankanum. Samkvæmt greininni er nægilegt, að meiri hluti ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki eignayfirfærsluna.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um kosningu stjórnenda og varastjórnarmanna. Skal viðhafa hlutfallskosningu og gæta að öðru leyti ákvæða hlutafélagalaga um kjörið.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ráðningu bankastjóra og ráðningarkjör svo og um erindisbréf honum til handa.

Um 7. gr.

Samþykktir félagsins og reglugerð um bankann eru samkvæmt þessari grein háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra, sem ætlast er til að bankinn heyri yfirleitt undir stjórnarfarslega. Þar sem frv. sjálft er stuttort, verður að skipa ýmsum efnum með samþykktum og í reglugerð með svipuðum hætti og gert hefur verið varðandi Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði, þar sem það eykur nokkuð tryggingu innstæðueigenda.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er bankanum ætlað að annast öll venjuleg bankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kynni að tíðkast.

Um 10. gr.

Ákvæðið er svipað að efni og hliðstæð ákvæði í öðrum bankalögum.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er svipað að efni og 10. gr. laga nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Um 12. gr.

Gildistökuákvæði þetta stendur að sjálfsögðu í tengslum við ákvæði 2. gr., en þar er mælt fyrir um stofnun Verzlunarbanka Íslands h.f.

Rétt þykir að áskilja, að bankinn taki ekki til starfa, fyrr en ráðherra hefur staðfest reglugerð og samþykktir félagsins, og helmingur lofaðs hlutafjár hefur verið greiddur.

Ed. 392. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 3. umr. í neðri deild. Er nefndin sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÓB) hefur þó fyrirvara varðandi 2. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 4. maí 1960.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.

Sigurður Ó. Ólafsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 393. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um orlof húsmæðra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:
   1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
   2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.
   3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
   4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

   Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótframlögum samkvæmt 2., 3., og 4. lið.
2. Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

Ed. 394. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó getur sjóðsstjórnin veitt skipasmíðastöðvum lán til byggingar nýrra fiskiskipa innanlands gegn ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1960 var samþykkt heimild til handa ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

Með þessari samþykkt hefur Alþingi sýnt vilja sinn í að styðja að eðlilegri þróun skipasmíðastöðvanna með það fyrir augum að auka bátasmíðar innanlands. Samþykkt þessi ætti jafnframt að fela í sér þá tryggingu, að atvinna þeirra manna, sem skipasmíðar stunda, verði jafnari og öruggari en nú á sér stað, en á því er hin mesta nauðsyn. Eins og nú er háttað, er það víða svo, að einu verkefni skipasmíðastöðvanna eru hið árlega viðhald bátaflotans, sem verður að framkvæma á sem skemmstum tíma á milli vertíða. Það er því höfuðnauðsyn, að hver skipasmíðastöð hafi jafnan með höndum einhverja nýsmíði og tryggi með þeim hætti eðlilegt viðhald og aukningu skipaflotans í landinu og enn fremur samfellda vinnu þeirra manna, sem þessa atvinnugrein stunda.

Til þess að samþykkt sú, sem að framan getur, megi veita þá fyrirgreiðslu, sem til var ætlazt, er nauðsynlegt, að gerð verði breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið notuð olía til rykbindingar moldarvega í Bandaríkjunum og víðar erlendis. Nýlega er farið að blanda ofaníburð með sementi til þess að fá betra slitlag, vatnsheldara og ryklausara en annað.

Svíar hafa í allmörg ár notað olíu til að bera á moldarvegi til þess að gera þá ryklausa. Þar hefur þetta gefizt svo vel, að slíkir vegir eru nú víða þar. Norðmenn eru einnig byrjaðir á þessu og telja þetta gefa mjög góða raun. Virðist því orðið tímabært að gera tilraun með þetta hér.

Kalksamband það, sem nokkuð hefur verið notað hér, hefur verið til mikilla bóta, en reynzt nokkuð dýrt og stundum enzt illa. Hitt atriðið, að blanda sementi í ofaníburð, er nýrra af nálinni, en hefur þó nokkuð verið gert erlendis og talið gefast vel, þar sem vel hagar til. Þetta væri mjög athyglisvert hér, einkum af því að ofaníburður er hér sums staðar með miklu bindiefnisinnihaldi („pozzolan"), en það gæti sparað sementsnotkun, en blandan þó verið nægilega sterk. Virðist því að óreyndu líklegt, að þetta gæti gefizt vel, þar sem undirstaða er góð undir vegunum. Líklegt er, að alllangur tími líði, þar til hægt verður að steypa eða malbika mikið af þjóðvegum okkar vegna kostnaðar, og er því mikilsvert að fá úr því skorið með tilraunum, hvort unnt er að fara þessa millileið, sem gæti verið til mikilla bóta og brúað bilið, þar til þjóðvegir yfirleitt verða steyptir eða malbikaðir án óbærilegs kostnaðar.

Ed. 396. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 397. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 398. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

10. gr. falli niður.

Nd. **399. Frumvarp til laga** [153. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Innan íslenzkar fiskveiðilandhelgi skulu fiskveiðar með dragnótum óheimilar öðrum en þeim, sem til veiðanna hafa leyfi sjávarútvegsmálaráðherra.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkvæmt lögum þessum.

Áður en gerðar eru tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðherra óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðherra í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk.

2. gr.

Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt 1. gr. má veita íslenzkum fiskiskipum, sem eru 35 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn.

Heimilt skal þó ráðherra að veita veiðileyfi fyrir allt að 45 brúttó-rúmlesta skip. Einnig getur hann, ef þörf þykir, takmarkað veiðileyfin við 25 brúttó-rúmlesta skip.

Veiðileyfi til einstakra skipa skulu afgreidd eigi síðar en 1. maí það ár, sem dragnótaveiði er leyfð.

Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem nauðsynleg teljast, og varða brot gegn þeim sviptingu leyfis.

3. gr.

Dragnótaveiðar skulu með öllu bannaðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða, svo sem þau eru tiltekin í hafnarreglugerðum.

4. gr.

Skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir á vegum fiskideildar atvinnudeildar háskólans, skal heimilt að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar, hvenær ársins sem er og án sérstaks leyfis. Ráðherra getur veitt erlendum skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir, leyfi til að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar um takmarkaðan tíma í einu.

5. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef deildin telur hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða.

Að fengnum samhljóða tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu skylt að takmarka veiðiskipafjölda á ákveðnum tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytið samkv. tillögum sömu aðila banna drag-

nótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofnar séu í hættu fyrir ofveiði.

6. gr.

Ráðherra getur sett fyrirmæli um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, þ. á m. um möskvastærð dragnóta, lengd dragstrengja, lágmarksstærð þess fisks, sem fluttur er í land eða haldið um borð í skipi, um meðferð aflans um borð í veiðiskipi, veiðiskýrslur og bann við að hnýta eða selja net með minni möskvastærð en ákveðin hefur verið.

7. gr.

Utan þess tímabils, sem dragnótaveiðar eru leyfðar samkvæmt 1. gr. laga þessara, er íslenzkum skipum óheimilt að hafa dragnætur og dragstrengi um borð.

8. gr.

Skipstjóri, sem uppvís verður að ólöglegum dragnótaveiðum eða tilraun til þeirra samkvæmt lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs upptæk.

Hlutdeild í broti skipstjóra, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, varðar sömu refsingu.

Lögskráðir skipverjar skulu ekki teljast hlutdeildarmenn í broti skipstjóra síns.

Sé um ítrekað brot að ræða eða þegar miklar sakir eru, skal heimilt að dæma sökunaut samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar í varðhald allt að 3 mánuði auk sekta, varði brot ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru lagðar refsingar við í 8. gr. laganna, varða sektum, 1000—25000 krónum.

10. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra renn-ur í Fiskveiðasjóð Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lögum nr. 26 12. febr. 1940, nr. 65 7. maí 1940, nr. 83 22. okt. 1945, nr. 2 24. jan. 1951 og nr. 31 7. marz 1951.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1960 kemur ekki til framkvæmda ákvæði 3. málsgr. 2. gr. laga þessara, heldur skal ráðuneytið afgreiða veiðileyfi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd Nd., en hún hefur haft til athugunar frv. á þskj. 5 um sama efni, flutt af Karli Guðjónssyni o. fl.

Þegar það frv. var til 1. umræðu í Nd. í nóvembermánuði upplýsti hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra, að von væri á álitsgerð og frv. frá nefnd, er hann hefði skipað s. l. ár til þess að gera tillögur um dragnótaveiðar, og þótti eftir atvikum rétt að bíða með afgreiðslu málsins í nefnd, þar til fyrir lægi álit hinnar stjórnskipuðu nefndar.

Uppkast hennar að frv. til l. um dragnótaveiðar hefur nú einnig verið til athugunar, og er frumvarpið hér að framan samið með hliðsjón af því uppkasti og frv. Karls Guðjónssonar o. fl. á þskj. 5. Varð um það samkomulag milli flm. þess frv. og nefndarinnar, að hún semdi nýtt frv., og tók Karl Guðjónsson sæti í nefndinni í fjarveru Lúðvíks Jósefssonar, meðan á afgreiðslu málsins stóð. Alls hafa verið haldnir 7 fundir um þetta mál.

Nefndin óskaði eftir umsögnum ýmissa aðila um málið. Eru þeir taldir hér á eftir og stuttlega getið um svör þeirra.

Fiskifélag Íslands: Mælir með takmörkuðu leyfi undir vísindalegu eftirliti.

Samband fiskideilda á Snæfellsnesi: Mælir með takmörkuðu leyfi.

Samband fiskideilda Sunnlendingafjórðungs: Óskar ýtarlegri rannsóknar, áður en ákvörðun er tekin um takmörkuð leyfi.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna: Óskar, að rannsakað sé, hvort tímabært sé að veita takmörkuð leyfi undir eftirliti.

Fiskideildir Austfirðingafjórðungs: Mæla með takmörkuðum leyfum.

Fiskideild Vestmannaeyja: Mælir með leyfum samkvæmt frv. á þskj. 5. Vill leyfa stærri bátum en 35 rúml. dragnótaveiðar.

Fiskideildir Vestfjarða: Mæla með takmörkuðum leyfum undir vísindalegu eftirliti.

Samband fiskideilda á Norðurlandi: Hefur ekki svarað sérstaklega, en vísar til meðferðar fiskiþings á málinu.

Alþýðusamband Íslands: Hefur ekki svarað vegna ólíkra skoðana innbyrðis.

Sumir framangreindir aðilar, t. d. L. Í. Ú., svöruðu með því að vísa til svara sinna frá s. l. ári um sama mál.

Nefndinni er ljóst, að enn þá eru skoðanir manna skiptar um það, hvort leyfa beri dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni eða ekki. Þó er auðsætt, að þeirri skoðun hefur aukizt fylgi, að tímabært sé að leyfa þessar veiðar á ný með takmörkunum á skipafjölda og veiðisvæðum og undir ströngu vísindalegu eftirliti. Þetta má m. a. marka af ályktunum síðasta fiskiþings. Skoðun fiskifræðinganna fellur í sama farveg, sbr. fskj. I og II með frv. á þskj. 5.

Jafnframt virðist koma í ljós, að áhugi manna á málinu fari nokkuð eftir því, hvar á landinu þeir búa. Raddir þær, sem vilja framgang málsins og borizt hafa frá Vestmannaeyjum, Breiðafirði, Vestfjörðum og Austfjörðum, virðast sterkari en hinar, sem eru á móti því. Við Faxaflóa og á Norðurlandi ber meira á andstæðingum dragnótaveiða.

Þessi skipting virðist vera það greinileg, að með ýtarlegri skoðanakönnun en þeirri, sem nefndinni hefur unnizt tími til að framkvæma, geti hún komið enn þá betur í ljós, þannig að unnt sé að taka tillit til hennar við ákvörðun veiðisvæðanna.

Þess vegna er lagt til í frv., að áður en gerðar séu tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skuli Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, sbr. 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að byrjað verði á að heimila dragnótaveiði á þeim svæðum, þar sem sízt er talin hætta á, að hún gangi of nærri stofni nytjafiska, dragi úr veiðimöguleikum báta, sem nota önnur veiðarfæri, eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða á grunnmiðum.

Sú mótbára hefur oft komið fram gegn því, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar, að það kynni að spilla málstað okkar í landhelgismálinu.

Nefndin kynnti sér álit Hans G. Andersens sendiherra og Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á þessu atriði. Mættu þeir á fundi nefndarinnar 2. marz s. l., og

lýstu þar báðir þeirri skoðun sinni, að það mundi á engan hátt skaða málstað okkar í landhelgisdeilunni, þótt dragnótaveiðar yrðu upp teknar á ný. Sú skoðun kom fram hjá þeim, að Íslendingar yrðu að sýna fram á það, um leið og þeir krefðust aukinnar landhelgi, að þeir væru færir um að nytja þá fiskistofna, sem þar vaxa upp.

Þess skal að lokum getið, að frv. það, sem nefndin flytur, er byggt á samkomulagi og er tilraun til lausnar á vandasömu deilumáli.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar og fskj. I og II með frv. á þskj. 5. Enn fremur vísast til athugasemda stjórnskipuðu nefndarinnar við uppkast það, er hún samdi, en þær eru prentaðar með þessu frv. sem fskj.

Fylgiskjal.

Á árinu 1959 skipaði sjávarútvegsmálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til þess að gera tillögur um dragnótamálið:

Davíð Ólafsson fiskimálastjóra,
Sverri Júlíusson formann L. Í. Ú.,
Elías Þorsteinsson, formann S. H.,
Ólaf Björnsson sjómann, Keflavík,
Jón Jónsson fiskifræðing.

Nefndin lagði til, að leyfðar yrðu takmarkaðar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni, og samdi uppkast að frv. um það efni. Því uppkasti fylgdu m. a. þessar

athugasemdir:

Upp úr árinu 1930 hófust hér við land dragnótaveiðar íslenzkra skipa í allstórum stíl, miðað við þann skipakost, sem þá var fyrir hendi. Þessar veiðar fóru vaxandi, eftir því sem tímar liðu og möguleikar til vinnslu aflans í landi urðu meiri með vaxandi frystihúsakosti. Einkum miðuðust þessar veiðar við það að ná til flatfisksins, en einnig voru það aðrar fisktegundir, svo sem ýsa, sem menn sóttust eftir. Höfðu þessar veiðar verulega þýðingu fyrir hraðfrystihúsin víða um land, sem í fyrstu byggðu afkomu sína að verulegu leyti á flatfiskveiðinni. Hlutur Íslendinga í veiði flatfisksins var þó ávallt mun minni en erlendra veiðiskipa, sem sóttu mikið á Íslandsmið, m. a. einmitt til að veiða flatfiskinn.

Hóflaus veiði leiddi, svo sem alkunnugt er, til þess, að stofnarnir þoldu ekki álagið. Með lögum frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, var svo hafinn undirbúningur að friðunaraðgerðum þeim, sem síðar hafa verið framkvæmdar, fyrst með reglugerð um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, 22. apríl 1950, síðan með reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, frá 19. marz 1952, og loks með reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, frá 30. júní 1958. Með reglugerðum þessum voru m. a. bannaðar allar dragnótaveiðar innan friðunarlínunnar, eins og hún var á hverjum tíma. Þó voru veittar vissar undanþágur, að því er tók til tiltekinna svæða og tímabila, með reglugerð frá 29. ágúst 1958.

Þegar reglugerðin frá 1952 kom til framkvæmda, mátti heita, að allar dragnótaveiðar legðust niður.

Árangur friðunaraðgerðanna hefur ótvírætt orðið sá, sem m. a. var til ætlazt, að flatfiskstofnarnir hafa stóraukizt. Það var augljóst, að ef svo færi sem nú hefur raun á orðið, að þessir fiskistofnar næðu sér aftur. Þá kom að því, að leyfa skyldi á nýjan leik veiðar með því veiðarfæri, sem bezt hefur reynzt við veiðar flatfisks, en það er einmitt dragnótin. Verður því eftir öllum aðstæðum að teljast eðlilegt, að þær veiðar verði nú leyfðar á nýjan leik. Aðstæður hafa nú gerbreytzt frá því, sem áður var, að því er snertir sókn á flatfiskmiðin. Erlend veiðiskip eru nú að mestu útilokuð frá að sækja á þessi mið, en Íslendingar einir geta hagnýtt sér þau, þar sem þau liggja að langmestu leyti innan fiskveiðilandhelginnar.

Hvílir þá einnig nokkur skylda á Íslendingum að hagnýta á skynsamlegan hátt þá fiskistofna, sem einkum veiðast á þessu svæði. Með þeim möguleikum til rannsókna og þeirri þekkingu á flatfiskstofnunum, sem vísindamenn okkar hafa, á að vera unnt að haga aðgerðum svo við dragnótaveiðarnar, að ekki komi til þess, að þær leiði aftur til ofveiði á þessum fiskistofnum. Er því nauðsynlegt, að fyrst í stað a. m. k. sé farið hægt í sakirnar, og óhjákvæmilegt er, að haft sé opinbert og vísindalegt eftirlit með framkvæmd veiðanna, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Um þróun flatfiskveiðanna hér við land og álit vísindamanna okkar á þeim málum vísast að öðru leyti til umsagnar þeirra dr. Árna Friðrikssonar, dags. 22. okt. 1958, og Jóns Jónssonar, dags. 5. nóv. 1958, til sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Að lokum verður að líta á þá hlið þessa máls, sem snýr að vinnslustöðvunum. Þegar dragnótaveiðarnar hættu, varð það verulegt áfall fyrir hraðfrystihúsin víða um land, sem höfðu byggt starfsemi sína að verulegu leyti á vinnslu dragnótaaflans, aðallega flatfisksins. Vaxandi afli af öðrum fisktegundum á smábáta á undanförnum árum hefur að vísu bætt þetta upp að nokkru, en verulega þýðingu mundi það víða hafa, ef hægt væri að auka til muna hráefnismagn til vinnslu í frystihúsunum, sem víða eru þýðingarmestu vinnuveitendur í veiðistöðvunum. Standa vonir til þess, að dragnótaveiðarnar geti hér haft drjúga þýðingu.

Ed. 400. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 5. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson.

Nd. 401. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til. l. um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1960.

Einar Ingimundarson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 402. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Mál þetta hefur nefndin rætt á nokkrum fundum, en ekki orðið á einu máli um afgreiðslu þess. Telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt, eins og nú stendur, að rannsaka betur, hve mikil þörf er á nýjum stórvirkum ræktunarvélum og að hve miklu leyti þær vélar, sem þegar eru til, geta fullnægt þörfinni. Einnig vantar upplýsingar um, hve mikinn kostnað samþykkt þessa frumvarps mundi hafa í för með sér. Er þess vegna augljóst, að það getur ekki skipt miklu máli, þó að afgreiðslu málsins sé frestað til næsta Alþingis.

Nefndin hefur líka fengið að vita, að landbúnaðarráðherra hefur þann 31. marz s. l. skipað milliþinganefnd til þess að framkvæma þá athugun, sem hér að framan er nefnd, og undirbúa málið til afgreiðslu á næsta Alþingi.

Með tilliti til þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Afrit af bréfi ráðherra fylgir hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 6. maí 1960.

Jón Pálmason, form., frsm.	Einar Sigurðsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal.

Fylgiskjal.

ATVINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 31. marz 1960.

Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd þriggja manna til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sbr. lög nr. 29/1948, og rannsaka fjárþörf ræktunarsambandanna og vélakost þeirra og annað í því sambandi og gera tillögur um, á hvern hátt ræktunarsamböndin geti með sem beztu móti haldið áfram starfsemi sinni og framkvæmdum.

Eruð þér, herra alþingismaður, hér með skipaður í nefnd þessa og jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Með yður eiga sæti í nefndinni Pétur Pétursson framkvæmdastjóri og Haraldur Árnason verkfæraráðunautur.

Nefndin skal hafa skilað tillögum sínum til ráðuneytisins fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ingólfur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

Til hr. alþingismanns Jónasar Péturssonar.

Nd. 403. Frumvarp til laga [154. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 6. marz 1948, um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis.

Samtímis sé því lýst yfir, að af Íslands hálfu sé áherzla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

Samþykkt þessi er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I

SAMÞYKKT UM ALÞJÓÐA SIGLINGAMÁLASTOFNUNINA IMCO.

Aðildarríki samþykktar þessarar stofna hér með alþjóða siglingamálastofnunina (sem í samþykkt þessari nefnist stofnunin).

I. KAFLI

Tilgangur stofnunarinnar.

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er:

a. Að sjá um samvinnu ríkisstjórna í milli varðandi stjórnarfyrirmæli og aðgerðir viðvíkjandi alls kyns tæknimálefnum, er snerta alþjóðasiglingar, og að hvetja til almennra samþykkta fullkomnustu ákvæða í sambandi við mál er varða öryggi á hafinu og afköst á sviði siglinga.

CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION.

The States parties to the present Convention hereby establish the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization (hereinafter referred to as „the Organization").

PART I

Purposes of the Organization.

Article 1

The purposes of the Organization are

a. To provide machinery for co-operation among Governments in the field of governmental regulation and practices relating to technical matters of all kinds affecting shipping engaged in international trade, and to encourage the general adoption of the highest practicable standards in matters concerning maritime safety and efficiency of navigation.

b. Að hvetja ríkisstjórnir til að mismuna ekki þjóðum en afnema ónauðsynleg höft varðandi alþjóðasiglingar og stuðla þannig að því að heimsverzluninni veitist siglingaþjónusta án þess aðilum sé mismunað; en aðstoð eða hvatning ríkisstjórnar til að þróa siglingar landsmanna svo og vegna öryggisástæðna telst ekki mismunun, enda byggist hún eigi á aðgerðum er miði að því að hefta frjálsar siglingar allra þjóða til að taka þátt í alþjóðaviðskiptum.

c. Að sjá um að stofnunin taki til athugunar málefni er varða beitingu órétt-mætra hafta skipafélaga skv. II. kafla.

d. Að sjá um að stofnunin taki til athugunar öll málefni er varða siglingar og vísað kann að vera til hennar af hálfu einhverrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna.

e. Að sjá um að ríkisstjórnir skiptist á upplýsingum um málefni, sem stofnunin hefur í athugun.

b. To encourage the removal of discriminatory action and unnecessary restrictions by Governments affecting shipping engaged in international trade so as to promote the availability of shipping services to the commerce of the world without discrimination, assistance and encouragement given by a Government for the development of its national shipping and for purposes of security does not in itself constitute discrimination, provided that such assistance and encouragement is not based on measures designed to restrict the freedom of shipping of all flags to take part in international trade.

c. To provide for the consideration by the Organization of matters concerning unfair restrictive practices by shipping concerns in accordance with Part II.

d. To provide for the consideration by the Organization of any matters concerning shipping that may be referred to it by any organ or specialized agency of the United Nations.

e. To provide for the exchange of information among Governments on matters under consideration by the Organization.

II. KAFLI
Starfsemi.

2. gr.

Starfsemi stofnunarinnar miðist við að hún sé ráðgefandi.

3. gr.

Til að náð verði tilgangi þeim, sem greinir í I. kafla, beinist starfsemi stofnunarinnar að því

a. Að athuga og gera tillögur í sambandi við mál, er rísa kunna skv. 1. gr. a., b. og c. og sem aðildarríki, stofnanir Sameinuðu þjóðanna eða aðrar milliríkjastofnanir kunna að leggja fyrir hana eða sem vísað er til stofnunarinnar skv. 1. gr. d., enda sé gætt ákvæða 4. gr.

PART II
Functions.

Article 2

The functions of the Organization shall be consultative and advisory.

Article 3

In order to achieve the purposes set out in Part I, the functions of the Organization shall be:

a. Subject to the provisions of article 4, to consider and make recommendations upon matters arising under article 1 a., b. and c that may be remitted to it by members, by any organ or specialized agency of the United Nations or by any other intergovernmental organization or upon matters referred to it under article 1 d.

b. Að sjá um samningu samþykkta, samninga og annarra viðeigandi skjala og leggja fyrir ríkisstjórnir og milliríkjastofnanir, svo og að kalla saman ráðstefnur, eftir því sem þörf krefur.

c. Að sjá um viðræður milli aðildarríkja og skipti á upplýsingum milli ríkisstjórna.

b. To provide for the drafting of conventions, agreements, or other suitable instruments, and to recommend these to Governments and to inter-governmental organizations, and to convene such conferences as may be necessary.

c. To provide machinery for consultation among members and the exchange of information among Governments.

4. gr.

Þegar um er að ræða mál, sem stofnuninni virðist að jafna megi á venjulegan hátt á sviði alþjóðasiglinga, ber henni að leggja til að það verði gert. Þegar eitthvert mál er varðar óréttmætar hömlur skipafélaga er þannig vaxið að dómi stofnunarinnar, að ekki sé hægt að jafna það á venjulegan hátt á sviði alþjóðasiglinga, eða það hefur sannað sig og svo fremi að viðkomandi aðildarríki hafi þegar reynt að semja beint um það sín á milli, ber stofnuninni að taka það til athugunar að beiðni einhvers aðilanna.

Article 4

In those matters which appear to the Organization capable of settlement through the normal processes of international shipping business the Organization shall so recommend. When, in the opinion of the Organization, any matter concerning unfair restrictive practices by shipping concerns is incapable of settlement through the normal processes of international shipping business, or has in fact so proved, and provided it shall first have been the subject of direct negotations between the Members concerned, the Organization shall, at the request of one of those Members, consider the matter.

III. KAFLI

Aðild.

5. gr.

Öllum ríkjum heimilast aðild að stofnuninni, enda sé gætt ákvæða III. kafla.

PART III

Membership.

Article 5

Membership in the Organization shall be open to all States, subject to the provisions of Part III.

6. gr.

Meðlimir Sameinuðu þjóðanna geta orðið aðilar að stofnuninni, með því að gerast aðilar skv. ákvæðum 57. gr.

Article 6

Members of the United Nations may become members of the Organization by becoming parties to the Convention in accordance with the provisions of article 57.

7. gr.

Ríki, sem eigi eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna og sem boðið var að senda fulltrúa á siglingaráðstefnu S. Þ. í Genf 19. febrúar 1948, geta orðið aðilar, með því að gerast aðilar skv. ákvæðum 57. gr.

Article 7

States not members of the United Nations which have been invited to send representatives to the United Nations Maritime Conference convened in Geneva on 19 February 1948, may become members by becoming parties to the Convention in accordance with the provisions of article 57.

8. gr.

Sérhvert ríki, sem eigi heimilast aðild skv. 6. og 7. gr., getur sótt um aðild til framkvæmdastjóra stofnunarinnar og ber að veita því inngöngu um leið og það verður aðili skv. ákvæðum 57. gr., enda hafi tveir þriðju hlutar aðila (annarra en aukafélaga), samþykkt umsóknina að tillögu ráðsins.

Article 8

Any State not entitled to become a member under article 6 or 7 may apply through the Secretary-General of the Organization to become a member and shall be admitted as a member upon its becoming a party to the Convention in accordance with the provisions of article 57 provided that, upon the recommendation of the Council, its application has been approved by two-thirds of the members other than associate members.

9. gr.

Sérhvert landssvæði eða landssvæðasamsteypa, sem samþykktin nær til skv. 58. gr., með því aðilar eða S. Þ. bera ábyrgð á alþjóðasamskiptum þeirra, getur orðið aukafélagi stofnunarinnar með því að viðkomandi aðili eða eftir atvikum S. Þ. tilkynni framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna það skriflega.

Article 9

Any Territory or group of Territories to which the Convention has been made applicable under article 58, by the member having responsibility for its international relations or by the United Nations, may become an associate member of the Organization by notification in writing given by such member or by the United Nations, as the case may be, to the Secretary-General of the United Nations.

10. gr.

Aukafélagi nýtur réttinda og undirgengst skyldur aðila skv. samþykktinni, utan atkvæðisréttar á þinginu og kjörgengis til ráðsins eða öryggismálanefndar en telst að öðru leyti „aðili“, nema annað leiði af orðalagi samþykktar þessarar.

Article 10

An associate member shall have the rights and obligations of a member under the Convention except that it shall not have the right to vote in the Assembly or be eligible for membership on the Council or on the Maritime Safety Committee and subject to this the word „member“ unless the context otherwise requires.

11. gr.

Ekkert ríki eða landssvæði getur orðið aðili eða haldið áfram aðild að stofnuninni gegn ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Article 11

No State or Territory may become or remain a member of the Organization contrary to a resolution of the General Assembly of the United Nations.

IV. KAFLI

Deildir.

PART IV

Organs.

12 gr.

Stofnunin skiptist í þing, ráð, öryggismálanefnd og þær undirdeildir aðrar, sem hún kann að telja nauðsynlegar á hverjum tíma, auk framkvæmdastjórnar.

Article 12

The Organization shall consist of an Assembly, a Council, a Maritime Safety Committee, and such subsidiary organs as the Organization may at any time consider necessary; and a Secretariat.

V. KAFLI
Þingið.

13. gr.
Allir aðilarnir eigi sæti á þinginu.

14. gr.
Reglulegt þing skal halda annað hvort ár. Aukaþing skal boða með sextíu daga fyrirvara, hvenær sem þriðjungur aðila tilkynnir framkvæmdastjóranum, að þeir óski eftir að þing sé haldið eða hvenær sem ráðið telur það nauðsynlegt, en með sextíu daga fyrirvara.

15. gr.
Þing er lögmætt ef meirihluti aðila, að undanskildum aukafélögum sækir það.

16. gr.
Starfsemi þingsins sé
a. Af kjósa úr hópi aðila, að undanskildum aukafélögum, og við sérhvert reglulegt þinghald þingforseta og tvo varaforseta, sem haldi embætti til næsta reglulegs þings;
b. Að setja sér þingsköp, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni;
c. Að stofnsetja bráðabirgðanefndir, sem það telur nauðsynlegar og fastanefndir, skv. tillögum ráðsins;
d. Að kjósa fulltrúa í ráðið, skv. ákvæðum 17. gr., og í öryggismálanefnd, skv. ákvæðum 28. gr.;
e. Að taka við og rannsaka skýrslur ráðsins og ákvarða um mál, er ráðið vísar til þess;
f. Að greiða atkvæði um fjárhagsáætlun og ákvarða um fjármál stofnunarinnar skv. IX. kafla.
g. Að athuga útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar;
h. Að hafa á hendi framkvæmdir stofnunarinnar, enda vísi þingið málum varðandi 3. gr. a. og b. til ráðsins svo orða megi þar sérhverjar tillögur eða skjöl er þau varða, en tillögur eða atriði, sem ráðið leggur fyrir þingið og

PART V
The Assembly.

Article 13
The Assembly shall consist of all the members.

Article 14
Regular sessions of the Assembly shall take place once every two years. Extraordinary sessions shall be convened after a notice of sixty days whenever one-third of the members give notice to the Secretary-General that they desire a session to be arranged, or at any time if deemed necessary by the Council, after a notice of sixty days.

Article 15
A majority of the members other than associate members shall constitute a quorum for the meetings of the Assembly.

Article 16
The functions of the Assembly shall be
a. To elect at each regular session from among its members, other than associate members, its President and two Vice-Presidents who shall hold office until the next regular session.
b. To determine its own rules of procedure except as otherwise provided in the Convention.
c. To establish any temporary or, upon recommendation of the Council, permanent subsidiary bodies it may consider to be necessary.
d. To elect the members to be represented on the Council, as provided in article 17, and on the Maritime Safety Committee as provided in article 28.
e. To receive and consider the reports of the Council, and to decide upon any question referred to it by the Council.
f. To vote the budget and determine the financial arrangements of the Organization, in accordance with Part IX.
g. To review the expenditures and approve the accounts of the Organization.
h. To perform the functions of the Organization, provided that in matters relating to article 3 a. and b., the Assembly shall refer such matters to the Council for formulation by it of any recommendations or instruments

það samþykkir ekki, ber að endursenda ráðinu til nánari athugunar með athugasemdum þingsins;

i. Að mæla með því við aðila, að þeir samþykki reglugerðir varðandi öryggi skipa eða breytingar á þeim, sem öryggismálanefndin vísar til þingsins fyrir milligöngu ráðsins;

j. Að vísa til ráðsins til athugunar eða afgreiðslu hvers kyns málefnum innan verkahrings stofnunarinnar, en þó ber að undanskilja tillögur skv. staflið i. í þessari grein.

thereon, provided further that any recommendations or instruments submitted to the Assembly by the Council and not accepted by the Assembly shall be referred back to the Council for further consideration with such observations as the Assembly may make.

.i To recommend to members for adoption regulations concerning maritime safety, or amendments to such regulations, which have been referred to it by the Maritime Safety Committee through the Concil.

j. To refer to the Council for consideration or decision any matters within the scope of the Organization, exept that the function of making recommendations under parapraph i. of this article shall not be delegated.

VI. KAFLI
Ráðið.

17. gr.

Í ráðinu eigi sæti sextán aðilar, eins og hér segir:

a. Sex þeirra séu ríkisstjórnir þeirra þjóða, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við alþjóða þjónustu á sviði siglinga;
b. Sex séu ríkisstjórnir annarra þjóða, sem mestra hagsmuna hafa að gæta vegna alþjóðlegra flutninga á sjó í viðskiptaskyni;
c. Tveir séu kjörnir af þinginu úr hópi ríkisstjórna þeirra þjóða, sem hafa verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við alþjóða þjónustu á sviði siglinga, og
d. Tveir séu kjörnir af þinginu úr hópi ríkisstjórna þeirra þjóða, sem hafa verulegra hagsmuna að gæta vegna alþjóðlegra flutninga á sjó í viðskiptaskyni.

Samkvæmt megin reglum þessarar greinar ber að skipa fyrsta ráðið eins og segir í fylgiskjali I með samningi þessum.

18. gr.

Að öðru leyti en um getur í ákvæðum fylgiskjals I með samningi þessum skal

PART VI
The Council.

Article 17

The Council shall consist of sixteen members and shall be composed as follows:

a. Six shall be Governments of the nations with the largest interest in providing international shipping services.
b. Six shall be Governments of other nations with the largest interest in international seaborne trade.
c. Two shall be elected by the Assembly from among the Governments of nations having a substantial interest in providing international shipping services, and
d. Two shall be elected by the Assembly from among the Governments of nations having a substantial interest in international seaborne trade.

In accordance with the principles set forth in this article the first Council shall be constituted as provided in Appendix I to the present Convention.

Article 18

Except as provided in Appendix I to the present Convention, the Council shall

ráðið ákvarða samkvæmt ákvæðum 17. gr., stafliðs a., hverjir aðilar hafi mestra hagsmuna að gæta í sambandi við alþjóða þjónustu á sviði siglinga og einnig samkvæmt ákvæðum 17. gr. stafliðs c., hverjir aðilar hafi verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við þá þjónustu. Ræður meirihluti atkvæða innan ráðsins um ákvarðanir þessar og þ. á m. þarf meiri hluti aðila í ráðinu skv. 17. gr. stafl. a. og c. að vera samþykkur. Auk þess ákvarðar ráðið, skv. ákvæðum 17. gr. stafliðs b., hverjir aðilar hafi mestra hagsmuna að gæta vegna alþjóðlegra flutninga á sjó í viðskiptaskyni. Sérhvert ráð geri ákvarðanir þessar, rýmilegum tíma áður en sérhvert reglulegt þing er haldið.

19. gr.

Meðlimir ráðsins skv. 17. gr. halda embætti til loka næsta reglulegs þings. Meðlimirnir eru kjörgengir til endurkjörs.

20. gr.

a. Ráðið kýs sér formann og setur sjálfu sér fundarsköp nema öðruvísi sé áveðið á um í samþykktinni.

b. Fundir ráðsins eru lögmætir þá tólf meðlimir eru mættir.

c. Ráðið heldur fundi með eins mánaðar fyrirvara, eins oft og þörf krefur til að það anni skyldustörfum sínum, eftir fundarboði formanns eða ef a. m. k. fjórir meðlimir þess óska þess. Fundir séu haldnir þar sem henta má.

21. gr.

Ráðið skal bjóða aðila að taka þátt í umræðum, án atkvæðisréttar, þegar rædd eru mál, sem sérstaklega varða aðilann.

22. gr.

a. Ráðið tekur við tillögum og skýrslum öryggismálanefndar og sendir þær þinginu, en aðilunum þeim til upplýs-

determine for the purpose of article 17 a., the members, Governments of nations with the largest interest in providing international shipping services, and shall also determine, for the purpose of article 17 c., the members, Governments of nations having a substantial interest in providing such services. Such determinations shall be made by a majority vote of the Council including the concurring votes of a majority of the members represented on the Council under article 17 a. and c. The Council shall further determine for the purpose of article 17 b., the members, Governments of nations with the largest interest in international seaborne trade. Each Council shall make these determinations at a reasonable time before each regular session of the Assembly.

Article 19

Members represented on the Council in accordance with article 17 shall hold office until the end of the next regular session of the Assembly. Members shall be eligible for re-election.

Article 20

a. The Council shall elect its Chairman and adopt its own rules of procedure except as otherwise provided in the Convention.

b. Twelve members of the Council shall constitute a quorum.

c. The Council shall meet upon one month's notice as often as may be necessary for the efficient discharge of its duties upon the summons of its Chairman or upon request by not less than four of its members. It shall meet at such places as may be convenient.

Article 21

The Council shall invite any member to participate, without vote, in its deliberations on any matter of particular concern to that member.

Article 22

a. The Council shall receive the recommendations and reports of the Maritime Safety Committee and shall trans-

inga, þegar þing situr ekki, ásamt athugasemdum og tillögum ráðsins.

b. Mál sem um ræðir í 29. gr., athugar ráðið aðeins að fenginni álitsgerð öryggismálanefndar.

23. gr.

Ráðið skipar framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki þingsins. Ráðið gerir einnig ráðstafanir til að skipa aðra starfsmenn eins og nauðsyn kann að bera til og ákvarðar kjör og starfsskilyrði framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna, en þau skulu vera í sem fyllstu samræmi við kjör og starfsskilyrði hjá Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra.

24. gr.

Ráðið skal gefa þinginu skýrslu, í hvert sinn er það kemur saman reglulega, og skal hún fjalla um starfsemi stofnunarinnar síðan síðasta þinghald var.

25. gr.

Ráðið skal leggja fjárhagsáætlun og reikninga stofnunarinnar, ásamt athugasemdum og tillögum, fyrir þingið.

26. gr.

Ráðið getur gert samninga eða samkomulag um samband stofnunarinnar við aðrar stofnanir eins og ráð er fyrir gert í XII. kafla. Þingið þarf að samþykkja slíka samninga eða samkomulag.

27. gr.

Milli þinga fer ráðið með öll mál stofnunarinnar að undanskyldum tillögurétti num skv. 16. gr. staflið i.

VII. KAFLI
Öryggismálanefndin.

28. gr.

a. Öryggismálanefndina skipa fjórtán aðilar, sem þingið kýs úr hópi ríkis-

mit them to the Assembly and, when the Assembly is not in session, to the members for information, together with the comments and recommendations of the Council.

b. Matters within the scope of article 29 shall be considered by the Council only after obtaining the views of the Maritime Safety Committee thereon.

Article 23

The Council, with the approval of the Assembly, shall appoint the Secretary-General. The Council shall also make provision for the appointment of such other personnel as may be necessary, and determine the terms and conditions of service of the Secretary-General and other personnel, which terms and conditions shall conform as far as possible with those of the United Nations and its specialized agencies.

Article 24

The Council shall make a report to the Assembly at each regular session on the work of the Organization since the previous regular session of the Assembly.

Article 25

The Council shall submit to the Assembly the budget estimates and the financial statements of the Organization, together with its comments and recommendations.

Article 26

The Council may enter into agreements or arrangements covering the relationship of the Organization with other organizations, as provided for in Part XII. Such agreements or arrangements shall be subject to approval by the Assembly.

Article 27

Between sessions of the Assembly, the Council shall perform all the functions of the Organization, except the function of making recommendations under article 16 i.

PART VII
Maritime Safety Committee.

Article 28

a. The Maritime Safety Committee shall consist of fourteen members elected

stjórna þeirra þjóða, sem hafa mikilsverðra hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi á hafinu og séu eigi færri en átta þeirra eigendur stærstu skipaflotanna, en aðrir séu kjörnir með það fyrir augum, að tryggja fulltrúa ríkisstjórnum annarra þjóða sem mikilsverðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við öryggi á hafinu, en til þeirra teljast þjóðir, sem leggja til mikinn fjölda skipverja eða hafa hagsmuna að gæta í sambandi við flutning farþega í hvílum eða án hvíla, svo og meiriháttar landssvæði.

b. Nefndarmenn skulu kosnir til 4 ára og eru kjörgengir til endurkjörs.

29. gr.

a. Öryggismálanefnd gegnir þeim skyldum að hafa á hendi athugun sérhvers máls innan verksviðs stofnunarinnar er varðar siglingatæki, byggingu og útbúnað skipa, lágmarkstölu áhafna með tilliti til öryggis, reglur til að koma í veg fyrir árekstra, meðferð hættulegra farma, öryggiskröfur og öryggisráðstafanir á sjó, upplýsingar um haffræði, dagbækur og siglingaskjöl, sjóslysarannsóknir, björgun og sérhver önnur málefni er beinlínis varða öryggi á hafinu.

b. Öryggismálanefnd skal undirbúa framkvæmd skyldustarfa, sem samþykktin eða þingið leggja henni á herðar eða sérhvers þess starfs innan ramma þessarar greinar, sem einhver önnur milliríkjastofnun felur henni.

c. Með tilliti til ákvæða XII. kafla er öryggismálanefnd skylt að halda nánu sambandi við aðrar milliríkjastofnanir, sem starfa að flutninga- og samgöngumálum, svo ná megi þeim tilgangi stofnunarinnar, að auka öryggi á hafinu og samræma starfsemi á sviði siglinga, flugsamgangna, fjarskipta og veðurfræði, að því er að öryggi og björgun lýtur.

by the Assembly from the members, Governments of those nations having an important interest in maritime safety, of which not less than eight shall be the largest ship-owning nations, and the remainder shall be elected so as to ensure adequate representation of members, Governments of other nations with an important interest in maritime safety, such as nations interested in the supply of large number of crews or in the carriage of large numbers of berthed and unberthed passengers, and of major geographical areas.

b. Members shall be elected for a term of four years and shall be eligible for re-election.

Article 29

a. The Maritime Safety Committee shall have the duty of considering any matter within the scope of the Organization and concerned with aids to navigation, construction and equipment of vessels, manning from a safety standpoint, rules for the prevention of collisions, handling of dangerous cargoes, maritime safety procedures and requirements, hydrographic information, log-books and navigational records, marine casualty investigation, salvage and rescue, and any other matters directly affecting maritime safety.

b. The Maritime Safety Committee shall provide machinery for performing any duties assigned to it by the Convention, or by the Assembly, or any duty within the scope of this article which may be assigned to it by any other intergovernmental instrument.

c. Having regard to the provisions of Part XII, the Maritime Safety Committee shall have the duty of maintaining such close relationship with other inter-governmental bodies concerned with transport and communications as may further the object of the Organization in promoting maritime safety and facilitate the coordination of activities in the fields of shipping, aviation, telecommunications and meteorology with respect to safety and rescue.

30. gr.

Fyrir milligöngu ráðsins ber öryggismálanefnd að: —

a. Leggja fyrir reglulegt þing tillögur aðila um öryggisreglur eða breytingar á gildandi öryggisreglum, ásamt eigin athugasemdum og ráðleggingum;

b. Gefa þinginu skýrslu um störf öryggismálanefndar síðan síðasta reglulegt þing kom saman.

Article 30

The Maritime Safety Committee, through the Council, shall:

a. Submit to the Assembly at its regular sessions proposals made by members for safety regulations or for amendments to existing safety regulations, together with its comments or recommendations thereon.

b. Report to the Assembly on the work of the Maritime Safety Committee since the previous regular session of the Assembly.

31. gr.

Öryggismálanefnd skal halda fundi einu sinni á ári og ella ef fimm meðlimir hennar óska þess. Nefndin kýs sér embættismenn einu sinni á ári og setur sér eigin starfsreglur. Nefndarfundir eru lögmætir ef meiri hluti er mættur.

Article 31

The Maritime Safety Committee shall meet once a year and at other times upon request of any five of its members. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own rules of procedure. A majority of its members shall constitue a quorum.

32. gr.

Öryggisnefnd skal bjóða aðila að taka þátt í umræðum, án atkvæðisréttar, þegar rædd eru mál, sem varða hann sérstaklega.

Article 32

The Maritime Safety Committee shall invite any member to participate, without vote, in its deliberations on any matter of particular concern to that members.

VIII. KAFLI
Starfslið.

PART VIII
The Secretariat

33. gr.

Starfsliðar séu framkvæmdastjóri, ritari öryggismálanefndar og það starfslið, sem stofnunin kann að þarfnast. Framkvæmdastjórinn skal vera aðalframkvæmdastjórnandi stofnunarinnar og skal hann skipa ofangreint starfsfólk, en gætt sé ákvæða 23. gr.

Article 33

The Secretariat shall comprise the Secretary-General, a Secretary of the Maritime Safety Committee and such staff as the Organization may require. The Secretary-General shall be the chief administrative officer of the Organization, and shall, subject to the provisions of article 23, appoint the above-mentioned personnel.

34. gr.

Starfsliðið skal færa allar nauðsynlegar bækur, er starfsemi stofnunarinnar varða, skrá, safna og dreifa skjölum, dagskrám, fundargerðum og upplýsingum, sem á þarf að halda fyrir starfsemi þingsins, ráðsins, öryggismálanefndarinnar og annarra undirdeilda, er stofnunin kann að koma á fót.

Article 34

The Secretariat shall maintain all such records as may be necessary for the efficient discharge of the functions of the Organization and shall prepare, collect and circulate the papers, documents, agenda, minutes and information that may be required for the work of the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, and such subsidiary organs as the Organization may establish.

35. gr.

Framkvæmdastjóri skal semja og leggja fyrir ráðið ársuppgjör og fjárhagsáætlun til tveggja ára, sem skiptist niður á hvort árið um sig.

Article 35

The Secretary-General shall prepare and submit to the Council the financial statements for each year and the budget estimates on a biennial basis, with the estimates for each year shown separately.

36. gr.

Framkvæmdastjóri skal tilkynna aðilum um starfsemi stofnunarinnar. Sérhver aðili getur tilnefnt einn eða fleiri fulltrúa til að halda sambandi við framkvæmdastjórann.

Article 36

The Secretary-General shall keep members informed with respect to the activities of the Organization. Each member may appoint one or more representatives for the purpose of communication with the Secretary-General.

37. gr.

Í störfum sínum skal framkvæmdastjórinn og starfsliðið ekki taka fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða yfirvaldi utan stofnunarinnar. Þeir skulu ekki gera neitt það, sem brotið gæti í bága við stöður þeirra sem starfsmenn alþjóðastofnunar. Sérhver aðili lofar að virða skyldur framkvæmdastjórans og starfsmannanna sem embættismanna alþjóðastofnunar og að leitast ekki við að hafa áhrif á þá, í sambandi við skyldustörf þeirra.

Article 37

In the performance of their duties the Secretary-General and the staff shall not seek or receive instructions from any Government or from any authority external to the Organization. They shall refrain from any action which might reflect on their position as international officials. Each member on its part undertakes to respect the exclusively international character of the responsibilities of the Secretary-General and the staff and not to seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

38. gr.

Framkvæmdastjóranum ber að gegna öðrum störfum, sem þingið, ráðið og öryggismálanefndin kunna að fela honum.

Article 38

The Secretary-General shall perform such other tasks as may be assigner to him by the Convention, the Assembly, the council and the Maritime Safety Committee.

IX. KAFLI
Fjármál.

PART IX
Finances.

39. gr.

Sérhver aðili skal standa undir launagreiðslum, ferðakostnaði og öðrum útgjöldum sendinefndar sinnar á þinginu og fulltrúa sinna í ráðinu, öryggismálanefndinni og öðrum nefndum og undirdeildum.

Article 39

Each member shall bear the salary, travel, and other expenses of its own delegation to the Assembly and of its representatives on the Council, the Maritime Safety Committee, other committees and subsidiary bodies.

40. gr.

Ráðið skal athuga reikninga og fjárhagsáætlanir framkvæmdastjórans og leggja fyrir þingið, ásamt athugasemdum sínum og tillögum.

Article 40

The Council shall consider the financial statements and budget estimates prepared by the Secretary-General and submit them to the Assembly with its comments and recommendations.

41. gr.

a. Þingið skal endurskoða og samþykkja fjárhagsáætlunina, en gætt sé ákvæða samninga milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna.
b. Þingið skal skipta útgjöldum milli aðila samkvæmt hlutfalli, sem það ákvarðar, að aflokinni athugun á tillögum ráðsins í því efni.

42. gr.

Sérhver aðili, sem stendur ekki við fjárhagsskuldbindingar sínar við stofnunina innan eins árs frá gjalddaga, fyrirgerir atkvæðisrétti sínum á þinginu, í ráðinu eða öryggisnefndinni, nema þingið kunni að falla frá að beita ákvæði þessu.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðslur.

43. gr.

Eftirfarandi ákvæði gildi um atkvæðagreiðslur á þinginu, í ráðinu og öryggismálanefndinni: —

a. Sérhver aðili hefur eitt atkvæði.
b. Ákvarðanir þingsins, ráðsins eða öryggismálanefndarinnar eru teknar af meiri hluta aðila, sem mættir eru og atkvæði greiða, en ef ⅔ hlutar atkvæða eru tilskild þarf ⅔ mættra aðila, nema önnur ákvæði séu í samþykktinni eða einhverjum alþjóðasamningi, sem áhrif hefur á störf þessara deilda stofnunarinnar.
c. Að því er samninginn varðar þýða orðin „aðilar, sem mættir eru og atkvæði greiða“: „viðstaddir aðilar, sem greiða jákvætt eða neikvætt atkvæði“. Telja ber, að aðilar sem sitja hjá, hafi eigi greitt atkvæði.

XI. KAFLI

Aðalstöðvar stofnunarinnar.

44. gr.

a. Aðalstöðvar stofnunarinnar skal setja upp í Lundúnum.
b. Með ⅔ meiri hluta atkvæða getur þingið breytt um stað aðalstöðvanna.

Article 41

a. Subject to any agreement between the Organization and the United Nations, the Assembly shall review and approve the budget estimates.
b. The Assembly shall apportion the expenses among the members in accordance with a scale to be fixed by it after consideration of the proposals of the Council thereon.

Article 42

Any member which fails to discharge its financial obligation to the Organization within one year from the date on which it is due, shall have no vote in the Assembly, the Council, or the Maritime Safety Committee unless the Assembly, at its discretion, waives this provision.

PART X

Voting.

Article 43

The following provisions shall apply to voting in the Assembly, the Council and the Maritime Safety Committee:

a. Each member shall have one vote.
b. Except as otherwise provided in the Convention or in any international agreement which confers functions on the Assembly, the Council, or the Maritime Safety Committee, decisions of these organs shall be by a majority vote of the members present and voting and, for decisions where a two-thirds majority vote is required, by a two-thirds majority vote of those present.
c. For the purpose of the Convention, the phrase „members present and voting“ means „members present and casting an affirmative or negative vote“. Members which abstain from voting shall be considered as not voting.

PART XI

Headquarters of the Organization.

Article 44

a. The headquarters of the Organization shall be established in London.
b. The Assembly may by a two-thirds mapority vote change the site of the headquarters if necessary.

c. Þingið getur setið hvar sem er, annars staðar en í aðalstöðvunum, ef ráðið telur það nauðsynlegt.

c. The Assembly may hold sessions in any place other than the headquarters if the Council deems it necessary.

XII. KAFLI
Samband við Sameinuðu þjóðirnar og aðrar stofnanir.

45. gr.

Koma ber stofnuninni í náið samband við Sameinuðu þjóðirnar skv. 57. gr. stofnskrár þeirra, sem sérstofnun á sviði siglingamála. Sambandi þessu ber að koma á með samningi við Sameinuðu þjóðirnar, skv. 63. gr. stofnskrár þeirra, en samninginn ber að gera eins og segir í 26. gr.

46. gr.

Stofnunin skal hafa samvinnu við sérhverja sérstofnun Sameinuðu þjóðanna í málefnum, er varða kunna stofnanirnar báðar og séu þau athuguð og að þeim unnið í samráði við sérstofnanirnar.

47. gr.

Stofnunin getur haft samvinnu við aðrar milliríkjastofnanir, í málum innan verkahrings hennar, þótt þær séu eigi sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, ef hagsmunir og starfsemi þeirra er skyld tilgangi stofnunarinnar.

48. gr.

Stofnunin getur gert viðeigandi ráðstafanir til að hafa samráð og samvinnu við alþjóðastofnanir, sem eigi eru ríkjastofnanir, í málum innan verkahrings hennar.

49. gr.

Að tilskildu samþykki ⅔ atkvæða meiri hluta þingsins, getur stofnunin tekið við starfsemi, fjárráðum og skuldbindingum innan verkahrings hennar, úr hendi hvers kyns alþjóðastofnana ríkisstjórna eða sem eigi eru ríkjastofnanir, samkvæmt alþjóðasamningum eða gagnkvæmu samkomulagi milli fullgildra yfirvalda viðkomandi stofnana. Á sama hátt getur

PART XII
Relationship with the United Nations and other Organizations.

Article 45

The Organization shall be brought into relationship with the United Nations in accordance with Article 57 of the Charter of the United Nations as the specialized agency in the field of shipping. This relationship shall be effected through an agreement with the United Nations under Article 63 of the Charter of the United Nations, which agreement shall be concluded as provided in article 26.

Article 46

The Organization shall co-operate with any specialized agency of the United Nations in matters which may be the common concern of the Organization and of such specialized agency, and shall consider such matters and act with respect to them in accord with such specialized agency.

Article 47

The Organization may, on matters within its scope, co-operate with other inter-governmental organizations which are not specialized agencies of the United Nations, but whose interests and activities are related to the purposes of the Organization.

Article 48

The Organization may, on matters within its scope, make suitable arrangements for consultation and co-operation with non-governmental international organizations.

Article 49

Subject to approval by a two-thirds majority vote of the Assembly, the Organization may take over from any other international organizations, governmental or non-governmental, such functions, resources and obligations within the scope of the Organization as may be transferred to the Organization by international agreements or by mutually

stofnunin tekið við hvers kyns stjórnarstörfum innan verkahrings hennar, sem ríkisstjórn hefur verið falið samkvæmt skilmálum alþjóðasamþykkta.

acceptable arrangements entered into between competent authorities of the respective organizations. Similarly, the Organization may take over any administrative functions which are within its scope and which have been entrusted to a Government under the terms of any international instrument.

XIII. KAFLI
Réttarstaða, forréttindi og undanþágur.

50. gr.

Réttarstaða, forréttindi og undanþágur stofnunarinnar og í sambandi við hana séu samkvæmt aðalsamþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um forréttindi og undanþágur sérstofnana, frá 21. nóvember 1947 með breytingum, sem fram kunna að koma í síðasta (eða endurskoðaða) texta viðbætisins, sem stofnunin hefur fallizt á samkvæmt 36. og 38. kafla ofangreindrar samþykktar.

51. gr.

Sérhver aðili lofar að hlíta ákvæðum II. viðbætis núgildandi samþykktar unz hann fellst á ofangreinda aðalsamþykkt.

PART XIII
Legal Capacity, Privileges and Immunities.

Article 50

The legal capacity, privileges and immunities to be accorded to, or in connexion with, the Organization, shall be derived from and governed by the General Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies approver by the General Assembly of the United Nations on the 21st November, 1947, subject to such modifications as may be set forth in the final (or revised) text of the Annex approved by the Organization in accordance with sections 36 and 38 of the said General Convention.

Article 51

Pending its accession to the said General Convention in respect of the Organization, each member undertakes to apply the provisions of Appendix II to the present Convention.

XIV. KAFLI
Breytingar.

52. gr.

Texta breytinga, sem lagt er til að gerðar verði á samþykktinni, ber framkvæmdastjóranum að senda aðilum, a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur þær til athugunar. Samþykki ⅔ hluta atkvæða þingsins þarf til breytingar og þar á meðal atkvæði meiri hluta þeirra aðila, er fulltrúa eiga í ráðinu. Tólf mánuðum eftir að tveir þriðju hlutar aðila stofnunarinnar, að undanskildum aukafélögum, hafa tjáð sig samþykka, gengur sérhver breyting í gildi fyrir alla aðila, nema þá, sem áður lýsa yfir, að þeir samþykki breytinguna ekki. Með ⅔ hluta atkvæða getur þingið ákveðið, að sam-

PART XIV
Amendments.

Article 52

Texts of proposed amendments to the Convention shall be communicated by the Secretary-General to members at least six months in advance of their consideration by the Assembly. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Assembly, including the concurring votes of a majority of the members represented on the Council. Twelve months after its acceptance by two-thirds of the members of the Organization, other than associate members, each amendment shall come into force for all members except those which, before it comes into force, make a declaration that they do not

þykkt sé þess eðlis, að sérhver aðili sem gefið hefur slíka yfirlýsingu og samþykkir breytinguna ekki innan tólf mánuða eftir gildistökuna, hætti þá aðild að samþykktinni.

53. gr.

Sérhverja breytingu, sem samþykkt er skv. 52. gr., skal afhenda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem þegar sendir öllum aðildarríkjum afrit.

54. gr.

Yfirlýsingu eða samþykki skv. 52. gr. skal senda framkvæmdastjóranum, sem afhendir framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjalið. Framkvæmdastjórinn tilkynnir aðilum um móttöku slíkra skjala og hvaða dag breytingin gangi í gildi.

XV. KAFLI

Túlkun.

55. gr.

Sérhverri spurningu eða deilu varðandi túlkun eða beitingu samþykktarinnar ber að vísa til þingsins eða jafna á annan hátt, er deiluaðilar koma sér saman um. Ekkert, sem í grein þessari segir, fyrirbyggir þó að ráðið eða öryggismálanefndin jafni þau vanda- eða deilumál, sem upp kunna að koma í sambandi við starfsemi þeirra.

56. gr.

Lögfræðilegum vandamálum, sem eigi fást leyst skv. ákvæðum 55. gr., ber stofnuninni að vísa til alþjóðadómstólsins til ráðgefandi álits, skv. 96. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

accept the amendment. The Assembly may by a two-thirds majority vote determine at the time of its adoption that an amendment is of such a nature that any member which has made such a declaration and which does not accept the amendment within a period of twelve months after the amendment comes into force shall, upon the expiration of this period, cease to be a party to the Convention.

Article 53

Any amendment adopted under article 52 shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will immediately forward a copy of the amendment to all members.

Article 54

A declaration or acceptance under article 52 shall be made by the communication of an instrument to the Secretary-General for deposit with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General will notify members of the receipt of any such instrument and of the date when the amendment enters into force.

PART XV.

Interpretation.

Article 55

Any question or dispute concerning the interpretation or application of the Convention shall be referred for settlement to the Assembly, or shall be settled in such other manner as the parties to the dispute agree. Nothing in this article shall preclude the Council or the Maritime Safety Committee from settling any such question or dispute that may arise during the exercise of their functions.

Article 56

Any legal question which cannot be settled as provided in article 55 shall be referred by the Organization to the International Court of Justice for an advisory opinion in accordance with Article 96 of the Charter of the United Nations.

XVI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

57. gr.
Undirskrift og samþykkt.

Með tilvísun til ákvæða III. kafla liggur samþykktin fyrir til undirritunar eða samþykktar og ríki geta gerzt aðilar að henni með því að: —

a. Undirrita án fyrirvara um samþykki;

b. Undirrita að tilskildu samþykki síðar;
eða

c. Samþykkja.

Samþykki er tjáð með því að afhenda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjal.

58. gr.
Landssvæði.

a. Aðilar geta hvenær sem er gefið yfirlýsingu þess efnis, að aðild þeirra að samningnum nái til eins eða fleiri landssvæða, sem þeir fari með utanríkismál fyrir.

b. Samningurinn nær ekki til landsvæða, sem aðilar fara með utanríkismál fyrir, nema yfirlýsing þess efnis hafi verið gefin fyrir þeirra hönd, skv. ákvæðum stafliðs a. í þessari grein.

c. Yfirlýsingu skv. staflið a. þessarar greinar ber að tilkynna framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og sendir hann afrit öllum ríkjum, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem gerzt hafa aðilar.

d. Þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa stjórn á hendi samkvæmt gæzluverndarsamningi, geta S. þ. samþykkt samninginn fyrir hönd eins eða fleiri gæzluverndarsvæða, á þann hátt, sem í 57. gr. segir.

59. gr.
Úrsögn.

a. Sérhver aðili getur sagt sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu til

PART XVI
Miscellaneous Provisions.

Article 57
Signature and Acceptance.

Subject to the provisions of Part III the present Convention shall remain open for signature or acceptance and States may become parties to the Convention by:

a. Signature without reservation as to acceptance.
b. Signature subject to acceptance followed be acceptance; or
c. Acceptance.

Acceptance shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the United Nations.

Article 58
Territories.

a. Members may make a declaration at any time that their participation in the Convention includes all or a group or a single one of the Territories for whose international relations they are responsible.
b. The Convention does not apply to Territories for whose international relations members are responsible unless a declaration to that effect has been made on their behalf under the provisions of paragraph a. of this article.
c. A declaration made under paragraph a. of this article shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations and a copy of it will be forwarded by him to all States invited to the United Nations Maritime Conference and to such other States as may have become members.
d. In cases where under a Trusteeship Agreement the United Nations is the administering authority, the United Nations may accept the Convention on behalf of one, several, or all of the Trust Territories in accordance with the procedure set forth in Article 57.

Article 59
Withdrawal.

a. Any member may withdraw from the Organization by written notification

framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem lætur þegar aðra aðila og framkvæmdastjóra stofnunarinnar vita um tilkynninguna. Úrsögn má tilkynna hvenær sem er, að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, er samþykktin gekk í gildi. Úrsögnin tekur gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, er framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna barst hin skriflega tilkynning.

b. Aðili, sem fer með utanríkismál fyrir landssvæði, sem samþykktin nær til skv. 58. gr., getur hvenær sem er tilkynnt framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að því sé lokið, en Sameinuðu þjóðirnar tilkynna um það fyrir gæzluverndarsvæði sem þær stjórna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna birtir þegar öllum aðilunum og framkvæmdastjóra stofnunarinnar tilkynninguna. Tekur hún gildi að tólf mánuðum liðnum, frá því hún barst framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í hendur.

given to the Secretary-General of the United Nations, who will immediately inform the other members and the Secretary-General of the Organization of such notification. Notification of withdrawal may be given at any time after the expiration of twelve months from the date on which the Convention has come into force. The withdrawal shall take effect upon the expiration of twelve months from the date on which such written notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

b. The application of the Convention to a Territory or group of Territories under article 58 may at any time be terminated by written notification given to the Secretary-General of the United Nations by the member responsible for its international relations or, in the case of a Trust Territory of which the United Nations is the administering authority, by the United Nations. The Secretary-General of the United Nations will immediately inform all members and the Secretary-General of the Organization of such notification. The notification shall take effect upon the expiration of twelve months from the date on which it is receved by the Secretary-General of the United Nations.

XVII. KAFLI
Gildistaka.

60. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi þann dag, sem 21 ríki (en skipastóll sjö þeirra sé ekki minni en 1.000.000 brúttó rúmlestir hvers um sig) hafa gerzt aðilar að honum, skv. 57. gr.

PART XVII
Entry into Force.

Article 60

The present Convention shall enter into force on the date when 21 States of which seven shall each have a total tonnage of not less than 1 000 000 gross tons of shipping, have become parties to the Convention in accordance with article 57.

61. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynnir öllum þeim ríkjum, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu S. þ., og öðrum ríkjum, sem gerzt hafa aðilar, hvaða dag hvert ríki gerist aðili að

Article 61

The Secretary-General of the United Nations will inform all States invited to the United Nations Maritime Conference and such other States as may have become Members, of the date when each State

samþykktinni og einnig hvaða dag hún tekur gildi.

62. gr.

Samþykkt þessa, sem gerð er á ensku, frönsku og spænsku og textar á þeim tungumálum öllum jafn gildir, skal geyma hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem sendir staðfest endurrit af henni sérhverju ríki, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu S. þ. svo og öðrum ríkjum, sem gerzt hafa aðilar.

63. gr.

Sameinuðu þjóðunum heimilast að skrásetja samþykktina jafnskjótt og hún tekur gildi.

Þessu til staðfestu hafa viðkomandi ríkisstjórnir fullgilt undirritaða til að skrifa undir samninginn.*

becomes party to the Convention, and also of the date on which the Convention enters into force.

Article 62

The present Convention, of which the English, French and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will transmit certified copies thereof to each of the States invited to the United Nations Maritime Conference and to such other States as may have become Members.

Article 63

The United Nations is authorized to effect registration of the Convention as soon as it comes into force.

In witness whereof the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed the present Convention.*

Viðauki I

(Skv. tilvísun í 17. gr.)

Skipun fyrsta ráðsins.

Samkvæmt þeim meginreglum, sem um getur í 17. gr., ber að skipa fyrsta ráðið eins og hér segir: —

a. Aðilarnir sex skv. 17. gr. a. eru:

Grikkland	Svíþjóð
Holland	Bretland
Noregur	Bandaríkin

b. Aðilarnir sex skv. 17. gr. b. eru:

Argentína	Kanada
Ástralía	Frakkland
Belgía	Indland.

c. Þingið kýs tvo aðila, skv. 17. gr. c., úr hópi ríkja, sem aðilarnir sex skv. staflið a. í fylgiskjali þessu, tilnefna.

Appendix I.

(Referred to in Article 17).

Composition of the first Council.

In accordance with the principles set forth in article 17 the first Council shall be constituted as follaws: —

a. The six members under article 17 a. being:

Greece	Sweden
Netherlands	United Kingdom
Norway	United States

b. The six members under article 17 b. being:

Argentina	Canada
Australia	France
Belgium	India

c. Two members to be elected by the Assembly under article 17 c. from a panel nominated by the six members named in paragraph a. of this Appendix.

* Sendimennirnir á ráðstefnunni undirrituðu aðeins enska textann, en áskilið var að allir textarnir þrír væru jafngildir.

* The delegates at the Conference placed their signatures after the English text only although it was understood that all three texts were equally authentic.

d. Þingið kýs tvo aðila skv. 17. gr. d. úr hópi þeirra ríkja er verulegra hagsmuna hafa að gæta vegna sjóflutninga í viðskiptaskyni.

d. Two members elected by the Assembly under article 17 d. from among the members having a substantial interest in international seaborne trade.

Viðauki II

(Skv. tilvísun í 51. gr.)

Réttarstaða, forréttindi og undanþágur.

Eftirfarandi ákvæði varðandi réttarstöðu, forréttindi og undanþágur skulu gilda hjá aðilum gagnvart stofnuninni, unz þeir hafa fallizt á aðalsamþykktina um forréttindi og undanþágur sérstofnana, að því er siglingamálastofnunina varðar.

1. kafli. Á landssvæðum aðildarríkjanna skal stofnunin njóta þeirrar réttarstöðu, sem nauðsynleg er til að hún nái tilgangi sínum og geti rækt störf sín.

2. kafli. a. Á landssvæðum aðildarríkjanna skal stofnunin njóta þeirra forréttinda og undanþága, sem nauðsynlegar eru til að hún nái tilgangi sínum og geti rækt störf sín.

b. Fulltrúar aðila, þar á meðal varafulltrúar og ráðgjafar, svo og embættismenn og starfsmenn stofnunarinnar skulu á sama hátt njóta þeirra forréttinda og undanþága, sem nauðsynlegar eru til að þeir geti rækt störf sín sjálfstætt, í sambandi við stofnunina.

3. kafli. Við framkvæmd ákvæða 1. og 2. kafla fylgiskjals þessa ber aðilum að taka eins og framast er unnt tillit til hinna venjulegu ákvæða aðalsamþykktarinnar, um forréttindi og undanþágur sérstofnananna.

Appendix II.

(Referred to in Article 51).

Legal Capacity, Privileges and Immunities.

The following provisions on legal capacity, privileges and immunities shall be applied by members to, or in connexion with, the Organization pending their accession to the General Convention on Privileges and Immunities of Specialized Agencies in respect of the Organization.

Section 1. The Organization shall enjoy in the territory of each of its members such legal capacity as is necessary for the fulfilment of its purposes and the exercise of its functions.

Section 2. a. The Organization shall enjoy in the territory of each of its members such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes and the exercise of its functions.

b. Representatives of members including alternates and advisers, and officials and employees of the Organization shall similarly enjoy such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions in connexion with the Organization.

Section 3. In applying the provisions of sections 1 and 2 of this Appendix, the members shall take into account as far as possible the standard clauses of the General Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast til eftirfarandi bréfs skipaskoðunarstjóra.

Fylgiskjal II

Á ráðstefnu þeirri, sem haldin var í Geneve í febrúar—marz 1948 á vegum Sameinuðu þjóðanna var hjálögð samþykkt undirrituð 6. marz 1948 varðandi stofnun alþjóða ráðgefandi siglingamálastofnunar.

Í ráðstefnu þessari tóku þátt 32 lönd, en fulltrúar þriggja landa höfðu yfirgefið ráðstefnuna áður en henni lauk. Við lokaatkvæðagreiðsluna var uppkastið samþykkt af 21 landi, en 7 lönd, þar á meðal Danmörk, Noregur og Svíþjóð sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Stofnun þessi er almennt nefnd IMCO, sem er stytting á Inter-Governmental Maritime Consulative Organization og hefur samkvæmt 1. grein samþykktarinnar eftirfarandi hlutverk:

a. Að undirbúa samvinnu ríkisstjórna í milli varðandi ríkisstjórnar-fyrirmæli og framkvæmdir viðvíkjandi tæknilegri úrlausn sérhvers eðlis, sem snertir alþjóðlegar siglingar, og að stuðla að almennri samþykkt á sem fullkomnustum ákvæðum í þeim málum, er varða öryggi á hafinu og nýtni siglinga.
b. Að stuðla að afnámi mismunar og ónauðsynlegra hafta af hálfu ríkisstjórna í þeim málum, er varða alþjóðasiglingar, og þannig stuðla að því, að siglingar séu heimsverzluninni til umráða án mismununar; aðstoð og hvatning af hálfu ríkisstjórnar til þróunar þjóðlegra siglinga og af öryggisástæðum, skulu ekki út af fyrir sig skoðast sem mismunun, enda sé slík aðstoð og hvatning ekki byggð á ákvæðum, sem séu til þess fallin að takmarka frjálsan aðgang siglinga allra landa til þátttöku í alþjóðaviðskiptum.
c. Að sjá um meðferð stofnunarinnar á málum varðandi óréttmætar takmarkanir af hálfu skipafélaga-samsteypa.
d. Að sjá um meðferð stofnunarinnar á sérhverju því málefni varðandi siglingar, sem kann að verða lagt fyrir stofnunina af hálfu samtaka eða stofnunar innan Sameinuðu þjóðanna.
e. Að sjá um gagnkvæm skipti á upplýsingum milli ríkisstjórna varðandi mál þau, sem til meðferðar eru hjá stofnuninni.

Meðal þriggja Norurlandaríkjanna sem þátt tóku í Geneve-ráðstefnunni hefur undanfarin ár verið ríkjandi nokkur andstaða gegn staðfestingu þessarar samþykktar, einkanlega vegna þess, að ekki fékkst á fundinum 1948 framgengt þeirri ósk, að verksvið stofnunarinnar yrði takmarkað við tæknileg og siglingaleg atriði, og næði ekki til fjárhagslegra og verzlunarlegra atriða. Þau ár, sem liðin eru síðan, hefur verið reynt að fá framgengt slíkri takmörkun á verksviði stofnunarinnar. Þetta hefur hins vegar ekki tekizt, og nú er svo komið, að þegar eru fyrir hendi nægilega margar staðfestingar, þannig að samþykktin gekk í gildi 17. marz síðastliðinn.

Eftirtalin 29 lönd hafa þegar staðfest samþykktina: Arabiska sambandslýðveldið, Argentína, Ástralía, Bandaríki Norður Ameríku, Belgía, Burma, Kanada, Dominikanska lýðveldið, Þýzka sambandslýðveldið, Eqvador, Frakkland, Grikkland, Haiti, Holland, Honduras, Mexico, Noregur, Pakistan, Panama, Sviss, Sovét-Rússland og Stóra-Bretland. Tyrkland og Indland hafa staðfest samþykktina með fyrirvara, sem enn hefur ekki verið tekinn gildur af öðrum meðlimum.

Auk Noregs hafa nú einnig Danmörk, Svíþjóð og Finnland annað hvort þegar staðfest samþykktina, eða hafa gert ráðstafanir til samþykktar hennar.

Á undirbúnings-nefndarfundi stofnunarinnar, sem haldinn var 3. og 4. júní 1958 var m. a. gerð tillaga um starfssvið fyrir stofnunina.

Þessi nefnd ákvað að leggja til, að starfssvið IMCO næstu 2 ár skyldi ná til eftirtalinna atriða:

1. Öryggi á hafinu.
2. Olíuóhreinkun sjávar.
3. Tonnatölumæling skipa.

Nýtt viðhorf skapaðist í máli þessu með því að stofnunin IMCO þegar er orðin að raunveruleika, svo og vegna ákvörðunar fyrrgreindrar nefndar í júní 1958. Þetta varð til þess, að norska ríkisstjórnin skipti um skoðun varðandi staðfestingu á IMCO og að fengnu samþykki Stórþingsins, staðfesti Noregur samþykktina 29. desember

1958. Sjónarmið Noregs eru þau, að siglingamálum Noregs sé bezt borgið með því, að landið taki þegar í upphafi þátt í stofnuninni frá fyrsta fundi hennar.

Norska ríkisstjórnin hefur þó í sambandi við staðfestinguna lýst því sérstaklega yfir, að varðandi verksvið stofnunarinnar og sér í lagi vegna verksviðs-tillögu undirbúningsnefndarinnar, þá leggi norska ríkisstjórnin á það sérstaka áherzlu, að Noregur muni taka staðfestingu sína upp til endurnýjaðrar yfirvegunar, ef síðar yrði ákveðið að IMCO einnig skyldi ná til hreinna fjárhagslegra og verzlunarlegra vandamála. Samtímis er því lýst yfir, að af Noregs hálfu sé áherzla lögð á raunhæft gildi 59. greinar samþykktarinnar varðandi uppsögn á þátttöku.

Svíþjóð og Danmörk hafa nú bæði staðfest IMCO með álíka yfirlýsingu og Noregur. Sennilega hefur einnig Finnland í hyggju að staðfesta IMCO með líkri yfirlýsingu.

Fyrsta ráðstefna IMCO var haldin í London 6.—19. janúar 1959. Samkvæmt bréfi ísl. sendiráðsins í London dags. 27. jan. s. l. barst beiðni ráðuneytisins um að senda áheyrnarfulltrúa ekki fyrr en síðasta dag ráðstefnunnar, og gat hann því lítið fylgzt með störfum þingsins, en safnaði gögnum og fjölrituðum skýrslum eftir því sem föng voru á.

Á ráðstefnunni voru ýmsar ráðstafanir gerðar og ákvarðanir teknar um starfsemi stofnunarinnar og kosið var í ráð og öryggismálanefnd, sem um getur í samþykktinni. Starfsskrá IMCO næstu 2 árin var ákveðin í samræmi við tillögur undirbúningsnefndarinnar. IMCO hefur þannig enn sem komið er eingöngu á starfsskrá sinni tæknileg verkefni, en ekki fjárhagsleg. Samþykkt var þriggja ára fjárhagsáætlun, þ. e. fyrir árin 1959, 1960 og 1961. Var kostnaður áætlaður samtals 726 þúsund Bandaríkjadollarar fyrir fyrrgreint þriggja ára tímabil með tilliti til þess, að eingöngu tæknimál verði til meðferðar. Auk þess skal stofnsjóður vera 50 þúsund Bandaríkjadollarar.

Iðgjald þátttökulanda til stofnunarinnar er ákveðið í samþykkt nr. 20 frá 19. jan. 1959 þannig, að hvert árið 1959, 1960 og 1961 skuli hvert land greiða:

a. Grunngjald, sem miðast við hundraðshluta gjalds landsins til Sameinuðu þjóðanna miðað við viðkomandi fjárhagsár, á eftirfarandi hátt:

Minna en 2 hundraðshlutar	$ 2000
2% og meira, en minna en 10%	– 4000
10% og þar yfir	– 10000

b. Aukagjald ákveðið á grundvelli brúttó-rúmlestatölu landsins samkv. skipaskrá Lloyd's Register of Shipping, þannig að einn hluti greiðist fyrir hverjar 1000 brúttó-rúmlestir skipastóls.

Samkvæmt framansögðu verður að telja eðlilegt og nauðsynlegt að einnig Ísland gerist aðili að IMCO, en jafnframt verður að telja sjálfsagt, að Ísland afhendi samtímis álíka yfirlýsingu og hin Norðurlöndin virðast öll ætla að gera varðandi takmörkun á starfssviði IMCO við tæknileg og siglingaleg atriði.

Reykjavík, 27. apríl 1959.

Hjálmar R. Bárðarson,
skipaskoðunarstjóri.

Ed. 404. Lög [89. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 167.

Ed. 405. Lög [72. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 136.

Nd. 406. Frumvarp til laga [57. mál]

um orlof húsmæðra.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. maí.)

1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðssambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

3. gr.

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.
3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótframlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 10—14 dagar.

5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Skylt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningsskilum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 407. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið allrækilega og fengið umsögn um það frá landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, sem mælir með samþykkt þess.

Öll nefndin mælir með því, að frumvarpið nái fram að ganga, en tveir nefndarmenn, þeir Helgi Bergs og Karl Guðjónsson, vilja líka samþykkja breytingartillögu Ásmundar Sigurðssonar á þingskjali 350. Munu þeir gefa út sérstakt nefndarálit um það.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki nauðsynlegt að samþykkja þessa breytingartillögu, því að nægilegt sé að fá fjárveitingu vegna málsins síðar, þegar reynslan sýnir, að þess verði þörf. Álit landnámsstjóra fylgir hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 6. maí 1960.

Jón Pálmason, form., frsm.	Einar Sigurðsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 2. maí 1960.

Samkvæmt beiðni hr. alþingismanns Jóns Pálmasonar, sem óskaði, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis fengi umsögn um mál nr. 118, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, á þingskjali 280, skal eftirfarandi tekið fram:

Það er staðreynd, eins og fram er tekið í greinargerð með frumvarpinu, að enn eru allmargar jarðir í landinu, sem eftir er að byggja upp á mannsæmandi íbúðir. Í mörgum tilfellum hefur á undanförnum árum verið unnið að aukinni ræktun á jörðum þessum og nokkurri lagfæringu peningshúsa með þeim stuðningi, sem þessar jarðir hafa notið samkvæmt 41. grein landnámslaga og nokkurri lánshjálp frá ræktunarsjóði. Það er aftur á móti ekki annar stuðningur í sambandi við íbúðarhúsabyggingu á jörðum þessum en þau lán, sem veitt eru úr byggingarsjóði, sem nú eru hæst 75 þúsund á íbúðarhús á jörð. Þegar athugað er, hve byggingarkostnaður hefur hækkað á undanförnum árum og fer enn þá hækkandi, er ljóst, hverjir örðugleikar eru í sambandi við að koma upp íbúðarhúsum, sem nú verða

ekki byggð undir 350 þúsund krónum, og er þó um mjög takmarkað húsrými að ræða, er fæst fyrir þetta verð.

Það skal tekið fram, að verði frumvarpið samþykkt, mundi það auðvelda nýbýlastjórn ríkisins að vinna gegn því, að jarðir fari í eyði. Hins vegar má gera ráð fyrir, að fé það, sem ætlað er til aukinnar ræktunar á jörðum með tún undir 10 ha, hrökkvi ekki til framtíðar til hvoru tveggja, fullnaðarframkvæmda á ræktunaráætluninni frá 1956 og til að taka upp þetta viðbótarverkefni. Þó að framkvæmanlegt yrði á yfirstandandi ári að gera báðum verkefnum skil, þá yrði síðar að taka upp viðaukaframlag, ef ákvæði frumvarpsins eiga að koma að fullu gagni.

Það skal að síðustu fram tekið, að ég tel það þýðingarmikið atriði, að vel sé verið á verði um að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði, sem komnar eru langt áleiðis að vera gerðar vel búrekstrarhæfar að ræktun og peningshúsum, en hafa ekki íbúðarhæfan húsakost, og með tilvísun til framanritaðs mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 408. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps.

Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja það óbreytt og leggst gegn því, að jafnhliða ákvæðum þess um rýmkun framlaga til bygginga í sveitum verði gerðar ráðstafanir til nýrrar tekjuöflunar, sem framlagsrýmkuninni nemur.

Það er hins vegar álit okkar, sem minni hlutann skipum, að það skipti öllu máli um gagnsemi lagasetningar sem þessarar, að með raunhæfum hætti sé lagt fram fé til að mæta aukningunni, en engin ákvæði eru í frumvarpinu um það.

Formælendur frumvarpsins hafa látið uppi þá skoðun, að hægt sé að framkvæma efni frumvarpsins án nýrra fjárveitinga, en það mundi þýða, að fé yrði til þess tekið af framlagi til ræktunar á smæstu sveitabýlunum. Teljum við slíkt óhæfu.

Við leggjum því til, að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði um 1250 þús. kr. framlag til þess að mæta þeim þörfum, sem samþykkt frumvarpsins skapar, en um það hefur verið gerð breytingartillaga á þskj. 350, og mælum við með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Að fyrri lið þeirrar tillögu felldum mælum við ekki með frumvarpinu.

Alþingi, 6. maí 1960.

Karl Guðjónsson, frsm. Helgi Bergs.

Ed. **409. Frumvarp til laga** [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi

einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar

sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Nd. 410. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar vill vísa því frá með tilvísun til þess, að landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til þess að athuga m. a. þessi mál.

Við höfum ekki getað fallizt á þá afgreiðslu, þar sem við teljum brýna nauðsyn bera til raunhæfra aðgerða hið allra fyrsta.

Sá grundvöllur fyrir endurnýjun vélakosts til ræktunarframkvæmda, sem lagður var með ákvæðum 10. gr. laga nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, hefur algerlega brostið. Verðbólgan hefur gert fyrningarsjóðina óhæfa til að gegna hlutverki sínu, og sú hætta vofir yfir, að ræktunarframkvæmdir stöðvist af þeim sökum, ef ekkert er að gert.

Í grg. frv. er frá því greint, hvernig verðlag á beltavél af miðlungsstærð hefur breytzt síðan lögin tóku gildi, en það er sem hér segir:

Ár	Kostnaðarverð kr.	Hlutföll
1945	43 500.00	100
1947	46 000.00	106
1949	65 000.00	150
1950	136 000.00	313
1951	183 000.00	421
1955	184 000.00	423
1956	226 000.00	520
1957	282 000.00	648
1959	385 000.00	885

En síðan grg. var rituð hefur verðbólgan tekið stærra stökk en nokkru sinni fyrr vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, og nú má bæta einni línu við þessa töflu, þannig:

1960	622 500.00	1431

Þörfin er því enn brýnni nú en þegar frv. var flutt.

Ræktunarsamböndin hafa að sjálfsögðu ekkert fjármagn til að mæta svo gífurlegum verðhækkunum, og verði því nú á frest skotið að leggja fram fé til endurnýjunar vélakosts þeirra, blasir við stöðvun þeirrar þróunar, sem verið hefur í ræktun hér á landi á síðari árum.

Okkur virðist því, að afgreiðsla þessa máls þoli ekki frekari bið, og við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1960.

Helgi Bergs, frsm. Karl Guðjónsson.

Ed. 411. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um ferskfiskeftirlit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar ýmissa aðila og fengið svör. Eru allir á einu máli um, að slík löggjöf sem þessi sé nauðsynleg, þó að nokkuð greini á um smávægileg atriði.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hún hefur leyft sér að flytja á þingskjali 412.

Alþingi, 6. maí 1960.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Kjartan J. Jóhannsson. Björn Jónsson.

Ed. 412. Breytingartillögur [106. mál]

um frv. til laga um ferskfiskeftirlit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Í ráðinu eiga sæti 7 menn, og skipar ráðherra fimm þeirra eftir tilnefningu eftirgreindra aðila.
   b. Aftan við 2. málsgr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
      5. Heilbrigðismálaráðherra.
   c. 3. málsgr. orðist svo:
      Sjötti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjöundi forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

d. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Ráðherra skipar Fiskmatsráði framkvæmdastjóra, eftir tilnefningu þess, og ákveður laun hans.

2. Við 4. gr. 3. tölul. orðist svo:
að hlutast til um, að upp verði tekin hagnýt kennsla í stýrimannaskólanum og öðrum framhaldsskólum landsins, þar sem það á við, um hvers konar fiskverkun, enn fremur að beita sér fyrir almennri fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.

3. Við 7. gr. Í stað „1‰“ komi: 1½‰.

Sþ. 413. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og fengið umsögn stjórnar fiskveiðasjóðs um hana. Skýrir stjórn sjóðsins frá því, að fjármál sjóðsins hafi verið tekin til ýtarlegrar athugunar á fundi með sjávarútvegsmálaráðherra svo og að sjóðsstjórninni sé kunnugt um, að málið sé til meðferðar hjá hæstv. ríkisstjórn.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að till. ásamt breyt. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. | Jón Pálmason, fundaskr. | Pétur Sigurðsson.
Sigurður Bjarnason.

Nd. 414. Lög [69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 396.

Ed. 415. Lög [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 370.

Nd. 416. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, eins og það er að lokinni meðferð háttv. efri deildar. Er hún sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Hannibal Valdimarsson. Guðlaugur Gíslason.

Nd. 417. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:
Á eftir nr. 11 í 77. kafla tollskrár komi svofelld athugasemd:

Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um félagsheimili eru 13 ára. Áhrif þeirra eru þegar orðin mjög mikil, og sjást þess greinilega merki í flestum héruðum landsins. Glæsileg samkomuhús hafa risið upp og leyst af hólmi gömlu samkomuhúsin, sem mörg voru frá fyrstu árum ungmennafélaganna. Lögin marka því tímamót í þessum málum. Ríflegur stuðningur félagsheimilasjóðs — 40% — við byggingarnar hefur leyst úr læðingi mikil framlög, áhuga og fórnarlund um land allt fyrir byggingu félagsheimilanna. Með þeim er skapaður betri grundvöllur fyrir félags- og skemmtanalífið en áður þekktist.

Kvikmyndasýningar fara þó enn fram hjá flestum félagsheimilunum, enda þótt hér sé um að ræða skemmtun, sem fólk sækir almennt einna mest og er einhver hin ódýrasta, sem völ er á. Að vísu munu sums staðar til 16 m/m sýningarvélar, en þær 16 m/m kvikmyndir, sem hér eru til, eru næsta einhæfar, einkum fræðslumyndir og áróðursmyndir frá erlendum sendiráðum.

Í kaupstöðum landsins, 14 að tölu, eru alls staðar kvikmyndahús — eitt eða fleiri. Þau eru ýmist í einkaeign eða rekin af opinberum aðilum eða félögum. Íbúafjöldi þessara kaupstaða er 112839 samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 1. des. 1958. Í þeim er því alls staðar greiður aðgangur að kvikmyndahúsum.

Í 62 kauptúnum landsins eru 35 m/m kvikmyndavélar í 18 þeirra, einkum þeim stærstu. Íbúafjöldinn er 24079, og mun helmingur þeirra búa í umræddum 18 kauptúnum.

Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi 35 m/m kvikmyndavélar. Íbúafjöldi þeirra er 33238.

Af íbúum landsins búa því 33 þús. í sveitum og 12 þús. í kauptúnum, eða alls 45 þús., sem ekki hafa aðstöðu til að njóta venjulegra kvikmynda í heimabyggð sinni. Þetta eru rúmlega 26% þjóðarinnar.

Ýmsir munu segja, að 16 m/m kvikmyndir geti þarna bætt úr, en svo er ekki nema að sáralitlu leyti. Af kunnáttumönnum er upplýst, að 16 m/m útgáfur eru teknar af mörgum 35 m/m kvikmyndum, um leið og þær eru gerðar. Og af flestum kvikmyndum eru gerðar 16 m/m „kopíur" eftir 4—5 ár. Kvikmyndahús, sem flytur inn 35 m/m kvikmynd, fær jafnframt sýningarrétt að 16 m/m myndinni í tiltekinn árafjölda. Flytji kvikmyndahús inn báðar gerðirnar og leigi síðan 16 m/m myndirnar til sýningar í dreifbýlinu, þar sem einungis eru til 16 m/m sýningarvélar, þá bætist við greiðsla fyrir sýningarréttinn á 16 m/m myndunum. Þetta þýddi allmiklu meiri gjaldeyriseyðslu en ef alls staðar væri hægt að nota 35 m/m kvikmyndir.

Á 35 m/m kvikmyndavélar er hægt að kaupa linsur, svo að þær geti sýnt „cinemascope" myndir, sem nú tíðkast mjög.

Kvikmyndavél fyrir 35 m/m myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði um £ 1003-7-10 eða í ísl. kr. 107423.00 í innkaupi. Samkvæmt útreikningi tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík eru aðflutningsgjöldin kr. 174991.00 og sundurliðast þannig:

1. Verðtollur 90%	kr.	96 681.00
2. Tollstöðvagjald o. fl.	—	1 934.00
3. Söluskattur 16.5%	—	33 677.00
4. Innflutningsgjald 16.5%	—	33 677.00
5. Söluskattur 3.3%	—	9 022.00
Alls	kr.	174 991.00

Kaupverð vélanna, eftir að þær hafa komizt í gegnum tollinn, verður þá kr. 282 414.00. Það er augljóst mál, að fámenn byggðarlög rísa ekki undir kaupum á svo dýrum sýningarvélum.

Kvikmyndasýningar geta aldrei orðið arðvænlegar í fámenninu, en kvikmyndir eiga samt sem áður jafnbrýnt erindi þangað og í fjölmennið. Með frumvarpi þessu er því lagt til að auðvelda ¼ hluta þjóðarinnar að veita sér þá skemmtun og fræðslu, sem kvikmyndir búa yfir. Svo að undanþágan verði ekki misnotuð, er gert ráð fyrir, að hún sé bundin við eina sýningarvél handa hverju félagsheimili.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ekki skapað neitt nýtt fordæmi, sem hættulegt gæti talizt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild til undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenzka höfunda og sitt hvað fleira. Það virðist því vera sanngjarnt, að þessum þætti sé bætt við, ef það gæti orðið til þess, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar. Fyrir ríkissjóð verður undanþága þessi ekkert tap, því að engar líkur benda til þess, að byggðarlög þau, sem gert er ráð fyrir að undanþágan nái til, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem þær nú kosta, og tekjur af rekstri þeirra yrðu alltaf sáralitlar í fámennum byggðarlögum.

Ég hef rætt mál þetta mjög ýtarlega við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa, sem þekkir öllum öðrum betur rekstur félagsheimilanna og ástæður þess fólks, sem þau hefur byggt. Hann telur það mjög auka gildi félagsheimilanna, ef skilyrði væru þar til sýningar á venjulegum kvikmyndum, auk þess sem þúsundir manna fengju

með því viðunandi aðstöðu til að njóta þessa merka menningartækis á borð við aðra þegna þjóðfélagsins. Frumvarp þetta er tilraun til að jafna þarna metin að nokkru.

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um lagfæringu vegarins frá Grindavík að Reykjanesvita í Gullbringusýslu.

Flm.: Alfreð Gíslason, bæjarfógeti, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri lagfæra veginn milli Grindavíkur og Reykjanesvita, þannig að hann verði akfær venjulegum farartækjum.

Greinargerð.

Vegalengdin milli Reykjanesvita og Grindavíkur er um 10 km. Vegur sá, sem nú er notazt við milli Staðar í Grindavík og Reykjanesvita, var lagður árin 1926—1928 af þáverandi vitaverði. Gerð vegarins var fyrst og fremst miðuð við það eitt, að hann væri nokkurn veginn fær hestvögnum, enda aðallega til hans stofnað með það fyrir augum, að vitavörður ætti hægara með aðdrætti frá Grindavík.

Þótt vegur þessi hafi upphaflega ekki verið gerður sem akvegur fyrir bifreiðar, hafa þær þó getað klöngrazt yfir hann, en yfirleitt er hann ekki talinn fær nema sterkum vörubifreiðum eða jeppum. Það kom brátt í ljós, að vegur þessi var ekki aðeins nauðsynlegur vegna aðdrátta vitavarðarins, heldur hefur hann síðan verið talinn lífsnauðsynlegur vegna hinna tíðu skipstranda á þessum slóðum.

Alþjóð er kunnugt, að strandlengjan frá Grindavík að Reykjanestá er einn annálaðastur strandstaður á Íslandi. Þar hefur farizt fjöldi skipa, erlendra og innlendra, og tugir sjómanna hafa þar týnt lífi sínu í brimgarðinum.

Í Grindavík er ein fræknasta björgunarsveit landsins, og hefur hún ætíð átt í miklum erfiðleikum með að koma sér og tækjum sínum á strandstað vegna þess, hve vegurinn er ógreiðfær. Lítil áherzla hefur verið lögð á viðhald vegarins, en með þeim stórvirku vinnuvélum, sem nú eru fyrir hendi, er tiltölulega auðvelt að gera veg þennan nokkurn veginn greiðfæran á skömmum tíma án mikils tilkostnaðar, þar sem hann liggur að mestu um apalhraun, sem auðvelt er að vinna. Vegur þessi hefur hins vegar algera sérstöðu vegna hins þýðingarmikla hlutverks, sem hann gegnir, og telja flutningsmenn þessarar tillögu, að brýna nauðsyn beri til, að hafizt verði handa um lagfæringu hans nú á þessu sumri.

Nánar í framsögu.

Sþ. 419. Breytingartillögur [21. mál]

við till. til þál. um jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi.

Frá Daníel Ágústínussyni og Jóni Árnasyni.

a. Við tillgr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, með tilliti til hitaveitu til Akraness.
b. Við fyrirsögn. Fyrir orðin „og á Reykjanesi“ komi: á Reykjanesi og að Leirá í Borgarfirði.

Sþ. 420. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um milliþinganefnd í skattamálum.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd í skattamálum, sem semji frumvarp að heildarskattalöggjöf. Við samningu þessa frumvarps verði m. a. höfð þessi meginsjónarmið:

a. Að tekju- og eignarskattur og útsvör verði sameinuð og lögð á í einu lagi og renni í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna.
b. Að settar verði reglur um skiptingu tekjuskatts og eignarskatts þessa á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar; enn fremur reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna.
c. Að opinber gjöld fari aldrei fram yfir sanngjarnt hámark af hreinum tekjum gjaldenda.
d. Að veltuútsvar verði fellt niður.
e. Að skattstigi verði lögboðinn.
f. Að skattálagning og skatteftirlit verði falið skattstjórum eftir því sem við verður komið, og ríkisskattanefnd breytt í stjórnarvaldadómstól í skattamálum.
g. Að þyngd verði viðurlög við skattsvikum.
h. Að innheimta skatta verði færð á eina hönd.
i. Að skattar verði innheimtir með tímabilsgreiðslum.

Greinargerð.

Skattamál ríkisins og sveitarfélaganna eru yfirgripsmikil og vandmeðfarin. Sá háttur hefur tíðkazt hér á landi, að beinir skattar til ríkisins, t. d. tekju- og eignarskattur, eru á lagðir af skattstjórum og skattanefndum og innheimtir af bæjarfógetum og sýslumönnum. Útsvörin, sem eru aðaltekjustofn sveitarfélaganna, eru á lögð af niðurjöfnunarnefndum og hreppsnefndum, en innheimt á skrifstofum hinna ýmsu sveitarfélaga. Þessi skipting beinu skattanna og hið tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, sem henni fylgir, er óeðlilegt, þungt í vöfum, dýrt í framkvæmd og bindur vinnuafl að óþörfu, sem mikil þörf er fyrir í framleiðsluatvinnuvegunum. Víða erlendis er búið að afnema þetta tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, og þykir hin nýja skipan og sameining skattanna hafa ótvíræða kosti umfram eldra skipulagið.

Það sjónarmið í skattamálum, að gjaldendur greiði sömu skatta af sömu tekjum og eignum án tillits til búsetu, er lýðræðislegast, sanngjarnast og veldur minnstum deilum. Sú skipan, sem hér hefur verið á þessum málum, þverbrýtur þessa meginreglu, þegnunum er stórlega mismunað eftir því, hvar þeir eiga búsetu.

Hið nýja stjórnarfrumvarp um bráðabirgðabreyting á útsvarslögunum, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir því, að mismunurinn haldist áfram. Útsvarsstigarnir þrír, sem þar á að lögbjóða, eru samdir með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára um tekjuþörf hvers sveitarfélags, og til voru kvaddir ýmsir sérfræðingar í þeim efnum, svo sem bæjarstjórar og oddvitar. **Útsvarsstigarnir gefa því upplýsingar um ástandið í þessu efni.**

Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu er til þess ætlazt, að einstaklingur, búsettur í Reykjavík, gjaldi ekkert útsvar af hreinum tekjum upp að 25000 kr. Sé hann hins vegar búsettur í öðru bæjarfélagi, verður hann að greiða af sömu tekjum 2145 kr., og búi hann í hreppsfélagi, greiðir hann 2625 kr. af þessum tekjum. Einstaklingur með allt að 15000 kr. hreinar tekjur, sem býr í öðru bæjarfélagi en Reykjavík, er útsvarsfrjáls, búi hann hins vegar í sveitahreppi, eru útsvarsfrjálsar tekjur hans innan við 3000 kr. hreinar tekjur.

Af 50000 kr. hreinum tekjum er einstaklingi ætlað að gjalda í tekjuútsvar:

Búsettur í Reykjavík	6090 kr.
Búsettur í öðru bæjarfélagi	8200 —
Búsettur í hreppsfélagi	6680 —

Sé litið á atvinnureksturinn í þessu tilliti, tekur ekki betra við, og skulu þessi dæmi tilfærð úr stjórnarfrumvarpinu um útsvör:

Fyrirtæki:	Aðsetursstaður:	Veltuútsvar %
Nýlenduverzlun	Reykjavík	0.5%
	Utan Reykjavíkur	allt að 2 %
Kjöt- og fiskverzlun	Reykjavík	0.6%
	Utan Reykjavíkur	allt að 2 %
Iðnaður	Reykjavík	1 %
	Utan Reykjavíkur	allt að 2 %
Lyfjaverzlun	Reykjavík	1.1%
	Utan Reykjavíkur	allt að 3 %
Fiskiðnaður	Reykjavík	0.6%
	Utan Reykjavíkur	allt að 2 %

Dæmi þessi nægja til að sýna óréttlæti þessara mála. Þessi skipan hlýtur að stuðla að því, að atvinnureksturinn og einstaklingarnir hópist til Reykjavíkur, en önnur bæjar- og hreppsfélög búi áfram við þröngan kost. Ekki væri það neinum til góðs.

Eins og að framan getur, gerir frumvarpið um bráðabirgðabreyting á lögum um útsvör ráð fyrir lægri tekjuútsvarsstiga á algengustu tekjur einstaklinga og lægri veltuprósentu í Reykjavík en í öðrum sveitarfélögum. Þrátt fyrir það fær Reykjavík miklu hærra meðalútsvar á íbúa en nokkurt annað sveitarfélag í landinu. Lætur nærri, að helmingur heildarútsvara á öllu landinu falli í hennar hlut, enda þótt íbúafjöldinn þar sé aðeins um ⅖ hlutar af íbúatölu landsins. Hér um veldur aðallega sú staðreynd, að flest stærstu viðskiptafyrirtæki landsins, heildsöluverzlanir og einkasölur ríkisins o. fl. aðilar, sem verzla við landsmenn alla, gjalda há útsvör, sem renna óskipt í bæjarsjóð Reykjavíkur. Þannig munu Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasalan hafa á s. l. ári goldið 11.1 millj. kr. í útsvar þangað.

Við núverandi skipulag þessara mála gefst þannig einstaka sveitarfélögum aðstaða til þess að skattleggja stórlega íbúa annarra sveitarfélaga og þá aðallega í gegnum veltuútsvörin. Þetta gildir ekki aðeins um Reykjavík, heldur einnig um fleiri bæjarfélög og hreppsfélög, þar sem eru stórar viðskiptastöðvar fyrir nálæg héruð.

Um réttláta skiptingu tekju- og eignarskatts þessa milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna er ekkert hægt að fullyrða að sinni. Þar kemur svo margt til greina, og yrði það verkefni væntanlegrar milliþinganefndar að gera tillögur um hana. Hins vegar telja flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar eðlilegt, að hluta sveitarfélaganna af skatti þessum yrði skipt þeirra í milli eftir sömu reglum og hluta sveitarfélaganna af söluskatti er nú skipt.

Þá þykir sjálfsagt, að í lög verði tekin ákvæði, er tryggi, að aldrei verði hægt að krefja gjaldanda um hærri opinber gjöld hverju sinni en hreinum tekjum nemi, eins og nú er hægt að gera, enda verði skattaeftirlit skerpt frá því, sem nú er, og viðurlög við skattsvikum þyngd.

Veltuútsvörin, eins og þau eru hér tíðkuð, munu vera íslenzkt fyrirbæri, sem enga hliðstæðu á erlendis. Rökstuðningurinn fyrir þeim er sá hjá mörgum, að þau séu nauðsynleg nauðvörn sveitarfélaganna gegn undandrætti tekna í atvinnurekstrinum. Sé slíkt rétt, þá hljóta veltuútsvörin að verka sem viðbótarskattur á alla þá mörgu aðila í atvinnurekstri, sem telja rétt og heiðarlega fram. Auk þess má benda á, að skattyfirvöld hafa heimild til að áætla tekjur og eignir hjá þeim gjaldendum, sem skila tortryggilegum framtölum.

Sjálfsagt er að lögbjóða skattstiga og lögfesta sérstakar lækkunarástæður, svo að ljóst liggi fyrir almenningi, hvernig skattar hans séu ákveðnir.

Það væri auðvelt að benda á marga aðra ágalla núgildandi fyrirkomulags í skattamálum sveitarfélaganna og ríkisins og ótvíræða kosti þess skipulags, sem hér er lagt til að upp verði tekið, en það verður látið bíða og að því vikið í framsöguræðu.

Sþ. 421. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu. Minni hl. nefndarinnar telur rétt, að fram komi viljayfirlýsing Alþingis um, að ekki verði dregið úr útlánum byggingarsjóðs ríkisins eða byggingarsjóðs sveitabæja og tekið tillit til hækkandi byggingarkostnaðar og fjölda þeirra umsókna, sem fyrir liggja. Meiri hl. virðist ekki vilja gera neina ályktun um þetta mál og mun gera grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega.

Lög um húsnæðismálastjórn o. fl. voru sett á árinu 1955 (nr. 55 20. maí það ár) og þar með komið á fót sérstakri íbúðalánastarfsemi fyrir kaupstaði og kauptún í stað smáíbúðadeildarinnar frá 1952, sem jafnframt var lögð niður. Þessum lögum var árið 1957 breytt í lög um húsnæðismálastofnun o. fl. og þá m. a. tekin upp ákvæði um skyldusparnað ungmenna og byggingarsjóð ríkisins. Á árunum 1955—1959 voru útborganir lána úr veðdeild Landsbankans samkv. nefndum lögum sem hér segir:

Árið	1955	678	lán	(A og B)	samtals	kr.	24434000.00 (hluti úr ári)
—	1956	2049	—	(A og B)	—	—	63655000.00
—	1957	2342	—	(A og B)	—	—	45670000.00
—	1958	1981	—	(A og B)	—	—	48769000.00
—	1959	1695	—	(A og B)	—	—	34490000.00

Óafgreiddar lánaumsóknir hjá húsnæðismálastjórn voru 1. apríl s. l. 1842 að tölu, þar af 1120 frá umsækjendum, sem engin lán höfðu fengið. 712 voru um viðbótarlán, og af þessum 712 voru 217 frá umsækjendum, sem höfðu fengið 70 þús. kr., en 495 frá þeim, sem minna höfðu fengið. Ef afgreiða ætti hverja af þessum umsóknum t. d. með 100 þús. kr. láni eða því, sem á þá upphæð vantar, þyrfti til þess um 150 millj. kr. En gera má ráð fyrir, að fleiri umsóknir berist, áður en næsta úthlutun fer fram.

Eins og þegar er fram komið, hafa útlán á árunum 1956—1958 verið að meðaltali nál. 52,7 millj. kr. á ári. En á árinu 1959 hefur dregið til muna úr útlánum. Það ár urðu þau ekki nema 34,5 millj. kr. Í byrjun þessa árs (1960) var úthlutað 15 millj. kr. Ríkisstjórnin telur sig hafa útvegað 25 millj. kr. til útlána á árinu 1960, en gerir auk þess ráð fyrir að geta fengið sparisjóði til að breyta 15 millj. kr. víxillánum í föst lán. Enn eru þessar ráðagerðir ekki komnar til framkvæmda, svo að kunnugt sé. Hins vegar hefur byggingarkostnaður hækkað til mikilla muna síðustu 1—2 árin, og er skammt að minnast þeirra miklu verðhækkana, sem orðið hafa á þessu ári á byggingarefni vegna hinna nýju laga um efnahagsmál. En fyrir liggur mikill fjöldi óafgreiddra umsókna, eins og greint er frá hér að framan. Þegar á þetta er litið, virðist óhjákvæmilegt, að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að sjóðurinn fái fjármagn til að bæta úr aðkallandi þörfum. Þannig þarf að reyna að koma í veg fyrir, að menn neyðist til að láta íbúðir sínar af hendi og að íbúðir í smíðum standi óhæfilega lengi ónotaðar vegna fjárskorts.

Um byggingarsjóð sveitabæja er það að segja, að á árinu 1959 voru að telja má engin ný lán veitt úr sjóðnum, aðeins haldið áfram að borga út eftirstöðvar þeirra lána, sem byrjað var að borga út árið 1958 eða fyrr. Þeir bændur, þ. á m. nýbýlamenn, sem komu íbúðarhúsum undir þak á s. l. ári, hafa mánuðum saman árangurslaust beðið eftir þeirri afgreiðslu, sem jafnan undanfarið hefur farið fram fyrir áramót. Um lán út á byggingarframkvæmdir á þessu ári er svo allt í óvissu. Hér þarf því jöfnum höndum að bæta úr þeirri afturför, sem orðið hefur á árinu 1959, og tryggja áframhaldandi starfsemi með venjulegum hætti á þessu ári. Þarf þá einnig að taka tillit til hækkandi byggingarkostnaðar, sbr. það, sem fyrr var sagt um það efni.

Minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að byggingarsjóður ríkisins og byggingarsjóður sveitabæja fái það fjármagn til umráða á þessu ári, sem þeim er nauðsynlegt — að dómi húsnæðismálastjórnar ríkisins og byggingarsjóðs sveitabæja — til þess að þeir geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum, og þá m. a. hækkað einstök lán með tilliti til hækkunar á byggingarkostnaði.

Alþingi, 9. maí 1960.

Gísli Guðmundsson, frsm. Björn Pálsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 422. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Unnar Stefánsson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Á eftir ff-lið í 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Að endurgreiða aðflutningsgjöld af blómlaukum og blómfræi samkv. nr. 8 í 6. kafla og nr. 1 í 12. kafla tollskrárinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Sölufélags garðyrkjumanna, og felst í því heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af tveimur rekstrarvörum garðyrkjubænda, blómlaukum og blómfræi, sambærileg við endurgreiðsluheimild hliðstæðra gjalda af öðrum rekstrarvörum landbúnaðarins.

Innflutningsgjald af blómlaukum er nú 44% auk 54% verðtolls og af blómafræi 33% auk 3.6% verðtolls og því mikið misræmi á verðlagi þessara skyldu vöruflokka.

Endurgreiðsla þessara aðflutningsgjalda hefði í för með sér óverulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð, en mundi að nokkru draga úr því misvægi, sem skapazt hefur á verðlagi garðyrkjuafurða og annarra landbúnaðarafurða, m. a. vegna niðurfellingar aðflutningsgjalda.

Sþ. 423. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um endurskoðun á lögum um vegi.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Einar Sigurðsson, Björn Pálsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun og endurskoðun á lögum um þjóðvegi, sýsluvegi, fjallvegi og hreppavegi og sé þeirri endurskoðun lokið áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Fram hafa komið á Alþingi því, sem nú er senn að ljúka, margar breytingartillögur við vegalög. Lúta þær allar að því að leggja til, að vegalög verði opnuð og vegaspottum í öllum kjördæmum landsins, nema Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi, verði bætt inn á þjóðvegakerfið. Alls er þar um allmikla aukningu að ræða við þjóðvegakerfið, eða 1163.4 km.

Á sínum tíma var öllum þessum brtt. vísað til samgöngumálanefnda þingsins, en þær sendu hins vegar till. til vegamálastjóra til umsagnar. Komið er nú frá honum ýtarlegt álit, sem gengur í aðalatriðum í þá átt að leggja til, að vegalög verði ekki opnuð á þessu þingi, þar sem fjárframlög til þjóðvega séu svo takmörkuð, að taka muni um 30 ár að fullgera þá þjóðvegi, sem þegar hafa verið ákveðnir, með viðlíka fjárframlagi árlega og verið hefur hin síðustu ár.

Liðin eru nú 5 ár, síðan vegalög hafa verið opnuð, og er það lengri tími en verið hefur áður.

Að undanförnu hafa viðaukar við þjóðvegakerfið einkum verið þannig til komnir, víða a. m. k., að kaflar sýsluvega hafa verið teknir inn, en sýsluvegakerfið hins vegar fært út heima fyrir að sama skapi.

Eins og nú hagar háttum manna og viðskiptum, er hvert byggðarlag svo að segja dæmt úr leik, sem ekki hefur sæmilegt vegasamband, svo og einstök býli.

Í fjöldamörgum byggðarlögum er ástandið að þessu leyti enn algerlega óviðunandi að meira og minna leyti, jafnvel sums staðar þar, sem þó eru sæmilegir akvegir um aðalbyggðirnar. Úr þessu verður að bæta, og til þess eru ýmis ráð.

Þjóðvegakerfið verður að færa eitthvað út frá því, sem nú er, og fjárframlög til þjóðvega er óhjákvæmilegt að auka á næstu árum, jafnvel afla lána til að hraða þar einstökum vegalagningum. Fjárráð sýsluveganna verður og að auka í miklum mæli, einnig fjárráð hreppavega. Ákvæði um sýsluvegi og sýsluvegasjóði eru gömul og úrelt og tekjur þeirra nú af fasteignum heima fyrir og framlög úr ríkissjóði á móti í engu samræmi við þörf eða það, sem upphaflega var, þegar lög þessi voru sett.

Hin síðari ár hefur lítið sem ekkert verið hægt að vinna að nýlagningu sýsluvega, nema þá helzt fyrir lánsfé. Tekjur þeirra hafa farið í að halda akfærum þeim köflum, sem komnir eru og flestir gerðir af vanefnum. Hvar sem litið er á vegi, blasir við þörf á miklum umbótum.

Endurskoðun sú, sem þáltill. þessi leggur til að fram fari á vegum ríkisstjórnarinnar, er nauðsynleg og ætti að geta leitt til mikillar úrlausnar í vandamáli, og henni þyrfti að hraða svo mikið, að mál þetta gæti fengið afgreiðslu á næsta reglulegu Alþingi.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

28. marz, 1960.

Tillögur um breytingar á vegalögum.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfum til mín, dags. 10. febrúar og 16. marz þ. á., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1955, um breytingu á vegalögum, nr. 34/1947, á þskj. 47, ásamt breytingartillögum við það frumvarp á þskj. 50 og þskj. 200.

Þá hefur samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis með bréfum til mín, dags. 25. febrúar og 16. marz þ. á., sent mér til umsagnar breytingartillögur við ofangreind lög á þskj. 38, 51, 54, 64, 104, 106, 110, 175, 199 og 202.

Ofangreint frumvarp ásamt breytingartillögum gerir ráð fyrir, að teknir verði í tölu þjóðvega nýir vegir í öllum hinum nýju kjördæmum að Reykjaneskjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi undanskildum. Á meðf. fskj. I er sýnt heildaryfirlit yfir þá vegi, sem ofangreint frumvarp ásamt breytingartillögum gerir ráð fyrir að teknir verði í tölu þjóðvega. Á fskj. II—VII eru tilgreindir hinir einstöku vegir, sem frumvarpið og breytingartillögurnar fjalla um, flokkaðir eftir sýslum og kjördæmum.

Á heildaryfirliti á fskj. I sést, að samkvæmt tillögum þessum verða 1163.4 km nýrra vega teknir í þjóðvegatölu. Þar af eru 877.3 km nú í tölu sýsluvega, 75.7 km í tölu hreppavega og 210.4 km ekki í neinum vegaflokki. Af þessum 1163.4 km eru 408.4 km ekki akfærir, 426 km ruddir, en 399 km lagðir vegir. Þessir nýju vegakaflar ná til alls 434 bæja, og á þeim eru 108 óbrúaðar ár og af þeim 53, sem taldar eru þurfa 10 m langar brýr og stærri.

Með bréfi til samgöngumálanefnda efri og neðri deildar Alþingis, dags. 2. marz 1959, var gerð grein fyrir því, hve langt var komið lagningu opinberra vega í árslok 1958, en þá voru taldir í þjóðvegatölu 8268 km. Af þeim vegum voru 5051.7 km taldir lagðir vegir, 2483.9 km ruddir vegir, en 732.4 km ekki akfærir. Með tillögum þeim, er að framan greinir, er lagt til, að 1163.4 km af nýjum vegum verði teknir í þjóðvegatölu, og svarar það til, að þjóðvegir verði lengdir um 14% frá því, sem nú er. Af þessum 1163.4 km eru 877.3 km, eða um 75%, nú í tölu sýsluvega, og lætur því nærri, að um þriðjungur allra sýsluvega á landinu verði gerður að þjóðvegum með tillögum þessum. Í árslok 1958 voru liðlega 7500 km af þjóðvegum taldir akfærir, en með samþykkt ofangreindra tillagna lengjast akfærir vegir um 755 km eða liðlega 10%. Bein afleiðing af þessu yrði því, að viðhaldskostnaður þjóðvega mundi aukast um 5—6 millj. kr. þegar á fyrsta ári, þar sem það félli í hlut ríkisins að halda við þessum nýju vegum, sem akfærir teljast, en geta má þess jafnframt, að ástand þeirra sýsluvega, sem teknir hafa verið í þjóðvegatölu seinast 1955 og áður 1951 og 1947, hefur yfirleitt verið þannig, að þeir hafa verið mjög vanræktir og því verið mun viðhaldsfrekari heldur en þjóðvegirnir almennt.

Í ofangreindri greinargerð til samgöngumálanefnda efri og neðri deildar Alþingis frá 2. marz 1959 var þess getið, að með svipuðum fjárveitingum og verið hafa til nýrra þjóðvega á undanförnum árum mundi það taka um 30 ár að ljúka byggingu þeirra þjóðvega, sem þá voru aðeins ruddir eða ekki akfærir. Með því að bæta nú í tölu þjóðvega 834 km af nýjum vegum, sem aðeins eru ruddir eða ekki akfærir, er bætt við 8—10 ára verkefni í lagningu nýrra akvega, og virðist tæpast þörf á slíku, þegar fyrir liggur allt að 30 ára verkefni í þessum efnum.

Verði fjárframlög til byggingar nýrra þjóðvega ekki stórlega aukin, þá fæ ég ekki séð, að það hafi nokkurn raunhæfan tilgang að taka í tölu þjóðvega fleiri hundruð kílómetra nýrra vega nú. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til greinargerðar minnar til samgöngumálanefnda Alþingis frá 2. marz 1959 og ítreka þá skoðun mína, er þar kom fram, að opnun vegalaga nú sé alls ekki tímabær, og

legg því eindregið til, að ofangreint frumvarp ásamt breytingartillögum verði ekki samþykkt á Alþingi því, er nú situr.

Hins vegar vil ég leyfa mér að benda á það, að ýmis almenn ákvæði vegalaganna þarfnast endurskoðunar og full ástæða væri til þess, að slík endurskoðun yrði gerð og lögð fyrir næsta Alþingi, og þá væri jafnframt ástæða til þess að endurskoða 2. gr. laganna í heild í sambandi við þá heildarathugun á vegakerfi landsins, sem nú er unnið að samkvæmt þingsályktun frá 27. marz 1958, en hluti af greinargerð um þá heildarathugun var sendur samgöngumálanefndum Alþingis með bréfi 2. marz 1959.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálanefnda efri og neðri deildar, Alþingis, Alþingi.

Sþ. 424. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt. Tillagan var send veiðimálastjóra til umsagnar, og mælir hann með samþykkt hennar. — Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt. Páll Þorsteinsson mætti í forföllum Halldórs Ásgrímssonar.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Jón Árnason.	Ingvar Gíslason.	Daníel Ágústínusson.
Páll Þorsteinsson.	Guðlaugur Gíslason.	

Sþ. 425. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og telur rétta og sanngjarna þá skipulagsbreytingu, sem þar er gert ráð fyrir. Þessi breyting getur þó eigi orðið án ýmissa tæknilegra ráðstafana. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „samræmd verði“ í tillgr. komi: svo fljótt sem auðið er.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Guðlaugur Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	Daníel Ágústínusson.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	

Sþ. 426. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um tónlistarfræðslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn fræðslumálastjóra. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Guðlaugur Gíslason. Jónas G. Rafnar. Daníel Ágústínusson.
Páll Þorsteinsson. Jón Árnason.

Sþ. 427. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um tillöguna. Þrír nefndarmenn (IG, DÁ og PÞ) vildu láta samþykkja hana óbreytta, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að hún verði afgreidd með rökstuddri dagskrá. Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Nefndin fékk álit raforkumálastjóra um tillöguna, og er það birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Fellst meiri hl. n. á þau sjónarmið, sem þar koma fram, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð framkvæmd tillögunnar mundi seinka dreifingu raforku um Austur-Skaftafellssýslu og virkjun Smyrlabjargaár í samræmi við hina endurskoðuðu 10 ára áætlun er í senn hagkvæmari fyrir íbúa héraðsins og rekstrarafkomu rafmagnsveitna ríkisins, telur Alþingi ekki rétt að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Með bréfi, dags. 20. þ. m., óskar heiðruð fjárveitinganefnd umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um virkjun Smyrlabjargaár, Austur-Skaftafellssýslu, þskj. 156.

Virkjun Smyrlabjargaár er tiltölulega kostnaðarsamt fyrirtæki, en í Höfn í Hornafirði er starfandi dísilrafstöð. Við síðustu endurskoðun á 10 ára áætluninni var ákveðið að fresta virkjuninni um nokkur ár og leggja í staðinn veitur um sveitirnar út frá dísilrafstöðinni í Höfn. Var þá m. a. haft fyrir augum, að á þennan

hátt ynnist tími til þess að auka raforkunotkun í héraðinu, þannig að markaður yrði fyrir verulegan hluta af orku vatnsorkuversins, þegar það yrði tekið í notkun. Að vísu þarf að auka við vélar í dísilrafstöðinni, til þess að þetta sé hægt, en hitt var líka vitanlegt, að með vatnsorkuverinu er óhjákvæmilegt að starfrækja dísilrafstöð í framtíðinni sem varastöð, bæði fyrir bilunum og fyrir vatnsskorti á sérstökum vatnsþurrðartímabilum.

Ríkið hefur yfirtekið dísilrafstöðina í Höfn í Hornafirði, og er rafmagn selt frá henni með sama verði og það er selt frá þeim rafveitum ríkisins, sem taka raforku frá vatnsorkuverum. Dísilrafstöðin svarar allri eftirspurn eftir raforku, eins og nú er, og mun verða aukin að vélum, eins og með þarf, til þess að svara eftirspurn áfram, þangað til vatnsaflsstöðin er komin upp.

Ég fæ ekki séð annað en að þetta muni vera hin hagkvæmasta tilhögun í raforkuframkvæmdum Austur-Skaftafellssýslu, eins og sakir standa, og virðist ekki vera neinn hagur að því að hraða virkjuninni meira en nú er gert ráð fyrir.

Ég vil jafnframt taka það fram, að samkvæmt þessari endurskoðun á 10 ára áætluninni er lagt um sumar sveitir Austur-Skaftafellssýslu fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir og til jafnaðar um sýsluna alla jafnsnemma og fyrirhugað var.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Sþ. 428. Nefndarálit [6. mál]

um till. til þál. um kaup á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna á allmörgum fundum að undanförnu, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Við undirritaðir, sem skipum minni hluta í þessu máli, höfum athugað efnishlið tillögunnar og tilgang hennar og leggjum til, að hún verði samþykkt með þessari smávægilegu

BREYTINGU:

Í stað „fyrir næstu sumarvertíð“ í síðari mgr. komi: fyrir sumarvertíð 1961.

Það skal tekið fram, að Páll Þorsteinsson tók þátt í störfum fjárveitinganefndar í forföllum Halldórs Ásgrímssonar.

Alþingi, 10. maí 1960.

Ingvar Gíslason, frsm. Daníel Ágústínusson. Páll Þorsteinsson.

Sþ. 429. Fyrirspurn [160. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla frá 2. desember 1955.

Frá Daníel Ágústínussyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla frá 2. desember 1955?

Sþ. 430. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu síldaraflans.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum og fengið umsögn um það frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem mælir með samþykkt þess. Fjárveitinganefnd hefur orðið sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins í nefndinni. Páll Þorsteinsson mætti í forföllum Halldórs Ásgrímssonar.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Ingvar Gíslason, frsm.
Guðlaugur Gíslason. Jón Árnason. Daníel Ágústínusson.
Páll Þorsteinsson. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 431. Nefndarálit [6. mál]

um till. til þál. um kaup á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og fengið umsögn Fiskifélags Íslands, fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands og fiskileitar- og veiðitilraunanefndar um málið.

Allir þessir aðilar eru á einu máli um, að enda þótt æskilegt sé að kaupa sérstakt skip til síldarrannsókna og síldarleitar, þá beri fyrst og fremst að leggja höfuðáherzlu á, að byggt verði hið fyrsta fullkomið rannsóknarskip til haf- og fiskirannsókna, sem Alþingi hefur nú þegar veitt fé til.

Fjárveitinganefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hraða sem allra mest smíði fullkomins rannsóknarskips til haf- og fiskirannsókna og geri jafnframt ráðstafanir til að tryggja, að jafnan séu tiltæk skip og flugvélar til síldarrannsókna og síldarleitar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, form. Jón Árnason, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar. Guðl. Gíslason.

Sþ. 432. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur klofnað í afstöðu sinni til tillögunnar. Meiri hlutinn leggur til, að tillögunni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir mælum eindregið með því, að tillagan verði samþykkt. Samkvæmt 10 ára raforkuáætluninni frá 1954 átti að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu og leggja háspennulínu frá orkuverinu til Hafnar í Hornafirði á árunum 1958—1960. Fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir miklum breytingum á raforkuáætluninni, og var m. a. horfið frá því að virkja Smyrlabjargaá, þrátt fyrir það að efni hafði verið keypt í orkuverið 1958 og sumt af því flutt á virkjunarstað.

Við teljum sjálfsagt mál, að hafizt verði handa um fullnaðarvirkjun árinnar, eins og upphaflega var fyrir mælt í raforkuáætluninni, og álítum bæði rétt og skylt, að Alþingi hlutist til um, að úr því megi verða svo fljótt sem kostur er. Þess vegna leggjum við til, að tillagan verði samþykkt. Þess skal getið, að Páll Þorsteinsson tók þátt í störfum fjárveitinganefndar vegna forfalla Halldórs Ásgrímssonar.

Alþingi, 10. maí 1960.

Páll Þorsteinsson, frsm. Daníel Ágústínusson. Ingvar Gíslason.

Nd. 433. Lög [49. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 288.

Nd. 434. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um lögheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarpið er samið af milliþinganefnd. Það var flutt af nefnd að beiðni félagsmálaráðherra, og er frumvarpið nú komið frá efri deild.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og er hún sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form. Hannibal Valdimarsson, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.

Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.

Sþ. 435. Nefndarálit [46. mál]

um till til þál. um þjóðháttasögu Íslendinga.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna nokkrum sinnum á fundum sínum og m. a. leitað umsagnar um hana hjá þjóðminjaverði og heimspekideild Háskóla Íslands, og styðja þessar umsagnir hina efnislegu hlið málsins.

Fjárveitinganefnd gat þó ekki orðið sammála um að afgreiða tillöguna óbreytta, þó að nefndarmenn væru allir einhuga um mikilvægi þess verks, sem tillagan fjallar um. Hefur orðið samkomulag í nefndinni um, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga fyrir næsta þing, með hvaða hætti hagkvæmast verði unnið að skipulegri þjóðfræðasöfnun og síðar útgáfu þjóðháttasögu, þar sem lýst verði svo skilmerkilega sem kostur er þróun íslenzkra þjóðhátta á sem flestum sviðum.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 11. maí 1960.

Magnús Jónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.
Jón Árnason.	Daníel Ágústínusson.	Ingvar Gíslason.
Guðl. Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 436. Nefndarálit [78. mál]

um till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn leggur til að vísa till. frá með rökstuddri dagskrá, en minni hl. vill samþykkja hana. Karl Guðjónsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Leitað var umsagnar Landsbanka Íslands (seðlabankans), Félags ísl. iðnrekenda og nefndar, sem skipuð hefur verið af ríkisstjórninni til þess að athuga lánamál iðnaðarins í heild. Seðlabankinn og nefndin töldu ekki ástæðu til þess að samþykkja tillöguna, þar sem Alþingi hefði þegar samþykkt tillögu að efni til svipaða henni og nefnd væri nú að gera athugun á lánamálum iðnaðarins, sérstaklega endurkaupum seðlabankans á víxlum með tryggingu í iðnaðarvörum. Í svari sínu lagði Félag ísl. iðnrekenda áherzlu á framkvæmd þeirra atriða, sem um getur í ályktun Alþingis 1958 um endurkaup iðnaðarvíxla.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað frá með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Alþingi hefur áður gert efnislega samhljóða ályktun um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins og sérstök nefnd vinnur bæði að athugun málsins og lánamálum iðnaðarins almennt, og í trausti þess, að

þeirri athugun verði hraðað svo sem verða má, sér Alþingi ekki ástæðu til að gera nýja ályktun um málið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1960.

Magnús Jónsson, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.
Jón Árnason. Guðl. Gíslason.

Ed. 437. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, munu skila sérálitum.

Frv. felur í sér breytingu á framkvæmd innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmála í samræmi við yfirlýsta stefnu núv. ríkisstjórnar. Við teljum, að hið aukna frelsi á þessum sviðum muni hafa í för með sér betri nýtingu þess gjaldeyris, sem þjóðin aflar, og verði þannig spor í þá átt að auka þjóðartekjurnar og draga úr dýrtíðinni, auk þess sem hin breytta framkvæmd hefur í för með sér talsverðan sparnað. Breytingar þær, er til framkvæmda kæmu, eftir að frv. þetta er orðið að lögum, eru því að okkar áliti til bóta, og mælum við því með samþykkt þess.

Alþingi, 11. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Sþ. 438. Breytingartillaga [29. mál]

við till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við tillgr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur ályktar þingið að skora á ríkisstjórnina að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra fjárupphæð, til þess að unnt sé að bæta úr brýnustu þörfum.

Nd. 439. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað „25 þúsund krónum“ í 26. gr. laganna komi: 40 þúsund krónum.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.) bætist:
   en endurgreiddur frá ríkissjóði, jafnskjótt sem fjárins er þörf til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr.

Ed. 440. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frv. og framkvæmd þess, eins og hún er boðuð af ríkisstjórninni, ef að lögum verður, er að öðrum þræði eins konar staðfesting á þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem stjórnarflokkarnir hafa leitt yfir almenning, og á þeim samdrætti, sem vofir yfir atvinnulífinu og framleiðslunni. Að hinu leytinu stefnir frv. í sömu átt og undangengnar lagasetningar um efnahagsmálin, sem knúðar hafa verið fram á þessu þingi, miðar að því að herða á samdrættinum, spilla mörkuðum útflutningsframleiðslunnar, auka erlenda skuldasöfnun og gera þjóðina háða lánardrottnunum og þeim mörkuðum, sem þeim eru tengdir.

Í kjölfar þessarar fyrirhuguðu lagasetningar hyggst ríkisstjórnin veita nær ótakmarkaðar heimildir til vörukaupa og eyðslu gjaldeyris og hefur í því skyni tekið stærri erlend eyðslulán en áður hefur þekkzt. Yfirvofandi hætta er á, að þessi lán muni síðan festast í erlendum vörubirgðum og eyðast í gjaldeyriskaupum þeirra, sem fjárráð hafa, og verða varanleg og hættuleg byrði á þjóðinni. Jafnframt hefur svo kaupmáttur almennings gagnvart erlendum varningi verið rýrður um 30—80% og einnig stórlega gagnvart öllum innlendum vörum og þjónustu. Um leið og ríkisstjórnin afnemur bókstaf þeirra takmarkanaákvæða um innflutning og gjaldeyriskaup, sem gilt hafa, áætlar hún, að framvegis muni vörukaup erlendis frá minnka um 200 millj. kr. á ári, miðað við eldra gengi, eða um hartnær 20%. Á þessum áætlunum um auknar takmarkanir innflutnings hefur hún svo byggt tekjuáætlun fjárlaga og aðrar fyrirætlanir sínar. Það er því sýnt, að ríkisstjórnin metur þá kjaraskerðingu, sem hún hefur framkvæmt á launamönnum, svo, að hún komi ekki aðeins að fullu og öllu í stað þeirrar stjórnar, sem verið hefur á innflutningnum, heldur takmarki hann og þar með frelsi almennings til að veita sér erlendar neyzlu- og framkvæmdavörur miklu meira. Það frelsi í orði, sem nú á að veita, er því fyrir allan almenning í reyndinni aðeins staðfesting stjórnarvaldanna á þeirri almennu lífskjaraskerðingu, sem þau telja, að nú sé tryggð og muni hefta vörukaup hans meira en nokkru sinni hefur áður verið gert með innflutningshömlum.

Með þeirri stefnu í verzlunarmálum, sem þetta frv. boðar, er markvisst stefnt að því að brjóta niður þau viðskipti, sem tekizt hafa um mörg undanfarin ár við ríki Austur-Evrópu og tryggt hafa öruggan og vaxandi markað fyrir megnið af hinni miklu framleiðsluaukningu þjóðarinnar um langt skeið. Kemur hvort tveggja til, að innflutningur verður mjög aukinn frá Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á kostnað innflutnings frá jafnkeypislöndunum, og mun það eitt fyrir sig rýra beint markaði okkar þar um 10—15% strax í upphafi, — og einnig hitt, að minnkuð kaupgeta og framkvæmdageta innanlands saxar þessi viðskipti niður. Hafa ýmsir aðilar, þ. á m. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, varað ríkisstjórnina mjög eindregið við afleiðingum slíkra ráðstafana, en allt hefur komið fyrir ekki. Hin nýja stefna hefur þegar leitt til þess, að innflutningur frá jafnkeypislöndunum hefur á fyrstu þrem mánuðum þessa árs rýrnað úr 36% niður í 29%, miðað við sama tíma s. l. ár. Verði þessari stefnu haldið til streitu, er atvinnulífi okkar og framleiðslu stefnt í voða. Óseljanleg framleiðsla hleðst upp, eins og þegar er orðið varðandi fiskmjölið, og lánardrottnar okkar fá í hendur aukið áhrifavald um markaðsverð á okkar framleiðslu.

Samkvæmt „sérstökum frílista“, sem ganga á í gildi að 6 mánuðum liðnum, á að veita ótakmarkaðar heimildir til að hrúga á innanlandsmarkaðinn erlendum iðnvarningi, sem við höfum og getum framleitt að mestu eða öllu leyti sjálfir með góðum árangri og hundruð manna hafa nú framfæri sitt af. Þetta mun leiða af sér stórfelldan samdrátt viðkomandi iðngreina og jafnvel hrun þeirra sumra. Hér er

m. a. um að ræða skógerðir, fatnaðarframleiðslu ýmsa, sápugerðir, málningarframleiðslu o. fl.

Með frv. þessu eru afnumin gildandi ákvæði laga um heimildir til fjárfestingar í meiri háttar framkvæmdum. Þessari breytingu er þó ekki ætlað að stuðla að auknum framkvæmdum, þar sem samhliða aðgerðir: stórhækkaður framkvæmdakostnaður, skipulagðar lánsfjárhömlur, vaxtaokur og launalækkanir, leggja miklum mun meiri hindranir í götu allra framkvæmda og framfara en áður hafa gilt. Hins vegar eru nú minnkandi líkur fyrir, að þau sjónarmið ráði um fjárfestingu, sem taka tillit til hagsmuna heildarinnar. Valdið er hér sem annars staðar fengið í vaxandi mæli í hendur fjármagnsins og tillitslausra gróðasjónarmiða. Þessi stefna er þegar farin að segja til sín víða um land. Dauð hönd efnahagsaðgerðanna leggst með vaxandi þunga yfir athafnalífið. Bygging nýrra íbúðarhúsa er þegar svo til stöðvuð utan Reykjavíkur og næsta nágrennis, sömuleiðis stofnun býla og byggingar- og ræktunarframkvæmdir í sveitum. Framkvæmdir til atvinnu- og framleiðsluaukningar heyra þegar til undantekningum.

Þegar annað um þrýtur, er því á lofti haldið, að hin nýja skipan innflutnings- og gjaldeyrismála spari hinu opinbera og almenningi miklar fjárhæðir. Þetta er fullkomin blekking. Engar líkur eru til, að hið nýja fyrirkomulag verði kostnaðarminna en hið fyrra. Allur munurinn er sá, að gjaldeyrisbankarnir fara nú með framkvæmdina ásamt „sérstökum“ pólitískum fulltrúum ríkisstjórnarinnar og setja upp nýja stofnun með fjölmennu starfsliði í stað þeirrar, sem niður er lögð.

Af framangreindum ástæðum svo og öðrum, sem ég mun nánar gera grein fyrir í umræðum, er ég andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. maí 1960.

Björn Jónsson.

Sþ. 441. Nefndarálit [1. mál]

um till til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna nokkrum sinnum, en ekki hefur hún fengizt afgreidd fyrr en nú, er meiri hlutinn, þ. e. stuðningsmenn stjórnarinnar, hefur kveðið upp úr með það, að hann vilji láta vísa tillögunni til stjórnarinnar. — Á það gat ég sízt af öllu fallizt, og hefur því nefndin klofnað um afgreiðslu tillögunnar. Ég legg til, að tillagan verði samþykkt.

Tillaga þessi um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins er á þingskjali 1, og er hún þannig fyrsta málið, sem lagt var fyrir þetta þing á fyrsta degi þess, þann 20. nóv. 1959. — Þannig hefur tillagan nú eftir fáeina daga legið 7 mánuði í meðförum þingsins.

Fjárþörf byggingarsjóðs ríkisins var mikil og brýn á s. l. hausti, þegar tillagan var flutt. En nú liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um það, að fjárþörf húsnæðismálastofnunarinnar hefur stóraukizt síðan.

Það, sem síðan hefur gerzt, að því er snertir fjárútvegun til húsnæðismálanna, er þetta helzt:

1. Ríkisstjórnin fékk 15 millj. kr. bráðabirgðalán hjá seðlabankanum. En lán þetta átti að greiðast af tekjum byggingarsjóðs á árinu. Þetta var því sýndarráðstöfun ein og hefur ekki aukið fjárráð stofnunarinnar um eina einustu krónu á þessu ári.

2. Snemma í vetur lofaði ríkisstjórnin að útvega húsnæðismálastofnuninni 40 millj. kr., og skyldi sú upphæð vera umfram árstekjur stofnunarinnar.

En mánuður leið eftir mánuð, og ekki var loforðið efnt. Og þó að nú sé komið fram í miðjan maí, hefur loforðið um útvegun 40 milljónanna ekki enn þá verið efnt.

En segjum, að það verði samt efnt einhvern tíma á árinu. Og er fjárhag húsnæðismálastofnunar ríkisins þá ekki borgið?

Nei, svo sannarlega ekki. Því fer í rauninni fjarri, að svo sé.

Frá því hefur verið skýrt, að seðlabankinn muni útvega 25 millj. af þessum 40. Hafa nú verið gefnar vonir um, að 12.5 millj. greiðist í þessum eða næsta mánuði og síðari helmingur upphæðarinnar einhvern tíma á seinni hluta ársins. Þær 15 millj., sem þá eru eftir, mun ætlunin að fá hjá bönkum þeim og sparisjóðum, sem veitt hafa bráðabirgðalán til húsnæðismála út á væntanleg lán frá húsnæðismálastofnun ríkisins. Er hætt við, að mjög verði erfitt að fá slík bráðabirgðalán framvegis hjá bönkum og sparisjóðum, þegar þessar lánsfjárupphæðir verða nú festar til langs tíma. Verður því að teljast mjög vafasamt, að þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar komi að nokkru verulegu liði fyrir húsbyggendur. En að svo miklu leyti sem breyting víxillána í föst lán kann að verða einhverjum til hagræðis, þá er hitt víst, að hún er líkleg til að loka leiðum fyrir öðrum um útvegun bráðabirgðalána til húsnæðismála á næstunni, og er það illa farið.

En hver er þá aðkallandi fjárþörf húsnæðismálastofnunarinnar nú?

Þann 1. apríl s. l. voru skýrslur hjá húsnæðismálastofnuninni um 965 fokheldar íbúðir, sem nú þegar eiga fullan rétt á lánum, en hafa ekkert byrjunarlán fengið. Til þess að fullnægja þeim umsóknum með 100 þús. kr. lánum þarf 96 millj. og 500 þús. kr. Þá eru einnig hjá stofnuninni 495 umsóknir, sem aðeins hefur verið fullnægt að litlu leyti eða að jafnaði með ca. 35000 kr. byrjunarláni. Til þess að hver þessara lánbeiðenda fengi 100000 kr. lán, vantar stofnunina 32 millj. 175 þús. kr. Þá eru ennfremur hjá stofnuninni 217 umsóknir, sem afgreiddar hafa verið með 70000 kr. byrjunarlánum. Til þess að hver þeirra gæti fengið 30000 kr. viðbótarlán, vantar húsnæðismálastofnunina 6 millj. 510 þús. kr.

Þannig vantaði húsnæðismálastofnunina 1. apríl s. l. 135 millj. og 185 þús. kr. til þess að geta fullnægt þeim lánsumsóknum, sem þann dag áttu fullan rétt til lána. En með þessu er þó ekki öll sagan sögð.

Auk allra þeirra umsókna, sem þegar hafa verið nefndar, liggja enn fremur 165 umsóknir um íbúðalán hjá stofnuninni vegna húsa, sem búast má við að verði fokheld í þessum og næsta mánuði og eigi þá fullan rétt til lána. Til þess að fullnægja þeim þarf húsnæðismálastofnunin 16.5 millj. kr. Samtals vantar því húsnæðismálastofnun ríkisins 151 millj. 685 þús. kr. vegna 1842 íbúða í smíðum. — Hér eru ekki með taldar 127 umsóknir, sem hjá stofnuninni liggja og taldar eru ófullkomnar á ýmsan hátt. Er ekki að efa, að verulegur hluti þeirra mun reynast fullnægjandi, þegar umsækjendum hefur gefizt kostur á að veita viðbótarupplýsingar. En látum þær liggja óbættar hjá garði ásamt þeim hundruðum lánsumsókna, sem vafalaust eiga eftir að berast á seinni helmingi þessa árs.

Af föstum tekjum húsnæðismálastofnunarinnar á árinu 1960 eru eftir í mesta lagi 25 millj. Þar við bætast væntanlega aðrar 25 millj. samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar. Þetta eru 50 millj. Hins vegar legg ég ekkert upp úr loforðinu um að breyta 15 millj. kr. víxillánum í föst lán til lengri tíma.

Þannig vantar þá húsnæðismálastofnun ríkisins um 100 millj. kr. til þess að gera nokkurn veginn hreint borð, miðað við þær umsóknir, sem rétt eiga á lánum nú á miðju ári 1960. En þá er hins vegar reiknað með öllum föstum tekjum stofnunarinnar á þessu ári og gefnum fyrirheitum ríkisstjórnar um viðbótarfjármagn.

Tillaga mín á þingskjali 1 er um 100 millj. kr. viðbótarfjáröflun til byggingarsjóðs ríkisins og hef ég nú rökstutt að þeirrar fjárhagsaðstoðar við húsnæðismálin sé fyllilega þörf.

Þess vegna legg ég til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 11. maí 1960.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 442. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65/1958, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og athugað efni þess, og hefur hún klofnað um afgreiðslu málsins.

Tekjum af innflutningsgjaldi af benzíni hefur þegar verið ráðstafað samkv. fjárlögum, og eru þær því ekki handbærar í þeim tilgangi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Frekari hækkun á þessum innflutningsgjöldum telur meiri hluti nefndarinnar heldur ekki forsvaranlega, eins og sakir standa. Við undirritaðir leggjum því til, að frumvarp þetta og sú breytingartillaga við 1. gr. frumvarps um efnahagsmál, nr. 4/1960, sem fram kemur í nefndaráliti hv. minni hluta, verði felld.

Alþingi, 11. maí 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 443. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið athugað í nefndinni og hefur orðið ágreiningur um afgreiðslu þess. Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, sem nú liggur fyrir Alþingi, er þess getið, að fjármálaráðherra, sem einnig fer með þann þátt félagsmála, sem varðar tekjustofna sveitarfélaga, hafi skipað nefnd manna til þess að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni. Er þess vænzt, að nefndin muni ljúka þessu viðamikla starfi síðar á árinu og þá verði lagt frumvarp fyrir Alþingi um framtíðarskipan þessara mála. Með tilliti til þess telur meiri hluti nefndarinnar ástæðulaust og varhugavert að samþykkja nefnt frumvarp, þar sem það mundi aðeins tefja heildarlausn málsins, og leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. maí 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 444. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. maí 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Ed. **445. Nefndarálit** [131. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn dulbýr stefnu sína með ýmsu móti. Hún veit, að óvinsældir aðgerða hennar eru miklar meðal almennings. Þess vegna setur hún þær á svið í margs konar gervum. Enn fremur reynir hún að hafa í frammi sjónhverfingar.

Frumvarp þetta um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála er einn af grímubúningum stjórnarstefnunnar. Lægst hin valdfreka og óbilgjarna stjórnarstefna þar vera gyðja frelsisins.

En þegar lesið er frumvarpið, sér í gegnum grímuna, ef nokkurri athygli er beitt.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur strax fram sýndarmennskan. Breytingin frá 1. gr. núgildandi laga er aðeins orðaleikur og tilraun til sjónhverfinga.

Með frumvarpinu á að leysa upp starfsemi Innflutningsskrifstofunnar. En það á samt alls ekki að leggja aðalverkefni hennar niður, heldur fela þau öðrum. Um það vitnar 2. gr. frumvarpsins. Hún hljóðar svo:

„Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa."

Hverjum getur í alvöru fundizt, að með þeim tilfærslum úthlutunarvalds, sem grein þessi felur í sér, sé verið að stíga stór skref í átt til viðskiptafrelsis, — þó að það sé haft að yfirvarpi?

Landsbankinn og Útvegsbankinn eiga að úthluta leyfunum, eins og sakir standa, því að leyfi þarf eftir sem áður, enda vex ekki gjaldeyrir til úthlutunar, þótt þannig sé skipt um úthlutunarstað.

Komið hefur í ljós í umræðum, að áformað sé að mæla svo fyrir í reglugerð, að bankarnir hafi sinn manninn hvor í nefnd til að úthluta leyfum og ríkisstjórnin leggi þriðja manninn til í þá nefnd. Gera má ráð fyrir því, að bankarnir vilji hvor um sig láta taka tillit til sinna viðskiptavina, innlendra og erlendra, þegar þeir úthluta leyfum, og verði því ekki alveg hlutlausir. Af því kann að leiða eitthvert skakkafall fyrir frelsið.

Talið hefur verið, að á Innflutningsskrifstofunni hafi vald leyfisveitinganna verið að jöfnu í höndum fulltrúa allra þeirra stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi. Gizkað er á, að núverandi ríkisstjórn telji þetta dauðasök skrifstofunnar og ætlunin sé með hinni nýju skipan að hagræða málum þannig, að úthlutunarvaldið færist í hendur fulltrúa stjórnarflokkanna, sbr. t. d. niðurlag 2. gr.

Ekki getur það talizt í þágu hins almenna frelsis í viðskipta- og framfaramálum.

Það dylst alls ekki, að í gegnum allt frumvarpið gengur sem rauður þráður, að með því á að stórauka vald ríkisstjórnarinnar frá því, sem nú er, þó að gríman sé með frelsisgyðjubrosi.

Í frumvarpinu eru ríkisstjórninni lögð í hendur tögl og hagldir, til þess að hún geti hvenær sem henni þóknast þrælbundið viðskipta- og framkvæmdafrelsið, án þess að nefndir af öðrum kjörnar séu að flækjast fyrir henni. Frumvarpið afnemur þær, ef að lögum verður.

Henni er samkvæmt 2. gr. „heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa".

Samkvæmt 7. gr. mega einkaaðilar ekki lengur án hennar samþykkis „semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs".

Í 8. gr. segir: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema með leyfi hennar.“ — Áður voru þessi mál í höndum útflutningsnefndar, sem á að leggja niður.

Í 14. gr. er svo fyrir mælt, að falla skuli úr gildi lög „um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla“. Á þann hátt ætlar ríkisstjórnin að leggja undir sig úthlutun jeppabifreiða, sem nú er í höndum fimm manna nefndar, sem kosin er á þann hátt, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kýs tvo þeirra, stjórn Stéttarsambands bænda tvo, og landbúnaðarnefndir Alþingis einn.

Allt er þetta á eina bók lært.

Ríkisstjórnin segist ætla að heimila aukinn innflutning samkvæmt frílistum í verulegum mæli. Það hefur hún einnig í hendi sér að gera eftir núgildandi lögum og þarf ekki nýja lagasetningu til þess.

Aukning frílistavöru getur fljótt á litið sýnzt raunverulegt frelsistákn. En minna verður úr því, þegar tekið er með í reikninginn, að ríkisstjórnin er búin að skerða svo kaupgetu almennings með öðrum ráðstöfunum, að frílistafrelsið er lítils virði. Verðhækkanirnar, útlánasamdrátturinn, vaxtaokrið, binding sparifjárins og flutningur þess í ríkisbankann færir menn í fjötra. Þetta veit ríkisstjórnin. Þess vegna býður hún upp á lengri frílista og afnemur fjárfestingarhöft í því formi, sem þau áður voru.

Slík frelsisgjöf er — eins og á stendur — storkun við almenning.

Nokkrir stórlaxar geta vafalaust notað sér þetta frelsi. En þótt meta megi þá mikils, eru þeir ekki **þjóðin öll.** Þeirra sporðaköst eru síður en svo það, sem mest á ríður.

Sé athugað sérstaklega, hvort af þeim tilfæringum, sem frumvarp þetta felur í sér, muni leiða sparnað fyrir hið opinbera, virðist alls ekki vera búizt við því. Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að taka eins og áður 1% „af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum“. Gjald þetta er — og hefur verið — tekið af leyfunum samkvæmt skráðu gengi, og hefur því grundvöllur álögunnar hækkað meira en um helming. Gjaldið hrökk áður vel, og er hér því um að ræða freklega fjáröflun.

Leyfi ég mér á sérstöku þingskjali að flytja tillögu um, að í staðinn fyrir 1% komi ½%. Einnig flyt ég á sama þingskjali tillögu um, að úthlutun jeppabifreiða fari fram eftir sömu lögum og að undanförnu.

Ég tel samkvæmt framansögðu frumvarp þetta óþarft að því leyti, að vald ríkisstjórnarinnar eftir gildandi lögum er nægilegt fyrir hana til eðlilegs svigrúms.

Ég tel enn fremur, að í frumvarpinu seilist ríkisstjórnin eftir miklu meira valdi en heppilegt er að ríkisstjórn hafi og samrýmzt getur lýðræði.

Af þessum ástæðum er ég andvígur frumvarpinu.

Hins vegar lít ég svo á, að tímabært sé að stofna til endurskoðunar á löggjöf viðskipta- og peningamála þjóðarinnar. Að þeirri endurskoðun tel ég giftusamlegast, að allir stjórnmálaflokkar Alþingis standi.

Leyfi ég mér þess vegna að taka upp tillögu þá, er fram kom af hálfu Framsóknarflokksins í neðri deild, — og skírskota um leið til greinargerðar þeirrar, er henni fylgdi þar í nefndaráliti Skúla Guðmundssonar á þskj. 347.

Ég legg því til, að efri deild afgreiði frumvarpið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli 4 manna nefnd, er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina, að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endur-

nýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar í landinu, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 446. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „allt að 1% leyfisgjald“ komi: allt að ½% leyfisgjald.
2. Við 14. gr. Orðin „lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla“ falli niður.

Ed. 447. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frv. til athugunar á þrem fundum og aflað sér upplýsinga um málið. Leggur hún einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu“ í upphafi 1. gr. komi: Sýslunefndum Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu.

Alþingi, 12. maí 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form. Jón Þorsteinsson, frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.

Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 448. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers úr landinu.

Flm.: Alfreð Gíslason, Ásmundur Sigurðsson, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar — með sérstöku tilliti til þess, að Bretar hafa með vopnavaldi brotið rétt á Íslendingum og að bæði þeir og Bandaríkjamenn hafa á alþjóðavettvangi beitt öllu áhrifavaldi sínu gegn því lífshagsmunamáli, sem 12 mílna fiskveiðilandhelgin er Íslendingum — að fela ríkisstjórninni að tilkynna nú þegar ráði Atlants-

hafsbandalagsins úrsögn Íslands úr bandalaginu og enn fremur að segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin í því skyni, að allur her verði hið fyrsta á brott og herstöðvar á Íslandi verði lagðar niður.

Greinargerð.

Árið 1949 fól Alþingi ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að svonefndum Norður-Atlantshafssamningi. Með undirritun þess samnings var ákveðin og innsigluð hlutdeild hinnar vopnlausu íslenzku þjóðar í hernaðarbandalagi. Þeirri hlutdeild fylgdu réttindi og skyldur. Skyldurnar hefur íslenzka ríkið rækt. Ríkið hefur ekki aðeins staðið við þær skuldbindingar, sem það undirgekkst, heldur hafa og verið lagðar á þjóðina þungar byrðar, sem hún í upphafi áskildi sér rétt til að vera laus við. Nægir í því sambandi að minna á herinn og herstöðvarnar í landinu. Samningurinn var undirritaður með þeim fyrirvara af Íslands hálfu, að ekki kæmi „til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum, né yrðu þar leyfðar herstöðvar".

Síðar létu íslenzkir valdamenn undan ásókn Bandaríkjanna og leyfðu hersetu í landinu. Með því var þjóðin látin takast á herðar þunga byrði umfram allt annað, sem hún hafði skuldbundið sig til með undirritun Atlantshafssamningsins, en það er meira en sagt verður um ýmsa aðra aðila þessa hernaðarbandalags.

Tvær voldugustu þjóðir Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkjamenn og Bretar, hafa nú um langt skeið háð miskunnarlausa baráttu við Íslendinga, beitt sér með öllum ráðum gegn brýnasta hagsmunamáli þeirra og hvorki sparað til þess fé né fyrirhöfn. Bretar hafa látið herskip sín ösla um í íslenzkri fiskveiðilandhelgi veiðiþjófum til verndar, og brezkir sjóliðsforingjar hafa þrásinnis hótað Íslendingum lífláti, ef þeir dirfist að gæta laga og réttar í eigin landhelgi.

Þessari vopnuðu árás Breta hefur bandaríska varnarliðið á Íslandi svarað með fullkomnu aðgerðarleysi, og sannaðist með því, að Bandaríkin hafa hér herlið einhverjum öðrum til verndar en Íslendingum, ef á er ráðizt.

Á alþjóðavettvangi hafa Bandaríkin frá upphafi stutt brezku ríkisstjórnina í landhelgismálinu, og þau hafa gert það með vaxandi þunga. Á sjóréttarráðstefnunni í marz—apríl 1960 tóku Bandaríkin blátt áfram forustuna í baráttunni gegn hagsmunum Íslands og neyttu þar allra bragða, sem stórveldi eru tiltæk.

Þess er vert að minnast, að bæði þessi stórveldi hafa, eins og aðrar þjóðir, viðurkennt þá staðreynd, að fiskimiðin umhverfis landið séu Íslendingum lífsnauðsyn. Þau neita ekki í orði þörfinni á verndun fiskimiðanna, og þau þykjast skilja sérstöðu Íslendinga sem fiskimanna. Allt um það berjast þau á móti. Þau gera sér ljóst, að hér er um lífshagsmuni Íslendinga að tefla og engra annarra, og gegn þeim hagsmunum berjast þeir með klóm og kjafti.

Eru þessar aðfarir tveggja forustuþjóða Atlantshafsbandalagsins gegn Íslandi í samræmi við gerðan samning?

Í 1. gr. Atlantshafssamningsins segir svo:

„Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, **að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt,** þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, **og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum** á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna."

Þannig hljóðar 1. gr. þessa samnings. Ákvæði hennar um friðsamlega lausn deilumála hlýða Bretar með því að senda sjóher sinn á Íslandsmið til árása á þá bandalagsþjóð sína, sem er sú minnsta og um leið sú eina, er ekki getur með morðvopnum borið hönd fyrir höfuð sér. Í skiptum sínum við Íslendinga beita Bretar bæði hótunum og valdi. Þeir hafa hótað að skjóta íslenzk skip í kaf, reynt að sigla þau í kaf, og þeir hafa hernumið íslenzka menn að skyldustörfum við

strendur landsins. Slíkur hefur réttur Íslendinga orðið í reynd í samskiptum við eina öndvegisþjóð Atlantshafsbandalagsins.

Í 2. gr. samningsins segir m. a. á þessa leið:

„Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta.“ — Hafa ekki Bandaríkjamenn og Bretar gætt þessa í viðskiptum við Íslendinga? Nei, þróunin hefur orðið öfug, síðan samningurinn var undirritaður. Árið 1952 var sett löndunarbann á íslenzkan fisk í Bretlandi, og þá átti að svelta Íslendinga til hlýðni. Árið 1958 var gengið feti lengra og sendur til Íslands herskipafloti þeirra erinda að traðka rétt bandalagsþjóðarinnar. Á þá lund hafa Bretar látið „hin friðsamlegu og vinsamlegu milliríkjaviðskipti“ þróast, að því er viðkemur Íslendingum, og til þess hafa þeir notið stuðnings Bandaríkjamanna í vaxandi mæli.

Loks er í 5. gr. þessa ágæta samnings svofelld klausa:

„Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla.“ Samkvæmt þessu átti herhlaup Breta á Íslandsmið og vopnuð valdbeiting þeirra þar að jafngilda árás á t. d. sjálf Bandaríki Norður-Ameríku. Þó snerust hvorki þau né önnur bandalagsríki til varnar, og var með því aðgerðarleysi framið enn eitt samningsbrot á Íslendingum. Voru öll aðildarríki bandalagsins samsek um það brot, þótt höfuðábyrgðin hvíli á Bandaríkjunum sem voldugustu þjóðinni og þeirri, sem herstöðvar hefur hér á landi.

Mikill hluti Íslendinga gerði sér frá upphafi ljóst, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu var ósamrýmanleg afstöðu Íslendinga sem friðelskandi, vopnlausrar þjóðar, er lýst hafði yfir ævarandi hlutleysi í ófriði, er vér öðluðumst fullveldi 1918. Einnig var miklum hluta þjóðarinnar ljóst, að þátttakan í þessu hernaðarbandalagi gat valdið tortímingu þjóðarinnar, ef til stríðs kæmi. Og smátt og smátt gerðu sífellt fleiri Íslendingar, sem áður voru fylgjandi samningnum, sér ljóst, að Atlantshafssamningurinn er einskis virði, þegar hagsmunir Íslands eru annars vegar. Þó gekk fyrst alveg fram af þeim, er þeir fréttu af háttalagi Bandaríkjastjórnar á síðustu Genfarráðstefnu. Þar beittu Bandaríkin skefjalausum áróðri og baktjaldamakki gegn íslenzka málstaðnum og virtust næstum einskis svífast til þess að fá vilja sínum framgengt, þótt það til allrar hamingju mistækist.

Íslenzku þjóðinni er nú nóg boðið. Hún getur ekki náð rétti sínum með vopnavaldi né með áhrifavaldi stórþjóðar, en hún getur svarað samningsrofunum og ofbeldinu á annan hátt. Hún getur sagt sig úr bandalagi við yfirgangsseggi, heimtað herinn brott úr landinu og herstöðvarnar jafnaðar við jörðu. Þetta ber henni að gera. Með því vinnur hún á í áliti allra þjóða, einnig þeirra, sem nú traðka á rétti hennar. Sá manndómur Íslendinga að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og vísa hernum burt vegna ágengni og kúgunar tveggja stærstu þjóða þess mun um það er lýkur aðeins skapa aðdáun og virðingu annarra þjóða, ekki sízt þeirra, sem við harðrétti búa og fyrir sjálfstæði sínu berjast.

Hér hefur verið rætt um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers sem nauðsynlega og eðlilega mótaðgerð gegn þeim óréttí, sem landsmenn eru beittir æ ofan í æ. Fjölmörg önnur rök hníga og í sömu átt og hafa verið borin fram á Alþingi 1949 og síðan. Íslendingar hafa ekkert gagn af hlutdeild í hernaðarbandalagi, heldur kalla með því yfir sig ægilegar hættur. Erlendur her og herstöðvar eru þjóðinni hættulegar á margan hátt. Vopnlaus og fámenn þjóð eins og Íslendingar á að skipa sér í raðir hinna hlutlausu ríkja og vinna að friðarmálum á vettvangi þjóðanna. Það hlutverk eitt sæmir henni og skapar henni virðingu. Skilyrðislaus tryggð og þjónkun við ákveðin herveldi hæfir ekki Íslendingum. Þeir vilja ekki hafa húsbónda, sem öðru hvoru fleygir í þá beini til að naga, en sparkar í þá eins og rakka þess á milli. Annars skal ekki frekar rakið allt það, sem með því mælir, að Ísland standi utan hernaðarbandalaga, enda þess ekki þörf hér, svo oft sem um þau mál hefur verið rætt áður.

Ed. 449. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um ferskfiskeftirlit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr., 2. tölulið. Í stað orðsins „fiskmats“ komi: ferskfiskmats.

Ed. 450. Frumvarp til laga [106. mál]

um ferskfiskeftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.

Eftirlit þetta tekur enn fremur til búnaðar og þrifa fiskiskipa, að því er varðar geymslu fisks í veiðiför, svo og útbúnaðar og þrifa fiskmóttökuhúsa í landi.

Á því sviði, sem að framan er lýst, fer Ferskfiskeftirlitið með þau störf, er fiskmatsstjóra eru falin í lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat o. fl.

2. gr.

Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir.

3. gr.

Yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins skal vera í höndum nefndar, er nefnist Fiskmatsráð.

Í ráðinu eiga sæti 7 menn, og skipar ráðherra fimm þeirra eftir tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
2. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega.
3. Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sameiginlega.
4. Framkvæmdastjórnar Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, og Útvegsbanka Íslands, sameiginlega.
5. Heilbrigðismálaráðherra.

Sjötti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjöundi forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Takist ekki aðilum þeim, sem samkvæmt tölulíðum 2—4 hér að framan ber að tilnefna fulltrúa sameiginlega, að koma sér saman um val fulltrúa, þá skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, varamenn fiskmatsstjóra og forstöðumanns rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands án tilnefningar.

Ráðherra skipar Fiskmatsráði framkvæmdastjóra, eftir tilnefningu þess, og ákveður laun hans.

4. gr.

Verkefni Fiskmatsráðs, auk þess, sem um getur í 3. gr. laga þessara, eru:

1. *að* endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat.
2. *að* úrskurða um ágreining, er rísa kann vegna framkvæmdar ferskfiskmats, meðan fyrrnefnd lagaendurskoðun stendur yfir.
3. *að* hlutast til um, að upp verði tekin hagnýt kennsla í stýrimannaskólanum og öðrum framhaldsskólum landsins, þar sem það á við, um hvers konar fiskverkun, enn fremur að beita sér fyrir almennri fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
4. *að* skipuleggja í samvinnu við rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og láta framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávarafla.

5. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um allt, er varðar framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga þessara skal stofnaður sjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn Fiskmatsráðs. Tekjur sjóðsins skulu vera útflutningsgjald af sjávarafurðum, er nemi 1½‰ af fob-andvirði þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 451. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt á. lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðuna til þessa frv. Leggur meiri hlutinn til, að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar, en ég legg til, að frv. sé samþykkt.

Þing eftir þing hefur verið flutt svipað frv. og þetta til þess að fá tekinn af allan efa um, að þetta mikla fyrirtæki sé ótvíræð ríkiseign, svo sem 3. gr. laganna mælir fyrir um. Og meðan Alþingi enn bíður og tekur ekki af öll tvímæli í þessu efni, hækkar í sífellu verðmæti áburðarverksmiðjunnar. Kostnaðarverð hennar er samkvæmt efnahagsreikningi tæpar 129 milljónir króna. Það var upphæð byggingarkostnaðarins. Nú mun óhætt að ætla, að áburðarverksmiðjan sé um 320 millj. kr. virði. Þeir menn, sem láta sér detta í hug, að rekstrarhlutafélagið „Áburðarverksmiðjan h/f", sem hefur alls 10 millj. kr. hlutafé, sé eigandi verksmiðjunnar, eru í huga sínum þar með að gefa þeim einkaaðilum, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í rekstrarhlutafélagið, alls 128 millj. kr. eign, þegar afskriftum væri lokið.

Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að láta einkahluthafana í rekstrarhlutafélaginu standa deginum lengur í þeirri hugmynd, að þeir séu einhverjir eigendur í þessu fyrirtæki. Það þolir enga bið, að Alþingi breyti lögunum í þá átt, sem þetta frv. leggur til, og legg ég því til, að það sé gert nú þegar á þessu þingi með því að samþykkja þetta frv.

Áburðarverksmiðja ríkisins er orðin gott fyrirtæki hvað afkomu snertir. Niðurstöðutölur rekstrarreiknings hennar á árinu 1959 eru 48263795 kr. Eru reikningarnir birtir sem fylgiskjal hér með. Þar af eru vinnulaun aðeins tæpar 5 millj. kr. Hins vegar nema vextirnir, sem verksmiðjan verður að greiða, næstum sömu upphæð, 4.7 millj. kr. Og hreinar tekjur eru á því ári tæpar 4 millj. kr. (3945190 kr.).

En það er eftirtektarvert við þennan rekstrarreikning, að með honum er vikið frá fyrirmælum laganna um afskriftir. 10. gr. laganna um áburðarverksmiðju mælir ótvírætt fyrir um, hvert skuli vera framlag hennar til fastra sjóða: 2½% af kostnaðarverði húsa, lóða og annarra mannvirkja, en 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

Samkvæmt ákvæðum laganna ættu því framlög til fyrningarsjóðs að vera um 8 millj. kr. á síðasta ári. En á rekstrarreikningi eru fyrningarafskriftir settar tæpar 15 millj. kr. (14981657) eða nær tvöfalt hærri en lög mæla fyrir um.

Væri farið að lögum, mundu því afskriftir verða 7 millj. kr. minni, eða hreinar tekjur nær 11 millj. kr., nema álitið væri eðlilegt að lækka áburðinn í verði og hækka laun verkamanna. En laun verkamanna í áburðarverksmiðjunni voru mestallt síðasta ár lækkuð með lögboðinu 1. febr. 1959 um allt að hálfri milljón króna til þess að auka gróða verksmiðjunnar, sem raunverulega er um 11 millj. kr. Og nú er raunverulega verið að fela þennan gróða og ekki hikað við að brjóta lög til þess að geta gert það.

Það sýnir sig á þessu dæmi, þótt lítilfjörlegt sé í samanburði við það stórmál, sem frv. þetta fjallar um, að ófært er að láta lengur nokkurn vafa leika á því í hugum nokkurra manna, að ríkið og ríkið eitt sé eigandi áburðarverksmiðjunnar.

Legg ég því til, að frv. sé samþykkt nú á þessu þingi.

Alþingi, 12. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN H.F.

ÁRSREIKNINGAR 1959.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1959.

Gjöld:

Vaktavinna og dagvinna	kr.	4 988 303.02
Vextir	—	4 788 926.73
Raforka	—	3 876 196.42
Leir, pokar, sýra, sódi	—	2 474 775.72
Platínur og annar hvati	—	372 406.79
Olía	—	351 965.34
Viðhald, efni og vinna	—	3 666 172.43
Kostnaður við efnarannsóknarstofu	—	293 289.34
Vátryggingar	—	715 544.00
Yfirfærslugjald	—	936 568.30
Öryggis- og varðkostnaður	—	88 310.80
Kostnaður við mötuneyti	—	175 506.02
Skrifstofu-, stjórnar-, verkfræði- og almennur kostnaður	—	2 090 596.66
Flutningskostnaður, farmgjöld, uppskipun	—	3 818 386.49
Fyrningarafskriftir	—	14 981 657.70
Slysabætur	—	700 000.00
Hreinar tekjur	—	3 945 190.15
	Kr.	48 263 795.91

Tekjur:			
Seldur áburður	kr.	34 234 580.00	
Áburðarbirgðir 31. des. 1959	—	22 577 000.00	
	kr.	56 811 580.00	
Áburðarbirgðir 31. des. 1958	—	10 708 500.00	
			kr. 46 103 080.00
Selt ammoníak			— 1 338 368.00
Seld saltpéturssýra			— 65 256.00
Vátryggingabætur fyrir rekstrarstöðvun			— 700 000.00
Aðrar tekjur			— 57 091.91
			Kr. 48 263 795.91

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1959.

Eignir:			
Verksmiðjuvélar og tæki	kr.	92 878 674.96	
Verksmiðjubyggingar	—	12 945 165.08	
Áburðargeymslur	—	4 276 105.38	
Geymar	—	8 454 285.26	
Vatnsveita	—	4 843 846.72	
Bryggja	—	3 219 724.96	
Vegir, plön, girðingar, frárennsli	—	808 622.57	
Háspennulína	—	1 321 946.63	
			kr. 128 748 371.56
Geymsluskúrar	kr.	116 002.30	
Verkstæðisvélar, áhöld, flutningatæki	—	3 698 162.40	
Leirnámsréttindi	—	303 697.18	
			kr. 4 117 861.88
Varahlutabirgðir			— 1 885 021.33
Rekstrarvörubirgðir			— 2 414 311.03
Verðbréf			— 1 568 692.00
Áburðarbirgðir			— 22 577 000.00
Fyrirframgreiðslur			— 1 057 761.11
Útistandandi skuldir, innl.	kr.	119 324.58	
Greitt upp í vörukaup	—	38 421.95	
			— 157 746.53
Innheimtureikningur 21367	kr.	20 200.00	
Ábyrgðarreikningur 11313	—	25 900.00	
Sparisjóðsinnstæða 60585	—	291 681.66	
Innstæða á hlaupareikningi 6470	—	1 599 187.73	
Innstæða í The National City Bank of New York	—	8 692.11	
Sjóður, orlofsmerki, sparimerki	—	33 601.40	
			— 1 979 262.90
			Kr. 164 506 028.34

Skuldir:			
Skuldir:			
Hlutafé			kr. 10 000 000.00
Varasjóður 31/12 1957	kr.	3 115 000.00	
Tillag til varasjóðs 1958 og 1959	—	2 437 000.00	
			— 5 552 000.00

Skuldabréfalán:

Framkvæmdabanki Íslands:			
Skuldabréf, útg. 9/4 1952	kr. 15 351 441.00		
— — 30/4 1953	— 7 959 179.00		
— — 23/9 1953	— 38 878 499.00		
— — 21/12 1956	— 5 765 500.00		
Ríkissjóður Íslands (Export Import Bank)	— 16 320.000.00		
Ríkissjóður Íslands (Alþjóðabankalán) ..	— 9 467 531.85		
Ríkissjóður Íslands	— 1 252 501.40		
Ríkissjóður Íslands	— 420 000.00		
		kr.	95 414 625.25
Fyrningasjóður		—	49 851 940.04
Gengisreikningur		—	455 028.15
Skuldheimtumenn, erl.	kr. 345 975.21		
— innl.	— 50 647.34		
	—	—	396 622.55
Orkujöfnunarreikningur		—	35 381.87
Ógreiddir reikningar	kr. 1 194 213.97		
Ógreiddir vextir	— 869 439.00		
	—	—	2 063 652.97
Höfuðstóll:			
Hreinar tekjur 1959	kr. 3 945 190.15		
Skuldir umfram eignir 31/12 1958 kr. 771 439.64			
Varasjóðstillög — 2 437 000.00			
	— 3 208 439.64		
		kr.	736 750.51
		Kr.	164 506 028.34

Gufunesi, 22. janúar 1960.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN H.F.

Hjálmar Finnsson.

Ég undirritaður endurskoðandi Áburðarverksmiðjunnar h.f. hef yfirfarið reikninga félagsins, sem samdir eru eftir bókum og fylgiskjölum pr. 31. des. 1959 af löggiltum endurskoðanda.

Hef ég ekkert fundið athugavert við þá.

Gufunesi, 22. janúar 1960.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ég undirritaður endurskoðandi Áburðarverksmiðjunnar h.f. hef yfirfarið reikninga félagsins, sem samdir eru eftir bókum og fylgiskjölum pr. 31. des. 1959 af löggiltum endurskoðanda, og hef ég ekki aðra athugasemd við þá að gera en að ég vil benda á, að afskriftir eru reiknaðar og birgðir metnar á annan hátt en áður.

Gufunesi, 1. febrúar 1960.

Halldór Kjartansson.

Nd. 452. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 12. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.

Nd. 453. Frumvarp til laga [162. mál]

um verðlagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer fimm manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í Sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi, og síðan eftir hverjar Alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga, skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

3. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verð-

lagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 3. gr.

5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

6. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn. Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber nema dómurinn ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur, í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafli laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp kveður á um breytingar á yfirstjórn verðlagsmála, sem gera verður, þegar Innflutningsskrifstofan hættir störfum. Gert er ráð fyrir, að fimm manna nefnd fari með verðlagsákvarðanir. Skal ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu vera formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu af Sameinuðu Alþingi. Undirbúningur tillagna um verðlagsákvarðanir og eftirlit með framkvæmd þeirra verður eftir sem áður í höndum verðlagsstjóra, sem ráðherra skipar. Að öðru leyti felur frumvarpið ekki í sér neinar teljandi breytingar frá gildandi lögum, en safnar í ein lög öllum ákvæðum um verðlagsmál, sem nú er að finna í lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm með áorðnum breytinugum og viðaukum, og í VIII. kafla laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Að öðru leyti en snertir yfirstjórn verðlagsmála, sem kveðið er á um í 1. gr., eru einu breytingarnar frá gildandi lögum þær, sem hér á eftir er gerð grein fyrir.

1. Felld eru niður ákvæði núgildandi laga (3. gr. laga nr. 35 1950) um skyldu verðlagsstjóra til að vekja athygli innflutningsyfirvalda á því, ef innflutt vara er seld á mismunandi verði, og um skyldu hans til að gera samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkrar og erlendrar iðnaðarvöru. Þessi ákvæði hafa aldrei verið framkvæmd, og munu enn síður geta haft þýðingu, þegar innflutningur verður frjálsari en áður.

2. Í 4. gr. er verðlagsnefnd heimilað að fela verðlagsstjóra að taka verðlagsákvarðanir að meira eða minna leyti í sínu umboði. Í gildandi lögum gildir sams konar heimild um „trúnaðarmann" verðlagsyfirvalda. Þetta orðalag er arfleifð frá eldra fyrirkomulagi, sem nú er breytt. Í reynd hefur þetta verið falið verðlagsstjóra, og er það óhjákvæmilegt til þess að ekki þurfi sí og æ að leggja minni háttar ákvarðanir fyrir þann aðila, sem með verðlagsákvarðanir fer.

3. Ákvæði gildandi laga um birtingu nafna þeirra, sem gera sig seka um óhóflega álagningu, eru felld niður. Þessi ákvæði eru leifar eldra fyrirkomulags um stjórn verðlagsmála og hafa ekki þýðingu við núverandi aðstæður.

4. Í 8. gr. er kveðið svo á, að útsöluverð skuli miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda, sé það verð lægra en í innkaupsreikningi greinir, vegna galla eða skemmda. Virðist slík framkvæmd sjálfsögð, en hana hefur hingað til skort stoð í lögum.

5. Í 12. gr. er kveðið svo á, að meðdómendur í verðlagsdómi skuli skipaðir til þriggja ára, í stað eins árs nú.

6. Í 20. gr. eru sektir hækkaðar frá ákvæðum gildandi laga með tilliti til þeirrar rýrnunar á verðmæti peninga, sem átt hefur sér stað, síðan þau lög voru sett.

Sþ. 454. Nefndarálit [78. mál]

um till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað fallizt á afgreiðslu meiri hluta fjárveitinganefndar á tillögunni, þar sem lagt er til, að henni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Við teljum þvert á móti sjálfsagt, að Alþingi lýsi enn viljaafstöðu sinni til þessa máls og samþykki tillöguna, eins og hún liggur fyrir, enda ólíklegt, að þingið hafi aðra skoðun á nauðsyn endurkaupa seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins en það hafði verið 1958. Er það álit okkar, að ríkisstjórnin og hin sérstaka nefnd, er fjallar nú um lánamál iðnaðarins, hljóti að taka

verulegt tillit til skýlauss vilja Alþingis í þessu efni, og væri samþykkt þessarar tillögu því líkleg til þess að herða á ríkisstjórninni til skjótra aðgerða í lánamálum iðnaðarins. Páll Þorsteinsson sat í fjárveitinganefnd í forföllum Halldórs Ásgrímssonar.

Alþingi, 12. maí 1960.

Ingvar Gíslason, frsm. Daníel Ágústínusson. Páll Þorsteinsson.

Ed. 455. Frumvarp til laga [163. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Þar sem svo hagar til, að gott vegarstæði fæst ekki á þjóðvegi með öðru móti að dómi vegamálastjórnar, skal að undangenginni rannsón og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

2. gr.

Fé til framkvæmda fæst þannig:

a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.
b. Ef jarðgöng eru lengri en 35 metrar, skal kostnaður greiðast úr brúasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðgangagerð á þjóðvegum er svo til ný hér á landi, aðeins áratugur síðan fyrstu og til þessa einu jarðgöngin voru gerð. Það vantar því alveg í löggjöfina ákvæði um, hvernig kostnaður af þeim skuli greiðast. Hér er stungið upp á, að með þau skuli fara eins og um algengustu torfæruna á þjóðvegum, óbrúaðar ár. Virðist í alla staði eðlilegt að fara eins að um þessa torfæru, hamra eða fjallseggjar, sem eru óbrúanlegar nema með því að gera jarðgöng í gegnum þær.

Þetta hefur verið athugað nokkuð og komið í ljós, að í sumum landshlutum eru engin stórfljót, sem þurft hefur eða þarf að brúa, en einmitt þar er aðkallandi að gera jarðgöng. Sums staðar er það meira að segja talin eina leiðin til þess að fá viðunandi vegi á milli byggðarlaga, sem þurfa að hafa sem beztar og öruggastar samgöngur sín á milli. Þannig hagar t. d. til á milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar og á milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Á þessum stöðum báðum hefur nákvæm mæling og staðsetning væntanlegra jarðganga þegar verið gerð af vegamálastjórninni. Einnig hefur komið mjög til álita að gera jarðgöng á vegi milli Hnífsdals og Bolungavíkur. Það er því orðið tímabært að ákveða, hvernig kostnaður skuli greiddur.

Vega- og brúargerðir eru sumpart greiddar með beinum framlögum úr ríkissjóði og að nokkru leyti með sérstökum skatti af benzíni. Þessi framlög haldast frá ári til árs og eru fjárhagsgrundvöllur þeirra vega- og brúaframkvæmda, sem gerðar eru í landinu. Þau einu jarðgöng, sem enn hafa verið gerð, gegnum Arnarneshamar, voru gerð fyrir framlag til vegarins, sem þau eru á. Virðist eðlilegt, að svo verði áfram um tiltölulega stutt jarðgöng, en um lengri jarðgöng er jafneðlilegt að greiða kostnað við þau úr brúasjóði.

Nd. 456. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla) og húsmæðraskóla að fullu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   15. gr. laganna falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:
   Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu. Vegna heimavistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla) og húsmæðraskóla greiðir ríkissjóður rekstrarkostnað að fullu að frádregnum tekjum.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   17. gr. laganna orðist svo:
   Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla, annarra en heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr.

   Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til heimangönguskóla gagnfræðastigs. Tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra skóla.
5. Við 4. gr. (undir 5. gr.). Greinin orðist svo:
   Ákvæði laga þessara gilda frá 1. jan. 1960.

Nd. 457. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febrúar 1960, um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað „5%“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 2½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, er útflutningsskatturinn lagður á til þess að greiða hluta af skuldbindingum útflutningssjóðs frá fyrri árum.

Í sambandi við samninga um fiskverð á milli fiskkaupenda og fiskseljenda hefur sú ósk komið fram af þeirra hálfu að útflutningsskatturinn verði lækkaður úr 5% í 2.5%, en verði í þess stað að sama skapi lengur í gildi. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við þessari ósk, og greiða þannig fyrir því, að samningar um fiskverð takist.

Nd. 458. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og rætt efni þess við skipaskoðunarstjóra. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1960.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 459. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um frv., og leggur meiri hlutinn til, að það verði fellt.
Tvímælalaust mun verzlunarstofnunum ríkisins fjölga í framtíðinni, þegar þjóðin hefur bægt frá sér hrunstefnu og lífskjaraskerðingum núverandi ríkisstjórnar. Það er ekki sanngjarnt, að sú tilviljun ein, hvar verzlunarstofnanir ríkisins eru staðsettar, ráði öllu um, hverjum þær greiða útsvör.
Legg ég því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 460. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Skúli Guðmundsson, Einar Ingimundarson, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði öflugur radíóviti á Sauðanesi við Siglufjörð.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt ósk skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði, og hefur félagið látið fylgja eftirfarandi greinargerð sem rökstuðning fyrir málinu.

Fylgiskjal.

Á undanförnum árum hefur skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir gert fundarsamþykktir um að vinna að því, að öflugur radíóviti verði reistur á Sauðanesi við Siglufjörð. Félagið hefur flutt mál þetta á þingum F. F. S. Í. og fengið þar samþykktar jákvæðar samþykktir.

Einnig hefur félagið snúið sér til þingmanna Siglufjarðar með beiðni til þeirra um, að þeir beittu sér fyrir fjárveitingu á Alþingi til vitabyggingarinnar. Sömuleiðis hafa viðræður farið fram um málið við vitamálastjóra. Alls staðar hefur málaleitun þessari verið vel tekið, en þar við situr.

Ástæða fyrir þessari beiðni okkar er meðal margs annars sú, að radíóviti sá, er á sínum tíma var reistur á Sauðanesi, var mjög lítill, aðeins 2 wött, og langdrægni hans því mjög lítil, þótt betri væri hann en enginn viti. En fyrir 4 árum var vitinn lagður niður og þá talinn ónýtur, þótt hann í sjómannaalmanakinu væri talinn starfandi þar til síðastliðins árs.

Á hafsvæðinu milli Strandagrunns að vestan og Grímseyjarsunds og Kolbeinseyjar að austan eru svo að segja engar dýptarmælingar sýndar á sjókortum, þegar komið er út fyrir Skagagrunn. En á þessu hafsvæði er það, sem aðalsíldveiðin fer fram á fyrri hluta síldarvertíðar og það allt að 130 sjómílum til hafs. Veiðiskipin lenda iðulega í þokum og súld dögum saman við leit sína að veiði, straumar og vindar hafa líka sín áhrif á, að staðsetning þeirra á leitarsvæðinu verður óákveðin. Ekkert er hægt að átta sig með dýptarmælingum, eins og áður segir. Skip, sem fá veiði, þurfa fljótt að komast til hafnar til að bjarga veiðinni frá skemmdum. En þar sem farastaður er óviss, tekur það oft langan tíma, og hafa undanfarin ár sýnt, að stórkostleg verðmæti hafa eyðilagzt vegna þess, hve skipum gekk erfiðlega að ná til hafnar.

Með byggingu radíóvita á Sauðanesi eru þessi vandræði úr sögunni, þar sem skipin geta þá miðað vitann og siglt örugg í höfn.

Sama gildir um aðrar siglingar meðfram ströndinni, að skip gætu þá örugglega staðsett sig með miðunum án tillits til veðurs.

Um ferðir flóabátsins milli Akureyrar og Sauðárkróks væri viti þessi ómetanlegur. Svæðið milli Siglufjarðar og Skagafjarðar er mjög hættulegt í vondum veðrum vegna margra grunnhóla, sem brýtur á, og leiðin stórhættuleg í myrkri eða snjókomu vetrarmánaðanna. Radíóviti á Sauðanesi væri til mikils öryggis fyrir ferðir þessar.

Eftir upplýsingum frá símastöðvarstjóra, Ottó Jörgensen, hefur ljósvitinn á Sauðanesi fengið nýja aflvél, svo að miklar líkur eru fyrir því, að næg orka sé fyrir hendi fyrir fullkominn radíóvita á Sauðanesi.

Það eru því vinsamleg tilmæli vor til yðar, hr. alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því, að málum þessum verði komið í framkvæmd sem allra fyrst og á þann hátt, sem þér teljið heppilegastan fyrir framgang málsins.

Siglufirði, 12. febrúar 1960.

F. h. skipstjórafélagsins Ægis, Siglufirði
Sveinn Þorsteinsson.

Sþ. 461. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Upplýst hefur verið á Alþingi, að ríkisstjórnin hafi gert ráðstafanir til að tvöfalda það fé, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána á þessu ári, svo og að ríkisstjórnin vinni að lausn á málum byggingarsjóðs sveitabæja. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Pétur Sigurðsson. Sigurður Bjarnason.

Ed. 462. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist eftirfarandi:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, þar til endurskoðun tollskrár er lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar.

Ed. 463. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

1. gr.

Sýslunefndum Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 464. Nefndarálit [74. mál]

um till. til þál. um dvalarheimili kaupstaðarbarna í heimavistarskólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og fengið um það umsögn Barnaverndarráðs Íslands, fræðslumálastjóra og Rauða Kross Íslands. Samkvæmt greinargerð fræðslumálastjóra er í heimavistarbarnaskólum í sveitum, héraðsskólum, húsmæðraskólum í sveitum og bændaskólum rúm fyrir um 1650 manns samtals í heimavistum. Kunnugt er, að einhverju af þessu húsrúmi er þegar ráðstafað um lengri eða skemmri tíma að sumrinu.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað „leita samninga“ í tillgr. komi: athuga möguleika á samningum.

Alþingi, 16. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Björn Pálsson.
Hannibal Valdimarsson. Pétur Sigurðsson. Sigurður Bjarnason.

Sþ. 465. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um fiskileit á Breiðafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „í Stykkishólmi“ í tillgr. komi: við Breiðafjörð.

Alþingi, 16. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Björn Pálsson. Pétur Sigurðsson.
Hannibal Valdimarsson. Gísli Guðmundsson. Sigurður Bjarnason.

Nd. 466. Lög [68. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 132.

Nd. **467. Lög** [52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 366.

Nd. **468. Lög** [53. mál]

um lögheimili.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 88.

Sþ. **469. Nefndarálit** [77. mál]

um till. til þál. um síldariðnað á Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa ýtarlega og sent hana til umsagnar Fiskifélags Íslands, stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, hreppsnefndar Árneshrepps í Strandasýslu og eigenda síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpavík. Allir þessir aðilar telja rétt, að sú athugun fari fram, sem tillagan gerir ráð fyrir, og mæla með samþykkt hennar.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Upphaf fyrri málsl. tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því fyrir næstu síldarvertíð, hvernig stuðla megi o. s. frv.
2. Síðari málsl. tillgr. orðist svo:
   Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfiskbræðslum í sambandi við fiskimjölsverksmiðjur.
3. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um síldariðnað á Vestfjörðum o. fl.

Alþingi, 16. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Sigurður Bjarnason, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr., með fyrirvara.
Hannibal Valdimarsson.	Gísli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.

Ed. **470. Frumvarp til laga** [166. mál]

um tollvörugeymslur o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI
Almennar tollvörugeymslur.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að tollgæzlan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum, þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæzlan þeim aðilum, er í 3. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði, að þeir aðilar, sem í 3. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum, sem ráðuneytið samþykkir. Ákvæði 9. og 10. greinar gilda um geymslur þessar.

2. gr.

Óheimilt er að setja í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla vörur, sem innflutningur er bannaður á vegna sóttvarna, varna gegn alidýra- eða jurtasjúkdómum eða af öðrum öryggisástæðum.

Í tollvörugeymslur, sem tollgæzlan rekur, er ennfremur óheimilt að setja efni, sem eru eldfim eða sprengihætta stafar af, eða vörur sem annars getur stafað hætta af fyrir tollvörugeymsluna eða vörur, sem þar eru geymdar.

Að öðru leyti en því, er í 1. og 2. málsgrein getur, ákveður fjármálaráðherra með auglýsingu, hverjar vörur megi setja í tollgeymslu.

3. gr.

Með þeim takmörkunum, sem í 2. gr. segir, geta innflutningsverzlanir, iðnrekendur, útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við innflutning, komið vörum í tollvörugeymslur þær, sem í þessum kafla greinir, án undanfarandi greiðslu tolla eða annarra aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, hljóta endanlega tollafgreiðslu, þegar þær eru fluttar úr geymslunni. Þó má senda vörur úr tollvörugeymslu til annarra tollhafna samkvæmt þeim reglum, sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í forðageymslu samkvæmt II. kafla, og í tollfrjálsar birgðageymslur samkvæmt 1. málsgrein 15. gr.

Nú er innlent tollvörugjald, eða aðflutningsgjöld af erlendu hráefni, endurgreitt af innlendri iðnaðarvöru við útflutning hennar, og er þá heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Heimilt er að endurgreiða framangreind gjöld, þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan eins árs frá því hún kom til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest.

Ef um er að ræða vörur þær, er um getur í 2. mgr. þssarar gr., skal flytja þær úr landi innan eins árs frá því, er þær voru settar í tollvörugeymslu, að öðrum kosti ber að greiða af þeim þau gjöld, sem endurgreidd voru, þegar varan var flutt í geymslu.

4. gr.

Hver sá, er setur vörur í tollvörugeymslu, skal setja ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu opinberra skuldbindinga sinna, þar með talið geymslugjald eða leiga, ef tollgæzlan rekur geymsluna. Ráðherra ákveður fjárhæð og form slíkrar tryggingar.

5. gr.

Sá, sem óskar að koma vöru í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla, skal afhenda tollstjóra innflutningsskýrslu um vöruna. Í skýrslunni skal greina: Eiganda vöru eða umráðamann, innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu og tegund stykkja og merkingu þeirra. Ennfremur öll þau atriði, sem krafizt er í venjulegri tollinnflutningsskýrslu um vörumagn, verðmæti vöru og annað, sem máli skiptir um tollflokkun hennar og útreikning aðflutningsgjalda af henni. Skýrslunni skulu fylgja þau gögn til staðfestingar verðmæti, vörutegund og vörumagni, sem krafizt er að fylgi venjulegum tollinnflutningsskýrslum. Í skýrslunni eða gögnum þeim, sem henni fylgja, skal koma greinilega fram, hvert er innihald hvers einstaks stykkis, sem sett er í tollgeymslu.

Skýrslur og gögn samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar skulu lögð fram í tvíriti. Annað eintakið geymir tollstjóri í því umdæmi þar sem varan er í geymslu. Hitt eintak skjalanna varðveita tolleftirlitsmenn þeir, sem hafa umsjón með vörzlu vörunnar. Sé varan flutt ótollafgreidd í annað tollumdæmi, skulu skjöl þessi send tollstjóra þar.

6. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns, sem hverju sinni má setja í tollvörlugeymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa, að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugeymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru, þótt í smærri stíl sé en hér var greint, samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

7. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugeymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollgeymslu og færslu vara milli tollvörugeymslna.

II. KAFLI

Um tollfrjálsar forðageymslur.

8. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum geymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa, sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

9. gr.

Ekki má reka tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla í öðrum húsum en þeim, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til þeirra nota. Slíkt samþykki verður því aðeins veitt, að hús séu traust og vel búin til geymslu á vörum. Gluggar og dyraumbúnaður skal vera öruggt og þannig sett, að auðvelt sé að hafa eftirlit með allri umferð í geymslurnar og úr þeim. Úr tollvörugeymslu má aldrei vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.

Skylt er þeim, sem tollvörugeymslu rekur, að leggja tollgæzlunni til endurgjaldslaust nægilegt og hæfilega búið athafnapláss til vöruskoðunar og annars eftirlits í hverri vörugeymslu, og ennfremur þau áhöld og tæki, sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits.

Tollyfirvöld geta fyrirskipað að vörur, sem eru í hæstu gjaldaflokkum eða eru að einhverju leyti vandgeymdar, megi aðeins geyma í sérstaklega lokuðum rúmum innan tollvörugeymslnanna.

Aldrei má geyma samtímis í sömu húsakynnum tollgeymsluvörur og annan varning.

10. gr.

Engar breytingar má gera á húsakynnum tollvörugeymslu né umbúnaði hennar nema að fengnu samþykki tollyfirvalda.

Gangi húsakynni tollvörugeymslu svo úr sér, vegna skorts á viðhaldi eða annars, að þau fullnægja ekki lengur kröfum tollyfirvalda, geta þau bannað afnot þeirra unz úr hefur verið bætt. Verði geymsluhafi ekki við áskorun um að bæta úr því, sem aflaga hefur farið, innan hæfilegs tíma, má svipta hann leyfi til að reka tollvörugeymslu.

11. gr.

Í geymslur þær, er um ræðir í þessum kafla laganna, má setja vörur: a) sem fluttar eru inn í því skyni, b) sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu samkvæmt I. kafla eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags, sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur, c) úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa, d) innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, má einnig endurgreiða þessi gjöld, þegar vöru hefur verið komið í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

12. gr.

Úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má aðeins flytja vörur sem birgðaforða beint í farartæki, sem er í utanlandsferðum, enda séu vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Þó getur ráðuneytið leyft endurútflutning eða endursendingu á þessum vörum. Ennfremur má, ef sérstaklega stendur á, svo sem að vörur liggi undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

13. gr.

Tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla má aðeins leyfa í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Vörur úr þeim má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

14. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 2. gr., 4., 5. og 7. gr. laga þessara gilda og um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við á. Ákvæði 5. gr. um innflutningsskýrslur og fylgiskjöl þeirra gilda þó ekki um skipsforða eða forða flugvéla, sem settur kann að verða í tollvörugeymslu. Ákvæði um innflutningsskjöl og tollmeðferð slíks forða skulu sett í reglugerð.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins geta, ef sérstaklega stendur á, heimilað að vörur, sem einkasala þeirra nær til, séu settar í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

III. KAFLI
Um tollfrjálsar verzlanir.

15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir tolleftirliti um borð í flugvélina. Fyrirskipa skal, að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenzkri tolllandhelgi. Ennfremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Verzlanir og vörugeymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vörugeymslurnar ákvæði 5., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eftir því sem við á.

Verzlanir og vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neyzluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.

IV. KAFLI
Um flutningageymslur (transit-geymslur).

16. gr.

Heimila má skipaútgerðum og flugfélögum, sem reka millilandaferðir, að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þær bíða hér endurútflutnings. Ákvæði 4., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eiga við um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Ráðherra getur undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu skv. 4. gr. í sambandi við rekstur geymslu samkvæmt þessum kafla.

17. gr.

Þegar vara er sett í geymslu samkvæmt þessum kafla, skal gerð um hana innflutningsskýrsla, er greini innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu, tegund og merkingu stykkja og ákvörðunarhöfn vörunnar. Skýrslan skal lögð fram í tvíriti til þeirra aðila, sem í 2. mgr. 5. gr. segir.

Ef ástæða þykir til, getur tollstjóri eða tollgæzlumenn krafizt nánari skýrslna eða gagna um tegund, magn og verðmæti vöru, sem lögð er í geymslu samkvæmt þessum kafla.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Tollvörugeymslur þær, er um ræðir í I.—IV. kafla, skulu að jafnaði vera bæði undir lás geymsluhafa og lás og innsigli tollgæzlunnar.

Tolleftirlitsmenn skulu hafa óhindraðan aðgang að vörugeymslum til rannsóknar og eftirlits. Þeir rannsaka vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslur og úr þeim,

eftir því sem þurfa þykir til að staðreyna, að rétt sé frá skýrt um vörutegund og vörumagn. Þeim ber að gæta þess, að óviðkomandi mönnum sé ekki leyfð umferð um tollvörugeymslur, og hafa vald til að rannsaka allar vörur og muni, sem þar eru eða fluttir eru í geymslurnar eða úr þeim. Rannsóknarheimild þessi nær til leitar í hvers konar farartækjum, sem um geymslurnar fara eða flytja menn eða muni að þeim eða frá, svo og til leitar á mönnum, sem starfa við slíka flutninga, eru staddir í geymslunum eða eru á leið úr þeim.

19. gr.

Tollgæzlumenn geta, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvörugeymslum og krafizt þess, að geymsluhafi leggi til þá aðstoð, sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Geymsluhafi er skyldur til að sýna tolleftirlitsmönnum birgðabókhald sitt, hvenær sem krafizt er. Hann og starfsmenn hans eru skyldir til að gefa tolleftirlitsmönnum hverjar þær upplýsingar, sem þeir óska varðandi geymsluvörur, og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

20. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymsla er. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vörur, sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða skips eða flugvélar, sbr. c-lið 11. gr., né um vörur, sem settar eru í flutningageymslur, samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

21. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í forðageymslum samkvæmt II. kafla, né um vörur, sem seldar eru úr verzlunum þeim, er um ræðir í III. kafla.

22. gr.

Óheimilt er að neyta varnings, sem er í tollgeymslu, eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. þessarar gr. varða refsingu samkv. 27. gr. Refsingu samkv. þeirri gr. varðar það einnig, ef farið er með tollgeymsluvörur andstætt því sem ákveðið er í leyfi tollstjóra.

23. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum úr tollvörugeymslu skal, um tollflokkun, greiðslu aðflutningsgjalda, fullnægingu innflutningsskilyrða og annarra opinberra fyrirmæla um aðfluttar vörur, fara eftir þeim reglum, sem í gildi eru, þegar fullnaðar tollafgreiðsla fer fram.

Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn, sem sett var í geymslu.

Nú kemur fram óeðlileg rýrnun eða vöntun á vörum, sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, og er geymsluhafi þá skyldur að greiða tolla og önnur aðflutningsgjöld af því, sem vantar.

24. gr.

Gjald, sem geymsluhafa ber að greiða í ríkissjóð fyrir kostnað við tolleftirlit með tollvörugeymslu, skal ákveðið með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í tollvörugeymslum, sem tollgæzlan rekur, eða gjald fyrir afnot slíkra geymslna.

25. gr.

Lögveð samkvæmt 28. gr. laga nr. 68 frá 1956 um tollheimtu og tolleftirlit hvílir á vörum, sem settar eru í tollvörugeymslu, og nær það til allra gjalda til ríkissjóðs, einnig þeirra sem falla á vöruna í sambandi við tollgeymsluna, svo sem eftirlitsgjalds og geymslugjalds.

26. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Brot á lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða margítrekað. Fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í því skal refsað sem fyrir fullframið brot. Upptaka á vöru eða andvirði hennar, sem farið er með andstætt ákvæðum laga þessara, er heimil samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi vöru en sá, sem sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

28. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, svo og upptæk verðmæti, renna í ríkissjóð.

29. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 frá 16. nóv. 1907, um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, lög nr. 53 frá 5. júní 1958 og önnur lagafyrirmæli, sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um langt skeið hefur það verið áhugamál vöruinnflytjenda og samtaka þeirra að hér á landi væri komið upp fríhöfn eða tollvörugeymslum með svipuðu sniði og tíðkast víða annars staðar. M. a. hefur Verzlunarráð Íslands oftlega rætt málið og sent ríkisvaldinu áskoranir um að sett yrði ný löggjöf um það.

Í septembermánuði 1958 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess „að athuga og gera tillögur um, hvort æskilegt sé að í lög sé leidd heimild til þess að koma hér á landi á fót svonefndum „frílager“ eða öðru þvílíku kerfi, svo sem tíðkast í nágrannalöndum vorum“, eins og komizt er að orði í skipunarbréfi nefndarinnar.

Í nefndinni áttu sæti þeir Gunnar Ásgeirsson, stórkaupmaður, Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri, Unnsteinn Beck, tollgæzlustjóri og Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað áliti og tillögum í frumvarpsformi. Er frumvarp það, sem hér er lagt fram, í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdu svohljóðandi athugasemdir um einstakar greinar, en að öðru leyti er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal.

Um I. kafla.

Í þessum kafla ræðir um þær almennu tollvörugeymslur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir innflytjendur, hvort sem vörur þeirra verða tollafgreiddar til sölu innanlands, til iðnfyrirtækja, sem vinna úr þeim, endurútfluttar eða sendar ótoll-

afgreiddar til annarra tollhafna. Einnig má nota geymslur þessar fyrir iðnaðarvörur, sem á að flytja úr landi, og aðflutningsgjöld eða innlent tollvörugjald er endurgreitt af við útflutning. Á öðrum stað í áliti nefndarinnar er gerð nokkur grein fyrir sérkennum þessara geymslna og að hverju leyti þær eru frábrugðnar „frílagerum“ nágrannalandanna.

Um 1. gr.

Á Norðurlöndum reka opinberir aðilar, tollgæzlan eða sveitarfélög, yfirleitt hina almennu „frílagera“ og aðrar hliðstæðar tollvörugeymslur. Þó er einkafyrirtækjum leyfður slíkur rekstur, ef sérstaklega stendur á, og þarf sérstakt leyfi til. Hér er gert ráð fyrir, að sömu meginreglur gildi. Gert er ráð fyrir, að almennar tollvörugeymslur séu reknar í stórum vörugeymsluhúsum, þar sem félögum og einstakingum er veittur aðgangur að því að fá leigð afnot af geymsluplássum, sem henta þörfum hvers um sig. Sjálfsagt er að áskilja samþykki ráðherra á slíkum leigumálum, þótt geymslur séu ekki reknar af ríkinu.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að ráðherra geti takmarkað, hverjar vörur megi setja í tollvörugeymslur. Er þetta gert með hliðsjón af því, að fyrst um sinn a. m. k. er hætt við að mikill skortur verði á húsnæði til að reka í slíkar geymslur. Er þá eðlilegt að þær vörutegundir séu látnar sitja í fyrirrúmi, sem mest þörf er að hafa í tollgeymslu.

Um 3. gr.

Um 1. mgr. vísast til skýringa við 1. gr.

Í 2. málsgr. er iðnfyrirtækjum eða útflytjendum iðnaðarvöru gefinn kostur á að koma innlendum iðnaðarvörum, sem á að flytja úr landi, í tollvörugeymslu og og fá þá þegar endurgreidd opinber gjöld, sem ella yrðu fyrst endurgreidd um leið og varan er flutt úr landi. Takmörk fyrir því, hve slík vara má liggja lengi í tollvörugeymslu, eru sett í 4. mgr. greinarinnar.

Fresturinn í 3. mgr. er settur með hliðsjón af því sem nú gildir í framkvæmd um tollafgreiðslu á vörum í Reykjavík. Notkun geymslnanna kann að skapa önnur viðhorf og aðrar þarfir en nú eru og er því ráðherra heimilað að veita undanþágu.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er að gera þeim, sem leggur vöru í tollvörugeymslu, að skyldu að gera fulla grein fyrir vörunni áður, enda verður slík greinargerð grundvöllur að eftirliti með vörunni og tollmeðferð hennar.

Um 6. gr.

Of örar og smávægilegar hreyfingar á birgðum vörugeymslnanna leiða af sér óhæfilega fyrirhöfn og kostnað við bókhald, eftirlit og tollafgreiðslur. Greinin heimilar að settar séu reglur til að fyrirbyggja þetta.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í fylgiskjali með frv. er gerð nokkur grein fyrir tollfrjálsum forðageymslum og því á hverjum ástæðum þær byggjast. Hér er gert ráð fyrir að þessar geymslur séu reknar af skipaútgerðum og flugfélögum til eigin afnota.

Erlendis munu útgerðarvöruverzlanir stundum reka slíkar geymslur í því skyni að selja úr þeim vistir og aðrar nauðsynjar tollfrjálsar til farartækja í utanlandsferðum. Hér virðist ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstökum geymslum í þessu skyni. Að því leyti sem þörf er fyrir slíkt hér, má nota almennar tollvörugeymslur.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfi sé aðeins veitt þeim, sem eiga farartæki að staðaldri í utanlandsferðum. Mundu aðrir ekki hafa þörf fyrir slíkar geymslur.

Um 9. og 10. gr.

Í þessum greinum eru ýmis fyrirmæli um öruggan útbúnað á geymsluhúsum til að auðvelda eftirlitið og varna misferli í sambandi við rekstur geymslnanna.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að í geymslur þessar verði eingöngu settar vörur, sem ekki hafa verið greidd aðflutningsgjöld af. Endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum kemur því ekki til greina í sambandi við rekstur þeirra, nema um sé að ræða endurgreiðslu á gjöldum af hráefni, sem notað hefur verið til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sbr. 2. málsgr. greinarinnar. Einnig er heimilt að endurgreiða tollvörugjald af innlendum framleiðsluvörum, sem settar eru í þessar geymslur.

Um 12. gr.

Það er meginregla, að vörur úr geymslum samkvæmt þessum kafla verða eingöngu notaðar sem forði og birgðir handa farartækjum geymsluhafa. Þó getur það valdið tjóni ef eigi væri hægt að losna við þær úr geymslunum á annan hátt, og er hér því sett heimild fyrir ráðuneytið til að leyfa endursendingar, endurútflutning eða jafnvel tollafgreiðslu til innanlandsnota á vörum þessum, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef vörurnar liggja undir skemmdum.

Um 13. gr.

Ástæðulaust virðist að leyfa þessar geymslur annarsstaðar en í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Af kostnaðarástæðum við eftirlit með þeim er æskilegt að þær séu svo fáar, sem framast er unnt.

Um 14. gr.

Ef vörur úr birgðum skips eða flugvélar eru settar í forðageymslur, er að sjálfsögðu ekki hægt að krefjast þess að venjuleg innflutningsskilríki, svo sem vörureikningar, fylgi þeim. Verður því að hafa aðrar aðferðir við skráningu á slíkum varningi inn í geymslurnar.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins eru einkainnflytjendur á áfengi, tóbaki og nokkrum öðrum vörutegundum. Nær þetta einnig til þess þótt varan sé sett í tollvörugeymslu við innflutninginn. Rétt þykir að opna hér möguleika fyrir því, ef sérstaklega stendur á, að einkasölurnar geti leyft skipa- eða flugfélögum að taka einkasöluvörur í forðageymslu. Fordæmi um þetta er í Noregi, en þar er einkasala á áfengi.

Um III. kafla.

Lög um heimild til að stofna verzlanir með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli voru sett árið 1958. Ákvæði um þetta efni þykja eiga heima í þessu frumvarpi, enda þarf að reka tollvörugeymslur í sambandi við slíkar verzlanir.

Um 15. gr.

Verzlunum með tollfrjálsar vörur hefur á undanförnum árum verið komið upp á nokkrum millilandaflugvöllum í Evrópu. Eru ákvæðin í þessari grein sniðin eftir fyrirkomulagi slíkra verzlana erlendis.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ríkiseinkasölur að selja vörur sínar við sérstöku verði til skipa og flugfélaga í utanlandsferðum.

Um IV. kafla.

Umhleðsla hérlendis á vörum, sem fluttar eru milli erlendra hafna (transit-flutningur) var til skamms tíma nær óþekkt, en hefur nú aukizt verulega seinustu árin, einkum í sambandi við flutninga til Grænlands. Þarf nú stjórnarráðsleyfi hverju sinni til slíkra flutninga. Hér er gert ráð fyrir að ekki þurfi stjórnarráðsleyfi lengur til slíkra flutninga, ef varan er geymd í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að geymslurnar séu reknar af skipaútgerðum og flugfélögum, en að sjálfsögðu undir ströngu tolleftirliti og undir lás og innsigli tollgæzlunnar, sbr. 1. mgr. 18. gr.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. Kafli.

Um 18. og 19. gr.

Fyrirmæli um eftirlit og öryggisráðstafanir, sem sjálfsagt er að fylgt sé við rekstur tollvörugeymslna.

Um 20. gr.

Áður en vöru er komið í tollgeymslu, þarf tollstjóri að fá um hana innflutningsskýrslu og önnur innflutningsgögn, sbr. 5. gr., og hann metur það, hvort þau gögn eru fullnægjandi og hvort nauðsynleg skilyrði eru til þess, að vöruna megi flytja í tollvörugeymslu, svo sem að innflutnings- og gjaldeyrisskilyrðum hafi verið fullnægt eða að varan sé að öðru leyti löglega flutt til landsins. Leyfi hans þarf því að koma til áður en vara er flutt í geymslu.

Um þetta stendur sérstaklega á um neyzluvörubirgðir skipa og flugvéla, sem kunna að verða settar í tollfrjálsar birgðageymslur. Þar er ekki ástæða til að krefjast samþykkis frá tollstjóra fyrirfram, enda mundi oft ekki vera tök á að útvega það í tíma, t. d. þegar birgðir eru teknar úr flugvél. Sama gildir um vörur, sem settar eru í flutningageymslur (transit-geymslur). Eðlilegt er að vörur, sem þangað eiga að fara, séu fluttar beint frá skipshlið eða úr flugvél. Síðar verður auðvitað að leggja tilskilin gögn um þessar vörur fyrir tollstjóra.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir af sömu ástæðum, sem raktar eru í athugasemdum við 20. gr., og almennum reglum um tollmeðferð aðfluttra vara.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Fyrsta málsgreinin er í samræmi við reglur tollskrárlaganna og gildandi reglur í nágrannalöndunum.

Samkvæmt reglum tollskrárlaganna ber að greiða tolla af því vörumagni, sem kemur til landsins, og skemmdir hafa því aðeins áhrif á tollverðmætið, að þær hafi orðið í flutningi hingað til lands, eða við affermingu. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við þetta.

Tollvörugeymslur þær, sem frumvarpið fjallar um, eru þannig hugsaðar, að geymsluhafi hafi jafnan vörzlur þess varnings, sem er í geymslu hans, þótt umsjón

með þeim fari fram undir tolleftirliti. Það er því eðlilegt að geymsluhafinn sé gerður ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem hverfa eða rýrna óeðlilega í geymslum hans, en ekki eigandi varanna, ef hann er annar maður. Þrátt fyrir þetta ákvæði helzt að sjálfsögðu lögveðréttur í vörusendingu fyrir gjöldum af því, sem kann að vanta eða hafa misfarizt, sbr. 25. gr.

Um 24. gr.—30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

I.

Hinn 20. september 1958 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvort æskilegt sé að koma hér á landi á fót svonefndum „frílager“ eða öðru þvílíku kerfi, sem tíðkast í nágrannalöndum vorum. Í nefndinni áttu sæti þeir Gunnar Ásgeirsson, stórkaupmaður, Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri, Unnsteinn Beck, tollgæzlustjóri og Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar. Nefndin hefur síðan starfað að athugun þessa máls, rætt það á mörgum fundum, kynnt sér skoðanir innflytjenda, skipa- og flugfélaga og annarra, sem mál þessi varða miklu, og leitað fyrirmynda í löggjöf og starfsreglum nágrannaþjóðanna um þessi efni.

Hér á landi eru reglur um geymslu og tollmeðferð á aðfluttum vörum fábreyttari en þar sem atvinnuvegir eru fjölþættari og greiðari millilandaviðskipti en hér hafa tíðkazt. Á seinustu árum hafa, sem kunnugt er, orðið miklar breytingar á atvinnuháttum hérlendis. Iðnaður hefur stóraukizt og ýmis millilandaviðskipti, sem áður voru með öllu óþekkt, gera nú vart við sig og eiga ef til vill mikla þróun fyrir sér. Má þar nefna viðkomuflutning (transit-flutning) á vörum og farþegum, og geymslu og sölu á varningi í sambandi við slíka flutninga. Samgöngum við útlönd er nú orðið þannig háttað, að hugsanlegt er, að hér megi reka milliríkjaverzlun í líkingu við það, sem lengi hefur tíðkazt í borgum og löndum, sem liggja að alþjóðlegum umferðaleiðum. Þar sem slíkir „transit“-flutningar tíðkast, hafa verið settar reglur um geymslu og tollmeðferð á aðfluttum vörum og útflutningsvarningi, sem miðaðar eru við þarfir þeirra atvinnugreina, sem í kjölfar slíkra flutninga sigla. Sýnist nú tímabært að taka upp slíkar reglur í einhverri mynd hér á landi, þegar litið er til þeirrar þróunar, sem orðið hefur á síðari árum.

II.

Kaupskip, sem eru í millilandasiglingum, eiga þess víðast kost í hafnaborgum að fá keyptan neyzluforða og aðrar nauðsynjar tollfrjálst, í fríhöfnum eða úr svo nefndum tollfrjálsum vörugeymslum. Sama gildir um flugvélar, sem fara um millilandaflugvelli. Erlendis eiga skipa- og flugfélög oft sjálf tollfrjálsar forðageymslur til að birgja skip sín og flugvélar vistum og öðrum nauðsynjum. Hér hafa hin stærri skipafélög lengi leitazt fyrir um að fá að koma upp slíkum forðageymslum, og sama gildir nú á síðari árum um flugfélögin. Hafa þessi félög sýnt fram á það með rökum, að þeim væri mikið fjárhagslegt hagræði að því að kaupa nauðsynjar til farartækja sinna frá erlendum útflytjendum og koma þeim í tollfrjálsa geymslu hérlendis, í stað þess að þurfa að skipta við miðlara í erlendum höfnum. Gjaldeyrissparnaður yrði einnig verulegur af þessu. Lagaheimild skortir nú til að koma hér á fót slíkum tollfrjálsum forðageymslum.

Með hækkandi aðflutningsgjöldum hafa iðnfyrirtækjum og innflutningsverzlunum skapazt verulega auknir erfiðleikar af því að þurfa að leysa vörusendingar sínar í einu lagi úr tolli í stað þess að taka þær til sín og greiða af þeim gjöld jafnóðum og vörurnar eru teknar til sölu eða vinnslu. Árið 1907 voru sett lög um tollgeymslu og tollgreiðslufrest, sem veittu innflytjendum kost á að koma vörum sínum í geymsl-

ur undir tollinnsigli og greiða af þeim tollinn smám saman jafnóðum og þær voru teknar úr geymslunni. Lög þessi eru enn í gildi, en þeim hefur ekki verið beitt í mörg ár, þar eð þau veita einungis gjaldfrest á vörumagnstolli, sem nú er í flestum tilfellum aðeins óverulegur hluti aðflutningsgjalda. Auk þess hafa ákvæði þeirra einungis gilt um tiltölulega fáar vörutegundir. Það mun ekki tíðkast neinsstaðar í nágrannalöndunum, að innflytjendum sé skylt að greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af heilum vörusendingum, en til þess að komast hjá því þurfa þeir að sæta vissum reglum um geymslu og meðferð vörunnar meðan hún bíður tollafgreiðslu. Venjulega eru þær reglur bundnar við að vara sé geymd í fríhöfn, „frílager“ eða annari tollvörugeymslu.

III.

Hér á landi er nú framleitt nokkuð af iðnaðarvörum, sem fluttar eru út, og innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefnum til framleiðslunnar eru endurgreidd af við útflutning. Erlendis er þetta fyrirkomulag alþekkt, en þar eru oft tök á að fá gjöld þessi endurgreidd þegar vörunum hefur verið komið í tollvörugeymslu, þar sem þær bíða útflutnings. Íslenzkum iðnframleiðendum gæti verið hagur að slíku fyrirkomulagi í stað þess að þurfa að bíða endurgreiðslnanna þar til framleiðslan hefur verið flutt úr landi, en það getur oft dregizt verulega eftir að vara er fullunnin.

IV.

Þær ástæður, sem hér hefur verið drepið á, leiða til þess, að nú er orðið tímabært að leyfa hér á landi vörugeymslur, þar sem þess er kostur að taka aðfluttar vörur til geymslu, án þess að aðflutningsgjöld falli á þær, og hægt sé að reka með þær tollfrjáls viðskipti, þar sem því verður við komið. Aðflutningsgjöld verði þá fyrst innheimt ef vörurnar eru teknar úr geymslunni til sölu eða notkunar innanlands. Ennfremur að slíkar geymslur megi nota til að taka við vörum til útflutnings til að flýta endurgreiðslu á tollvörugjaldi og aðflutningsgjöldum ef svo ber undir. Að þessu er stefnt með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

V.

Á Norðurlöndum er löng reynsla af rekstri tollfrjálsra vörugeymslna, og eru þær með ýmsu móti eftir því hverjum tilgangi þær þjóna og eftir aðstæðum á hverjum stað. Þess má geta að ekki gilda að öllu leyti sambærilegar reglur í öllum löndunum um geymslur, sem bera sömu eða hliðstæð heiti. Þannig er t. d. norskur „transitlager“ í framkvæmd verulega frábrugðinn dönskum eða sænskum „transitlager“. Ekki er ástæða til að ræða slík afbrigði hér, en hinsvegar rétt að gera stuttlega grein fyrir helztu tegundum tollfrjálsra vörugeymslna á Norðurlöndum, því þangað er eðlilegast að sækja fyrirmyndir að þessu nýmæli hér.

Fríhafnir eru víðtækasta og frjálsasta form tollvörugeymslu, en ekki er ástæða til að ræða um þær hér, þar sem engar aðstæður eru til að koma hér á fót fríhöfn að svo stöddu.

„Frílagerar“ eru í mörgu tilliti hliðstæðir fríhöfnum. Vörur, sem þar eru til geymslu, eru að sjálfsögðu háðar ströngu eftirliti, og raunar er algengast að „frílagerar“ séu reknir af tollgæzlunni eða öðrum opinberum aðila. Þeim, sem á vöru á „frílager,“ er heimilt að annast hana og vinna að henni á ýmsan hátt, t. d. að flokkun, skiptum á umbúðum og blöndun, innan „frílagersins“. Varan skoðast að því er tekur til greiðslu aðfl.gjalda og meðferðar nánast eins og hún væri utan tolllandamæra meðan hún liggur á „frílager“. Þó er, eins og áður getur, takmörkunum háð, hverjar breytingar ná gera á vörunni áður en hún er tekin til tollafgreiðslu og í sumum tilfellum, eins og t. d. á einka-„frílagerum“ í Danmörku, eru aðflutningsgjöld miðuð við vöruna eins og hún var þegar hún fór inn í geymsluna, þótt breytingar eða rýrnun hafi átt sér stað meðan hún lá þar í geymslu. „Frílagerar“ munu einkum hugsaðir til geymslu

á vörum, sem flytja á úr landi að lokinni aðvinnslu eins og t. d. blöndun, flokkun eða skipta á umbúðum án þess að um eiginlega vinnslu sé að ræða, enda er vinnsla, sem breytir eðli vöru yfirleitt ekki leyfð á „frílagerum“. Aðvinnsla á útflutningsvörum, eins og hér hefur verið lýst, er ekki atvinnugrein hér á landi og ekki þykir ástæða til að leyfa slíka aðvinnslu á ótolluðum vörum fyrir innanlandsmarkað. Er því ekki gert ráð fyrir „frílager“ í venjulegri merkingu þess orðs í frumvarpinu.

„Transitlagerar“ (flutningageymslur, umhleðslugeymslur) eru annarsstaðar einkum notaðar til að geyma í vörur, sem lagðar eru á land og eiga að flytjast áfram til útlanda eða innlendra hafna ótollafgreiddar. Gert er ráð fyrir slíkum geymslum í IV. kafla frumvarpsins fyrir vörur, sem á að flytja áfram til erlendra hafna með umhleðslu hérlendis.

Sérstök tegund „frílagera“ eru svonefndir „provianteringsfrílagerar“, tollfrjálsar forðageymslur, sem ætlaðar eru fyrir vistir og aðrar nauðsynjar skipa og flugvéla í utanlandsferðum. Hefur verið minnzt á þessa tegund tollvörugeymslna hér að framan, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær verði leyfðar, og settar um þær reglur í II. kafla frumvarpsins.

Hér hefur verið gerð lítilsháttar grein fyrir helztu tegundum tollvörugeymslna, sem tíðkast á Norðurlöndum. Þess er þó ógetið, að í Svíþjóð eru nú ekki leyfðir „frílagerar“ í venjulegri mynd. Fríhafnir eru þar í stærstu hafnarborgunum, en í stað „frílagera“ eins og þeir tíðkast í Danmörku og Noregi kemur svokallað „tullnederlag“. Þar er um að ræða tollfrjálsar vörugeymslur, sem í mörgu svipar til venjulegs „frílagers“, en eru þó nokkru bundnari. Vörur má t. d. ekki flokka, blanda eða skipta um umbúðir á þeim eftir að þær eru komnar inn í geymsluna, nema sérstaklega standi á og þá með sérstöku leyfi. Hinsvegar mega slíkar aðgerðir fara fram innan vissra takmarka um leið og varan er lögð í geymslu.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að almennar tollvörugeymslur (I. kafli frumv.) verði með svipuðum hætti og „tullnederlag“ Svía. Eins og áður greinir virðist ekki vera þörf á venjulegum „frílagerum“ hér, og þar sem eftirlit með þeim yrði erfiðara og þar af leiðandi dýrara en með geymslu af svipaðri gerð og sænskt „tullnederlag“, hafa slíkar geymslur einkum verið teknar hér til fyrirmyndar. Aðrar tollvörugeymslur, sem frumvarpið fjallar um, eru með svipuðum hætti og sambærilegar danskar og sænskar tollvörugeymslur.

Reykjavík, 26. janúar 1960,

Sigtr. Klemenzson. Hjalti Pálsson. Gunnar Ásgeirsson.
Unnsteinn Beck.

Nd. 471. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Síðari efnismálsliður falli burt.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Árið 1960 er heimilt að greiða styrk samkv. lögum þessum af því fé, sem fram er lagt samkv. 41. gr. laganna, enda skal hann þá endurgreiddur frá ríkissjóði árið 1961 eða síðar, þegar þess verður þörf til framkvæmda samkv. 38. gr.

Ed. 472. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það til stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands til umsagnar. Kom fram í svarbréfi sjóðsstjórnarinnar, að hún taldi sig geta mælt með efni frumvarpsins, en gerði jafnframt tillögu um nokkra orðalagsbreytingu. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð.

Alþingi, 16. maí 1960.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Björn Jónsson. Sigurvin Einarsson.

Sþ. 473. Breytingartillaga [159. mál]

við till. til þál. um endurskoðun á lögum um vegi.

Frá Sigurvin Einarssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fimm manna þingkjörinni nefnd endurskoðun laga um þjóðvegi, sýsluvegi, fjallvegi og hreppavegi. Vegamálastjóri skal vera nefndinni til ráðuneytis, og skal nefndin hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi. Nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi. Samgöngumálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Nd. 474. Frumvarp til laga [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á að-

greindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings-og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávar-

afurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, þar til endurskoðun tollskrár er lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar.

Nd. 475. Lög [84. mál]

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samsljóða þskj. 160.

Sþ. 476. Fyrirspurnir. [167. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um verkamannabústaði.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað líður störfum nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði 20. desember 1958 til að endurskoða lög nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum?

II. Til fjármálaráðherra um skaðabótakröfur, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Er það stefna ríkisstjórnarinnar að láta gerðardóma fella úrskurði um skaðabótakröfur, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði, í stað þess að dómstólarnir fjalli um þær?

Nd. 477. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5 júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir mælum með því, að frumvarpið verði

samþykkt óbreytt. Þeir Helgi Bergs og Karl Guðjónsson vilja láta fella frumvarpið, en Benedikt Gröndal gerir ráð fyrir að skila sérstöku áliti.

Alþingi, 17. maí 1960.

Jón Pálmason, form., frsm.
Einar Sigurðsson, fundaskr.

Nd. 478. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsagnir framleiðsluráðs landbúnaðarins og yfirdýralæknis, en báðir þessir aðilar leggjast eindregið gegn samþykkt þess.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarmanna er andvígur því, en einn þeirra (BGr) skilar sérstöku áliti.

10. gr. laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem hér er gert ráð fyrir að breyta, stefnir fyrst og fremst að því að tryggja bætta meðferð sláturfjárafurða með nokkurri takmörkun á veitingu slátrunarleyfa.

Nýtízku sláturhús með þeim frágangi og búnaði, sem fullkomnar heilbrigðiskröfur gera ráð fyrir, eru mjög dýr í byggingu, og stofnkostnaðurinn er þeim mun tilfinnanlegri sem húsin eru aðeins notuð um stuttan tíma á ári hverju. Fjölgun sláturhúsa mundi því leiða til lækkaðs verðs til framleiðenda eða hækkaðs verðs til neytenda, nema hvort tveggja yrði. Er þess að vænta, að menn séu sammála um, að það sé ekki æskilegt.

Sú fjölgun slátrunarstaða, sem leiða mundi af rýmkun á veitingu slátrunarleyfa, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, hlyti mjög að torvelda viðleitni löggjafans og framleiðsluráðsins til að vinna að fullkomnun sláturhúsa landsins. Þannig gerir frv. ráð fyrir því, að veita skuli slátrunarleyfi öllum þeim, sem slíkt leyfi höfðu 1959, þó að vitað sé, að fjölmörg þeirra sláturhúsa, sem þá fengu slátrunarleyfi, svara á engan hátt þeim kröfum, sem gera ber til slíkra húsa. Um þetta segir yfirdýralæknir í umsögn sinni um frv.:

„Nú sem stendur eru nær öll hin minni sláturhús í því ástandi, að þau geta ekki talizt hæf sem sláturhús. Stærri húsin, þar sem flestu fé er slátrað, eru yfirleitt miklu fullkomnari, og þar virðist bæði áhugi og bolmagn til þess að halda húsunum við og framkvæma nauðsynlegar endurbætur. Litlu húsin eru langflest einfaldir blikkskúrar með ófullkomnum útbúnaði, en hafa verið starfrækt undanfarin ár í skjóli undanþáguheimildar gildandi laga um þetta efni."

Á undanförnum áratugum hefur heldur stefnt í þá átt, þótt of hægt hafi gengið, að slátrun og meðferð sláturfjárafurða hefur færzt í hendur nokkuð stórra framleiðslusamvinnufélaga. Það er engum vafa undirorpið, að þessi þróun hefur verið heillavænleg, ekki aðeins framleiðendum, heldur ekki síður neytendum, því að með þeim hætti hefur tilkostnaður orðið minni en ella, vöruvöndun meiri og eftirlit hins opinbera með vörugæðum og heilbrigðisháttum öruggara. Það er augljóst hagsmunamál bæði neytenda og framleiðenda, að þessari þróun verði ekki snúið við og að það verði tryggt, að hlutaðeigandi yfirvöld hafi sem bezt skilyrði til að vinna að því að bæta meðferð og verkun afurðanna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ályktað einróma að mæla eindregið gegn samþykkt frumvarps þessa. Í umsögn þess segir m. a.:

„Breytingin mundi, ef að lögum yrði, valda því, að sláturhúsum fjölgaði og útbúnaður og aðstaða til slátrunar versnaði frá því, sem nú er. Víða um land er enn notazt við ólöggilt sláturhús, og er nú verið að vinna að því, m. a. með breytingu á lögum um kjötmat o. fl., að bæta aðstöðu til slátrunar og helzt að leggja niður lökustu sláturhúsin. Breyting sú, sem hér um ræðir, mundi verka í öfuga átt og verða til þess að auka kostnað við slátrun og valda afturför í meðferð og verkun sláturfjárafurða."

Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. maí 1960.

Helgi Bergs, frsm. Karl Guðjónsson.

Sþ. 479. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn forstöðumanns jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar um hana.

Nefndin er sammála flutningsmönnum um nauðsyn hitaveitna fyrir byggðarlög á umræddum svæðum, þeim sem aðaltillagan og viðaukatillagan eiga við. Er það tvímælalaust mjög mikilvægt, að sem flestir landsmenn geti notið þeirra þæginda og sparnaðar, sem leiðir af hitaveitu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um jarðboranir þessar. Til þessa hefur leit að heitu vatni til notkunar í hitaveitu verið á vegum viðkomandi sveitarfélaga, en ríkissjóður greitt tiltekinn hluta kostnaðar í samræmi við lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Nefndin telur ekki á þessu stigi fært að slá því föstu, að ríkið hafi forgöngu um jarðhitaleit til hitaveitna, nema jafnframt séu settar heildarreglur um greiðslu kostnaðar við slíkar rannsóknir. Nefndin telur því nauðsynlegt, að sem fyrst verði sett heidarlöggjöf um hagnýtingu jarðhita.

Jarðhitadeildin hefur tjáð nefndinni, að ákveðið sé, að gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar hefji boranir í Krísuvík nú í þessum mánuði.

Með hliðsjón af þessum málsástæðum og í trausti þess, að niðurstaða verði fengin á þessu ári um hina fjárhagslegu hlið jarðborana til hitaveitu, leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason. Páll Þorsteinsson.
Karl Guðjónsson. Guðl. Gíslason.

Sþ. 480. Þingsályktun [29. mál]

um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 39.

Nd. 481. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins bætist eftirfarandi málsliður:
Á árunum 1960 og 1961 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 hvort árið (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

Ed. 482. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 483. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins.

Greinargerð.

Rafvæðingin er eitthvert mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar. Í raforkuáætluninni var gert ráð fyrir að fullnægja raforkuþörf Austurlands með virkjun Grímsár, þar sem fengust 3500 hö. Eins og annars staðar fer raforkuþörfin vaxandi á Austurlandi, og þarf að fara að hugsa fyrir næstu virkjun þegar í stað. Draga ekki hvað síst til sín raforku hin stóru iðjuver, sem rísa í kaupstöðunum, svo sem síldarbræðslur og frystihús, jafnframt vaxandi notkun almennings á rafmagni.

Af þessum ástæðum er þessi þingsályktunartillaga flutt um, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins. En því er bent hér á Fjarðará, að verkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen bentu 1947 á hana sem ákjósanlegasta til að ráðast í virkjun á, enda þótt Grímsá yrði fyrir valinu. Telja þeir að virkjun Fjarðarár á tveim stöðum mundi gefa 6200 og 3200 hestöfl.

Þá var aðeins reiknað með að hækka stífluna í Heiðarvatni um 9 metra, en hins vegar ekki að hagnýta fyrrgreindar ár á vatnasvæði Fjarðarár til aukningar á vatnsmagninu. Gizka mætti á, að það mundi auka vatnsmagnið um 50%, ef framkvæmanlegt væri að veita þeim í Fjarðará. Fengist um 15000 hestafla orka við fullnaðarvirkjun Fjarðarár, ef þetta fengi staðizt. Til samanburðar má geta þess, að Grímsárvirkjunin er 3500 hestöfl. Mikill kostur við virkjun Fjarðarár er, að unnt er að taka hana í áföngum, eftir því sem raforkuþörfin vex.

Að beina Kötluánum í Heiðarvatnið, sem Fjarðará rennur m. a. úr, er ekki talið erfitt né kostnaðarsamt. Hins vegar er erfiðara að segja um hagnýtingu Miðhúsaárinnar í þessu skyni, en vel virðist það í skjótu bragði vera framkvæmanlegt, en nauðsynlegt er að fá úr því skorið til fulls og hvað það mundi kosta með tilliti til framtíðarvirkjana á Austurlandi.

Upptök Fjarðarár eru um 10 km frá Seyðisfirði, og hefur hún um 500 m fallhæð á aðeins 8 km vegalengd. Hún var eitt fyrsta vatnsfall hér á landi, sem var virkjað í smáum stíl til að sjá Seyðfirðingum fyrir rafmagni. Fyrir liggja áratuga vatnsmælingar í ánni, og er þar því á traustum grunni að byggja hvað það snertir.

Út í hugleiðingar um virkjun annarra vatnsfalla á Austurlandi til að bæta enn frekar úr framtíðarþörf Austfirðinga fyrir rafmagn skal ekki farið hér. Fjarðará virðist hafa marga kosti til að bera til virkjunar, og má í því sambandi minna á álit hinna velmetnu verkfræðinga. En þegar taka þarf ákvörðun um næstu virkjun, er nauðsynlegt, að fyrir liggi rannsókn á virkjunarskilyrðum Fjarðarár, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn nálægra vatnsfalla og aðstöðu til stækkunar Heiðarvatns með vatnsmiðlun fyrir augum.

Nd. 484. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 1959, um breyt. á l. nr. 19 1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1960.

Jón Pálmason, form. Benedikt Gröndal, frsm. Einar Sigurðsson, fundaskr.

Helgi Bergs. Karl Guðjónsson.

Ed. 485. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um tollvörugeymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á einum fundi, þar sem einnig voru mættir þeir Sigtr. Klemenzson ráðuneytisstjóri og Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, en þeir hafa báðir unnið að undirbúningi frv. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 13. gr. Í stað 1. og 2. málsl. komi:
   Vörur úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn.
2. Við 15. gr. Í stað orðanna „og 10. gr.“ í 3. mgr. komi: 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.

Alþingi, 19. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.

Nd. 486. Breytingartillaga [131. mál]

við brtt. á þskj. 481 [Innflutnings- og gjaldeyrismál].

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað „150“ í efnismálslið brtt. komi: 250.

Ed. 487. Frumvarp til laga [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd., 19. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, þar til endurskoðun tollskrár er lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar.

Á árunum 1960 og 1961 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 hvort árið (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

Nd. 488. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir rýmkun á ákvæðum um veitingu sláturleyfa. Verði það samþykkt, mundi sláturhúsum fjölga verulega og víða verða tvö eða fleiri sláturhús á sama stað. Afstaða til frumvarpsins hlýtur að byggjast á því, hvort slík þróun er talin æskileg.

Á síðastliðnu ári var slátrað 691280 fjár í 102 sláturhúsum víðs vegar um landið. Til eru lög um kjötmat, þar sem gert er ráð fyrir löggildingu sláturhúsa, sem standast þær kröfur, er hið opinbera gerir til slíkra mannvirkja. Í fyrra höfðu aðeins 9 sláturhús á landinu slíka löggildingu, en öll hin, 93 að tölu, hafa starfað með undanþágum frá ári til árs.

Sláturhúsin eru mjög misjafnlega stór eða fullkomin. Þau minnstu slátruðu allt niður í 300 fjár, en 500—1000 fjár var ekki óalgengt. Er augljóst, að svo smá hús geta ekki borið kostnað við þann útbúnað og það hreinlæti, sem verður að krefjast af sláturhúsum. Yfirdýralæknir lýsir þessum húsum svo í álitsgerð fyrir landbúnaðarnefnd:

„Nú sem stendur eru nær öll hin minni sláturhús í því ástandi, að þau geta ekki talizt hæf sem sláturhús. . . . . Litlu húsin eru langflest einfaldir blikkskúrar með ófullkomnum útbúnaði."

Ástæða er til að ætla, að eingöngu sárafá stærstu sláturhús landsins séu þannig úr garði gerð, að þau geti talizt viðunandi til viðkvæmrar matvælaframleiðslu fyrir hreinláta og heilbrigða menningarþjóð. Þetta sannaðist nýlega, er Svíar keyptu nokkurt magn af íslenzku dilkakjöti. Þeir gera strangar kröfur til sláturhúsa og sendu sérfræðing hingað til lands til að skoða húsin, þar sem slátrað yrði fyrir sænskan markað. Sérfræðingurinn fór víða um land og skoðaði mörg skástu sláturhúsin. Niðurstaða hans varð sú, að einungis fjögur sláturhús af þeim, sem hann skoðaði, væru hæf til slátrunar fyrir sænskan markað.

Af þessu má marka, að það er brýnt verkefni fyrir Íslendinga að koma sláturhúsum landsins í fullkomnara horf. Hafa yfirdýralæknir, framleiðsluráð og fleiri aðilar af þessu hinar mestu áhyggjur og vinna að þeim umbótum, sem helzt eru tiltækilegar. Landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, hefur skipað nefnd til að undirbúa strangari löggjöf um þessi mál.

Augljóst er, að fjölgun sláturleyfa er ekki spor í rétta átt. Það mundi leiða til þess, að tugum milljóna yrði varið til að reisa ný sláturhús við hliðina á þeim, sem bezt eru, með þeim afleiðingum, að engin húsanna gætu hagnýtt afkastagetu sína. Minni og ófullkomnari sláturhúsin yrðu áfram, og vafalaust skapaðist mikil ásókn um undanþáguleyfi til slátrunar í margvíslegu ófullkomnu húsnæði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins mælir einróma gegn samþykkt frv., og yfirdýralæknir mælir einnig gegn því. Eru álitsgerðir þessara aðila birtar sem fylgiskjöl.

Af þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. maí 1960.

Benedikt Gröndal.

Fylgiskjal I.

FRAMLEIÐSLURÁÐ LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík 20. 4. 1960.

Bréf hæstvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar, dags. 5. þ. m., með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., á þskj. 238, var lagt fyrir fund framleiðsluráðsins þann 8. f. m. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Framleiðsluráð mælir eindregið gegn breytingartillögu á þingskjali nr. 238. Breytingin mundi, ef að lögum yrði, valda því, að sláturhúsum fjölgaði og útbúnaður og aðstaða til slátrunar versnaði frá því, sem nú er. Víða um land er enn notazt við ólöggilt sláturhús, og er nú verið að vinna að því, m. a. með breytingu á lögum um kjötmat o. fl., að bæta aðstöðu til slátrunar og helzt að leggja niður lökustu sláturhúsin.

Breyting sú, sem hér um ræðir, mundi verka í öfuga átt og verða til þess að auka kostnað við slátrun og valda afturför í meðferð og verkun sláturfjárafurða."

Fleira var ekki bókað í máli þessu, og undir bókunina skrifuðu allir viðstaddir framleiðsluráðsmenn, en þeir voru: Sverrir Gíslason, Bjarni Bjarnason, Pétur Ottesen, Einar Ólafsson, Stefán Björnsson og Helgi Pétursson.

Virðingarfyllst,

f. h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
Sveinn Tryggvason.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar, Alþingishúsinu.

Fylgiskjal II.

YFIRDÝRALÆKNIRINN
Reykjavík.

11. apríl 1960.

Mér hefur borizt bréf háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar, þar sem óskað er eftir umsögn minni um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94 5. júní 1947.

Af því tilefni vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi um frumvarp þetta:

Breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér, virðast miða að því fyrst og fremst að lögleiða á ný heimaslátrun á sauðfé, þó að fyrirhugað sé að verka sláturafurðirnar sem verzlunarvöru. Samkvæmt frumvarpinu virðast bændur yfirleitt geta fengið heimild til þess að slátra sauðfé heima og verka hangikjöt til sölu. Neytendafélög geta keypt og slátrað fé til sölu á meðal félaganna, þótt þau hafi ekkert sláturhús, þ. e. verði að slátra við mjög ófullkomin skilyrði. Verzlunum má veita heimild til að slátra og selja kjöt, ef þær aðeins hafa skilyrði til slátrunar, og einstaklingum, sem eiga fé sitt svo langt frá sláturhúsi, að illfært sé að flytja eða reka það þangað, má veita leyfi til heimaslátrunar.

Þá er þess getið í frumvarpinu, að veiting sláturleyfa sé bundin því skilyrði, sem gildandi lög um kjötmat o. fl., nr. 5 22. febrúar 1949, gera ráð fyrir, en þar er gert ráð fyrir, sbr. 3. gr., að allir sláturleyfishafar hafi til umráða sláturhús eða aðgang að sláturhúsi, og þann veg hefur framkvæmd þessara mála verið, síðan lögin gengu í gildi, að því er varðar sauðfé.

Hér skýtur eitthvað skökku við, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði sláturleyfi aðilum, sem á engan hátt uppfylla þau skilyrði, sem krafizt er í

núgildandi lögum um kjötmat o. fl., en þó gerir frumvarpið ráð fyrir, að ákvæði þeirra laga haldi gildi sínu.

Virðist sem flutningsmaður þessa frumvarps hefði mátt hugleiða þessi mál nokkru ýtarlegar en gert hefur verið.

Ég tel, að með frumvarpi þessu sé stigið stórt skref aftur á bak í þessum málum og hér sé um miklu alvarlegra mál að ræða heldur en flutningsmaður virðist hafa gert sér grein fyrir. Skal ég reyna að rökstyðja það lítið eitt nánar.

Undanfarna áratugi hefur heimaslátrun á sauðfé verið óheimil, ef kjöt og sláturafurðir voru ætlaðar sem verzlunarvara innanlands eða utan. Sauðfé hefur orðið að slátra í sérstökum sláturhúsum, og gilda ákveðnar reglur um útbúnað þeirra og vinnutilhögun þar, og eru þær að nokkru miðaðar við kröfur viðskiptaþjóða okkar. Með þessu eina móti er unnt að koma við lögboðnu heilbrigðiseftirliti, sem aftur á móti er skilyrði fyrir því, að unnt sé og leyfilegt að selja kjöt eða sláturfjárafurðir t. d. hér í Reykjavík á stærsta markaði landsins eða að flytja kjöt á erlendan markað.

Í öllum löndum V-Evrópu og í N-Ameríku hafa kröfur um heilbrigðiseftirlit með sláturfénaði og útbúnaði slátur- og kjötgeymsluhúsa verið gerðar mun strangari hin síðari ár. Er viðhorfið í þessum málum því mjög breytt frá því, sem var t. d. fyrir síðustu heimsstyrjöld.

Í mörgum þessara landa gilda þau ákvæði, að eigi sé heimilt að flytja inn kjöt frá löndum, þar sem eigi eru í gildi nánar tilgreindar reglur um heilbrigðisskoðun og hreinlæti við verkun og geymslu sláturafurða. Í sumum löndum, t. d. V-Þýzkalandi, er krafizt, að eigi skuli gilda vægari reglur um þessi atriði í framleiðslulandinu heldur en í Þýzkalandi sjálfu, ef innflutningur á kjöti á að koma til greina.

Eins og nú standa sakir, eru flutt út 25—30% af kindakjötsframleiðslunni. Ef kaupgeta almennings minnkar eitthvað að ráði, telja kunnugir, að innanlandsneyzlan á kindakjöti muni mjög fljótlega minnka um 25—30% frá því, sem nú er. Getur því svo farið, að innan skamms þurfi að flytja út 40—50% af öllu því kindakjöti, sem nú er framleitt. Ef ákvæði þau, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og ég hef áður drepið á, verða lögfest, verður eigi hjá því komizt að veita heilbrigðisyfirvöldum viðskiptalanda okkar upplýsingar um það, strax og eftir verður gengið.

Augljóst er, að fyrirhugaðar breytingar gera heilbrigðiseftirlit óframkvæmanlegt, að því er varðar kjöt af heimaslátruðu fé, sem þó virðist í sumum tilfellum eiga að selja innan um kjöt verkað í sláturhúsum.

Af þeim kynnum, sem ég hef af þessum málum, tel ég mjög vafasamt, að erlendir viðskiptavinir okkar sætti sig við slíkar lagareglur og að það geti auðveldlega leitt til þess, að útflutningur á kindakjöti, t. d. til Ameríku, Bretlands og Norðurlanda, stöðvist alveg.

Þetta atriði vil ég biðja nefndarmenn að íhuga alveg sérstaklega, því að hér er um mjög viðkvæm og vandmeðfarin mál að ræða, sem mikið veltur á, að eigi verði torvelduð með fljótfærnislegum lagasmíðum.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vekja athygli háttvirtra nefndarmanna á öðru atriði, sem mjög miklu máli skiptir bæði framleiðendur og neytendur sláturafurða.

Sláturhús hér á landi eru nú mörg þann veg úr garði gerð, að þau fullnægja eigi þeim kröfum, sem af heilbrigðisástæðum verður að gera til bygginga, þar sem viðkvæm matvæli eru verkuð.

Nú sem stendur eru nær öll hin minni sláturhús í því ástandi, að þau geta ekki talizt hæf sem sláturhús. Stærri húsin, þar sem flestu fé er slátrað, eru yfirleitt miklu fullkomnari, og þar virðist bæði áhugi og bolmagn til þess að halda húsunum við og framkvæma nauðsynlegar endurbætur. Litlu húsin eru langflest einfaldir blikkskúrar með ófullkomnum útbúnaði, en hafa verið starfrækt undanfarin ár í skjóli undanþáguheimildar gildandi laga um þetta efni. Mun það samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að stefna beri að því að leggja skúra þessa, sem bera

sláturhúsanafn, niður sem allra fyrst, en auka hins vegar tölu þeirra stærri sláturhúsa, er fullnægt geta sanngjörnum kröfum um nauðsynlegan útbúnað til þrifnaðar og hreinlætis. Aðra stefnu munu heilbrigðisyfirvöld eigi geta fallizt á í þessu máli sem framtíðarlausn.

Þar sem augljóst er, að við höfum dregizt verulega aftur úr í þessum málum, fól háttvirtur landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, fyrir nokkru undirrituðum, ásamt dr. med. Jóni Sigurðssyni borgarlækni, Jónmundi Ólafssyni yfirkjötmatsmanni og Sæmundi Friðrikssyni framkvæmdastjóra, að endurskoða gildandi lagaákvæði um sláturhús, heilbrigðisskoðun, kjötmat o. fl.

Höfum við fyrir skömmu lokið við frumvarp um þetta efni. Var nefndin sammála um, að sem fyrst bæri að leggja niður ófullkomin sláturhús, sem enn eru í notkun, auka heilbrigðiseftirlit frá því, sem nú er, og afnema með öllu heimaslátrun stórgripa, sem viðgengizt hefur. Hið síðastnefnda atriði er í samræmi við nýlegar samþykktir búnaðarþings og framleiðsluráðs landbúnaðarins. Eigi mun hafa hvarflað að neinum nefndarmanna að lögheimila á ný heimaslátrun sauðfjár. Væntanlega verður frumvarp þetta innan skamms lagt fyrir Alþingi.

Að lokum þetta: Ef beina á þróun þessara mála inn á þá braut, sem hr. sóknarprestur Gunnar Gíslason gerir ráð fyrir, er um mikla afturför að ræða, bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Um það munu allir sammála, er þekkja nokkuð að ráði inn á heilbrigðissjónarmið í sambandi við slátrun og meðferð sláturafurða. Jafnframt má búast við, að slík þróun mála geri með öllu ókleift að flytja út kindakjöt frá Íslandi innan tíðar. Því er það von mín, að háttvirtir nefndarmenn íhugi þetta mál mjög vandlega og snúi ekki þróun þessara mála hér á landi í öfuga átt við það, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og öllum menningarlöndum yfirleitt, þar sem hirt er um heilbrigðiseftirlit og sómasamlegan þrifnað í meðferð einnar helztu neyzluvöru almennings.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 489. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað orðanna „gegn ríkisábyrgð“ komi: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

Nd. 490. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til laga um orlof húsmæðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.

Ed. 491. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það tölulega saman við ríkisreikninginn. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Nd. 492. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h.f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á þrem fundum. Á einum fundanna mætti viðskiptamálaráðherra og gerði grein fyrir frumvarpinu og væntanlegri reglugerð, er gert er ráð fyrir að út verði gefin samkv. 7. gr. frv. Þá ræddu einstakir nefndarmenn frv. við forráðamenn Verzlunarsparisjóðsins, og sömuleiðis var leitað umsagnar seðlabankans um málið.

Nefndin er á einu máli um að mæla með samþykkt frv., þar sem sparisjóðsformið sé ekki lengur heppilegt fyrir þá tegund viðskipta, sem Verzlunarsparisjóðurinn rekur, enda bankarekstrarformið hið eðlilega fyrir svo umfangsmikil peningaviðskipti. Þá munu nefndarmenn og vera þeirrar skoðunar, að í íslenzkum þjóðarbúskap geti verið æskilegt, að bankar með mismunandi rekstrarfyrirkomulagi, ríkisbankar, einkabankar og samvinnubankar, starfi jöfnum höndum hlið við hlið.

Við umræður um frv. og þau réttindi, sem í því felast viðvíkjandi skattfrelsi o. fl., bar það á góma, hvort eigi væri sjálfsagt, að aðrir aðilar, svo sem t. d. samvinnusamtökin eða verkalýðssamtökin og samtök sveitarfélaga, yrðu og slíkra réttinda aðnjótandi, ef þau vildu koma upp banka á sama hátt og kaupmannasamtökin nú. Er það skoðun nefndarmanna og þingflokkanna, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbankanum, skuli og veitt slíkum aðilum, ef þeir óska þess við svipuð skilyrði og hér um ræðir, og þá með samþykkt líkra laga og lagt er til í þessu frv.

Þá kom og fram sú spurning, hvort þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbankanum h.f., mættu gilda fyrir það hlutafélag, ef í það væri látið erlent fjármagn. Kom í ljós, að slíkt hafði ekki verið ætlun forráðamanna málsins.

Var það sameiginleg skoðun nefndarmanna og ríkisstjórnarinnar, er nefndin hafði samráð við, að það væri forsenda þeirra réttinda, er frv. veitir, að þau gildi aðeins um íslenzkt fjármagn. Yrði því síðar meir breyting á þessu, þannig að erlent fjármagn kæmi inn í Verzlunarbankann h.f. sem hlutafé, væru þær forsendur, sem nú eru fyrir frv., brostnar og nýtt viðhorf skapað.

Á fundi þeim, er viðskiptamálaráðherra sat með nefndinni, gat hann þess, að hann mundi í fyrirhugaðri bankareglugerð kveða svo á, að þar sem bankinn nyti skattfrelsis, mundi honum gert að skyldu að birta reikninga sína opinberlega, eins

og Verzlunarsparisjóðurinn raunar hefur jafnan gert fram til þessa, og að einn af endurskoðendum reikninga bankans yrði tilnefndur af ríkisstjórninni.

Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram komu við athugun málsins í nefndinni og um getur í framangreindri álitsgerð, eru nefndarmenn allir sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 19. maí 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein. Skúli Guðmundsson.

Nd. 493. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til meðferðar á tveim fundum nefndarinnar. Þótt nefndarmenn greini í grundvallaratriðum nokkuð á um gagnsemi verðlagseftirlits almennt, hefur undirritaður meiri hluti nefndarinnar fallizt á að mæla með samþykkt frumvarps þessa, eins og sakir standa, þótt hver nefndarmanna um sig áskilji sér rétt til þess að fylgja eða flytja breytingartillögur við frumvarpið. — Einn nefndarmanna, Skúli Guðmundsson, sat hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarpið í nefndinni og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 19. maí 1960.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, frsm., fundaskr. Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ed. 494. Lög [131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj 487.

Ed. 495. Frumvarp til laga [166. mál]

um tollvörugeymslur o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Vörur úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

15. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir tolleftirliti um borð í flugvélina. Fyrirskipa skal, að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenzkri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Verzlanir og vörugeymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vörugeymslurnar ákvæði 5., 7., 9., 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

Verzlanir og vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neyzluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.

Ed. 496. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til laga um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÓlJ) var fjarstaddur.

Alþingi, 20. maí 1960.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 497. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á nokkrum fundum. Hefur ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins mætt á fundi hjá nefndinni og veitt þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hluti nefndarinnar (HV og JSk) gefa út sérstök nefndarálit.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni skapa meira samræmi við niðurjöfnun útsvara í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins en áður hefur verið. Þá telur meiri hluti nefndarinnar, að fást muni grund-

völlur til að byggja á við fyrirhugaða heildarendurskoðun útsvarslaganna, er jafnað hefur verið niður útsvörum nú í ár samkvæmt þeim reglum, sem í frumvarpinu eru, og geti nefnd sú, sem hefur með höndum endurskoðun útsvarslaganna, stuðzt við þá reynslu, sem við þetta fæst.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað „5.—7. gr.“ í d-lið komi: 5.—8. gr.
2. Við 4. gr. Í stað „5.—12. gr.“ komi: 5.—13. gr.
3. Við 5. gr.
   a. Upphaf c-liðar orðist svo:
   Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir, sbr. þó 8. gr.
   b. Síðasta málsgrein c-liðar orðist svo:
   Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „sbr. þó 8. gr.“ í 1. málsl. komi: sbr. þó 9. gr.
   b. Upphaf c-liðar orðist svo:
   Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. þó 8. gr.
5. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „sbr. 8. gr. 2. mgr.“ í 1. málsl. komi: sbr. 9. gr. 2. mgr.
   b. Þrjár fyrstu línur útsvarsstigans undir a. 1. falli niður.
6. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verði 8. gr., svo hljóðandi:
   Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.
   Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu má eigi meiru nema en 2½ ‰ af heildarveltu.
   Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík á árinu 1959, að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður.
7. Við 8. gr. (verður 9. gr) bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Með sama skilyrði er kaupstöðum, sbr. 6. gr., og öðrum sveitarfélögum, sbr. 7. gr., heimilt að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 krónum.
8. Við 9. gr. (verður 10. gr.) bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

Alþingi, 21. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form.	Guðlaugur Gíslason, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.

Nd. 498. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, að skattfrelsið verði einnig látið ná til vinninga í happdrætti Félags vangef-

inna, sem sinnir þýðingarmiklu mannúðarverki. Hefur nefndin rætt þessa breytingu við félagsmálaráðherra, sem hefur tjáð sig henni samþykkan.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

a. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.
b. Við fyrirsögn frv. bætist:
og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

Alþingi, 21. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Nd. 499. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta lagafrumvarp um verðlagsmál. Samkvæmt því á ný 5 manna nefnd að ákveða hámarksverð á vörum og greiðslur fyrir margs konar verk og þjónustustarfsemi. Áður hefur innflutningsskrifstofan farið með þetta vald. Ráðherra á að skipa verðlagsstjóra, og í kaupstöðunum á að vera sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, til að fjalla um brot á lögum um verðlagsmál.

Undanfarnar vikur hafa stjórnarflokkarnir flutt þjóðinni þann boðskap, að þeir væru að veita henni verzlunarfrelsi. Um þetta hafa verið fluttar langar ræður og skrifaðar margar blaðagreinar með stórum fyrirsögnum.

Hafi einhverjir lagt trúnað á það, að stjórnarflokkarnir væru að koma hér á verzlunarfrelsi, þá hlýtur þetta stjórnarfrumvarp að koma yfir þá menn eins og þruma úr heiðskíru lofti. Frumvarpið sýnir, að ríkisstjórnin trúir ekki sjálf á frelsisskrafið sitt. Og þá er ekki hægt að búast við, að aðrir taki mark á því.

Sé verzlunin frjáls, geta allir, sem peninga hafa, náð í fáanlegar vörur, innlendar og útlendar, og hagað kaupum sínum þannig, að þau verði svo hagkvæm sem orðið getur. Þá getur frjáls samkeppni kaupfélaga og kaupmanna notið sín, og þá er engin þörf fyrir opinbert verðlagseftirlit.

En þetta frumvarp er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um, að ekkert mark sé takandi á fullyrðingum hennar um, að hún sé að leysa viðskiptahöft af þjóðinni og koma á frjálsri verzlun.

Ríkisstjórnin leggur til, að Alþingi kjósi 4 menn í verðlagsnefnd og ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu verði formaður og fimmti maður nefndarinnar. En fyrir þinginu liggja einnig aðrar og áður fram komnar tillögur um skipan þessara mála. Þær eru í lagafrumvarpi Þórarins Þórarinssonar og Jóns Skaftasonar á þingskjali 162. Þar er lagt til, að samtök neytenda tilnefni þrjá menn í verðlagsnefnd og samtök kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda aðra þrjá. Náist ekki fullt samkomulag um verðlagsákvarðanir í þessari sex manna nefnd, verði ágreiningsatriði lögð undir úrskurð þriggja manna yfirnefndar. Þetta fyrirkomulag er hlið-

stætt því, sem gilt hefur alllengi við verðlagningu á landbúnaðarvörum og hefur reynzt þannig, að ekki er trúlegt, að frá því verði horfið.

Meðan talin er þörf fyrir opinbera íhlutun um verðlagsmálin, tel ég réttara að reyna þá aðferð til samkomulags um þau mál, sem stungið er upp á í frumvarpinu á þingskjali 162, heldur en að skipa nefndina fulltrúum stjórnmálaflokkanna og ráðuneytisstjóra. *Ég ber því fram við frumvarpið eftirfarandi*

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefna hvert um sig einn mann í verðlagsnefnd, er fer með verðlagsákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Þegar um verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar er að ræða, skal fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna taka sæti í nefndinni í stað fulltrúa Stéttarsambands bænda.

Náist ekki samkomulag með öllum nefndarmönnum um verðlagningu, skal vísa ágreiningi til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum neytenda í sex manna nefndinni, öðrum tilnefndum af fulltrúum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda og þeim þriðja tilnefndum af hæstarétti. Yfirnefndin fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Alþingi, 23. maí 1960.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 500. Breytingartillögur [112. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Karli Guðjónssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. grein, svo hljóðandi:

   Fyrirtæki og stofnanir, er reka starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld til að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

   Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

   Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.

2. Við 5. gr.
   a. Úr 1. efnismálsgr. c-liðar falli niður orðin „þar með talin samvinnufélög“ og einnig orðin „jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða“.
   b. Á undan síðustu málsgr. c-liðar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

      Að því er samvinnufélög varðar, gilda ákvæði þessi um skipti þeirra við utanfélagsmenn.

3. 6., 7. og 8. gr. falli niður, en í þeirra stað komi ný grein, svo hljóðandi:

   Í öðrum kaupstöðum og sveitarfélögum skal jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum gjaldenda. Heimilt er þó hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndum að jafna útsvörum niður samkvæmt reglum 5. gr.

4. Við 12. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum við utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar.
5. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist:
   svo og lög nr. 47 4. júní 1924.

Sþ. 501. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um landsútsvör.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn vísa því til ríkisstjórnarinnar sem máli, er Alþingi tekur ekki efnislega afstöðu til. Ég legg þar á móti til, að tillagan verði samþykkt, svo að málið liggi fyrir ríkisstjórninni sem ákvörðun Alþingis um, að upp beri að taka landsútsvör og að stjórninni sé falið að láta undirbúa lagasetningu um það.

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu látið á sínum vegum vinna nokkuð að endurskoðun laga um útsvör. Árangurinn af þessu hefur orðið sá, að fyrir þingið hefur verið lagt lagafrumvarp um bráðabirgðabreytingu á gildandi útsvarslögum.

Það er mikið tímanna tákn og sannar nauðsyn landsútsvara betur en flest annað, að í nefndu stjórnarfrumvarpi er lagt til, að í lög verði teknir þrenns konar almennir útsvarsstigar, einn fyrir Reykjavík, annar fyrir aðra kaupstaði og hinn þriðji fyrir sveitir og þorp. Og hin almenna regla, sem þessir mismunandi stigar boða, er þannig: Lægst skulu útsvörin vera á Reykvíkingum, nokkru hærri á íbúum sveita og þorpa, en langhæst á kaupstaðabúum utan Reykjavíkur.

Ef gerður er samanburður á því, hver mismunur þegnum þjóðfélagsins er ætlaður samkvæmt stjórnarfrumvarpinu um útsvör eftir því, hvar þeir búa, kemur eftirfarandi í ljós:

Einstaklingar greiði af útsvarsskyldum tekjum:

	40 þús.	60 þús.	80 þús.	100 þús.
Í Reykjavík	3890	8390	13390	18390
- sveitum	4880	8680	13380	18380
- kaupstöðum	5700	10800	16300	22200

Þótt íbúum sveitanna sé þannig ætlað að bera miklum mun hærri útsvör en Reykvíkingum af lágum tekjum, má kalla, að það jafnist, eftir að komið er í háar tekjur, en útsvör annarra kaupstaðarbúa eiga ævinlega að vera langhæst. Að hugmynd þess frumvarps kominni í fulla framkvæmd mundu t. d. Vestmanneyingar, Ísfirðingar, Akureyringar og aðrir slíkir verða að greiða 147 kr. á móti hverjum 100 kr., sem Reykvíkingur greiddi af 40 þús. kr. tekjum. En af 100 þús. kr. tekjum bæri kaupstaðabúum utan höfuðborgar að greiða 3810 kr. hærra útsvar en Reykvíkingi með sömu tekjur.

Auðvitað er það brot á anda þeirrar reglu, að þjóðfélagsþegnarnir eigi að vera jafnir fyrir lögum, að setja lög, er mismuna jafngeigvænlega og útsvarslagafrumvarp það, sem nú er til meðferðar í þinginu, gerir.

En hitt verður varla dregið í efa, að eftir að höfuðborgin hefur notað aðstöðu sína til að heimta útsvar af viðskiptum allra skipafélaga, heildverzlana, tryggingafélaga og einkasölustofnana ríkisins, svo að nokkuð sé nefnt af því, sem verzlun allra landsmanna sameiginlega ber uppi, en höfuðborgin ein hefur algera sérstöðu um að gera að sínum tekjustofni, þá hlýtur tekjuþörfin í öðrum kaupstöðum að kalla á þyngri álögur á skattþegnana heima fyrir.

Ég tel því hina brýnustu nauðsyn, að ekki verði lengur látið undir höfuð leggjast að heimta inn útsvar, er öll sveitarfélög landsins eigi að jöfnu við íbúafjölda sinn tilkall til, af þeim fyrirtækjum, sem borin eru uppi af viðskiptum landsmanna allra. Hin misjafna aðstaða sveitarfélaganna verður tæpast jöfnuð án þess, að hugmyndin um landsútsvör komist í framkvæmd.

Alþingi, 21. maí 1960.

Karl Guðjónsson.

Ed. 502. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

53. grein laganna orðist svo:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og fimm manna bankaráði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum að fengnu samþykki ráðherra.

Sameinað Alþingi kýs bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

2. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en aðalbókara og aðalféhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

3. gr.

1. málsliður 57. gr. laganna orðist svo:

Tveir skulu vera endurskoðendur bankans, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna, svo og endurskoðenda. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Starfstímabil endurskoðenda sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að breytingum á stjórn Búnaðarbanka Íslands.

Stjórn bankans er nú skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Formaður bankaráðs er skipaður af ráðherra, en hinir tveir bankaráðsmenn eru kosnir hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn af sameinuðum landbúnaðarnefndum Alþingis.

Telja verður eðlilegt, að bankaráð Búnaðarbankans sé skipað fimm mönnum eins og bankaráð Landsbankans og Útvegsbankans. Einnig verður að telja eðlilegt, að sameinað Alþingi kjósi bankaráðið og kjósi það allt. Með þessu móti eru líkindi til, að allir stjórnmálaflokkar mundu eiga aðild að bankaráðinu og aðstaða bankans þannig styrkjast.

Þá er rekstur Búnaðarbankans orðinn svo umfangsmikill, að telja verður nauðsyn bera til að opna leið til að fjölga bankastjórum.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða, nema hvað gert er ráð fyrir, að endurskoðendur bankans verði kjörnir af sameinuðu Alþingi, en ekki skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu sameinaðra landbúnaðarnefnda Alþingis, svo sem verið hefur.

Nd. 503. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp. Það var lagt fyrir þingið í byrjun aprílmánaðar. Var það þá þegar tekið til fyrstu umræðu og vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Virtist það vera ætlun stjórnarinnar að hraða mjög afgreiðslu þess. En raunin hefur orðið önnur.

Frumvarpið sætti strax harðri gagnrýni innan þings við fyrstu umræðu, og ekki fékk það betri undirtektir utan þings. Á þingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga var hörð andstaða gegn frumvarpinu. Margar sveitarstjórnir hafa og mótmælt samþykkt þess. Þá hafa ýmsar kaupfélagsstjórnir sýnt fram á það með þungum rökum, að í frumvarpinu felist alvarleg árás á samvinnufélögin og þjónustu þeirra fyrir félagsmenn kaupfélaganna. Enn fremur má geta þess, að á nýafstöðnum aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands voru samþykkt harðorð mótmæli gegn lögfestingu veltuútsvara, en það er eitt af meginatriðum frumvarpsins.

Þessi þunga andúðaralda gegn útsvarslagafrumvarpinu mun hafa beygt nokkra af stuðningsmönnum stjórnarliðsins og valdið þeim nokkrum skjálfta í hnjáliðum, svo að fram til skamms tíma var tvísýnt um, hvort ríkisstjórninni mundi takast að tryggja þessu ástfóstri sínu líf.

Urðu þessir erfiðleikar til þess, að stjórnarliðið stöðvaði athugun á frumvarpinu í nefnd nokkru fyrir páska, enda hafði það strax sætt þar harðri gagnrýni af hendi stjórnarandstæðinga. Vika leið eftir viku að afloknu páskafríi þingmanna, en aldrei var útsvarslagafrumvarpið tekið til umræðu í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, þar til nú fyrir fáum dögum.

Væntu menn þá, að uppreisnarmennirnir í liði stjórnarinnar hefðu knúið fram gagngerðar breytingar á frumvarpinu. En nú, þegar menn hafa séð breytingarnar, er augljóst, að þeir hafa verið ósköp lítilþægir.

Fyrsta breytingin er sú, að nú er ætlunin að hverfa frá því að leggja útsvar á 3—7 þús. króna árstekjur í hreppum. En það var ætlunin að lögleiða, eins og frumvarpið var fyrst lagt fram. — Nú á sem sé að koma 530 króna útsvar á 7000 króna árstekjur í sveit.

Önnur breytingin er sú, að sláturhús og mjólkurbú verði undanþegin veltuútsvari. Að öðru leyti er ekki hróflað við lögfestingu veltuútsvarsins.

Þriðja breytingin er svo sú, að opnuð er **heimild** til að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og lækka útsvör frá lögfestum útsvarsstiga á gjaldendur, sem eldri eru en 65 ára.

„Lítilla sanda, lítilla sæva, lítil eru geð guma“, má þar um segja, en með þessum breytingum virðist stjórnarliðið nú staðráðið í að samþykkja útsvarslagafrumvarpið hiksta- og hnjáliðaskjálftalaust.

Er framangreindar breytingartillögur við frumvarpið höfðu verið fram lagðar, lýstu stuðningsmenn stjórnarflokkanna í nefndinni, þeir Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, yfir stuðningi sínum við málið. Minni hluta nefndarinnar skipa Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, og erum við báðir andvígir málinu, þó að breytingartillögurnar séu heldur til bóta. Mun Jón Skaftason gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Ég legg til, að frumvarpið verði fellt, en mun þó freista þess að bera fram breytingartillögur við það, ef takast mætti með því að sníða af frumvarpinu allra verstu vankantana.

Það er einna verst við frumvarp þetta, að það sviptir sveitarfélögin aldagömlu frjálsræði og sjálfstæði í fjárhagsmálefnum með afnámi þeirrar grundvallarreglu, **að útsvör skuli á leggja eftir efnum og ástæðum.**

Í þess stað er ætlunin að lögfesta þrjá mismunandi útsvarsstiga: einn fyrir Reykjavík, annan fyrir aðra kaupstaði og þann þriðja fyrir sveitahreppana.

Samkvæmt Reykjavíkurstiganum skulu árstekjur, sem lægri eru en 25000 kr., vera útsvarsfrjálsar. En af 25000 kr. hreinum tekjum skal einstaklingur greiða 940 kr.

Í hinum kaupstöðunum skulu lægri tekjur en 15000 kr. verða útsvarsfrjálsar. Og kemur þannig útsvar á 10000 kr. lægri tekjur þar en í Reykjavík. Á 25000 kr. hreinar tekjur einstaklings í einhverjum kaupstaðanna utan Reykjavíkur verður samkvæmt útsvarsstiga frumvarpsins lagt 2150 kr. útsvar.

Í öðrum sveitarfélögum, þ. e. kauptúnahreppum og sveitum, eru samkvæmt frumvarpinu útsvarsfrjálsar þær árstekjur einar, sem lægri eru en 3000 kr. Af 3000 kr. árstekjum átti að taka 200 kr. útsvar. En samkvæmt breytingartillögu þeirri, sem nú er fram komin og áður er um getið, verða allt að 7000 kr. árstekjur útsvarsfrjálsar. En á 7000 kr. árstekjur skal nú leggja 530 kr. útsvar. Á 10000 kr. árstekjur einstaklings í hreppsfélagi skal leggja 830 kr. útsvar, á 15000 kr. árstekjur 1380 kr. útsvar og á 25000 kr. árstekjur 2630 kr. útsvar. — Þannig verða þeir tekjulægstu í sveitunum langharðast úti um útsvarsgreiðslur.

Lítum nú á lögboðna útsvarsgreiðslu einstaklings með 50000 kr. hreinar tekjur samkvæmt hinum þremur lögboðnu útsvarsstigum:

Í Reykjavík verður það 6090 kr. útsvar.
Í einhverjum hinna kaupstaðanna 8200 kr. útsvar.
Í kauptúns- eða sveitarhreppi 6680 kr. útsvar.

Útsvarsgreiðsla einstaklings með 70000 kr. hreinar árstekjur verður:

Í Reykjavík 10890 kr.
Í kaupstað utan Reykjavíkur 13500 kr.
Í kauptúns- eða sveitarhreppi 10880 kr.

Einstaklingur með 100000 kr. hreinar tekjur fær í Reykjavík 18390 kr. útsvar, í einhverjum hinna kaupstaðanna 22200 kr. útsvar og í sveitarhreppi 18380 kr. útsvar.

Að lokum skal nú litið á, hvernig útsvörin leggjast á einstakling með 150000 kr. hreinar árstekjur:

Í Reykjavík yrði útsvarið þá 33390 kr.
Í kaupstað utan Reykjavíkur 37200 kr.
Í kauptúns- eða sveitarhreppi 30880 kr.

Þessi dæmi sýna ljóslega, að verði frumvarp þetta að lögum, er mönnum mjög mismunað í útsvarsgreiðslum eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Lágtekjumenn sveitanna verða harðast úti, hátekjumenn sveitanna léttast. Yfirleitt yrðu útsvörin lægst í Reykjavík á öllum tekjuflokkum, en hæst í hinum kaupstöðunum.

Ólíklegt má telja, að slíkar lögboðnar mismunandi útsvarsbyrðar eftir búsetu manna yrðu þolaðar til lengdar.

Nú er það svo, að Reykjavík nýtur ekki aðeins þeirrar aðstöðu að leggja útsvör á alla embættismenn ríkisins, sem þar eru búsettir, heldur einnig á fjöldamörg fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og margvísleg fyrirtæki önnur.

Engin sanngirni mælir með því, að útsvör slíkra stofnana og fyrirtækja renni til eins sveitarfélags — og þá sízt til þess, sem bezta aðstöðu hefur sökum fjölmennis og margrar sérstöðu annarrar.

Þess vegna ber ég fram þá breytingartillögu við útsvarsfrumvarpið, að allar slíkar stofnanir og fyrirtæki skuli ekki bera sveitarútsvar, þar sem þau eru staðsett, heldur skuli á þau lagt landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Með þessu væri aðstöðumunur sveitarfélaganna til útsvarsálagningar jafnaður að verulegu leyti.

Er þessi leiðrétting hefur verið gerð, væri raunar eðlilegast, að hinum aldagamla grundvelli, að jafna niður útsvörum á gjaldendur eftir efnum og ástæðum, væri haldið. En þar sem fjölmenni Reykjavíkur er orðið slíkt, að persónulegir kunnugleikar geta tæpast náð til allra gjaldenda, er hér á það fallizt að lögbjóða útsvarsstiga fyrir Reykjavík eina. Er þó vafasamt, að það sé rétt, nema jafnframt sé komið á miklu strangara eftirliti en nú er með því, að framtöl séu sannleikanum samkvæm.

Hins vegar verður hér lagt til, að engir útsvarsstigar verði lögfestir fyrir kaupstaðina utan Reykjavíkur né heldur fyrir kauptúns- eða sveitarhreppana, sem þannig haldi frjálsræði sínu til að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum.

Er þetta meginbreyting á frumvarpinu, og flyt ég þessar breytingartillögur á þingskjali 500 ásamt Karli Guðjónssyni.

Á sama þingskjali leggjum við til, að reglur þær, sem í frumvarpinu felast um veltuútsvör, gildi aðeins um viðskipti samvinnufélaga við utanfélagsmenn. Af þeim viðskiptum skulu samvinnufélögin greiða útsvör eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar.

Það er eitt af mörgu röngu í þessu frumvarpi, að þar er enginn eðlismunur viðurkenndur á samvinnufélagi og einstaklingsfyrirtæki. En í þessu sjónarmiði er engin heil brú.

Það er í aðalatriðum lögbundið, hvernig samvinnufélag skuli ráðstafa tekjuafgangi sínum.

Þá er samvinnufélögunum skylt að annast margvíslega þjónustu fyrir fólkið, án þess að af henni renni til þeirra nokkur verzlunarlegur hagnaður. Að þessu leyti mundi veltuútsvarið bitna harðast á þeim samvinnufélögum, sem mesta og bezta þjónustu veittu af slíku tagi.

Enn fremur geta ýmis kaupsýslufyrirtæki í einstaklingsrekstri gefið upp þá veltu, sem þeim sjálfum finnst við hæfi, en samvinnufélög leggja árlega fram endurskoðaða reikninga sína og eru þannig háð ströngu aðhaldi félaga sinna. Ber hér enn að þeim brunni, að þörf væri miklu strangara eftirlits með framtölum, ef tryggt ætti að vera, að veltuútsvör kæmu réttlátlega niður.

Rök þau, sem sýna, hversu fráleitt og ranglátt það er að ætla að leggja sama kvarða á samvinnufélag og einstaklingsfyrirtæki, koma ágætlega fram í „**Áskorun á Alþingi**“, sem stjórn Kaupfélags Ísfirðinga sendi fyrir nokkru vegna þessa frumvarps. Tel ég því rétt að birta hana hér sem fylgiskjal.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði um það, að útsvör síðastliðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafi verið greidd sveitarsjóði **að fullu** fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Er látið í veðri vaka, að þetta sé hugsað til að örva innheimtu útsvaranna — eins konar umbun til skilamannanna. En ef þetta væri megintilgangur þessa ákvæðis, þyrfti það einnig að ná til þeirra, sem mánaðarlega greiða útsvar sitt og hafa þannig lokið greiðslu þess að meginhluta fyrir áramót. En svo er ekki. Þeir koma ekki undir þetta ákvæði, eins og það er orðað, og er skilvísi þeirra þó sízt minna virði fyrir sveitarfélagið en hinna, sem koma með alla fúlguna rétt fyrir áramótin.

Nei, hér liggur annar fiskur undir steini. Þetta ákvæði þýðir stórfellda útsvarslækkun hátekjumanna. Gjaldandi, sem hafði 30000 kr. útsvar s. l. ár, mundi við frádrátt þess lækka í útsvari um 9—10 þús. kr. Skilamanninn tekjulága skiptir þetta aftur engu máli, og þó verður þetta fremur til að hækka útsvar hans.

Það hefur nefnilega verið kannað, að þetta ákvæði mundi í framkvæmd lækka heildarupphæð útsvaranna í kaupstöðunum um 19—23%. En það þýðir, að vegna þessarar lækkunar á útsvörum hátekjumanna yrði að hækka verulega útsvör manna með lágar tekjur og miðlungstekjur, til þess að sömu heildarupphæð útsvara verði náð. Hér er því um stóratriði að ræða — mikla tilfærslu á þunga útsvarsbyrðanna — og legg ég til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Um afgreiðslu frumvarpsins vil ég að lokum segja þetta:

Ég tel enga knýjandi nauðsyn til bera að afgreiða frumvarp þetta á þessu þingi. Það er margframtekið af stuðningsmönnum þess, að í frumvarpinu felist einungis bráðabirgðabreytingar á útsvarslögunum, sem aðeins eigi að gilda þetta ár, aðalbreytingarnar verði ekki tilbúnar fyrr en á næsta ári. Samt sem áður væru sveitarfélögin svipt aldagömlum réttindum um fjárhagsmálefni sín, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Þess vegna mundi ég telja eðlilegt, að frumvarpið yrði nú sent öllum sveitarstjórnum til umsagnar og afgreiðsla þess látin bíða, þar til umsagnir sveitarstjórnanna lægju fyrir. — Verði ekki á þetta fallizt, mun ég reyna að fá fram nokkrar lagfæringar á frumvarpinu. Auk breytingartillagna minna og Karls Guðjónssonar á þskj. 500 legg ég til, að á því verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr. c-liður falli niður.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Öll ákvæði gildandi útsvarslaga um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga skulu niður felld við gildistöku laga þessara.

Fáist þessar tillögur svo og tillögurnar um landsútsvör og um að undanþiggja félagsmannaviðskipti samvinnufélaga veltuútsvari ekki samþykktar, legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 23. maí 1960.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

KAUPFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Áskorun á Alþingi.

Á fundi sínum hinn 3. apríl 1960 samþykkti félagsstjórn Kaupfélags Ísfirðinga, Ísafirði, svo hljóðandi áskorun á Alþingi:

„Í sambandi við framkomið stjórnarfrumvarp um breytingar á útsvarslögunum skorar stjórn Kaupfélags Ísfirðinga mjög ákveðið á háttvirt Alþingi að fella það ákvæði frumvarpsins, að veltuútsvar verði lagt á viðskipti meðlima kaupfélaganna.

Í þessu sambandi vill stjórn Kaupfélags Ísfirðinga benda á þá staðreynd, að samvinnuverzlanir víða um landið þurfa að annast ýmis viðskipti, sem eru nauðsynleg þjónusta fyrir viðkomandi byggðarlög, en eru sannanlega fjárhagslegur baggi fyrir viðkomandi kaupfélög, m. a. sökum ákvarðana ríkisvaldsins í verðlagsmálum, sem engin verzlun í einstaklingseign mundi taka að sér af þeirri ástæðu.

Enn fremur er það augljóst mál, að á meðan ekki er stóraukið eftirlit ríkisvaldsins með framtölum verzlunarfyrirtækja í eigu einstaklinga eða hlutafélaga frá því, sem nú er, verður hér fyrst og fremst um að ræða auknar og ósanngjarnar álögur á kaupfélögin, sem lögum samkvæmt eru háð strangri endurskoðun og árlegum aðalfundum.

Stjórn Kaupfélags Ísfirðinga vill benda á það, að ef útsvarsálagning á Ísafirði á s. l. ári hefði verið framkvæmd samkvæmt téðu ákvæði fyrirhugaðrar löggjafar, hefði Kaupfélag Ísfirðinga komið til með að greiða í útsvar rösklega helmingi hærri upphæð en þær 14 verzlanir í bænum, sem eru í einstaklingseign, er verzla með sams konar vörur, — auk þess sem K. Í. greiðir 40 þús. kr. á ári í samvinnuskatt."

Í félagsstjórn Kaupfélags Ísfirðinga.

Ragnar Ásgeirsson.
Björgvin Sighvatsson. Guðm. Guðmundsson.
Stefán Stefánsson. Marías Þ. Guðmundsson.

Til Alþingis.
Reykjavík.

Sþ. 504. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um landsútsvör.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar á nokkrum fundum og varð sammála um afgreiðslu hennar. Tveir nefndarmanna (KGuðj og IG) voru fjarverandi, er tillagan var afgreidd, og hefur annar nefndarmaðurinn (KGuðj) síðar lýst sig andvígan niðurstöðu nefndarinnar og mun skila séráliti.

Nefndarmenn þeir, sem að áliti þessu standa, eru meðmæltir hugmyndinni um landsútsvör, en telja, að athuga þurfi mjög gaumgæfilega, hve víðtæk slík útsvör eigi að vera. Er þeim kunnugt um, að starfandi er nefnd, sem vinnur að heildarendurskoðun útsvarslaganna, og að mál þetta hefur verið rætt þar mjög ýtarlega.

Í trausti þess, að við heildarendurskoðun útsvarslaganna verði hugmyndin um landsútsvör tekin til rækilegrar athugunar, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 20. maí 1960.

Magnús Jónsson, form. Guðl. Gíslason, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.
Halldór E. Sigurðsson. Páll Þorsteinsson. Jón Árnason.
Jónas G. Rafnar.

Ed. 505. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar landlæknis. — Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. vill samþykkja það, en meiri hl. nefndarinnar leggur til, að því verði vísað frá með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem nefnd sú, er undanfarið hefur unnið að endurskoðun á löggjöf um hjúkrunarnám, hefur enn ekki lokið störfum og í frumvarpi þessu felast ekki neinar aðkallandi breytingar, sér deildin ekki ástæðu til að samþykkja frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. maí 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.

Nd. 506. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til laga um verðlagsmál.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu“ komi: Formaður hennar skal skipaður af ríkisstjórninni eftir tilnefningu hæstaréttar.

Sþ. 507. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um framkvæmdaáætlun um skógrækt.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fyrir næsta reglulegt Alþingi undirbúa áætlun um framkvæmdir í skógrækt næstu fimm ár, miðaða við það fjármagn, er ríkisstjórnin telur auðið að verja til skógræktar á þessu tímabili.

Greinargerð.

Vegna mikillar aukningar á plöntuframleiðslu í gróðrarstöðvum skógræktar ríkisins hefur fjárþörf skógræktarinnar vaxið mjög síðustu árin. Hafa fjárveitingar, tekjur landgræðslusjóðs og framlög skógræktarfélaga ekki hrokkið til að kosta gróðursetningu þeirra trjáplantna, sem til ráðstöfunar hafa verið til gróðursetningar. Urðu forráðamenn skógræktarinnar í fyrra að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar, og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 var samþykkt þriðjungshækkun á álagi því á tóbaksvörur, sem rennur til landgræðslusjóðs. Hafa því fjárveitingar til skógræktarinnar hækkað verulega á þessu ári.

Engu að síður má gera ráð fyrir áframhaldandi fjárhagsörðugleikum skógræktarinnar, nema gerð verði framkvæmdaáætlun til nokkurra ára, er tryggi samræmi milli framkvæmda og fjáröflunar.

Tillaga þessi er flutt í samráði við skógræktarstjóra. Kemst hann svo að orði í bréfi til fjárveitinganefndar um nauðsyn framkvæmdaáætlunar:

„Skógrækt hefur aukizt hröðum skrefum hér á landi hin síðari ár. Á 10 árum hefur tala gróðursettra trjáplantna tífaldazt og er nú milli 1 og 1.5 milljón plöntur ár hvert. Eru það aðallega barrtrjáplöntur, og hin árlega gróðursetning tekur nú yfir um 200 hektara lands.

Árið 1957 var gerð skógræktaráætlun til 5 ára, en henni var lítið sinnt, og sakir breytinga á verðlagi og kaupgjaldi og af fleiri ástæðum þarf að breyta henni mjög.

Sakir þess, hve langur tími líður frá sáningu til uppskeru í skógrækt, er miklu meiri nauðsyn, að farið sé eftir frambúðaráætlun við slíka ræktun en alla aðra, þar sem breyta má um ræktunaraðferðir á árs fresti.

Við athugun á starfsemi gróðrarstöðvanna hér og skógræktinni í heild hefur komið í ljós, að það verður að miða alla starfsemina við eitthvert ákveðið plöntumagn um nokkur ár í senn, til þess að sem beztur árangur fáist fyrir fé það, sem til skógræktar er varið.

Reynsla undanfarinna 60 ára hefur sýnt, að hér er unnt að framleiða timbur og við. Viðarnotkun þjóðarinnar kostar ár hvert ískyggilegar fjárhæðir, eða um 10% af öllum innflutningi landsins, og því er full ástæða til að gera allt, sem unnt er, til að koma upp timburskógum í landinu.“

Sþ. 508. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1957.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Fyrir „kr. 17323.43“ í 9. tölulið komi: kr. 35434.53.

Alþingi, 23. maí 1960.

Magnús Jónsson, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Jón Árnason.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Guðl. Gíslason.
Páll Þorsteinsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 509. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur rætt stjórnarfrumvarpið um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögum á nokkrum fundum, en nefndarmenn ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar (SB, GuðlG, BF) vill samþykkja frumvarpið og mun skila

sameiginlegu nefndaráliti, en undirritaður leggur til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Hannibal Valdimarsson skilar sömuleiðis sérstöku nefndaráliti.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir, að þann 7. des. s. l. hafi fjármálaráðherra skipað nefnd, 5 manna, er endurskoða skyldi gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni. Þessu verkefni er enn þá ekki lokið, og „nú verður ekki fullyrt, að fullnaðarendurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga verði lokið og ný lög sett um næstu áramót", eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Það er eðlilegt, að þetta verkefni krefjist nokkurs tíma og nákvæmrar rannsóknar, ef nokkur von á að vera um, að endurskoðunin leiði til skynsamlegrar og réttlátrar löggjafar um þetta stóra mál.

Hins vegar bregður svo einkennilega við, að stærsti þáttur þessara mála, útsvörin, er rifinn út úr þessari heildarendurskoðun án frambærilegra ástæðna, um þau samið meingallað frumvarp, sem knýja á fram á þessu þingi.

Helztu nýmæli frumvarpsins eru þau, að lögbinda á mismunandi reglur um álagningu útsvara og lögfesta heimild til álagningar veltuútsvara.

Útsvarsstiga á að lögbjóða þrjá, þann fyrsta fyrir Reykjavík, annan fyrir aðra kaupstaði og þann þriðja fyrir önnur sveitarfélög.

Hámark útsvarsfrjálsra tekna einstaklinga er langhæst skv. Reykjavíkurstiganum og útsvör á lágar og miðlungstekjur miklu lægri skv. honum en þeim útsvarsstigum, sem gilda eiga í öðrum sveitarfélögum.

Þetta tel ég að nái engri átt. Það er óhæfa, að Alþingi með lagasetningu mismuni einstaklingum og atvinnurekstrinum þannig eftir því, hvar þeir hafa búsetu.

Nú eru starfandi tvær nefndir, önnur er starfar að endurskoðun skattalaganna og skila mun áliti síðar á þessu ári og svo nefnd, er endurskoðar gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaganna. Í athugasemdum með frumvarpinu um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum er það tekið fram, að nefndir þessar muni hafa náið samstarf. Mér fyndist eðlilegt, að eitt af verkefnum nefnda þessara væri að benda á leiðir til úrbóta á þeirri óhæfu, að gjaldendur með sömu eða svipaða afkomu og efnahag þurfi að borga mjög mishá sveitarútsvör, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Slíkt leiðir til þess, að einstaklingarnir og atvinnureksturinn hópast til þeirra sveitarfélaga, sem léttastar álögur leggja á, en geta þó haldið uppi mestum framkvæmdum, þar sem mestur hluti stærstu gjaldendanna er þar saman kominn.

Veltuútsvör hafa tíðkazt hér á undanförnum árum og talin hafa lagastoð í ákvæðum 4. gr. útsvarslaga, nr. 66 12. apríl 1945, um álagningu eftir efnum og ástæðum. Veltuútsvör, eins og þau hafa verið framkvæmd hér á landi, eiga sér enga hliðstæðu erlendis. Þau eru lögð á heildarveltu án tillits til afkomu gjaldenda. Í mörgum tilfellum verka þau sem bótalaus eignaupptaka. Þau eru hemill á viðleitni aðila í verzlun og öðrum atvinnurekstri til að selja þjónustu sína og vöru á sem lægstu verði með því að hafa veltuna sem stærsta og nýta á þann hátt sem bezt framleiðslutæki, húsakost og vinnuafl. **Veltuútsvörin vinna því beinlínis gegn aukinni þjóðarframleiðslu, sem þó er undirstaða lífskjaranna.** Ég tel þó vonlaust að flytja tillögu um afnám þeirra í þetta skipti, en mun freista með tillöguflutningi við 2. umræðu að sníða af þeim verstu agnúana, ef dagskrártillaga mín verður felld.

Ýmis ákvæði frumvarpsins um veltuútsvör eru mjög óljós, t. d. er hvergi nærri nægjanlega skilgreint orðið velta. Hver er t. d. velta umboðssölufyrirtækis eða sláturhúss og mjólkurbús?

Samkvæmt útsvarsfrumvarpinu á að lögbjóða tvenns konar veltuútsvarsstiga, annan fyrir Reykjavík og hinn fyrir aðra kaupstaði. Sá síðarnefndi er langtum hærri. Hvers á atvinnureksturinn þar að gjalda? Eru rekstrarskilyrðin þar svo miklu betri? Fáir, sem til þekkja, munu aðhyllast þá skoðun ríkisstjórnarflokkanna, sem birtist í frumvarpinu. Ekki þykir nægja að lögbjóða hærri veltuútsvarsstiga á atvinnureksturinn í kaupstöðum utan Reykjavíkur, honum er einnig bannað að

draga frá heildarveltunni, áður en lagt er á hana veltuútsvar, þessa frádráttarliði: söluskatt, útflutningssjóðsgjald, gjald af innlendum tollvörutegundum, skemmtanaskatt og gjald af kvikmyndasýningum, en skv. c-lið 5. gr. frumvarpsins eru þeir frádráttarbærir í Reykjavík. Kaupstöðum utan Reykjavíkur er að vísu heimilað að nota Reykjavíkurstigann á tekjur og eignir sinna gjaldenda, en skv. 1. málsgr. 9. gr. virðist þeim bannað að nota veltuútsvarsstigann.

Veltuútsvörin gefa einstaka sveitarfélögum aðstöðu til þess að skattleggja íbúa annarra sveitarfélaga mjög verulega.

Alls staðar þar, sem stórar viðskiptamiðstöðvar og ríkiseinkasölur eru staðsettar, er þessi möguleiki fyrir hendi. Skapar slíkt óþolandi misrétti í aðstöðu sveitarfélaganna til fjáröflunar og framkvæmda. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að hluti veltuútsvara af heildarútsvörum sumra kaupstaðanna er yfir 20%. Er það ekki lítil fjárhæð.

Í útsvarsfrumvarpinu og lögum um tekjuskatt er gert ráð fyrir, að samanlögð upphæð tekjuútsvars og tekjuskatts félaga geti numið 55% af hreinum tekjum þeirra. Auk þess greiða þau margs kyns önnur opinber gjöld, svo sem eignarskatt og fasteignaskatta hvers konar o. fl. Þegar ofan á þetta bætist svo heimild fyrir sveitarfélögin til þess að leggja veltuútsvar á heildarumsetningu þeirra, sem numið getur allt að 3%, þá er ljóst, að skattlagningin er komin út í öfgar, a. m. k. þar, sem allt er rétt fram talið. Enginn atvinnurekstur í landinu þolir slíkt.

Sá atvinnurekstur, sem telur rétt fram viðskipti sín, tekjur og eignir, hlýtur að verða mjög hart úti við þessar álögur, nema hann fái að reikna gjöld þessi inn í verðlag þjónustu sinnar og framleiðslu.

Frumvarpið boðar þá nýju stefnu að leggja veltuútsvör á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga, enda þótt slíkur rekstur hafi ekki að markmiði að safna verzlunargróða. Þrátt fyrir háværan áróður um skattfríðindi samvinnurekstrarins er það óhrekjandi staðreynd, að ágóða af félagsmannaverzlun er ýmist skilað beint aftur til félagsmanna eða hann er lagður í óskiptanlega sameignarsjóði, sem falla til viðkomandi sveitarfélags að vissum skilyrðum uppfylltum, ef samvinnuverzlun hættir störfum. Fram hjá þessari staðreynd er alveg litið við samningu frumvarpsins. Mætti með sama rétti leggja veltuútsvar á afslátt, er kaupmaður kynni að veita viðskiptavinum sínum, og hygg ég þó, að fáum kæmi slíkt til hugar.

Í frumvarpinu er það nýmæli, að draga skuli fyrra árs útsvar — ef það er greitt fyrir áramót — frá hreinum tekjum, áður en lagt er á þær útsvar. Ef tekið er tillit til þess, hvernig útsvarsstigarnir eru uppbyggðir, og þeirra stórkostlegu skattlækkana, sem hátekjumenn hafa hlotið nýverið umfram aðra með breytingu skattalaganna, mundi þetta ákvæði í framkvæmd þýða enn þá meiri útsvarslækkun fyrir hátekjumenn en aðra útsvarsgreiðendur. T. d. mundi einstaklingur í Reykjavík með 200000 kr. tekjur árið 1959, sem hefði goldið 50000 kr. útsvar vegna tekna ársins 1958, lækka í útsvari 1960 um 15000 kr., en einstaklingur í Reykjavík með 60000 kr. tekjur árið 1959, sem hefði goldið 8500 kr. útsvar vegna tekna ársins 1958, lækka í útsvari 1960 um rúmar 2000 kr.

Ég tel ekki rétt að taka þátt í slíku, miðað við það, sem á undan er gengið, og mun því flytja breytingartillögu við þessa grein frumvarpsins um að leyfa aðeins greidd eignarútsvör til frádráttar. Verði sú breytingartillaga samþykkt, mun ég við 3. umræðu leggja fram breytingartillögu um lægri útsvarsstiga sem þessu svarar og láta hækkunina vega mest á lægri tekjubilunum.

Ég hef í þessu nefndaráliti sýnt fram á óréttlæti þessa frumvarps í veigamiklum atriðum og bent á, að óeðlilegt sé að slíta útsvarsþáttinn út úr þeirri heildarendurskoðun, sem nú fer fram á tekjustofnun sveitarfélaganna og skattamálum ríkisins.

Frumvarpið hefur að mínu áliti ekki fengið nægilegan undirbúning, sem bezt má marka af þeim víðtæku mótmælum, sem það hefur hlotið úr ólíkustu áttum. Þótt gert sé ráð fyrir því, að frumvarpið, ef að lögum verður, gildi fyrir þetta ár

eitt, er því ekki að treysta. Þess eru dæmi, að ýmis tekjuöflunarfrumvörp, er aðeins hafa átt að gilda um eitt ár, hafa verið framlengd ár eftir ár.

Aðaltillaga mín er því sú, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Verði sú dagskrártillaga felld, hef ég til vara leyft mér að flytja breytingartillögur við það til þess að freista þess strax við 2. umræðu að sníða af frumvarpinu verstu agnúana.

TILLAGA TIL RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Eins og fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga benti á og rökstuddi með dæmum í yfirlýsingu á fundi sínum 8.—9. f. m., þarf frumvarp þetta nánari athugunar við, áður en það er lögfest.

Þeirri athugun verður ekki við komið á þessu þingi, sem nú er nærri lokið, enda er eðlilegast vegna sjálfstæðis sveitarfélaganna innan þjóðfélagsins, að Alþingi hafi þau vinnubrögð í málinu að leita álits og tillagna sveitarstjórna um frumvarpið, áður en það er gert að lögum.

Ákveður því neðri deild að fela ríkisstjórninni að senda frumvarpið nú þegar öllum bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum í landinu og biðja um álit þeirra og tillögur fyrir næsta haust og jafnframt sé frumvarpið sent til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega — og með tilliti til þessa tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „ um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum“ í b-lið komi: um hækkun fyrningarfrádráttar, sem felst í lögum um sérstakar fyrningarafskriftir.
   b. Stafliður c orðist svo:
      Eignarútsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu skv. b-lið 28. gr. útsvarslaganna.
2. Við 5. gr. Upphaf c-liðar orðist svo:
   Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:
   Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.
   Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.
   Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir o. s. frv.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. c-liðar komi þrjár málsgreinar, svo hljóðandi:
      Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:
      Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.
      Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.

Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

b. Aftan við 1. málsgr. c-liðar bætist:

Þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, sem nú greinir:

1. Söluskattur skv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs skv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum skv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur skv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum skv. lögum nr. 28/1952.

4. Við brtt. á þskj. 497, 6. tölulið.

a. Á eftir 1. efnismálsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ekki má leggja veltuútsvar á verzlun með þessar vörur: áburð, fóðurvörur, salt, veiðarfæri.

b. Á eftir 2. efnismálsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Af umboðsviðskiptum, þ. e. útvegun á vörum gegn umboðslaunum og vinnslu og sölu á innlendum vörum í umboði framleiðenda eða eigenda, reiknast veltuútsvarið aðeins af umboðslaununum.

5. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Samanlögð upphæð veltuútsvara má ekki í neinu sveitarfélagi vera hærri en sem nemur 15% af heildarupphæð álagðra útsvara þar.

Ekki má leggja hærra veltuútsvar á gjaldanda en svo, að samanlögð upphæð tekjuskatts, tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans.

Alþingi, 23. maí 1960.

Jón Skaftason.

Nd. 510. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 511. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Bjarnason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um útvarpsrekstur ríkisins þannig, að þau svari kröfum tímans um skipulags- og fjárhagsgrundvöll bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, og leggja frumvarp að nýjum lögum fyrir næsta reglulegt þing.

Greinargerð.

Lög þau, sem gilda um útvarpsrekstur ríkisins, eru að nokkrum breytingum undanskildum frá árinu 1934. Þá var útvarpsstarfsemi hér á landi í bernsku og lítil reynsla af henni fengin. Nú hefur ríkisútvarpið starfað í tæp 30 ár, og er öllum ljóst, sem til þekkja, að lögin eru um margt ófullkomin og þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Hefur reynzt nauðsynlegt fyrir starfsemi útvarpsins að gefa út fjölda reglugerða, en í þeim er margt, sem betur stæði í lögum, og raunar sitthvað í lögunum, sem óþarft er orðið.

Útvarpsráð hefur samkvæmt lögum mjög takmarkað starfssvið, er nánast dagskrárnefnd án íhlutunarréttar í fjárhags- og framkvæmdamálum stofnunarinnar. Væri eðlilegt að breyta þeirri skipan til samræmis við aðrar opinberar stofnanir.

Margt ber til þess, að tímabært er að hreyfa þessu máli nú. Útvarpstækni hefur tekið stökkbreytingum á nokkrum síðustu árum og gerbreytt mörgum viðhorfum starfseminnar. Dagskráin hefur lengzt og breytzt og gegnir margþættara hlutverki en áður. Þetta og margt fleira gerir viðhorf öll í skipulagsmálum útvarpsins önnur en þau voru 1934.

Þá er ónefnt sjónvarp, sem miklu skiptir í þessum efnum. Þessi nýja tækni hlýtur að berast til Íslands eins og flestra annarra landa. Er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að gera sér tímanlega grein fyrir, hvernig þeir ætla að hagnýta þennan undramiðil tækninnar, en allt veltur á því, hvernig á er haldið.

Ed. 512. Lög [110. mál]

um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 266.

Nd. 513. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um áætlunarráð ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur á fundi sínum 14. maí klofnað um afstöðuna til þessa frv. Meiri hlutinn (BK, JóhH, SI) leggur til, að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem það snerti grundvallaratriði stefnu hennar. Ég legg til, að frv. verði samþykkt. Skúli Guðmundsson greiddi ekki atkv.

Það er rétt, að þetta frv. snertir grundvallarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Það er í algerri mótsetningu við þá glæfrastefnu stjórnleysis og lífskjaraskerðingar, sem núverandi ríkisstjórn er að koma á.

Stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún hefur verið mótuð með gengislækkunarlögunum og stjórnleysinu á utanríkisverzluninni, einkennist af stjórnleysi í fjárfestingarmálum, öryggisleysi í efnahagsmálum og stórfelldri rýrnun lífskjara hjá alþýðu manna. Mun af þessari stefnu hljótast öngþveiti í viðskiptamálum þjóðarinnar, minnkandi framkvæmdir í hagnýtri fjárfestingu og harðskeytt stéttabarátta alþýðu til að ná aftur því, sem af henni er rænt. Er slík stefna mikil ógæfa fyrir þjóðina, enda sígur nú með hverjum degi sem líður meir á ógæfuhlið.

Frv. um áætlunarráð markar þá stefnu Alþýðubandalagsins, sem er leiðin út úr því öngþveiti og ranglæti, sem núverandi stjórnarstefna leiðir yfir þjóðina. En sú

stefna Alþýðubandalagsins er að taka upp áætlunarbúskap á Íslandi, svo sem verkalýðssamtökin löngum hafa krafizt og barizt fyrir. Ef þetta væri gert, yrði stefna þjóðarinnar sú að efla markvíst atvinnulífið með stórhuga framkvæmdum, er yrðu til þess að bæta stórum lífskjör almennings. Nú er hins vegar stjórnarstefnan sú að láta ráðast, hvernig um allt slíkt fer, láta það einvörðungu vera komið undir duttlungum peningamanna og gróðavonum peningavaldsins, — en boða hins vegar í sífellu, að alþýða manna megi ekki hækka sitt kaup, þótt allt annað verðlag stórhækki og gróði stóratvinnurekenda líka.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, sem nokkuð þekkir til íslenzkrar verkalýðshreyfingar og íslenzks þjóðarbúskapar, að íslenzkur verkalýður og aðrir launþegar landsins, sem samanlagt eru 75% þjóðarinnar, geta ekki tekið tillit til kvartana þeirra, er atvinnurekstrinum ráða, meðan alþýða manna er ekki sannfærð um, að rekstri atvinnuveganna sé hagað svo sem bezt má verða. Alþýða Íslands getur eðlilega aldrei hugsað sér að eiga að borga brúsann, ef stóratvinnurekendur landsins glopra úr höndum sér mörkuðum þjóðarinnar, reka atvinnuvegina með eyðslu og óforsjálni, þola að láta féfletta sig með okurvöxtum og óhóflegu álagi á atvinnulífið af hálfu auðhringa og milliliða eða festa fé sitt og þjóðarinnar ýmist í hringavitlausum fyrirtækjum eða „lúxus“ handa sjálfum sér. Það er ekki til neins að boða alþýðu Íslands það sem eitthvert fagnaðarerindi, að auðmenn landsins stjórni atvinnulífinu af slíkri skynsemi og slíku réttlæti, að hún megi alls ekki hækka kaup sitt, — með öðrum orðum: hún hafi nú einmitt það, sem skynsamlega rekið atvinnulíf á Íslandi geti borið.

Alþýðan veit betur. Hún veit, að mjög mikið vantar á, að atvinnureksturinn sé skynsamlega rekinn, og samt hafa auðmenn landsins mikinn gróða, sem hollt sé að notaður sé til að bæta lífskjör vinnandi stéttanna.

Alþýðan gerir því samtímis kröfur til tvenns:

Í fyrsta lagi, að tekin sé upp heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap og hann rekinn með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar.

Í öðru lagi, að lífskjör verkalýðs og annarra vinnandi stétta séu tafarlaust bætt án þess að leiða verðbólgu yfir þjóðina, kaupgjaldið sé hækkað, án þess að stjórnarvöldin steli jafnóðum af launþegum kaupgjaldshækkuninni með skipulögðum verðhækkunum á vöru og þjónustu.

Það kemur greinilega í ljós, þegar fjárfestingarhlutfall Íslands er borið saman við fjárfestingu í nágrannalöndunum, hve mikið vantar á, að hér sé skynsamlega stjórnað.

Árið 1957 var af 4900 milljóna króna fjárfestingartekjum þjóðarinnar 1600 millj. kr. varið til fjárfestingar. Það er hlutfallslega há tala, hærri en samsvarandi tala hjá nágrannaþjóðunum, — eða þriðjungur allra þjóðartekna. Og þessi fjárfesting hefur verið „tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarinnar sem mest með því að auka hagnýta framleiðslu hennar sem mest“.

Stjórnleysið á fjárfestingunni hér á landi kemur máske bezt fram, þegar athugað er, hve mikið fer til neyzlufjárfestingar og hve mikið til framleiðslufjárfestingar, þ. e. a. s. þeirrar fjárfestingar, sem beinlínis verður til að auka framleiðsluna. Hjá nágrannaþjóðunum, t. d. Dönum og Norðmönnum, fara á tímabilinu 1950—54 75% af allri fjárfestingunni til framleiðslufjárfestingar, en 25% til neyzlufjárfestingar. En hér á landi eru samsvarandi tölur árið 1955 54% til neyzlufjárfestingar, en aðeins 46% til framleiðslufjárfestingar, og árið 1956 eru samsvarandi tölur 56% og 44%.

Þetta dæmi sýnir, hve brýnt það er, að komið sé á heildarstjórn á fjárfestingunni hér á landi, svo að ekki sé hjakkað í sama farinu um framleiðsluaukningu, eins og gert hefur verið undanfarna áratugi, nema þegar áhrifa Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins hefur notið við, eins og á árunum 1944—47 og 1956—58, til

þess að kippa framleiðsluvagni þjóðarinnar nokkuð á leið með stórum átökum um aukningu framleiðslutækja.

Verði ekki orðið við hinum skynsamlegu kröfum verkalýðshreyfingarinnar um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þá er það ekki á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar, hvað við tekur í efnahagsmálum Íslands.

Og það gerist nú með hverjum deginum sem líður ljósara, hve fjarri lagi það er að ætla að einhverju leyti að kenna upphæð vinnulauna um ýmiss konar erfiðleika í íslenzkum atvinnurekstri. Reikningar stórfyrirtækja, sem birtir eru, svo sem áburðarverksmiðjunnar, sýna, að vinnulaunin eru sums staðar aðeins 10% rekstrarkostnaðar, t. d. tæpar 5 millj. kr. af 48 millj. kr. rekstarveltu áburðarverksmiðjunnar. Svipuðu máli gegnir um síldarverksmiðjur ríkisins. Vextir þeir, sem slík stórfyrirtæki eru látin borga, nema oft álíka upphæðum og öll vinnulaun.

Það er því greinilegt, að fjármagnið tekur til sín stærri hluta af afrakstri framleiðslunnar en þann, er fellur verkalýðnum í skaut.

Það er íslenzkri alþýðu hagsmunamál og íslenzkri þjóð lífsnauðsyn vegna efnahagslegs sjálfstæðis hennar, að tafarlaus stefnubreyting sé knúin fram í efnahagsmálum þjóðarinnar, áður en meira tjón hlýzt af. Það er nauðsynlegt, að tafaralust sé tekin upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, eins og þetta frv. leggur til, og horfið frá núverandi glæfrastefnu viðskiptakreppu og stjórnleysis. Það er nauðsynlegt, að tafarlaust séu hækkuð laun verkalýðs og annarra launþega, en vits og réttlætis gætt í atvinnurekstri þjóðarinnar og um skiptingu afraksturs þjóðarbúsins.

Þess vegna legg ég til, að frv. sé samþykkt.

Alþingi, 24. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Nd. 514. Frumvarp til laga [112. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. maí.)

1. gr.

Í stað ákvæða 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaga, nr. 66/1945, skal útsvörum jafnað niður samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að þau ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 11. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði 3. gr. d. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

3. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá með þeim frávikum, sem hér greinir:

a. Heimilt er að véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi metið framtalið gilt.

b. Víkja má frá ákvæðum skattalaga
um sérstakan frádrátt frá tekjum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1958,
um tapsfrádrátt á milli ára og
um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum.
Frávik samkv. þessum staflið gjaldanda í óhag má þó eigi meira vera en það var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959.

c. Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu skv. b-lið 28. gr. útsvarslaganna.

d. Heimilt er að leggja útsvör á veltu samkvæmt ákvæðum 5.—8. gr. laga þessara.

4. gr.

Að loknum leiðréttingum niðurjöfnunarnefndar samkv. 3. gr., skal útsvörum jafnað niður samkv. reglum þeim, sem um getur í 5.—13. gr. laga þessara.

5. gr.

Í Reykjavík skulu útsvör vera sem hér segir:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af	25— 35 þús. kr.	greiðast	940.00 kr.	af	25 þús. kr.	og	19 %	af afg.
—	35— 45 — —	—	2 840.00 —	—	35 —	—	21 %	— —
—	45— 60 — —	—	4 940.00 —	—	45 —	—	23 %	— —
—	60—100 — —	—	8 390.00 —	—	60 —	—	25 %	— —
—	100 þús. kr. og þar yfir	—	18 390.00 —	—	100 —	—	30 %	— —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

2. Félög.

Af	1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr.	af	1 þús. kr.	og	20 %	af afg.
—	75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 —	—	75 —	—	30 %	— —

b. Af hreinum eignum greiðast:

Af	40— 70 þús. kr.	greiðast	100 kr.	af	40 þús. kr.	og	5 ‰	af afg.
—	70—100 — —	—	250 —	—	70 —	—	6 ‰	— —
—	100—150 — —	—	430 —	—	100 —	—	7 ‰	— —
—	150—200 — —	—	760 —	—	150 —	—	8 ‰	— —
—	200—250 — —	—	1 180 —	—	200 —	—	9 ‰	— —
—	250 þús. kr. og þar yfir	—	1 630 —	—	250 —	—	10 ‰	— —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.

3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%.

6. gr.

Í öðrum kaupstöðum skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. **Einstaklingar:**

Af 15—20 þús. kr.	greiðast	200	kr.	af	15	þús.	kr.	og	16 % af afg.
— 20—30 — —	—	1 000	—	—	20	—	—	—	23 % — —
— 30—40 — —	—	3 300	—	—	30	—	—	—	24 % — —
— 40—50 — —	—	5 700	—	—	40	—	—	—	25 % — —
— 50—60 — —	—	8 200	—	—	50	—	—	—	26 % — —
— 60—70 — —	—	10 800	—	—	60	—	—	—	27 % — —
— 70—80 — —	—	13 500	—	—	70	—	—	—	28 % — —
— 80—90 — —	—	16 300	—	—	80	—	—	—	29 % — —
90 þús. kr. og þar yfir	—	19 200	—	—	90	—	—	—	30 % — —

Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. a. 1.

2. **Félög:**

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200	kr.	af	1	þús.	kr.	og	20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000	—	—	75	—	—	—	30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðist:

Af 25— 50 þús. kr.	greiðast	100	kr.	af	25	þús.	kr.	og	5 ‰ af afg.
— 50—100 — —	—	225	—	—	50	—	—	—	8 ‰ — —
— 100—200 — —	—	625	—	—	100	—	—	—	12 ‰ — —
— 200 þús. kr. og þar yfir	—	1 825	—	—	200	—	—	—	15 ‰ — —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. þó 8. gr.:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu og má eigi hærri vera en hér segir:

Allt að 3%: Lyfjaverzlun, olíuverzlun, kvikmyndahús, barar, billiardstofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, skartgripaverzlanir, gleraugnaverzlanir, hljóðfæraverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir, sælgætis- og efnagerðir.

Allt að 2%: Iðnaður alls konar, þar með talin vinnsla sjávarafurða, nýlenduvöruverzlun og önnur smásöluverzlun, sem ekki er áður talin, matsala, gistihúshald, farm- og fargjöld, umboðs- og heildverzlun og annað ótalið.

7. gr.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem talin eru í 5.—6. gr., skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. 9. gr. 2. mgr.

a. Útsvar af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af	7—10	þús.	kr.	greiðast	530	kr.	af	7	þús.	kr. og 10 % af afg.
—	10—15	—	—	—	830	—	—	10	—	— — 11 % — —
—	15—20	—	—	—	1 380	—	—	15	—	— — 12 % — —
—	20—25	—	—	—	1 980	—	—	20	—	— — 13 % — —
—	25—30	—	—	—	2 630	—	—	25	—	— — 14 % — —
—	30—35	—	—	—	3 330	—	—	30	—	— — 15 % — —
—	35—40	—	—	—	4 080	—	—	35	—	— — 16 % — —
—	40—50	—	—	—	4 880	—	—	40	—	— — 18 % — —
—	50—60	—	—	—	6 680	—	—	50	—	— — 20 % — —
—	60—70	—	—	—	8 680	—	—	60	—	— — 22 % — —
70	þús. kr. og þar yfir			—	10 880	—	—	70	—	— — 25 % — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur kr. 500.00 fyrir konu og sama upphæð fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri gjaldanda.

2. Félög.

Af	1—75	þús.	kr.	greiðast	200	kr.	af	1	þús.	kr. og 20 % af afg.
—	75	þús.	kr. og þar yfir	—	15 000	—	—	75	—	— — 30 % — —

b. Útsvar af hreinum eignum greiðist:

Af	10—	40	þús.	kr.	greiðast	10	kr.	af	10	þús. kr. og 2 ‰ af afg.
—	40—	70	—	—	—	70	—	—	40	— — — 3 ‰ — —
—	70—	100	—	—	—	160	—	—	70	— — — 4 ‰ — —
—	100—	150	—	—	—	280	—	—	100	— — — 5 ‰ — —
—	150—	200	—	—	—	530	—	—	150	— — — 6 ‰ — —
—	200	þús.	kr. og þar yfir		—	830	—	—	200	— — — 8 ‰ — —

c. Leggja má útsvar á veltu samkvæmt ákvæðum 5. gr. c. eða 6. gr. c., enn fremur er heimilt að leggja veltuútsvar á andvirði seldra búsafurða hjá bændum.

8. gr.

Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.

Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu má eigi meiru nema en 2½‰ af heildarveltu.

Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík á árinu 1959, að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður.

9. gr.

Í kaupstöðum, sbr. 6. gr., er heimilt að jafna niður útsvörum samkv. 5. gr. a—b, enda skerðist þá ekki heildarfjárhæð útsvaranna svo, að þess vegna komi til greina aukaframlag, samkv. 2. gr. 2. mgr.

Sama gildir um önnur sveitarfélög, sbr. 7. gr. Þeim er og heimilt að jafna niður útsvörum samkv. reglum 6. gr., ef fullnægt er ákvæði 1. mgr., um heildarfjárhæð útsvaranna.

Með sama skilyrði er kaupstöðum, sbr. 6. gr., og öðrum sveitarfélögum, sbr. 7. gr., heimilt að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 krónum.

10. gr.

Lækka skal útsvar gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 5.—8. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

a. Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
b. Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun, eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
c. Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

11. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 5.—10. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um, og skal þá niðurjöfnunarnefnd lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

12. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 krónum eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

Útsvari, sem eigi nær 200 krónum, skal sleppt.

13. gr.

Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum, jafnt við félagsmenn sem utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, þó ekki af arði af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta niðurjöfnunarnefndum (skattayfirvöldum) í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlar niðurjöfnunarnefnd viðskiptin og arð af þeim. Áætlanir nefndarinnar og útsvarsálagningu má kæra eftir almennum reglum, þar á meðal áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði laga nr. 46 13. júní 1937, 41. gr. 1. mgr. 2.—3. tl.

Ákvæði til bráðabirgða.

A. Hvergi mega heildarútsvör á árinu 1960 vera hærri en þau voru á árinu 1959 að viðbættum fimmtungi af meðaltalsfjárhæð útsvara síðustu þrjú árin, en að frádregnu framlagi Jöfnunarsjóðs á árinu 1960, nema til komi samþykki ráðuneytisins, ef um kaupstað er að ræða, og sýslunefndar, að því er hreppa snertir.

B. Við álagningu útsvara 1960 skal leyfa til frádráttar tekjum útsvör, sem voru álögð 1959 og greidd sveitarsjóði að fullu fyrir 1. maí 1960.

Nd. 515. Lög [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 463.

Nd. 516. Lög [64. mál]

um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 126.

Nd. 517. Breytingartillögur [112. mál]

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.

Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.

Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.

Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.

Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.

Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.

Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.

Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.

Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.

Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.

Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.

Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.

Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndin í heild og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við málið.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958, til þess að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og semja frumvarp eða frumvörp um þau efni. Í nefndinni eiga sæti Bjarni Þórðarson, bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson, sýslumaður, Hvolsvelli, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jón Guðjónsson, bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson, borgarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar.

Frá nefndinni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Nefndin hóf störf sín með því að semja spurningalista varðandi ýmis veigamikil atriði laga um hin ýmsu sveitarstjórnarmál. Síðan ritaði hún bréf til allra sveitarstjórna í landinu og sendi spurningalista með bréfinu og óskaði svars við spurningunum. Svör bárust frá 161 hreppsnefnd og 7 bæjarstjórnum, eða samtals frá 168 sveitarfélögum.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927, gilda aðeins um hreppana og sýslurnar. Lögin um kaupstaðina eru með þeim hætti, að sérstök lög eru fyrir hvern kaupstað. Flest þessi lög eru mjög lík eða jafnvel alveg samhljóða. Í þessu sambandi koma tvær leiðir einkum til athugunar. Í fyrsta lagi, að sveitarstjórnarlögin verði áfram gildandi aðeins fyrir hreppa og sýslur, en samin verði heildarlög fyrir alla kaupstaðina. Í öðru lagi, að sveitarstjórnarlög yrðu gildandi fyrir öll sveitarfélög í landinu, hreppa og kaupstaði, og sérstakur kafli í þeim lögum, sem fjallaði um sýslufélögin. Spurningin um það, hvor leiðin skuli valin, veltur á því, hvort svo mikil

brögð séu að sérákvæðum fyrir hvort um sig, hreppa og kaupstaði, og svo fáar reglur sameiginlegar fyrir þessar tvær tegundir sveitarfélaga, að sameiginleg lög fyrir hvort tveggja verði um of sundurleit og óskipuleg. Eftir vandlega athugun valdi nefndin síðari kostinn. Frumvarp þetta gildir því bæði um hreppa og kaupstaði. Nefndin telur rétt, að sett verði lög um stærð og takmörk lögsagnarumdæma kaupstaðanna. Ákvæði um þau efni eru sjálfstæð fyrir hvern kaupstað, en hagstætt virðist að geyma slík ákvæði í einum lögum.

Eitt veigamesta grundvallaratriði, sem gera verður grein fyrir við endurskoðun sveitarstjórnarlaga, er það, hvort breyta skuli mörkum sveitarfélaganna. Kemur þá einkum til athugunar, hvort eigi sé rétt að stækka sveitarfélögin og fækka þeim. Mörg rök má leiða að því, að slík grundvallarbreyting sé æskileg. Með bættum samgöngum og hinni miklu útbreiðslu talsímans ætti að vera auðvelt að stækka sveitarfélögin. Eins og þessum málum er nú víða háttað er áreiðanlega auðveldara fyrir eina sveitarstjórn að annast innheimtu og önnur sveitarstjórnarmál í tveimur eða fleiri hreppum, þar sem staðhættir leyfa, en áður var í einum hreppi. Af þessum sökum væri vissulega auðvelt að sameina ýmsa hreppa. Þá er það mikill kostur við stærri sveitarfélögin, að þau myndu reynast mun sterkari í sókn og vörn í málefnum sveitarfélagsins.

Spurningunni um stækkun sveitarfélaganna svöruðu sveitarstjórnirnar þannig: Nei sögðu 100, já sögðu 39 og 29 svöruðu ekki eða óljóst.

Þrátt fyrir ýmsar ástæður, sem mæla mjög sterklega með stækkun sveitarfélaganna, taldi nefndin ekki fært að leggja til, að slíkar grundvallarbreytingar yrðu gerðar gegn vilja flestra sveitastjórna í landinu.

Nefndin leggur þó til, að ráðherra verði heimilt að sameina fámennustu sveitarfélög nágrannasveitarfélögum, þar sem hentugt er staðhátta vegna, sbr. 5. gr. Enn fremur er lagt til, að heimild til að skipta sveitarfélagi verði framvegis bundin því skilyrði, að hin nýju sveitarfélög nái ákveðinni lágmarkstölu íbúa, sbr. 6. og 7. gr.

Nokkur lagaákvæði, sem nú eru í lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936, eiga samkvæmt eðli málsins betur heima í sveitarstjórnarlögum. Sem dæmi má nefna ákvæði um skipun sveitarstjórna í I. kafla laga nr. 81/1936, svo og flest ákvæði í XIV.—XVI. kafla þeirra laga. Í samræmi við þetta hefur nefndin tekið upp í frumvarpið ákvæði, sem að efni til svara til þessara ákvæða í lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Nefndin álítur, að semja þurfi ný lög um sveitarstjórnarkosningar, þar sem ákveða mætti, að lögin um kosningar til Alþingis skuli gilda um sveitarstjórnarkosningar eftir því sem við á. Í lögum þessum þyrftu að vera nokkur ákvæði um þau atriði, sem sérstæð eru fyrir sveitarstjórnir og engin ákvæði eru um í kosningalögunum til Alþingis.

Í desember 1959 var skipuð sérstök nefnd til þess að endurskoða lögin um tekjustofna sveitarfélaganna. Sú nefnd hefur skilað frumvarpi um Jöfnunarsjóð og frv. um breytingu á útsvarslögunum, en hefur enn eigi lokið störfum. Samkvæmt því mun þessi nefnd ekki fjalla frekar um tekjustofna sveitarfélaganna, en hún hafði samið drög að slíku frumvarpi, sem tekjustofnanefndin hefur haft til athugunar.

Theódór Líndal, prófessor, hefur að ósk nefndarinnar athugað ákvæði þessa frumvarps um fjárþröng sveitarfélaga, III. kafli, f, og um sviptingu fjárforræðis og um skipun fjárhaldsstjórnar, III. kafli, g. Hefur nefndin lagfært frv. í samræmi við ábendingar prófessorsins um þessi efni og fleiri atriði frumvarpsins, sem hann gaf nefndinni bendingar um.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Réttur sveitarfélaga til þess að stjórna sjálf málefnum sínum, samkvæmt því, sem lög ákveða, er tryggður með stjórnarskránni, sjá 76. gr. stjórnarskrárinnar nr.

33 17. júní 1944. Yfirstjórn sveitarstjórnarmála hefur verið hjá félagsmálaráðuneytinu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Ákvæði, sem eru efnislega samhljóða 2. mgr., eru í 19. gr. laga nr. 12/1927.

Um 2.—3. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 1.—3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927.

Eins og greinarnar bera með sér eru sýslufélögin ekki talin til sveitarfélaga. Sýslurnar og kaupstaðirnir eiga það hins vegar sameiginlegt, að þau eru lögsagnarumdæmi. Í raun og veru eru sýslufélögin lögbundið samband sveitarfélaga, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Efnislega samhljóða 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927, að öðru leyti en því, að heimildin til þess að breyta hreppamörkum er bundin því skilyrði, að íbúatala hinna nýju hreppa, eftir að skipti hafa farið fram, verði eigi lægri en 150.

Um 5. gr.

Grein þessi hefur að geyma nýmæli. Það er ýmsum annmörkum háð að halda uppi sveitarfélögum, sem eru mjög fámenn. Þar sem hentugt er, staðhátta vegna, að sameina slík sveitarfélög nágrannasveitarfélagi, virðist slík sameining hljóta að vera mjög æskileg.

Eins og áður segir voru sveitarstjórnirnar mjög neikvæðar í svörum sínum til nefndarinnar varðandi fækkun og stækkun sveitarfélaganna. Nefndinni þótti því ekki fært að ganga lengra í þá átt að sameina sveitarfélög en gert er með ákvæðum þessarar greinar, þar sem lagt er til, að ráðuneytið fái heimild til sameiningar mjög fámennra sveitarfélaga og þá samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um mannfjöldann í hinum ýmsu sveitarfélögum 1. desember 1958 eru 33 af samtals 214 hreppum í landinu með lægri meðlimatölu en 100. M. ö. o. heimild greinarinnar getur í mesta lagi tekið til 33 sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Með 4. gr. laga nr. 12/1927 er þorpum eða kauptúnum veittur réttur til þess að fá sérstaka sveitarstjórn og vera hreppur fyrir sig. Með frumvarpsgreininni er þessi réttur takmarkaður við það, að hinn hluti sveitarfélagsins verði hæfilega stór sem sérstakt sveitarfélag, þ. e., að hann telji a. m. k. 200 íbúa. Enn fremur er lagt til, að sá hluti sveitarfélagsins, sem þorpið eða kauptúnið er ekki í, fái sams konar rétt og þorpið eða kauptúnið, sbr. frumvarp á þingskjali 34/1957 og rökstudda dagskrá, þingskjal 506. Loks er lagt til, að það skilyrði sé fyrir skiptingu, að tilmæli um hana hafi verið samþykkt á sveitarfundi af a. m. k. ⅔ hlutum atkvæðisbærra meðlima, sem lögheimili eiga í þeim hreppshluta, sem óskar skiptanna.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessarar greinar um að íbúatala hvors hrepps, að skiptum loknum, skuli eigi lægri vera en 150, er leitazt við að sporna nokkuð gegn þeirri þróun að smækka sveitarfélögin óhóflega, sbr. og 5. gr. 1. mgr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þýðingarmikið atriði í sambandi við skilgreiningu hugtaksins sveitarfélag er það, hversu þegnum ríkisins skal skipt milli hinna ýmsu sveitarfélaga. Lagt er til, að hver og einn teljist meðlimur þess sveitarfélags, þar sem hann á lögheimili. Nefndin samdi frumvarp til laga um lögheimili, sem lagt var fyrir Alþingi um síðastliðin ára-

mót. Frumvarp þetta hlaut afgreiðslu Ed. lítið breytt og heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. hafði mælt með samþykkt þess eins og það lá fyrir. Af einhverjum ástæðum, sem ekki eru kunnar, dagaði frumvarpið uppi, en er nú flutt að nýju. Í þessari grein er vísað til ákvæða þessa frumvarps um lögheimili.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lagt til, að greinarmunur verði gerður á þeim störfum sveitarfélaga, sem eru bundin með lagaákvæðum, og öðrum störfum þeirra. Helztu lögbundin verkefni eru talin í 1. mgr. greinarinnar. Hliðstæð þessari málsgrein eru ákvæðin í 12.—18. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872, 13.—14. gr., 17. gr., og laga nr. 109/1949, 8.—11. gr. Í 2. mgr. er rætt um önnur verkefni, sem ekki eru með sama hætti fastbundin í lögum og verkefni þau, sem um er rætt í 1. mgr.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru ýmis nýmæli.

Í fyrsta lagi er ákvæði b-liðs. Eftir núgildandi lögum er sala eða veðsetning kröfu til útsvars eða skatts að líkindum heimil. Þar eð hér er um að ræða helztu tekjustofna, sem tryggja eiga fyrst og fremst viðunandi framkvæmd lögskipaðra verkefna, þykir rétt að banna framsal slíkra krafna og heimila aðeins veðsetningu þeirra til tryggingar rekstrarlánum, sem greiða á fyrir árslok. Hins vegar þykir ekki fært að takmarka þann rétt, sem einstaklingar hafa til skuldajafnaðar við útsvör eða skatta, samkv. almennum reglum.

Í öðru lagi er lagt til í c-lið greinarinnar að banna sölu og heimila aðeins veðsetningu til tryggingar stofnkostnaði, t. d. nauðsynlegs skólahúss, nauðsynlegra slökkvitækja o. s. frv., svo og aðrar þær ráðstafanir á slíkum eignum og tækjum, sem koma í veg fyrir eða torvelda eðlilegar framkvæmdir, sem sveitarfélög eru lögskyld að annast. Ákvæðið hindrar að sjálfsögðu ekki sölu t. d. gamals skólahúss, sem hætt er að nota sem slíkt, þar eð bann greinarinnar nær aðeins til nauðsynlegra eigna og tækja. Þörf sveitarfélags til þess að hafa óbundinn ráðstöfunarrétt á slíkum eignum þykir verða að víkja fyrir nauðsyn þeirrar þjónustu, sem einstaklingarnir eiga lagalegan rétt til af hálfu sveitarfélagsins.

Í þriðja lagi er í d-lið greinarinnar lagt til, að sala og veðsetning á þeim mannvirkjum, sem þar um ræðir, t. d. rafveitu, vatnsveitu, hafnarmannvirkjum o. fl., verði háð sams konar takmörkunum og um ræðir í c-lið. Flest þessi mannvirki eru auk þess þannig gerð, að þau eru ekki hæf til annarra nota en þeirra, sem þau eru gerð fyrir, sem telja má félagslega nauðsyn að sveitarfélagið annist um. Eignir þessar eru hins vegar annars eðlis en eignir þær, sem um er rætt í c-lið, þar eð flest þessi mannvirki eru arðvænleg, og þykir þá rétt að láta sveitarfélögin óbundin um ráðstöfun arðsins.

Loks er ákvæði e-liðs um áhættusaman atvinnurekstur. Reynslan hefur sýnt, að þegar atvinnurekstur sveitarfélaga, eins og t. d. útgerð, hefur verið rekinn með miklum halla, verður ríkissjóður að hlaupa undir bagga og er þá eðlilegt, að sveitarfélög verði að fá samþykki ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins) til slíkrar starfsemi.

Ákvæði f-liðs er ekki nýmæli, sbr. 28. gr. laga nr. 12/1927, en nokkuð breytt til samræmis við gildandi venjur um þau efni.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt núgildandi lögum, sjá 5. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 1. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949, 4. gr.

Um 13. gr.

Ákvæði greinar þessarar svarar til ákvæða 1. gr. laga nr. 81/1936. Tala bæjarstjórnarmanna er nú nokkuð breytileg. Nokkrir kaupstaðir hafa aðeins 7

fulltrúa í bæjarstjórn, í Reykjavík eru 15 bæjarfulltrúar og á Akureyri eru 11, en annars staðar eru bæjarfulltrúar 9. Með grein þessari er lagt til, að bæjarfulltrúar verði yfirleitt 9, en ráðherra heimilað að fækka eða fjölga um 2 fulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Hámarksfjöldi bæjarfulltrúa í Reykjavík verði hækkaður úr 21 í 27 fulltrúa. Samkvæmt gildandi lögum, skal ráðherra ákveða tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt tillögum hreppsnefndar, þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi. Samkvæmt frumvarpsgrein þessari skulu bæjarfulltrúar vera 9, þegar þannig stendur á.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 81/1936. Tala hreppsnefndarmanna er nokkuð misjöfn. Nokkrar hreppsnefndir eru skipaðar þrem hreppsnefndarmönnum, fáeinar 7, en flestar 5. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir 5 hreppsnefndarmönnum, sem almennri reglu, en sýslunefndum er þó heimilað, samkvæmt ósk hreppsnefndar, að breyta þessari tölu, þó þannig, að hreppsnefndarmenn verði eigi færri en 3 og eigi fleiri en 7.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar um kosningafyrirkomulag við sveitarstjórnarkosningar eru efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum, sbr. 17. gr. laga nr. 81/1936.

Um 16. gr.

Lagt er til, að kjörtímabilið verði 4 ár, eins og verið hefur, sbr. 1. málslið 3. gr. laga nr. 81/1936. Þá er og lagt til, að kjörtímabili sé lokið þegar almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram, þó að eigi séu liðin 4 ár frá síðustu kosningu, t. d. vegna þess að síðasta kosning hefur farið fram vegna skipta á sveitarfélagi, sbr. 5. gr. laga nr. 81/1936.

Um 17. gr.

Hér er lagt til, að kjördagur við almennar sveitarstjórnarkosningar verði einn og hinn sami bæði í kaupstöðum og hreppum, þ. e. síðasti sunnudagur maímánaðar, sem ekki ber upp á hvítasunnudag. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1958 er þessi dagur kjördagur fyrir bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni. Lagt er til, að sú breyting verði á gerð, að kjördagur við aðrar hreppsnefndarkosningar verði hinn sami, en samkvæmt nefndri lagagrein er kjördagur við þær kosningar síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Um 18. gr.

Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um það, hvort ráðlegt væri að lækka kosningaaldur við sveitarstjórnarkosningar. Svör sveitarstjórnanna voru þessi: nei sögðu 129, já sögðu 37 og 2 svöruðu ekki. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að kosningaaldurinn verði hinn sami og verið hefur.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 81/1936. Meðlimur sveitarfélags er hver sá, sem á lögheimili í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt frumvarpi því til laga um lögheimili, sem nefndin hefur samið, skulu allir menn eiga lögheimili í einhverju sveitarfélagi, og enginn getur átt lögheimili nema í einu sveitarfélagi í senn.

Um 19. gr.

Efni 1. mgr. er í höfuðatriðum eins og ákvæði 7. gr. laga nr. 81/1936.

Samkvæmt greininni eru kjörgengisskilyrðin tvö. Fulltrúinn verður að vera meðlimur sveitarfélagsins og hann verður einnig að hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu. Samkvæmt núgildandi lögum er kosningarréttarskilyrðið frávíkjanlegt, sbr. lög nr. 103, 20. des. 1945, 1. gr.

Efni 2. og 3. mgr. er samhljóða 8. gr. laga nr. 81/1936.

Um 20. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða ákvæðum 1. mgr. 3. gr. og 1.—3. mgr. 33. gr. laga nr. 81/1936, sbr. lög nr. 18 15. maí 1942, en orðalagi nokkuð breytt. Ákvæði 3. mgr. kveða skýrt á um það, að fulltrúa, sem forfallast um stundarsakir, sé rétt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti hans. Þannig hafa núgildandi ákvæði líka verið túlkuð, sbr. úrskurð ráðuneytisins, dags. 8. apríl 1953.

Rétt er að vekja athygli á því, að samkvæmt 1. mgr. skal kjósa varamann þegar kosning er óbundin, sbr. hins vegar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1936.

Um 21. gr.

Í 1. og 2. gr. er það nýmæli, að tekið er upp sameiginlegt heiti fyrir oddvita hreppsnefnda og forseta bæjarstjórna. Lagt er til, að sameiginlegt heiti þeirra verði **formaður sveitarstjórnar.** Þar eð reglur þær, sem nú gilda um forseta bæjarstjórna, gilda yfirleitt líka um oddvita, að því leyti, sem þeir annast fundarstjórn hreppsnefnda, er hagstætt að hafa sameiginlegt heiti fyrir báða eins og hér er lagt til.

Ákvæði þessarar greinar, um aldursforseta og kjör formanna, eru efnislega mjög lík ákvæðum núgildandi laga, sbr. lög nr. 12/1927, 1. málslið, 2. mgr. og 3.—4. mgr. 8. gr. svo og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936. Hliðstæð ákvæði þeim, sem eru í lögum nr. 12/1927, eru ekki í lögunum um kosningu forseta í bæjarstjórnum, en eðlilegt virðist, að slík ákvæði taki einnig til kosningar bæjarstjórnarforseta.

Um 22. gr.

Lagt er til, að kjörtímabil formanns og varaformanns verði hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna, sbr. 2. málslið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927, en jafnframt er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti ákveðið skemmri kjörtíma. Í 2. mgr. þessarar greinar eru ákvæði, sem svara til 3. málsliðs 1. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927.

Ákvæði um kjörtímabil forseta bæjarstjórnar eru ekki í lögum um kaupstaðina, en einsýnt þykir, að sömu reglur gildi um þá í þessu sambandi og um oddvita.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru ekki miklar breytingar. Tilsvarandi ákvæði eru í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík, frá 20. apríl 1872 og 3. mgr. 7. gr. laga um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109 30. des. 1949. Samkvæmt núgildandi lögum á oddviti rétt á að skorast undan kosningu eftir þriggja ára oddvitastarf, en samkvæmt frumvarpsgreininni á hann ekki slíkan rétt fyrr en eftir fjögur ár, nema kjörtími hans hafi verið styttri, sbr. 21. gr. Samkvæmt lögunum um kaupstaðina virðast bæjarfulltrúar ekki eiga rétt til þess að skorast undan störfum, þó að þeir hafi gegnt þeim um lengri tíma. Engin ástæða virðist vera til þess að veita hreppsnefndarmönnum þenna rétt, en synja bæjarfulltrúum um sama rétt. Það er því lagt til, að bæjarfulltrúar fái í þessu efni sama rétt og hreppsnefndarmenn.

Um 24. gr.

Í núgildandi lögum er ekki ákvæði um það, hvort launa skuli hreppsnefndarmönnum og bæjarfulltrúum störf þeirra í sveitarstjórnum. Hreppsnefndarmönnum mun yfirleitt ekki vera launað, en sumir kaupstaðir launa bæjarfulltrúum sínum, aðrir ekki. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Svörin voru þau, að 106 sveitarstjórnir vildu láta launa þessi störf, 54 vildu ekki launa störfin og 8 svöruðu ekki.

Í samræmi við þessi svör leggur nefndin til, að sveitarstjórnunum sé heimilt að greiða þóknun til sveitarstjórnarmanna, svo sem nánar er ákveðið í grein þessari.

Um 25. gr.

Um efni þessarar greinar eru ákvæði í núgildandi lögum, sjá 1. mgr. 10. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 og 6. gr laga nr. 109/1949.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma nokkur nýmæli.

Í fyrsta lagi er lagt til, að bæjarstjórnir haldi reglulega fundi mánaðarlega. Þó að lög mæli ekki fyrir um mánaðarlega fundi, mun sá háttur venjulegastur í kaupstöðunum. Í Reykjavík eru reglulegir bæjarstjórnarfundir haldnir hálfsmánaðarlega. Þá er gert ráð fyrir heimild til þess að fella niður fundi í júlí og ágúst. Í sumum kaupstöðum mun hafa tíðkazt að fella niður einn eða fleiri reglulega fundi á sumrin.

Í öðru lagi er lagt til, að nægilegt sé, að aðeins **þriðjungur** sveitarstjórnarfulltrúa geti krafizt aukafundar. Í núgildandi lögum þarf **helming** fulltrúa, sjá áðurnefndar lagagreinar.

Um 26. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í núgildandi lögum, sjá upphaf 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 og 6. gr. laga nr. 109/1949.

Um 27. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1927, ræður atkvæði oddvita úrslitum mála, ef atkvæði eru jöfn. Hins vegar er hér lagt til, að atkvæðisefni falli, ef svo stendur á. Frumvarpsgreinin er að efni til lík ákvæðum laga um bæjarstjórnir, sbr. t. d. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949.

Um 28. gr.

Samkvæmt grein þessari er gert ráð fyrir tveim umræðum í sveitarstjórn um nokkur málefni. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, ber að ræða fjárhagsáætlun kaupstaðanna við tvær umræður, hins vegar er ekki gert ráð fyrir tveim umræðum um fjárhagsáætlanir hreppsfélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til, að tvær umræður verði hafðar um fjárhagsáætlanir, einnig í hreppunum.

Sú venja mun víða hafa orðið í bæjarstjórnum, að ræða ársreikninga kaupstaðanna við tvær umræður. Hér er lagt til, að tvær umræður um ársreikninga verði lögfestar, undantekningarlaust, að því er varðar kaupstaðina, en hreppsnefndum verði heimilað að víkja frá þessu ákvæði, sbr. 2. mgr.

Það er nýmæli, að ræða skuli við tvær umræður reglugerðir, sem öðlast eiga lagagildi. Sýnist eðlilegt, að sá háttur verði á hafður.

Um d-lið vísast til 10. gr. laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Um 29. gr.

Hér er ekki um nýmæli að ræða, sbr. 1. málslið 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og 6. gr. laga nr. 109/1949.

Um 30. gr.

Í lögum kaupstaðanna er gert ráð fyrir því, að hver bæjarstjórn setji sér fundarsköp, sem ráðherra staðfesti, sbr. t. d. 11. gr. i.f. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og 6. gr. i.f laga nr. 109/1949. Slík fundarsköp eru að sjálfsögðu samhljóða eða nærri því samhljóða fyrir allar bæjarstjórnir landsins. — Virðist því eðlilegast, að til sé reglugerð um fundarsköp, sem gildi fyrir allar sveitarstjórnir. Engin lagaákvæði eru um fundarsköp hreppsnefnda, en eðlilegt er, að sömu fundarsköp gildi fyrir þær eins og bæjarstjórnirnar. Sjálfsagt virðist, að ráðuneytið setji slíka allsherjar reglugerð, svo sem lagt er til með frumvarpsgreininni.

Um 31. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir almennum sveitarfundum í hreppunum, sjá 2. mgr. 28. gr. laga nr. 12/1927. Vegna bættra samgangna þykir mega stytta auglýsingafrest slíkra funda í 3 daga, eins og lagt er til.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Í sambandi við ákvæði þessarar greinar kemur mjög til álita, hvert skuli vera kjörtímabil bæjarstjóra eða sveitarstjóra, sbr. 42. gr. Samkvæmt núgildandi lögum skal bæjarstjóri kosinn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar og er kjörtími hans hinn sami og kjörtími bæjarfulltrúa, sjá 2. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936. Hins vegar er svo fyrirmælt í 3. gr. laga nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra, að eigi sé skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar. Störf sveitarstjóra eru alveg hliðstæð störfum bæjarstjóra, sbr. 32. gr., og því óeðlilegt, að ekki gildi sömu reglur um hvort tveggja, sbr. og 42. gr. 2. mgr. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um það, hvort æskilegt væri, að kjörtími bæjarstjóra eða sveitarstjóra væri annar en fulltrúa í sveitarstjórn. Svörin voru þessi: 104 sveitarstjórnir sögðu nei, 9 sögðu já og 55 svöruðu ekki.

Nefndin leggur því til, að almenna reglan verði sú, að ráðningartími bæjarstjóra og sveitarstjóra sé hinn sami og kjörtími sveitarstjórnanna. Hafi sveitarstjórn hins vegar ráðið bæjarstjóra eða sveitarstjóra til lengri tíma, er hvorum aðila um sig, bæjarstjóra eða sveitarstjóra annars vegar og sveitarstjórn hins vegar, heimilt að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

Reglan í 2. mgr. þessarar greinar er að efni til hin sama og reglan í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1936.

Um 34. gr.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði 1. mgr. munu vera í flestum lögum kaupstaðanna, sbr. t. d. lög nr. 109/1949, 7. gr. 1. mgr., og ákvæði 2. mgr. er að efni til samhljóða ákvæðum í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936.

Um 35. gr.

Í lögum hinna ýmsu kaupstaða er borgarstjóra, bæjarstjóra, oddvita eða forseta veitt vald til þess að fella úr gildi til bráðabirgða ákvörðun bæjarstjórnar, ef honum virðist ákvörðunin ganga út fyrir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til þess að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla. Samkvæmt lögum nr. 49/1914, 5. gr., er það borgarstjórinn í Reykjavík, sem hefur þetta vald. Samkvæmt lögum nr. 33/1929, 5. gr., er bæjarstjóranum í Hafnarfirði falið þetta vald, en í lögum um yngri kaupstaðina er þetta vald lagt í hendur forseta bæjarstjórnanna, sjá t. d. lög nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík, og lög nr. 109/1949, um bæjarstjórn í Húsavík. Yfirleitt mun þessu ákvæði ekki hafa verið beitt og er því lagt til, að það verði fellt niður. Hins vegar er lagt til, að bæjarstjórar fái slíkt vald, þegar bæjarstjórnir stofna til verulegra útgjalda, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun. Ef til þess kemur, að bæjarstjórar noti þá heimild, sem felst í 1. mgr. þessarar greinar, leggur ráðuneytið fullnaðarúrskurð á málið.

Um 36. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða núgildandi lögum, sjá lög nr. 81/1936, 30. gr. 6. mgr. i. f. og t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 3. gr. og lög nr. 109/1949, 7. gr. 2. mgr. i. f. Í frumvarpsgreininni er þó gert ráð fyrir því, að bæjarráð geti tekið fullnaðarákvörðun um mál, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði um slíkar ákvarðanir.

Um 37. gr.

Lagt er til, að sama kosningafyrirkomulag við kosningu bæjarráðs og nefnda skuli gilda framvegis, sbr. upphaf 31. gr. laga nr. 81/1936 og t. d. lög nr. 109/1949, 6. gr. 2. mgr. i. f. Ástæðulaust virðist vera að taka hér upp þær reglur, sem gilda um hlutfallskosningar, eins og nú er gert í 31. gr. laga nr. 81/1936, þar eð hér á landi mun ekki hafa verið beitt nema einni aðferð við hlutfallskosningar. Lagt er til, að reglur um þátttöku varamanna verði svipaðar og verið hefur, sjá lög nr. 81/1936, 33. gr. 6. mgr.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 9. gr. laga nr. 12/1927.

Um 40. gr.

Hreppsnefndirnar voru spurðar um það, hvort þær teldu þörf á að breyta ákvæðum um laun oddvita. Svörin voru þau, að 94 töldu breytinga þörf, 41 taldi ekki þörf breytinga, en 26 svöruðu ekki. Af þeim sveitarstjórnum, sem töldu breytinga þörf, vilja margar, að nánar sé kveðið á um innheimtulaun oddvita en nú er gert. Sumar leggja jafnvel til, að innheimtuprósentan verði ákveðin hin sama fyrir öll sveitarfélög.

Ákvæðin um laun oddvita eru í 23. gr. laga nr. 12/1927, sbr. lög nr. 34/1951. Fyrir árið 1958 voru launin að viðbættri verðlagsuppbót og öðrum uppbótum kr. 13.10 á hvern mann í hreppnum. Nefndin leggur til, að launin verði hækkuð nokkuð eða í kr. 25.00 fyrir hvern meðlim sveitarfélagsins. Þykir það réttlætanlegt vegna hinna nýju ákvæða um framlag til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði, sem valda mun verulegri lækkun útsvaranna í flestum hreppum og þar af leiðandi verulegri lækkun á innheimtulaunum oddvitanna. Þá leggur nefndin til, að innheimtulaun verði 2%—4%, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Nefndin telur ekki fært að ákveða þessa innheimtuþóknun eins fyrir alla hreppa, vegna þess, að upphæðirnar, sem oddvitum ber að innheimta, eru svo ákaflega misjafnar. Virðist því eðlilegt að eftirláta hreppsnefndunum að ákveða þóknunina, innan þessara marka. Í stórum hreppum kynni það að reynast ofrausn að greiða 4% þóknun, en hins vegar sízt um of, þegar um lítil sveitarfélög er að ræða.

Um 41. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum 9. gr. 2. mgr. laga nr. 12/1927. Hér er þó gert ráð fyrir því, að hreppsnefndir geti, eins og bæjarstjórnir, kosið nefndir til þess að fara með einstök hreppsmál. Að sjálfsögðu annast oddviti þau málefni hreppsins, sem hreppsnefnd hefur ekki falið nefnd eða sérstökum manni að annast, sbr. 39. gr.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 1. gr. laga nr. 19/1951, um sveitarstjóra.

Varðandi 2. mgr. nægir að vísa til athugasemda við 33. gr.

Um 43. gr.

Grein þessi hefur að geyma ákvæði, sem í öllum höfuðatriðum eru eins og ákvæði 4.—6. gr. laga nr. 19/1951 og þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Efnislega eins og 7. gr. laga nr. 19/1951.

Um 45. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er almanaksárið reikningsár sveitarfélaganna, sjá 1. mgr. 2. gr. laga nr. 66, 12. apríl 1945, um útsvör, lög nr. 12/1927, 25. gr. 1. mgr. og t. d. 29. gr. tilsk. frá 20. apríl 1872 og 17. gr. laga nr. 109/1949.

Um 46. gr.

Samhljóða ákvæði þessu hafa gilt um bæjarstjórnir, sjá 2. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 66/1945. Það nýmæli felst í frumvarpsgrein þessari, að greinin tekur líka til hreppsnefnda. Samkvæmt núgildandi lögum, skulu hreppsnefndir frjálsar að því, hvenær fjárhagsáætlun er samin, aðeins ef hún er samin áður en niður-

jöfnun útsvara hefst, sjá 3. mgr. 2. gr. laga nr. 66/1945. Lagt er til, að undanþága verði fyrir hreppa með færri en 300 íbúa, sjá 4. mgr.

Um 47. gr.

Hliðstæð ákvæði þeim, sem grein þessi fjallar um, eru í núgildandi lögum, sjá lög nr. 12/1927, 13.—14. gr. og 4. mgr. 25. gr. svo og t. d. 26. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949, 12.—13. gr. Núgildandi ákvæði eru í sumum atriðum úrelt í þessum efnum og er lagt til, að ákvæðunum verði breytt í samræmi við það.

Um 48. gr.

Við samningu ákvæðanna um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga hafði nefndin hliðsjón af frumvarpi því um þetta efni, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur samið. Í greininni er gert ráð fyrir tvöföldu bókhaldi sem óhjákvæmilegri skyldu í kaupstöðunum og hreppum með 500 íbúa eða fleiri. Varhugavert þykir að leggja fyrir smærri sveitarfélög að halda tvöfalt bókhald, þar eð búast mætti við, að slík ákvæði yrðu tæplega nákvæmlega haldin. Þar að auki má fullyrða, að reikningsskil þessara smærri sveitarfélaga hafi yfirleitt verið í mjög góðu lagi, svo að ástæðulaust er að gera nokkra breytingu að því er þau varðar, frá því sem nú er. Greinin gerir þó ráð fyrir því, að sýslunefndum sé heimilt að ákveða tvöfalt bókhald hjá sveitarfélögum, sem reka einhver fyrirtæki.

Um 49. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Hér eru ákvæði, sem efnislega svara til ákvæða laga nr. 12/1927, 24. gr. 1. tl. b og 3. tl.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 52.—54. gr.

Ákvæði þessi þarf ekki að skýra, en vekja má athygli á því, að samkvæmt 54. gr. er frestum til að fullgera ársreikninga nokkuð breytt. Leitað var álits sveitarstjórnanna um það atriði. Voru skoðanir þeirra nokkuð skiptar. Töldu 80 sveitarstjórnir að nauðsynlegt væri að lengja þenna frest, 57 töldu ekki þörf breytinga, en 31 svaraði ekki. Samkvæmt ósk flestra sveitarstjórnanna ákvað nefndin að leggja til, að fresturinn yrði lengdur. Ákvæði þessara greina svara til laga nr. 12/1927, 25. gr. 1. mgr. og t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 29. gr. og laga nr. 109/1949, 17. gr.

Um 55. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 12/1927, skal öll hreppsnefndin rannsaka sveitarsjóðsreikninginn, en auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert. Að áliti hreppsnefndanna eru þessi hreppskilaþing óþörf og hafa sennilega óvíða verið haldin nú um langt skeið.

Hreppsnefndirnar voru um það spurðar, hvort rétt væri að ákveða, að hreppsnefndir kjósi endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Jákvæð svör veittu 109 hreppsnefndir, neikvæð 40 og 12 svöruðu ekki. Í kaupstöðunum eru endurskoðendur yfirleitt tveir og kosnir af bæjarstjórn, sjá t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 29. gr. og lög 109/1949, 17. gr. 2. mgr. Nefndin leggur til, að endurskoðendur verði kosnir af sveitarstjórn til fjögurra ára, bæjarstjórnir kjósi 2 endurskoðendur, en hreppsnefndir einn eða tvo.

Í hinum stærri bæjarfélögum þykir rétt að gera ráð fyrir sérstakri deild, sem annast endurskoðun, og þannig er það t. d. í Reykjavík. Samkvæmt tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn geti falið endurskoðunarskrifstofu að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins. Slík

endurskoðun sérstakrar endurskoðunardeildar eða endurskoðunarskrifstofu leysir ekki hina kjörnu endurskoðendur frá störfum, en auðveldar að sjálfsögðu störf þeirra.

Um 56. gr.

Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar eru nýmæli. Í lögum eru ekki ýtarleg fyrirmæli um það, hvernig haga skuli endurskoðun reikninga sveitarfélaganna. En gera má ráð fyrir, að þeim reglum, sem hér er lagt til að lögfestar verði, hafi yfirleitt verið fylgt við slíka endurskoðun.

Um 57. gr.

Ákvæði greinarinnar hafa að geyma nokkrar breytingar frá því, sem nú er varðandi fresti, sbr. athugasemdir við 52.—54. gr. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar hliðstæð ákvæðum núgildandi laga, sjá lög nr. 12/1927, 25. gr. 3. mgr. og t. d. tilskipun 20. apríl 1872, 29. gr. og lög nr. 109/1949, 17. gr. 2. mgr.

Um 58. gr.

Ákvæði eru ekki í lögum um kaupstaðina um það, hvenær fullnaðarafgreiðslu ársreikninga skuli lokið, en ákvæði eru um það, að reikningarnir skuli sendir ráðuneytinu fyrir tiltekinn tíma, sjá t. d. 30. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949, 18. gr. Hins vegar eru ákvæði um tímafrest fyrir afgreiðslu ársreikninga hreppanna, sjá lög nr. 12/1927, 25. gr., sem lagt er til að verði lengdur lítils háttar, sbr. athugasemdir við 52.—54. gr.

Um 59. gr.

Í 30. gr. tilsk. frá 20. apríl 1872, sbr. 18. gr. laga nr. 109/1949, segir, að reikningum liðins árs skuli skilað til ráðuneytisins fyrir 30. sept. ár hvert. Samkvæmt 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar, skal reikningum skilað fyrir 31. júlí ár hvert.

Ákvæði greinarinnar um skil til Hagstofunnar eru samhljóða þeim reglum, sem fylgt hefur verið.

Um 60. gr.

Nýmæli, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 61. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara ákvæðum gildandi laga, að því er varðar kaupstaðina, sjá t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872, 30. gr. og 18. gr. laga nr. 109/1949, en eru nokkuð breytt að því er varðar hreppsfélögin, sbr. 29. gr. laga nr. 12/1927. Greinin gerir að vísu ráð fyrir því, að hlutaðeigandi sýslumanni eða sýslunefnd beri að áminna sveitarstjórn, ef tilefni gefst til þess, en stoði slík áminning ekki, er svo fyrir mælt, að ráðuneytið skuli gera ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem um bæjarstjórnir gilda.

Um 62. gr.

Í 30. gr. laga nr. 12/1927 eru ákvæði um dagsektir. Slíkum viðurlögum hefur sennilega aldrei verið beitt og þau eru því gagnslítil. Í þessari grein er upp tekin reglan, sem nú er í lögunum um kaupstaðina, sjá t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 30. gr. og lög nr. 109/1949, 18. gr., um lögsókn gegn sveitarstjórnarmönnum, sem ábyrgð bera á misfellum.

Um 63. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 9.—10. gr. laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Um 64. gr.

Fyrri málsgreinin er í aðalatriðum samhljóða 11. gr. laga nr. 90/1940, en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstökum eftirlitsmanni, heldur verði þau störf, sem nú eru falin honum, eftirleiðis unnin á vegum ráðuneytisins. Þegar lögin um

eftirlit með sveitarfélögum voru sett, starfaði ekki sjálfstætt félagsmálaráðuneyti. Af þeirri ástæðu mun hafa verið horfið að því ráði að setja sérstakan mann til að annast þessi mál og má raunar telja þá ráðstöfun vísi að því ráðuneyti, sem síðar varð til sem félagsmálaráðuneyti.

Heimildin til útgáfu innköllunar að viðlögðum missi kröfu, sbr. 2. mgr., er ekki ný, sjá 14. gr. laga nr. 90/1940.

Um 65. gr.

Ákvæðið þarfast ekki skýringa. Hliðstæð ákvæði eru í 12. gr. laga nr. 90/1940.

Um 66. gr.

Sú aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir að veita megi, byggist á því, að rekstur sveitarfélagsins sé á heilbrigðum grundvelli, en skuldabyrði þess um megn, enda verði eftirgjöf eða afskriftum á skuldum ekki við komið. Ákvæði þetta er annars að nokkru hliðstætt ákvæði 24. gr. laga nr. 90/1940, en hér er ekki gert ráð fyrir hámarki eins og nú gildir, sbr. téða lagagrein.

Um 67. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því, að eftirlitsmaður sveitarfélaga skuli leita samninga um greiðslu skulda sveitarfélags, sem á í miklum fjárhagsörðugleikum, sjá 13.—20. gr. laga nr. 90/1940.

Hér er hins vegar lagt til, að skiptaráðandi annist þau störf með líkum hætti og ráð er fyrir gert í lögum nr. 19/1924, um nauðasamninga. Samkvæmt frumvarpinu er rétturinn til að leita nauðasamninga fyrst og fremst hjá sveitarstjórn, en einnig virðist nauðsynlegt að heimila ráðuneytinu að ákveða að slíkra samninga sé leitað, þó að sveitarstjórn hafi ekki óskað þess.

Um 68. gr.

Lagt er til, að svipaðar reglur gildi um frumvarp til nauðasamninga og gilda um frumvarp eftirlitsmanns, samkvæmt núgildandi lögum, sjá 15. gr. laga nr. 90/1940.

Um 69. gr.

Greinin fjallar um þau gögn, sem fylgja skulu beiðni um nauðasamninga. Þessi gögn eru hin sömu og þau, sem leggja á fram á fundi skuldheimtumanna, samkv. 18. gr. laga nr. 90/1940.

Um 70. gr.

Um framlagningarskyldu gagna, sem varða nauðasamninga, eru ákvæði í 16. gr. laga nr. 90/1940 og eru ákvæði frumvarpsgreinarinnar svipaðs eðlis. Um útgáfu innköllunar eru ákvæði í 14. gr. sömu laga. Hér er gert ráð fyrir því, að skiptaráðandi þurfi ekki að gefa út innköllun, ef notuð hefur verið heimild 64. gr. 2. mgr. Nýrrar innköllunar væri aðeins þörf, ef svo langt væri liðið frá útgáfu hinnar fyrri innköllunar, að ástæða væri til að gera ráð fyrir skuldasöfnun, sem óvíst væri um, frá því að frestur hinnar fyrri innköllunar væri liðinn.

Um 71. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Greinin fjallar um fundarboðun til skuldheimtumanna, sem semja þarf við, svo og til ráðuneytisins og sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. laga nr. 90/1940.

Um 73. gr.

Hér er um ákvæði að ræða, sem eru alveg hliðstæð ákvæðum 18. gr. laga nr. 90/1940.

Um 74. gr.

Skilyrði fyrir breytingu á lánskjörum, þegar um er að ræða veðtryggð lán eða lán, sem tryggð eru með ábyrgð, eru hin sömu að efni til og nú eru, sjá 17. gr. laga nr. 90/1940.

Um 75. gr.

Efni þessarar greinar svarar til ákvæða 19.—20. gr. laga nr. 90/1940, og er í aðalatriðum samhljóða núgildandi lögum.

Um 76. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 77. gr.

Þar eð ákvæði þau, sem hér eru í 67.—76. gr., leysa naumast úr öllum spurningum í sambandi við nauðasamninga sveitarfélaga, svo sem t. d. ef deila er um réttmæti skuldakröfu, virðist rétt að lögákveða, auk þeirra ákvæða, sem þetta frumvarp geymir um þetta efni, að ákvæði nauðasamningalaganna frá 1924 skuli gilda, eftir því sem við á.

Um 78. gr.

Lög þau, er nú gilda, hafa ekki ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef samningar takast ekki milli skuldheimtumanna og sveitarfélagsins. Hér er lagt til, að það nýmæli verði lögtekið, að ráðuneytið skuli þá hlutast til um skuldaskil fyrir sveitarfélagið. Jafnframt er gert ráð fyrir, að skuldaskil geti farið fram, þó að nauðasamninga hafi ekki verið leitað áður.

Í greininni er ákvæði um mat þeirra eigna, sem ekki verða seldar, sbr. 11. gr., svo og reglur um yfirmat.

Rétt þykir að draga frá mati eignanna þau framlög, sem komið hafa úr ríkissjóði, og þar eð ríkissjóður hefur í flestum tilvikum lagt fram ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði, er eðlilegast, að eignarhluti sveitarfélagsins verði lækkaður um þann hundraðshluta, sem ríkissjóður hefur lagt fram.

Um 79. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi skiptaráðandi raði skuldum samkv. skiptalögum og semji úthlutunargerð, svo sem þar er ákveðið.

Um 80. gr.

Eigi virðist hjá því komizt að skylda ráðuneytið til þess að veita sveitarfélagi lán úr Jöfnunarsjóði til greiðslu lausaskulda og óveðtryggðra skulda, sem greiðast eiga að einhverju eða öllu leyti samkv. úthlutunargerðinni.

Um 81. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 82. gr.

Þar eð aðför er undanfari sölu þess hlutar, sem henni er beint að, leiðir af sjálfu sér, að hlutir, sem ekki verða seldir, geta ekki orðið andlag aðfarar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 90/1940. Þá er það ekki samrýmanlegt hlutverki sveitarfélags, sbr. 10. gr., að það geti orðið gjaldþrota og sætt meðferð sem slíkt með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í einkamálaréttinum.

Hins vegar þykir rétt að heimila ráðherra að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipa því fjárhaldsstjórn eins og nánar segir í greininni, sbr. og 29. gr. laga nr. 90/1940.

Um 83. gr.

Eigi virðist ástæða til að gera greinarmun á skuldheimtumönnum eftir því, hvort um er að ræða banka eða lánsstofnanir annars vegar og aðra kröfuhafa hins vegar, eins og nú er gert, sbr. 30. gr. laga nr. 90/1940. Rétt sýnist hins vegar að krefjast þess,

að fram hafi farið fjárnám án árangurs, hver sem í hlut á, til þess að kröfuhafi geti krafizt þess, að sveitarstjórn verði svipt fjárforráðum sveitarfélagsins.

Ágreiningur um það, hvort slík krafa er til staðar, getur naumast komið upp, svo að óþarft virðist að óska úrskurðar dómara í þessu efni, eins og nú er ákveðið, sbr. 30. gr. laga nr. 90/1940.

Það virðist því ekki varahugavert, að ráðuneytið meti kröfuna í því sambandi.

Um 84. gr.

Áður en gripið verður til svo örlagaríkrar ráðstöfunar sem svipting fjárforræðis er, þykir nauðsynlegt að sveitarstjórn fái allríflegan frest til þess að gera skil svo að komizt verði hjá slíkum neyðarráðstöfunum, sem hér um ræðir.

Um 85. gr.

Nauðsynlegt er að til fjárhaldsstjórnar verði valdir menn, sem kunnugir eru öllum högum sveitarfélagsins. Til þess að tryggja þetta er lagt til, að sýslunefndir velji tvo fjárhaldsstjórnarmenn, þegar um hreppa er að ræða, en í kaupstöðum skuli að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í kaupstaðnum.

Um 86. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 32. gr. laga nr. 90/1940.

Um 87. gr.

Tilgangurinn með skipun fjárhaldsstjórnar mun tæplega nást, nema fjárhaldsstjórn fái þau völd varðandi fjárhagsmál öll, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr., sbr. og 34. gr. laga nr. 90/1940.

Um önnur málefni gegnir öðru máli. Í 2. mgr. er því gert ráð fyrir að sveitarstjórn fari áfram með þau mál, sbr. og 33. gr. laga nr. 90/1940.

Um 88. gr.

Ákvæði greinarinnar eru hliðstæð ákvæðum 35. gr. laga nr. 90/1940.

Um 89. gr.

Hér er nýmæli, sem ákveður, að skuldaskil skuli fram fara, ef fjárhagur er slíkur sem lýst er í 67. gr., og fer þá um þau skuldaskil eftir sömu reglum og áður var lýst, sbr. 78.—81. gr.

Einnig hér má leysa málið með nauðasamningum, samkv. 67.—77. gr., ef þess er kostur.

Þá er svo ákveðið, að heimild ráðuneytisins til þess að veita aðstoð, sbr. 66. gr., gildi og um sveitarfélag, sem sett hefur verið undir fjárhaldsstjórn.

Um 90.—91. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Grein þessi geymir engin nýmæli. Hér er aðeins um að ræða upptalningu þeirra helztu verkefna, sem verið hafa á vegum sýslunefndanna, sbr. lög nr. 12/1927, 38., 40.—42. gr. og 50. gr.

Um 93. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar verða sýslunefndir hinar sömu og verið hafa hingað til. Þær skulu annast málefni sýslnanna á sama hátt og verið hefur, sbr. 5. gr. laga nr. 12/1927.

Um 94. gr.

Efnislega samhljóða ákvæði eru í 34. gr. laga nr. 81/1936 og 31. gr. laga nr. 12/1927.

Um 95. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal haga kosningu sýslunefndarmanns á sama hátt og hreppsnefndarkosningum, sjá 34. gr. laga nr. 12/1927. Gert er ráð fyrir sömu reglu framvegis. Þegar hlutfallskosningar fara fram til hreppsnefnda hefur verið venja að bjóða einnig fram lista til sýslunefndar, þó að kjósa skuli aðeins einn mann. Hér er raunverulega um framboð að ræða, en ekki kosningalista, þar eð hlutfallskosningar geta aðeins átt sér stað, þegar kjósa skal fleiri en einn. Í samræmi við þessa venju er lagt til, að heimilt sé að viðhafa framboð.

Um 96. gr.

Efni þessarar greinar er samhljóða gildandi lögum, sjá 34. gr. laga nr. 81/1936 og 32. gr. laga nr. 12/1927.

Um 97. gr.

Nú eru sýslunefndarmenn eigi lengur kosnir á manntalsþingum. Að öðru leyti er ákvæði þessarar greinar samhljóða 33. gr. laga nr. 12/1927.

Um 2. mgr. vísast til 35. gr. laga nr. 81/1936.

Um 98. gr.

Að efni til er greinin samhljóða 35. gr. laga nr. 12/1927, að öðru leyti en því, að hér er lagt til, að sýslufundur skuli haldinn eigi síðar en 25. júlí ár hvert. Þetta nýmæli er tekið upp til samræmis við ákvæðið í 3. mgr. 59. gr.

Um 99. gr.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 12/1927 ræður atkvæði oddvita, ef atkvæði eru jöfn. Hér er lagt til, að regla 3. mgr. 27. gr., um sveitarstjórnir, gildi einnig um sýslunefndir. Að öðru leyti eru ákvæði þessi samhljóða 36. gr. og upphafi 37. gr. laga nr. 12/1927.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 37. gr. laga nr. 12/1927.

Um 100. gr.

Grein þessi er samhljóða 43. gr. laga nr. 12/1927.

Um 101. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. laga nr. 12/1927.

Um 102. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða ákvæðum 1. mgr. 37. gr. laga nr. 12/1927.

Um 103. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 47. gr. laga nr. 12/1927 og 2. mgr. 46. gr. sömu laga, að öðru leyti en því, að þóknun sýslunefndarmanna er ákveðin kr. 300.00 á dag í stað kr. 7.00, sem er fyrir löngu orðið úrelt ákvæði.

Um 104. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 48. gr. laga nr. 12/1927, en hér er gert ráð fyrir, að endurskoðandi endurskoði, auk sýslusjóðsreiknings, sýsluvegasjóðsreikning og reikninga annarra sjóða, sem vera kunna í vörzlu sýslunefndar eða sýslumanns sem oddvita sýslunefndar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 105. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 49. gr. laga nr. 12/1927.

Um 106. gr.

Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæði 39. gr. laga nr. 12/1927 og þarfnast ekki skýringa.

Um 107. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 108. gr.

Greinin er í höfuðatriðum samhljóða 2. mgr. 49. gr. og 52. gr. laga nr. 12/1927.

Um 109. gr.

Grein þessi er samhljóða 51. gr. laga nr. 12/1927.

Um 110. gr.

Í niðurlagi 34. gr. laga nr. 81/1936 segir, að kæra megi sýslunefndarkosningu skriflega innan 14 daga og skeri sýslunefnd úr. Nefndin leggur til, að þessi grein verði felld úr gildi, en vekur jafnframt athygli á því, að þetta ákvæði þarf að vera í lögum, og telur eðlilegast, að ákvæðum verði bætt við 29. gr. laga nr. 81/1936, sem fjalla um kosningakærur.

Í sambandi við tillögu nefndarinnar um afnám laga nr. 90/1940 er ástæða til að geta þess, að frumvarpið geymir ekki ákvæði, sem svarar til 27. gr. þessara laga. Nefndin telur ekki þörf ákvæða um stofnanir, sem eru eign sveitarfélaga og reknar fyrir reikning þeirra og á áhættu þeirra. Fjárþröng og greiðsluþrot slíkra stofnana eru í raun réttri fjárþröng og greiðsluþrot sveitarfélagsins, en í frumvarpinu eru ýtarleg ákvæði um þau efni, sjá 63.—91. gr. frumvarpsins. Telur nefndin sjálfsagt, að þau ákvæði gildi einnig um stofnanir sveitarfélaga. Nefndin taldi ekki þörf ákvæða 28. gr. laga nr. 90/1940, um erfiðar fjárhagsástæður sýslufélaga.

Nefndin leggur til, að lög nr. 69/1921, um hreppskilaþing, verði felld úr gildi, vegna þess að þau eru orðin úrelt. Sveitarstjórnirnar voru spurðar um það, hvort hreppskilaþing væru nauðsynleg. Svörin voru þessi: Já sögðu 5, nei sögðu 143 og 13 svöruðu ekki.

Ákvæði sveitarstjórnarlaganna um útlagðan kostnað oddvita sveitarfélagsins, 22. gr., og oddvita sýslunefndar, 45. gr., virðast óþörf, þar eð það liggur í hlutarins eðli, að sveitarsjóður eða sýslusjóður skuli bera slíkan kostnað.

Ákvæði 8. gr. laga um sveitarstjóra, nr. 19/1951, eru ekki tekin upp í frumvarpið, þar eð nefndin taldi þau óþörf. Vanræksla eða hirðuleysi í starfi sveitarstjóra varðar að sjálfsögðu viðurlögum, samkvæmt almennum lögum.

Ákvæði hinna ýmsu laga kaupstaðanna um það, að lögregluþjónar, næturverðir og fangaverðir skuli settir af bæjarstjórn eftir uppástungu lögreglustjóra og að hann geti veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar, sjá t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872 og 9. gr. laga nr. 109/1949, eru ekki tekin upp í frumvarpið. Þar eð nefndin leggur til, að þessi ákvæði verði felld úr gildi, ásamt öðrum ákvæðum kaupstaðalaganna, vill hún vekja athygli á því, að þessi ákvæði ættu betur heima í ákvæðum laga um lögreglumenn, sjá t. d. lög nr. 50/1940 eða V. kafla laga nr. 27/1951.

Í sumum kaupstaðalaganna eru ákvæði um skipun byggingarnefnda o. fl. þar að lútandi, sjá t. d. 14. gr. laga nr. 22/1883, 15. gr. laga nr. 67/1917 og 10. gr. laga nr. 109/1949. Ákvæði um þessi efni eru ekki í frumvarpinu. Að dómi nefndarinnar er réttara að taka umrædd ákvæði upp í lögin um byggingarsamþykktir, sjá lög nr. 19/1905. Í lögum nr. 108/1945, 4. gr., sbr. lög nr. 26/1948, 2. gr., eru ákvæði um þessi efni, að því er varðar sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Í sumum kaupstaðanna eru ákvæði um gjalddaga bæjargjaldanna, sjá t. d. lög nr. 67/1917, 23. gr. og lög nr. 61/1919, 21. gr. Nefndinni virðast þessi ákvæði óþörf, þar eð gjalddagi útsvara er ákveðinn í útsvarslögum og gjalddagar annarra gjalda í hlutaðeigandi reglugerðum.

Í öllum lögunum eru ákvæði um, að ekkert gjald skuli greiða fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, sjá t. d. lög nr. 67/1917, 26. gr. og lög nr. 109/1949, 14. gr. Nefndin telur ákvæði þessi þýðingarlaus og leggur því til að þau verði afnumin. Ef ástæða þætti til þess að hafa þessi ákvæði áfram í lögum, eiga þau, að áliti nefndarinnar, betur heima í aukatekjulögunum.

Ed. 521. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 25. maí 1960.

Jón Árnason, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Björn Jónsson.
Kjartan J. Jóhannsson. Sigurvin Einarsson.

Nd. 522. Frumvarp til laga [173. mál]

um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kópavogskaupstaður.
3. Hafnarfjörður og Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppur í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa.
5. Kjósarsýsla.
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
9. Dalasýsla.
10. Austur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Barðastrandarsýsla.
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
14. Strandasýsla.
15. Vestur-Húnavatnssýsla.
16. Austur-Húnavatnssýsla.
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
18. Siglufjörður.
19. Ólafsfjörður.

20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
22. Norður-Þingeyjarsýsla.
23. Fljótsdalshérað.
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu.
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum.
27. Austur-Skaftafellssýsla.
28. Vestur-Skaftafellssýsla.
29. Rangárvallasýsla.
30. Vestmannaeyjar.
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5 Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun. Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslenzku riti, sem prentað er. Skulu þau sakir þessarar skyldu njóta árlegs aukastyrks úr bókasafnasjóði, sem sé ákveðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum bókafulltrúa.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir. Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 31. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlitsins úr bókasafnasjóði, samkv. tillögu bókafulltrúa.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa og fræðslumálastjóra. Skulu bæir og sýslur sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóti þau til húsabóta styrks úr bókasafnasjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt bókasafnasjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd þannig:

Bæir og hreppar, þar sem safn er staðsett, skulu greiða:

Bæir og hreppar með færri en 3 þús. íbúa	kr.	30.00	á íbúa
— — — — 3 þús. íbúa, en færri en 5 þús.	—	25.00	- —
— — — — 5 þús. íbúa og þar yfir	—	20.00	- —

Bókasafnasjóður skal greiða til safnanna:

Í bæjum og hreppum með færri en 1 þús. íbúa	kr.	30.00	á íbúa
- — — — — 1 þús., en undir 3 þús. íbúa	—	25.00	- —
- — — — — 3 þús., en undir 5 þús. íb. ..	—	20.00	- —
- — — — — 5 þús., en undir 10 þús. íb.	—	15.00	- —

Nái íbúatala bæjar 10 þús., skal greiðsla bókasafnasjóðs lækka um kr. 2.50 á íbúa og síðan um sömu upphæð fyrir hverja 5 þús. íbúa, unz hún er komin niður í kr. 7.50 á íbúa.

Framlög sýslufélaga eða hluta sýslufélaga til héraðsbókasafna skulu vera kr. 7.00 á íbúa og greiðast úr sýslusjóði, og skal bókasafnasjóður greiða jafnháa upphæð á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög bókasafnasjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok aprílmánaðar, að fengnum starfsskýrslum og reikningum safnanna, og hin síðari fyrir lok septembermánaðar.

Gjalddagar annarra framlaga skulu vera eins og hér segir:

Framlög bæja og hreppa til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd fjórum sinnum á ári, sú fyrsta fyrir lok marzmánaðar og sú síðasta fyrir áramót. Framlög sýslna til héraðsbókasafna skulu greidd fyrir 1. september.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að undanskildum formanni, sem menntamálaráðherra skipar, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið, að fengnum tillögum bókafulltrúa. Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 2 eða 4 kjörnir

menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

11. gr.

Bókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzlan er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa tekið próf í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Hafa lokið slíku prófi við erlenda skóla í bókasafnsfræðum og auk þess annað tveggja numið einn vetur bókasafnsfræði í Háskóla Íslands eða starfað eitt ár sem nemar í íslenzku bæjarbókasafni.
3. Hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum og kynnt sér í eitt missiri skráningu bóka og afgreiðsluhætti í íslenzku bæjarbókasafni eða svipuðu safni erlendis.
4. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslenzku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár, enda hafi þeir einróma meðmæli bókasafnsstjórnar og einnig yfirbókavarðar, þar sem eru fleiri en einn bókavörður.

Tala bókavarða við bæjar- og héraðsbókasöfn skal ákveðin af bókasafnsstjórn og sé hún bundin samþykki bókafulltrúa.

12. gr.

Laun bókavarða, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, og nema í bókasöfnum skulu vera eins og hér segir:

a. Yfirbókaverðir í Reykjavík og á Akureyri skulu taka laun samkv. V. fl. launalaga.
b. Tveir bókaverðir í Bæjarbókasafni Reykjavíkur og yfirbókaverðir bókasafna, þar sem bókavarzlan er aðalstarf fleiri bókavarða, skulu taka laun samkv. VI. fl. launalaga.
c. Aðrir yfirbókaverðir skulu taka laun samkv. VII. fl. launalaga.
d. Aðrir bókaverðir skulu taka laun samkv. VIII. fl. launalaga.
e. Nemar skulu taka hálf laun samkv. VIII. fl. launalaga.

Auglýsa skal bókavarðarstöður með ekki minna en mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og vísað til laga um réttindi til starfsins.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skal bókasafnsstjórn tilnefna, ef fjöldi umsækjenda leyfir, ekki færri en þrjá umsækjendur og í þeirri röð, sem hún telur helzt koma til greina. Skulu tillögur hennar síðar sendar bókafulltrúa, ásamt umsóknum. Ráðherra skal síðan, að fengnu áliti bókafulltrúa, setja í stöðuna til tveggja ára einhvern þeirra þriggja, sem bókasafnsstjórn hefur valið.

Að tveim árum liðnum skal staðan auglýst á ný og þá í hana skipað eftir sömu reglum og við setningu.

13. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Leita skal hún álits bókafulltrúa um hæfni þess manns, sem hún hyggst ráða, og telji hann manninn óhæfan til starfsins, skal sá ekki ráðinn. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér svo, að bókafulltrúi telji viðhlítandi, skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavarðar skulu ákveðin í samráði við bókafulltrúa.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn.

14. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 15. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar, sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

15. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 16. gr.).

16. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr bókasafnasjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr bókasafnasjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

17. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

18. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og bókasafnasjóði fara eftir sömu reglum og segir í 16. gr., og nái ekki fjárframlag félags eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 16. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. og 18. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim,

sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára.

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

20. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

21. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 18. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

22. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun, en háð skal hún samþykki bókafulltrúa. Gefi bókavörður safninu þá þóknun, sem honum er ætluð, reiknast hún safninu til tekna.

23. gr.

Í fjölmennum kauptúnum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglingum í notkun bókasafns. Um ráðningu bókavarða slíkra safna gildi sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 13. gr.

24. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr bókasafnasjóði fyrir liðið ár.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

25. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk úr bókasafnasjóði í skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, fangahúsum, elliheimilum og öðrum vistheimilum.

26. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 25. gr., skulu njóta árlega framlags úr bókasafnasjóði, eins og hér segir:

1. Í heimavistarskólum kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann, miðað við fjölda nemenda, kennara og annars starfsfólks í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

2. Til bókasafna annarra skóla kr. 20.00 á hvern nemanda, miðað við tölu þeirra í byrjun skólaárs, og skal það bundið sama skilyrði og framlag til bókasafna í heimavistarskólum.

Hljóti skólabókasafn hærra heimaframlag en sem nemur kr. 20.00 á hvern einstakling, sem framlög miðast við, skal skylt að greiða tvö fyrstu starfsárin 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra framlagi en sem nemur kr. 40.00 á hvern einstakling, sem við er miðað.

Skólastjóri skal hafa eftirlit með skólabókasafni, ráða því bókavörð og sjá um, að það komi að sem fyllstum notum, og skal hann veita eða láta veita nemendum tilsögn í notkun bókasafna, eftir því sem aðstæður leyfa. Þá skal skólastjóri í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári fyrir 1. ágúst ár hvert, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái úr bókasafnasjóði framlag það, sem því ber fyrir liðið skólaár.

27. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði er þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

28. gr.

Til þess að stuðla að aukningu góðs bókakosts handa börnum og unglingum skal árlega veita úr bókasafnasjóði tvenn verðlaun, að upphæð kr. 15000.00 og kr. 10000.00, fyrir frumsamdar barna- eða unglingabækur, sem út koma á árinu.

29. gr.

Fræðslumálastjóri skal tilnefna til fjögurra ára í senn tvo kennara, er hafa kynnt sér rekstur skólabókasafna, sem ráðunauta bókafulltrúa til leiðbeiningar um bókaval og starfstilhögun bókasafna í skólum. Þeir skulu og ásamt bókafulltrúa velja barna- og unglingabækur til verðlauna, sbr. 28. gr. og lög um bókasafnasjóð. Skal þessum ráðunautum goldið úr bókasafnasjóði fyrir störf sín.

30. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 25. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr bókasafnasjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun, gegn sömu upphæð frá öðrum.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í marzmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái styrk þann úr bókasafnasjóði, sem því ber.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

31. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

32. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa. Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

33. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út. Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

34. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofur, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkv. lögum þessum. Bókafulltrúi skal gefa safnsstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur, og skulu þær staðfestar af honum. Enn fremur skal stjórn bókasafns setja bókavörðum erindisbréf. Skal bókafulltrúi semja fyrirmynd að slíkum erindisbréfum, enda skulu þau háð samþykki hans.

35. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr bókasafnssjóði, fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

36. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

37. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um vátryggingarupphæðina.

38. gr.

Öll framlög í lögum þessum eru miðuð við núverandi laun og verðlag. Skal menntamálaráðuneytið á tveggja ára fresti láta Hagstofu Íslands athuga, hvort og að hve miklu leyti verðlag hefur breytzt, og framlögin síðan færð til samræmis við þá niðurstöðu.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

39. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra. Hann skal hafa starfað sem bókavörður í einhverju af hinum stærri bæjarbókasöfnum, vera bókmenntafróður og hafa sýnt áhuga á fræðslu- og menningarmálum. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur, og koma á námskeiðum handa bókavörðum, sem ekki hafa bókavörzlu að aðalstarfi. Hann skal og vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni bókasafna.

Laun hans skulu vera samkvæmt VI. launaflokki laga um laun starfsmanna ríkisins.

VI. KAFLI
Um gildistöku laganna.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 42 frá 18. maí 1955, um almenningsbókasöfn.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hafa óbundna afstöðu til frumvarpsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

1.

Þegar lögin um almenningsbókasöfn voru samin og samþykkt, var þar um að ræða algera nýsmíð. Um þessi mál höfðu engin heildarlög verið sett, en árið 1937 voru samþykkt lög um lestrarfélög, þar sem ákveðið var að innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi — og að tveir þriðju hlutar álagsins rynnu til lestrarfélaga. Þessu fé var úthlutað af fræðslumálaskrifstofunni gegn skilyrðum um reikningsskil og skýrslugerð um aukningu bókakosts og tölu útlánaðra binda. Fræðslumálaskrifstofan gekk mjög ríkt eftir því, að skilyrðin væru uppfyllt, og um leið og þessi löggjöf örvaði allmikið starfsemi lestrarfélaganna, kom hún á hana miklum mun betri skipan en áður hafði tíðkazt. En bráðlega urðu þarna umskipti til hins verra. Hinu háa Alþingi þóknaðist að rýra þær tekjur, sem lestrarfélögunum voru ætlaðar með lögunum frá 1937.

Starfsemi bæjar- og sýslubókasafna var ekki háð neinu eftirliti af ríkisins hálfu, þó að lestrarfélögin væru krafin um reikningsskil og skýrslugerð, enda ríkisstyrkur til slíkra safna nauðalítill. Í sumum bæjunum var almenningsbókasöfnum allmikill sómi sýndur, en í öðrum lítill eða alls enginn. Og fæst af hinum gömlu sýslubókasöfnum voru starfandi, sum, sem áður höfðu verið starfrækt af myndarskap og með góðum árangri um áratugi, voru lokuð inni í ónothæfum húsakynnum, almenningi alls ekki gefinn kostur á að nota þau.

Ástandið í bókasafnsmálum Íslendinga var því algerlega ósæmandi og engan veginn sambærilegt við skipan þessara mála í öðrum vestrænum löndum, þar sem lögð er áherzla á fræðslu alls almennings. Jafnvel í þeim bæjum hér á landi, þar sem bezt var búið að almenningsbókasöfnum, voru þau að húsakosti og möguleikum til virkrar starfrækslu langt neðan við meðallag slíkra stofnana með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, svo að ekki sé skírskotað til safna í þeim ríkjum í Bandaríkjunum, þar sem mest áherzla er lögð á starfrækslu almenningsbókasafna.

2.

Öllum, sem stóðu að samningu laganna um almenningsbókasöfn frá 1955, var það ljóst, að þar var aðeins stigið fyrsta sporið til gengis slíkum stofnunum. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir, að fjárframlög til safnanna voru ákveðin allt of lág, en þeir töldu ekki nema eðlilegt, að fjárveitingavaldið vildi ekki bæta á fjárlög í einu stærri upphæð til þessara mála en ákveðin var í lögunum. Hins vegar efuðust þeir ekki um, að mikið væri við það unnið að fá heildarlöggjöf um skipan almenningsbókasafna, og töldu víst, að fljótlega yrði bætt um starfsskilyrði safnanna með nýrri og fullkomnari löggjöf.

Þegar lögin komu til framkvæmda, sýndi það sig, að þau juku að miklum mun tekjur flestra lestrarfélaga, auk þess sem þau höfðu í för með sér stofnun sveitarbókasafna, þar sem engin slík söfn höfðu starfað áður. Enn fremur endurvöktu þau lestrarfélög, sem höfðu verið starfslaus um langt árabil. Þau komu og bættri skipan á starfsemi margra safna í sveitum og þorpum og vöktu áhuga á auknu starfi.

Þá voru og stofnuð bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem engin voru fyrir, og gömlu sýslubókasöfnin endurvakin undir nýjum nöfnum. Einnig jókst fyrir tilkomu laganna starfsemi flestra þeirra bæjarbókasafna, sem starfrækt höfðu verið.

Eins og vænta mátti, kom það þegar í ljós, eftir að lögin frá 1955 komu til framkvæmda, að framlögin voru of lág, til þess að starfsemi safnanna gæti orðið svipuð því, sem sjálfsagt er talið í nágrannalöndunum, og eftir því sem lengra leið, jókst bilið milli íslenzkra almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana með lýðræðisþjóðum Vesturlanda, því að á síðustu árum hefur starfrækslu þeirra með lýðræðis- og menntaþjóðum í Vestur-Evrópu fleygt fram, en hér hefur aðstöðu þeirra til starfa hrakað að miklum mun.

Bókafulltrúi rökstuddi það við menntamálaráðuneytið haustið 1958, að á árunum 1954—1958 hefði bókaverð hér á landi hækkað um nærfellt 70% og annað, sem hefur áhrif á rekstur safnanna, að minnsta kosti um 25%. Síðan hefur bókaverð enn hækkað, svo að hækkunin nemur um 75%. Er öllum auðsætt, hve aðstaða safnanna hefur versnað aðeins fyrir þessar sakir, frá því að lögin um almenningsbókasöfn voru samin og sett, enda svo komið, að ef tekið er tillit til hækkunarinnar á verði bóka, var nákvæmlega sömu upphæð úthlutað til sveitarbókasafna árið 1959 eins og 1955, seinasta árið, sem hin gamla skipan um framlög af skemmtanaskatti hélzt.

3.

En þó að rétt væri það, sem hallazt hefur frá 1954, það ár, sem gerðar voru tillögur um framlögin af þeim, sem sömdu frumvarp um almenningsbókasöfn, væri engan veginn haldið í horfinu. Það væri alls ekki eðlilegt, að söfnunum væri nú eftir fimm ára starf samkvæmt hinum nýju lögum skorinn hinn sami þröngi stakkur og í upphafi.

Í nágrannalöndunum er litið þannig á, að skólar veiti einungis nauðsynlega þekkingu til þess, að menn hafi skilyrði til að afla sér staðgóðrar fræðslu og menntunar með ævilöngu sjálfsnámi, þess vegna verði allir að skólagöngu lokinni að eiga kost góðra bóka, hver við sitt hæfi. Á erlendum málum fjölgar sífellt handhægum fræðsluritum og handbókum í öllum fræðigreinum, en þrátt fyrir það, þótt þar sé í bókasöfnum, sem bæjar- og héraðsbókasöfn á Íslandi ættu að vera sambærileg við, kostur leiðbeininga af hálfu bókavarða, sem að loknu stúdentsprófi og námi við störf í góðu og gildu almenningsbókasafni hafa numið í tvö til þrjú ár í bókavarðaskóla, þykir nú nauðsynlegt, að til séu bókasöfn í barna- og framhaldsskólum, þar sem nemendunum sé kennt að átta sig á skráningarkerfi bóka og enn fremur fái tilsögn í að nota handbækur og fræðirit og leita heimilda um ýmis efni. Þá eru og víða í bókasöfnum, sem íslenzk bæjar- og héraðsbókasöfn ættu að vera sambærileg við, starfræktir leshringir undir handleiðslu bókavarða, fluttir fyrirlestrar, komið á bókmenntakynningum, sýndar kvikmyndir með skýringum og skírskotun til bóka,

og jafnvel eiga menn í sumum slíkum söfnum kost á margs konar hjómplötum og fá til afnota sérstök heyrnartæki til að hlýða á lögin.

Í skólamálum hafa Íslendingar kappkostað að komast jafnfætis þeim menningarþjóðum, sem þar standa fremst, og þeirri þjóð, sem lengi skipaði hinn virðulegasta sess meðal menningarþjóða heims sakir heimafræðslu og sjálfsnáms, mundi illa sæma að nota sér ekki til hlítar þá glæsilegu möguleika til framhaldsfræðslu, sem vel og myndarlega starfrækt almenningsbókasöfn veita öðrum menningarstofnunum fremur.

Samkvæmt lögunum um almenningsbókasöfn hafa framlög til héraðsbókasafna, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, numið undanfarin ár á hvern íbúa bókasafnahverfanna eins og hér segir: Frá hlutaðeigandi hreppi kr. 12.00, á móti frá ríkissjóði kr. 5.00. Frá sýslusjóði kr. 3.00, á móti frá ríkinu kr. 2.50. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfum, þar sem bæir standa ekki að héraðsbókasafni, var samkvæmt lögunum árið 1958 kr. 9.65. Umframgreiðslur voru svo fáar og smáar frá heimaaðilum, að þær breyta engu um þessa niðurstöðu, og greiðslan frá ríkissjóði er lögbundin.

Til bæjar- og héraðsbókasafna eru framlög samkv. lögunum kr. 15.00 á íbúa í bæjunum og kr. 7.50 frá ríkinu og úr sýslusjóði kr. 3.00 á hvern einstakling í bókasafnshverfinu og kr. 2.50 frá ríkinu. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfunum, þar sem bæjarbókasöfn eru um leið héraðsbókasöfn, er kr. 14.00, en bæirnir hafa lagt meira til safnanna en lögskilið lágmark, svo að raunveruleg framlög til þessara safna námu kr. 24.20 að meðaltali á íbúa árið 1958.

Lögboðin framlög til þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem bæirnir standa einir að, nema að meðaltali kr. 22.50 á íbúa, en bæirnir hafa allir greitt meira en lögskylt er, svo að meðaltal raunverulegra framlaga varð á íbúa árið 1958 kr. 30.44.

Lögskipað framlag á íbúa í Reykjavík nam kr. 12.50, en raunverulegt framlag vegna umframgreiðslu bæjarins kr. 30.10.

Hér fara svo á eftir greiðslur á hvern íbúa til almenningsbókasafna í nokkrum bókasafnahverfum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi árið 1958, og er sænsk króna reiknuð á 7 kr. íslenzkar, en dönsk og norsk á 5 kr.

Svíþjóð:		*Danmörk:*		*Noregur:*	
1. Karlskróna	115.00	1. Lemvig	109.37	1. Rjúkan	84.00
2. Vesturás	105.70	2. Assens	80.00	2. Tönsberg	69.75
3. Visby	68.53	3. Hilleröd	56.75	3. Kristianssandur	56.35
4. Lundur	68.44	4. Kalundborg	55.00	4. Hamar	50.65
5. Málmey	66.36	5. Silkiborg	50.00	5. Haugasund	35.00
6. Eskiltuna	59.30	6. Álaborg	48.00	6. Álasund	30.00
7. Gautaborg	57.96	7. Kaupmannahöfn	47.50	7. Niðarós	26.56
8. Gävle	54.32	8. Árósar	40.00	8. Ósló	25.15
9. Stokkhólmur ..	52.70	9. Óðinsvé	36.20	9. Bergen	24.75
10. Jönköbing	42.15	10. Esbjerg	25.60	10. Stafangur	20.30

Nú er það staðreynd, að því fámennara sem bókasafnshverfi er, því hærra þarf framlagið að vera miðað við íbúa, og ef borin eru saman framlög hér og hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, verður ljóst, hve langt við stöndum að baki þessum þjóðum um skilning á gildi almenningsbókasafna. Er samanburðurinn enn þá óhagstæðri en þarna kemur fram, því að bækur eru mun ódýrari í Svíþjóð, Danmörk og Noregi en með oss Íslendingum.

4.

Til héraðsbókasafna, sem kaupstaðir standa ekki að, runnu árið 1958 samtals 374520 kr. Þar af voru 115440 kr. eða 30.8 % frá 17 hreppum, meðaltal á hrepp 6790 kr., 115077 kr. eða 30.7% frá 19 sýslum, meðaltal á sýslu 6056 kr., og 144003 kr. frá ríkinu eða 38.5%. Meðaltekjur á safn voru 22031 kr., lægstu tekjur 7544 kr., en

hæstu tekjur 61039 kr. Lægstar tekjur hafði safnið á Reykhólum, en hæstar Héraðsbókasafn Árnesinga á Selfossi. Meðalverð á bókum í forlagsbandi mun nú ekki lægra en 125 kr. á eintak, þegar tekið er tillit til bóka af ýmsu tagi og misjafnri stærð og gerð, og virðist auðsætt, að með rúmlega 20 þús kr. meðaltekjum geti héraðsbókasafn alls ekki starfað þannig, að starfsemi þess komi að verulegum notum, hvað þá að hún geti orðið sambærileg við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Samkvæmt þessu frumvarpi eiga framlögin að nema samtals til þessara 17 safna 1129038 kr., og verða það kr. 29.14 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfum í stað kr. 9.65 samkv. núgildandi lögum. Hækkunin nemur 754568 kr., og skiptist hún þannig á aðila:

Seytján hreppar greiða 181650 kr. eða 24.1%, meðaltal á hrepp kr. 10685.19, sýslur borga 156327 kr. eða 20.7%, meðaltal á sýslu 3968 kr., og loks bókasafnasjóður 416591 kr. eða 55.2%. Öll framlögin til þessara safna nema að meðaltali 66417 kr. á safn í stað 22031 kr. samkv. lögunum frá 1955. Lægstar verða tekjurnar hjá safninu á Reykhólum 22182 kr., en hæstar hjá safni Árnesinga á Selfossi, 180798 kr. Bæði meðaltalið og lægsta talan sýna, að ekki er gengið óhóflega langt um hækkun framlaga, en þeir, sem líta á fylgiskjal, sem sýnir framlögin samkv. gildandi lögum og samkv. frumvarpinu, munu gera sér þess ljósa grein, hvað aðstaða þessara safna er bætt frá því, sem verið hefur, án þess að íþyngt sé verulega hreppum og sýslum.

Til 9 bæjarbókasafna, sem um leið eru héraðsbókasöfn, námu framlög 1958 samkv. lögum 687012 kr., þar af frá bæjum 412408 kr. eða 60%, frá sýslum 54948 kr. eða 8%, og 219656 kr. frá ríkinu eða 32%. Meðaltal á hvert bæjarfélag var 45823 kr., og á hverja sýslu 6105 kr. Meðaltekjur hjá söfnunum voru 76335 kr., en lægstu tekjur 23992 kr. — hjá safninu á Seyðisfirði, en hæstu 155436 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Lágmarkskrafa til slíkra safna er, að þau kaupi allar bækur, sem út koma á íslenzku, og nokkur eintök af þeim, sem helzt er spurt eftir, kaupi erlendar bækur, fræðirit og handbækur á ensku og Norðurlandamálum og eitthvað af skáld- og skemmtiritum á þessum þjóðtungum, hafi opinn lestrarsal, launi einn til þrjá bókaverði, sem hafi bókavörzlu að aðalstarfi, og loks greiði húsaleigu, ljós og hita og sitt hvað, sem til fellur og ekki verður hjá komizt. Mundi því engum dyljast, að þær tölur, sem nefndar eru í lögunum um almenningsbókasöfn, eru frekar viðurkenning á réttmæti slíkra safna og raunhæft mat á kostnaði við skynsamlegan og raunar nauðsynlegan rekstur þeirra, enda hafa bæirnir bætt þarna úr skák. Umframgreiðslur þeirra nema á árinu 1958 samtals 485489 kr. eða að meðaltali frá hverjum bæ 53943 kr., og er það talsvert meira en 100% hækkun. Þó eru söfnin hvergi starfrækt þannig, að sambærilegt sé við söfn af sama tagi í nágrannalöndunum, enda nema raunveruleg framlög, þar með taldar umframgreiðslur þriggja sýslna, Gullbringusýslu, Skagafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, ekki nema kr. 21.57 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfunum. Til dæmis um það, hve framlögin samkvæmt lögunum frá 1955 eru fráleitlega lág, má taka tekjur og rekstur bókasafnanna á Ísafirði og í Hafnarfirði. Safnið á Ísafirði á að fá sem lágmarksgreiðslu frá bæjarfélaginu 40575 kr., en greiðsla bæjarins það ár til safnsins varð 134239 kr. eða meira en þreföld við það, sem lögin gera ráð fyrir. Og hve viðtæk er svo starfsemin? Bókavörður hefur lífvænleg árslaun, en enga aðstoð, og lestrarsalur er opinn síðari hluta dags þá mánuði ársins, sem menn hafa helzt aðstöðu til að sitja við lestur og athugun ýmiss konar heimilda. Í Hafnarfirði er lögskylt framlag bæjarins árið 1958 86414 kr., en raunverulegt framlag 213000 kr. Þar eru tveir bókaverðir á sæmilegum árslaunum, og þar er opinn lestrarsalur, en safnið hefur ekki fjárhagsaðstöðu til að nota efri hæðina í hinu glæsilega bókasafnshúsi, heldur hefur stjórn safnsins talið sig neydda til að leigja hana til skólahalds, og safnið hefur ekki haft svo rúm fjárráð, að það geti keypt bækur eftir brýnustu þörfum.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér kemur fram, nema framlögin til þessara safna samtals 1553621 kr., þar af frá bæjum 720865 kr., sýslum 130002 kr. og frá bókasafnasjóði 702754 kr. eða 45.2%, móti 32% frá ríkinu samkv. núgildandi lög-

um. Meðaltal á hvert bæjarfélag verður 80096 kr. og á hverja sýslu 14445 kr., og meðaltekjur safnanna verða 172625 kr., lægstu tekjur 64732 kr. hjá Amtsbókasafninu á Seyðisfirði og hæstu 348068 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Hækkun framlaga nemur alls 866609 kr. Þar af greiða bæirnir 308457 kr. eða 35.6%, og 34273 kr. að meðaltali, sýslur 75054 kr. eða 8.7%, og 8339 kr. að meðaltali, og bókasafnasjóður 483098 kr. eða 55.7%. Tekjur safnanna nema kr. 31.75 á íbúa í stað 14 kr. samkv. núgildandi lögum. Ef bæirnir drægju ekkert úr framlögum sínum frá því, sem þau voru árið 1958, næmu framlögin 226568 kr. að meðaltali á hvert safn og kr. 41.67 á íbúa bókasafnahverfanna allra. Ef borið er saman við tekjur safnanna í nágrannalöndunum, Svíþjóð, Danmörku og Noregi, munu menn sjá, að þarna mundi ekki of langt gengið í ákvörðun framlaganna.

Tekjur þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem sýslur standa ekki að, voru 1958 samkv. lögunum um almenningsbókasöfn samtals 275887 kr., þar af 186969 kr. frá bæjunum sjálfum, en 88918 kr. frá ríkinu. En með umframgreiðslum bæjanna urðu tekjur safnanna samtals 310576 kr., eða kr. 31.42 á hvern íbúa. Samkvæmt frumvarpinu á lögbundið framlag til þessara safna að verða 577835 kr. eða 144460 kr. á hvert safn og kr. 45.50 á hvern íbúa.

Hækkunin nemur 301948 kr., þar af 114184 kr. frá bæjunum sjálfum eða 37.8%, en 187764 kr. eða 62.2% frá bókasafnasjóði.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur er stærsta almenningsbókasafn landsins. Lágmarkstekjur þess áttu að nema árið 1958 839213 kr. samkv. lögunum frá 1955, þar af 20% úr ríkissjóði, en þær urðu sakir umframgreiðslna úr bæjarsjóði 2221862 kr., og varð því framlag ríkisins aðeins 7.5%. Það mundi ekki leika á tveim tungum, að gjaldgeta Reykjavíkur sé meiri en annarra bæjarfélaga hér á landi, og kemur þar sitt hvað til. Enn fremur er það staðreynd, að eftir því sem bókasafnshverfi er fjölmennara, því lægra gjald þarf á hvern íbúa, til þess að rekstur almenningsbókasafns geti orðið viðhlítandi. En engin sanngirni mælir með því, að Reykjavík sitji við jafnskarðan hlut af hálfu ríkisins til bókasafnsmála framvegis og hingað til. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að framlag bókasafnasjóðs til Bæjarbókasafns Reykjavíkur hækki hlutfallslega frá áður ákveðnu ríkisframlagi meira en til nokkurs annars safns — eða úr 167843 kr. miðað við árið 1958 í 518062 kr. En þrátt fyrir þessa hækkun mundu ekki tekjur bókasafnsins nema meiru en 36 kr. á íbúa árið 1961, þótt bæjarsjóður drægi ekkert úr greiðslum sínum frá því, sem þær eru nú, en eins og sýnt er hér að framan, greiddi Kaupmannahöfn á árinu 1958 kr. 47.50 á íbúa til almenningsbókasafna og Stokkhólmur kr. 52.70, Ósló hins vegar aðeins kr. 25.15. Sé ekki gert ráð fyrir neinum umframgreiðslum frá Reykjavíkurbæ, nema tekjur bæjarbókasafnsins aðeins kr. 27.50 á íbúa eftir samþykkt frumvarpsins, og er auðsætt af þessu, að ekki er óhóflega bættur hlutur einnar hinnar mestu menningarstofnunar höfuðstaðarins með fyrirhugaðri breytingu á ákvæðum um framlög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lágmarksframlög til sveitarbókasafna og lestrarfélaga tvöfaldist, sveitir greiði 10 kr. í stað 5 kr. á íbúa og bókasafnasjóður sömu upphæð á móti. Þá er og gert ráð fyrir, að hámarksgreiðsla bókasafnasjóðs til þessara safna geti komizt upp í 20 kr. á hvern íbúa, en hámarksgreiðsla ríkisins er nú kr. 12.50. Bókasafn í sveit, sem í eru 200 íbúar, hefur nú 2000 kr. lágmarkstekjur, þar af 1000 kr. frá ríkinu, en með 20 kr. heimaframlagi á íbúa geta tekjurnar orðið 6500 kr., þar af úr ríkissjóði 2500. Eftir samþykkt þessa frumvarps verða lágmarkstekjur slíks safns 4000 kr., þar af 2000 úr bókasafnasjóði, en tekjurnar geta með 30 kr. heimaframlagi komizt upp í 10000 kr., þar af 4000 kr. úr bókasafnasjóði. Þó að lágmarksgreiðsla til sveitarbókasafna hækki samkvæmt frumvarpinu um 100%, þarf vart að gera ráð fyrir, að greiðslur til þeirra úr bókasafnasjóði verði fyrst um sinn nema 50% hærri en greiðslur ríkisins eru áætlaðar samkv. núgildandi lögum. Þetta er sakir þess, að allmargar sveitir hafa greitt undanfarið til safna sinna það háa upphæð, að hámarksgreiðsla úr ríkissjóði hefur komið á móti, en framlag til slíkra safna mun að líkindum ekki hækka nema tiltölulega lítið á næstu árum.

5.

Þá er komið að bókasöfnum í skólum og opinberum stofnunum. Þau er heimilt, en ekki lögskylt að stofna og starfrækja samkv. núgildandi lögum, og þykir rétt, að sú skipan haldist að sinni.

Í tillögunum um fjárframlög er hækkað ríkisframlag til skólabókasafna um 100%, enda áður svo lágt, að það hefur komið að mjög litlu gagni nema í fjölmennustu skólunum — og auk þess verð á bókum hækkað að miklum mun, síðan það var ákveðið, svo sem áður getur. Hins vegar þykir viðhlítandi, þótt tillagið til bókasafna annarra opinberra stofnana hækki ekki nema úr kr. 25.00 í 40.00. Þessar hækkanir mundu ekki nema meiru en 60—70 þús. kr. á ári, miðað við að bókasöfn í öðrum skólum en heimavistarskólum nytu einskis styrks, eins og lögin frá 1955 ákveða.

Svo sem áður er á minnzt hér að framan, er með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum lögð mikil áherzla á starfrækslu bókasafna í öllum skólum, og njóta þau mjög ríflegs styrks af hendi ríkisins. Þau þykja þar slík menningarleg nauðsyn, að engan veginn sé sæmilegt, að ríkið láti sig þau engu varða. Undanfarin ár hafa menningarfulltrúar frá öllum Norðurlöndum fjallað um skipan slíkra safna, verið dregin saman gögn og margvíslegar upplýsingar um starf þeirra og starfsaðstöðu og gerðar ýtarlegar athuganir á því, hvernig haga beri starfsemi þeirra og skipan framvegis, svo að þau megi koma að sem mestu haldi í allri fræðslu í skólunum og um leið renna stoðum undir sjálfsnám nemendanna að skólagöngu lokinni. Hefur verið leitað til menntamálaráðuneytisins hér um upplýsingar um ástand og starf slíkra safna hjá okkur Íslendingum og því sendar álitsgerðir og athuganir um störf þeirra, starfsaðstöðu og framtíðarfyrirkomulag með hinum Norðurlandaþjóðunum. Við athugun á þessum gögnum hefur menntamálaráðuneytinu, fræðslumálastjóra og bókafulltrúa orðið það enn ljósara en áður, hve skammt við erum á veg komnir á þessum vettvangi og hve lítt bókasafnsmálum skólanna hefur hér verið gaumur gefinn, samtímis því, sem að því hefur verið keppt að gera starfsaðstöðu þeirra sem bezta á öðrum sviðum og til þess árlega verið varið miklu fé.

Eru þessir aðilar sammála um, að svo búið megi ekki standa, og þess vegna eru ákvæði um það í frumvarpi þessu, að öllum skólum sé heimilt framlag úr bókasafnasjóði til starfrækslu bókasafna. Skulu söfn í heimangönguskólum njóta sama styrks og söfn heimavistarskóla, að öðru leyti en því, að í heimangönguskólunum miðist framlagið aðeins við nemendur, en í hinum einnig við kennara og starfsfólk, sem er nýtt ákvæði í þessu frumvarpi, reist á svo ljósum rökum, að það þarfnast ekki skýringa. Þá er og í frumvarpinu ákvæði um það til að létta stofnun skólabókasafna, að tvö fyrstu starfsárin greiði bókasafnasjóður til slíks safns 50% móti því heimaframlagi, sem fram yfir er 20 kr. á einstakling, þó aldrei gegn hærra framlagi en 40 kr. Getur því framlag sjóðsins til nýstofnaðs safns komizt upp í 30 kr. á hvern einstakling, sem við er miðað.

Nú mundi ekki þurfa að gera ráð fyrir, eftir reynslunni af notkun framlagsheimildarinnar í lögunum frá 1955, að allar skólanefndir muni nota sér hin nýju ákvæði, og mundi hæfilega áætlað, að þau hefðu í för með sér þá hækkun útgjalda, að til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum þurfi að ætla úr bókasafnasjóði 600000.00 kr. fyrsta árið og litlu meira þau næstu.

En í frumvarpinu eru fleiri nýmæli um skólabókasöfn en þau, sem þegar hefur verið á minnzt. Nauðsynlegt er, að bókafulltrúi hafi sér til ráðuneytis um skipan, starfstilhögun og bókaval slíkra safna sérfróða menn um uppeldismál og skólabókasöfn og þeim sé greidd fyrir starf sitt sanngjörn þóknun.

Loks er það ákvæði, að úr bókasafnasjóði sé árlega varið 25000.00 kr. til tvennra verðlauna fyrir beztu barna- og unglingabækur, sem koma frá hendi íslenzkra höfunda, og þykir eðlilegt, að um þær dæmi, ásamt bókafulltrúa, sömu menn og valdir verða honum til aðstoðar og ráðuneytis almennt um málefni skóla-

bókasafna. Gildi góðra barna- og unglingabóka hefur ekki verið metið hér á landi eins og vert er — og þá ekki heldur starf þeirra höfunda, sem slíkar bækur hafa skrifað. Mjög víða erlendis hefur sá háttur verið tekinn upp, að menntamálaráðuneyti landanna verðlauni árlega slíkar bækur, og hefur það orðið til að ýta undir hæfa rithöfunda um að skrifa fyrir börn og unglinga og vakið athygli alls þorra manna á gildi góðra barna- og unglingabóka og um leið á skaðsemi hinna lélegu.

6.

Þá skal gerð nokkur grein fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs sjálfs vegna samþykktar þessa frumvarps. Samkvæmt áætlun bókafulltrúa, sem send var menntamálaráðuneytinu 16. júní 1959, mundu útgjöld ríkisins til almenningsbókasafna verða á árinu 1960 eins og hér segir, að þeim lögum óbreyttum, sem nú gilda:

1.	Til bæjar- og héraðsbókasafna	640.000 kr.
2.	Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga	500.000 —
3.	Til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum	110.000 —
	Samtals	1250.000 kr.

Undanfarin ár hafa og verið veittar í fjárlögum til byggingar bókasafna og húsabóta handa söfnum 175000.00 kr. Með þeirri upphæð yrðu þá öll útgjöldin 1425000.00 kr., en samkvæmt þessu frumvarpi 1360000.00 kr. Þarna er þá um að ræða lækkun, sem nemur 65000.00 kr. En bókafulltrúi hefur margsinnis bent á, að lægsta upphæð á fjárlögum, sem verða megi að verulegu gagni til byggingar bókasafna, sé 250000.00 kr. Loks má svo minna á þá geipilegu hækkun, sem orðið hefur á verði bóka síðan 1954 og auk þess á öðrum kostnaði við starfrækslu safnanna. Til sömu aðstöðu þeirra og árið, sem lögin um almenningsbókasöfn voru samin, hefur bókafulltrúi áætlað að ekki þurfi lægri viðbótargreiðslu af hendi ríkissjóðs en 630—650 þús. kr. og auk þess verði Alþingi að gera ráðstafanir til breytinga á lögunum, sem hafi í för með sér samsvarandi hækkun frá bæjum, sýslum og hreppum.

7.

Ýmis nýmæli frumvarpsins eru mjög smávægileg og orsakir og tilgangur sumra svo auðsær, að ekki er ástæða til að skýra þau, en hér skal nú vikið að nokkrum fleiri meginatriðum en þegar hefur verið um fjallað.

Er þá fyrst eftirlit með bókasöfnum. Í núgildandi lögum er ætlazt til þess, að öll bókasöfn landsins séu eingöngu háð eftirliti bókafulltrúa og námsstjóra. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að öll sveitarbókasöfn, söfn í framhaldsskólum og í sjúkrahúsum og hælum innan hvers bókasafnshverfis séu háð eftirliti bæjar- eða héraðsbókavarðar. Þessir bókaverðir eru sérfróðir um skipan og starfrækslu bókasafna, og er eðlilegast, að eftirlitið sé framkvæmt af þeim. Hins vegar er ákvæði um það í 27. gr., að námsstjórar hafi umsjá með bókasöfnum í barnaskólum. Þeir skólar eru yfirleitt háðir eftirliti þeirra, og liggur því beint við, að þeir athugi þar einnig starf og ástand bókasafna.

Sú breyting á skipan stjórna bæjar- og héraðsbókasafna felst í 8. gr. frv., að menntamálaráðuneytið skipi formenn stjórnanna. Þegar framlög af hálfu ríkisins aukast svo mjög sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu, virðist eðlilegt, að æðsta fulltrúa ríkisvaldsins sé veitt það vald til áhrifa á stjórn þessara safna, sem þessi breyting hefur í för með sér.

Í 11. og 12. gr. er fjallað um þá bókaverði bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, kröfur um menntun þeirra, ákvæði um laun og ráðningu. Með samþykkt þessa frumvarps mun starfsemi þessara safna verða svo mikilvægur þáttur í menningar- og fræðslustarfi hlutaðeigandi bókasafnahverfis,

að gera verður strangar kröfur til menntunar og sérþekkingar bókavarða, en eins og sakir standa nú, mundi ekki henta, að þeir einir fengju rétt til slíkra starfa, sem lokið hafa prófi í bókavörzlu, þar eð enn er aðeins völ mjög fárra slíkra manna. En til þess að hæfir menn fáist til að helga bókasöfnunum starfskrafta sína, er nauðsynlegt að samræma launakjör og ákveða launin þannig, að þau séu lífvænleg. Hins vegar þykir eðlilegt, að búið sé alltryggilega um ráðningu slíkra bókavarða, og er hér horfið að svipuðu fyrirkomulagi og gildir um skipun kennara og skólastjóra, nema hvað hér er gert ráð fyrir, að bókavörð megi ekki skipa í embætti fyrr en að loknum tveggja ára starfstíma.

Í 13. gr. er kveðið á um ráðningu bókavarða við þau bæjar- og héraðsbókasöfn, sem ekki munu hafa það rúman fjárhag, að þau geti haft bókavörð á fullum launum. Til slíkra bókavarða verða ekki gerðar sömu kröfur og til hinna, en ákvæði greinarinnar miða að því að tryggja, að til starfanna veljist eins hæfir menn og áhugasamir og völ er á. Mundi víða vel henta, að kennarar, sem aðeins kenndu lögskilda tíma og væru bókfróðir og skylduræknir, tækju að sér bókavörzlu við slík söfn.

8.

Skylduframlög sýslna, hreppa, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og 8 bæja, Kópavogs, Akraness, Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar og Vestmannaeyja, hækka við samþykkt frumvarpsins frá raunverulegum framlögum árið 1958 um 433810.00 kr., en á móti þeirri hækkun kemur úr bókasafnasjóði hækkun, sem nemur 705890.00 kr. Hjá Reykjavík og 5 öðrum bæjum, Keflavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Sauðárkróki og Akureyri, verða skylduframlög lægri en raunveruleg framlög 1958, en framlag bókasafnasjóðs, áður ríkissjóðs, hækkar til þessara aðila um 713479.00 kr., þar af til Bæjarbókasafns Reykjavíkur 350219.00 kr. og 363260.00 kr. til safna í hinum bæjunum. Framlög til sveitarbókasafna hækka um 250000.00 kr. (áætluð upphæð). Framlög alls til bæjar- og héraðsbókasafna nema kr. 30.35 á hvern íbúa í landinu, þar af kr. 18.35 frá bæjum, sýslum og hreppum, en kr. 12.00 frá bókasafnasjóði. Séu talin með framlög til sveitarbókasafna, nema framlögin kr. 40.65 á hvern íbúa í bæjum, þorpum og sveitum. Auk þessa eru svo framlög til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum.

Það, sem vinnst við samþykkt þessa frumvarps og frumvarps um bókasafnasjóð, er eins og hér segir:

1. Að bæjarbókasöfnin öll fá stórum bætt skilyrði til viðhlítandi starfrækslu.
2. Að héraðsbókasöfn, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, öðlast sæmilega möguleika á að verða að gagni, en hafa verið með öllu vanmegnug til þeirrar þjónustu, sem þeim er ætluð.
3. Að bætt er að miklum mun afkoma allra sveitarbókasafna.
4. Að starfsskilyrði bókasafna í heimavistarskólum og hælum eru bætt og öllum barna- og framhaldsskólum gert fært að stofna og starfrækja bókasöfn.
5. Að möguleikar á húsabótum safnanna eru mjög auknir.
6. Að undir það er ýtt, að víkkað verði starfssvið safnanna og stofnað til nýmæla í rekstri þeirra.
7. Að betur en áður er tryggt eftirlit með starfrækslu allra almenningsbókasafna.
8. Að stuðlað verður að bættum íslenzkum bókakosti handa börnum og unglingum.
9. Að bókaverðir við stærstu bókasöfnin geti fylgzt með framförum og nýjungum í rekstri safna erlendis.
10. Að möguleikar á stofnun og rekstri héraðsskjalasafna eru stórum auknir.

Fylgiskjal.

Bæjar- og héraðsbókasöfn.

Nöfn	Framlög 1958 skv. núgildandi lögum: Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissjóður	Samt.	Raunveruleg framlög 1958: Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissjóður	Samt.	Greitt umfram lögákv. framl. 1958: Bær eða hreppur	Sýsla	Samt.	
1. Bæjar- og héraðsbs., Keflavík	59 639	10 815	36 776	107 230	130 000	20 815	36 776	187 591	70 361	10 000	80 361	1.
2. Bæjarbókas. í Hafnarfirði	86 414	4 143	37 058	127 615	213 000	4 143	37 058	254 201	126 586	—	126 586	2.
3. Bæjarbókas. í Kópavogi	69 818	—	32 501	102 319	86 283	—	32 501	118 784	16 465	—	16 465	3.
4. Bæjarbókas. í Reykjavík	671 370	—	167 843	839 213	2 054 020	—	167 843	2 221 863	1 382 650	—	1 382 650	4.
5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu	7 920	6 393	8 628	22 941	7 920	6 393	8 628	22 941	—	—	—	5.
6. Bæjar- og héraðsbs. Akran.	53 295	1 869	28 206	83 370	82 053	1 869	28 206	112 128	28 758	—	28 758	6.
7. Héraðsbókas. Borgarfjarðar	9 744	8 007	10 733	28 484	10 595	8 007	10 733	29 335	851	—	851	7.
8. Amtsbókas. Stykkishólmi	10 932	10 359	13 188	34 479	10 932	17 359	13 188	41 479	—	7 000	7 000	8.
9. Héraðsbókas. Dalasýslu	2 928	3 330	3 995	10 253	2 928	3 330	3 995	10 253	—	—	—	9.
10. Héraðsbókas. A.-Barð.	2 988	1 806	2 750	7 544	2 988	1 806	2 750	7 544	—	—	—	10.
11. Héraðsbókas. V.-Barð.	10 008	5 703	8 923	24 634	10 008	5 703	8 923	24 634	—	—	—	11.
12. Héraðsbókas. V.-Ísafjarðars.	6 204	5 445	7 123	18 772	6 204	5 445	7 123	18 772	—	—	—	12.
13. Bæjar- og héraðsbs. Ísaf.	40 575	5 511	24 881	70 967	134 239	5 511	24 881	164 631	93 664	—	93 664	13.
14. Héraðsbókas. Strandasýslu	4 956	4 917	6 163	16 036	4 956	5 000	6 163	16 119	—	83	83	14.
15. Héraðsbókas. V.-Hún.	3 912	4 116	5 060	13 088	3 912	4 200	5 060	13 172	—	84	84	15.
16. Héraðsbókas. A.-Hún.	6 624	6 822	8 445	21 891	12 000	10 000	8 445	30 445	5 376	3 178	8 554	16.
17. Bókasafn Skagfirðinga	16 785	8 157	15 191	40 133	26 875	18 157	15 191	60 223	10 090	10 000	20 090	17.
18. Bæjarbókas. Siglufjarðar	41 280	—	20 640	61 920	89 483	—	20 640	110 123	48 203	—	48 203	18.
19. Bæjarbókas. Ólafsfjarðar	13 260	—	16 630	19 890	14 000	—	6 630	20 630	740	—	740	19.
20. Amtsbókas. Akureyrar	103 425	11 445	40 566	155 436	227 000	11 445	40 566	279 011	123 575	—	123 575	20.
21. Bókasafn Þingeyinga	20 865	8 316	17 363	46 544	23 900	11 316	17 363	52 579	3 035	3 000	6 035	21.
22. Héraðsbókas. N.-Þing.	3 900	5 982	6 610	16 492	3 900	12 000	6 610	22 510	—	6 018	6 018	22.
23. Amtsbókas. Seyðisfj.	10 920	4 152	8 920	23 992	20 000	4 152	8 920	33 072	9 080	—	9 080	23.
24. Bókasafn Héraðsbúa	2 496	5 565	5 678	13 739	2 496	5 565	5 678	13 739	—	—	—	24.
25. Bæjar- og héraðsbs. Nesk.st.	20 490	540	10 695	31 725	41 000	540	10 695	52 235	20 510	—	20 510	25.
26. Héraðsbókas. Eskifjarðar	8 460	9 861	11 743	30 064	8 460	9 861	11 743	30 064	—	—	—	26.
27. Héraðsbókas. A.-Skaft.	6 408	3 729	5 778	15 915	13 350	3 729	5 778	22 857	6 942	—	6 942	27.
28. Héraðsbókas. V.-Skaft.	6 252	4 278	6 170	16 700	6 252	4 278	6 170	16 700	—	—	—	28.
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	62 611	—	29 147	91 758	110 029	—	29 147	139 176	47 418	—	47 418	29.
30. Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	3 900	9 231	9 318	22 449	5 824	9 231	9 318	24 373	1 924	—	1 924	30.
31. Héraðsbókas. Árnessýslu	17 808	19 533	23 698	61 039	17 808	19 533	23 698	61 039	—	—	—	31.
Samtals	1 386 187	170 025	620 420	2 176 632	3 382 415	209 388	620 420	4 212 223	1 996 228	39 363	2 035 591	

Nöfn	Framlög skv. tillögum til lagabreytinga: Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissj. Bókas.	Samtals	Mismunur frá núgildandi lögum: Bær eða hreppur Hækkun	Sýsla Hækkun	Ríkissj. Bókas. Hækkun	Samtals Hækkun	
1. Bæjar- og héraðsbókas., Keflavík	109 200	25 991	113 351	248 542	49 561	15 176	76 575	141 312	1.
2. Bæjarbókasafnið í Hafnarfirði	131 940	10 465	109 420	251 825	45 526	6 322	72 362	124 210	2.
3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi	102 000	—	76 500	178 500	32 182	—	43 999	76 181	3.
4. Bæjarbókasafnið í Reykjavík	1 381 500	—	518 062	1 899 562	710 130	—	350 219	1 060 349	4.
5. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu	21 300	15 820	37 120	74 240	13 380	9 427	28 492	51 299	5.
6. Bæjar- og héraðsbókasafn Akraness	90 975	4 480	77 260	172 715	37 680	2 611	49 054	89 345	6.
7. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	25 200	18 809	44 009	88 018	15 456	10 802	33 276	59 534	7.
8. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	28 140	24 577	52 717	105 434	17 208	14 218	39 529	70 955	8.
9. Héraðsbókasafn Dalasýslu	7 530	7 889	15 419	30 838	4 602	4 559	11 424	20 585	9.
10. Héraðsbókasafn A.-Barðastrandarsýslu	7 080	4 011	11 091	22 182	4 092	2 205	8 341	14 638	10.
11. Héraðsbókasafn V.-Barðastrandarsýslu	25 320	13 279	38 599	77 198	15 312	7 576	29 676	52 564	11.
12. Héraðsbókasafn V.-Ísafjarðarsýslu	15 660	12 754	28 414	56 828	9 456	7 309	21 291	38 056	12.
13. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði	80 610	12 936	80 101	173 647	40 035	7 425	55 220	102 680	13.
14. Héraðsbókasafn Strandasýslu	12 150	11 249	23 399	46 798	7 194	6 332	17 236	30 762	14.
15. Héraðsbókasafn V.-Húnavatnssýslu	9 960	9 562	19 522	39 044	6 048	5 446	14 462	25 956	15.
16. Héraðsbókasafn A.-Húnavatnssýslu	16 920	16 016	32 936	65 872	10 296	9 194	24 491	43 981	16.
17. Bókasafn Skagfirðinga	33 030	18 996	46 523	98 549	16 245	10 839	31 332	58 416	17.
18. Bæjarbókasafn Siglufjarðar	80 790	—	67 325	148 115	39 510	—	46 685	86 195	18.
19. Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	26 160	—	26 160	52 320	12 900	—	19 530	32 430	19.
20. Amtsbókasafnið á Akureyri	168 400	26 684	152 984	348 068	64 975	15 239	112 418	192 632	20.
21. Bókasafn Þingeyinga	42 030	19 236	54 261	115 527	21 165	10 920	36 898	68 983	21.
22. Héraðsbókasafn N.-Þingeyinga	9 240	13 804	23 044	46 088	5 340	7 822	16 434	29 596	22.
23. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	22 440	9 926	32 366	64 732	11 520	5 774	23 446	40 740	23.
24. Bókasafn Héraðsbúa	6 840	13 202	20 042	40 084	4 344	7 637	14 364	26 345	24.
25. Bæjar- og héraðsbókasafn Neskaupstaðar	42 240	1 288	36 488	80 016	21 750	748	25 793	48 291	25.
26. Héraðsbókasafnið á Eskifirði	21 840	22 911	44 751	89 502	13 380	13 050	33 008	59 438	26.
27. Héraðsbókasafnið í A.-Skaftafellssýslu	17 160	9 044	26 204	52 408	10 752	5 315	20 426	36 493	27.
28. Héraðsbókasafnið í V.-Skaftafellssýslu	15 270	9 919	25 189	50 378	9 018	5 641	19 019	33 678	28.
29. Bæjarbókasafn Vestmannaeyja	110 500	—	88 400	198 900	47 889	—	59 253	107 142	29.
30. Héraðsbókasafn Rangárvallasýslu	10 080	21 609	31 689	63 378	6 180	12 378	22 371	40 929	30.
31. Héraðsbókasafn Árnessýslu	47 400	46 949	86 449	160 798	29 592	27 416	62 751	119 759	31.
	2 718 905	401 406	2 039 795	5 160 106	1 332 718	231 381	1 419 375	2 983 474	

Mismunur á tillögum og raunverulegu framlagi 1958

	Nöfn	Bær eða hreppur Hækkun	Bær eða hreppur Lækkun	Sýsla Hækkun	Ríkissj. Bókas. Hækkun	Samtals Hækkun	Samtals Lækkun
1.	Bæjar- og héraðsbókas. Keflavík	—	20 800	5 176	76 575	60 951	—
2.	Bæjarbókas. í Hafnarfirði	—	81 060	6 322	72 362	—	2 376
3.	Bæjarbókasafnið í Kópavogi	15 717	—	—	43 999	59 716	—
4.	Bæjarbókasafnið í Reykjavík	—	672 520	—	350 219	—	322 301
5.	Héraðsbókasafn Kjósarsýslu	13 380	—	9 427	28 492	51 299	—
6.	Bæjar- og héraðsbókas. Akraness ..	8 922	—	2 611	49 054	60 587	—
7.	Héraðsbókasafn Borgarfj.	14 605	—	10 802	33 276	58 683	—
8.	Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	17 208	—	7 218	39 529	63 955	—
9.	Héraðsbókasafn Dalasýslu	4 602	—	4 559	11 424	20 585	—
10.	Héraðsbókasafn A.-Barð.	4 092	—	2 205	8 341	14 638	—
11.	Héraðsbókasafn V.-Barð.	15 312	—	7 576	29 676	52 564	—
12.	Héraðsbókasafn V.-Ísafj.s.	9 456	—	7 309	21 291	38 056	—
13.	Bæjar- og héraðsbókas. á Ísaf.	—	53 629	7 425	55 220	9 016	—
14.	Héraðsbókasafn Strandasýslu	7 194	—	6 249	17 236	30 679	—
15.	Héraðsbókasafn V.-Hún.	6 048	—	5 362	14 462	25 872	—
16.	Héraðsbókasafn A.-Hún.	4 920	—	6 016	24 491	35 427	—
17.	Bókasafn Skagfirðinga	6 155	—	839	31 332	38 326	—
18.	Bæjarbókasafn Siglufjarðar	—	8 693	—	46 685	37 992	—
19.	Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	12 160	—	—	19 530	31 690	—
20.	Amtsbókasafnið á Akureyri	—	58 600	15 239	112 418	69 057	—
21.	Bókasafn Þingeyinga	18 130	—	7 920	36 898	62 948	—
22.	Héraðsbókasafn N.-Þing.	5 340	—	1 804	16 434	23 578	—
23.	Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	2 440	—	5 774	23 446	31 660	—
24.	Bókasafn Héraðsbúa	4 344	—	7 637	14 364	26 345	—
25.	Bæjar- og héraðsbókas. Neskaupst. .	1 240	—	748	25 793	27 781	—
26.	Héraðsbókasafnið á Eskifirði	13 380	—	13 050	33 008	59 438	—
27.	Héraðsbókasafn A.-Skaft.	3 810	—	5 315	20 426	29 551	—
28.	Héraðsbókasafn V.-Skaft.	9 018	—	5 641	19 019	33 678	—
29.	Bæjarbókas. Vestmannaeyja	471	—	—	59 253	59 724	—
30.	Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	4 256	—	12 378	22 371	39 005	—
31.	Héraðsbókasafn Árnessýslu	29 592	—	27 416	62 751	119 759	—
	Samtals	231 792	895 302	192 018	1 419 375	1 272 560	324 677

Hækkun umfram lækkun kr. 947 883.

Nd. 523. Frumvarp til laga [174. mál]

um bókasafnasjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal bókasafnasjóð ríkisins.

2. gr.

Tekna sjóðsins skal aflað eins og hér segir:

a) Gjald skal greiða af öllum blöðum, nema dagblöðum, og tímaritum, sem út eru gefin á íslenzku af einstökum mönnum, hlutafélögum eða sameignarfélögum og einkum flytja frásagnir og skemmtisögur, frumsamdar eða þýddar, fróðleikstíning ýmiss konar, getraunir, myndagátur og ljósmyndir, enn fremur af þýddum skemmti- og glæpasögum, gefnum út í heftum eða bókaflokkum. Gjaldið skal vera 20% álag á útsöluverð þriggja fjórðu hluta af upplagi ritsins. Skal prentsmiðja sú, sem prentar ritið, innheimta gjaldið hjá útgefanda.

b) Gjald skal greiða af öllum erlendum blöðum og ritum, sem einkum flytja skemmtisögur, léttan fróðleik og myndir, enn fremur af erlendum skáldritum, sem gefin eru út í bókaflokkum með sama eða svipuðu sniði. Gjaldið skal vera 20% álag á útsöluverð 75% af innfluttum eintakafjölda slíkra blaða, rita og bóka. Menntamálaráðuneytið úrskurðar, hvaða blöð og rit skuli vera gjaldskyld, og skal Innkaupasamband bóksala og aðrir innflytjendur senda ráðuneytinu skrá yfir blöð og rit, sem inn eru flutt, og einnig bókaflokka, sem innfluttir eru, og leita úrskurðar þess um gjaldskyldu.
c) Árlegt framlag ríkissjóðs skal vera kr. 8.00 á hvern íbúa í landinu, samkv. niðurstöðutölum síðasta manntals áður en fjárlög eru afgreidd á Alþingi. Það hækki á tveggja ára fresti, samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, í samræmi við hækkanir á bókum, launum og öðru því, sem fólgið er í rekstri bókasafna.

3. gr.

Tekjum bókasafnasjóðs skal varið þannig:
a) Til greiðslu á framlögum samkv. lögum um almenningsbókasöfn.
b) Til húsabóta handa almenningsbókasöfnum. Skulu framlögin aldrei fara fram úr 40% byggingarkostnaðar og ekki fram úr 30% til annarra húsabóta.
c) Til húsabóta handa bæjar- og héraðsskjalasöfnum, sem starfrækt eru í sambandi við almenningsbókasöfn.
d) Til styrktar almenningsbókasöfnum og skjalasöfnum, sem starfrækt eru í sambandi við þau, til kaupa á lesfilmum.
e) Til bæjar- og héraðsbókasafna vegna geymsluskyldu á íslenzkum bókum.
f) Til bæjar- og héraðsbókasafna vegna nýmæla í starfi og rekstri.
g) Til héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða, samkv. tillögum bókafulltrúa og úrskurði menntamálaráðuneytisins.
h) Til styrktar bókavörðum, sem vilja kynna sér starfsemi bókasafna erlendis.
i) Til að verðlauna beztu handrit barna- og unglingabóka, sem berast menntamálaráðuneytinu.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skal hafa á hendi stjórn sjóðsins og ávöxtun fjár hans og setja nánari reglur um greiðslu úr honum og um innheimtu þeirra gjalda, sem ákveðin eru með lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hafa óbundna afstöðu til frumvarpsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um almenningsbókasöfn er rækilega skýrð þörfin á auknu fé til starfsemi allra slíkra safna, sem starfað hafa samkv. lögum um almenningsbókasöfn frá 1955, og enn fremur gerð grein fyrir hinni brýnu nauðsyn þess, að bókasöfn séu starfrækt og styrkt ekki einungis í heimavistarskólum, heldur í öllum skólum landsins, og er ekki ástæða til að endurtaka hér þau rök, sem koma fram í þeirri greinargerð.

Menntamálaráðuneytið hefur fyllilega gert sér ljósa nauðsyn þess, að aukið fé verði veitt til starfandi bókasafna og að ný verði stofnuð og styrkt, en hins vegar hefur það ekki séð sér fært að leggja til við hið háa Alþingi, eins og ástatt hefur verið um fjárhag ríkisins, að það legði fram það fé, sem þarf til að gera aðstöðu safnanna ekki lakari en hún var 1955, þegar lögin um almenningsbókasöfn voru sett, hvað þá bæta hag þeirra svo, að þau geti innt af hendi hlutverk sitt í mun ríkara mæli en við gildistöku nefndra laga, og auk þess styrkja ný söfn í skólum landsins.

Svo varð þá að leita annarra ráða til tekjuöflunar handa söfnunum, eins og hefur verið gert, þar sem í hlut hafa átt ýmsar aðrar menningarstofnanir og sum samtök, sem unnið hafa að þjóðnýtum viðfangsefnum.

Hefur orðið að ráði að leggja til, að stofnaður verði bókasafnasjóður, sem auk árlegs framlags frá ríkinu njóti tekna af skatti á innlend og erlend blöð og tímarit, sem hér eru seld, gefin út í gróðaskyni og flytja yfirleitt frekar léttvægt efni, og enn fremur á innlendar og erlendar útgáfur glæpa- og skemmtisagna, sem gefnar eru út í heftum eða bókaflokkum og hafðar hér á boðstólum. Er þessi leið til fjáröflunar hliðstæð sumum þeim, sem áður hafa verið farnar í svipuðu skyni.

Vakin skal sérstök athygli á því, að með stofnun bókasafnasjóðs og áðurgreindri tekjuöflun er ekki einungis bætt mjög mikið starfsaðstaða áður lögbundinna safna og gert fært að stofna og starfrækja ný, heldur verður og kostur á mun ríflegra fé en nú til húsabóta handa söfnunum, unnt að auka með þeim eftirlit, styðja að nýmælum í rekstri þeirra, stuðla að bættum bókakosti handa börnum og unglingum, bæta menntun og hæfni bókavarða og loks styrkja verulega stofnun og starfrækslu héraðsskjalasafna, sem eru eða verða starfrækt í sambandi við bæjar- og héraðsbókasöfn. Ríkir víða mikill áhugi fyrir því að koma upp skjalasöfnum og efla þau, sem fyrir eru, og nú er þannig komið, að hægra á að vera en áður að bæta aðstöðu manna til fræðaiðkana í slíkum söfnum, þar sem Landsbókasafnið hefur eignazt vél, sem gerir fært að búa til filmur í svo ódýr lestæki, að þau kosta ekki meira en ódýrustu tegundir ferðaritvéla.

Sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, og er útreikningurinn á tekjunum byggður á tveggja ára allrækilegri athugun þeirra, sem um mál þetta hafa fjallað.

Fleira er ekki ástæða til að taka fram út af frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Áætlun um tekjur bókasafnasjóðs af skatti á innlend og erlend blöð og rit.

1.	Af 20% álagi á ca. 75% af söluverði upplags íslenzkra blaða og tímarita	kr. 1850000.00
2.	Af 20% gjaldi af söluverði erlendra blaða og tímarita	— 1120000.00
	Samtals	kr. 2970000.00

Áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, samkvæmt frumvarpi til laga um slíkan sjóð og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn.

Tekjur:

1.	Framlag ríkisins, miðað við manntal í árslok 1958	kr. 1360000.00
2.	Tekjur af erlendum og innlendum blöðum og tímaritum	— 2970000.00
	Samtals	kr. 4330000.00

Gjöld:

1.	Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 2040000.00
2.	— sveitarbókasafna	— 750000.00
3.	— bókasafna í heimavistarskólum og hælum	— 600000.00
4.	— byggingar bókasafna	— 500000.00
5.	— húsabóta handa bæjar- og héraðsskjalasöfnum, starfræktum í sambandi við bæjar- og héraðsbókasöfn	— 50000.00
6.	— slíkra safna vegna kaupa á lesfilmum, ca.	— 25000.00
7.	— bæjar- og héraðsbókasafna vegna nýmæla og aukinnar fjölbreytni í störfum	— 50000.00

8.	Til bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa geymsluskyldu á íslenzkum blöðum og bókum	kr.	110000.00
9.	— héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða	—	50000.00
10.	— styrktar bókavörðum til framhaldsnáms erlendis	—	25000.00
11.	— verðlauna á beztu barna- og unglingabókum íslenzkra höfunda	—	25000.00
12.	— ráðunauta um skólabókasöfn og um verðlaun fyrir barna- og unglingabækur	—	15000.00
13.	Tekjuafgangur	—	90000.00
	Samtals	kr.	4330000.00

Nd. 524. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um ferskfiskeftirlit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og á fundum nefndarinnar mættu til viðræðna þeir Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri og dr. phil. Þórður Þorbjarnarson, forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, og gáfu þeir þær upplýsingar, sem nefndarmenn óskuðu eftir.

Nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, og leggja áherzlu á, að hið fyrsta verði hlutazt til um, að tekin verði upp sem skyldunámsgrein í stýrimannaskólanum kennsla í meðferð og verkun fiskaflans.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Karl Guðjónsson tók þátt í afgreiðslu málsins í forföllum Lúðvíks Jósefssonar.

Alþingi, 24. maí 1960.

Birgir Finnsson, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm. Pétur Sigurðsson.
Karl Guðjónsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 525. Frumvarp til laga [149. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. maí.)

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 526. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h. f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Meginefni þess er sú breyting á formi Verzlunarsparisjóðsins, að hann verði gerður að banka í hlutafélagsformi. Nefndin telur þessa breytingu ekki óeðlilega með tilliti til þeirrar starfsemi, er Verzlunarsparisjóðurinn nú hefur með höndum, og er því sammála um það að mæla með samþykkt þess. Meðmæli n. með frv. byggjast þó á sömu forsendum og þeim, er nefndarálit fjhn. Nd. er byggt á, og þeim upplýsingum, er þar getur um, að fram hafi komið við meðferð málsins.

Alþingi, 25. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 527. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Mun einn nefndarmanna (KK) skila séráliti.

Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt, að bankaráð Búnaðarbankans sé skipað á sama hátt og bankaráð annarra hliðstæðra ríkisbanka og allt bankaráðið kjörið af Alþingi. Þá þykir rétt að takmarka heimildina um fjölgun bankastjóra við tvo. Björn Jónsson óskar að taka fram, að hann sé andvígur fjölgun bankastjóra, og skrifar undir nefndarálitið með þeim fyrirvara. Aðrir, sem að nefndarálitinu standa, telja eðlilegt að heimila fjölgun bankastjóra vegna hins fjölþætta hlutverks, sem bankinn hefur að gegna.

Þar eð laun bankastjóra eru miðuð við laun bankastjóra við Landsbankann, virðist eðlilegt, að sama viðmiðun sé höfð við ákvörðun eftirlauna.

Með vísun til framanritaðs leggjum við til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

53. gr. laganna orðist svo:

Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans.

Sameinað Alþingi kýs bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo, að fengnu samþykki ráðherra.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Sama gildir um eftirlaun handa fráförnum bankastjóra eða ekkju hans.

Alþingi, 25. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.
	Björn Jónsson.	

Nd. 528. Breytingartillögur [112. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Geir Gunnarssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 3. gr., c-lið.

1. Í stað fyrri málsliðar komi:
   Frá hreinum tekjum má niðurjöfnunarnefnd draga þann hluta útsvara s. l. árs, sem greiddur hefur verið fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.
2. Aftan við liðinn bætist:
   Eigi skal þó frá hreinum tekjum draga þá upphæð, sem á vantar hinn 2. júní næst á undan niðurjöfnun, að gerð hafi verið fullnaðarskil á fyrirframgreiðslu útsvars samkv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Ed. 529. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta er eitt stjórnarfrumvarpið enn um tilfærslu valds og nafnaskipti. Látalæti og hopp til hliðar ellegar aftur á bak.

Yfirstjórn verðlagsmála, sem Innflutningsskrifstofan hefur haft með höndum, er afnumin. Í staðinn er sett á laggirnar fimm manna verðlagsnefnd.

Flutningsmenn frumvarpsins hafa ekki jafnhátt um þetta mál og sum önnur. Þeir láta hött slúta og skotra augum. Hvað veldur feimnissvipnum?

Þeir höfðu boðað frjálsa verzlun, nóg vöruval, heilbrigða samkeppni og lækkandi vöruverð sjálfkrafa þar af leiðandi. Nú er frumvarp þetta sönnun þess, að þeir treysta ekki á boðskap sinn og trúa ekki sjálfum sér.

„Ljúga að öðrum er ljótur vani,
ljúga að sjálfum sér hvers manns bani.“

Auðvitað er mönnunum þetta ljóst og geta ekki leynt því, að þeir finna til þess.

Framsóknarmenn í neðri deild báru fram breytingartillögur til lagfæringar á frumvarpinu. Þær voru kolfelldar. Af því er ljóst, að stjórnarflokkarnir vilja alls ekki láta laga föt á þessu barni veikleika þeirra.

Ég mun þess vegna láta frumvarpið afskiptalaust og enga breytingartillögu við það flytja.

Mér finnst fara vel á því að láta alveg ótruflaða þá meinlegu gamansemi örlaganna, að stjórnarflokkarnir eftir stóru orðin um sína frjálsu verzlun samþykki þetta frumvarp — og þar með vantraust á sjálfa sig.

Alþingi, 26. maí 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 530. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta telur ríkisstjórnin eitt af „viðreisnar"-frumvörpum sínum, sem bráðnauðsynlegt sé að gera að lögum, áður en þessu þingi lýkur.

Þetta er nýjasta frumvarpið frá hendi ríkisstjórnarinnar. Það er ekki fyrirferðarmikið, en ber sama lit og keim og hin fyrri og stærri. — „Nú er að minnka nytin í Ljómalind minni, enda er hún búin að mjólka lengi og vel," sagði konan, „en alltaf er þó sama, góða bragðið að blessuðum dropanum."

Aðalefni þessa frumvarps er að fjölga bankaráðsmönnum Búnaðarbanka Íslands úr þremur í fimm og heimila bankaráðinu að fjölga bankastjórum við bankann.

Allir vita, að þetta er eingöngu gert til þess, að stjórnarflokkarnir fái meiri hluta í bankaráðinu og geti komið manni eða mönnum frá sér í bankastjórastöður hið fyrsta.

Biðlund hafa flokkarnir ekki til næstu áramóta, en þá rennur út kjörtími formanns bankaráðsins og þá gætu þeir því að óbreyttum lögum búið sér til meiri hluta í bankaráðinu.

Ekki hafa þeir heldur stillingu til að bíða þess, að núverandi bankastjóri hætti störfum vegna aldurshámarks embættismanna. Það gæti tekið eitt ár eða svo að bíða eftir því.

Nei, búa skal strax til nýtt bankastjórasæti. Sparnaður! Hver var að tala um hann? Sparnaður er hugtak, sem er fjarlægt stjórnarstefnunni og kemur málunum alls ekki við, þegar henni liggur á öðru eins og þessu.

Ekki er grunlaust um, að stjórnarflokkarnir hafi hraðan á í þessu máli af því einnig, að þeir séu ekki öruggir um langlífi stjórnar sinnar. Léleg ástæða er það og engin afsökun, en hins vegar skiljanlegt, að ríkisstjórnin telji sig vera búna að fyrirgera rétti sínum til langlífis.

Enginn leyfir sér að halda því fram, að undir stjórn núverandi bankastjóra hafi menn orðið fyrir hlutdrægni í viðskiptum og þess vegna sé þörf að fjölga bankastjórum.

Engin gild ástæða hefur verið færð fram fyrir því, að aðkallandi sé að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann.

Í framsöguræðu fyrir frumvarpinu lét landbúnaðarráðherra í það skína, að fjölgun í bankaráði og fjölgun bankastjóra við bankann ætti að tryggja bankanum meiri umhyggju af hálfu Alþingis og stjórnarvalda en verið hefði. Þetta hljómaði illa af vörum ráðherra úr Sjálfstæðisflokknum, sem fellt hefur fyrir framsóknarmönnum tillögur um sjálfsagðan stuðning við bankann. Búnaðarbankann mundi ekki vanta umhyggju á Alþingi, ef Sjálfstæðisflokkurinn vildi fylgja Framsóknarflokknum að málum, er varða bankann.

Allra athugaverðast við frumvarpið tel ég þó það, að samkv. því á að afnema þá reglu, að landbúnaðarnefndir Alþingis kjósi meiri hluta bankaráðsins. Eru með

því fjarlægð áhrif landbúnaðarmanna á stjórn bankans, en það er óheppilegt og rangt gagnvart bændastéttinni, af því að hann er hennar banki, þótt ríkið annist hann og beri ábyrgð á honum.

Ég er andvígur frumvarpinu í heild og legg til sem fjárhagsnefndarmaður, að efri deild felli það. Hins vegar veit ég af reynslunni á þessu þingi, að ríkisstjórnin mun láta sitt hlýðna lið samþykkja frumvarpið, hversu fast sem á móti er mælt. Hér ræður tala uppréttra handa úrslitum.

En freista vil ég þess samt að höfða til sanngirni manna og réttsýni í garð bændastéttarinnar og bera fram á sérstöku þingskjali breytingartillögu, sem engum þingmanni ætti að vera mikil þoranraun að samþykkja. Hún er um það, að einn af þeim fimm bankaráðsmönnum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, skuli kosinn af stjórn Stéttarsambands bænda.

Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að nægilega margir þingmenn fáist ekki til að unna bændastéttinni þess réttlætis að hafa einn þannig kjörinn fulltrúa í stjórn banka síns.

Alþingi, 25. maí 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 531. Breytingartillaga [169. mál]

við brtt. á þskj. 527 [Búnaðarbanki Íslands].

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

2. efnismálsgr. till. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs fjóra bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn á sama hátt til sama tíma, einn fyrir hvern aðalmann. Stjórn Stéttarsambands bænda kýs fimmta bankaráðsmanninn, einnig til fjögurra ára, og varamann hans til sama tíma. Varamenn taka sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanna. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Sþ. 532. Nefndarálit [122. mál]

um till. til þál. um aukna tæknimenntun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og telur, að með henni sé stefnt í rétta átt. Leggur nefndin til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, með hverjum hætti sé hægt að auka tæknikennslu í skólum landsins og að öðru leyti möguleika á því að auka tæknimenntun þjóðarinnar.

Alþingi, 27. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form. — Sigurður Bjarnason, frsm. — Jón Pálmason, fundaskr.

Gísli Guðmundsson. — Jón Kjartansson. — Pétur Sigurðsson.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 533. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um starfsfræðslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að starfsfræðsla verði tekin upp í skólum landsins.

Alþingi, 27. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Sigurður Bjarnason, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.
Pétur Sigurðsson.	Jón Kjartansson.	Gísli Guðmundsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 534. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru nú 3 ára gömul og hafa nú þegar stutt að verulegum umbótum í landbúnaði og þá ekki sízt á sviði ræktunar á þeim jörðum, sem höfðu undir 10 ha túnstærð við gildistöku laganna 1957. Síðan veitir ríkissjóður árlega í fimm ár 5 millj. kr. framlag samkv. landnámslögunum, til þess að hægt sé að bæta aðstöðu þeirra bænda, sem hafa ekki enn þá náð 10 ha túnstærð og búa við óhagstæð búskaparskilyrði. Undanfarandi ár hefur ekki verið ræktað eins mikið og reiknað var með í fyrstu, svo að nokkurt fé er nú til staðar af því, sem þarf til ræktunar minnstu túnanna.

Hins vegar er það staðreynd, að ræktunarkostnaður hækkar nú verulega eins og allt annað hér á landi, svo að líklegt má telja, að þótt ræktun dragist saman sakir aukins ræktunarkostnaðar, þá þurfi hærri fjárhæðir en nokkru sinni áður til þessa hefur þurft, ef landnám ríkisins á að greiða sama hluta í ræktun túna innan 10 ha og það hefur gert síðan 1957.

Dýrtíðin leggst nú á landslýð af fullum þunga, svo að slíks munu varla dæmi á jafnskömmum tíma áður, miklir örðugleikar eru fram undan á öllum sviðum hjá efnalitlu fólki og gera því mjög erfitt fyrir með framkvæmdir, þar sem byggingarvörur hafa hækkað frá 40% til 70%. Það má því hverjum manni ljóst vera, að miklir erfiðleikar eru á byggingarframkvæmdum, eins og nú er komið. En þótt draga eigi úr framkvæmdum, mun varla takast að stöðva þær, þar sem knýjandi nauðsyn einstakra bænda til að koma upp íbúðum krefst þess, að áfram sé haldið eða jarðirnar fari í eyði, sem varla getur talizt farsæl þróun. Samhliða gífurlegri hækkun á byggingarkostnaði hefur ríkisstjórnin og hennar stuðningslið beitt sér fyrir stórauknum vaxtabyrðum. Á lánum Byggingarsjóðs sveitabæja hafa vextir hækkað úr 3.5% í 6%, en vextir ræktunarsjóðs úr 4% í 6.5%, samhliða því sem lánstími var styttur úr 20 árum í 15 ár. Samhliða þessu eru vextir af víxlum hækkaðir úr 8% í 11.5%. Þar ofan á bætist mikil óvissa um útvegun fjármagns til stofnlánasjóða landbúnaðarins.

Auk þess hafa dráttarvélar með tilheyrandi tækjum hækkað um 66%. Ef eitthvað skal gera til að milda þessar ósvífnu ráðstafanir í garð sveitafólks ekki síður en annarra landsmanna, þá duga ekki neinir smámunir.

Þótt það skuli á hinn bóginn viðurkennt, að frv. þetta, ef að lögum verður, mildi nokkuð þá hækkun, sem orðin er á byggingarkostnaði, þá gengur það of skammt, til þess að verulegur árangur náist. Framlagið þarf því að hækka, jafnframt því sem séð verður fyrir sérstöku fjárframlagi í þessu skyni, en það ekki tekið af því fjármagni, sem þarf til þess að efla ræktun þeirra jarða, sem skemmst eru komnar á því sviði. Það er „skammgóður vermir" að ætla sér ekki að láta framlag þetta til byggingar vara lengur en til ársloka 1961, þegar framlag til stækkunar túna í 10 ha fellur niður.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Í stað „allt 25 þúsund krónum" í 26. gr. laganna komi: eigi minna en 40 þúsund krónur.
2. Við 1. gr. Í stað síðasta málsl. komi:
   Til að mæta þessum útgjöldum greiðir ríkissjóður kr. 1600000.00 á ári. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um styrkveitingar þessar.

Alþingi, 24. maí 1960.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Nd. 535. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Annnar og fimmti töluliður 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 10,
5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækna- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frv., sem flutt var á 78. löggjafarþingi, nema hvað prófessorum í læknadeild er fjölgað um tvo skv. þessu frv. og einum er bætt

við í verkfræðideild, en fyrra frv. fjallaði eingöngu um stofnun eins prófessorsembættis í geð- og taugasjúkdómafræði í læknadeild.

Embætti það, sem til viðbótar kemur í læknadeild, er prófessorsembætti í efnafræði. Trausti Ólafsson, efnafræðingur, hefur gegnt því embætti um árabil, en lætur nú af störfum af heilsufarsástæðum. Hefur fylgt embættinu prófessorsnafnbót og prófessorslaun, en það samt ekki talizt með hinum lögbundnu prófessorsstöðum. Efnafræðikennsla í læknadeild hefur numið frá 10—28 kennslustundum á viku undanfarin háskólaár, og þykir rétt með frv. þessu að lögákveða, að staða þessi skuli teljast með hinum reglulegu prófessorsembættum við háskólann, enda hefur sú breyting engin viðbótarútgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

Um stofnun prófessorsembættis í geð- og taugasjúkdómum vísast til grg. með fyrra frv., en grg. hljóðaði svo:

„Um frv. þetta hafa heilbrigðismálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands haft samráð.

Staða yfirlæknis á Kleppi varð laus í ágústbyrjun 1958 við fráfall dr. Helga Tómassonar. Var yfirlæknisstaðan auglýst laus til umsóknar 1. október s. á. með umsóknarfresti til 1. janúar 1959. Landlæknir hafði gert tillögu um, að athugaðir yrðu möguleikar á að fá gerða skipulagsbreytingu á yfirlæknisstöðunni, áður en henni yrði ráðstafað til frambúðar, þannig að stofnað yrði við háskólann prófessorsembætti í geðveikifræðum, en því fylgdi jafnframt yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann.

Heilbrigðismálaráðuneytið átti frekari umræður um þetta málefni við landlækni og féllst að því búnu á tillögu hans um, að meðferð þess verði beint inn á þá braut, er að framan getur. Var menntamálaráðuneytið síðan beðið að taka við máli þessu til frekari meðferðar á þeim grundvelli.

Í bréfi Vilmundar landlæknis Jónssonar til læknadeildar háskólans, dags. 21. ágúst 1958, segir m. a. svo um þetta efni:

„Nú, er framundan er að skipa yfirlæknisstöðuna við Kleppsspítalann, sem auð er orðin við fráfall dr. Helga heitins Tómassonar, má það vera íhugunarefni, hvernig framtíð þessarar mikilsverðu og vandskipuðu stöðu verði sem bezt tryggð, þannig að hún geti á hverjum tíma orðið skipuð hinum hæfasta geðsjúkdómafræðingi, sem völ er á. Kemur þá hvort tveggja til greina, að staðan verði eftir atvikum gerð sem eftirsóknarverðust framámönnum í hópi geðlækna, svo að nokkurs þyki um vert að búa sig sem allra bezt undir hana, og að þannig sé að veitingunni staðið, að nokkurn veginn örugglega megi vænta þess, að hinn hæfasti umsækjandi verði fyrir valinu.

Yfirlækninum á Kleppi er ekki eingöngu ætlað að sinna yfirlæknisstörfum á Kleppi í þágu sjúklinganna. Hann er einnig sjálfsagður til að kenna læknaefnum geðveikifræði við Háskólann. Í hans höndum verða nær allar geðheilbrigðisrannsóknir sakborninga í þágu réttvísinnar. Hann sleppur og tæplega við að vera höfuðráðunautur heilbrigðisstjórnarinnar varðandi geðveikimál yfirleitt. Hann á samkvæmt lögum sæti í læknaráði, þar sem hann gegnir hinu mikilsverðasta hlutverki. Ekki hæfir annað en hann sé höfuðfræðimaður í grein sinni hér á landi með sérstöku tilliti til þekkingar á geðheilbrigði Íslendinga, en til þess þarf honum að vera sýnt um vísindaleg vinnubrögð. Til þess að rækja á viðunandi hátt hvert eitt þessara hlutverka þyrfti valinn mann, hvað þá til að hafa þau á sínum höndum öll í senn.

Yfirlæknisstöðum við ríkisspítalana, einum út af fyrir sig, fylgja ekki þau kjör og kostir, að þær séu keppikefli dugandi sérfræðingum, miðað við hin gullnu kjör, sem þeim er auðsótt að búa sér við frjálst læknisstarf í skjóli sjúkratrygginganna. Frjálst læknisstarf samrýmist illa yfirlæknisstarfi við stórt sjúkrahús og þá einkum svo víðtæku starfi sem yfirlæknisstaða við Kleppsspítalann óhjákvæmilega krefst. Verður að stilla hinu fyrrnefnda starfi mjög í hóf, ef vel á að fara saman, enda af mjög skiljanlegum ástæðum hættara við, að á hið síðara halli.

Má það helzt ekki koma fyrir, að yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann verði boðin og veitt með þeim kjörum, að nútímalæknar hljóti að líta svo á, að henni sé ætlað að vera hliðarstarf við víðtækt frjálst læknisstarf. En þau hljóta að verða örlög hennar, ef hún verður nú auglýst laus til umsóknar án nokkurrar breytingar á skipun hennar.

Ég hef þegar hreyft því við yfirstjórn heilbrigðismálanna, að æskilegt væri, að rúmur tími yrði áætlaður til frambúðarráðstöfunar umræddrar yfirlæknisstöðu við Kleppsspítalann. Jafnframt hef ég látið uppi þá skoðun mína, að freista ætti þess, áður en staðan verður auglýst laus til umsóknar, að fá hana með lögum gerða hliðstæða yfirlæknisstöðunum við lyflæknisdeild og handlæknisdeild Landsspítalans. Yrði þá stofnað við háskólann prófessorsembætti í geðveikifræði, en því fylgdi síðan yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann með samsvarandi launakjörum og á sér stað um fyrrnefndar yfirlæknisstöður, sem fylgja prófessorsembættum. Ef þessu fengist framgengt, yrði staðan auglýst með þeim fyrirvara, að umsækjendum, sem keppa vildu um hana, gæfist riflegur frestur til undirbúnings".

Í bréfi læknadeildar til landlæknis, dags. 30. ágúst s. l., er upplýst, að um málið hafi verið fjallað ítarlega í deildinni, og séu deildarkennarar sammála landlækni um, að gera verði sérstaklega miklar kröfur til þess manns, sem skipaður verði í stöðu yfirlæknis við geðveikrahælið á Kleppi. Sé háskólanum mikil nauðsyn á kennarastöðu í geðsjúkdómum. Að vísu væri eðlilegt, að stofnað verði á undan prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. En þar sem yfirlæknisstaðan á Kleppi sé nú laus, þyki rétt að fara þess nú þegar á leit, að stofnað verði prófessorsembætti í geðsjúkdómum, enda verði frestað að skipa yfirlækni á Kleppi, þangað til því máli hafi verið ráðið til lykta. Læknadeild heitir málinu eindregnum stuðningi.

Læknafélag Íslands hefur ennfremur lýst yfir stuðningi við málið."

Afstaða núverandi landlæknis, Sigurðar Sigurðssonar, til þessa máls kemur fram í eftirfarandi bréfi hans til heilbrigðismálaráðuneytisins, dags. 1. apríl s. l.:

„Eins og ráðuneytinu er kunnugt, varð staða yfirlæknis á Kleppi laus í byrjun ágústmánaðar árið 1958 við fráfall dr. Helga Tómassonar. Yfirlæknisstaðan var auglýst laus til umsóknar hinn 1. október s. á. með umsóknarfresti til 1. janúar 1959. Hinn 3. október 1958 ritaði fyrrverandi landlæknir, Vilmundur Jónsson, ráðuneytinu bréf, þar sem lögð var fram tillaga um, að stofnað yrði við Háskólann prófessorsembætti í geðsjúkdómafræðum og yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann látin fylgja því jafnframt. Dómsmálaráðuneytið ritaði 13. janúar 1959 menntamálaráðuneytinu um málið og fól því allar frekari framkvæmdir. Af hálfu hins síðarnefnda ráðuneytis var tillaga landlæknis lögð fyrir síðasta Alþingi, en málinu var þá ekki ráðið til lykta. Hefur það enn ekki verið tekið upp að nýju á Alþingi og val á milli umsækjenda því eigi farið fram ennþá.

Ég vil þess vegna, meðan tækifæri gefst, lýsa afstöðu minni til þessa mikilsverða máls.

Ég er algerlega sammála fyrirrennara mínum um nauðsyn þess, að prófessorsembætti í geðsjúkdómafræðum sé stofnað við læknadeild háskólans, og eðlilegt tel ég, að yfirlæknisstaða á Kleppsspítalanum fylgi því embætti, meðan Kleppsspítalinn er eina geðveikistofnun landsins. Hitt er svo annað mál, að ég tel á því mikla nauðsyn, að komið verði upp hið allra fyrsta sérstakri deild fyrir sjúklinga með bráða geðsjúkdóma. Slíka deild á að staðsetja við aðalsjúkrahús landsins, Landsspítalann. Fyrst í stað mætti byrja með aðeins 25 sjúkrarúm. Jafnframt vil ég minna á, að í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra frá 1949 er gert ráð fyrir vistun ölvaðra í sérstakri sjúkradeild við Kleppsspítalann, en slíkt hefur reynzt mjög örðugt í framkvæmd. Í nýju frumvarpi, sem samið hefur verið um þetta efni, en ennþá eigi lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að komið verði upp allt að 20—25 rúma deild við Landsspítalann fyrir drykkju- og deyfilyfja-

sjúklinga. Er hin mesta nauðsyn á slíku, því að ekki er vansalaust, að ár eftir ár séu menn og konur ofurölvi vistuð næturlangt í kjallara lögreglustöðvarinnar vegna skorts á sjúkrarúmum við Kleppsspítalann, í stað þess að fylgja eftir lögunum um meðferð slíks fólks.

Tillögur mínar varðandi ofangreind atriði eru því á þessa leið:

1. Stofnað verði nú þegar prófessorsembætti í geðsjúkdómafræðum við Læknadeild Háskólans og yfirlæknisstaða á Kleppi látin fylgja því embætti, meðan svo háttar sem nú er um sjúkrarúm fyrir geðveika og drykkjusjúka.
2. Komið verði upp hið *allra fyrsta* 50 rúma deild við Landsspítalann í nýbyggingu eða til bráðabirgða í hluta af húsakosti þeim, sem nú er í smíðum. Skal deild þessi vera tvær sjúkraeiningar, hvor með 25 rúmum, önnur fyrir sjúklinga með bráða geðveiki, en hin til að veita viðeigandi meðferð ölóðu fólki og drykkjusjúku, svo og deyfilyfjaneytendum. Kostnaður við að koma á fót slíkri deild ætti ekki að vera sambærilegur við kostnað af byggingu nýs sjálfstæðs sjúkrahúss svipaðrar stærðar. Við Landsspítalann er þegar að skapast ágætur grundvöllur undir fjölþættan sjúkrahúsrekstur með mismunandi sérdeildir, er ráða yfir fullkomnum, vönduðum rannsóknartækjum, sem gera staðsetningu slíkrar deildar þar miklu æskilegri en á Kleppi, auk þess sem Landsspítalinn verður ávallt aðalkennslustofnun þjóðarinnar fyrir lækna og hjúkrunarkonur.
3. Jafnskjótt sem deild þessi er komin upp, flyzt embætti prófessorsins í geðsjúkdómafræði að henni, en sérstakur yfirlæknir fer áfram með Kleppsspítalann, eins og verið hefur hingað til. Munu þá verða vistaðir þar aðallega sjúklingar með langvinna geðsjúkdóma.
4. Þótt ríkið eigi nú í stórfelldum framkvæmdum við nýbyggingu Landsspítalans, er það álit mitt, að fyrr eða síðar verði komið þar upp deild fyrir sjúklinga með bráða geðsjúkdóma, sbr. 2. lið hér að framan, enda gerist nú svipuð þróun í grannlöndum okkar. En ef líkur þættu til, að slíkrar deildar yrði langt að bíða, ætti að skipta Kleppsspítala í tvær deildir undir stjórn tveggja yfirlækna og skipta milli þeirra verkum. Stærð spítalans er nú slík og verkefni þar svo fjölþætt, að ofviða má kallast einum manni að sinna öllu í senn án aukinnar læknisaðstoðar frá því, sem nú er: stjórn sjúkrahússins, umönnun sjúklinga með allar tegundir geðsjúkdóma og kennslu í geðsjúkdómafræðum. Kostnaður við slíka tvískiptingu, að því er varðar mannahald, ætti að verða óverulegur, þar sem í rauninni yrði einungis um það að ræða, að yfirlæknir komi í stað eins aðstoðarlæknanna eða aðstoðaryfirlæknis.

Til frekari rökstuðnings framangreindum tillögum um verkaskiptingu má taka fram, að geðsjúkdómalæknar hér munu telja æskilegt, að önnur sjálfstæð stofnun, sem annist meðferð geðsjúklinga, komi upp í landinu. Geðsjúkdómafræði er nú orðin svo víðtæk og margþætt sérgrein, að nauðsynlegt er, að innan hennar fari fram verkaskipting. Mun Alfreð Gíslason, alþingismaður, t. d. á síðast liðnu ári hafa ritað Læknadeild Háskóla Íslands bréf og hvatt til þess, að sérstakri geðveikradeild (móttökudeild) yrði komið upp við spítala í Reykjavík og prófessorsembætti tengt slíkri deild. Þá má og benda á hina miklu nauðsyn fyrir aukningu sjúkrarúma fyrir geðveikt fólk, auk hins áður greinda sívaxandi vandamáls drykkjusjúkra og deyfilyfjaneytenda, sem miklu betur mundi fást leyst í slíkri deild í almennu sjúkrahúsi en í sambandi við geðveikrahæli landsins.

Ég vil leyfa mér að fara fram á, að ráðuneytið hlutist nú til um, að frumvarpið um stofnun prófessorsembættis í geðsjúkdómafræðum verði tekið upp að nýju á Alþingi. Nái frumvarp þetta eigi fram að ganga, þarf að velja á milli umsækjendanna hið fyrsta og skipa í stöðuna, en taka síðan til meðferðar framangreindar tillögur mínar".

Kjarnfræðanefnd Íslands hefur undanfarin ár haft 100 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum. Á vegum hennar hefur starfað eðlisfræðingur sem framkvæmdastjóri, og hefur hann og nefndin verið ríkisstjórninni til ráðuneytis í kjarnfræðimálum. Þykir nú eðlilegt, að verkfræðideild háskólans takist þetta verkefni á hendur og að fjárveiting sú, sem veitt hefur verið til kjarnfræðanefndar, færist til verkfræðideildar háskólans. Er þá kleift að bæta þar við prófessor í eðlisfræði, án þess að af hljótist nokkur kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Æskilegt væri að kjarnfræðanefnd starfaði áfram og hefði samvinnu við ríkisstjórnina og verkfræðideild, en sérstakt skrifstofuhald hennar ætti að vera óþarft, þar eð háskólinn gæti annazt það.

Sþ. 536. Nefndarálit [144. mál]

um till. til þál. um flugsamgöngur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna, fengið tækifæri til að skoða Caribou-flugvél og aflað sér upplýsinga um hana.

Kanadamenn hafa notað flugvélar mikið til að halda uppi samgöngum við dreifbýli í hinum víðáttumiklu norðurhéruðum lands síns. Þar eru einungis til litlar og ófullkomnar flugbrautir, en vötn eru mörg. De Havilland-verksmiðjurnar í Downsview, Ontario, hafa lagt sérstaka áherzlu á að framleiða hentugar vélar til að annast þessar flugsamgöngur. Hafa flugvélarnar „Beaver" og „Otter" reynzt mjög vel og eru nú notaðar um allan heim, pólanna á milli, þar sem flugskilyrði eru erfið og flugvellir ófullkomnir, „Otter" er lítil flugvél, með einn hreyfil og sæti fyrir 12 farþega, en þarf mjög stuttar flugbrautir. „Caribou" er nýjasta og stærsta flugvélin, sem De Havilland, Kanada, hafa framleitt fyrir sömu aðstæður og áðurnefndar vélar. Sannfærðust nefndarmenn um það, er þeir skoðuðu vélina og sáu hana hefja sig til flugs og lenda á Sandskeiði, að ekki hefur verið ofsögum af henni sagt. Hins vegar er „Caribou" dýr, kostar um 24 milljónir króna. „Otter" kostar hins vegar aðeins liðlega 3 milljónir.

Nefndin telur rétt, að leitað verði eftir nánari upplýsingum um reynslu af De Havilland-flugvélum frá Kanada, og mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „De Haveland-Caribou-flugvélar" í tillgr. komi: De Havilland-flugvélar.

Alþingi, 27. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Gísli Guðmundsson, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.

Sigurður Bjarnason. Pétur Sigurðsson. Hannibal Valdimarsson.

Jón Kjartansson.

Sþ. 537. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um afnám nauðungarvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm.
Jón Pálmason, fundaskr.
Sigurður Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson.
Jón Kjartansson.
Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 538. Þingsályktun [23. mál]

um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 23.

Sþ. 539. Breytingartillaga [35. mál]

við brtt. á þskj. 354 [Siglufjarðarvegur].

Frá Jóni Kjartanssyni, Einari Ingimundarsyni, Gunnari Jóhannssyni og Jóni Þorsteinssyni.

Aftan við 1. tölulið bætist:
Jafnframt verði athugaðir möguleikar á öflun lánsfjár til að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar ytri. Verði athugun þessari lokið fyrir 1. október n. k.

Nd. 540. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Eðvarð Sigurðsyni, Hannibal Valdimarssyni og Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
23. gr. laganna falli burt.

Nd. 541. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) 31. gr. laganna falli burt.
   b. (3. gr.) 32. gr. laganna falli burt.
   c. (4. gr.) 33. gr. laganna falli burt.
2. Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Við bráðabirgðaákvæði laganna skal bætast nýr liður, er verði h-liður og orðist svo:

Vegna lögbindingar á fiskverði til hlutarsjómanna í 25. gr. laganna ákveður Alþingi að kjósa fimm manna nefnd til þess að rannsaka, hvaða orsakir liggi til þess, að fiskverð til sjómanna í Noregi er miklu hærra en fiskverð til útgerðarmanna hér á landi og enn miklu hærra en fiskverð það, sem íslenzkum hlutarsjómönnum er nú skammtað með lögum. Það fellur m. a. undir rannsóknina að ganga úr skugga um hvers konar sölukostnað og umboðslaun svo og stofnkostnað og rekstrarkostnað sölu- og dreifingarkerfa, er íslenzkir aðilar hafa komið upp erlendis, og yfirleitt allt það, sem orðið getur til að skýra að fullu þann mikla mismun, sem er á fiskverði til íslenzkra og norskra fiskimanna.

Nefndin skal meðal annars hafa vald til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum. Að rannsókn lokinni skal nefndin gefa sjávarútvegsmálaráðuneytinu ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Nd. 542. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frá því að löggjöf ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál var samþykkt, liðu ekki fullir þrír mánuðir, þar til hún varð sjálf að flytja frv. um breytingu á þeirri löggjöf.

Það, sem gerzt hefur á þessum ársfjórðungi, er, að almenningur er þegar farinn að sjá, að glæfrakerfi ríkisstjórnarinnar er að hrynja og að sú lífskjaraskerðing, sem árás hennar á alþýðu hefur í för með sér, er óþolandi.

Það, sem komið hefur þegar í ljós, er þetta tvennt:

1. Það efnahagskerfi, sem ríkisstjórnin kom á, hefur þegar sýnt sig að vera ófær grundvöllur til þess að byggja íslenzkan sjávarútveg á. Einungis vegna þess að hið nýja efnahagskerfi var sett á á miðri vorvertíð, en ekki áður en hún byrjaði, hefur vertíðin ekki verið stöðvuð af fiskimönnum sjálfum. Við þá var beitt blekkingum um fiskverð, loforðum, sem voru svikin, — og að síðustu mun ýmsum þeirra þykja, að haft hafi verið af sér stórfé í vertíðarlok með hinum svokölluðu samningum L. Í. Ú. og fiskhringanna. En þótt blekkingar, svik og þjófnaður hafi þannig verið þær stoðir, sem efnahagskerfið haltraðist áfram á síðustu vertíð, þá gefa yfirlýsingar L. Í. Ú. þegar til kynna, að ekki verður — meira að segja frá sjónarmiði þeirra útgerðarmanna, sem „kerfið“ átti að kenna að standa á eigin fótum — haldið út í nýja vertíð, nema breytt verði um.

Hvernig stendur á, að svo fljótt hefur komið í ljós, hve ómögulegt þetta kerfi er fyrir íslenzkan sjávarútveg?

Orsök þess er sú, að þetta afturhaldskerfi er einvörðungu hugsað frá hagsmunasjónarmiði verzlunarauðvaldsins á Íslandi og vestrænu auðhringanna, sem vilja fá að selja vörur sínar til Íslands, en hirða ekkert um markað fyrir framleiðslu Íslendinga. Með öðrum orðum: Þetta afturhaldskerfi byggist á algeru skeytingarleysi um framleiðslu og útflutning Íslands. Með því að koma þessu kerfi á er hagsmunum íslenzks sjávarútvegs og íslenzks atvinnulífs fórnað fyrir alræði erlends peningavalds og innlends verzlunarauðvalds. Þar með er eðlilega verið að brjóta niður efnahagslegt sjálfstæði lands og þjóðar. Því ber að endurskoða þetta kerfi nú þegar á þessu þingi, ef það á ekki að hrynja allt með braki og brestum að loknu þingi.

Geri ég því með tillögum, sem ég flyt á sérstöku þingskjali, tilraun til þess að létta af atvinnulífinu þeim þungu álögum hárra vaxta og okurs, sem á það voru lagðar með 31.—33. gr. þessara laga.

Verði þær tillögur samþykktar, mætti ætla, að von væri að fá frekari endurskoðun þessarar skaðræðislöggjafar við 3. umr.

2. Hitt höfuðatriðið, sem þegar er í ljós komið, er, að sú lífskjaraskerðing, sem leitt hefur og á eftir að leiða af samþykkt hins nýja efnahagskerfis, verður ekki þoluð af almenningi. Bregði stjórnarflokkarnir eða þingmenn úr þeim ekki þegar við og endurskoði þessa ranglátu löggjöf þegar á þessu þingi, á alþýða einskis annars úrkostar en rísa upp til þess að brjóta af sér fjötra fátæktar, sem verið er að leggja á hana með efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar.

Flyt ég því ásamt tveim öðrum þingmönnum Alþýðubandalagsins tillögu á sérstöku þingskjali um afnám 23. gr., en sú grein bannar framkvæmd löglegra samninga verkalýðsfélaganna um vísitölu á kaup. Vona ég, að þingmenn sýni skilning sinn á því, að farið var inn á hættulega braut með því að svipta launþega rétti sínum með þessu kúgunarákvæði, og felli það úr lögunum.

Þá hefur það og komið í ljós, síðan hið nýja kúgunarkerfi ríkisstjórnarinnar var á lagt, að ekki fá aðeins íslenzkir verkamenn og aðrir launþegar miklu lægri laun en sambærilegar launastéttir á Norðurlöndum, heldur fá og sjómenn vorir miklu lægra verð fyrir sinn fisk en t. d. norskir fiskimenn. Birti ég því til sönnunar þrjú fylgiskjöl.

Hið fyrsta sýnir það verð, sem lögbundið hefur nú verið hér á landi á annað ár sem skiptaverð til bátasjómanna.

Hið annað sýnir verð hér á landi á fiski til útgerðarmanna frá 16. febr. 1960 til 20. maí 1960.

En hið þriðja sýnir það fiskverð, sem Norges Råfisklag ákveður og greiðir norskum fiskimönnum frá 1. febr. 1960. Kemur þar í ljós, að fiskverð í Noregi er tvöfalt til fimmfalt hærra en hér og að norskir sjómenn fá kr. 4.21 til 4.80 fyrir kílóið af þorski.

Geri ég það að tillögu minni, að Alþingi skipi sérstaka nefnd til þess að rannsaka, hvernig á þessu fyrirbrigði stendur. Enginn mun vænta þess, að íslenzkir fiskimenn sætti sig við lægra fiskverð en norskir, og er því nauðsyn, að þetta mál sé fullrannsakað fyrir næstu vertíð. Breytingartillaga mín um þessa nefndarskipun er flutt á sérstöku þingskjali sem viðbót við bráðabirgðaákvæði efnahagslaganna.

Legg ég til, að frv. verði samþykkt með öllum þeim breytingum, sem í nefndum tillögum greinir.

Alþingi, 27. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Lögbundið fiskverð til hlutarsjómanna.

(Skiptaverð til bátasjómanna frá og með 1. febrúar 1959.)

Þorskur:

a. Annar en netjafiskur:

Slægður m/haus	1.66	pr.	kg
— og hausaður	2.16	—	—
Óslægður	1.49	—	—
Flattur	2.46	—	—

b. Netjafiskur:

1. Einnar nætur og tveggja nátta úr djúpi og einnar nætur undan sandi, enda sé tveggja nátta fiskurinn að dómi fiskmatsmanna það góð vara, að ætla megi, að hann komist í 2. flokk sem saltfiskur:

Slægður með haus	1.66	—	—
— og hausaður	2.16	—	—
Óslægður	1.49	—	—
Flattur	2.46	—	—

2. Þriggja nátta úr djúpi og tveggja nátta undan sandi:

Slægður m/haus	1.17	—	—
— og hausaður	1.51	—	—
Óslægður	1.06	—	—
Flattur	1.72	—	—

Ýsa, enda sé henni haldið sérskildri í bátnum:

Slægð m/haus	1.84	—	—
— og hausuð	2.40	—	—
Óslægð	1.52	—	—

Langa:

Slægð m/haus	1.48	—	—
— og hausuð	1.88	—	—
Óslægð	1.17	—	—
Flött	2.16	—	—

Keila:

Slægð m/haus	1.14	—	—
Óslægð	1.02	—	—

Ufsi:

Slægður m/haus	1.19	—	—
— og hausaður	1.54	—	—

Steinbítur í nothæfu ástandi:

Slægður m/haus	1.49	—	—

Skötubörð:

Stór	1.30	—	—
Smá	0.89	—	—

Skata óstungin, sem fer til vinnslu:

Óslægð, en blóðguð	0.84	—	—
Innanífarin og blóðguð	0.96	—	—

Karfi	1.33	pr.	kg
Lúða: 1—10 kg til útflutnings	3.95	—	—
Hrogn til 1. apríl 1959:			
1. flokkur	3.79	—	—
2. flokkur	1.81	—	—
Skarkoli:			
1¼ lbs. og yfir	4.46	—	—
1 ¼ — til ¾ lbs.	4.46	—	—
¾ — og yfir óflokkað	3.73	—	—
Þykkvalúra:			
1 ¼ lbs. og yfir	3.31	—	—
1 ¼ — til ¾ lbs.	2.17	—	—
¾ — og yfir óflokkað	2.65	—	—
Langlúra:			
1 lbs. og yfir	2.34	—	—
1 — til ¾ lbs.	1.63	—	—
Stórkjafta:			
1 lbs. og yfir	2.34	—	—
1 — til ¾ lbs.	1.63	—	—
Saltfiskur upp úr bát:			
Þorskur	4.42	—	—
Langa	3.72	—	—
Ufsi	2.31	—	—

Fyrir LIFUR og BEIN skal greiða hæsta gangverð á hverjum stað.

Í 5. gr. fiskverðssamningsins segir svo um kauptryggingu:

Á þorskvertíðum skal kauptrygging til sjómanna á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí vera kr. 2900.00 í grunn, en á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. kr. 2700.00, nema öðruvísi verði samið um milli sjómanna og útvegsmanna í hinum einstöku verstöðvum.

Kauptrygging kr. 2900.00 í grunn verður í janúar kr. 5858.00, í febrúar kr. 5075.00.

Fylgiskjal II.

Verð á fiski til útgerðarmanna frá 16. febr. til 20. maí 1960.

(Samningsverð milli L. Í. Ú. og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Skreiðarsamlagsins.)

Þorskur:			
a. Annar en netjafiskur, þar með togarafiskur hæfur til frystingar:			
Slægður með haus	kr.		2.63
Óslægður	—		2.35
b. Þorskur, smár:			
Slægður með haus	—		2.30
c. Netjafiskur, einnar og tveggja nátta:			
Slægður með haus	—		2.53
Óslægður	—		2.23

d. Netjafiskur, þriggja nátta:

Slægður með haus	kr.	1.76
Óslægður	—	1.49

Ýsa, stór:

Slægð með haus	—	2.63
Óslægð	—	2.20

Ýsa, smá:

Slægð með haus	—	2.30

Langa:

Slægð með haus	—	2.34
Óslægð	—	1.89

Keila:

Slægð með haus	—	2.14
Óslægð	—	1.94

Steinbítur:

Slægður með haus	—	1.90
Óslægður	—	1.60

Ufsi:

Slægður með haus	—	2.05
Óslægður	—	1.80

Skata, stór:

Slægð	—	1.42
Óslægð	—	1.22

Lúða:

Slægð 1—40 kg	—	5.63

Hrogn:

I. flokkur	—	6.00
II. flokkur	—	3.00

Karfi	—	2.20

Fylgiskjal III.

Verð á fiski til norskra fiskimanna frá Norges Råfisklag,

Slægður fiskur með og án hauss.	Verðsvæði I A ísl. kr. pr. kg. Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Verðsvæði I B ísl. kr. pr. kg. Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Verðsvæði I C ísl. kr. pr. kg. Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Verðsvæði II A ísl. kr. pr. kg. Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun
Þorskur yfir 43 cm	4.21	4.21	4.21	4.21	4.26	4.26	4.37	4.37
Þorskur undir 43 cm	3.30	3.30	3.36	3.36	3.41	3.41	3.52	3.52
Ufsi	2.88	2.88	2.88	2.88	2.93	2.93	2.93	2.93
Ýsa minnst ½ kg	3.68	2.61	3.68	2.61	3.73	2.66	3.78	2.66
Langa	4.21	4.21	4.21	4.21	4.26	4.26	4.37	4.37
Steinbítur yfir 43 cm	2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—
Hlýri yfir 43 cm	2.93	—	2.93	—	2.98	—	3.04	—
Blálanga og keila minnst ½ kg	3.46	3.46	3.46	3.46	3.52	3.52	3.57	3.57
Karfi	3.68	3.68	3.68	3.68	3.73	3.73	3.78	3.78
Grálúða	3.62	3.62	3.68	3.68	3.73	3.73	3.78	3.78
Lúða 6—40 kg	18.65	—	18.65	—	18.65	—	18.92	—
Lúða 40—60 kg	17.05	—	17.05	—	17.05	—	17.32	—
Lúða 60—100 kg	13.85	—	13.85	—	13.85	—	14.12	—
Lúða yfir 100 kg	11.72	—	11.72	—	11.72	—	11.99	—
Lúða undir 3.2 kg	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
Lúða 3.2—7 kg	10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—
Skarkoli	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
Annar flatfiskur og skarkoli undir 500 gr.	5.06	—	5.06	—	5.06	—	5.06	—

Lifur og hrogn	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun
Þorskhrogn	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20
Ýsuhrogn, ufsa-, löngu- og keiluhrogn	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13
Þorsk-, löngu- og keilulifur	1.86		1.86		2.40		2.40	
Ufsalifur	1.86		1.86		1.86		1.86	
Ýsulifur	1.60		1.60		1.60		1.60	
Hausar								
Hausar af 1000 kg ufsa og ýsu	kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63	
Hausar af 1000 kg af öðrum fiski	— 53.29		— 53.29		— 53.29		— 53.29	

umreiknað í ísl. kr. með kaupgengi norskra króna: 532.85.

Verðsvæði II B ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði III ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði IV A ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði IV B ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði V A ísl. kr. pr. kg.	
Frysting		Frysting		Frysting		Frysting		Frysting	
Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Ísing Léttsaltað	Önnur notkun
4.53(4.80)*	4.53(4.80)*	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53
3.62	3.62	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68
2.93	2.93	2.93	2.93	3.04	3.04	3.04	3.04	3.04	3.04
3.84	2.66	3.94	2.72	4.16	2.77	4.26	2.77	4.26	2.77
4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53
2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—
3.09	—	3.20	—	3.41	—	3.46	—	3.68	—
3.62	3.62	3.68	3.68	3.73	3.73	3.73	3.73	3.78	3.78
3.84	3.84	3.84	3.84	3.94	3.94	4.05	4.05	4.21	4.21
3.78	3.78	3.78	3.78	—	—	—	—	—	—
18.92	—	18.92	—	19.45	—	19.45	—	19.45	—
17.32	—	17.32	—	17.85	—	17.85	—	17.85	—
14.12	—	14.12	—	14.65	—	14.65	—	14.65	—
11.99	—	11.99	—	12.52	—	12.52	—	12.52	—
7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—
7.99	—	7.99	—	7.99	—	8.53	—	8.53	—
5.06	—	5.06	—	5.33	—	5.59	—	5.59	—

Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun
5.33	320	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20
213	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13
2.40		2.40		2.40		2.40		2.40	
1.86		1.86		1.86		1.86		1.86	
1.60		1.60		1.60		1.60		1.60	
kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63	
— 53.29		— 53.29		— 53.29		— 53.29		— 53.29	

* Í Lofoten (verðsvæði II B að undanteknum Steigen-, Bodö- og Salten-hreppum) skal lágmarksverð fyrir þorsk yfir 43 cm vera 90 aurar á kg til allrar notkunar á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1960 til og með 30. apríl 1960.

Verðsvæði:

I A nær yfir Varanger-, Vardö- og Tana-hreppa (sorenskriverier).
I B — — Hammerfest- og Alta-hreppa.
I C — — Lyngen-, Malangen- og Senja-hreppa og þann hluta af Trondeneshreppi, sem liggur á Senja.
II A — — aðra hluta Troms-sýslu (fylke) og Vesterålen-hrepps að þeim hluta Hadsel-héraðs, sem liggur að Aust-Vågöy.
II B — — þann hluta Hadsel-héraðs, sem liggur á Aust-Vågöy, Lofoten-, Steigen-, Bodö- og Salten-hreppa, Nordlandfylke, en að undanteknum Melöy- og Rödöy-héruðum.
III — — Melöy- og Rödöy-héruð og Rana- og Alstahaug-hreppa í Nordlandfylke.
IV A — — Brönnöy- og Namdal-hreppa.
IV B — — það, sem ekki hefur áður verið talið af Nord-Tröndelag og allt Sör-Tröndelag.
V A — — Nord-Möre.

Athugið!

Fyrir ýsu undir 1 kg með haus má lækka lágmarksverðið um 15%.

Fyrir karfa slægðan með haus, afhentan beint til hraðfrystihúss, skal verðið vera 50 aurar pr. kg á öllum verðsvæðum.

Verðið gildir fyrir góða nýja vöru. Fyrir eldri fisk, skaddaðan, eða annan fisk, sem ekki nær fyllstu gæðum við afhendingu, má verðið lækka, eftir því sem verðmætið hefur spillzt, allt að 25% lægra verð, en tilsvarandi nettóverð fyrir 1. flokks vöru.

Fyrir grálúðu í heilu lagi á verðið að vera ⅓ lægra. Gömul eða runnin lifur er greidd með allt að 10 aura lægra verði en áður er til fært.

Kaup eða sala á annan hátt en uppgefið er í verðlistanum er ekki leyfð án sérstaks leyfis frá skrifstofum Norges Råfisklag.

Athugið enn fremur: Allur fiskur er mældur með saltfiskmáli: frá boga tálknbeins til enda sporðblöðku.

Sþ. 543. Frumvarp til fjáraukalaga [134. mál]

fyrir árið 1957.

(Eftir 2. umr., 27. maí.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1957, eru veittar kr. 106 674 897.03 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	2 604 352.20
	en tekjur fóru kr. 1 956 271.08 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	4 998 413.10
	en tekjur fóru kr. 2 931 904.55 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	3 337 750.26
	en brúttótekjur urðu kr. 23 039 030.81 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	682 415.81
	en brúttótekjur urðu kr. 10 281 715.60 umfram fjárlagaáætlun.		

5.	Ríkisútvarpið	kr.	2 132 997.69
	en tekjur fóru kr. 1 224 473.71 umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	622 274.37
	af kr. 677 928.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Innkaupastofnun ríkisins	—	184 818.61
	af kr. 429 782.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Bessastaðabú	—	100 510.03
	af kr. 157 323.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Kópavogsbú	—	31 056.01
	af kr. 35 434.53 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Skólabúið á Hólum	—	354 330.34
	en tekjur fóru kr. 338 262.04 umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Skólabúið á Hvanneyri	—	220 187.47
	af kr. 226 195.08 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	15 269 105.89
	Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar	kr.	899 261.95
	— — — — - 8. — — —	—	530 974.11
	— — — — - 10. — — —	—	2 018 264.77
	— — — — - 11. — A. — —	—	4 956 514.41
	— — — — - 11. — C. — —	—	1 969 813.92
	— — — — - 11. — D. — —	—	30 508.53
	— — — — - 13. — A. — —	—	4 518 010.80
	— — — — - 13. — B. — —	—	1 200 788.23
	— — — — - 13. — C. — —	—	919 926.87
	— — — — - 13. — D. — —	—	5 102 725.85
	— — — — - 14. — B. — —	—	3 694 196.18
	— — — — - 15. — A. — —	—	499 594.79
	— — — — - 16. — A. — —	—	1 416 881.99
	— — — — - 16. — B. — —	—	1 648 963.74
	— — — — - 16. — D. — —	—	879 734.34
	— — — — - 17. — — —	—	4 073 005.51
	— — — — - 18. — — —	—	3 106 634.42
	— — — — - 19. — 1. — —	—	17 369 464.91
	— — — — - 19. — 3. — —	—	8 143 515.59
		Kr.	78 247 886.80
	Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	28 427 010.23
	Inn fóru kr. 3 183 392.59 fram úr fjárlagaáætlun.		
		Samtals kr.	106 674 897.03

Nd. 544. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um tollvörugeymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt efni þess á einum fundi. Á fundinum mættu auk nefndarmanna Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, en þeir áttu sæti í nefnd þeirri, sem undirbjó frumvarpið. Veittu þeir nefndarmönnum ýmsar upplýsingar varðandi tilgang og efni frumvarpsins. Nefndarmenn voru allir sammála um að mæla með samþykkt frum-

varpsins, sökum þess að í því fælist bætt þjónusta við innflytjendur og einnig gæti þessi háttur á tollafgreiðslu verið iðnaðarframleiðendum til hagsbóta og stuðlað að auknum útflutningi á íslenzkum iðnaðarvarningi. Þá felast og í frumvarpinu ákvæði, sem eru íslenzkum skipa- og flugfélögum til verulegrar fyrirgreiðslu. Við undirritaðir teljum því, að með frumvarpi þessu sé stefnt í rétta átt, enda horfið að svipuðu fyrirkomulagi og alllengi hefur tíðkazt hjá nágrannaþjóðum okkar og þótt gefa góða raun. Við leyfum okkur því að mæla með, að frumvarp þetta verði samþykkt. — EOl var fjarverandi á fundi þeim, sem málið var afgreitt á.

Alþingi, 27. maí 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
	Jóhann Hafstein.	

Nd. 545. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Á eftir 1. gr. komi 4 nýjar greinar svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Við 3. málsgr. 8. gr. laganna bætist:
      Ríkisstjórnin getur ákveðið að útflutningssjóður eða ríkissjóður greiði sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk, veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
   b. (3. gr.) 31. gr. laganna falli niður.
   c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður.
   d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:
      Orðin „og sparisjóðir“ og orðin „og sparisjóði“ í síðasta málslið 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63 21. júní 1957 falli niður.
2. Við 2. gr. (er verði 6. gr.) bætist:
   Um leið koma í gildi lög nr. 75/1952, um breyting á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Sþ. 546. Þingsályktun [77. mál]

um síldariðnað á Vestfjörðum o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því fyrir næstu síldarvertíð, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í framtíðinni. Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfiskbræðslum í sambandi við fiskimjölsverksmiðjur.

Sþ. 547. Þingsályktun [79. mál]

um hagnýtingu síldaraflans.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 147.

Sþ. 548. Þingsályktun [80. mál]

um tónlistarfræðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 148.

Sþ. 549. Þingsályktun [87. mál]

um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samræmd verði, svo fljótt sem auðið er, símgjöld og fyrirkomulag símtala milli Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, sem eru aðilar að bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að símtöl milli þessara byggðarlaga verði eigi dýrari og með sama fyrirkomulagi og innanbæjarsímtöl.

Ed. 550. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. maí.)

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans.

Sameinað Alþingi kýs bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo, að fengnu samþykki ráðherra.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Sama gildir um eftirlaun handa fráförnum bankastjóra eða ekkju hans.

2. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en aðalbókara og aðalféhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

3. gr.

1. málsliður 57. gr. laganna orðist svo:

Tveir skulu vera endurskoðendur bankans, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna, svo og endurskoðenda. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Starfstímabil endurskoðenda, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1962.

Ed. 551. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða:

a. Á eftir orðunum „og endurskoðenda“ komi: frá næstu áramótum að telja.
b. Í stað orðanna „skal vera til ársloka 1964“ komi: skal vera frá ársbyrjun 1961 til ársloka 1964.

Ed. 552. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta á tveim fundum, og er undirritaður meiri hluti nefndarinnar sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með neðangreindri breytingu. BjörnJ áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og hefur ekki tekið afstöðu til breytingartillögu meiri hlutans. KK skilar séráliti.

BREYTINGARTILLAGA:

1. gr. orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

Alþingi, 27. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, frsm., fundaskr.	Magnús Jónsson.

Sþ. 553. Þingsályktun [93. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 186.

Sþ. 554. Þingsályktun [100. mál]

um fiskileit á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes til að kanna grundvöll fyrir niðursuðuverksmiðju við Breiðafjörð.

Sþ. 555. Þingsályktun [46. mál]

um þjóðháttasögu Íslendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga fyrir næsta þing, með hvaða hætti hagkvæmast verði unnið að skipulegri þjóðfræðasöfnun og síðar útgáfu þjóðháttasögu, þar sem lýst verði svo skilmerkilega sem kostur er þróun íslenzkra þjóðhátta á sem flestum sviðum.

Sþ. 556. Þingsályktun [74. mál]

um dvalarheimili kaupstaðarbarna í heimavistarskólum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleika á samningum við hlutaðeigandi skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Nd. 557. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er um breytingar á lögum um efnahagsmál, er stjórnin beitti sér fyrir og fékk samþykkt 19. febrúar í vetur. Lagt er til, að útflutningsskattur, er þar var ákveðinn, verði lækkaður úr 5% í 2½% af verði útflutningsvaranna.

Reynslan hefur sýnt, að ekki hefur mátt byggja á því, sem stjórnin hefur haldið fram um efnahagsmálin. Sem dæmi má nefna, að í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið 28. jan. s. l., sagði ríkisstjórnin:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða".

En 9. marz lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp um söluskatt, sem fól í sér hækkun á skattinum úr 7.7% af innflutningi í 16.5%, eða meira en tvöföldun hans. Og þessa hækkun samþykktu stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu. Ef miðað er við áætlun fjárlaga, nemur þessi hækkun 176 millj. kr. yfir árið, en verður vafalaust meiri, og valda þær álögur mikilli hækkun á verðlagi. Hækkun á framfærslu- og framleiðslukostnaði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar verður því miklu meiri en þeir útreikningar hennar sýndu, er birtir voru með efnahagsmálafrumvarpinu.

Þá hafa upplýsingar ríkisstjórnarinnar um hag útflutningssjóðsins verið mjög á reiki. Í athugasemdum með efnahagsmálafrv., er stjórnin lagði fyrir þingið 3. febr. í vetur, var sagt, að áætlaðar skuldbindingar, er á sjóðnum hvíldu, væru um 270 millj. kr. Til þess að geta greitt þessar kröfur skyldi útflutningssjóðurinn fá:

1. Gengishagnað, er fram kæmi við útflutning á vörum, er til voru í landinu 16. febr. s. l., og var áætlað, að sá gengismunur næmi 150 millj. kr.
2. Útflutningsskattinn, sem var áætlaður 120 millj. á einu ári.

Í sambandi við athugun á því frumvarpi, er hér liggur fyrir, óskaði fjárhagsnefnd upplýsinga um hag útflutningssjóðsins og fékk áætlun, er gerir ráð fyrir, að gengismunurinn á útflutningsvörubirgðunum verði 227.5 millj., en ekki 150 millj., eins og áður var reiknað með. Munurinn er 77.5 millj. Hins vegar eru skuldbindingar sjóðsins nú taldar 23 millj. kr. meiri en áður var áætlað. Nú er talið, að af útflutningsskattinum þurfi 65.5 millj. til að jafna halla útflutningssjóðsins, en ekki 120 millj., eins og áætlað var í febrúar í vetur.

Ríkisstjórnin hélt því fram í vetur, að nýja gengið væri við það miðað, að bátaútgerð til þorskveiða bæri það sama úr býtum og áður með þeim útflutningsbótum, er þá giltu, „að öllum sérbótum meðtöldum". Stjórnin kvaðst eigi að síður telja „að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið svo framarlega sem aflabrögð verði sæmileg".

Útvegsmenn halda því hins vegar fram, að það verð, er þeir nú fá fyrir fiskinn, sé lægra en svo, að þeir beri það sama úr býtum og áður, og þannig hafi útreikningar ríkisstjórnarinnar brugðizt, en á þeim reikningum var álagning útflutningsskattsins byggð.

Við afgreiðslu efnahagsmálafrv. stjórnarinnar í febrúar var borin fram tillaga um heimild til að greiða verðbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og sumarveiddan fisk, eins og áður hafði verið gert. Þessa tillögu felldu stjórnarflokkarnir. Af því hefur leitt, að þeir útvegsmenn, er áður nutu þessara sérbóta, fá nú tiltölulega lægra verð fyrir afla sinn en aðrir, samanborið við það, sem áður var, og skortir þannig mest á, að þeir beri það sama úr býtum og áður. Veldur þetta sérstökum erfiðleikum fyrir útgerðina á Norður-, Austur- og Vesturlandi, af því að sá hluti

aflans, sem sérbætur voru áður greiddar á, er þar víða hlutfallslega mikill. — Flyt ég nú breytingartillögu um heimild til að greiða þessar verðbætur.

Í lögum um efnahagsmál voru settar breytingar á lögum frá 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og enn fremur heimild handa ríkisstjórninni til að ákveða vexti hjá stofnlánasjóðum. Hafa síðan verið ákveðnar gífurlegar vaxtahækkanir, sem valda miklum erfiðleikum við framleiðslustarfsemi og framkvæmdir. Ég flyt brtt. um að nema úr efnahagsmálalögunum ákvæðin um vextina. Verði hún samþykkt, koma til framkvæmda þau lagaákvæði um vexti, er í gildi voru 19. febr. s. l.

Fyrir skömmu hefur verið ákveðið að nota heimild í 16. gr. laga um Landsbanka Íslands til þess að fyrirskipa sparisjóðum að afhenda seðlabankanum helming þeirrar sparifjáraukningar, sem kann að verða hjá þeim, og sama krafa er gerð til kaupfélaganna um afhendingu á fé innlánsdeilda, samkvæmt ákvæði, er sett var í efnahagsmálalögin í febrúar s. l.

Fjárheimtan frá sparisjóðum og innlánsdeildum hefur, sem eðlilegt er, sætt mjög almennum og ákveðnum mótmælum. Með því að taka þannig fé með valdboði úr héruðunum, þar sem þess er brýn þörf til atvinnurekstrar og uppbyggingar, er verið að stuðla að fólksflótta frá framleiðslustörfum í sveitum og sjávarþorpum. Þessar hættulegu aðfarir þarf að stöðva nú þegar, áður en meira tjón hlýzt af, og flyt ég breytingartillögu um það.

Breytingartillögurnar flyt ég á sérstöku þingskjali. Legg til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Alþingi, 28. maí 1960.

Skúli Guðmunnsson.

Nd. 558. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið á sinn fund til viðræðu um málið hæstv. menntamálaráðherra og háttv. 9. þm. Reykv. varðandi embættin í geð- og taugasjúkdómafræðum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. maí 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Geir Gunnarsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 559. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. bætist ný mgr., sem orðist svo:
   Óheimilt skal skipstjóra, sem framið hefur ítrekað brot á lögum þessum, að hafa á hendi skipstjórn við dragnótaveiðar.

2. Framan við 11. gr. bætist svo hljóðandi málsgr.:
Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Ed. 560. Lög [154. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 403.

Ed. 561. Lög [150. mál]

um Verzlunarbanka Íslands h.f.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 391.

Nd. 562. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðið „hljóðviti“ falli niður.

Alþingi, 28. maí 1960.

Birgir Finnsson, form. Pétur Sigurðsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.
Gísli Guðmundsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 563. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, eins og það kom frá Ed., og lesið yfir umsögn stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um frv. í bréfi, dags. 11. maí 1960, til sjútvn. Ed.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Nefndarmennirnir GíslG og KGuðj hafa á þann fyrirvara, að fiskveiðasjóði verði útvegað aukið fjármagn til lánveitinga samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Alþingi, 28. maí 1960.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 564. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Eysteini Jónssyni, Björgvin Jónssyni og Jóni Kjartanssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   8. gr. laganna falli burt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist nýr stafliður (h-liður), svo hljóðandi:
   Verð frá vinnslustöðvum og verksmiðjum á fiski og öðrum sjávarafurðum, sem framleiddar eru 1960, skal hækka sem svarar 2½% af útflutningsskatti, sem ákveðinn var samkvæmt 8. gr. laga þessara.
   Hagstofu Íslands skal falið að reikna, hve miklu verðhækkun þessi nemur á hverja tegund afurða.
   Ríkissjóður skal taka að sér að greiða halla þann, sem verður á útflutningssjóði.

Nd. 565. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „á Kleppi“ bætist: unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika.

Nd. 566. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. maí.)

1. gr.

Annar og fimmti töluliður 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 10,
5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:
Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækna- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði

skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 567. Lög [149. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

(Afgreidd frá Ed. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 525.

Ed. 568. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um verðlagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, sem er stjórnarfrv., komið frá Nd., var tekið fyrir og afgreitt á fundi fjhn. þann 25. þ. m. Tók meiri hl. n., þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og undirritaður, afstöðu með frv., en minni hl. (KK) ákvað að skila sérstöku nál. Eftir að n. hafði þannig afgreitt málið að fullu frá sér, var kvaddur saman nýr fundur að boði ríkisstjórnarinnar, og var hann haldinn að mér fjarstöddum. Á þessum fundi ákvað meiri hl. n. (ÓB, JÞ og MJ) að beiðni eða boði ríkisstj. að breyta 1. gr. frv. í svo veigamiklum atriðum, að ég hlýt að afturkalla aðild mína að nefndaráliti hans.

Breytingartillaga meiri hl. felur efnislega í sér að fjölga í verðlagsnefnd, þannig að hana skipi 6 menn í stað 5 samkv. frv., og einnig, að atkvæði formanns, þ. e. ráðuneytisstjórans í viðskiptamálaráðuneytinu, ráði úrslitum mála, ef atkvæði verða jöfn, sem að sjálfsögðu getur oft komið fyrir í 6 manna nefnd. Er atkvæði hans þannig í fjölmörgum tilvikum og e. t. v. þeim, sem ráða úrslitum um gagnsemi verðlagseftirlitsins, metið tvöfalt á við atkvæði annarra nefndarmanna og venjulegar lýðræðisreglur sniðgengnar.

Við núverandi aðstæður þýðir þessi breyting á skipun verðlagsnefndar það, að tveim fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, sem kosnir verða af Alþingi, og skoðanabróður þeirra, formanni nefndarinnar, eru fengin öll völd varðandi verðlagsákvarðanir, þ. e. a. s. breytingin tryggir Sjálfstæðisflokknum, þeim flokki, sem frá fyrstu tíð til þessa dags hefur verið eindreginn andstæðingur hvers konar eftirlits með verzlunarálagningu, öll völd í þeim málum. Þarf varla getum að því að leiða, hvers virði slíkt eftirlit og ákvarðanir verða, eftir að svo er komið.

Á yfirstandandi Alþingi hafa forustumenn Sjálfstæðisflokksins lýst því yfir, svo að ekki verður um villzt, að þeir hefðu helzt kosið, að verðlagseftirlit yrði nú þegar lagt niður, en látið skína í, að látið hafi verið í þessu eina máli undan skoðunum Alþýðuflokksins, enda heyra verðlagsmálin undir verksvið hans í ríkisstjórn-

inni. Nú er sýnt, að í reynd fær Sjálfstæðisflokkurinn hér fram vilja sinn sem annars staðar, þar sem hann að samþykktri þeirri breytingu, sem nú á að gera á frv., þarf ekki að spyrja samstarfsflokk sinn um eitt eða neitt varðandi verðlagsákvarðanir og getur þar í einu og öllu framfylgt fyrirmælum hinna stóru innflytjenda, en hagsmunir þeirra hafa sýnt sig að vera leiðarljós hans í efnahagsmálum. En furðuleg má vera auðmýkt Alþýðuflokksins, er hann á þennan hátt beygir sig í duftið og afsalar sér með öllu áhrifavaldi í þessum málum.

Sú árátta núv. ríkisstjórnar að leitast við að sölsa undir sig völd í fjölmörgum greinum þjóðlífsins og sérstaklega í efnahagsmálum, völd, sem venjum og rétti samkvæmt heyra ekki undir framkvæmdavaldið, er þegar orðin alræmd, en hér er þó gengið feti lengra en áður. Hér er ekki látið sitja við það að afhenda ríkisstjórninni allri mikilsvert vald, heldur er öðrum stjórnarflokknum einum tryggt ákvörðunarvald í mikilvægum greinum efnahagslífsins, flokki, sem er í miklum minni hluta bæði á Alþingi og með þjóðinni.

Með afhendingu ákvörðunarvalds í verðlagsmálum í hendur Sjálfstæðisflokksins og þar með verzlunarvaldsins tel ég, að öllu eðli þessa frv. sé gerbreytt frá því, sem það upphaflega var, og sé ekki mikill munur á þeirri ráðstöfun og því að leggja verðlagseftirlitið niður, enda greinilegt, að hún er fyrsta sporið í þá átt. Aðferðin er líka í fullu samræmi við tilganginn, sú að smeygja þessari breytingu inn í frv. á síðustu stundu, eftir að fjárhagsnefndir beggja deilda hafa afgreitt málið.

Ég legg eindregið til, að brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 552 sé felld. Verði hún samþykkt, tel ég afdrif frv. litlu skipta.

Alþingi, 30. maí 1960.

Björn Jónsson.

Nd. 569. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. maí.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: Á Hvalbak ..... ljósviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 570. Lög [57. mál]

um orlof húsmæðra.

(Afgreidd frá Nd. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 406.

Nd. 571. Lög [166. mál]

um tollvörugeymslur o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 495 (sbr. 470).

Nd. 572. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til laga um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 13. gr. bætist: og gildi til ársloka 1961.

Ed. 573. Frumvarp til laga [153. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

(Eftir 3. umr. í Nd., 30. maí.)

1. gr.

Innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi skulu fiskveiðar með dragnótum óheimilar öðrum en þeim, sem til veiðanna hafa leyfi sjávarútvegsmálaráðherra.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkvæmt lögum þessum.

Áður en gerðar eru tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðherra óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðherra í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk.

2. gr.

Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt 1. gr. má veita íslenzkum fiskiskipum, sem eru 35 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn.

Heimilt skal þó ráðherra að veita veiðileyfi fyrir allt að 45 brúttó-rúmlesta skip. Einnig getur hann, ef þörf þykir, takmarkað veiðileyfin við 25 brúttó-rúmlesta skip.

Veiðileyfi til einstakra skipa skulu afgreidd eigi síðar en 1. maí það ár, sem dragnótaveiði er leyfð.

Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem nauðsynleg teljast, og varða brot gegn þeim sviptingu leyfis.

3. gr.

Dragnótaveiðar skulu með öllu bannaðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða, svo sem þau eru tiltekin í hafnarreglugerðum.

4. gr.

Skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir á vegum fiskideildar atvinnudeildar háskólans, skal heimilt að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar, hvenær ársins sem er og án sérstaks leyfis. Ráðherra getur veitt erlendum skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir, leyfi til að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar um takmarkaðan tíma í einu.

5. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef deildin telur hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða.

Að fengnum samhljóða tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu skylt að takmarka veiðiskipafjölda á ákveðnum tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytið samkv. tillögum sömu aðila banna dragnótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofnar séu í hættu fyrir ofveiði.

6. gr.

Ráðherra getur sett fyrirmæli um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, þ. á m. um möskvastærð dragnóta, lengd dragstrengja, lágmarksstærð þess fisks, sem fluttur er í land eða haldið um borð í skipi, um meðferð aflans um borð í veiðiskipi, veiðiskýrslur og bann við að hnýta eða selja net með minni möskvastærð en ákveðin hefur verið.

7. gr.

Utan þess tímabils, sem dragnótaveiðar eru leyfðar samkvæmt 1. gr. laga þessara, er íslenzkum skipum óheimilt að hafa dragnætur og dragstrengi um borð.

8. gr.

Skipstjóri, sem uppvís verður að ólöglegum dragnótaveiðum eða tilraun til þeirra samkvæmt lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs upptæk.

Hlutdeild í broti skipstjóra, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, varðar sömu refsingu.

Lögskráðir skipverjar skulu ekki teljast hlutdeildarmenn í broti skipstjóra síns.

Sé um ítrekað brot að ræða eða þegar miklar sakir eru, skal heimilt að dæma sökunaut samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar í varðhald allt að 3 mánuði auk sekta, varði brot ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Óheimilt skal skipstjóra, sem framið hefur ítrekað brot á lögum þessum, að hafa á hendi skipstjórn við dragnótaveiðar.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru lagðar refsingar við í 8. gr. laganna, varða sektum, 1000—25000 krónum.

10. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra renn-ur í Fiskveiðasjóð Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lögum nr. 26 12.

febr. 1940, nr. 65 7. maí 1940, nr. 83 22. okt. 1945, nr. 2 24. jan. 1951 og nr. 31 7. marz 1951.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1960 kemur ekki til framkvæmda ákvæði 3. málsgr. 2. gr. laga þessara, heldur skal ráðuneytið afgreiða veiðileyfi svo fljótt sem verða má.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um undirbúning að byggingum fyrir rannsóknastarfsemi.

Flm.: Jón Skaftason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða undirbúningi að byggingum fyrir rannsóknastarfsemina í landinu á grundvelli þeirrar frumáætlunar, sem nú er unnið að, um skipulagningu rannsóknahverfis á Keldnaholti í Reykjavík. Kostnaður við þennan undirbúning greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í frumvarpi því, sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þetta Alþingi um breytingar á lögum Áburðarverksmiðjunnar h/f, er gert ráð fyrir því, að sjóðir áburðareinkasölunnar renni til byggingar fyrir jarðvegsrannsóknir landbúnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Nú þykir sýnt, að frumvarp þetta muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi, en aftur á móti er almennt viðurkennd nauðsyn þess, að starfsskilyrði jarðvegsrannsókna og reyndar rannsóknastarfseminnar allrar séu bætt sem allra fyrst.

Reykjavíkurbær mun hafa úthlutað rannsóknaráði ríkisins og raforkumálaskrifstofunni um 48 ha. lands á Keldnaholti fyrir rannsóknastarfsemi. Í nokkur ár hefur verið reynt að fá fjármagn til bygginga þar, en ekki tekizt. Með framkomu fyrrnefnds frumvarps ríkisstjórnarinnar þótti sýnt, að nokkuð mundi úr þessu rætast, og var þá þegar hafið að skipuleggja svæðið af kappi og undirbúa teikningu bygginga. Nú er aftur viðbúið, að þessi undirbúningsvinna stöðvist að nýju, þar sem litlir eða engir peningar hafa fengizt til þess að standa straum af eðlilegum kostnaði.

Það er staðreynd, að við Íslendingar höfum aukið lítið sem ekkert framlag okkar til rannsóknastarfseminnar, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa margfaldað það fjármagn, sem þær verja í þessu skyni. Þjóðirnar eiga ekki nema um tvennt að velja. Annaðhvort verða þær að kappkosta að fylgjast eftir megni með þeirri öru tækniþróun, sem á sér stað í heiminum, eða þær eiga á hættu að dragast stórlega aftur úr í samkeppni þjóðanna um lífsgæðin. Því er nauðsynlegt, að stefnubreyting verði í þessum málum hér á landi. Eitt hið fyrsta, sem þarf að gera, er að bæta starfsskilyrði rannsóknastarfseminnar.

Af brýnni nauðsyn, m. a. vegna þess, að fyrrnefnt frumvarp ríkisstjórnarinnar fær ekki afgreiðslu á þessu þingi, er þessi þingsályktunartillaga borin fram á síðustu stundu, og er þess vænzt, að hún fái skjóta afgreiðslu.

Sþ. 575. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Efnislega er þó full eining í nefndinni um málið, því að öllum nefndarmönnum er ljós nauðsyn þess, að bændur geti átt kost á lánum til kaupa á bústofni. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvernig að málinu skuli unnið.

Með tillögunni er lagt til að skipa nefnd, er hafi það sérstaka hlutverk að athuga möguleika á stofnun bústofnslánadeildar við Búnaðarbankann. Síðasta búnaðarþing ræddi þetta vandamál og varð sammála um það, að rétt væri að efla veðdeild Búnaðarbankans svo, að hún gæti sinnt þessu verkefni eins og gert er ráð fyrir í lögum um veðdeildina, en ekki heppilegt að stofna sérstaka bústofnslánadeild.

Alþingi hefur nú einróma samþykkt ályktun þess efnis, að rannsökuð verði fjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans og ráðstafanir gerðar til þess að tryggja starfsgrundvöll veðdeildarinnar með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu á viðhlítandi hátt.

Meiri hl. n. er sammála þeirri skoðun búnaðarþings, að heppilegast sé að tengja bústofnslánastarfsemina við veðdeildina, og hlýtur það að koma til athugunar í sambandi við framkvæmd ályktunarinnar um veðdeildina. Væru það ekki skynsamleg vinnubrögð að skipa sérstaka nefnd til að athuga þennan þátt hins sama vandamáls.

Við leggjum því til, að tillagan verði afgreidd með svofellri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð búnaðarþing hefur einróma látið í ljós þá skoðun, að heppilegra sé til lausnar fjárþörf til bústofnslána að efla veðdeild Búnaðarbankans heldur en að stofna nýja sjóði í því skyni, og þar sem Alþingi hefur gert ályktun um ráðstafanir til þess að tryggja starfsgrundvöll veðdeildarinnar og þessi þáttur í starfsemi veðdeildarinnar hlýtur að sjálfsögðu að koma þar til athugunar, telur þingið ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.	Karl Guðjónsson.

Sþ. 576. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur leitað álits Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands á till. Telja þessir aðilar báðir mikla nauðsyn að gera út sérstakan leiðangur til að leita rækjumiða bæði við Vestur-, Norður- og Austurland, þar eð telja megi víst, að arðvænlega rækjuveiði megi stunda á allmörgum stöðum við strendur landsins.

Enda þótt nefndin telji sjálfsagt, að leitað verði rækjumiða við Austurland og

Norðurland, svo sem lagt er til í tillögunni og brtt. við hana á þskj. 306, telur nefndin rétt, að einnig verði leitað á öðrum svæðum, þar sem fiskifræðingarnir telja líklegt, að rækju sé að finna.

Leggur nefndin því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að svo fljótt sem auðið er verði gerð leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi, Norðurlandi og á öðrum þeim hafsvæðum umhverfis landið, þar sem ætla má, að rækju sé að finna.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Till. til þál. um leit að rækjumiðum.

Alþingi, 31. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. | Birgir Finnsson, fundaskr. | Guðl. Gíslason.
Jónas G. Rafnar. | Karl Guðjónsson. | Ingvar Gíslason.
Halldór E. Sigurðsson. | Björgvin Jónsson. | Jón Árnason.

Nd. 577. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Undirritaður meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. SkG er á móti frv., en EOl var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 1960.

Birgir Kjaran, form. | Jóhann Hafstein, frsm. | Sigurður Ingimundarson, fundaskr.

Nd. 578. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það tölulega saman við ríkisreikninginn. Leggja undirritaðir fjórir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Einar Olgeirsson, var fjarverandi.

Alþingi, 31. maí 1960.

Birgir Kjaran, form. | Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. | Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson.

Nd. 579. Lög [106. mál]

um ferskfiskeftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 31. maí.)

Samhljóða þskj. 450.

Nd. 580. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 31. maí.)

Samhljóða þskj. 510.

Sþ. 581. Fyrirspurn [177. mál]

til fjármálaráðherra um skaðabætur vegna endurbóta á vega- og brúakerfi landsins.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að koma í veg fyrir, að ríkissjóður verði að greiða skaðabætur vegna endurbóta á vega- og brúakerfi landsins, samkvæmt úrskurði gerðardóms í málinu Kaupfélagið Þór á Hellu gegn fjármálaráðherra?

Ed. 582. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir þrír nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. KK tjáir sig frv. ekki andvígan, en hefur að öðru leyti óbundnar hendur. BjörnJ mun skila séráliti.

Alþingi, 31. maí 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Sþ. 583. Nefndarálit [138. mál]

um till. til þál. um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leitað umsagnar vita- og hafnamálastjóra og fengið svar. — Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvort hagkvæmt sé að hefja framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnargerða á einum

eða fleiri stöðum á landinu. Verði aðstaðan á Akranesi sérstaklega athuguð í því sambandi.

Alþingi, 31. maí 1960.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Guðl. Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	Halldór E. Sigurðsson.
Björgvin Jónsson.	Karl Guðjónsson.	Ingvar Gíslason.

Sþ. 584. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um sjálfvirka símstöð á Akranesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Ráðherra símamála og póst- og símamálastjóri hafa upplýst, að um síðustu áramót hafi verið tekin ákvörðun um að endurnýja gömlu símstöðina á Akranesi með sjálfvirkri miðstöð, og efni til þessara framkvæmda hefur þegar verið pantað.

Að fengnum þessum upplýsingum leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð póst- og símamálaráðherra hefur þegar ákveðið, að sjálfvirk símstöð skuli sett upp á Akranesi, og efni er þegar pantað til hennar, telur Alþingi tillöguna ástæðulausa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson.
Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.	Ingvar Gíslason.
Karl Guðjónsson.	Guðl. Gíslason.	Björgvin Jónsson.

Sþ. 585. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn raforkumálastjóra.

Fyrri liður tillögunnar er um að fela ríkisstj. að gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Í umsögn raforkumálastjóra segir svo:

„Um nokkur undanfarin ár hefur verið unnið að rannsóknum og áætlunargerðum um virkjun Dettifoss og Vigabergsfoss í Jökulsá eftir sérstökum fyrirmælum ráðherra þar um. Áætlunargerð þessi var unnin með það fyrir augum að fá nægilega ábyggilega vitneskju um kostnaðarverð raforku frá stórvirkjun hér á landi til að draga af henni ályktanir um skilyrði til rekstrar orkufrekrar stóriðju. Fyrsta áfanga þessarar áætlunargerðar er lokið og talið, að hann hafi leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúmíníum-verksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis.

Hins vegar er eftir að athuga, hversu mikið afl — eða ársorku — megi fá úr ánni á svo lágu verði. Í því skyni þarf að gera viðbótaráætlanir. Raforkumálaráðherra, Ingólfur Jónsson, hefur mælt svo fyrir, að þær viðbótaráætlanir skuli gerðar, og er unnið að þeim sem stendur.“

Af þessum upplýsingum er ljóst, að áætlunargerð um virkjun Jökulsár er í fullum gangi og því — á þessu stigi málsins að minnsta kosti — ekki ástæða til sérstakrar ályktunar Alþingis um það efni.

Í öðrum lið tillögunnar er lagt til að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á að koma upp útflutningsframleiðslu í sambandi við virkjunina.

Svo sem raforkumálastjóri skýrir frá, var það fyrst og fremst með stóriðnað í huga, sem athuganir hafa verið gerðar á virkjun Jökulsár. Benda þær niðurstöður, sem þegar eru fengnar, til þess, að Jökulsárvirkjun geti veitt raforku til stóriðnaðar á hagstæðu verði. Hljóta Íslendingar að leggja á það ríka áherzlu að koma upp slíkum iðnaði, enda hafa áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan gefið góða raun.

Ýmsar athuganir hafa á undanförnum árum verið gerðar á efnaiðnaði, sem helzt kæmi til greina hér á landi. Hefur raforkumálaskrifstofan unnið gott starf í því efni. Fullnaðarathuganir eða áætlanir hafa ekki verið gerðar, en augljóst sýnist vera, að stofnkostnaður slíkra verksmiðja og orkuvera sé svo mikill, að Íslendingum sé alveg um megn að koma þeim fyrirtækjum upp án mikillar erlendrar aðstoðar. Í dag virðist því einkum brýn nauðsyn að gera sér grein fyrir þeirri stefnu, sem þjóðin vill fylgja í því efni, eftir að athuganir á Jökulsá hafa nú leitt í ljós, að raforkuverð þarf ekki að vera til fyrirstöðu.

Alþingi hefur þegar lýst vilja sínum til þess að skipuleggja rannsóknir á náttúruauðlindum landsins og hagnýtingu þeirra með sérstakri þingsályktun um það efni og skipun atvinnumálanefndar ríkisins, sem m. a. hefur samið frv. að heildarlöggjöf um rannsóknamál, sem nú er í athugun hjá ríkisstjórninni, og mun nú sérstaklega tekið til athugunar, hvaða framleiðsla helzt komi til greina til hagnýtingar á raforkunni, einmitt vegna þeirrar hagstæðu niðurstöðu, sem fengizt hefur af rannsóknum á Jökulsá.

Meiri hl. n. telur það þjóðarnauðsyn, að unnið verði af fullum krafti að þessum athugunum. Við teljum það eðli málsins samkvæmt sjálfsagt, að atvinnumálanefnd annist þær athuganir á framleiðslumöguleikum, sem tillagan fjallar um, og hraði þeim eftir föngum, enn fremur að gerðar verði þær viðbótaráætlanir, sem raforkumálaráðherra hefur falið raforkumálaskrifstofunni að gera. Þar sem að báðum þáttum málsins er nú unnið af réttum aðilum og í trausti þess, að þeim athugunum verði hraðað, svo sem efni standa til, sér meiri hl. nefndarinnar ekki ástæðu til, að Alþingi geri á þessu stigi málsins að minnsta kosti sérstaka ályktun um þetta efni, og leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Aðrir nefndarmenn munu skila séráliti.

Alþingi, 31. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.

Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Ed. **586. Frumvarp til laga** [162. mál]

um verðlagsmál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. maí.)

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

3. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 3. gr.

5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

6. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómurinn ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafli laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Sþ. 587. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi hefur verið til athugunar hjá fjárveitinganefnd. Nefndin klofnaði um afstöðu sína til málsins. Meiri hlutinn leggur til, að tillögunni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Minni hlutinn telur hins vegar brýna nauðsyn bera til, að unnið verði að framkvæmd þessa máls, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Þeir lánasjóðir, sem bændur eiga aðgang að umfram aðra, eru ræktunarsjóður, sem lánar fé til ræktunar og byggingar útihúsa, og byggingarsjóður sveitabæja,

sem veitir lán til byggingar íbúðarhúsa. Þessir sjóðir hafa yfirleitt getað séð fyrir lánum til þessara framkvæmda, að því leyti sem reglur þeirra um hámarkslán hafa takmarkað, þar til nú á síðasta ári, að óvenjulegur dráttur var á lánveitingum. Veðdeild Búnaðarbankans er ætlað það hlutverk að aðstoða með lánveitingar til kaupa á bújörðum, og eru lán hennar miðuð við veð í fasteign. Deildin hefur yfirleitt verið félítil og starfsemi hennar því ekki komið fullkomlega að því gagni, er henni er ætlað. Ekkert hefur enn þá gerzt, svo að kunnugt sé, er bætir úr fjárskorti veðdeildarinnar, og verkefni hennar er svo mikið og fjárhagur hennar svo erfiður, að mikið þarf til að bæta úr honum, svo að hún geti annað þeim verkefnum, sem henni eru ætluð. E. t. v. gæti hún komið að liði með lán til bústofnskaupa að einhverju leyti hjá þeim bændum, sem eru jarðeigendur, ef hún hefði yfir verulegu fjármagni að ráða, en öðrum bændum ekki, þar sem lán hennar eru bundin við veð í fasteignum. Tillaga þessi stefnir hins vegar að því, að lán úr bústofnslánadeild verði veitt út á veð í bústofninum sjálfum, svo að ekki þurfi fasteign né aðrar eignir en búfé til þess að geta notið þeirra.

Okkur, er að þessu nefndaráliti stöndum, er ljóst, að ýmis vandkvæði eru á framkvæmd þessa máls, er þarf gaumgæfilegrar athugunar við. Hins vegar teljum við málið svo mikið nauðsynjamál fyrir framtíð landbúnaðarins, ekki sízt nú, þegar aukin verðbólga o. fl. torveldar ungu og efnalitlu fólki að hefja búrekstur og bændum yfirleitt að auka bústofn sinn, að ekki verði hjá því komizt, að þeir aðilar, sem bezt til þekkja, leggi til ráð við lausn þessa máls, svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Við teljum því mikilvægt, að hún nái fram að ganga, og mælum með samþykkt hennar.

Alþingi, 31. maí 1960.

Halldór E. Sigurðsson, frsm.	Ingvar Gíslason.	Björgvin Jónsson.

Ed. 588. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Mætti ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins á öðrum fundinum og veitti upplýsingar, er óskað hafði verið eftir.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn (KK og AGl) skila sérstöku nefndaráliti.

Meiri hluti nefndarinnar telur æskilegt, að reynsla verði fengin á þessu ári af þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. júní 1960.

Unnar Stefánsson, form.	Auður Auðuns, frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Ed. 589. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Við 3. málsgr. 8. gr. laganna bætist:
      Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður eða ríkissjóður greiði sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk, veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
   b. (3. gr.) 31. gr. laganna falli niður.
   c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður.
   d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:
      Orðin „og sparisjóðir“ og orðin „og sparisjóði“ í síðasta málslið 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63 21. júní 1957 falli niður.
2. Við 2. gr. (er verði 6. gr.) bætist:
   Um leið koma í gildi lög nr. 75/1952, um breyting á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Ed. 590. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um verðlagsmál.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Í verðlagsdómi eiga sæti þrír menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur skipaðir af dómsmálaráðherra eftir tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
2. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:
   Ef ágreiningur verður á milli dómara í verðlagsdómi, ræður afl atkvæða úrslitum. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

Sþ. 591. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um stuðning ríkisins við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan var til athugunar í fjárveitinganefnd, og leitaði nefndin umsagnar vegamálastjóra um tillöguna. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu, þó að allir væru á eitt sáttir um nauðsyn málsins.

Eins og fram kemur í greinargerð, er fylgir tillögunni, er hér um mikið menningar- og nauðsynjamál að ræða. Þar sem götur úr varanlegu efni hafa áhrif á útlit

og hreinlæti bæja, auk þess sem malargötur valda óeðlilega miklu sliti á farartækjum og eru dýrar í viðhaldi, er öllum ljóst, að gatnagerð úr varanlegu efni er dýr, eins og fram kemur í umsögn vegamálastjóra um tillöguna, og ekki verður á þessu stigi málsins sagt, hvernig úr því skuli bætt.

Teljum við málið svo þýðingarmikið, að brýna nauðsyn beri til að hefja undirbúning að framkvæmd þess nú þegar. Hins vegar teljum við málið svo umfangsmikið, að eðlilegt sé, að tímatakmörk þau, sem í tillögugreininni eru, falli niður.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Alþingi, 31. maí 1960.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Björgvin Jónsson. Ingvar Gíslason.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 592. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég er efnislega samþykkur tillögu þessari, sem að efni til er áskorun á ríkisstjórnina um, að fullnaðaráætlanir verði gerðar um virkjun og hagnýtingu raforku frá Jökulsá á Fjöllum. En ég tel, að rétt sé, að Alþingi ákveði, að raforkumálastjórnin eigi að vera aðili að áætlunargerðinni.

Þá tel ég rétt, að sams konar áætlun fari einnig fram varðandi virkjun Þjórsár.

Um þetta tvennt hef ég gert breytingartillögur ásamt Einari Olgeirssyni, og legg ég til, að tillagan verði samþykkt eins og hún er orðuð í þeim breytingartillögum.

Alþingi, 1. júní 1960.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 593. Breytingartillögur [97. mál]

við till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Frá Karli Guðjónssyni og Einari Olgeirssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta raforkumálastjórn ásamt raforkuráði:

   1) hlutast til um, að gerðar verði fullnaðaráætlanir um virkjun Þjórsár og Jökulsár á Fjöllum;

2) láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjun þá, er ákveðin yrði.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um fullnaðaráætlanir um virkjun Þjórsár og Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við þær virkjanir.

Nd. 594. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv.

Í athugasemdum með frv. segir stjórnin, að „líkindi" séu til, að aðstaða bankans muni styrkjast við þessa breytingu.

Framkoma núverandi stjórnarflokka í garð Búnaðarbankans, síðan þeir tóku að sér stjórn landsins á Þorláksmessu 1958, hefur ekki verið þannig, að hægt sé að koma auga á líkur fyrir því, að það verði bankanum til eflingar, að þeir fái meiri hluta í stjórn hans. Þau dæmi, sem hér verða nefnd, vitna ekki um áhuga þeirra fyrir að efla bankann, heldur hið gagnstæða:

1. Við afgreiðslu fjárlaga í aprílmánuði 1959 fluttu fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd breytingartillögu um, að af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1958 skyldi lána byggingarsjóði Búnaðarbankans 5 millj. kr. og veðdeild bankans aðrar 5 millj. kr. Þessa tillögu felldu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar á þingi, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksmenn. En meðan framsóknarmenn voru í ríkisstjórn, var bankanum veitt slík fyrirgreiðsla, t. d. árið 1956.
2. Það var lengi algild regla, að bændur, sem byggðu íbúðarhús á jörðum sínum, gátu fengið helming væntanlegs láns úr byggingarsjóði Búnaðarbankans á því ári, sem bygging var hafin, ef þeir gátu lagt fram vottorð fyrir nóvemberlok um, að byggingin væri fokheld. En á s. l. ári brást þetta í fyrsta skipti. Þeir bændur, sem réðust í byggingu íbúðarhúsa árið 1959, gátu engin lán fengið fyrir síðustu áramót, því að byggingarsjóðurinn hafði þá ekki fé til útlána. Það var af þeirri ástæðu, að í ráðherrastólana voru komnir nýir menn og nýir siðir komu með þeim herrum. Þeir skeyttu ekkert um að veita aðstoð við útvegun fjár til sjóðsins. Bændurnir, sem samkvæmt gamalli venju áttu að fá byrjunarlán til bygginganna fyrir síðustu áramót, hafa loks nú alveg nýlega fengið lánin og þá með mjög hækkuðum vöxtum.
3. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 á þessu þingi báru framsóknarmenn í fjárveitinganefnd fram tillögu um að veita 13900000 kr. á 16. gr. fjárlaga til Búnaðarbankans. Þessa tillögu felldu þingmenn stjórnarflokkanna.
4. Hinn 18. maí s. l. felldi stjórnarliðið á Alþingi tillögu um að skora á ríkisstjórnina að útvega veðdeild Búnaðarbankans nú þegar nokkra fjárupphæð, til þess að unnt sé að bæta úr brýnustu þörfum.
5. Núverandi stjórnarflokkar hafa stórhækkað vexti af lánum úr sjóðum Búnaðarbankans og stytt lánstímana.
6. Á þessu þingi fluttu framsóknarmenn frumvarp um, að ríkissjóður tæki á sig greiðslu á nokkrum erlendum lánum, sem hvíla á ræktunarsjóði og byggingarsjóði Búnaðarbankans. Slíkar ráðstafanir til að létta skuldum af sjóðunum gerði Alþingi árið 1953 og aftur 1957. — En stjórnarflokkarnir hafa hindrað afgreiðslu á frumvarpi framsóknarmanna nú á þinginu.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi um framkomu núverandi stjórnarflokka í málum Búnaðarbankans síðustu 14 mánuðina. Þau dæmi benda ekki til þess, að þeir hafi áhuga fyrir að efla þá stofnun og gera hana færa um að bæta úr lánaþörf landbúnaðarins.

Þegar gerðar voru breytingar á lögum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á Alþingi 1957, voru sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu. Þeir beittu sér gegn breytingunum. M. a. færðu þeir fram þá ástæðu fyrir andstöðu sinni, að með því að fjölga bankaráðsmönnum og bankastjórum væri aukinn kostnaður við bankareksturinn.

Nú minnast þeir ekkert á slíkt, en flytja sjálfir frumvarp um fjölgun manna í bankaráði Búnaðarbankans og um heimild til að stofna þar nýtt bankastjóraembætti. Stjórnarflokkarnir stefna að því að fá nú þegar meiri hluta í stjórn bankans.

Sennilegast er, að tilgangurinn með breytingunni á yfirstjórn Búnaðarbankans sé fyrst og fremst sá að tryggja, að þar verði ekki unnið gegn samdráttar- og afturhaldsstefnu stjórnarflokkanna. Til þess að koma þeirri stefnu fram hefur verið dregið úr lánveitingum bankanna og vextir hækkaðir gífurlega. Til styrktar þeirri stefnu eru líka hindraðar framkvæmdir um land allt með því að taka fé sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga með ofbeldi og flytja það í banka í Reykjavík. Skiljanlegt er, að þeir yfirgangsmenn, sem beita slíkum aðferðum, vilji um leið tryggja sér völd í bankastofnun landbúnaðarins. Þeir vilja búa svo um hnútana, að ekki verði of auðvelt fyrir menn í sveitum og kauptúnum að ná í lánsfé í bönkunum til nauðsynlegustu umbóta vegna atvinnu sinnar og til að bæta sér þannig að einhverju leyti upp peningatökuna úr sparisjóðunum og innlánsdeildum samvinnufélaganna.

Stofnun Búnaðarbanka Íslands fyrir rúmum 30 árum var stórt framfaraspor. Bankinn hefur verið lyftistöng mikilla umbóta og uppbyggingar í sveitum landsins.

Framfarirnar í sveitunum þurfa að halda áfram. Það er lífsnauðsyn ört fjölgandi þjóð. Þeim fjármunum, sem notaðir eru til að rækta og bæta landið, er skynsamlega varið. Með því er verið að styrkja efnahagslega aðstöðu þjóðarinnar og leggja grundvöll að hamingju komandi kynslóða. Það er mikilsvert, að forráðamönnum peningastofnana sé þetta vel ljóst.

Ráðstafanir núverandi stjórnarflokka eru að hrekja þjóðina aftur á bak. Stefna þeirra er afturhaldsstefna.

Það er ekki heillavænlegt að fela fylgismönnum þeirrar stefnu yfirráð í bankastofnun landbúnaðarins.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, legg ég á móti því, að þetta frumvarp verði gert að lögum.

Samkvæmt núgildandi lögum kjósa landbúnaðarnefndir Alþingis meiri hluta bankaráðs Búnaðarbankans. Það má teljast staðfesting á því, að bankinn sé fyrst og fremst stofnun þeirra, er stunda landbúnað, eins og nafn hans bendir til. En þetta fyrirkomulag vilja stjórnarflokkarnir nema úr lögum.

Í efri deild bar fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd, Karl Kristjánsson, fram breytingartillögu um, að stjórn Stéttarsambands bænda kjósi einn mann í bankaráðið. Það er sanngjarnt og eðlilegt, að landbúnaðarmenn hafi íhlutunarrétt um stjórn þess banka, sem sérstaklega er þeirra stofnun. En tillagan var felld í Ed. Ég mun freista þess að fá þá lagfæringu á frumvarpinu, ef ekki tekst að hindra framgang þess.

En það er aðaltillaga mín til þingdeildarinnar, að frv. verði fellt.

Alþingi, 1. júní 1960.

Skúli Guðmundsson.

Ed. **595. Nefndarálit** [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Eitt meginloforða núverandi ríkisstjórnar við valdatöku hennar var það að koma atvinnuvegunum á „traustan og heilbrigðan grundvöll". Í upphafsorðum áróðursbæklingsins „Viðreisn" er að því vikið, að höfuðeinkenni þeirra efnahagsráðstafana, sem gripið hafi verið til árlega undanfarið, hafi verið það, að þær hafi allar verið til bráðabirgða og hafi því vegna þeirrar óvissu, er slíkt skapaði, dregið úr afköstum þjóðarbúsins, nú sé því höfuðatriðið að skapa traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll og tryggja þannig atvinnuöryggi, aukna þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjör.

Þótt enn sé ekki nema liðlega ársfjórðungur liðinn frá því, er hin nýju efnahagslög tóku gildi, má þegar glögglega merkja, hvert hald hefur reynzt í fyrirheitum stjórnarinnar.

Varanleik ráðstafananna má m. a. marka af flutningi þessa frv. Ríkisstjórninni tókst ekki að ljúka svo fyrsta þinginu í hennar valdatíð, að ekki yrði óhjákvæmilegt að breyta rekstrargrundvelli sjávarútvegsins þannig, að hann fengi 2.5% verðhækkun á afurðum frá því, sem löggjöfin ákvað. Skiptir auðvitað engu í því sambandi, þótt þessi hækkun sé fengin með lækkun áður lögbundinna gjalda. Enn athyglisverðari er þessi staðreynd, þar sem kunnugt er, að allverulegar verðhækkanir hafa orðið á flestum tegundum útfluttra sjávarafurða, frá því að efnahagslöggjöfin var sett. Þannig hefur skreið, saltfiskur, fiskmjöl og fleiri afurðir hækkað frá s. l. áramótum. Ef allt hefði því verið með felldu um hátíðleg loforð til handa útveginum um jafngóðan rekstrargrundvöll og gilti s. l. ár og þær fullyrðingar, að gengisfellingin væri nákvæmlega við þau miðuð, væri nú engin ástæða til þess að ívilna þeirri atvinnugrein um 60 millj. kr. á þessu ári.

Varanleik efnahagsaðgerðanna fyrir útveginn má og marka af því, að útvegsmenn hafa þegar lýst því yfir, að þeir muni ekki hefja vertíð að nýju, án þess að haldbetri tryggingar fáist um fiskverð og rekstrargrundvöll yfirleitt en loforð ríkisstjórnarinnar um s. l. áramót reyndust. Og enn má kenna hann á því, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa leitt til þess, að í nær öllum greinum atvinnulífsins eru samningar um kaup, kjör og fiskverð til handa verkafólki og sjómönnum opnir og enn ófyrirséð, hve miklar launahækkanir verkafólki og sjómönnum verður óhjákvæmilegt að knýja fram vegna þeirrar óþolandi kjaraskerðingar, sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa leitt yfir almenning.

Grundvallarverð það, sem útflutningnum er skapað með efnahagsaðgerðunum, hefur verið afhent útflutningshringunum, sem síðan ásamt stærri fiskvinnslustöðvunum sitja yfir hlut útvegsmanna, sjómanna og verkafólks, sem glöggt má sjá af hinum athyglisverða samanburði á fiskverði til sjómanna og útvegsmanna hér og í Noregi. Gjaldeyrisandvirðið er síðan afhent verzlunarauðvaldinu með ótakmörkuðu umboði til ráðstöfunar.

Traustleika og heilbrigði „hins nýja atvinnugrundvallar" má svo marka af vaxandi og hættulegum markaðserfiðleikum, sem blasa við, ef fylgt verður fram stundinni lengur þeirri stefnu í verzlunarmálum, sem er ein helzta uppistaðan í efnahagsaðgerðunum og þeim almenna samdrætti, sem nú þegar er orðinn áberandi í atvinnuuppbyggingu og ýmsum atvinnugreinum, en á þó eftir að koma miklu skýrar í ljós, ef ekki verður spyrnt við fótum í tíma.

Þetta frv. er auðvitað engin lausn á þeim vanda sjávarútvegsins, sem efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa sett hann í. Þar þarf öðrum og meiri aðgerðum að beita og þó fyrst þeim að tryggja honum markaði með gerbreyttri stefnu í verzlunarmálum og með því að létta af þeim okurvöxtum og lánahömlum, sem á

honum hvíla. En ríkisstjórnin hefur sannað með afstöðu sinni til þeirra breytingartillagna, sem þm. Alþýðubandalagsins í Nd. fluttu við þetta frv., að hún er enn ákveðin í því að halda fast við öll heimskulegustu og hættulegustu ákvæði efnahagslöggjafar sinnar, enda þótt reynslan hafi þegar sannað, að kerfi hennar fær ekki staðizt í reynd. Frekari tilraunir en þegar hafa verið gerðar á þessu þingi til þess að leiðrétta verstu ákvæði efnahagslöggjafarinnar verður að telja vonlausar nú. Á hinn bóginn má það teljast athyglisvert tímanna tákn, að eitt síðasta verk stjórnarflokkanna á þessu þingi verður það að samþykkja þetta frv., viðurkenna þar með falska undirstöðuútreikninga aðgerðanna og taka upp útflutningsuppbætur og bein ríkisstjórnarafskipti af samningum útvegsmanna og fiskvinnslustöðva um fiskverð.

Alþingi, 1. júní 1960.

Björn Jónsson.

Nd. 596. Frumvarp til laga [162. mál]

um verðlagsmál.

(Eftir 3. umr. í Ed., 1. júní.)

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

3. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 3. gr.

5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

6. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útvöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti þrír menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur skipaðir af dómsmálaráðherra eftir tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómurinn ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara í verðlagsdómi, ræður afl atkvæða úrslitum. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafli laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Nd. 597. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til laga um verðlagsmál.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Með verðlagsákvarðanir fer fimm manna nefnd, verðlagsnefnd. Nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans.

Til vara:
Síðari málsgr. 1. gr. orðist svo:
Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, ræður meiri hluti þingkjörinna nefndarmanna úrslitum.

Sþ. 598. Fjáraukalög [134. mál]

fyrir árið 1957.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Samhljóða þskj. 543.

Sþ. 599. Þingsályktun [147. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um afnám nauðungarvinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Samhljóða þskj. 376.

Sþ. 600. Þingsályktun [122. mál]

um aukna tæknimenntun.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, með hverjum hætti sé hægt að auka tæknikennslu í skólum landsins og að öðru leyti möguleika á því að auka tæknimenntun þjóðarinnar.

Sþ. 601. Þingsályktun [124. mál]

um starfsfræðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að starfsfræðsla verði tekin upp í skólum landsins.

Sþ. 602. Þingsályktun [170. mál]

um framkvæmdaáætlun um skógrækt.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Samhljóða þskj. 507.

Sþ. 603. Þingsályktun [144. mál]

um flugsamgöngur.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast við að fá fullnægjandi upplýsingar um það þegar á þessu ári, hvort De Havilland-flugvélar, sem framleiddar hafa verið í Kanada á undanförnum árum, henti Íslendingum til innanlandsflugs betur en aðrar flugvélar, m. a. hvort þær geti orðið til almennari nota og sparað fjármagn í byggingu flugvalla.

Sþ. 604. Þingsályktun [38. mál]

um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við félög launþega og vinnuveitenda að hefja nú þegar rannsókn á og gera tillögur um, hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Sþ. 605. Þingsályktun [126. mál]

um leit að rækjumiðum.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að svo fljótt sem auðið er verði gerð leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi, Norðurlandi og á öðrum þeim hafsvæðum umhverfis landið, þar sem ætla má, að rækju sé að finna.

Sþ. 606. Þingsályktun [138. mál]

um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvort hagkvæmt sé að hefja framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnargerða á einum eða fleiri stöðum á landinu. Verði aðstaðan á Akranesi sérstaklega athuguð í því sambandi.

Ed. 607. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmenn (JÁ, EggÞ og BjörnJ) eru andvígir frumvarpinu, en undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. júní 1960.

Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Sigurvin Einarsson.

Ed. 608. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta er rekið áfram af meirihlutavaldinu hér í efri deild með óeðlilegum hraða, þar sem um stórt mál er að ræða. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki gefizt tími til að halda um það nema tvo stutta fundi. Málið er vandasamt og frumvarpið auk efnislegra vankanta lítt skiljanlegt í ýmsum atriðum. Þess vegna hefði þurft að steypa það upp. En til þess að steypa það upp þarf meiri tíma heldur en fyrir hendi er, af því að búið er að ákveða að slíta þinginu eftir morgundaginn.

Að sjálfsögðu ætti að fresta afgreiðslu málsins til næsta reglulegs Alþingis. Að gera það að lögum nú, er allt of mikil óvandvirkni og ekki sæmilegt gagnvart sveitarfélögunum. Í þessum staðhæfingum felst ekki ásökun til þeirrar nefndar, sem upphaflega gerði frumvarpið úr garði. Bæði er, að hún mun hafa unnið í aðalatriðum efnislega eftir fyrirsögn þess, er hana skipaði, og ber hún því ekki ábyrgð á efnislegum göllum frumvarpsins, en formið á frumvarpinu þvingast mjög af efninu. Líka hefur frumvarpið í meðferð neðri deildar auðgazt af torskildum atriðum, sem stungið hefur verið inn í það allhandahófslega.

Sveitarfélögin eru um svo margt sjálfstæðar heildir innan þjóðfélagsins, að skylt verður að teljast, að ríkisstjórn eða Alþingi sendi þeim til umsagnar lagafrumvörp, sem fram koma og eru um þeirra eigin meiri háttar málefni, eins og þetta frumvarp er, enda mun það hafa verið venja. Hér er um hvorki meira né minna að ræða en reglur um öflun mesta hlutans af tekjum sveitarfélaganna og það innan vébanda þeirra sjálfra, hvers hjá sér.

En frumvarp þetta hefur ekki fengizt sent sveitarstjórnunum til athugunar og umsagnar. Ríkisstjórnin vill lögfesta það og slengja því á sveitarfélögin strax til framkvæmda, en kallar það „bráðabirgðabreytingu“ á gildandi lögum.

Við teljum, að ekki liggi þessi reiðinnar ósköp á. Óviðeigandi að gera tilraunir á sveitarfélögunum með löggjöf, sem hefur ekki verið unnin svo vel sem hægt er, um efni, sem náið snertir hag sveitarfélaganna hvers um sig og íbúa þeirra. Auk þess er engin trygging fyrir því heldur, að lögunum verði strax breytt til lagfæringar, eins og óefað mun þó þurfa, verði þau sett nú, eins og frumvarpið liggur fyrir.

Rétt er þó að geta þess, sem gert er: Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga hefur litið á frumvarpið. Fulltrúaráðið er skipað fulltrúum úr öllum lands-

fjórðungum. Það kom saman í Reykjavík til fundar, sem stóð dagana 8.—9. apríl s. l. Frumvarpið var lagt fyrir þennan fund. Fóru fram um það tvær umræður, en nefnd hafði það til meðferðar milli umræðna. Fundurinn afgreiddi það með svofelldri yfirlýsingu, sem var samþykkt með 15 atkv. gegn 1 atkvæði.:

„Fundurinn telur frumvarp það, sem komið hefur fram á Alþingi því, er nú situr, um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum, þurfa nánari athugunar í ýmsum atriðum.

Bendir fundurinn á eftirfarandi sem dæmi um þetta:

1. Varhugavert er að lögbjóða án frekari undirbúnings og athugunar en þegar hefur átt sér stað til frádráttar á tekjum við útsvarsálagningu útsvar fyrra árs, annað en veltuútsvar, og væri því athugandi, að þetta ákvæði yrði aðeins heimildarákvæði.
2. Ekki er rétt, „að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar", svo sem fyrir er mælt í 12. gr. frv., og þyrftu því að vera í frumvarpinu nánari ákvæði um það efni og sérstaklega nákvæmari skilgreining á því, hvað orðið „velta" þýðir í frumvarpinu, t. d. í sambandi við umboðssölu og framleiðslufélög, sem starfa á samvinnugrundvelli.
3. Fundurinn telur mjög vafasamt að lögbjóða nú án frekari undirbúnings ákveðna útsvarsstiga í hreppum og bendir á, að rétt væri að fyrirskipa sýslunefndum að samræma útsvarsálagningu hverri í sínu umdæmi, áður en fastákveðinn er með lögum sérstakur útsvarsstigi fyrir hreppsfélög".

Ekkert af bendingum fulltrúaráðsfundarins hafa stjórnarflokkarnir hér á Alþingi viljað taka til greina, — jafnvel ekki einu sinni tala um þær. Að samþykkt yfirlýsingarinnar stóðu þó menn úr öllum stjórnmálaflokkunum.

Bendingarnar hefðu átt að verða til þess, að ríkisstjórnin hefði strax látið fresta afgreiðslu málsins og senda það öllum sveitarstjórnum og sýslunefndum til athugunar.

Hið minnsta, sem komið gat til mála, var, að stjórnarflokkarnir tækju tillit til bendinga fulltrúafundarins við afgreiðslu málsins.

Hvorugt hefur verið gert. Svo mikið og óskynsamlegt er tillitsleysið gagnvart sjálfstæði sveitarfélaganna, — svo mikil er frekjan.

Höfuðefni frumvarpsins er í stuttu máli tvennt:

1. Að nema úr lögum gildandi ákvæði um, að útsvör skuli lögð á „eftir efnum og ástæðum", en þess í stað að lögbjóða þrenna útsvarsstiga: einn fyrir Reykjavík, annan fyrir aðra kaupstaði, þriðja fyrir hreppsfélög.
2. Að heimila með lögum að leggja útsvar á veltu. Í því sambandi segir: „Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum og utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða".

Um þessi höfuðatriði og út frá þeim er svo frumvarpið að öðru leyti ofið.

Að okkar áliti blasir það við í frumvarpinu, að óviturlegt er að ætla sér að lögbjóða útsvarsstiga fyrir öll sveitarfélög landsins, þó að þrír séu hafðir, nema vita fyrst, hvort sveitarfélögin í hverjum flokki — svo ólík sem þau eru að ástæðum í tveim síðarnefndu flokkunum innbyrðis — treysta sér í þá skornu stakka.

Öll geta þau sagt til um þetta, ef þeim er sent frumvarpið til umsagnar.

Enn fremur teljum við óhugnanlegt að flokka með löggjöf sveitarfélögin til svo stórkostlega misjafnrar útsvarsálagningar sem gert er í frumvarpinu.

Við lítum svo á, að áríðandi sé að skapa aukinn jöfnuð milli sveitarfélaganna, að því er þörf fyrir útsvarsálagningu snertir. Vegna þeirrar skoðunar er ein af varatillögum okkar tillaga um landsútsvör, sem skiptist milli sveitarfélaga.

Það er álit okkar, að fyrr en verulegur jöfnuður hefur komizt á, sé ekki tímabært eða viðeigandi að lögbjóða allsherjar útsvarsstiga t. d. í hreppsfélögum.

Veltuútsvar er mjög gallað álöguform, og meðan ekki telst vera hægt að útrýma því, þarf að marka því ákveðið básinn og miklu meira og greinilegar en gert er í frumvarpinu. Fjarstæðu og einn af illkynjuðustu göllum frumvarpsins teljum við ákvæðið um, að leggja megi veltuútsvar á viðskipti „jafnt hjá félagsmönnum og utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög er að ræða".

Öll rök hníga að því, að frumvarpið þurfi að athugast miklu betur.

Sveitarfélög og sýslunefndir verða að fá tækifæri til að segja um það sitt álit. Jafnframt er rétt og sanngjarnt að senda það til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega.

Við flytjum allmargar breytingartillögur til vara við frumvarpið á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu. En aðaltillaga okkar er sú, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Eins og fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga benti á og rökstuddi með dæmum í yfirlýsingu á fundi sínum 8.—9. apríl, þarf frumvarp þetta nánari athugunar við, áður en það er lögfest.

Þeirri athugun verður ekki við komið á þessu þingi, sem nú er nærri lokið, enda er eðlilegast vegna sjálfstæðis sveitarfélaganna innan þjóðfélagsins, að Alþingi hafi þau vinnubrögð í málinu að leita álits og tillagna sveitarstjórna um frumvarpið, áður en það er gert að lögum.

Ákveður því efri deild að fela ríkisstjórninni að senda frumvarpið nú þegar öllum bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum í landinu og biðja um álit þeirra og tillögur fyrir næsta haust og jafnframt sé frumvarpið sent til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega — og með tilliti til þessa tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. júní 1960.

Karl Kristjánsson, frsm. Alfreð Gíslason.

Ed. 609. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir lítum svo á, að mál þetta þurfi enn ýtarlegri athugun, áður en ákvörðun verður tekin um það. Fyrir því leggjum við til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki þykir rétt eða tímabært, að Alþingi taki ákvörðun um það nú, hvort eða hvernig leyfa skuli dragnótaveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. júní 1960.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.

Ed. 610. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 1. júní 1960.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Kjartan J. Jóhannsson.
Sigurvin Einarsson.
Björn Jónsson.

Ed. 611. Breytingartillögur [112. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (KK, AGl).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. grein, svo hljóðandi:
   Fyrirtæki og stofnanir, er reka starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld til að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra, þó fái heimasveit 10% af útsvarsupphæðinni áður en til skipta kemur.
   Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.
   Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.
2. Við 5. gr. Upphaf c-liðar orðist svo:
   Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:
   Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.
   Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.
   Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir o. s. frv.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. c-liðar komi þrjár málsgreinar, svo hljóðandi:
   Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:
   Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.
   Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn,

en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.

Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

b. Aftan við 1. málsgr. c-liðar bætist:

þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, sem nú greinir:

1. Söluskattur skv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs skv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum skv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur skv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum skv. lögum nr. 28/1952.

4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Sýslunefndir skulu vinna að samræmingu á reglum við niðurjöfnun útsvara í hreppum hver í sínu umdæmi.

5. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Samanlögð upphæð veltuútsvara má ekki í neinu sveitarfélagi vera hærri en sem nemur 15% af heildarupphæð álagðra útsvara þar.

Ekki má leggja hærra veltuútsvar á gjaldanda en svo, að samanlögð upphæð tekjuskatts, tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans.

6. Við 8. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. bætist:

svo og sala áburðar, fóðurvöru, salts og veiðarfæra.

b. Ný málsgrein, svo hljóðandi, komi á eftir 1. málsgr.:

Af umboðsviðskiptum, þ. e. útvegun á vörum gegn umboðslaunum og vinnslu og sölu á innlendum vörum í umboði framleiðenda eða eigenda, reiknist veltuútsvarið aðeins af umboðslaununum og ekki hærra en 2%.

Ed. 612. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Henni hefur borizt umsögn háskólaráðs um frv. Mælir háskólaráð með frv., en óskar þó eftir því, að auk þeirra embætta, sem frv. gerir ráð fyrir að stofnuð verði, skuli stofna nýtt prófessorsembætti í viðskiptafræðum. Nefndin telur eftir atvikum rétt, að á þessa breytingu verði fallizt, og leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, er orðist þannig:

a. 1. málsl. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild og viðskiptadeild.

b. 3. málsl. 9. gr. fellur niður.

2. 1. gr. (er verður 2. gr.) orðist þannig:

1. mgr. 37. gr. laganna orðist þannig:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 10,

3. í lagadeild 4,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 5,
6. í viðskiptadeild 3.

PÞ áskilur sér rétt til þess að fylgja frekari brtt., ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 2. júní 1960.

Auður Auðuns, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.
Unnar Stefánsson.

Sþ. 613. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu till. Meiri hlutinn (MJ, JR, GuðlG, JÁ, BF) skilar séráliti, og annar minni hluti (KGuðj) hefur lýst yfir því, að hann muni sennilega einnig skila séráliti.

Við undirritaðir leggjum til, að till. verði samþykkt óbreytt. Við getum ekki fallizt á þá málsmeðferð meiri hlutans að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við teljum, að hér sé um slíkt stórmál að ræða, að eðlilegt sé, að Alþingi lýsi vilja sínum í því, og að sízt sé of langt gengið, þótt sú viljayfirlýsing verði með þeim orðum, sem tillögugreinin mælir um.

Allmikið hefur verið gert að því á undanförnum árum að rannsaka virkjunarskilyrði í Jökulsá á Fjöllum og gera áætlanir í sambandi við nýtingu þeirrar orku, sem þar mætti virkja. Þær niðurstöður, sem fyrir liggja, virðast benda til þess, að „úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúmíníumverksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis", eins og raforkumálastjóri hefur látið ummælt í umsögn um þetta mál. Af þessum sökum sýnist hvað eðlilegast, að haldið sé áfram á þessari braut og að eigi verði látið undan falla að gera fullnaðaráætlun um virkjunina á svo skjótan hátt sem frekast má verða. Hinar jákvæðu niðurstöður athugana þeirra, sem þegar hafa verið gerðar, ættu að vera öllum aðilum, Alþingi, ríkisstjórn og embættismönnum, hvatning til þess, að heildarrannsóknum verði lokið sem fyrst.

Þó að raforkumálaráðherra kunni að sýna þessu máli velvild og gefi fyrirmæli um áframhaldandi áætlanir, þá höfum við undirritaðir ekki fengið neina fullvissu fyrir því, að málið sé af hans hálfu rekið með þeim hraða, sem við teljum æskilegan, og mælum því eindregið með því, að Alþingi fylgi málinu fast eftir, og álítum, að samþykkt till. mundi orka verulega á í því efni. Í því fælist þá óbein yfirlýsing Alþingis um nauðsynlegan fjárhagsstuðning við fullnaðaráætlunina, en öllum má það ljóst vera, að án þess verður tæplega hægt að vinna að áætluninni „af fullum krafti", því að vitanlegt er, að slík fullnaðaráætlun sem hér um ræðir kann að taka alllangan tíma, jafnvel þótt allt sé gert til þess að hraða henni.

Eins og tillögugreinin ber með sér, er það tvennt, sem hér er um að ræða. Hið fyrra er sú fullnaðaráætlun um virkjun, sem að framan getur, og hið síðara athugun á möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina. Það er að sjálfsögðu markið, sem að er stefnt, og því höfuðnauðsyn

að gera sér grein fyrir því jafnhliða. Þegar svo langt er komið, að hvort tveggja liggi fyrir, fullnaðaráætlun um virkjun og fullnaðarathugun á möguleika til stóriðju í sambandi við hana, þá er kominn tími til þess að kanna, hvaða úrræði verði heppilegust um útvegun fjármagns til þessara stórframkvæmda og hvaða rekstrarform verði hagfelldast og viðráðanlegast. Við teljum ástæðulaust að ræða þá hlið málsins á þessu stigi og álítum, að það verði að bíða síns tíma.

Að lokum viljum við ítreka það, að við leggjum eindregið til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. júní 1960.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Björgvin Jónsson.

Sþ. 614. Nefndarálit [146. mál]

um till. til þál. um takmörkun á veiðitíma og netjanotkun fiskiskipa.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort nauðsynlegt sé, að sett verði lög um takmörkun á veiðitíma og veiðarfæranotkun þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Ef ástæða þykir til að þeirri athugun lokinni, verði undirbúin lagasetning um slíkar takmarkanir og verði þá frumvarp um það efni lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 2. júní 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jón Kjartansson. Páll Kristjánsson. Pétur Sigurðsson.
Sigurður Bjarnason.

Nd. 615. Breytingartillaga [169. mál]

við frv til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Síðari málsliður 4. efnismálsgr. falli niður.

Sþ. 616. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og leggjum við undirritaðir nefndarmenn til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. júní 1960.

Sigurður Bjarnason, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Birgir Kjaran.	

Nd. 617. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um verðlagsmál.

Frá viðskiptamálaráðherra.

1. 12. gr. orðist svo:
   Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
2. 16. gr. orðist svo:
   Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

Ed. 618. Frumvarp til laga [162. mál]

um verðlagsmál.

(Eftir eina umr. í Nd., 2. júní.)

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

3. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 3. gr.

5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

6. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómurinn ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara í verðlagsdómi, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafli laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Nd. 619. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

2. efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs fjóra bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn á sama hátt til sama tíma, einn fyrir hvern aðalmann. Stjórn Stéttarsambands bænda kýs fimmta bankaráðsmanninn, einnig til fjögurra ára, og varamann hans til sama tíma. Varamenn taka sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanna. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Nd. 620. Lög [135. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní.)

Samhljóða þskj. 332.

Ed. 621. Lög [169. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní.)

Samhljóða þskj. 550.

Ed. 622. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði“ komi: prófessorinn í geðlæknisfræði.

Ed. 623. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. júní.)

1. gr.

a. 1. málsl. 9. gr. laganna orðist þannig:
Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild og viðskiptadeild.
b. 3. málsl. 9. gr. fellur niður.

2. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna orðist þannig:
Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:
1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 10,
3. í lagadeild 4,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 5,
6. í viðskiptadeild 3.

3. gr.

Fyrsta málgrein 38. gr. orðist þannig:
Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækna- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsókir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 624. Lög [164. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní.)

Samhljóða þskj. 457.

Nd. 625. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Forseti neðri deildar hefur vísað málinu til nefndarinnar, eins og það var afgreitt frá efri deild. Nefndin hefur komið saman og rætt þá breytingu, sem efri deild gerði á frv.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Björn Fr. Björnsson og Geir Gunnarsson áskilja sér rétt til að fylgja frekari brtt., ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 2. júní 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Geir Gunnarsson.

Björn Fr. Björnsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 626. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1957, um Háskóla Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:
   1. í læknadeild 10,
   2. í verkfræðideild 5.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

Nd. 627. Breytingartillaga [175. mál]

við brtt. á þskj. 626 [Háskóli Íslands.]

Frá Jóhanni Hafstein.

1. töluliður orðist svo:
   Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2., 3. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 10,
3. í laga- og viðskiptadeild 7 — en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða þrjú, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum,
5. í verkfræðideild 5.

Nd. 628. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Hin nýju prófessorsembætti við læknadeild og verkfræðideild skulu ekki veitt, fyrr en fé hefur verið ákveðið til þeirra á fjárlögum.

Ed. 629. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir eina umr. í Nd., 2. júní.)

1. gr.

2., 3. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 10,
3. í laga- og viðskiptadeild 7 — en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða þrjú, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum,
5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:
Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækn- is- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 630. Breytingartillaga [112. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 7. gr. Í stað síðustu málsgr. a. 1. komi:
Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. a. 1.

Ed. 631. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Síðari efnismálsliður falli burt.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er að greiða styrk samkvæmt lögum þessum af fé því, sem lagt er fram samkvæmt 41. gr. laganna, enda endurgreiði ríkissjóður fé þetta á næsta ári á eftir.

Ed. 632. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 280.

Ed. 633. Lög [112. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 514.

Ed. 634. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 569.

Ed. 635. Lög [162. mál]

um verðlagsmál.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 618.

Ed. 636. Lög [153. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhlj. þskj. 573.

Ed. 637. Lög [175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Samhljóða þskj. 629.

Sþ. **638. Nefndaskipun.**

(80. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Magnús Jónsson, formaður,
   Halldór Ásgrímsson,[1])
   Jónas G. Rafnar,
   Guðlaugur Gíslason,
   Karl Guðjónsson,
   Halldór E. Sigurðsson,[2])
   Jón Árnason,
   Birgir Finnsson, fundaskrifari,
   Garðar Halldórsson.[3])

   Mál, er til nefndarinnar var vísað:

   A. Lagafrumvörp:
   1. Fjárlög 1960 (72, n. 179 (meiri hl.), n. 194 (1. minni hl.), n. 196 (2. minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
      Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
      Frsm. 2. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   2. Fjáraukalög 1957 (331, n. 508).
      Frsm.: Jónas G. Rafnar.

   B. Þingsályktunartillögur:
   1. Verðtrygging sparifjár (4).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Síldarrannsóknir og síldarleit (6, n. 428 (minni hl.), n. 431 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
      Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   3. Hafnarstæði við Héraðsflóa (20).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Vinnsla sjávarafurða á Siglufirði (30, n. 349).
      Frsm.: Karl Guðjónsson.
   5. Veðdeild Búnaðarbankans (39, n. 372).
      Frsm.: Jónas G. Rafnar.
   6. Siglufjarðarvegur (55, n. 354).
      Frsm.: Magnús Jónsson.
   7. Raforkumál (77).
      Nefndarálit kom ekki.
   8. Bústofnslánadeild (84, n. 575 (meiri hl.), n. 587 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
      Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
   9. Jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi (21, n. 479).
      Frsm.: Magnús Jónsson.

---

1) Í forföllum hans, frá 10. maí til 19. maí, gegndi störfum hans í nefndinni Páll Þorsteinsson, en í fjarveru hans, frá 20. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Björgvin Jónsson.
2) Í fjarveru hans, frá 25. apríl til 13. maí, tók sæti hans í nefndinni Daníel Ágústínusson.
3) Í forföllum hans, frá 5. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Ingvar Gíslason.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinganefnd.

10. Þjóðháttasaga Íslendinga (79, n. 435).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
11. Rafleiðsla á 4 bæi í Húnavatnssýslu (128).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Kaup seðlabankans á víxlum iðnaðarins (146, n. 436 (meiri hl.), n. 454 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
    Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
13. Hagnýting síldaraflans (147, n. 430).
    Frsm.: Ingvar Gíslason.
14. Virkjun Smyrlabjargaár (156, n. 427 (meiri hl.), n. 432 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
15. Símtöl og símgjöld bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (163, n. 425).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
16. Klak- og eldisstöð fyrir lax og silung (186, n. 424).
    Frsm.: Jónas G. Rafnar.
17. Tónlistarfræðsla (148, n. 426).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
18. Radiostefnuviti í Hafnarfirði (184).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Landsútsvör (248, n. 501 (minni hl.), n. 504 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.
    Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
20. Virkjun Jökulsár á Fjöllum (205, n. 585 (meiri hl.), n. 592 (1. minni hl.), n. 613 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Karl Guðjónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Ingvar Gíslason.
21. Björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð (275).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Lán til Hvalfjarðarvegar (278).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Rækjumið fyrir Austurlandi (300, n. 576).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
24. Strandferðaskip fyrir Vestfirði (312).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Steinsteypt ker til hafnabygginga (339, n. 583).
    Frsm.: Jón Árnason.
26. Flóabátur fyrir Breiðafjörð (253).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum (355, n. 591 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
28. Sjálfvirk símstöð á Akranesi (337, n. 584).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Skógrækt (507).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjarnefnd.

2. Allsherjarnefnd:

Gísli Jónsson,[1])
Gísli Guðmundsson,
Gunnar Gíslason, fundaskrifari,[2])
Pétur Sigurðsson,
Hannibal Valdimarsson,[3])
Björn Pálsson,[4])
Benedikt Gröndal, formaður.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Byggingarsjóður ríkisins (1, n. 441 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Flugsamgöngur við Siglufjörð (18, n. 249).
   Frsm.: Gunnar Gíslason.
3. Byggingarsjóðir (12, n. 421 (minni hl.), n. 461 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
4. Hagnýting farskipaflotans (23, n. 383 (meiri hl.), n. 386 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
5. Fiskveiðasjóður Íslands (36, n. 387 (minni hl.), n. 413 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
6. Samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda (66, n. 344 (meiri hl.), n. 384 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Sigurðsson.
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
7. Lögreglumenn (94, n. 369).
   Frsm.: Jón Pálmason.
8. Dvalarheimili í heimavistarskólum (138, n. 464).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
9. Síldariðnaður á Vestfjörðum (145, n. 469).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
10. Endurskoðun laga um landsdóm (154, n. 329).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
11. Krabbameinsvarnir (161, n. 358).
    Frsm.: Benedikt Gröndal.
12. Fiskileit á Breiðafirði (221, n. 465).
    Frsm.: Benedikt Gröndal.
13. Brú yfir Ölfusárós (254).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Flugsamgöngur á Vestfjörðum (279).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri (284).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Tæknimenntun (291, n. 532).
    Frsm.: Sigurður Bjarnason.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 29. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Sigurður Bjarnason.
2) Í fjarveru hans, frá 1. apríl til þingloka, gegndi störfum hans í nefndinni Jón Pálmason.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 31. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Páll Kristjánsson.
4) Í fjarveru hans, frá 23. maí til þingloka, gegndi störfum hans í nefndinni Jón Kjartansson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

17. Landaurareikningur (304).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Opinbert eftirlit með fyrirtækjasamtökum (309).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Flugsamgöngur (363, n. 536).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
20. Starfsfræðsla (295, n. 533).
    Frsm.: Sigurður Bjarnason.
21. Skóli fyrir fiskmatsmenn (330).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Nauðungarvinna (376, n. 537).
    Frsm.: Benedikt Gröndal.
23. Veiðitími og netjanotkun fiskiskipa (371, n. 614).
    Frsm.: Benedikt Gröndal.

3. *Utanríkismálanefnd:*

	Varamenn:
Jóhann Hafstein,	Ólafur Thors,
Hermann Jónasson,	Eysteinn Jónsson,
Gísli Jónsson, formaður,[1])	Bjarni Benediktsson,
Birgir Kjaran,	Gunnar Thoroddsen,
Finnbogi R. Valdimarsson,	Einar Olgeirsson,
Þórarinn Þórarinsson,	Gísli Guðmundsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari.	Gylfi Þ. Gíslason.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Allsherjarafvopnun (183).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis (198, n. 616 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti, formaður,
Ólafur Jóhannesson,
Einar Ingimundarson,[2])
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskrifari,
Alfreð Gíslason, læknir.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Jóns Kjartanssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Páls Kristjánssonar, 4. landsk. (vara)þm., Jóns Pálmasonar, 4. (vara)þm. Norðurl. v., Helga Bergs, 4. (vara)þm. Sunnl., Katrínar Smára, 10. (vara)þm. Reykv., Sigurðar Bjarnasonar, 1. (vara)-þm. Vestf., Einars Sigurðssonar, 3. (vara)þm. Austf., Bjarna Guðbjörnssonar, 2. (vara)þm. Vestf., Unnars Stefánssonar, 3. landsk. (vara)þm., Geirs Hallgrímssonar, 1. (vara)þm. Reykv., Ásmundar Sigurðssonar, 4. (vara)þm. Austf., Péturs Péturssonar, 5. landsk. (vara)þm., Ingvars Gíslasonar, 4. (vara)þm. Norðurl. e., Daníels Ágústínussonar, 3. (vara)þm. Vesturl., Jóhanns Sigurðssonar, 2. (vara)þm. Reykv., og Björgvins Jónssonar, 2 (vara)þm. Austf.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 29. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Sigurður Bjarnason, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.

2) Í fjarveru hans, frá 28. jan. til 1. marz, gegndi störfum hans í nefndinni Jón Pálmason.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

5. Þingfararkaupsnefnd:
Kjartan J. Jóhannsson, fundaskrifari,
Halldór Ásgrímsson,[1])
Einar Ingimundarson,
Eggert G. Þorsteinsson, formaður,
Gunnar Jóhannsson.[2])

B.
Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Ólafur Björnsson, formaður,
Karl Kristjánsson,
Magnús Jónsson,
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari,
Björn Jónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki 1960 (7, n. 25 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (8, n. 26 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Tollskrá o. fl. (9, n. 27 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
4. Bifreiðaskattur o. fl. (10, n. 28 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1960 (16, n. 29 (meiri hl.), n. 35 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
6. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga (40, n. 43 (meiri hl.), n. 44 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
7. Vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi (31).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður (42).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Efnahagsmál (103, n. 109 (meiri hl.), n. 111 (1. minni hl.), n. 113 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
10. Einkasala ríkisins á tóbaki (123, n. 129 (minni hl.), n. 130 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
11. Erlend lán Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja (124).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans sat Björgvin Jónsson fund nefndarinnar 3. júní.
2) Í forföllum hans sat Björn Jónsson fund nefndarinnar 3. júní.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

12. Fyrningarafskriftir (132, n. 143).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
13. Söluskattur (164, n. 170 (meiri hl.), n. 176 (1. minni hl.), n. 180 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Karl Kristjánsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
14. Tekjuskattur og eignarskattur (272, n. 287 (meiri hl.), n. 298 (1. minni hl.), n. 299 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
15. Ríkisreikningurinn 1957 (332, n. 491).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
16. Símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (385, n. 400).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
17. Innflutnings- og gjaldeyrismál (409, n. 437 (meiri hl.), n. 440 (1. minni hl.), n. 445 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
18. Tollvörugeymslur (470, n. 485).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
19. Búnaðarbanki Íslands (502, n. 527 (meiri hl.), n. 530 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
20. Verzlunarbanki Íslands (391, n. 526).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
21. Verðlagsmál (453, n. 529 (1. minni hl.), n. 552 (meiri hl.), n. 568 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Karl Kristjánsson.
    Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
22. Efnahagsmál (457, n. 582 (meiri hl.), n. 595 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:
Bráðabirgðafjárgreiðslur 1960 (135).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
    Bjartmar Guðmundsson,
    Ólafur Jóhannesson,
    Jón Árnason, fundaskrifari,
    Jón Þorsteinsson, formaður,
    Sigurvin Einarsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Vegalög (47).
    Nefndarálit kom ekki.
2. Jarðgöng á þjóðvegum (455).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 227 (frsm.: Sigurður Ágústsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Bjartmar Guðmundsson, formaður,
Ásgeir Bjarnason,
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,
Jón Þorsteinsson,
Páll Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Kornrækt (86, n. 256).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
2. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. (115, n. 158).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
3. Dýralæknar (126, n. 322).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
4. Jarðræktarlög (185, n. 323).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
5. Sala lands í Vestmannaeyjum í eigu ríkisins og eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum (264, n. 305).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
6. Sala tveggja jarða í Austur-Húnavatnssýslu (352, n. 447).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
7. Ábúðarlög (381 (sbr. 228)).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Landnám, ræktun og byggingar í sveitum (280, n. 519 (meiri hl.), n. 534 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.

